Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	8012.00		
Oddur Ívarsson, fyrrverandi póstafgr.-maður	4528.00		
Oddur Valentínusson, fv. leiðsögumaður	9373.00		
Ólafía Jónsdóttir, fyrrv. forstöðukona	6000.00		
Ólafur Friðriksson, fyrrv. ritstjóri	22849.00		
Ólafur Guðmundsson, fyrrv. póstur	3124.00		
Ólafur Jónsson, fyrrv. dyravörður	10000.00		
Ólafur Ólafsson, fyrrv. skólastjóri	5000.00		
Ólafur Sigurðsson, fyrrv. ráðunautur	10850.00		
Ólafur Thorarensen, fyrrv. símastjóri	5077.00		
Ólafur E. Thoroddsen, fyrrv. skipaeftirlitsmaður	5723.00		
Ólafur Þorsteinsson, læknir	9538.00		
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	4076.00		
Páll V. G. Kolka, fyrrv. héraðslæknir	10000.00		
Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður	9538.00		
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	5007.00		
Pétrína Jónsdóttir, fv. starfsk. Alþingis	12017.00		
Pétur Magnússon, fyrrv. sóknarprestur	10000.00		
Pétur Pétursson, fyrrv. póstur	6249.00		
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	10014.00		
Ragnheiður Pétursdóttir, fyrrv. ráðuneytisbókari	23464.00		
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	21697.00		
Rögnvaldur Jónsson, fyrrv. verkstjóri	4769.00		
Sigdór V. Brekkan, fyrrv. kennari	14717.00		
Sigmundur Þorgilsson, fyrrv. kennari	3815.00		
Sigríður Einarsdóttir, fv. póst- og símaafgreiðslukona	6792.00		
Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. símstjóri	14000.00		
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	10850.00		
Sigríður Pétursdóttir, fyrrv. kennari	5723.00		
Sigrún Laxdal, fyrrv. símafulltrúi	2861.00		
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	4340.00		
Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	12000.00		
Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	13353.00		
Sigurður Benediktsson, fyrrv. póstur	3828.00		
Sigurður Fr. Einarsson, fv. fiskmatsm.	3828.00		
Sigurður Heiðdal	10189.00		
Sigurður Jónasson, fyrrv. fiskmatsm.	3828.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Sigurður Nordal, prófessor	24141.00		
Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur	6009.00		
Sigurður Sigurðsson, fv. barnakennari	12017.00		
Sigurður Sigurðsson, fyrrv. barnakennari, Núpum	5000.00		
Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli, fyrrv. kennari	7595.00		
Sigurður Sigurðsson, fyrrv. sýslumaður	6493.00		
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur	5007.00		
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	4769.00		
Sigurður Þórðarson	10000.00		
Sigurður Þorvaldsson, fv. barnakennari	6000.00		
Sigurjón Jónsson, fyrrv. sóknarprestur	8765.00		
Sigurmundur Sigurðsson, fyrrv. héraðslæknir	8592.00		
Snorri Sigfússon, fyrrv. námsstjóri	11009.00		
Stefán Hannesson, fyrrv. barnakennari	11320.00		
Stefán Kristjánsson, fyrrv. verkstjóri	4769.00		
Stefán Stefánsson, fyrrv. húsvörður	6000.00		
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	6000.00		
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	5424.00		
Steinunn Bjartmarsdóttir, fyrrv. kennari	10850.00		
Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	8000.00		
Svava Þorleifsdóttir, fyrrv. skólastjóri	9057.00		
Sveinbjörn Jónsson, fyrrv. barnakennari	5000.00		
Sveinn Víkingur, fyrrv. biskupsritari	10500.00		
Sveinn Þorláksson, fyrrv. símstjóri	8012.00		
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	2263.00		
Sæmundur Sæmundsson, fyrrv. skólastjóri	4000.00		
Thor Brand, fyrrv. umsjónarmaður	11320.00		
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	3124.00		
Trausti Á. Reykdal, fyrrv. fiskmatsm.	5073.00		
Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsm.	5007.00		
Valdís Böðvarsdóttir, fyrrv. símstjóri og póstafgreiðslukona	7811.00		
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	2540.00		
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	4006.00		
Vigfús Guttormsson, fyrrv. kennari	7923.00		
Viktoría Kristjánsdóttir	6249.00		
Vilhjálmur Helgason, fyrrv. vitavörður	11445.00		
Vilmundur Jónsson, fyrrv. landlæknir	5000.00		
Wilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	12017.00		
Þóra Bjarnadóttir	3878.00		
Þórarinn Bjarnason, fyrrv. fiskmatsm.	5007.00		
Þórarinn Stefánsson, fyrrv. fiskmatsm.	3828.00		
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fv. ljósmóðir	6000.00		
Þorbjörn Þórðarson, fyrrv. héraðslæknir	8905.00		
Þórður Jónsson	6009.00		
Þórður Oddgeirsson, fyrrv. sóknarprestur	13293.00		
Þorgeir Jónsson, fyrrv. prófastur	10000.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Þórhallur Gunnlaugsson, fyrrv. símstjóri	6000.00		
Þorleifur Erlendsson, fv. barnakennari	4687.00		
Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðraskólastjóri	13585.00		
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsm.	5077.00		
Þorsteinn M. Jónsson, fyrrv. skólastjóri	13716.00		
Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrverandi hagstofustjóri	28266.00		
Þórunn Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	3850.00		
Þorvaldur Þorvaldsson, fyrrv. fiskmatsm.	5077.00		
Þorvarður Þormar, fyrrv. sóknarprestur	10500.00		
		3 173 347	
b. Ekkjur:			
Aðalbjörg Jakobsdóttir	6367.00		
Aðalbjörg Sigurðardóttir	15232.00		
Agnethe Kamban	9373.00		
Ágústa Sigurðardóttir	10000.00		
Anna Bjarnadóttir	3828.00		
Anna Guðmundsdóttir	13634.00		
Anna Gunnlaugsson	8000.00		
Anna Kl. Jónsson	5702.00		
Anna Kristjánsdóttir	7595.00		
Anna Ólafsdóttir	6509.00		
Anna Sigurðardóttir	18591.00		
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	8000.00		
Anna Þorgrímsdóttir	9057.00		
Árný Stígsdóttir	3828.00		
Arnþrúður Daníelsdóttir	6509.00		
Ásdís Þorgrímsdóttir	3828.00		
Áslaug Thorlacius	11717.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirssonar	34086.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja L. Norðdals	8678.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja Sigursteins Magnússonar	8000.00		
Ásta Ólafsdóttir	12000.00		
Ásta Þorvaldsdóttir	3828.00		
Ástríður Eggertsdóttir	17359.00		
Ástríður Magnúsdóttir	2540.00		
Auður Gísladóttir	6493.00		
Auður Jónasdóttir	23434.00		
Bergþóra Einarsdóttir	4769.00		
Björg Guðmundsdóttir	5077.00		
Björg Jónasdóttir	8905.00		
Bryndís Þórarinsdóttir	13585.00		
Camilla Hallgrímsson	10189.00		
Dagbjört Guðjónsdóttir	9538.00		
Dorothea Guðmundsson	8905.00		
Edith Möller	7595.00		
Eleanor Sveinbjörnsson	15232.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Elín Guðmundsdóttir	4000.00		
Elín Jónsdóttir	7010.00		
Elínborg Vigfúsdóttir	5077.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Péturs Guðmundssonar	3828.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Ríkharðs Kristmundssonar	11320.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Björnssonar, fiskmatsmanns	3815.00		
Ellen Einarsson	51320.00		
Ellen Sveinsson	12891.00		
Emilía Benediktsdóttir Kofoed Hansen	30043.00		
Emilía P. Briem	23434.00		
Estrid Falberg Brekkan	6676.00		
Ethel Arnórsson	11717.00		
Fríða Hlíðdal	43352.00		
Geirlaug Stefánsdóttir	6367.00		
Guðbjörg Þ. Eiríksdóttir	6000.00		
Guðbjörg Grímsdóttir	5007.00		
Guðbjörg Guðmundsdóttir	7010.00		
Guðbjörg Kristjánsdóttir	15232.00		
Guðbjörg Tómasdóttir	7615.00		
Guðlaug Magnúsdóttir	25348.00		
Guðný Björnsdóttir	7595.00		
Guðný Halldórsdóttir	12000.00		
Guðný Magnúsdóttir	6867.00		
Guðríður Eiríksdóttir	6367.00		
Guðrún Arinbjarnar	11717.00		
Guðrún Egilson	25348.00		
Guðrún Einarsdóttir	14000.00		
Guðrún S. Guðmundsdóttir	11320.00		
Guðrún Hálfdánardóttir	4528.00		
Guðrún Jónsdóttir	15232.00		
Guðrún P. Jónsdóttir	15232.00		
Guðrún Oddgeirsdóttir	9057.00		
Guðrún Oddsdóttir	14717.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Benedikts Sveinssonar	40108.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Sigurgeirs Sigurðssonar	11320.00		
Guðrún Ragúels	3828.00		
Guðrún Sveinsdóttir	24419.00		
Guðrún Þorvarðsson	19246.00		
Gunnhildur Jónsdóttir	6009.00		
Gunnjóna Jensdóttir	3815.00		
Halldóra Ólafsdóttir	23434.00		
Halldóra Þórðardóttir	7617.00		
Harriet Jónsson	5702.00		
Hedvig Blöndal	10000.00		
Helga Arngrímsdóttir	7010.00		
Helga Finnsdóttir	27171.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Helga Pétursdóttir	15000.00		
Helga I. Stefánsdóttir	3828.00		
Henny Kristjánsson	6000.00		
Hertha Leósson	5000.00		
Hildur Björnsdóttir	10014.00		
Hjaltlína Guðjónsdóttir	15000.00		
Hlíf Böðvarsdóttir	8678.00		
Hlín Johnson	25853.00		
Hólmfríður Zoëga	11501.00		
Hrefna Bergsdóttir	18000.00		
Hrefna Ingimarsdóttir	15232.00		
Hulda Þ. Björnæs	12017.00		
Ingibjörg Björnsdóttir	7923.00		
Ingibjörg I. Briem	6000.00		
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	15000.00		
Ingibjörg Guðmundsdóttir	7630.00		
Ingibjörg Högnadóttir	6000.00		
Ingibjörg Magnúsdóttir	8905.00		
Ingunn Hlíðar	9538.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	3808.00		
Jakobína Sigr. Torfadóttir	5424.00		
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	7923.00		
Jóhanna Jónsdóttir	11320.00		
Jóhanna Linnet	7630.00		
Jóhanna Pálmadóttir	18018.00		
Jóhanna Þorsteinsdóttir	9000.00		
Jóhanna Þorvaldsdóttir	10000.00		
Jóna Jakobsdóttir	6509.00		
Jóna Jóhanna Jónsdóttir	6000.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	10936.00		
Jónheiður Eggerz	20029.00		
Jónína Jónsdóttir	7630.00		
Júlíana M. Jónsdóttir	10303.00		
Karen Jónsson	12017.00		
Katrín Sveinsdóttir	7923.00		
Klara Helgadóttir	9057.00		
Kristbjörg Sveinsdóttir	7000.00		
Kristín Guðlaugsdóttir	12000.00		
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertssonar	6009.00		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	3807.00		
Kristín Pálsdóttir	6367.00		
Kristín Sigurðardóttir	6792.00		
Kristín Thorberg	4687.00		
Kristín Tómasdóttir	9000.00		
Kristín Þórarinsdóttir	11320.00		
Kristólína Kragh	5077.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	9606.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	8000.00		

	18. gr.	
	kr.	kr.
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	7923.00	
Lára Skúladóttir	6792.00	
Lilja Eyþórsdóttir	18026.00	
Lovísa Sveinbjörnsson	39759.00	
Magdalena Ásgeirsdóttir	6000.00	
Magnea Magnúsdóttir	19246.00	
Málfríður Árnadóttir	4006.00	
Málfríður Bjarnadóttir	4000.00	
Málfríður Jónsdóttir	10129.00	
Margrét Árnadóttir	11012.00	
Margrét Ásmundsdóttir	5077.00	
Margrét Björnsdóttir	7630.00	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	16604.00	
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	3828.00	
Margrét Lárusdóttir	11716.00	
Margrét Kr. Lárusdóttir	5077.00	
Margrét Þórðardóttir	7617.00	
María Guðlaugsson	9373.00	
María Pétursdóttir	14000.00	
María Thoroddsen	19528.00	
María Tómasdóttir	5660.00	
Melitta Urbancic	9538.00	
Nanna Jónsdóttir	10850.00	
Nikólína Jóhannsdóttir	6000.00	
Oddný Pétursdóttir	12017.00	
Oktavía Sigurðardóttir	10189.00	
Ólafía Einarsdóttir	13585.00	
Ólafía Finnbogadóttir	2540.00	
Ólafía Jónsdóttir	6075.00	
Ólafía Valdimarsdóttir	6792.00	
Olga E. Jónsson	11320.00	
Ólína Snæbjörnsdóttir	8905.00	
Ólína Þorsteinsdóttir	12694.00	
Ólöf Sigurðardóttir	6009.00	
Ólöf Sigurðardóttir, Akranesi	4000.00	
Ólöf Sigvaldadóttir	10000.00	
Ragnheiður Bjarnadóttir	12694.00	
Ragnheiður Brynjólfsdóttir	5723.00	
Ragnhildur I. Bjarnadóttir	8012.00	
Ragnhildur Teitsdóttir	3623.00	
Ragnhildur Thorlacius	13585.00	
Ragnhildur Thoroddsen	15022.00	
Rannveig Tómasdóttir	7617.00	
Rigmor Ófeigsson	10155.00	
Rósa Eggertsdóttir	6009.00	
Rósa Jónsdóttir	6000.00	
Sesselja Þorsteinsdóttir Clausen	8012.00	
Sigríður Arnljótsdóttir	12017.00	
Sigríður Bjarnason	20377.00	
Sigríður Björnsdóttir	8000.00	

		18. gr.	
		kr.	kr.
Sigríður Einarsson	39056.00		
Sigríður Eiríksdóttir	8000.00		
Sigríður Finnbogadóttir	10155.00		
Sigríður Fjeldsted	10189.00		
Sigríður Gísladóttir	3828.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	3828.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	19137.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	6367.00		
Sigríður Pétursdóttir	11320.00		
Sigríður Sigtryggsdóttir	12000.00		
Sigríður Sæmundsson	24000.00		
Sigrún Árnadóttir	7000.00		
Sigrún Guðbrandsdóttir	9057.00		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	11320.00		
Sólveig Árnadóttir	3828.00		
Sólveig Eggerz	33456.00		
Sólveig Pétursdóttir	11320.00		
Sólveig P. Sandholt	8000.00		
Stefanía Hjaltested	6367.00		
Stefanía Stefánsdóttir	12452.00		
Steinunn Briem	15000.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	6748.00		
Steinunn Jóhannesdóttir	7617.00		
Súsanna Friðriksdóttir	11320.00		
Sveinbjörg Kristinsdóttir	10000.00		
Torfhildur Magnúsdóttir	6000.00		
Una Jóhannesdóttir	18000.00		
Unnur Guðjónsdóttir	20029.00		
Unnur Skúladóttir	12694.00		
Valborg Einarsson	12694.00		
Valborg Haraldsdóttir	10850.00		
Valgerður Björg Björnsdóttir	15000.00		
Valgerður Halldórsdóttir	18114.00		
Valgerður Helgadóttir	10014.00		
Valgerður Jóhannsdóttir	6867.00		
Valgerður Ólafsdóttir	9057.00		
Vigdís G. Blöndal	6367.00		
Viktoría Bjarnadóttir	1915.00		
Vilborg Bjarnadóttir	7244.00		
Vilborg Torfadóttir	3828.00		
Þóra L. Björnsson	13585.00		
Þóra Hjartar	4528.00		
Þóra Jónasdóttir	6509.00		
Þóra Magnúsdóttir	8000.00		
Þóra Sigfúsdóttir	5723.00		
Þóra Sigurðardóttir	3828.00		
Þóra Skaftason	3828.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	12694.00		
Þórunn Hafstein	5077.00		
Þórunn Pálsdóttir	12694.00		
Þórunn Þórðardóttir	2343.00		

18. gr.

		kr.	kr.
	Þorvalda Hulda Sveinsdóttir 7923.00		
	Þrúður I. Jónsdóttir 6249.00		
	Þuríður Benediktsdóttir 12732.00		
	Þuríður Helgadóttir 6000.00		
	Þuríður Káradóttir 14717.00		
		2 525 846	
	c. Barnastyrkur:		
	Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16/7 1924, sjúklingur	3 828	
	d. Uppbót á lífeyri skv. 18. gr. I. og II.	1 027 000	
			6 730 021
III.	Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 64/1955 og 8. gr. l. 66/1955 (áætlað)		18 200 000
IV.	Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 65/1955		250 000
V.	Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940		24 009
VI.	Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri		11 500 000
	Samtals ...	. . .	37 224 499

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir		300 000 000
2.	Útgjöld samkv. 22. og 25. gr.		5 000 000
3.	Fyrningar		8 000 000
4.	Til óvissra útgjalda		10 000 000
	Samtals ...	. . .	323 000 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
II. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		3 000 000
Samtals ...	. . .	3 100 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs:		
1. Innlend lán	12 344 272	
2. Lán í Bandaríkjunum	215 300	
		12 559 572
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað) ..		38 000 000
III. Til byggingar stjórnarráðshúss		1 000 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		1 800 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins		190 000
VI. Til byggingar skips vegna Vestmannaeyja og nálægra hafna		2 500 000
VII. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	6 503 000	
2. Til byggingar fávitahælis	427 500	
3. Til byggingar hjúkrunarkvennaskóla	250 000	
		7 180 500
VIII. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		3 000 000
IX. Til flugvallagerðar og flugöryggistækja		8 720 000
X. Til sjúkraflugvalla		492 100
XI. Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum		665 000
XII. 1. Til byggingar heimavistarhúss við menntaskólann á Akureyri	300 000	
2. Til byggingar menntaskólans í Reykjavík	1 000 000	
3. Til byggingar sjómannaskólans	500 000	
4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	67 500	
5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	427 500	
6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	2 000 000	
7. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum ..	200 000	
8. Til framkvæmda á Hvanneyri samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra	600 000	
9. Til byggingar héraðsskólans á Eiðum	450 000	
		5 545 000
XIII. Til bygginga á prestssetrum		1 865 000
XIV. Til greiðslu heimtaugargjalda á prestssetrum		194 000
XV. Til útihúsa á prestssetrum		734 000
XVI. Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		750 000

20. gr.

		kr.	kr.
XVII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		1 000 000
XVIII.	Til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla		1 000 000
XIX.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		205 000
XX.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		342 000
XXI.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Varmá		95 000
XXII.	Til atvinnu- og framleiðsluaukningar, eftir ákvörðun 5 manna nefndar, er kosin skal hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi		10 000 000
XXIII.	Til Byggingarsjóðs Listasafns ríkisins		500 000
XXIV.	Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna ..		342 000
XXV.	Til aukningar landhelgisgæzlu		5 000 000
XXVI.	Til kaupa á biskupsbústað		300 000
XXVII.	Til byggingar starfsmannahúss að Bessastöðum ..		330 000
XXVIII.	Til endurbyggingar á Borg á Mýrum		300 000
XXIX.	Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti ..		270 000
XXX.	Til endurnýjunar á bifreiðum ríkisstofnana		800 000
XXXI.	Til byggingar vitaskips		1 130 000
	Samtals ...	. . .	106 809 172

21. gr
I. Rekstrar·

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		1 401 000 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		295 000 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		75 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		2 000 000
5. gr.	Óvissar tekjur		20 000 000
	Samtals ...	. . .	1 718 075 000

II. Sjóðs·

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	1 718 075 000
	Aðrar innborganir:	
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	3 000 000
	Samtals ...	1 721 175 000

Yfirlit.

Yfirlit.

21. gr.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		9 184 184
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		1 606 430
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		11 125 000
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		48 738 290
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	96 162 896	
—	B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	30 291 151	
—	C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	2 015 000	128 469 047
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		61 468 626
13. gr.	A.	Vegamál	106 180 000	
—	B.	Samgöngur á sjó	14 058 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	29 807 875	
—	D.	Flugmál	10 982 694	
—	E.	Veðurþjónusta	5 058 154	
—	F.	Ýmis mál	4 883 164	170 969 887
14. gr.	A.	Kennslumál	213 944 257	
—	B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	13 566 013	227 510 270
15. gr.		Kirkjumál		15 567 401
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	82 464 627	
—	B.	Sjávarútvegsmál	26 293 248	
—	C.	Iðnaðarmál	5 096 000	
—	D.	Raforkumál	31 711 407	
—	E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	10 368 369	155 933 651
17. gr.		Til félagsmála		416 928 434
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		37 224 499
19. gr.		Til óvissra útgjalda o. fl.		323 000 000
		Rekstrarafgangur		110 349 281
		Samtals	. . .	1 718 075 000

Yfirlit.

		Út:	kr.
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	1 607 725 719
		Aðrar útborganir:	
20. gr.		Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	106 809 172
		Greiðslujöfnuður	6 640 109
		Samtals	1 721 175 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1962 hjá allt að 20 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1961 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

V. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveitufram-kvæmda Hveragerðishrepps.

VI. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VII. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

VIII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota.

IX. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunar-skipa í Norðurhöfum.

X. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

XI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti, sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.

XII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í pappaumbúðir um mjólk, að því leyti sem þau eru hærri en aðflutningsgjöld af mjólkurflöskum.

XIII. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum. (Endurveiting).

XIV. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XV. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurum af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

XVI. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XVII. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XVIII. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða rekstrarhalla Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar.

XIX. Að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

XX. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.

XXI. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda

greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar. (Endurveiting).

XXII. Að taka allt að 6 milljón króna lán til byggingar Kennaraskólans.

XXIII. Að ábyrgjast fyrir Fiskveiðahlutafélagið Akurey h.f. lán að fjárhæð allt að 3 milljónir króna til kaupa á togaranum Bjarna Ólafssyni A. K. 200, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

23. gr.

Frá 1. júlí 1961 skal kaup starfsmanna ríkisins hækka um 13.8%, en frá 1. júní 1962 skal kaupið, eins og það verður með þessari uppbót, hækka um 4%.

24. gr.

Heimilt er að greiða á árinu 1962 uppbætur eins og þær, sem síðan 1. febrúar 1960 hafa verið greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, svo og á persónulegar greiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga, á árinu 1962.

Þá er heimilt að greiða sérstaka uppbót á allar fyrrnefndar greiðslur frá 1. júlí 1961 að telja, sem nemi 13.8% til 31. maí 1962, en hækki þá um 4% miðað við lífeyrinn og greiðslurnar eins og þær þá eru.

Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu uppbóta á lífeyrinn gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

25. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1962 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar frá fjárlögum yfirstandandi árs, sem þetta frumvarp felur í sér, standa fyrst og fremst í sambandi við þær miklu kauphækkanir, sem áttu sér stað á s. l. sumri, og þá gengislækkun, sem af þeim leiddi. Áætla má, að rekstrarútgjöld ríkissjóðs hækki beinlínis vegna kauphækkananna um 70 millj. kr. Þar við bætist svo sú hækkun til félagsmála, sem af því leiðir, að lífeyrir og bætur almannatrygginga hækka í sama hlutfalli og kaupgjald. Þetta nemur um 52 millj. kr. Þá hækka útgjöld um 16 millj. kr. vegna gengislækkunarinnar. Samanlögð áhrif kauphækkana og gengisbreytingar á rekstrarútgjöldin eru því 138 millj. kr. nettó.

Hækkun rekstrarútgjalda samkvæmt þessu frumvarpi er þó nokkru minni en þetta, eða 131 millj. kr. Stafar þetta af því, að ýmsar hækkanir og lækkanir verða af öðrum ástæðum en hér eru nefndar, og nema þær breytingar samtals 7 millj. kr. lækkun. Að venju verður nokkur hækkun á slíkum liðum sem kennslumálum og dómsmálum. Gegn því kemur svo, að gert er ráð fyrir nokkurri lækkun á 19. gr. vegna væntanlegra breytinga á niðurgreiðslum, og að einnig er gert ráð fyrir, að framlag ríkisins til atvinnuleysistryggingasjóðs verði greitt með skuldabréfum.

Áætlað er, að rekstrartekjur hækki um nokkurnveginn sömu upphæð og útgjöldin, eða um 132 millj. kr. Stafar þessi hækkun fyrst og fremst af áhrifum gengisbreytingarinnar á aðflutningsgjöld, en einnig að nokkru af þeim áhrifum, sem gera má ráð fyrir, að kauphækkanir og gengisbreyting hafi á ýmsa aðra tekjuliði.

Eins og gert var við undirbúning fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, hefur nú verið reynt að lækka útgjöld eins mikið og kostur hefur verið, án þess að gera áætlanir óraunhæfar. Er þetta nauðsynlegt, ef ná á því marki, að fjárlög ársins 1962 verði hallalaus, en á því er ekki síður nauðsyn en verið hefur á undanförnum árum. Haldið er áfram því starfi, sem hófst á s. l. ári, til að auka hagkvæmni í rekstri ríkis og ríkisstofnana. Verulegan árangur má þegar sjá af þessu starfi. Á hinn bóginn eru því að sjálfsögðu þröng takmörk sett, hversu langt er hægt að komast til lækkunar útgjalda á skömmum tíma, án þess að skerða eðlilega og nauðsynlega starfsemi ríkisins.

Svo sem fram kemur í 23. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að greiddar verði á næsta ári launabætur til ríkisstarfsmanna, 13.8% fyrstu fimm mánuði ársins, en frá og með 1. júní 4% til viðbótar þeim launum, sem þá verða greidd. Launaliðir í frv. hækka því af þessum sökum um 16.5% frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Enn fremur hækkar reksturskostnaður af völdum kauphækkana og gengisbreytingarinnar, sem af þeim leiddi. Hefur í samráði við Hagstofuna verið gerð áætlun um það, hver áhrif þetta hefur á einstaka rekstrarliði.

Í greinargerð um einstaka útgjaldaliði frv. er yfirleitt ekki getið sérstaklega þeirra hækkana, sem leiðir af framangreindum ástæðum, nema slíkt sé nauðsynlegt til skýringa, þegar gerð er grein fyrir hækkunum, sem stafa af öðrum orsökum.

Um 2. gr.

1. *Tekju- og eignarskattur* er áætlaður 95 millj. kr. eða 20 millj. kr. hærri en í fjárlögum 1961. Höfð er hliðsjón af álögðum skatti 1961, svo og því að gera má ráð fyrir nokkurri tekjuhækkun vegna kauphækkana þeirra, sem orðið hafa.
2. *Vörumagnstollur* er áætlaður 33.0 millj. kr. eða 2 millj. kr. lægri en í fjárlögum nú.
3. *Verðtollur* er áætlaður 395.0 millj. kr. Er það 42 millj. kr. hærra en í fjárlögum 1961. Höfð er hliðsjón af reynslu yfirstandandi árs og enn fremur tekið tillit til áhrifa gengisbreytingarinnar á tollverð innfluttra vara.
4. *Innflutningsgjald* af benzíni er áætlað 58 millj. kr. eða óbreytt frá gildandi fjárlögum.
5. *Gjald af innlendum tollvörum* er áætlað 37 millj. kr. eða 1 millj. hærra en í fjárlögum 1961.
6. *Lestagjald af skipum* hækkar um 400 þús. kr. úr 600 þús. kr. í 1 millj.
7. *Bifreiðaskattur* er áætlaður 20 millj. kr. Hækkar um 2 millj. frá gildandi fjárlögum.
8. *Aukatekjur* eru áætlaðar óbreyttar frá gildandi fjárlögum, 26 millj. kr.
9. *Stimpilgjald* er áætlað 43 millj. kr. eða 2 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú.
10. *Vitagjald* er áætlað 3 millj. kr. eða óbreytt frá fjárlögum nú.
11. *Söluskattur* af innfluttum vörum (7%) er áætlaður 165 millj. kr. eða 8.5 millj. kr. hærri en í fjárlögum nú. Söluskattur af vörusölu og þjónustu innanlands (3%) er áætlaður 200 millj. kr., en það er 15 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.

    Loks er bráðabirgðasöluskattur af innflutningi (8%) áætlaður 188 millj. kr. eða 20 millj. kr. hærri en í fjárlögum nú. Hækkun á innflutningssöluskatti stafar af svipuðum ástæðum og hér að framan var getið um verðtoll.

    Hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkar úr 71 millj. kr. í 78 millj. kr.
12. *Innflutningsgjald* er áætlað 155 millj. kr. eða 20 millj kr. hærra en í fjárlögum nú. Er sú hækkun gerð með hliðsjón af reynslu yfirstandandi árs, svo og þeirri hækkun, sem verður á tollverði vara vegna gengisbreytingar.
13. *Gjald af bifreiðum og bifhjólum samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960* er áætlað 45 millj. kr. eða 11 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú. Er það gert með tilliti til þess að innflutningur bifreiða hefur nú verið gefinn frjáls.

14. Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna er áætlaður 15 millj. kr. eða óbreyttur frá fjárlögum nú.

Um 3. gr. A.

1. *Póstur og sími.* Sú breyting er gerð frá fjárlögum yfirstandandi árs, að felld er niður fjárveiting á 20. gr. til afborgana af lánum landsímans og jafnframt hverfur rekstrarhagnaðurinn, sem í fjárlögum í ár var 2 millj. kr. Tekjur og gjöld eru þannig áætluð jafnhá. Gjöldin hækka frá fjárlögum um 35 950 þús. kr., eru nú áætluð 203 700 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar hækka um 33 950 þús. kr.
2. *Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.* Við sameiningu Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins í eina stofnun verður sú breyting á uppsetningu fjárlaga, að tekjur og gjöld verða áætluð í einu lagi. Einnig er sú breyting gerð, að framleiðslukostnaður vara er nú áætlaður sérstaklega og skrifstofukostnaður sérstaklega. Heildarsala er áætluð 427.6 millj. kr. og framleiðslukostnaður 109.5 millj., þannig að bruttóhagnaður verður 318.1 millj. kr. Frá dregst skrifstofukostnaður 6.9 millj. kr., tillag til gæzluvistarsjóðs 2 millj. kr. og útsvar 14.7 millj. kr., þannig að nettóhagnaður verður 294.5 millj. kr., sem er 7.0 millj. kr. hærra en í fjárlögum í ár.

   Við sameiningu á rekstri þessara tveggja stofnana fækkaði skrifstofufólki um 11. Bifreiðum hefur fækkað um tvær og skrifstofa Áfengisverzlunarinnar flutt úr húsnæði því, sem hún var í við Hverfisgötu, í skrifstofuhúsnæði Tóbakseinkasölunnar við Borgartún.
3. *Ríkisútvarpið.* Allmörg undanfarin ár hefur ríkisútvarpið haft nokkru fleira fólk í starfi en samþykkt hafði verið af ráðuneytinu og Alþingi, er gengið var frá fjárlögum. Er nú svo komið að raunverulegar launagreiðslur voru á s. l. sumri orðnar 880 þús. kr. meiri á ári en fjárlög gera ráð fyrir. Menntamálaráðuneytið leggur nú eindregið til að þetta fáist leiðrétt í fjárlögum. Er hér gert ráð fyrir launum 13 starfsmanna, sem ekki hafa verið í fjárlögum fyrr. Gjöld stofnunarinnar eru áætluð 23 461 þús. kr. og hækka um 5 016 þús. kr. frá fjárlögum. Til framkvæmdasjóðs er áætlað 2 millj. kr. og lækkar um 1.5 millj. kr. Tekjur eru áætlaðar 26.3 millj. kr. og hækka um 3 750 þús. kr. Rekstrarafgangur, sem áætlaður er 838 þús. kr., er færður sem aukið rekstrarfé stofnunarinnar.
4. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Áætlunin er óbreytt frá fjárlögum í ár að öðru leyti en því, sem leiðir af launahækkun og efnahagsaðgerðum. Tekjuafgangur er 500 þús. kr., sem er óbreytt.
8. *Innkaupastofnun ríkisins.* Starfsliði fjölgar um sölumann og ritara, þar eð starfsemi stofnunarinnar hefur færzt mjög í vöxt. Annar kostnaður hækkar um 58 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar 75 þús. kr., eða óbreytt frá fjárlögum nú.

Um 4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum og hlutafjáreign eru áætlaðar 2 millj. kr. og lækka um 493 þús. kr. frá fjárlögum nú.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 20 millj. kr. og lækka um 4 900 þús. kr. frá fjárlögum nú.

Um 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

1.	Innlend lán	kr. 9 193 495	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 189 000	
			kr. 9 004 495
2.	Lán í dönskum krónum		— 170 000
3.	Lán í $ ($ 225)		— 9 689
			Kr. 9 184 184

Vextir og afborganir af föstum lánum sundurliðast þannig:

Innlend lán.

Vextir: 7. gr. 1.	Afborganir: 20. gr. Út I. 1, a.	
kr.	kr.	
90 000	400 000	Innanríkislán 1941.
21 000	150 000	Innanríkislán 1944.
1 866	8 483	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
41 158	374 160	Lán vegna eignakönnunar.
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (A-flokkur).
750 000	984 052	Happdrættislán 1948(B-flokkur).
1 264	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis vegna Drápuhlíðar 4.
2 887	1 188	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna bústaðar sakadómara.
154 000	400 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins.
9 075	13 750	Lán hjá Útvegsbanka Íslands vegna jarðarinnar Drangsnes.
163 783	1 112 275	Lán hjá Landsbanka Íslands til greiðslu á yfirdráttarskuldum í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum
26 400	480 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna skuldaskilasjóðs útvegsmanna.
5 800	58 000	Lán vegna Syðstabæjarjarðar í Hrísey.
11 550	14 000	Lán hjá Brunabótafélagi Íslands vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
4 767	23 333	Lán hjá Tryggingarstofnun ríkisins vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
13 867	26 667	Lán hjá Gjafasjóði Sigurgeirs Einarssonar vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
92 857	714 286	Lán hjá Tryggingarstofnun ríkisins vegna byggingar hjúkrunarkvennaskóla og fávitahælis í Kópavogi.
65 000	250 000	Lán hjá Tryggingarstofnun ríkisins 1957 vegna viðbyggingar Landsspítalans.
93 438	287 500	Lán hjá Tryggingarstofnun ríkisins 1958 vegna viðbyggingar Landsspítalans.
48 750	125 000	Lán hjá Tryggingarstofnun ríkisins 1959 vegna viðbyggingar Landsspítalans.
1 640 783	2 343 976	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Lánadeildar smáíbúða.

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. Út I, 1, a. kr.	
2 919 000	3 000 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna tíu togara.
236 250	375 000	Lán hjá Tryggingarstofnun ríkisins 1960 vegna viðbyggingar Landsspítalans.
130 000	187 500	Lán hjá Tryggingarstofnun ríkisins 1961 vegna viðbyggingar Landsspítalans.
285 000		Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
95 000		Lán hjá Lífeyrissjóði barnakennara vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
40 000	62 500	Lán hjá Tryggingarstofnun ríkisins 1961 vegna viðbyggingar Landsspítalans.
1 500 000		Vextir vegna yfirdráttarskulda.
9 193 495	12 378 627	
÷ 189 000	÷ 34 355	
9 004 495	12 344 272	

Til frádráttar þessari vaxtaskuld koma (á móti skuld við Landsbankann upphaflega kr. 24 565 000.00, vegna togara og Svíþjóðarbáta):

1. Vextir af stofnlánabréfum vegna togara ..... kr. 108 363.00
2. Vextir af 8.7 millj. kr. stofnlánabréfum í eigu ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Svíþjóðarbáta .... — 55 733.00

Samtals kr. 164 096.00

Enn fremur koma til frádráttar afborganir og vextir af lánum veittum vegna sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði, afborganir kr. 34 355.00 og vextir kr. 24 904.00.

Frádráttarliðir samtals: Vextir kr. 189 000.00, afborganir kr. 34 355.00.

Erlend lán.

Vextir: 7. gr. 2.	Afborganir: 20. gr. Út I, 2.	
		1. Lán í Danmörku.
170 00		Ísl. kr., vextir af yfirdráttarláni sendiráðs Íslands í Köbenhavns Handelsbank.
		2. Lán í Bandaríkjunum.
$ 225	$ 5 000	Lán vegna kaupa á sendiherrabústað í Washington,
9 689	215 300	ísl. kr.
179 689	215 300	Samtals ísl. kr.

Um 8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins hækkar um 171 þús. kr., eingöngu vegna kaup- og verðlagshækkana.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður hækkar um 1 570 þús. kr. Miðað er við að þinghald standi svipaðan tíma og á síðastliðnu ári, og stafar hækkunin af launahækkunum. Til yfirskoðunar ríkisreikninga hækkar um 5 þús. kr.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið.* Í utanríkisráðuneytinu fækkar um deildarstjóra, en ritari færist í bókaraflokk. Í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins fækkar um fulltrúa, en bætt er við tveim fulltrúum og bókara í viðskiptamálaráðuneyti. Í dómsmálaráðuneyti fækkar starfsfólki um fulltrúa, sem tók ⅔ launa svo og dyravörð. Ritari í samgöngumálaráðuneyti verður bókari.

II. *Utanríkismál.* Vegna gengisbreytingarinnar hækka laun og annar kostnaður sendiráðanna um 13.15%. Þær breytingar, sem getið verður hér á eftir, stafa því af öðrum ástæðum.

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn.* Lagt er til að laun starfsfólks hækki um 5% vegna vaxandi dýrtíðar í Danmörku. Annar kostnaður hækkar um 55 þús. kr.

3. *Sendiráðið í London.* Laun lækka vegna fækkunar um sendiráðsritara, en staðaruppbót sendiherra hækkar nokkuð. Annar kostnaður hækkar um 140 þús. kr. vegna aðskilnaðar embættisbústaðar sendiherra og skrifstofu sendiráðsins.

4. *Sendiráðið í Washington.* Annar kostnaður lækkar um 472 þús. kr., en í þessa árs fjárlögum er fjárveiting til kaupa á húsgögnum í sendiherrabústaðinn, sem nú fellur niður.

5. *Sendiráðið í Paris og skrifstofa fastafulltrúa hjá NATO og OEEC.* Laun hækka um 175 þús. kr., vegna tilfærslna, sem utanríkisráðuneytið telur nauðsynlegar. Hins vegar lækka laun utan launalaga um 146 þús. kr. og annar kostnaður um 79 þús. kr.

6. *Sendiráðið í Osló.* Laun hækka um 55 þús. kr. eða tæp 6% vegna vaxandi dýrtíðar í Noregi. Annar kostnaður hækkar um 345 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar undanfarið.

7. *Sendiráðið í Bonn.* Áætlunin er svo til óbreytt í mörkum, en nokkru hærri í ísl. kr. vegna hækkunar á gengi marksins.

8. *Sendiráðið í Moskva.* Laun annarra starfsmanna en þeirra, sem í launalögum eru, hækka um 45 þús. kr.

III. Tillög til ýmissa alþjóðastofnana eru yfirleitt óbreytt að öðru leyti en því, sem leiðir af gengisbreytingunni. Framlag til gæzluliðs Sameinuðu þjóðanna hækkar umfram það um 433 þús. kr. og nýir liðir eru: Til hinnar Alþjóðlegu framfarastofnunar 324 þús. kr., tillag til Alþjóðasiglingadómstólsins í Haag 238 þús. kr. og kostnaður vegna þingmannasambands NATO 100 þús. kr.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Tekin er upp fjárveiting til viðgerða og endurbóta á dómhúsinu, en geymt fé til þeirra hluta nemur 157 þús. kr.

2. *Saksóknaraembætti ríkisins.* Þetta er nýr liður. Embættið var stofnað með lögum nr. 57 29. marz 1961.

3. *Borgardómaraembættið.* Bætt er við einum fulltrúa. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 64 þús. kr.

4. *Borgarfógetaembættið.* Bætt er við einum ritara. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 136 þús. kr., einkum vegna þess að óhjákvæmilegt þótti að embættið flytti í stærra húsnæði. Annar kostnaður hækkar um 76 þús. kr.

5. *Sakadómaraembættið.* Vegna breytingar á skipan embættisins með lögum nr. 57/1961 fækkar fulltrúum um fjóra, en í staðinn koma jafnmargir sakadómarar, er laun taka eftir IV. flokki launalaga. Til hækkunar koma einnig aldurshækkanir ritara, en til lækkunar kemur, að fulltrúi og ritari, er komu í stað eldri

starfsmanna, eru ekki komnir á hámarkslaun. Annar kostnaður hækkar um 130 þús. kr.

6. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 70 þús. kr.

7. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli.* Starfsmannahald er óbreytt. Hiti, ljós og ræsting lækkar um 10 þús. kr., og annar kostnaður um 15 þús. kr.

8. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Bætt er við einum fulltrúa á Húsavík, einum fulltrúa og tveim bókurum í Kópavogi. Annar kostnaður hækkar um 1.4 millj. kr., þar af um 800 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar áður og aukinna verkefna embættanna. Endurgreiðsla frá Tryggingarstofnun ríkisins hækkar um 500 þús. kr.

10. *Lögreglukostnaður:*

a. *Ríkislögregla í Reykjavík.* Gert er ráð fyrir 40 lögregluþjónum og 5 sumarmönnum. Er það sama og í fjárlögum þessa árs. Einkennisfatnaður og tryggingar lækka um 27 þús. kr. Liðurinn æfingaskáli og gufubaðstofa hækkar um 7800 kr., og áhöld, námskeiðakostnaður o. fl. um 45 þús. kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli.* Fækkað er um tvo lögreglumenn. Fæðisstyrkur lækkar um 34 þús. kr. Liðurinn bifreiðakostnaður og tryggingar hækkar um 120 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr.

c. *Ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Einkennisfatnaður og tryggingar lækka um 11 þús. kr.

d. *Til sumarlöggæzlu á Siglufirði* hækkar um 50 þús. kr.

e. *Til sumarlöggæzlu á Raufarhöfn* hækkar um 40 þús. kr.

i. *Til sumarlöggæzlu í Neskaupstað* hækkar um 25 þús. kr.

o. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík* hækkar um 1 millj. kr.

q. *Ýmis annar lögreglukostnaður* hækkar um 268 þús. kr.

11. *Til hegningarhúsa og vinnuhæla:*

a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Hjúkrunarkona, sem unnið hefur við hegningarhúsið, hefur látið af starfi og ekki er gert ráð fyrir því að ráða nýja í hennar stað.

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Aukavinna hækkar um 75 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar. Annar kostnaður hækkar um 525 þús. kr. Tekjur hækka um 110 þús. kr.

c. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík.* Bætt er við einum fangaverði. Auk þess verður nokkur hækkun á kostnaði vegna tilkomu nýju fangageymslunnar.

13. *Málskostnaður* er óbreyttur, en *endurgreiddur málskostnaður* hækkar um 50 þús. kr.

16. *Laun sjó- og verzlunardómsmanna* hækka um 40 þús. kr.

17. *Kostnaður við störf setu- og varadómara* hækkar um 30 þús. kr.

20. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* hækkar um 8 290 þús. kr. vegna kaup-hækkana, gengisbreytingar og flokkunar á Ægi, en áætlað er, að hún kosti 3.5 millj. kr. Tekjur eru áætlaðar 500 þús. kr. hærri en áður.

21. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 300 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

23. *Húsameistari ríkisins.* Bætt er við einum eftirlitsmanni með byggingum og einum ritara. Annar kostnaður hækkar um 320 þús. kr. Enn fremur vex annar kostnaður, þar eð nú er gert ráð fyrir launum tveggja lausráðinna starfsmanna, sem ekki hafði verið áætlað fyrir áður. Tekjur eru áætlaðar 200 þús. kr. hærri en áður.

Um 11. gr. B.

I.—II. *Tollar og skattar.* Kostnaður við innheimtu tolla og skatta er áætlaður óbreyttur frá gildandi fjárlögum, að öðru leyti en því, sem leiðir af kauphækkunum.

III. *Eftirlit með sparisjóðum.* Kostnaður við eftirlit með sparisjóðum lækkar um 37 þús. kr., en eftirlitið var með lögum nr. 10/1960 fengið Seðlabanka Íslands. Gert er ráð fyrir launum til eftirlitsmannsins nokkra mánuði árið 1962.

VI. *Innheimtulaun.* Liðurinn hækkar um 250 þús. kr., bæði vegna of lágrar áætlunar áður svo og þess að tollar og skattar eru áætlaðir hærri en í fjárlögum nú.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið.* Gert er ráð fyrir að starfsliði landlæknisembættis fjölgi um ritara. Annar kostnaður hækkar um 39 þús. kr. Skrifstofan greiðir nú sjálf póst- og símakostnað, en hefur fengið þá kostnaðarliði endurgreidda fram til þessa.

II. *Héraðslæknar.* Gert er ráð fyrir óbreyttri tölu lækna, þ. e. 63 héraðslæknum, 6 aðstoðarlæknum og einum staðgengli.

IV. *Ríkisspítalar.* Gert er ráð fyrir að rekstrarhalli ríkisspítalanna hækki um 8 191 þús. kr.

A. *Landsspítali* Áætlað er að starfsfólki fjölgi um yfirlækni í rannsóknarstofu og 4 aðstoðarhjúkrunarkonur. Þá er áætlað að stækkun á barnadeild komi til framkvæmda 1. okt. 1962, og af þeim sökum er gert ráð fyrir 26 nýjum starfsmönnum frá þeim tíma, eða: 1 deildarlækni, 2 deildarhjúkrunarkonum, 8 aðstoðarhjúkrunarkonum, 8 hjúkrunarnemum og 7 starfsstúlkum.

Matvörur hækka um 856 þús. kr. vegna stækkunar spítalans og sem afleiðing af hækkuðu verðlagi. Kostnaður við ljósmæðraskólann hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 3 941 þús. kr. Einnig er áætlað að kaupa ný tæki, svokallaðan skyggnimagnara og geislalækningatæki til endurnýjunar á öðru, sem orðið er úrelt.

Tekjur hækka um 3 780 þús. kr. og er miðað við 160 kr. daggjald, sem er hækkun um 20 kr.

Rekstrarhalli hækkar um 5 577 þús. kr.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Starfslið er óbreytt, en fæðiskostnaður hækkar um 171 þús. kr., og annar kostnaður um 284 þús. kr.

Tekjur hækka um 395 þús. kr. og rekstrarhalli um 815 þús. kr.

C. *Hjúkrunarkvennaskóli Íslands.* Starfslið er óbreytt. Fæðiskostnaður hækkar um 36 þús. kr. og annar kostnaður um 122 þús. kr. Tekjur hækka um 70 þús. kr. og rekstrarhalli hækkar um 287 þús. kr.

D. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum.* Starfslið er óbreytt. Matvörur hækka um 387 þús. kr. og annar kostnaður um 283 þús. kr. Tekjur hækka um 1 042 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 399 þús. kr.

E. *Heilsuhælið í Kristnesi.* Starfsliði fjölgar um 2 hjúkrunarkonur. Matvörur hækka um 224 þús. kr. og annar kostnaður um 292 þús. kr. Tekjur hækka um 910 þús. og rekstrarhalli um 25 þús. kr. Stofnuð hefur verið ný deild hjúkrunar- og langlegusjúklinga við hælið, sem hefur þau áhrif að reksturinn verður hagstæðari en ella.

F. *Geðveikrahælið á Kleppi.* Starfsliði fjölgar um aðstoðarmatráðskonu. Tekjur hækka um 1 550 þús. kr. vegna daggjaldahækkunar um 15 kr. Rekstrarhalli hækkar um 708 þús. kr.

G. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Rekstrarhalli hækkar um 100 þús. kr.

H. *Fávitahælið í Kópavogi.* Stækkun sú, sem kom til framkvæmda 1. júlí 1961 og hafði áhrif á reksturinn hálft árið í ár, hefur nú áhrif til hækkunar allt árið 1962. Rekstrarhalli hækkar um 218 þús. kr.

I. *Blóðbankinn.* Rekstrarhalli hækkar um 61 þús. kr.

V. *Rannsóknarstofa háskólans.* Starfslið er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 430 þús. kr. og tekjur um 444 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 327 þús. kr.

VI. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa* hækkar um 500 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir að rekstrarstyrkur til þriggja sjúkrahúsa hækki úr 15 í 25 kr. á legudag, sbr. lög nr. 31/1960, og að þau njóti sömu kjara og fjórðungssjúkrahúsin.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva* hækkar um 270 þús. kr.

XXIV. *Til námskeiða fyrir embættislækna* lækkar samkv. tillögu landlæknis um 11 þús. kr.

XXV. *Tillag til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar* hækkar um 188 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar og vegna gengisbreytingar.

XXVI. *Framlag til mýraköldusjóðs Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar,* 64 þús. kr., er nýr liður. Er hér um að ræða framlag í eitt skipti fyrir öll.

Um 13. gr. A.

II. *Þjóðvegir.* Framlag til nýrra akvega hækkar um 4 millj. kr. Hefur þótt rétt að flytja á þann lið þær 4 millj. kr., sem ætlaðar eru af atvinnuaukningarfé til samgöngubóta á landi. Liðurinn til atvinnu- og framleiðsluaukningar á 20. gr. lækkar um sömu upphæð. Vegaviðhald hækkar um 6 millj. kr. með hliðsjón af auknum tilkostnaði. Fjárveiting í fjárlögum þessa árs til vegagerðar á Mýrdalssandi að upphæð 4.3 millj. kr. fellur niður.

VI. *Framlag til kaupa á vegavinnuvélum* hækkar um 1 320 þús. kr. Á s. l. ári keypti vegamálastjórnin nokkuð af vélum frá sölunefnd varnarliðseigna, en 1 820 þús. kr. af framlaginu eru ætlaðar til greiðslu afborgana og vaxta af skuld vegna þeirra kaupa.

Fjárveiting til verkstjóranámskeiðs á 13. gr. A. í fjárlögum þessa árs að upphæð kr. 10 þús. fellur niður, en í stað þess er lagt til að upp verði tekinn nýr liður á 16. gr. C., að fjárhæð kr. 221 þús., sbr. lög nr. 49 29. marz 1961.

XIV. *Iðgjöld til slysatrygginga* hækka um 30 þús. kr.

XV. *Gjöld samkvæmt lögum nr. 16/1943, um orlof verkamanna* hækka um 390 þús. kr., þar af um 300 þús. kr. af völdum kauphækkana.

XVI. *Atvinnuleysistryggingagjöld* hækka um 40 þús. kr.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Rekstrarhalli skipaútgerðarinnar er áætlaður óbreyttur, þar sem gert er ráð fyrir að auknum tilkostnaði verði mætt með hækkun far- og farmgjalda.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála.* Annar skrifstofukostnaður hækkar um 85 þús. kr. Fjárveiting í fjárlögum þessa árs til undirbúnings 10 ára áætlunar um hafnargerðir að upphæð kr. 150 þús. fellur niður, þar sem sú áætlun er nú tilbúin.

II. *Laun vitavarða* hækka um 132 þús. kr., þar af 110 þús. kr. vegna kauphækkana, en 22 þús. kr. vegna fjölgunar vita.

III. *Rekstrarkostnaður* vitanna hækkar um 2 050 þús. kr., þar af 1 550 þús. kr. vegna vitaskipsins, en gert er ráð fyrir, að nýtt skip komi í janúarmánuði. Fjárveiting í fjárlögum 1961 er miðuð við leiguskip, rekið hluta úr ári.

VI. *Fjárveiting til áhaldakaupa* hækkar um 1 050 þús. kr. vegna sérstakra kaupa á áhöldum af sölunefnd varnarliðseigna, en 1 550 þús. kr. af framlaginu eru ætlaðar til greiðslu afborgana og vaxta af skuld vegna þeirra kaupa.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Starfsmannahald er óbreytt, en aukavinna lækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 183 þús. kr., sumpart vegna aukins húsnæðis í nýja flugturninum á Reykjavíkurflugvelli.

I. *Reykjavíkurflugvöllur:*

2. *Slökkviliðsdeild.* Laun hækka um 187 þús. kr., þar af um 85 þús. kr. vegna tilfærslu á einum starfsmanni, sem áður var talinn undir liðnum IV.a., gæzlumaður flughafna, og lækkar því sá liður um þá upphæð. Annar kostnaður hækkar um 55 þús. kr.

III. *Keflavíkurflugvöllur:*

2. *Flugumferðarstjórn.* Þessi liður er lægri en í fjárlögum þessa árs, sbr. það, er segir um næsta lið.

3. *Radíódeild.* Þetta er nýr liður, sem klofinn er út úr liðnum „flugumferðarstjórn" eins og hann er í þessa árs fjárlögum.

4. *Flugumsjónardeild.* Á s. l. vetri voru störf flugvélaafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli færð undir flugumsjón og deildirnar þannig sameinaðar. Þessi breyting hefur verulegan sparnað í för með sér, t. d. hefur starfsfólki verið fækkað um 8 manns hjá þessum deildum samtals.

6. *Tryggingargjöld* hækka um 84 þús. kr., einkum vegna of lágrar áætlunar áður.

7. *Viðhald húsa og rekstur rafstöðva* lækkar um 114 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir.* Þessi liður, sem nú er sundurliðaður mun meira en gert hefur verið, hækkar um 496 þús. kr. Að öðru leyti er hækkunin aðallega vegna tilkomu hins nýja flugvallar á Ísafirði. Kostnaður við snjómokstur lækkar um 100 þús. kr.

V. *Flugöryggisþjónustan:*

A. *Framkvæmdastjórn.* Ráðinn hefur verið nýr radíóverkfræðingur. Liðurinn hækkar um 170 þús. kr.

B. *Flugumferðarstjórn:*

1. *Upplýsingaþjónustan.* Laun hækka um 39 þús. kr., þar af um 16 þús. kr. vegna aldurshækkana starfsmanna.

3. *Flugumferðarstjórn, Akureyri.* Laun hækka um 50 þús. kr., þar af um 15 þús. kr. vegna aldurshækkana.

5. *Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum.* Ráðinn hefur verið flugumferðarstjóri, en laun hans voru áður færð að hálfu á flugvöllinn.

IX. *Loftferðaeftirlit.* Liðurinn „til flugskráningar" hækkar um 185 þús. kr., þar sem framlengdir hafa verið samningar við brezka fyrirtækið Air Registration Board, og nemur þóknunin nú £ 2500.

X. *Alþjóðaflugþjónustan.*

1. Flugumferðarstjórn hækkar um 8.8 millj. kr., aðallega vegna leigu á tækjum í nýja flugturninn. Ísland greiðir aðeins 8.5% af þessum kostnaði. Hitt greiðir Alþjóðaflugmálastofnunin.

Tekjur af Reykjavíkurflugvelli hækka um 500 þús. kr., tekjur af Keflavíkurflugvelli um rúmar 4 millj. kr. og tekjur af öðrum flugvöllum um 50 þús. kr. Þessi tekjuaukning jafngildir þeim hækkunum, sem orðið hafa á gjaldaliðum flugmálanna, þannig að halli á ekki að aukast frá því sem er í fjárlögum í ár.

Um 13. gr. E.

1. *Almenn veðurþjónusta:*

	Viðgerðarmaður	1	IX.	— 74 881
	Aukavinna verkfræðinga			— 87 890
	Verkstjóri	1	IX.	— 74 881
		20		kr. 1 732 075
13. D. I.	**Flugmál:**			
	Flugráð:			
	Formaður Flugráðsmenn			kr. 93 002
	Skrifstofa:			
	Flugmálastjóri	1	IV.	— 107 556
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 91 220
	Aðalbókari	1	VII.	— 85 772
	Fulltrúi	1	IX.	— 74 881
	Bókarar	2	VIII.—IX.	— 150 443
	Ritari	1	XIII.	— 55 354
	Bifreiðarstjóri	1	XI.	— 64 671
	Húsvörður	1	XI.	— 64 671
		9		kr. 787 570
13. D. II.	**Reykjavíkurflugvöllur:**			
	Flugvallarstjórn:			
	Flugvallarstjóri	1	V.	kr. 99 387
	Bókari	1	VIII.	— 80 327
		2		kr. 179 714

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. D. II.	**Slökkvistöð:**			
	Slökkviliðsstjóri	1	VIII.	kr. 80 327
	Aðstoðarslökkviliðsstjóri	1	IX.	kr. 74 881
	Vaktstjórar	2	VIII.—IX.	— 155 208
	Slökkviliðsmenn	7	X.	— 490 817
		11		kr. 801 233
	Vélaverkstæði:			
	Verkstjóri	1	VIII.	kr. 80 327
	Birgðavörður	1	VIII.	— 80 327
	Vinnuvélastjóri	1	IX.	— 74 881
		3		kr. 235 535
	Trésmíðaverkstæði:			
	Yfirverkstjóri	1	IX.	kr. 74 881
	Verkstjóri	1	X.	— 70 117
		2		kr. 144 998
	Verklegar framkvæmdir:			
	Yfirverkstjóri	1	VII.	kr. 85 772
		1		kr. 85 772
	Rafmagnsverkstæði:			
	Rafvirki	1	IX.	kr. 74 881
		1		kr. 74 881
13. D. IV.	**Aðrir flugvellir:**			
	Flugvallastjórn:			
	Framkvæmdastjóri	1	V.	kr. 99 387
	Yfirverkstjóri	1	VIII.	— 80 327
		2		kr. 179 714
13. D. V.	**Flugöryggisþjónustan:**			
	Framkvæmdastjórn:			
	Framkvæmdastjóri	1	V.	kr. 99 387
	Verkfræðingur	1	U.	— 93 407
		2		kr. 192 794
13. D. V.	**Upplýsingaþjónustan:**			
	Varðstjóri	1	VII.	kr. 85 772
	Flugumferðarstjóri	1	VIII.	— 80 327
		2		kr. 166 099

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. D. V.	**Flugumferðarstjórn Reykjavíkur:**			
	Flugumferðarstjórar	12	VIII.	kr. 963 921
		12	VIII.	kr. 963 921
	Flugumferðarstjórn Akureyrar:			
	Varðstjóri	1	VII.	kr. 85 772
	Flugumferðarstjórar	2	VIII.	— 160 654
		3		kr. 246 426
	Flugumferðarstjórn Vestmannaeyja:			
	Flugumferðarstjórar	2	VIII.	kr. 160 654
		2		kr. 160 654
	Flugumferðarstjórn Egilsstaða:			
	Flugumferðarstjóri	1	VIII.	kr. 80 327
	Aðstoðarflugumferðarstjóri	1	IX.	— 74 881
		2		kr. 155 208
	Radioverkstæðið, Reykjavík:			
	Verkstjórar	3	VIII.	kr. 240 980
	Radioviðgerðarmenn	6	IX.	— 449 288
		9		kr. 690 268
	Radioverkstæðið Akureyri:			
	Yfirverkstjóri	1	VIII.	kr. 80 327
		1		kr. 80 327
	Radioverkstæðið Egilsstöðum:			
	Radioviðgerðarmaður	1	IX.	kr. 74 881
		1		kr. 74 881
	ICAO-deild:			
	Deildarstjóri	1	VI.	kr. 91 220
		1		kr. 91 220
	Loftferðaeftirlit:			
	Framkvæmdastjóri	1	V.	kr. 99 387
	Fulltrúi	1	IX.	— 74 881
		2		kr. 174 268

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. D. XI.	**Alþjóðaflugþjónustan:**			
	Yfirflugumferðarstjóri	1	VI.	kr. 91 220
	Varðstjórar	11	VII.	— 943 492
	Flugumferðarstjórar	3	VII.—VIII.	— 257 317
		15		kr. 1 292 029
13. D. III.	**Keflavíkurflugvöllur:**			
	Flugvallarstjórn:			
	Flugvallarstjóri	1	V.	kr. 99 387
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 91 220
	Fulltrúi	1	VIII.	— 80 327
	Gjaldkeri	1	VIII.	— 80 327
		4		kr. 351 261
	Flugumferðarstjórn:			
	Yfirflugumferðarstjóri	1	VI.	kr. 91 220
	Varðstjórar	4	VII.	— 343 088
	Flugumferðarstjórar	10	VII.–VIII.–IX.	— 875 185
		15		kr. 1 309 493
	Radiodeild:			
	Radiovirki	1	IX.	kr. 74 880
		1		kr. 74 880
	Flugumsjónardeild:			
	Yfirflugumsjónarmaður	1	VI.	kr. 91 220
	Yfirverkstjóri	1	VI.	— 91 220
	Varðstjórar	4	VII.	— 343 089
	Flugumsjónarmenn	8	VIII.	— 642 614
	Verkstjórar	4	IX.	— 299 526
	Afgreiðslustúlkur	4	IX.—XI.	— 260 492
		22		kr. 1 728 161
	Flugvirkjadeild:			
	Yfirflugvirki	1	IV.	kr. 91 220
		1	IV.	kr. 91 220
13. E.	**Veðurþjónusta:**			
	Innanlandsþjónusta:			
	Skrifstofa:			
	Forstjóri	1	IV.	kr. 107 556
	Skrifstofustjóri	1	VII.	— 85 772

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
	Ritari	1	XIV.	— 49 576
	Bréfritari	1	X.	— 70 117
	Bókari	1	IX.	— 74 881
		5		kr. 387 902
	Veðurstofa á Reykjavíkurflugvelli:			
	Deildarstjóri	1	V.	kr. 99 387
	Veðurfræðingar	3	VI.	— 273 658
	Aðstoðarmenn	6	X.	— 420 700
		10		kr. 793 745
	Loftskeytadeild:			
	Deildarstjóri	1	VII.	kr. 85 772
	Varðstjórar	4	VIII.	— 321 307
	Loftskeytamenn	3	IX.	— 224 644
	÷ Laun loftskeytadeildar 60%			— 379 034
		8		kr. 252 689
	Veðurfarsdeild:			
	Deildarstjóri	1	VI.	kr. 91 220
	Aðstoðarmenn	2	X.	— 140 233
	Veðurfræðingur, ½ laun	1	VI.	— 45 610
		4		kr. 277 063
	Jarðeðlisfræðideild:			
	Deildarstjóri	1	VI.	kr. 91 220
		1		kr. 91 220
	Áhaldadeild:			
	Deildarstjóri	1	VI.	kr. 91 220
	Veðurfræðingur, ½ laun			— 45 610
	Bifreiðarstjóri	1	X.	— 70 117
	Áhaldavörður	1	VIII.	— 80 327
		3		kr. 287 274
	Flugveðurþjónusta:			
	Flugveðurstofan í Keflavík:			
	Deildarstjóri	1	V.	kr. 99 387
	Veðurfræðingar	6	VI.	— 547 317
	Aðstoðarmenn	10	X.	— 663 924
	Aukagreiðsla			— 13 980
		17		kr. 1 324 608
	Háloftaathugunarstöðin í Keflavík:			
	Háloftsathugunarmenn	8	VIII.—IX.	kr. 626 278
	+ Laun loftskeytadeildar 60%			— 379 034
		8		kr. 1 005 312

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. F. I.	**Ferðaskrifstofa ríkisins:**			
	Forstjóri	1	IV.	kr. 107 556
	Fulltrúar	2	VIII.	— 160 654
	Afgreiðslumenn	2	X.	— 140 234
	Verzlunarstjóri	1	VII.	— 85 772
	Aðalgjaldkeri	1	VIII.	— 80 327
		7		kr. 574 543
13. F. II.	**Skipaskoðun ríkisins:**			
	Skipaskoðunarstjóri	1	V.	kr. 99 387
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 91 220
	Skoðunarmenn	4	X.	— 280 467
	Bókari	1	X.	— 70 117
	Eftirlitsmenn	4	U.	— 200 492
	Vélaeftirlitsmaður	1	VII.	— 85 772
	Aukaaðstoð			— 14 562
	Skipaeftirlitsmaður	1	VII.	— 85 772
	Ritari	1	XIII.	— 56 805
		14		kr. 984 594
13. F. III.	**Stýrimannaskólinn:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 91 220
	Kennarar	5	VIII.	— 401 634
		6		kr. 492 854
13. F. IV.	**Sjómannaskólahúsið:**			
	Húsvörður	1	XII.	kr. 60 899
		1		kr. 60 899
13. F. V.	**Matsveina- og veitingaþjónaskólinn:**			
	Forstöðumaður	1	VII.	kr. 85 772
	Kennari	1	IX.	— 74 881
		2		kr. 160 653
14. A. I.	**Kennslumál:**			
	Háskólinn:			
	Rektor	1	III.	kr. 116 405
	Prófessorar	38	II.—IV.	— 4 102 486
	Háskólabókavörður	1	IV.	— 107 556
	Dósentar	16		— 698 372
	Lektorar			— 136 316
	Aukakennarar	5		— 195 745
	Íþróttakennari	1	VII.	— 85 772
	Háskólaritari	1	VI.	— 91 220
	Fulltrúi	1	IX.	— 74 881
	Bókari	1	X.	— 70 117

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
14. A. I.	Umsjónarmaður	1	XII.	kr. 60 900
	Sendikennarar	6		— 118 900
		72		kr. 5 858 670
14. A. I. b.	**Tilraunastöð Háskólans á Keldum:**			
	Forstöðumaður	1	V.	kr. 107 556
	Efnafræðingur	1	VI.	— 91 220
	Sérfræðingar	2	VI.	— 182 440
	Dýralæknir	1	VI.	— 91 220
	Aðstoðarmenn	6	VIII.—X.	— 415 628
	Bókari	1	X.	— 70 117
	Ráðsmaður	1	X.	— 70 117
	Bifreiðarstjóri	1	X.	— 70 117
		14		kr. 1 098 415
14. A. III.	**Fræðslumálaskrifstofan:**			
	Fræðslumálastjóri	1	III.	kr. 116 405
	Íþróttafulltrúi	1	VII.	— 85 772
	Fulltrúar	5	VII.	— 428 860
	Ritarar	2	XIII.	— 102 709
	Bókari	1	X.	— 70 117
	Bókafulltrúi	1	VII.	— 85 772
		11		kr. 889 635
14. A. IV.	**Menntaskólinn í Reykjavík:**			
	Rektor	1	V.	kr. 99 387
	Kennarar	26	VI.—VII.	— 2 294 086
	Húsvörður	1	XII.	— 60 900
	Bókari	1	X.	— 70 117
		29		kr. 2 524 490
14. A. V.	**Menntaskólinn á Akureyri:**			
	Skólameistari	1	V.	kr. 99 387
	Kennarar	13	VI.—VII.	— 1 122 932
	Söngkennsla (½ laun)			— 33 214
	Dyravörður	1	XII.	— 60 900
		15		kr. 1 316 433
14. A. VI.	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**			
	Skólameistari	1	V.	kr. 99 387
	Kennarar	6	VI.—VII.	— 525 526
		7		kr. 624 913

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
14. A. VII.	**Kennaraskólinn:**			
	Skólastjóri	1	V.	kr. 99 387
	Kennarar	11	VII.	— 943 492
	Húsvarzla			— 16 979
		12		kr. 1 059 858
	Handavinnudeild:			
	Kennarar	3	VII.	kr. 257 317
		3		kr. 257 317
14. A. VIII.	**Vélskólinn í Reykjavík:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 91 220
	Kennarar	5	IX.	— 385 296
		6		kr. 476 516
14. A. IX.	**Iðnskólar:**			
	Iðnskólinn í Reykjavík	17	V.—VIII.	kr. 1 330 163
	Iðnskólar utan Reykjavíkur	8		— 615 838
		25		kr. 1 946 001
	Listiðnaðardeild Handíðaskólans:			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 91 220
	Kennari	1	VIII.	— 80 326
		2		kr. 171 546
14. A. X.	**Almenn barnafræðsla:**			
	1. Skólastjórar og kennarar í Reykjavík	289	VI.—IX.	kr. 19 368 639
	2. Skólastjóri og kennarar á Akranesi	19	VII.—IX.	— 1 235 968
	3. Skólastjóri og kennarar á Ísafirði	15	VII.—IX.	— 939 334
	4. Skólastjóri og kennarar á Sauðárkróki	6	VII.—IX.	— 386 338
	5. Skólastjóri og kennarar á Siglufirði	13	VII.—IX.	— 911 971
	6. Skólastjóri og kennarar á Ólafsfirði	5	VIII.—IX.	— 287 779
	7. Skólastjórar og kennarar á Akureyri	40	VI.—IX.	— 2 704 696
	8. Skólastjóri og kennarar á Húsavík	7	VIII.—IX.	— 464 751
	9. Skólastjóri og kennarar á Seyðisfirði	5	VIII.—IX.	— 336 022
	10. Skólastjóri og kennarar í Neskaupstað	8	VIII.—IX.	— 533 229
	11. Skólastjóri og kennarar í Vestmannaeyjum	21	VII.—IX.	— 1 334 246
	12. Skólastjóri og kennarar í Keflavík	25	VII.—IX.	— 1 424 099
	13. Skólastjóri og kennarar í Hafnarfirði	31	VI.—IX.	— 2 023 689

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
14. A. X.	14. Skólastjórar og kennarar í Kópavogi	33	VI.—IX.	— 2 144 650
	15. Skólastjórar og kennarar í föstum skólum utan kaupstaða	314	VIII.—IX.	—19 302 070
	16. Farskólakennarar	69		— 2 917 102
	17. Forfalla- og orlofskennarar	14		— 843 460
		914		kr.57 158 043
14. A. XI.	**Gagnfræðamenntun:**			
	1. Eiðaskóli, skólastjóri og kennarar	7	VI.—VIII.	kr. 560 528
	2. Reykholtsskóli	6	VI.—VIII.	— 459 383
	3. Núpsskóli	6	VI.—VIII.	— 432 723
	4. Reykjanesskóli	6	VII.—VIII.	— 265 186
	5. Reykjaskóli	5	VI.—VIII.	— 391 312
	6. Laugaskóli	7	VI.—VIII.	— 553 098
	7. Skógaskóli	6	VI.—VIII.	— 492 853
	8. Laugarvatnsskóli	6	VI.—VIII.	— 477 085
	9. Gagnfræðaskólar í Reykjavík	212	VI.—VIII.	—15 955 120
	10. Gagnfræðaskólinn á Akranesi	14	VII.—VIII.	— 1 031 095
	11. Gagnfræðaskólinn á Ísafirði	10	VI.—VIII.	— 775 335
	12. Gagnfræðaskólinn á Siglufirði	9	VII.—VIII.	— 688 455
	13. Gagnfræðaskólinn á Akureyri	23	VI.—VIII.	— 1 823 474
	14. Gagnfræðaskólinn á Húsavík	4	VII.—VIII.	— 310 417
	15. Gagnfræðaskólinn í Neskaupstað	3	VII.—VIII.	— 221 015
	16. Gagnfræðaskólinn í Vestmannaeyj.	12	VII.—VIII.	— 783 158
	17. Gagnfræðaskólinn í Keflavík	15	VI.—VIII.	— 1 005 685
	18. Gagnfræðaskólinn í Hafnarfirði	20	VI.—VIII.	— 1 489 908
	19. Gagnfræðaskólinn í Kópavogi	13	VII.—VIII.	— 989 347
	20. Miðskólinn í Borgarnesi	2	VIII.	— 160 654
	21. Miðskólinn í Stykkishólmi	2	VIII.	— 157 024
	22. Miðskólinn á Sauðárkróki	5	VII.—VIII.	— 345 134
	23. Miðskólinn á Selfossi	7	VIII.	— 466 309
	24. Miðskólinn í Hveragerði	3	VIII.	— 219 099
	25. Unglingaskólar	27	VIII.	— 1 773 119
	26. Forfalla- og orlofskennarar fyrir gagnfræðastigið	10		— 694 363
		440		kr.32 520 879
XIII.	**Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum:**			
	1. Húsmæðrakennaraskólinn, skólastjóri og kennarar	3	VI.—VIII.	kr. 251 873
	2. Húsmæðraskólinn í Reykjavík	6	VIII.—IX.	— 454 734
	3. Húsmæðraskólinn á Ísafirði	4	VIII.—IX.	— 301 511
		13		kr. 1 008 118
XIV.	**Íþróttakennaraskólinn**	2	VI.—VII.	kr. 171 546
XV.	**Málleysingjaskólinn**	4	VII.—VIII.	— 320 726
XXXIII.	**Námsstjórar**	9	VI.	— 820 976
XXXIV.	**Endurskoðun skólakostnaðar**	5	V., VII., XIII.	— 341 048

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
14. B. I.	**Landsbókasafnið:**			
	Landsbókavörður	1	V.	kr. 99 387
	Bókaverðir	7	VII.	— 600 411
	Bókari	1	X.	— 70 117
	Aðstoðarbókavörður	1	VII.	— 78 862
		10		kr. 848 777
14. B. II.	**Þjóðskjalasafnið:**			
	Þjóðskjalavörður	1	V.	kr. 99 387
	Skjalaverðir	4	VII.	— 343 089
	Æviskrárritari	1	VII.	— 85 772
	Ritari	1	X.	— 70 117
		7		kr. 598 365
14. B. III.	**Þjóðminjasafnið:**			
	Þjóðminjavörður	1	V.	kr. 99 387
	Safnverðir	2	VII.	— 166 270
	Bókari	1	X.	— 70 117
	Húsvörður	1	VII.	— 85 772
		5		kr. 421 546
14. B. IV.	**Listasafn Íslands:**			
	Safnvörður	1	V.	kr. 99 387
		1		kr. 99 387
14. B. V.	**Náttúrugripasafnið:**			
	Forstöðumaður	1	V.	kr. 99 387
	Deildarstjórar	2	VI.	— 182 439
	Sérfræðingur	1	VI.	— 91 220
	Bókari	1	X.	— 70 117
	Hamskeri	1	VII.	— 85 772
	Ritari	1	XIII.	— 55 354
		7		kr. 584 289
14. B. IX.	**Safnahúsið:**			
	Dyravörður	1	XII.	kr. 55 354
		1		kr. 55 354
15. I.	**Kirkjumál:**			
	Biskupsembættið:			
	Biskup	1	III.	kr. 116 407
	Biskupsritari	1	VI.	— 91 220
	Bókari	1	X.	— 70 117
		3		kr. 277 744

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
15. II.	Embætti sóknarpresta og prófasta	120	VI.—VIII.	kr.10 141 937
		120		kr.10 141 937
15. III.	**Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar:**			
	Söngmálastjóri	1	VI.	kr. 91 220
		1		kr. 91 220
16. A. 26.	**Sandgræðslan:**			
	Sandgræðslustjóri	1	VI.	kr. 91 220
	Ráðsmaður	1	VIII.	— 80 327
	Sandgræðsluverðir			— 38 445
		2		kr. 209.992
A. 29.	**Skógræktin:**			
	Skógræktarstjóri	1	V.	kr. 99 387
	Skógfræðingur	1	VI.	— 91 220
	Tilraunastjóri	1	VI.	— 91 220
	Skógarverðir (3 á ½ launum)	8	X.	— 489 609
		11		kr. 771 436
A. 30.	**Veiðimál:**			
	Veiðimálastjóri	1	V.	kr. 99 387
	Fulltrúi	1	VIII.	— 80 326
		2		kr. 179 713
A. 35.	**Dýralæknar:**			
	Yfirdýralæknir	1	V.	kr. 99 387
	Dýralæknar	12	VIII.—X.	— 888 652
		13		kr. 988 039
A. 46. a.	**Bændaskólinn á Hólum:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 91 220
	Kennarar	3	VIII.	— 240 980
		4		kr. 332 200
46. b.	**Bændaskólinn á Hvanneyri:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 91 220
	Kennarar	4	VIII.	— 321 307
		5		kr. 412 527
46. c.	**Garðyrkjuskólinn á Reykjum:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 91 220
	Kennarar og aukakennsla	3	VIII.—XIII.	— 178 206
		4		kr. 269 426

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
16. A. 47.	a. Húsmæðraskólinn, Varmalandi		VIII.—IX.	kr. 304 971
	b. Húsmæðraskólinn, Staðarfelli		VIII.—IX.	— 203 675
	c. Húsmæðraskólinn, Blönduósi		VIII.—IX.	— 342 014
	d. Húsmæðraskólinn, Löngumýri		VIII.—IX.	— 286 245
	e. Húsmæðraskólinn, Laugalandi		VIII.—IX.	— 290 903
	f. Húsmæðraskólinn, Laugum		VIII.—IX.	— 290 903
	g. Húsmæðraskólinn, Hallormsstað ...		VIII.—IX.	— 193 582
	h. Húsmæðraskólinn, Laugarvatni		VIII.—IX.	— 223 850
	i. Orlofs- og forfallakennarar			— 64 331
		30		kr. 2 200 474
16. B.	**Fiskmat:**			
	Fiskmatsstjóri	1	V.	kr. 99 387
	Fulltrúi	1	VIII.	— 80 327
	Yfirfiskmatsmenn	11	VIII.	— 883 594
	Ritari	1	XIII.	— 55 354
	Umsamin aukaþóknun			— 25 164
		14		kr. 1 143 826
16. C.	**Öryggiseftirlit:**			
	Öryggismálastjóri	1	V.	kr. 99 387
	Öryggiseftirlitsmenn	2	VI.—VII.	— 176 926
	Skoðunarmenn	3	IX.—X.	— 219 945
	Bókari	1	X.	— 70 117
		7		kr. 566 375
16. D.	**Raforkumál:**			
	Skrifstofa raforkumálastjóra:			
	Raforkumálastjóri	1	III.	kr. 116 405
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 91 220
	Fulltrúi	1	VIII.	— 80 327
	Aðalbókari	1	VII.	— 85 772
	Gjaldkeri	1	VII.	— 85 772
	Bókarar	3	IX.—XI.	— 198 679
	Hagfræðingur	1	VII.	— 85 772
	Umsjónarmaður	1	VIII.	— 80 327
	Ritarar	3	XIII.	— 160 729
	Skjalavörður	1	IX.	— 74 881
	Sendisveinn	1	U.	— 37 566
		15		kr. 1 097 450
16. D.	**Orku- og vatnamáladeild:**			
	Deildarverkfræðingur	1	U.	kr. 132 989
	Fulltrúi	1	VII.	— 85 772
	Verkfræðingar	3	U.	— 344 311
	Teiknari	1	IX.	— 74 881

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
	Vatnamælingamaður	1	VII.	— 85 772
	Landmælingamaður	1	VII.	— 85 772
		8		kr. 809 497
	Rafmagnseftirlit ríkisins:			
	Rafmagnseftirlitsstjóri	1	V.	kr. 99 387
	Skoðunarmenn	5	IX.	— 374 408
	Bókari	1	IX.	— 74 881
	Ritari	1	XIII.	— 55 354
	Verkfræðingur	1	U.	— 115 908
		9		kr. 719 938
	Jarðhitadeild:			
	Yfirverkfræðingur	1	U.	kr. 138 170
	Verkfræðingur	1	U.	— 132 988
		2		kr. 271 158
	Rafmagnsveitur ríkisins:			
	Rafmagnsveitustjóri	1	IV.	kr. 107 556
	Deildarverkfræðingar	2	U.	— 265 976
	Birgðavörður	1	IX.	— 74 881
	Verkfræðingar	3	U.	— 356 983
	Deildarstjóri	1	VI.	— 91 220
	Raffræðingar	5	VII.	— 428 860
	Verkstjórar	7	VIII.—IX.—X.	— 525 532
	Bifreiðarstjóri	1	XI.	— 64 671
	Byggingafræðingur	1	VII.	— 85 772
	Rafvirkjar	2	IX.—X.	— 144 998
	Bókarar	3	X.—XI.	— 204 905
	Línumenn	2	XI.	— 129 343
	Vélgæzlumaður	1	IX.	— 74 881
	Rafveitustjórar	5	VII.	— 428 860
	Fulltrúi	1	VIII.	— 80 327
		36		kr. 3 064 765
16. E. I.	**Atvinnudeild háskólans:**			
	Iðnaðardeild:			
	Deildarstjóri	1	U.	kr. 120 898
	Efnafræðingar	4	U.	— 477 705
	Gerlafræðingur	1	U.	— 75 562
	Jarðfræðingur	1	VI.	— 105 379
	Aðstoðarmenn	6	VIII.—X.	— 430 910
	Verkfræðingar	2	U.	— 211 816
		15		kr. 1 422 270

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
	Fiskideild:			
	Deildarstjóri	1	V.	kr. 99 386
	Sérfræðingar	9	VI.	— 787 346
	Aðstoðarmenn	12	VIII.—X.	— 851 610
	Ritari	1	X.	— 70 117
	Umsamin aukaþóknun sérfræðinga			— 130 704
		23		kr. 1 939 163
16. E. I.	**Landbúnaðardeild:**			
	Deildarstjóri (½ laun)	1	U.	kr. 66 258
	Tilraunastjóri	1	VI.	— 91 220
	Sérfræðingar	8	VI.	— 759 433
	Aðstoðarmenn	2	VIII.—X.	— 150 443
	Umsamin aukaþóknun sérfræðinga			— 125 051
		12		kr. 1 192 405
	Sameiginlegur kostnaður:			
	Skrifstofustjóri	1	VII.	kr. 85 772
	Ritarar	3	XI.—XIII.	— 189 677
	Aðstoðarmaður	1	IX.	— 80 327
	Umsamin aukaþóknun			— 14 162
		5		kr. 369 938
16. E. II.	**Rannsóknaráð ríkisins:**			
	Framkvæmdastjóri	1	V.	kr. 99 387
	Ráðsmeðlimir		U.	— 40 234
	Umsamin aukaþóknun til framkvæmdastj.			— 18 409
	Bókari	1	X.	— 70 117
		2		kr. 228 147
16. E. III.	**Löggildingarstofan:**			
	Forstjóri	1	VIII.	kr. 80 327
	Aðstoðarmenn	4	XI.	— 258 686
		5		kr. 339 013
17. I. 1.	**Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:**			
	Nefndarmenn			kr. 31 455
	Skipulagsstjóri	1	IV.	— 107 556
	Arkitektar	2	VI.	— 182 439
	Verkfræðingar	2	U.	— 199 097
	Ritari	1	XII.	— 56 030
		6		kr. 576 577
	Húsnæðismálastofnun ríkisins:			
	Nefndarmenn			kr. 202 741
	Framkvæmdastjóri	1	IV.	— 107 556
		1		kr. 310 297

Nd. **2. Frumvarp til laga** [2. mál]

um framlengingu á samningum milli læknafélaga og sjúkrasamlaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Samningar þeir á milli læknafélaga annars vegar og sjúkrasamlaga eða Tryggingastofnunar ríkisins f. h. sjúkrasamlaga hins vegar, um þjónustu lækna við meðlimi sjúkrasamlaganna skulu gilda enn um sinn, þar til nýir samningar hafa verið gerðir á milli þessara aðila, þó eigi lengur en til 31. desember n. k., og þá með þeirri breytingu, að þóknun til læknanna svo og allar greiðslur vegna kostnaðar við starf þeirra, sem sjúkrasamlögunum ber að greiða samkvæmt gildandi samningum, skulu frá 1. júlí 1961 hækka um 13%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, er lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um framlengingu á samningum á milli læknafélaga og sjúkrasamlaga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð oss, að allir samningar milli læknafélaga og sjúkrasamlaga falli úr gildi frá og með 1. október n. k. Afleiðing þess verði sú, að sjúklingar verði að greiða að fullu þá þjónustu, sem læknar veita utan sjúkrahúsa. Hér við bætist og það, að jafnframt verði að gera ráð fyrir, að greiðslur til læknanna hækki yfirleitt mjög mikið, eða um og yfir 100%. Af þessu muni hljótast vandræðaástand fyrir allan almenning, sem koma verði í veg fyrir án tafar. Það beri því nauðsyn til þess að afstýra þessu vandræðaástandi með því að gefa út bráðabirgðalög nú þegar, sem mæli svo fyrir, að samningar þeir um læknaþjónustu, sem nú gilda milli læknafélaga og sjúkrasamlaga, skuli gilda enn um sinn til n. k. áramóta, ef ekki takast nýir samningar milli þessara aðila innan þess tíma, þó svo, að þóknun og endurgreiðsla kostnaðar til læknanna skuli frá 1. júlí 1961 hækka um 13%.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Samningar þeir á milli læknafélaga annars vegar og sjúkrasamlaga eða Tryggingastofnunar ríkisins f. h. sjúkrasamlaga hins vegar, um þjónustu lækna við meðlimi sjúkrasamlaganna skulu gilda enn um sinn, þar til nýir samningar hafa verið gerðir á milli þessara aðila, þó eigi lengur en til 31. desember n. k., og þá með þeirri breytingu, að þóknun til læknanna svo og allar greiðslur vegna kostnaðar

við starf þeirra, sem sjúkrasamlögunum ber að greiða samkvæmt gildandi samningum, skulu frá 1. júlí 1961 hækka um 13%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. september 1961.

Bjarni Benediktsson. (L. S.)	Friðjón Skarphéðinsson. (L. S.)	Jónatan Hallvarðsson. (L. S.)

Emil Jónsson.

Ed. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1962 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Gjöld samkv. lögum nr. 68 1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal á árinu 1962 innheimta þannig:

a. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e-liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1961, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1962, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1962, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
b. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar.

Álögin á innflutningsgjöldin af hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

4. gr.

Lög nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., breytast þannig á árinu 1962:

I. Innheimta skal:

A. Vörumagnstoll með þessum hækkunum:

a. Af benzíni öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað eins eyris.

b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

B. Verðtoll með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

Innheimta skal og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkv. tollskrá og hækkunum samkv. þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1962.

II. Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A-liðar og B-lið í I. tölulið þessarar gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli 9 nr. 1—2, kaffi óbrennt eða brennt og malað.
— 10 nr. 1—7, korn, ómalað.
— 11 nr. 1—12, mjöl og grjón.
— 17 nr. 1—6, sykur.
— 22 nr. 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
— 24 nr. 1—9, tóbak.
— 25 nr. 10, salt.
— 27 nr. 1—4, kol.
— 27 nr. 14, steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt I. tölulið þessarar greinar.

III. Heimilt skal að fella niður aðflutningsgjöld af:

a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

5. gr.

Gilda skulu til ársloka 1962 ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum í a-lið bráðabirgðaákvæða við lög nr. 10 1960, um söluskatt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1962 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár. Enn fremur er lagt til að haldist heimild sú, er verið hefur, til að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum nauðsynjavörum. Ákvæði um þetta efni er nú að finna í lögum nr. 79 1960.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir, að ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum í bráðabirgðaákvæði við lög nr. 10/1960, um söluskatt, skuli gilda til ársloka 1962.

Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um breyting á lögum nr. 17/1948, um skráningu skipa, og lögum nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

21. gr. laga nr. 17/1948 orðist svo:

Fyrir afrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteini, afrit mælibréfs, einkaleyfi á skipsnafni, sbr. 2. mgr. 7. gr., nafnbreytingu á skipi, útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteina, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini, áritun á mælibréf, eftirlitsbækur og fyrir mælingu skips skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin ákvæði í lögum nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs:

1. 16. töluliður 29. gr.
2. 12., 13., 14. og 15. töluliðir 32. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gjöld fyrir þjónustu þá, er um ræðir í 1. gr. frv., eru nú fastákveðin í aukatekjulögum, nema gjöld fyrir mælingu skipa, sem ákveðin eru með reglugerð. Frv. þetta felur í sér þá breytingu, að framvegis skuli ákveða öll þessi gjöld með reglugerð svo sem nú er gert um gjöld þau, sem greiða ber fyrir skoðun skipa.

Nd. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands (IMSÍ) er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með iðnaðarmál.

2. gr.

Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Formann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar, en eftirtalin félagasamtök skulu hvert um sig tilnefna einn mann í stjórnina:

Alþýðusamband Íslands,
Félag íslenzkra iðnrekenda,
Iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands,
Landssamband iðnaðarmanna,
Samband ísl. samvinnufélaga,
Verzlunarráð Íslands,
Vinnuveitendasamband Íslands.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra skipar varaformann úr hópi aðalstjórnarmanna.

3. gr.

Stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands ræður stofnuninni framkvæmdastjóra, að fengnu samþykki ráðherra, er ákveður laun hans.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um fjárreiður hennar.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri með samþykki stjórnar stofnunarinnar og ráðherra, sem ákveður laun þess, að fengnum tillögum stjórnar og framkvæmdastjóra.

4. gr.

Markmið Iðnaðarmálastofnunar Íslands er að efla framfarir í iðnaði hér á landi og stuðla að aukinni framleiðni í íslenzku atvinnulífi með þeim hætti, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Stofnunin skal vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnað varða. Hún skal leitast við að efla samvinnu framleiðenda, stofnana og félagasamtaka til framfara í íslenzkum iðnaði og vörudreifingu og hafa náið samstarf við þá aðila um slík mál.

5. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands skal annast skipulagningu og stjórn stöðlunarmála, hafa forgöngu um samningu, útbreiðslu og útgáfu íslenzkra staðla og vera forustuaðili á Íslandi í öllu, er að stöðlun lýtur.

6. gr.

Stofnuninni skal heimilt að taka að sér tiltekin verkefni til fyrirgreiðslu hagkvæmni í rekstri og aukinnar framleiðni, fyrir hvern þann aðila, er til hennar leitar, enda komi fullt gjald fyrir samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Skulu slík mál vera trúnaðarmál milli stofnunarinnar og þess, sem unnið er fyrir, og er stofnuninni óheimilt að skýra frá þeim, nema með samþykki aðila.

7. gr.

Reksturskostnaður Iðnaðarmálastofnunar Íslands, umfram reksturstekjur, greiðist úr ríkissjóði, og sé fé veitt til þess í fjárlögum.

8. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt sem stjórnarfrumvarp á síðasta Alþingi, og fylgdu því svohljóðandi athugasemdir:

„Hinn 20. febrúar 1954 skipaði þáv. iðnaðarmálaráðherra, Ingólfur Jónsson, 7 manna nefnd „til þess að semja lög og reglur fyrir Iðnaðarmálastofnun Íslands". Skyldi nefndin hafa skilað ráðuneytinu sameiginlegu áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Fullt samkomulag varð innan nefndarinnar um markmið stofnunarinnar og skipulag, og skilaði nefndin sameiginlegu áliti í frumvarpsformi á tilsettum tíma. Var það flutt á reglulegu Alþingi árið 1954, en varð ekki útrætt. Annað frumvarp til laga fyrir stofnunina var flutt á Alþingi árið eftir, en varð þá heldur eigi útrætt.

Hinn 15. júní 1955 gaf þáv. iðnaðarmálaráðherra út drög að starfsreglum fyrir Iðnaðarmálastofnun Íslands, til þess að haga störfum sínum eftir, þar til sett yrðu um hana sérstök lög. Eftir þessum starfsreglum var Iðnaðarmálastofnuninni

stjórnað þar til 29. maí 1957 að þáv. iðnaðarmálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, setti stofnuninni nýjar starfsreglur, sem enn eru í gildi.

Með bréfi til Iðnaðarmálastofnunar Íslands, dags. 10. júní s. l., óskaði iðnaðarmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, þess, að stjórn stofnunarinnar léti semja frumvarp til laga fyrir stofnunina og yrði við meðferð málsins sérstaklega tekin til athugunar aðild Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, sem hvorug eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar samkvæmt gildandi starfsreglum. Drög að frumvarpi til laga fyrir stofnunina bárust ráðuneytinu í byrjun septembermánaðar, og er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, samið í iðnaðarmálaráðuneytinu á grundvelli tillagna stjórnar Iðnaðarmálastofnunarinnar, með nokkrum breytingum. Er þess vænzt, að það geti orðið undirstaða að framtíðarskipan þessarar stofnunar.

Um gildi og þörf stofnunar, slíkrar sem Iðnaðarmálastofnunar Íslands, fyrir hinn unga og ört vaxandi iðnað landsmanna, þarf vart að fjölyrða. Um starfssvið hennar kunna hins vegar að vera skiptar skoðanir í einstökum atriðum, enda rétt sjónarmið, sem frá upphafi hefur ríkt hjá stjórn stofnunarinnar, að forðast beri að fella verkefni hennar um of í fastar skorður og sömuleiðis, að verkefnaval miðist við allan iðnað landsmanna án takmarkana. Þannig er ætlazt til að Iðnaðarmálastofnunin geti einbeitt sér að verulegu leyti að þeim verkefnum, sem hún álítur mesta þörf fyrir að vinna á hverjum tíma, án þess að starfskröftum hennar sé til fulls ráðstafað fyrirfram í fastaverkefni.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins:

Lagt er til, að nafn stofnunarinnar verði Iðnaðarmálastofnun Íslands, svo sem verið hefur frá upphafi, skammstafað IMSÍ. Til greina kæmi þó, að stytta nafn stofnunarinnar í Iðnaðarstofnun Íslands eða Iðnstofnun Íslands og má athuga það við meðferð málsins.

Um 2. gr.

Sú breyting er hér gerð frá gildandi starfsreglum fyrir stofnunina, að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands fái aðild að stofnuninni. Er talið sjálfsagt að heildarsamtök vinnuveitenda og launþega verði í hópi þeirra félagasamtaka annarra, sem tilnefna fulltrúa sína í stjórn stofnunarinnar. Í fyrri frv. um Iðnaðarmálastofnun Íslands var einnig gert ráð fyrir aðild tveggja framangreindra landssambanda.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að efni til þau sömu og í gildandi starfsreglum og í samræmi við það, sem gildir um hliðstæðar stofnanir.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í grein þessari, er höfuðmarkmið Iðnaðarmálastofnunar Íslands að efla framfarir í íslenzkum iðnaði og stuðla að aukinni framleiðni í íslenzku atvinnulífi. Framleiðni er nýtingarhlutfall milli ákveðins framleiðslumagns (eða verðmætis) og magns hinna ýmsu þátta framleiðslunnar, sem til þurfti til þess að skapa það framleiðslumagn, svo sem vinnu, fjármagns, fjárfestingar, orku, o. s. frv. Í daglegu tali er orðið ýmist notað í merkingunni „vinnuframleiðni“, eða það hefur víðari merkingu, þ. e. a. s. heildarframleiðni, og er þá átt við, að aukning framleiðni sé í því fólgin, að framleiða meiri og/eða betri vöru með sama eða lækkuðum heildarkostnaði. Að því marki má að sjálfsögðu vinna eftir ýmsum leiðum. Hefur við nána athugun þótt henta betur að kveða á um það í reglugerð, eftir hvaða leiðum skuli unnið að því höfuðmarkmiði, sem áður er lýst, heldur en hafa þá upptalningu í lögunum sjálfum. Í fyrsta lagi verður sú upptalning vart tæmandi hvort sem er og auk þess er handhægara að laga reglugerð eftir breyttum aðstæðum heldur en sjálf lög stofnunarinnar.

Gert er ráð fyrir, að í reglugerð verði í fyrstu kveðið á um, að Iðnaðarmálastofnun Íslands vinni að settu marki, m. a., að eftirtöldum leiðum:

a. Með því að láta framleiðendum og dreifendum í té tæknilegar og hagrænar leiðbeiningar, er miða að aukinni framleiðni og vöruvöndun. Enn fremur að safna og miðla upplýsingum um markaðsmál iðnaðarins.
b. Með því að fylgjast með tæknilegum nýjungum og veita þeim, sem iðnað stunda og við vörudreifingu fást, leiðbeiningar, er miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun, m. a. um vélar, húsakynni, vinnutilhögun og meðferð hráefna.
c. Með því að rannsaka afköst í einstökum greinum iðnaðar og kynna niðurstöðurnar, svo að notum komi fyrir iðnfyrirtæki og tæknifræðsluna í landinu. Enn fremur að gera athuganir til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðar og vörudreifingar.
d. Með því að annast athuganir vegna nýrra framleiðslugreina og áætlanagerð þar að lútandi, er þörf gerist, til endurbóta og aukinnar framleiðni.
e. Með því að vinna að aukinni fræðslu um iðnaðarmál, svo sem með útgáfu tímarits og leiðbeiningarita, starfrækslu tæknilegs bóka- og kvikmyndasafns og með námskeiða- og fyrirlestrahaldi.
f. Með því að hafa milligöngu um hagnýtingu erlendrar tækniaðstoðar í málum, sem snerta starfsemi stofnunarinnar, m. a. með aðild af Íslands hálfu að samstarfi Evrópuþjóða í framleiðni-, tækni- og markaðsmálum, og með því að hafa samband og samstarf við erlendar tæknistofnanir og samtök þeirra.
g. Með því að stuðla að því, að hérlendir menn, sem starfa í þágu íslenzks iðnaðar og vörudreifingar, komist til framhaldsnáms erlendis í vísindalegum, tæknilegum og verklegum greinum, og að erlendir kunnáttumenn á þessum sviðum heimsæki Ísland.

Þótt markmið Iðnaðarmálastofnunarinnar sé fyrst og fremst að stuðla að framfaramálum iðnaðarins í landinu, varða mörg þeirra verkefna, sem henni er ætlað að taka sér fyrir hendur, einnig aðrar atvinnugreinar. Sérstöku máli skiptir í þessu sambandi fræðslustarfsemi og önnur viðleitni til þess að hafa áhrif til bættrar nýtingar vinnuafls, fjármagns, efnivöru, orku o. s. frv., í hvers konar framleiðslu og dreifingu, eða m. ö. o. viðleitni til aukinnar framleiðni (produktivitets). Á stofnunin að þessu leyti samstöðu með framleiðnistofnunum O.E.E.C.-landanna og Framleiðniráði Evrópu (European Productivity Agency / O.E.E.C.), sem hafa á undanförnum árum unnið markvisst að því að auka skilning manna á gildi framleiðniaukningar fyrir bætt lífskjör og stuðlað með margvíslegri starfsemi að slíkri framleiðniaukningu.

Samkvæmt a-lið framangreindrar upptalningar er ætlazt til þess að stofnunin stuðli að lækkuðum framleiðslukostnaði og betri iðnaðarframleiðslu með tæknilegum leiðbeiningum og aðstoð. Þetta hefur frá upphafi verið einn af meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar og hefur hann að nokkru bætt úr þeim skorti á ráðgefandi, tæknilegri þjónustu fyrir iðnfyrirtæki, sem hér var tilfinnanlegur áður en stofnunin tók til starfa. Er ætlazt til, að stofnunin veiti í framtíðinni almenna leiðbeiningaþjónustu, einkum litlum fyrirtækjum, en örvi jafnframt öll fyrirtæki til þess að hagnýta sér sérfræðilega leiðbeiningaþjónustu, eftir því sem unnt reynist að láta hana í té. Æskilegt er og, að vinnuathuganir (arbeidsstudier) verði teknar hér upp í ríkum mæli til þess að tryggja hagkvæm vinnubrögð og skapa grundvöll að heilbrigðu ákvæðisvinnukerfi.

Það, sem vikið er að í b-lið hér að framan, er þegar verulegur liður í starfsemi Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Til greina kæmi að koma upp í sambandi við tæknibókasafn stofnunarinnar eins konar upplýsingamiðstöð, með svipuðum hætti og nú er þegar gert í nágrannalöndunum, og leysa þar með sameiginlega þörf rannsóknastofnana og ýmissa fleiri aðila fyrir tæknilega upplýsingaþjónustu á breiðum grundvelli.

Verkefni þau, sem á er drepið í liðum c—g hér að framan, hafa á undanförnum árum að verulegu leyti mótað starfsemi Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Stofnunin gefur út tímaritið Iðnaðarmál og hefur komið sér upp allgóðu tæknibókasafni og safni kvikmynda, haldið námskeið og gengizt fyrir fyrirlestrahaldi. Iðnaðarmálastofnunin hefur einnig um nokkurra ára skeið átt drjúgan þátt í milligöngu um hagnýtingu landsmanna á erlendri tækniaðstoð og er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að allir þessir þættir starfseminnar skipi eigi síðri sess en verið hefur til þessa.

Síðari hluti þessarar greinar þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Stöðlun (standardisering) er ný starfsemi hér á landi, sem Iðnaðarmálastofnuninni var falið að annast samkvæmt starfsreglunum frá 1955. Í öðrum löndum er þetta verkefni í höndum sérstakra stofnana. Tilgangur stöðlunar er m. a. sá, að setja reglur til samræmingar um gæði, form og aðra eiginleika ýmiss konar framleiðsluvöru, í því skyni að auðvelda viðskipti, lækka vöruverð og vernda hagsmuni neytenda. Stöðlun er t. d. talin ein bezta leiðin til skipulegrar og hagkvæmrar framleiðslu og framkvæmda í byggingariðnaði. Hér á landi hefur aðaláherzlan til þessa verið lögð á stöðlun í þessari grein iðnaðar, en þörfin brýn að auka þessa starfsemi til mikilla muna í náinni framtíð.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir, að Iðnaðarmálastofnun Íslands hafi heimild til þess að taka að sér gegn greiðslu úrlausnir tiltekinna verkefna fyrir fyrirtæki og einstaklinga, er til hennar leita, svo sem hún hefur gert til þessa. Líklegt er talið að sú verði þróunin hér, sem í öðrum löndum, að stofnuð verði einkafyrirtæki verkfræðinga og annarra tæknimenntaðra manna, er leysi Iðnaðarmálastofnun Íslands af hólmi í þessu efni. Á meðan slík fyrirtæki vantar, getur Iðnaðarmálastofnunin hér unnið þarft verk og jafnvel flýtt fyrir þeirri þróun, að sjálfstæð fyrirtæki veiti umrædda þjónustu.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.“

Eftir að frv. um Iðnaðarmálastofnun Íslands lá síðast fyrir Alþingi, var sú breyting gerð 5. apríl 1961 á starfsreglum stofnunarinnar, frá 29. maí 1957, að Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands var fengin aðild að stjórn stofnunarinnar.

Nd. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um bann gegn stöðvun eða hindrun millilandaflugs íslenzkra flugvéla.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Óheimilt skal að stöðva eða hindra á nokkurn hátt afgreiðslu eldsneytis til þeirra flugvéla íslenzku flugfélaganna, sem eru í áætlunar- eða leiguflugi milli landa, svo skal og óheimilt að stöðva eða torvelda aðra starfsemi viðkomandi millilandaflugi, á íslenzkum flugvöllum eða á annan hátt.

2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála og varða brot sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við, samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um bann gegn stöðvun eða hindrun millilandaflugs íslenzkra flugvéla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að komið hafi til stöðvunar á starfsemi þeirra tveggja íslenzku flugfélaga, sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi á erlendum flugleiðum, vegna stöðvunar á benzínafgreiðslu og annarri vinnu hjá félögum þessum, sakir verkfalla þeirra, sem nú eru hafin.

Verði framhald á þessu og flugfélögin þannig neydd til að fella niður alla starfsemi sína, jafnvel um langan tíma, mundi það valda þeim stórkostlegu tjóni og væri rekstrargrundvelli þeirra stefnt í beinan voða og framtíðarstarfsemi þeirra teflt í mikla tvísýnu.

Stöðvun á millilandaflugi hinna íslenzku flugfélaga, sem halda uppi umfangsmiklum flutningum farþega á erlendum flugleiðum, mundi nú, er þúsundum erlendra ferðamanna hefur verið heitið fari með flugvélum félaga þessara, verða félögunum óbætanlegur álitshnekkir og íslenzku þjóðinni allri til vansæmdar og mundi taka langan tíma að endurheimta traust það á alþjóðavettvangi, sem íslenzk flugfélög hafa aflað sér, með löngu og happadrjúgu starfi.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir stöðvun áætlunarflugs í millilandaflugi á vegum íslenzku flugfélaganna, með því að tryggja flugvélum, sem í slíkum ferðum eru, hindrunarlausa umferð og afgreiðslu á flugvöllum hér á landi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Óheimilt skal að stöðva eða hindra á nokkurn hátt afgreiðslu eldsneytis til þeirra flugvéla íslenzku flugfélaganna, sem eru í áætlunar- eða leiguflugi milli landa, svo skal og óheimilt að stöðva eða torvelda aðra starfsemi viðkomandi millilandaflugi, á íslenzkum flugvöllum eða á annan hátt.

2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála og varða brot sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við, samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Akureyri, 6. júní 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Nd. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir orðunum „fermingar eða affermingar“ síðast í fyrra málslið komi: eða þar, sem skipið hættir siglingu.

b. Í stað orðanna „til ráðningarslita í fermingar- eða affermingarhöfn erlendis“ síðast í síðara málslið komi: til ráðningarslita í erlendri fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu erlendis.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ef skipstjóri hefur leynt veikindunum eða meiðslunum með sviksamlegum hætti, er hann réðst á skipið, á hann ekki rétt á launum lengur en hann gegnir starfi sínu. Sama gildir, ef hann hefur sjálfur átt sök á sjúkdóminum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, eftir að hann réðst á skipið.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Um skipstjóra skulu og gilda eftirfarandi ákvæði um skipverja, eftir því sem við á:

1. Um umönnun og heimsendingu, þegar um sjúkdóm eða slys er að ræða, sbr. 28. gr.
2. Um kaupgreiðslu, er skipstjóri deyr, um greftrun eða líkbrennslu og um meðferð eftirlátinna muna hans, sbr. 24. gr., 29. gr. og 30. gr.
3. Um skyldu til að ganga undir læknisskoðun, sbr. 3. málsgr. 10. gr.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns stýrimenn, vélstjóra, bryta, loftskeytamenn og aðra skipverja og segir þeim upp störfum.

Skipstjóri skal, ef því verður við komið, ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu skipverja til starfa við vélgæzluna, við fyrsta stýrimann um ráðningu háseta og við bryta um ráðningu aðstoðarmanna hans.

5. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og ekki yngri konur en 18 ára við vinnu á skipi.

Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og ekki mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæzlu.

Enginn má hefja starf á skipi, nema hann hafi gengið áður undir læknisskoðun.

6. gr.

Á eftir orðunum „ferma skal það eða afferma“ síðast í 12. gr. laganna komi: eða þar, sem það hættir siglingu.

7. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ef eigi er annað ákveðið um lengd ráðningartíma, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi á ráðningarstað, í fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu. Nú er skipverji íslenzkur og ráðinn á skipið í íslenzkri höfn, og geta aðilar þá aðeins sagt samningi upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi í íslenzkri fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu hérlendis.

Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna, en einn mánuður á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenzkum fiskiskipum sjö dagar.

8. gr.

Á eftir orðunum „fermingar- eða affermingarhöfn skipsins“ í 15. gr. laganna komi: eða þar, sem það hættir siglingu, hafi hann áður sagt skiprúmssamningnum upp með þeim fyrirvara, sem greinir í 2. málsgr. 13. gr.

9. gr.

Orðin „eða ef skipið er seglskip, í 4 daga“ í 16. gr. laganna falli burt.

10. gr.

Í stað 2. og 3. málsgr. 18. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum, er starfa hans á skipi lýkur, eða, ef hann er skráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, á hann rétt til kaups, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, eða einn mánuð, ef skipverji gegnir annarri stöðu á skipi, og þó aldrei í fleiri daga en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur þagað sviksamlega um við ráðningu sína. Sama gildir, ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

11. gr.

2. málsliður 2. málsgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Um rétt til greiðslu í erlendri mynt fer eftir því, sem landslög ákveða á hverjum tíma.

12. gr.

Aftan við 23. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Fækki stýrimönnum, meðan ferð stendur yfir, skal kaup, er við það sparast, meðan skipið er í hafi, skiptast jafnt á milli skipstjóra og stýrimanns eða stýrimanna.

13. gr.

Upphaf 3. málsgr. 28. gr. laganna orðist svo:

Ef skipverji á sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, eða hafi hann leynt þeim sviksamlega, er hann réðst á skipið, o. s. frv.

14. gr.

29. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. málsgr. orðist svo:

Ef skipverji deyr, skal skipstjóri gera útför hans sæmilega. Ef líkbrennsla fer fram, ber skipstjóra að sjá um heimsendingu öskunnar.

b. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Skipstjóri skal tafarlaust tilkynna eftirlifandi maka, ef til er, en ella nánasta ættingja andlát skipverja og hafa samráð við þá, eftir því sem föng eru á, um þær ráðstafanir, sem að framan greinir.

15. gr.

1. málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Ef skipverji deyr á þeim tíma, er útgerðarmanni bar að kosta umönnum hans, skal útgerðarmaður einnig bera kostnað af greftrun hans eða líkbrennslu.

16. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Ef skipverji verður lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slysa, eða sé hann haldinn sjúkdómi, sem öðrum mönnum á skipi stafar hætta af, þá getur skipstjóri vikið honum úr skiprúmi. Um rétt skipverja til launa fer þá eftir fyrirmælum 18. gr.

17. gr.

Aftan við 3. (síðustu) málsgr. 33. gr. laganna komi:

Ef skipverji gat ekki komið til skips vegna veikinda eða meiðsla, sem hann á ekki sök á, skal hann þó eiga rétt til kaups samkvæmt fyrirmælum 18. gr.

18. gr.

2. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Skipverji, sem fer úr skiprúmi, af því að ferð skipsins var breytt, á rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðarins, fari hann úr skiprúmi, áður en ferð var hafin, en ella til þess staðar, sem ráðningu skyldi slitið samkvæmt samningnum. Skipverji á og þá rétt til kaups, einn mánuð frá ráðningarslitum, ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en ella í hálfan mánuð, nema á íslenzkum fiskiskipum 7 daga.

19. gr.

Orðin „eða skipti verði á útgerðarmanni“ síðast í 40. gr. laganna falli burt.

20. gr.

1. og 2. málsliður 2. málsgr. 41. gr. laganna orðist svo:

Ef skiprúmssamningi íslenzks skipverja er slitið erlendis af þeim sökum, sem segir í 1. málsgrein, á hann rétt á ferðakostnaði, nauðsynlegum klæðnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi, og greiðist kostnaður þessi úr ríkissjóði. Auk kaups þess, sem skipverji á rétt á samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, á hann rétt til kaups úr hendi útgerðarmanns í tvo mánuði frá ráðningarslitum, ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en einn mánuð frá sama tíma, ef hann er í annarri stöðu á skipi, þó aldrei skemur en meðan á heimferð stendur.

21. gr.

2.—4. málsgrein 4. gr. laga nr. 36 27. júní 1941 verði 49. gr., og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því. Tilvísanir í greinar í lögunum þannig breyttum breytast þá einnig, svo sem hér segir:

Í 33. gr.: Fyrir „64. gr.“ komi: 65. gr.

Í 38. gr.: Fyrir „59. gr.“ komi: 60. gr.

Í 60. gr.: Fyrir „50. gr.“ komi: 51. gr.
Í 62. gr.: Fyrir „64. gr.“ komi: 65. gr.
Í 63. gr.: Fyrir „54. gr.“ komi: 55. gr.
Í 70. gr.: Fyrir „62. gr.“ komi: 63. gr.
Í 72. gr.: Fyrir „49., 50., 54., 57., 58., 60., 61., 85. og 87. grein“ komi: 50., 51., 55., 58., 59., 61., 62., 86. og 88. grein.
Í 73. gr.: Fyrir „71. greinar“ komi: 72. greinar.
Í 74. gr.: Fyrir „60. gr. og í 1. málsgr. 61. gr.“ komi: 61. gr. og í 1. málsgr. 62. gr.
Í 75. gr.: Fyrir „73. gr.“ komi: 74. gr.
Í 77. gr.: Fyrir „73.—75. gr.“ komi: 74.—76. gr.
Í 84. gr.: Fyrir „59. grein“ komi: 60. grein.
Í 85. gr.: Fyrir „74. gr.“ komi: 75. gr.
Í 1. málsgr. 89. gr.: Fyrir „77. gr., 1. málsgr. 78. gr., 79., 80., 85. og 87. gr.“ komi: 78. gr., 1. málsgr. 79. gr., 80., 81., 86. og 88. gr.
Í 2. málsgr. 89. gr.: Fyrir „84. og 86. gr.“ komi: 85. og 87. gr.
Í 90. gr.: Fyrir „62. gr.“ komi: 63. gr.

22. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri skal taka í gæzlu sína þá muni, sem skipverji skilur eftir í skipinu við ráðningarslit. Skal hann, svo fljótt sem unnt er, gera vottfasta skrá um muni þessa. Telji skipstjóri vandkvæðum bundið að geyma munina, getur hann selt þá með hagkvæmum hætti.

Le présent Acte sera signé en un seul exemplaire, lequel sera déposé aux Archives du Gouvernement du Royaume-Uni de Grande-Bretagne et d'Irlande du Nord. Une copie certifiée sera remise par ce dernier à chacun des Gouvernements des pays de l' Union.

Ed. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1962.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1962 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög sama efnis hafa gilt um langt árabil, og mæla sömu rök og fyrr með því að þau verði látin gilda áfram, því að fjárþörf þeirra, er skattsins eiga að njóta, er eigi minni en áður.

Nd. **13. Frumvarp til laga** [13. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Hækkun sú, er verður á skuld ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn vegna nýákveðinnar breytingar á stofngengi íslenzkrar krónu, skal færð á sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Á reikning þennan skal einnig færa þann gengismun, er af sömu ástæðu kemur fram hjá einstökum bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Á reikning þann, er um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., skal færa gengismun, sem myndast vegna ákvæðis 2. gr., þá er banki hefur innt af hendi greiðslu vegna bankaábyrgðar áður en hið nýja gengi tók gildi. Sama gildir um gengismun, er myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu vegna ákvæða 3. gr.

2. gr.

Nú er bankaábyrgð til handa erlendum aðila ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 1. ágúst 1961 eða gjalddagi hennar er eftir þann tíma, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi.

3. gr.

Allar greiðslur fyrir verk, sem innlendir aðilar hafa unnið samkvæmt samningi við varnarliðið eða aðila á þess vegum fram að gildistöku hins nýja gengis, skulu fara fram á því gengi, sem gilti fyrir þann dag. Sama gildir um hvers konar kröfur innlendra aðila vegna sölu á vörum eða þjónustu til varnarliðsins eða aðila á þess vegum áður en hið nýja gengi tók gildi.

4. gr.

Nú er gjald af fob-verði bifreiðar eða bifhjóls samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 greitt eftir 3. ágúst 1961, og skal þá innheimt á því gengi, sem er á greiðsludegi gjaldsins, án tillits til þess, hvenær ákvörðun um veitingu leyfis er tekin.

5. gr.

Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls, söluskatts (sbr. lög nr. 10 22. marz 1960 með síðari breytingum) og innflutningsgjalds (sbr. 9. gr. laga nr. 4 20. febr. 1960) á innfluttum vörum reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á innflutningsfarmskrám, sem farmflytjendur afhenda tollyfirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenzkum krónum. — Í fob-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi fyrir 4. ágúst 1961 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru

þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengi, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 virkra daga frá gildistöku þessara laga.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

6. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 4. ágúst 1961. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falli undir ákvæði þessarar málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkvæmt 1. málsgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Skal nota fé á þessum reikningi til greiðslu gengistaps vegna skuldar ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn, ef það fé, er verður til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum 1. gr., nægir ekki til þess. Af fé á þessum reikningi skal enn fremur greiða ⅔ hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, sbr. 2. málslið 1. málsgr. 7. gr. laganna. Að öðru leyti skal fé þetta notað til að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna.

7. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum (þar á meðal hvalafurðum) samkvæmt 1. gr. laga nr. 66/1957 skal frá gildistöku þessara laga nema 6% af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Að því er snertir sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. ágúst 1961 skal gjaldið þó að ⅔ hlutum greitt af mismun þeim, er fram kemur við gjaldeyrisskil vegna viðkomandi vörusendingar, sbr. ákvæði 6. gr. Allir, sem flytja út sjávarafurðir frá gildistöku þessara laga, skulu greiða þriðjung útflutningsgjalds af þeim um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd, og jafnframt skulu þeir afhenda tollyfirvaldi ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir ⅔ hlutum gjaldsins. Tollyfirvöld senda gjaldeyriseftirlitinu ávísanir þessar, og tekur það fé til greiðslu á þeim af söluandvirði gjaldskyldra afurða, en ávísanir vegna útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum fyrir 1. ágúst 1961 falla úr gildi, sbr. ákvæði 2. málsliðs þessarar málsgr.

Útflutningsgjald af niðursoðnum sjávarvörum og af afurðum frá selveiðum fluttum út eftir gildistöku laga þessara skal vera 2% af fob-verði reiknuðu á nýju gengi, og innheimtist gjaldið um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir ákvæði 1. og 2. málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: Til nýs tryggingakerfis fiskiskipa samkvæmt ákvörðun Alþingis 32%, til Fiskveiðasjóðs Íslands 30%, til Stofnlánadeildar sjávarútvegsins 30%, til Fiskimálasjóðs 5%, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips 1.3%, til Rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 1.0%, til Landssambands íslenzkra útvegsmanna 0.7%.

8. gr.

Hlutatryggingasjóðsgjald það, er útflytjendur sjávarafurða greiða samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1949, skal frá gildistöku laga þessara nema 1¼% af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Frá sama tíma skal gjald þetta innheimt af afurðum, sem koma frá togurum. Tekjuauki sá, er leiðir af hækkun á hundraðshluta gjaldsins og af breiðari gjaldstofni þess, skal ganga til nýrrar deildar Hlutatryggingasjóðs, er

hafi það hlutverk að aðstoða einstakar greinar útvegsins, er þær verða fyrir sérstökum, tímabundnum áföllum vegna aflabrests eða annarra utan að komandi orsaka.

Framlag ríkissjóðs í Hlutatryggingasjóð árið 1961 skal ekki vera hærra en ákveðið er í fjárlögum ársins.

9. gr.

Gjald vegna ferskfiskseftirlits (sbr. 7. gr. laga nr. 42/1960) og gjald af útfluttri saltsíld til Síldarútvegsnefndar samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 132/1952 skal frá gildistöku þessara laga miðað við fob-verð reiknað á nýju gengi.

10. gr.

Skattur sá á útfluttum vörum framleiddum 1960, er um ræðir í 8. gr. laga nr. 4/1960 (sbr. lög nr. 84/1960), skal frá gildistöku laga þessara nema 0.44% af niðursoðnum sjávarvörum og 2.2% af öðrum vörum, og skal miða skattinn við fob-verð reiknað á nýju gengi.

11. gr.

Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenzkum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.

Ákvæði í lánssamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gild, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsgr. þessarar gr.

12. gr.

Bannað er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 4. ágúst 1961, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. — Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerðum eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem Seðlabanki Íslands hafi, með samþykki ríkisstjórnarinnar, ákveðið nýtt gengi íslenzkrar krónu, beri nauðsyn til að lögfesta ákvæði um ráðstöfun gengismunar, breytingar

gjalda á útflutningi og nokkur atriði varðandi framkvæmd gengisbreytingarinnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hækkun sú, er verður á skuld ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn vegna nýákveðinnar breytingar á stofngengi íslenzkrar krónu, skal færð á sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Á reikning þennan skal einnig færa þann gengismun, er af sömu ástæðu kemur fram hjá einstökum bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Á reikning þann, er um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., skal færa gengismun, sem myndast vegna ákvæðis 2. gr., þá er banki hefur innt af hendi greiðslu vegna bankaábyrgðar áður en hið nýja gengi tók gildi. Sama gildir um gengismun, er myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu vegna ákvæða 3. gr.

2. gr.

Nú er bankaábyrgð til handa erlendum aðila ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 1. ágúst 1961 eða gjalddagi hennar er eftir þann tíma, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi.

3. gr.

Allar greiðslur fyrir verk, sem innlendir aðilar hafa unnið samkvæmt samningi við varnarliðið eða aðila á þess vegum fram að gildistöku hins nýja gengis, skulu fara fram á því gengi, sem gilti fyrir þann dag. Sama gildir um hvers konar kröfur innlendra aðila vegna sölu á vörum eða þjónustu til varnarliðsins eða aðila á þess vegum áður en hið nýja gengi tók gildi.

4. gr.

Nú er gjald af fob-verði bifreiðar eða bifhjóls samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 greitt eftir 3. ágúst 1961, og skal þá innheimt á því gengi, sem er á greiðsludegi gjaldsins, án tillits til þess, hvenær ákvörðun um veitingu leyfis er tekin.

5. gr.

Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls, söluskatts (sbr. lög nr. 10 22. marz 1960 með síðari breytingum) og innflutningsgjalds (sbr. 9. gr. laga nr. 4 20. febr. 1960) á innfluttum vörum reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á innflutningsfarmskrám, sem farmflytjendur afhenda tollyfirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenzkum krónum. — Í fob-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi fyrir 4. ágúst 1961 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengi, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 virkra daga frá gildistöku þessara laga.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

6. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 4. ágúst 1961. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falli undir ákvæði þessarar málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkvæmt 1. málsgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Skal nota fé á þessum reikningi til greiðslu gengistaps vegna skuldar ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn, ef það fé, er verður til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum 1. gr., nægir ekki til þess. Af fé á þessum reikningi skal enn fremur greiða ⅔ hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, sbr. 2. málslið 1. málsgr. 7. gr. laganna. Að öðru leyti skal fé þetta notað til að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna.

7. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum (þar á meðal hvalafurðum) samkvæmt 1. gr. laga nr. 66/1957 skal frá gildistöku þessara laga nema 6% af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Að því er snertir sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. ágúst 1961 skal gjaldið þó að ⅔ hlutum greitt af mismun þeim, er fram kemur við gjaldeyrisskil vegna viðkomandi vörusendingar, sbr. ákvæði 6. gr. Allir, sem flytja út sjávarafurðir frá gildistöku þessara laga, skulu greiða þriðjung útflutningsgjalds af þeim um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd, og jafnframt skulu þeir afhenda tollyfirvaldi ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir ⅔ hlutum gjaldsins. Tollyfirvöld senda gjaldeyriseftirlitinu ávísanir þessar, og tekur það fé til greiðslu á þeim af söluandvirði gjaldskyldra afurða, en ávísanir vegna útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum fyrir 1. ágúst 1961 falla úr gildi, sbr. ákvæði 2. málsliðs þessarar málsgr.

Útflutningsgjald af niðursoðnum sjávarvörum og af afurðum frá selveiðum fluttum út eftir gildistöku laga þessara skal vera 2% af fob-verði reiknuðu á nýju gengi, og innheimtist gjaldið um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir ákvæði 1. og 2. málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: Til nýs tryggingakerfis fiskiskipa samkvæmt ákvörðun Alþingis 32%, til Fiskveiðasjóðs Íslands 30%, til Stofnlánadeildar sjávarútvegsins 30%, til Fiskimálasjóðs 5%, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips 1.3%, til Rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 1.0%, til Landssambands íslenzkra útvegsmanna 0.7%.

8. gr.

Hlutatryggingasjóðsgjald það, er útflytjendur sjávarafurða greiða samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1949, skal frá gildistöku laga þessara nema 1¼% af fob-verði afurða

reiknuðu á nýju gengi. Frá sama tíma skal gjald þetta innheimt af afurðum, sem koma frá togurum. Tekjuauki sá, er leiðir af hækkun á hundraðshluta gjaldsins og af breiðari gjaldstofni þess, skal ganga til nýrrar deildar Hlutatryggingasjóðs, er hafi það hlutverk að aðstoða einstakar greinar útvegsins, er þær verða fyrir sérstökum, tímabundnum áföllum vegna aflabrests eða annarra utan að komandi orsaka.

Framlag ríkissjóðs í Hlutatryggingasjóð árið 1961 skal ekki vera hærra en ákveðið er í fjárlögum ársins.

9. gr.

Gjald vegna ferskfiskseftirlits (sbr. 7. gr. laga nr. 42/1960) og gjald af útfluttri saltsíld til Síldarútvegsnefndar samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 132/1952 skal frá gildistöku þessara laga miðað við fob-verð reiknað á nýju gengi.

10. gr.

Skattur sá á útfluttum vörum framleiddum 1960, er um ræðir í 8. gr. laga nr. 4/1960 (sbr. lög nr. 84/1960), skal frá gildistöku laga þessara nema 0.44% af niðursoðnum sjávarvörum og 2.2% af öðrum vörum, og skal miða skattinn við fob-verð reiknað á nýju gengi.

11. gr.

Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenzkum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.

Ákvæði í lánssamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gild, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsgr. þessarar gr.

12. gr.

Bannað er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 4. ágúst 1961, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. — Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerðum eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 3. ágúst 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. **14. Frumvarp til laga** [14. mál]

um heyrnarleysingjaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

I. Skólinn og hlutverk hans.

1. gr.

Í Reykjavík skal vera skóli fyrir heyrnarleysingja. Nefnist hann Heyrnarleysingjaskólinn. Við skólann skal starfrækt heimavist.

Hlutverk skólans er að kenna heyrnarlausum eða heyrnarlitlum börnum að skilja mál og tala. Skal skólinn leitast við að haga störfum sínum í samræmi við eðli og sérstakar þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim til þess að öðlast heilbrigt lífsviðhorf og gæta andlegrar og líkamlegrar heilsu þeirra. Enn fremur að veita þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum nemenda á fræðsluskyldualdri, hverjum eftir getu og þroska.

2. gr.

Skylt er læknum að tilkynna skrifstofu landlæknis á þar til gerðu eyðublaði jafnskjótt og þeir komast að raun um, að barn innan 7 ára aldurs hafi svo litla heyrn, að lítil líkindi séu til þess að það læri málið eða hætta sé á, að það missi málið vegna heyrnarleysis.

3. gr.

Foreldrum og forráðamönnum þeirra barna, sem annað hvort eru fædd með svo litla heyrn eða heyrn þeirra hefur skemmst svo af sjúkdómum, slysum eða öðrum orsökum, að þau læra ekki málið á eðlilegan hátt, er skylt að senda þau til náms í Heyrnarleysingjaskólann, þegar þau eru 4 ára gömul.

Verði líkur færðar fyrir því, að barn hljóti jafngóða kennslu og uppeldi á annan hátt, getur fræðslumálastjóri, að fengnum tillögum skólastjóra Heyrnarleysingjaskólans, veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

Börn skulu stunda nám í skólanum til 16 ára aldurs, nema þau hafi lokið námi þar fyrr eða rétt þyki af öðrum ástæðum að láta þau fara fyrr úr skólanum. Það skal að jafnaði gert, reynist barnið algerlega óhæft til náms. Taki barn svo miklum framförum, að það verði hæft til að njóta kennslu í almennum skólum, skal skólastjóri hlutast til um, að það hljóti skólavist með venjulegum hætti.

Missi barn heyrn eftir að það er orðið talandi og áður en það er orðið 16 ára, gilda framangreind ákvæði einnig um það. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að taka megi til náms í skólanum fólk eldra en 16 ára, hafi það misst heyrnina og skilji af þeim sökum eigi mælt mál.

4. gr.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur fræðslumálastjóri, í samráði við skólastjóra, veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. 3. gr. um það, hvenær barni skuli komið til náms í skólanum.

II. Kennarar og starfsfólk.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara við skólann. Skólastjóri og fastir kennarar eru opinberir starfsmenn og taka laun samkv. launalögum.

Skólastjóri ræður stundakennara, eftir því sem þörf krefur í samráði við fræðslumálastjóra.

6. gr.

Eigi má aðra skipa skólastjóra eða kennara við skólann en þá, sem lokið hafa kennaraprófi við Kennaraskóla Íslands og prófi í kennslu heyrnarleysingja frá stofnun, sem fræðslumálastjórn viðurkennir. Skólastjóri og kennarar skulu ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma.

Kennarar, sem eigi hafa lokið sérnámi í kennslu heyrnarleysingja, skulu því aðeins settir við skólann, að eigi sé völ á öðrum.

7. gr.

Skólastjóri og kennarar, sem settir eru eða skipaðir til starfa, skulu gegna því samkvæmt erindisbréfi, sem menntamálaráðherra setur.

8. gr.

Skylt er kennara að kenna að jafnaði 30 klukkustundir á viku, en fækka má þeim niður í 25, er hann verður 55 ára og í 20, þegar hann verður 60 ára. Kennarinn skal starfa utan kennslustunda með nemendum sínum í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ákveðið verður í erindisbréfi.

Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

9. gr.

Skólastjóri ræður annað starfsfólk skólans en fasta kennara, en um tölu þess og laun skal leita samþykkis menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Kennarar Heyrnarleysingjaskólans skulu njóta sömu réttinda til orlofs til þess að auka menntun sína og kennarahæfni eins og kennarar við þá skóla, er annast kennslu nemenda á fræðsluskyldualdri.

III. Fjármál.

11. gr.

Kostnaður við skólann greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði. Áætlanir um fjárþörf skólans skulu árlega lagðar fyrir menntamálaráðuneytið, og eru allar greiðslur kostnaðar bundnar samþykki þess.

IV. Stjórn skólans, skýrslur o. fl.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn skólans. Skólastjóri fer í skólanum með umboð fræðslumálastjórnar gagnvart kennurum skólans og nemendum og forráðamönnum þeirra. Hann stjórnar starfi skólans eftir gildandi lögum og ber ábyrgð á því gagnvart fræðslumálastjórn.

13. gr.

Skólastjóri skal árlega senda fræðslumálastjóra skýrslu um hæfni og framfarir nemenda og annað, er að kennslunni lýtur.

14. gr.

Skólastjóri skal í samráði við foreldra barns eða forráðamenn þess, leitast við að útvega því vinnu eða koma því til náms við þess hæfi, er það hverfur úr Heyrnarleysingjaskólanum. Til þess er skólanum heimilt að styrkja það, ef með þarf, en samþykki fræðslumálastjórnar þarf til hverju sinni, og skal nánar kveðið á um þetta í reglugerð.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um tilhögun kennslunnar í Heyrnarleysingjaskólanum, svo og um önnur atriði, er skólann varða.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 19. júní 1922, um kennslu heyrnar- og málleysingja.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að frumkvæði menntamálaráðherra, dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, af nefnd, sem þeir Brandur Jónsson, skólastjóri, Ásgeir Pétursson, deildarstjóri, og Stefán Ólafsson, læknir, áttu sæti í.

Lét nefndin fylgja frumvarpinu svofellda greinargerð:

„Kennsla heyrnarleysingja á Íslandi hófst í Þingmúla í Skriðdal árið 1865, og hefur henni óslitið verið haldið uppi síðan.

Með vaxandi þekkingu hafa orðið ýmsar breytingar á kennslu heyrnarleysingja. Áður fyrr voru þeir nefndir „daufdumbir“, (sbr. á erlendum málum „dövstum“, „taubstumm“, „deaf and dumb“, „sourd muet“). Þegar í ljós kom, að þeir gátu lært að tala, átti orðið „dumbur“ ekki lengur við um þá. En þetta nafn hefur orðið þeim til ills á ýmsan hátt. Það er t. d. mjög algeng skoðun, að heyrnarleysingjum sé andlega áfátt, og margir gera sér ekki grein fyrir því, að málleysi þeirra stafar einmitt af heyrnarleysinu.

Þegar fyrsti skólinn fyrir heyrnarleysingja var stofnaður í Frakklandi árið 1775, var kennsla byggð eingöngu á fingra- og táknmáli. Þessi kennsluaðferð ruddi sér til rúms víðast um Vestur-Evrópu. Þó var til skóli, sem stofnaður var í Þýzkalandi litlu síðar, sem kenndi heyrnarleysingjum talmál, en hann hélt kennsluaðferð sinni því miður stranglega leyndri.

Fingra- og táknmálsaðferðin var tekin upp hér á landi og notuð til ársins 1922, er ný kennsluaðferð var upptekin og heyrnarleysingjum kennt talmál. Þó var bendingakerfi notað meðfram. Árið 1944 var svo tekin upp sú kennsluaðferð, sem nú er notuð í flestum löndum, þ. e. að kenna heyrnarleysingjum mælt mál.

Þeir læra jafnan eitthvað að tala, að vísu mismunandi mikið, en oftast nægilega mikið til þess að ekki er rétt að kalla þá „dumba“, þ. e. algerlega mállausa.

Þá veldur það oft óþægilegum misskilningi, að hér eru heyrnarleysingjar kallaðir málleysingjar í daglegu tali, og á það sinn þátt í því, að fólk gerir sér almennt ekki ljóst, að þeir eru heyrnarlausir. Er þetta bagalegt og getur jafnvel verið hættulegt. T. d. þeyta vagnstjórar horn sín á götunni fyrir framan skóla þeirra hér í Reykjavík og skilja þá oft ekki, hvers vegna börnin víkja ekki úr vegi. Héti skólinn heyrnarleysingjaskóli og væru börnin nefnd heyrnarleysingjar, mundi nafnið sjálft skýra í hverju þeim er áfátt. Það er því þýðingarmikið atriði að breyta um nafn á skólanum. Það er öllum fyrir beztu, bæði almenningi og heyrnarleysingjunum, því að það eyðir misskilningi.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, að börnin séu skólaskyld, þegar þau eru 4 ára gömul.

Menn hallast nú æ meir að þeirri skoðun, að brýna nauðsyn beri til að byrja að kenna heyrnarlausum börnum mál svo snemma sem kostur er, og ber einkum þrennt til þess:

1. Á aldrinum 2—6 ára eru börnin næmust fyrir máli.
2. Þegar um heyrnarleifar er að ræða hjá heyrnarlausum börnum, en það er oft, er nauðsynlegt að byrja sem fyrst að þjálfa þær, svo barnið hafi þeirra sem mest not.

3. Flestum foreldrum þykir vænst um það barnið, sem bágast á, og kemur ást þeirra á barninu oft fram í of miklu eftirlæti, sem bæði skaðar barnið og gerir það erfiðara viðfangs. Í skólanum finna börnin þann félagsskap, sem þeim er eðlilegur. Þau skilja hvert annað, en á því vill verða mikill misbrestur, þegar heyrnarlaus börn leita félagsskapar heyrandi barna.

Leitazt hefur verið við í frumvarpi þessu að kveða sem skýrast á um það, hverja heimilt sé að taka í skólann. Í lögum frá 1922 um kennslu heyrnarleysingja var gert ráð fyrir því, að taka mætti í skólann blind, málhölt og vitsljó börn. En kennsla slíkra barna er með öllu ósamrýmanleg kennslu heyrnarleysingja. Höfuðatriði þeirrar kennslu er að kenna heyrnarleysingjum mál, svo sem að framan greinir. Þeir hafa sama meðfædda hæfileikann og aðrir til þess að skapa sér mál, en vegna þess að heyrnina vantar, geta þeir ekki lært málið á sama hátt og þeir, sem heyra. Um blind, málhölt og vitsljó börn gegnir að sjálfsögðu allt öðru máli. Ákvæði laga frá 1922, um heimild til að taka þau í skólann, er því eðlilegt að fella úr gildi.

Þegar barn yngra en 10 til 15 ára missir heyrn, tapar það næstum alltaf málinu, nema það njóti sérstakrar þjálfunar. Einkum er þessu þannig farið, hafi það ekki lært að lesa áður. Þegar fullorðið fólk missir heyrnina, er máli þess venjulega nokkur hætta búin, njóti það ekki viðeigandi hjálpar. Það er því óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því í þessu lagafrumvarpi, að þeir, sem missa heyrn, geti framvegis fengið nauðsynlega þjálfun og hjálp í Heyrnarleysingjaskólanum.

Þegar heyrnarlaus nemandi hefur lokið námi og á að fara að brjótast áfram á eigin spýtur, mæta honum að jafnaði meiri og minni örðugleikar. Eitt mesta vandamál heyrnarleysingjanna er það, hve mjög þeir finna til þess, að þeir eru öðruvísi en annað fólk. Veldur þetta því öðru fremur, hve erfitt þeir eiga með að aðlagast umhverfi sínu. Þeir eru oft misskildir, enda eiga þeir oftast erfitt með að útskýra aðstæður sínar.

Meðan þeir eru í skóla og samvistum við þá, sem eiga við sömu erfiðleika að stríða, ber venjulega ekki mikið á þessu. En þegar þeir á hinn bóginn koma út í lífið, gegnir öðru máli. Þótt þeir læri að vísu að tala í skólanum, sem er þeim auðvitað mikil hjálp, er það því miður undantekning að þeir læri málið svo vel, að öllum sé strax skiljanlegt hvað þeir segja. Það er enn fremur sjaldgæft, að þeir verði svo leiknir í að lesa mælt mál af vörum annarra, að ekki þurfi að tala greinilega og sérstaklega til þeirra, til þess að þeir skilji, hvað sagt er.

Það er því ekki óeðlilegt, að þeir finni mikið til vanmáttar síns, þegar þeir yfirgefa skólann og eiga að fara að sjá sér farborða sjálfir. Þegar heyrnarlaus unglingur byrjar starf, þarf hann að verða góðvildar og hjálpar aðnjótandi, meðan hann er að kynnast starfinu. Þeim mun auðveldara verður að kenna honum það, sem hann er betri í málinu. Þegar hann hefur lært verkið, er hann oft betri verkmaður en þeir, sem heyrandi eru, því honum berst ekkert til eyrna, sem truflar hann, og ekki tefur málæði annarra hann frá vinnunni.

Það er því óheppilegt fyrir heyrnarleysingja að þurfa oft að skipta um starf. Æskilegast væri fyrir þá, að tök væru á að kenna þeim eitthvað, sem þeir gætu haft varanlega atvinnu af, t. d. einhverja iðngrein. En til iðnstarfa eru margir heyrnarleysingjar vel fallnir. Heyrnarleysingjaskólinn hefur engin tök á að kenna þeim iðngreinar, og tala heyrnarleysingja í landinu er svo lág, að vart munu vera tök á því að koma upp sérstakri stofnun til iðnnáms fyrir þá. En þótt skólinn geti ekki kennt þeim iðngreinar, gæti hann þó á ýmsan hátt stutt þá til iðnnáms, t. d. með því að reyna að fá iðnmeistara í hinum ýmsu iðngreinum til að taka þá til náms.

Þá gæti skólinn greitt fyrir heyrnarleysingjum með því að veita þeim hjálp í þeim námsgreinum, sem þeir yrðu að læra í iðnskóla.

Í lögum frá 1922, um kennslu heyrnarleysingja, eru engin ákvæði um sérmenntun heyrnarleysingjakennara, og er því óhjákvæmilegt að bæta úr því. Kenn-

arar með kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands hljóta ekki tilsögn um kennslu heyrnarleysingja, enda er nám þeirra miðað við að kenna heyrandi nemendum lögboðnar námsgreinar.

Í heyrnarleysingjakennslunni eru hinar lögboðnu bóklegu námsgreinar almennra skóla, aðrar en móðurmálið, hins vegar meira og minna aukaatriði, en kennslan öll miðast við að skapa mál hjá nemendunum. Málið er sá grundvöllur, sem öll önnur kennsla byggist á.

Til þess að árangur náist af málkennslunni, er sérmenntun kennara óhjákvæmileg. Hér á landi er þess ekki að vænta, að stofnaður verði sérstakur skóli fyrir heyrnarleysingjakennara og er því ekki annað fyrir hendi en að senda þá til náms við erlendar stofnanir. Að sjálfsögðu fengju þeir þá áður þá fræðslu um þessi efni, sem hægt væri að láta þeim í té hér heima."

Nd. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

1. málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Kaup- og sölugengi má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir stofngengi. Innan þessara marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda, sem þörf er á vegna almennra viðskipta.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, falla úr gildi, þá er nýtt gengi hefur verið ákveðið samkvæmt 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna hinna miklu kauphækkana, sem átt hafa sér stað að undanförnu, séu fyrirsjáanlegir miklir erfiðleikar í efnahagsmálum, ef ekkert sé að gert. Áhrif kauphækkananna muni á skömmum tíma breiðast um allt hagkerfið og valda almennri hækkun framleiðslukostnaðar og aukinni eftirspurn eftir gjaldeyri, en þetta muni svo á hinn bóginn hafa í för með sér versnandi afkomu útflutningsatvinnu-

veganna og alvarlegan greiðsluhalla þjóðarbúsins út á við. Til þess að koma í veg fyrir þessa þróun og atvinnuleysi og gjaldeyrisskort, sem henni mundi fylgja, beri nauðsyn til að endurskoða gengisskráninguna í samræmi við breytt viðhorf, og þyki eðlilegast, að Seðlabanki Íslands, sem komið hafi verið á fót nú á þessu ári, skrái gengi íslenzkrar krónu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, enda sé sú skipan algengust í nálægum löndum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Kaup- og sölugengi má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir stofngengi. Innan þessara marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda, sem þörf er á vegna almennra viðskipta.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, falla úr gildi, þá er nýtt gengi hefur verið ákveðið samkvæmt 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 1. ágúst 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bjerkhoel, Andreas, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. í Noregi 12. apríl 1931.
2. Füllgraf, Ursel, húsmóðir að Refsmýri í Fellum, Norður-Múlasýslu, f. í Þýzkalandi 8. desember 1936. (Fær réttinn 24. september 1962).
3. Hermanns, Ruth Stefanie, fiðluleikari, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. ágúst 1913.
4. Hunter, Geoffrey Trevor, prentari í Reykjavík, f. í Bretlandi 5. marz 1935.
5. Juzova, Jarmila (Ólafsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 8. nóvember 1926.
6. Meyer, Hedwig Franziska Elisabeth (Guðjónsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í. Þýzkalandi 25. marz 1929.
7. Nielsen, Niels Peter Frederik, landbúnaðarverkamaður á Álfsnesi, Kjalarneshreppi, f. í Danmörku 12. júní 1903.
8. Rüttermann, Sonja Elsa (Haraldsson), húsmóðir í Seltjarnarneshreppi, f. í Þýzkalandi 10. apríl 1937.

9. Steinmüller, Wilfried Hans-Günther, nemandi, Stóra-Hofi á Rangárvöllum, f. í Þýzkalandi 2. október 1944.
10. Ström, Össur, matreiðslumaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 21. október 1936. (Fær réttinn 14. ágúst 1962).
11. Thomsen, Ove Helmuth, landbúnaðarverkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 13. júní 1932.
12. Ziebert, Christel (Kristinsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. nóvember 1926. (Fær réttinn 30. maí 1962).

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja þeim skilyrðum, er sett voru af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti á þskj. 472 á 74. löggjafarþingi 17. marz 1955. Umsækjandi nr. 2 fullnægir þó ekki skilyrðunum fyrr en 24. september 1962, umsækjandi nr. 10. hinn 14. ágúst 1962 og umsækjandi nr. 12 hinn 30. maí 1962, og er gert ráð fyrir, að þeir öðlist ekki réttinn fyrr en þeir fullnægja skilyrðunum.

Ed. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um dómsmálastjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti.

Forseti veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

Til veitingar lögreglustjóraembættisins er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála.

2. gr.

Í Reykjavík skulu vera fimm til sjö borgardómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgardómari. Starfar hver þeirra sjálfstætt og á eigin ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun yfirborgardómara, enda skiptir hann störfum með borgardómurum að öðru leyti og hefur yfirstjórn embættisins og fyrirsvar út á við.

Borgardómarar fara með einkamál, sbr. þó 4. gr., þar á meðal formennsku í fasteignamálum, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, svo sem tíðkazt hefur, og úrskurðun framfærslumála.

3. gr.

Í Reykjavík skulu vera fimm til sjö borgarfógetar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgarfógeti. Starfar hver þeirra sjálfstætt og á eigin ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun yfirborgarfógeta, enda skiptir hann störfum með borgarfógetum að öðru leyti og hefur yfirstjórn embættisins og fyrirsvar út á við.

Borgarfógetar fara með fógetagerðir, uppboð, skiptamál, þinglýsingar, veðmálabókhald, skráning firma og félaga, mælingu og skráningu skipa, notarialgerðir, yfirfjárráð, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu búi og kosningar, eins og segir í lögum.

Þinglýsing sú og aflýsing, er í 7. og 13. gr. laga nr. 30 1928 getur, eru afnumdar í Reykjavík, enda hefur greinargerð um skjal í veðmálaskrám sama gildi sem þinglýsing og aflýsing höfðu eftir nefndum lagagreinum. Gera skal vikulega skrá um öll innrituð og aflýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu borgarfógeta næstu viku, enda getur dómsmálaráðherra ákveðið birtingu hennar vikulega í opinberu blaði.

4. gr.

Í Reykjavík skulu vera þrír til fimm sakadómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirsakadómari. Starfar hver þeirra sjálfstætt og á eigin ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun yfirsakadómara, enda skiptir hann störfum með sakadómurum að öðru leyti og hefur yfirstjórn embættisins og fyrirsvar út á við.

Sakadómarar fara með opinber mál, barnsfaðernismál og mál til sviptingar lögræðis og til brottnáms lögræðissviptingar, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhúss.

5. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn (sbr. þó 4. gr.), strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

6. gr.

Tollstjóri hefur forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til Tryggingarstofnunar ríkisins, þ. á m. slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

7. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglugerð um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

8. gr.

Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

9. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða og skil á innheimtufé.

10. gr.

Ofangreindir embættismenn taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum og lífeyri eftir lífeyrislögum.

Þeir skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma störf varðandi embættin, eftir því sem nauðsyn krefur.

11. gr.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

12. gr.

Þar til laun yfirborgardómara, yfirborgarfógeta og yfirsakadómara hafa verið ákveðin í launalögum taka þeir laun samkvæmt III. launaflokki laga nr. 92/1955 og borgardómarar, borgarfógetar og sakadómarar samkvæmt IV. launaflokki sömu laga.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 65 16. desember 1943, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, og 3. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur í för með sér þá breytingu á skipun embætta borgardómara og borgarfógeta í Reykjavík, að ætlazt er til þess, að borgardómarar og borgarfógetar verði fimm til sjö eftir ákvörðun dómsmálaráðherra og verði einn þeirra yfirborgardómari/yfirborgarfógeti. Fjöldi einkamála, sem rekin eru í Reykjavík, er orðinn svo mikill, að dómararnir hafa ekki um lengri tíma getað dæmt þau öll sjálfir. Þess í stað hafa fulltrúar þeirra haft málsmeðferð með höndum og kveðið upp dóma í málum sjálfstætt. Á síðasta þingi var skipun sakadómaraembættisins breytt. Skulu nú vera þrír til fimm sakadómarar, og er einn þeirra yfirsakadómari. Er auðsýnt, að þeir menn, sem fara með og dæma mál sjálfstætt, eigi að bera fullt dómaranafn og hafa réttindi og skyldur samkvæmt því, og gildir það jafnt í einkamálum sem sakamálum.

Rétt þykir, að ákvæðin um sakadómara séu færð inn í lögin um dómsmálastörf í Reykjavík. Þá eru og staðfest ákvæði laga um meðferð opinberra mála um það, að mál í sambandi við lögræðissviptingar skuli rekin við sakadómaraembættið.

Sþ. 18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ákvæði þessara laga skulu taka til stórsíldar, saltsíldar í tunnur (cutsíldar), sykursaltaðrar í tunnur og kryddsaltaðrar í tunnur. Ráðherra setur með reglugerð eða auglýsingu nánari ákvæði um, hvað teljast skuli stórsíld samkvæmt lögum þessum.

Verkun og sala allrar annarrar síldar svo og stórsíldar, sem pökkuð er eða verkuð á annan hátt en greinir í 1. málsgr., skal vera frjáls.

Ákvæði 2. gr. laganna um heimild til þess að leggja á allt að 2% gjald í sérstakan sjóð skulu taka til allrar útfluttrar síldar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fáir munu draga í efa nú orðið, að löggjöfin frá 1934 um skipulag á verkun og sölu saltsíldar hafi komið að stórfelldu gagni. Áður en þau lög komu til, fór venjulega svo, þegar síldveiði varð sæmileg, að allt of mikið var saltað af síld og hver bauð svo verðið niður í kapp við annan. Af þessu varð geigvænlegt tjón fyrir einstaklingana og þjóðarbúið. Síldveiðin nýttist því alls ekki.

Síðan farið var að hafa fasta stjórn á þessum málum, hefur verið komið í veg fyrir undirboð og þar af leiðandi verðfall og miklum verðmætum verið bjargað með því móti.

Þróunin hefur orðið sú, að einkasala hefur verið upp tekin á allri síld. Þetta var á sínum tíma gert af ríkri nauðsyn til að ráða bót á því upplausnarástandi, sem ríkti. Eigi að síður virðist flm. þessa frumvarps nú brýna nauðsyn bera til að endurskoða þetta skipulag og breyta því nokkuð.

Það er skoðun flm., að síldareinkasala geti náð beztum árangri við sölu á tiltölulega fáum tegundum síldar, einkum þegar um er að ræða stóra sölusamninga. Það er því till. flm., að áfram skuli gilda ákvæði síldarútvegsnefndarlaganna um hinar helztu tegundir síldar, sem framleidd er til sölu í tunnum (þar með talin síldarflök) og yfirleitt er seld í stórsölum. Á hinn bóginn leggja flm. til, að verkun og sala á allri smærri síld sé gefin frjáls og sömuleiðis verkun og sala á allri stórsíld, sem verkuð er eða útflutt öðruvísi en söltuð í tunnur.

Það þarf ekki lengi að kynnast síldveiðum, síldarverkun, síldarsölu né síldarneyzlu í öðrum löndum til þess að sjá, hve geysilega margbrotin verkunin og sölustarfið þarf að vera, til þess að allir möguleikar nýtist til fulls.

Þegar þess er svo gætt, að nær ekkert af íslenzkri síld er flutt út í neytendapakkningum, hvað þá frekar unnið, þá sést, hve langt hlýtur að vera frá því, að allir möguleikar nýtist.

Langmest af síldinni er selt í tunnum, saltað í ákvæðisvinnu í síldarhrotunum. Í öðrum löndum er síldin svo tekin úr þessum tunnum, flokkuð nákvæmlega og pökkuð með ýmsu móti og verkuð á margvíslegan hátt.

Ef vel væri þyrfti mest af því, sem nú er unnið við síldina í öðrum löndum, að vinnast hér á landi: flokkun og pökkun með margvíslegu móti, að ógleymdri niðurlagningu og niðursuðu, sem þó er ekki fjallað um í þessu frumvarpi. Á söltunarstöðunum þyrfti framvegis að starfa meira að síldinni en gert hefur

verið til þessa, flokka sumt af henni að minnsta kosti í ró og næði utan mesta annatímans og pakka henni með fjölbreyttu móti í neytendaumbúðir, eftir því sem við á.

En til þess að svo megi verða, þurfa þeir, sem verka síld, að fá frjálsari hendur en nú hefur verið um sinn að dómi flm. Það sýnist eina leiðin til að skapa almennan áhuga fyrir því að fá meiri fjölbreytni í framleiðsluna. Menn afla sér tæpast þeirrar þekkingar, sem þarf, á neyzluvenjum og öllum öðrum atriðum, sem til greina koma, nema þeir hafi frjálsar hendur til að útvega sér nauðsynleg sambönd erlendis.

Það er ómögulegt að ætlast til þess, að örfáir menn á vegum síldarútflutningsnefndar geti komið því í verk að hafa hér alla milligöngu, þegar um jafnmikla fjölbreytni er að ræða og hér þarf að koma til greina.

Hér þarf því að leysa ný öfl úr læðingi, en gæta þess jafnframt að stofna ekki til þeirra vandræða, sem gerðu síldarútveginum mest tjón, áður en síldarútvegsnefndarlögin voru sett.

Þessu marki vilja flm. ná með því að gefa frjálsa verkun og sölu á allri síld annarri en stórsíld í tunnum. Það er skoðun flm., að með því að gera þessa tilraun sé allt að vinna, en engu að tapa. Það er trú okkar og von, að verði þetta gert, muni af því leiða mjög aukna fjölbreytni í síldveiðum og síldarverkun og fjöldi manna muni beina huga sínum að því að verka síld með nýjum hætti og að sölu síldar í öðrum löndum.

Nd. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jón Skaftason, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson, Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson, Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af Seðlabankanum, mega eigi vera hærri en 5.5%.

2. gr.

32. gr. laganna falli niður, og falla jafnframt úr gildi allar þær ákvarðanir um vexti og lánstíma, sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar.

Lánskjör í skuldabréfum, sem gefin hafa verið út á árunum 1960—61, breytast og verða hin sömu og á árinu 1959.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

2.—4. málsgr. 11. gr. laga nr. 10 1961, um Seðlabanka Íslands, falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 58 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Samtímis koma í gildi lög nr. 73 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og lög nr. 75 1952, um breyt. á þeim lögum.

Greinargerð.

Haustið 1959 var um tvær meginleiðir valið í efnahagsmálum.

Annars vegar var sú leið, sem Framsóknarflokkurinn vildi fara og barðist fyrir: Halda áfram framfarasókninni og leggja höfuðáherzlu á að auka framleiðsluna og

koma í veg fyrir kjaraskerðingu. Jafna hallann í efnahags- og framleiðslukerfinu, sem af forustumönnum stjórnarliðsins var metinn 250 millj. eða svo, með því að skattleggja eyðsluna og með hóflegri hækkun yfirfærslugjaldsins. Draga þannig úr uppbótakerfinu í áföngum. Halda fjárfestingunni hæfilegri með því að velja úr og láta þær framkvæmdir bíða, sem minnsta almenna þýðingu höfðu, en hafna með öllu þeirri leið að gera framkvæmdir almennings svo dýrar, að menn fengju með engu móti við þær ráðið. Halda áfram hóflegum lántökum erlendis til arðgæfra framkvæmda, jafnóðum og eldri lán væru greidd niður. Þessari leið var algerlega hafnað. Var þó með þessu móti hægt að leysa vandann með smávægilegum ráðstöfunum, miðað við það, sem gert var.

Hins vegar var sú leið, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir: Samdráttar- og kjaraskerðingarleiðin. Sú leið að magna dýrtíðina og rýra þannig kaupmátt og framkvæmdamátt. Gengið var fellt og mörg hundruð milljóna króna nýjar álögur lögfestar með almennum neyzlusköttum. Ofan á þetta var svo bætt stórfelldari vaxtahækkun en dæmi munu til úr nálægum löndum a. m. k. og enn þar á ofan beitt mörgum ráðum til þess að draga saman lánastarfsemi í landinu, þ. á m. lán til framleiðslunnar.

Það var fyrirsjáanlegt, að þessar ráðstafanir hlytu að leiða til mikilla erfiðleika í framleiðslu- og efnahagslífi þjóðarinnar. Stórfelld ný verðhækkunaralda hlaut að rísa, sem yrði almenningi og framleiðslufyrirtækjum landsmanna þung í skauti.

Nú liggur það fyrir, að hægt er að gera sér nokkra grein fyrir áhrifum þessarar stefnu á árinu 1960 og á sumum sviðum það sem af er þessu ári. *Gjaldeyrisstaða bankanna* batnaði að vísu um 239 millj. kr. á árinu 1960, en á móti varð skuldaaukning við útlönd um 546 millj. kr. Auk þess var gengið á birgðir útflutningsvara, sem nam rúmlega 200 millj. kr. á árinu. Greiðsluhalli varð 704 millj., reiknaður á sama hátt og ríkisstjórnin reiknaði greiðsluhalla fyrri ára í greinargerð „viðreisnarinnar". Gjaldeyrisstaða bankanna segir hér aðeins hálfa sögu, þar sem hún hefur aðallega verið bætt með því að leyfa einkaaðilum stórfellda skuldasöfnun erlendis til stutts tíma. Afleiðing samdráttarstefnunnar fyrir ríkissjóð var sú, að greiðsluafgangur hans var nær enginn á árinu þrátt fyrir hinar miklu skattahækkanir. *Útgjöld fjárlaga* eru áætluð 443 milljónir króna eða nálega 40% hærri á árinu 1961 en þau voru áætluð á árinu 1959, og sparnaður er enn á loforðastigi. Enn fer því auðvitað fjarri, að menn séu frjálsir að því að fá erlendan gjaldeyri keyptan eftir vild við afgreiðsluborð bankanna. Það er nú staðfest, að „viðreisnin" nægði ekki til að leysa vanda útflutningsframleiðslunnar og koma henni á „traustan" grundvöll. *Innlánsfé í viðskiptabönkum og sparisjóðum* (í sparisjóðs-, ávísana- og hlaupareikningum) jókst að vísu á árinu 1960, en þó minna en á árunum 1958 og 1959. Samkvæmt Hagtíðindum í apríl s. l. var aukningin árið 1958 15.8% og árið 1959 13.8%, en árið 1960 12%, og þó ekki nema 9%, ef frá er dregin vaxtahækkun innlánsfjár, sem bókfærð var í desember. Það er því ekki hægt að segja, að „viðreisnin" hafi haft jákvæð áhrif á þann hátt, sem ráð var fyrir gert í þeim meginatriðum, sem hér er um að ræða. Hitt er svo annað mál, að kauphækkanir kunna að hafa í för með sér meiri innlánsaukningu á árinu 1961. Um viðskiptajöfnuðinn við útlönd á árinu 1961 er enn of snemmt að ræða, m. a. vegna viðskiptatruflana framan af árinu.

En þó að jákvæð áhrif „viðreisnarinnar" hafi brugðizt, eins og nú hefur verið nefnt, eru hin nýju neikvæðu áhrif þó miklu alvarlegra eðlis. Hér skal ekki langt út í það farið að ræða þá breytingu á lífskjörum, sem varð á árinu 1960. „Viðreisnin" hefur á því ári rýrt kaupmátt tímakaups stórlega frá því, sem hann var í október 1958, og þá um leið rýrt kaupmátt annarra tekna. Hvort eða hvernig meta skuli hækkun tryggingarbóta til frádráttar þessari rýrnun, er álitamál. En þessi *kaupmáttarrýrnun* gefur þó ekki nema að nokkru leyti hugmynd um erfiðleika einstaklinganna, t. d. við það að *koma upp íbúðum* eða *styðja* á annan hátt *afkomu heimilanna.*

Hitt liggur svo ljóst fyrir og hefur verið sýnt með skýrum tölum, hve stórkostlegur munur er nú frá því, sem áður var, á stofnkostnaði við hvers konar framkvæmdir og uppbyggingu atvinnulífs og á verði véla og rekstrarvara af völdum gengisbreytingar, tolla- og söluskattshækkunar og versnandi lánskjara.

Bóndi, sem byggði peningshús vorið 1961 og tók lán í *ræktunarsjóði* til efniskaupa eingöngu, þarf nú að greiða *130% hærra árgjald* af láni sínu en sá, sem byggði sams konar hús árið 1959. Svipað er að segja um þann, sem keypti fiskibát frá útlöndum og tók til þess lán í *fiskveiðasjóði (109%)*.

Þessi dæmi sýna, hver fjarstæða það var að leggja þannig samtímis byrði á byrði ofan á þá, sem eru að byggja upp landið og atvinnuvegina, enda einsdæmi, að slíkt sé gert hér. Dregið hefði úr fjárfestingu, þótt annað hefði ekki komið til en gengisbreytingin ein.

Um miðjan maímánuð s. l. var búið að draga inn í Seðlabankann 150 millj. kr. af sparifé innlánsstofnana, auk samdráttar afurðalána Seðlabankans. Almennir viðskiptavextir voru lækkaðir nokkuð um s. l. áramót, en þó eru þeir enn óbærilega háir, m. a. fyrir þá, sem lengi þurfa að bíða eftir greiðslu á afurðum. Til skýringar má nefna, að lækkun vaxtanna, eins og þeir voru á s. l. vori, niður í það, sem þeir voru fyrir „viðreisn", hefði að því er virðist svarað til a. m. k. 6—7% kauphækkunar hjá hraðfrystihúsi.

Enginn vafi er á því, að hin mikla verðhækkun efnis- og rekstrarvara og véla, vaxtahækkunin og lánsfjártakmörkunin hefur dregið úr framleiðslu og stuðlað að því, að afurðir væru fluttar út óunnar. En samdráttur sá, sem nú kemur fram í minnkandi framkvæmdum, minnkandi kaupum vinnuvéla o. s. frv., hlýtur að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir framtíðina víða um land og skapa aukna erfiðleika síðar, ef vinna skal upp það, sem nú ferst fyrir sakir skammsýnnar stjórnarstefnu.

Almennar framleiðslustöðvanir vegna vinnudeilna, sem „viðreisnin" og kjaraskerðing hennar hlaut að hafa í för með sér, komu ekki til sögu á árinu 1960, en byrjuðu með ágreiningi um fiskverð og verkfalli við sjávarútveginn, er síðasta vetrarvertíð skyldi hefjast. Samið var um nýtt fiskverð til útgerðarinnar og ný kjör til handa sjómönnum. Vegna þess, hve sjómannasamningar voru margir og reglur margbrotnar, er erfitt að gera sér grein fyrir, hve mikla „kauphækkun" sjómenn hafa fengið. Af þeim tölum, sem birtar hafa verið í blöðum og munu styðjast við upplýsingar frá Alþýðusambandi Íslands, má þó ætla, að hún hafi víða numið a. m. k. 15%. Fyrsta kauphækkun landverkafólks varð í Vestmannaeyjum snemma á árinu, og er talið, að hún hafi numið 14.7%. Sú kauphækkun til verkamanna, sem samið hefur verið um nú í sumar, virðist yfirleitt hafa verið 11%, að meðtöldu framlagi til sjúkrasjóða, auk hækkana á eftirvinnuálagi úr 50% í 60% og nokkurra minni háttar breytinga. Þessar kauphækkanir hafa að sjálfsögðu í för með sér nokkra hækkun á framleiðslu- og framfærslukostnaði. Það var fyrir löngu almennt álit manna um land allt, að til kauphækkana hlyti að koma eftir það, sem á undan var gengið. Hins vegar tóku vinnudeilur að þessu sinni nokkru lengri tíma en þær hefðu þurft að taka. Framleiðslu- og atvinnustöðvun fyrr og síðar á þessu ári hefur valdið mjög verulegu tjóni fyrir fjölda manna og þjóðina í heild.

Kaupgjaldssamningar þeir, sem gerðir voru í sumar, þegar komið var nær allsherjarverkfall, björguðu síldarvertíðinni og þar með frá stórfelldu efnahagshruni. Þeir samningar eru almennt taldir hóflegir og sanngjarnir, eins og á stóð, og mun fáum hafa til hugar komið, að kaupgjaldsmálin yrðu leyst með minni kauphækkun en þá varð, eins og kjaraskerðingin var orðin. Kaup verkamanns hækkaði um 400 kr. á mánuði miðað við fulla dagvinnu alla virka daga. Kaupgjaldssamningarnir voru þar að auki þannig úr garði gerðir, að þeir gátu verið fyrirmynd að framtíðarlausn kjaramála, þar sem í þeim var það nýmæli, að þeir skyldu gilda og kaup vera óbreytt eitt ár, nema vísitala hækkaði um 5 stig eða

meira eða gengislækkun yrði, enn fremur að kaupið skyldi hækka nokkuð að ári liðnu, ef samningunum væri ekki sagt upp.

Með þessa kjarasamninga að grundvelli var vel fært fyrir ríkisstjórnina að stöðva dýrtíðarflóðið og koma jafnvægi á efnahagsmálin. Verður það m. a. ljóst af eftirfarandi staðreyndum:

Fram undan voru mjög vaxandi gjaldeyristekjur vegna mikillar síldveiði og verðlag á ýmsum útflutningsafurðum hækkandi.

Þrátt fyrir kauphækkanirnar var hægt að hækka verð á síld til söltunar og í bræðslu.

Iðnaðarfyrirtæki landsins gátu yfirleitt tekið á sig kauphækkanir iðnverkafólks, eins og nú er komið fram og játað af sjálfum málgögnum ríkisstjórnarinnar, hvað þá ef vextir hefðu verið lækkaðir.

Mismunurinn á því tímakaupi, sem um samdist og hinu, sem ríkisstjórnin taldi efnahagskerfið þola, nam ekki meiru en sem svaraði rúml. 1% breytingu á afurðaverði (útflutningsverði) frystihúsa, og þann skakka var hægt að jafna og vel það með vaxtalækkun einni saman.

Með því að draga úr tilbúnum rekstrarfjárskorti fyrirtækja — lánsfjárbindingunni, lækka vextina og vinna þannig gegn verðhækkununum, til þess að kjarabætur nytu sín, hefði verið stuðlað að vaxandi viðskiptaveltu og tekjur ríkissjóðs stóraukizt. Þannig var hægt að leysa vandamál ríkisbúskaparins, og möguleikar hefðu orðið til að vega á móti óhjákvæmilegri, réttmætri hækkun landbúnaðarafurða, styðja framleiðsluna og bæta kaup opinberra starfsmanna.

Með þessum aðferðum var hægt að stöðva dýrtíðarflóðið og tryggja launþegum og bændum varanlegar kjarabætur.

Í stað þess að gera þetta hefur ríkisstjórnin hækkað gengi erlends gjaldeyris á ný um 13%. Þessi gengisbreyting á sér engin efnahagsleg rök.

Með þessu hefur ríkisstjórnin steypt nýju dýrtíðarflóði yfir landið í stað þess að notfæra sér kjarasamningana til að stöðva flóðið og hverfa frá samdráttar- og kjaraskerðingarstefnunni. Er nú fram undan ný umferð í þeim ljóta leik, sem hafinn var með ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í fyrravetur. Á nú enn að beita sams konar aðferðum og þá, og þess vegna er nú dýrtíðin mögnuð með ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að lækka gengið og hækka þannig verðlagið. Rétta leiðin til lausnar efnahagsmálanna væri á hinn bóginn sú að taka nú upp aftur framleiðslu- og uppbyggingarstefnuna í stað samdráttarstefnunnar.

Þetta frv. fjallar um ráðstafanir, sem knýjandi er að koma í framkvæmd nú þegar til þess að draga nokkuð úr því öngþveiti, sem fram undan er. En þær eru þessar:

Færa vextina í það horf, sem þeir voru, áður en efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar voru gerðar.

Hætta tafarlaust að draga sparifé landsmanna inn í Seðlabankann út úr sparisjóðunum, innlánsdeildum kaupfélaganna og viðskiptabönkunum. Þessi aðferð er nú notuð til að þrengja að einstaklingum og atvinnufyrirtækjum með tilbúnum lánsfjárskorti, sem byggist á því að frysta hluta af sparifjáraukningu landsmanna. Jafnframt því lætur ríkisstjórnin Seðlabankann lána miklu minna en áður út á verðmæti landbúnaðar- og sjávarafurða. Hefur þetta gengið svo langt, að Seðlabankinn er látinn lána sömu krónutölu út á sjávar- og landbúnaðarafurðir og áður þrátt fyrir verðhækkanirnar, og þar að auki er bannað að lána hærri heildarfjárhæð út á landbúnaðarafurðir en áður, þótt framleiðslan aukist.

Til þess að koma í veg fyrir, að viðskiptabankar, sparisjóðir og kaupfélög geti greitt úr fyrir mönnum, er þess krafizt, að þessar stofnanir skili til frystingar í Seðlabankanum verulegum hluta af öllum nýjum spariinnlögum og innlögum í innlánsdeildir. Þannig er sparifé landsmanna tekið úr umferð til að þrengja að lánveitingum.

Þegar ríkisstjórnin bætti vaxtahækkuninni ofan á gengislækkunina, nýju toll-

ana og lánasamdráttinn, varð að afnema þýðingarmestu ákvæði okurlaganna til þess að koma vaxtahækkuninni í framkvæmd.

Þá voru einnig afnumin vaxtaákvæði allra þeirra lagabálka, sem upp höfðu verið byggðir um stofnlán til sjávarútvegs, landbúnaðar og til íbúðabygginga.

Nú er fram komið, svo að ekki verður um villzt, að engin framleiðsla né atvinnurekstur á Íslandi getur risið undir þessum okurvöxtum, hvað þá almenningur, sem þarf á lánsfé að halda til íbúðabygginga, framleiðslutækja og annarra brýnustu nauðsynja.

Ríkisstjórnin sagði, að vaxtahækkunin ætti að verða til að draga úr eftirspurn eftir lánsfé. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar og þ. á m. vaxtahækkunin sjálf hafa á hinn bóginn þegnt svo kosti almennings og atvinnufyrirtækjanna, að eftirspurn eftir lánsfé til að bjarga frá framleiðslustöðvun og eignamissi er meiri en nokkru sinni fyrr. Lítur út fyrir, að fjöldi landsmanna missi framleiðslutæki sín, íbúðir og aðra staðfestu, ef haldið verður áfram sem nú horfir.

Að dómi þeirra, sem þetta frumvarp flytja, ber því að nema nú þegar úr gildi þau lagaákvæði, sem sett voru til þess að innleiða vaxtaokrið, og einnig þau ákvæði seðlabankalaganna, sem misnotuð hafa verið til þess að draga hluta af öllum nýjum sparifjárinnlögum landsmanna inn í Seðlabankann og taka fé þannig úr umferð, á sama tíma og fjöldi einstaklinga er að missa alla fótfestu við atvinnurekstur og lífsnauðsynlegustu framkvæmdir, m. a. vegna vaxtakostnaðar og tilbúins lánsfjárskorts.

Þetta gætu orðið fyrstu skrefin til að draga úr afleiðingum þess, sem gert hefur verið, og þótt það nái auðvitað skammt til að forða mönnum frá þeim, þá mundu þessar ráðstafanir hafa mikla þýðingu til að draga úr þeirri hættulegu upplausn, sem fram undan blasir við, ef ekkert er gert annað en berja höfðinu í steininn.

Verði frumvarpið samþykkt, gerist þetta m. a.:

1. Útlánsvextir fara niður í 8% hæst, eins og þeir voru.
2. Vextir af afurðavíxlum færast niður í 5.5% hæst úr 9%—9½% nú.
3. Vextir og lánstími ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs, byggingarsjóðs sveitanna, byggingarsjóðs fyrir kauptún og kaupstaði, raforkusjóðs og byggingarsjóðs verkamanna verða eins og áður. Lánskjör skuldabréfa 1960—61 breytast.
4. Ríkisstjórnin verður að hætta að láta frysta í Seðlabankanum hluta af sparifjáraukningunni, og útlánamöguleikar aukast að sama skapi.

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1956—1960, að báðum árunum meðtöldum.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánstími skal vera allt að 20 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar, að höfðu samráði við ráðherra.

3. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 70% af matsverði veðsins.

4. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941, tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941, um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin hafi gefið fyrirheit um breytingu á hluta af lausaskuldum bænda í föst lán til langs tíma, með svipuðum hætti og gert hefur verið með sérstökum lögum gagnvart fyrirtækjum, sem stunda útgerð fiskiskipa og fiskvinnslu. Þar eð undirbúningi að þessari breytingu sé lokið og nauðsynlegt að létta nefndum lausaskuldum af bændum hið allra fyrsta, beri brýna nauðsyn til að veita veðdeild Búnaðarbanka Íslands nauðsynlegar heimildir til að breytingin geti farið fram og náð tilgangi sínum.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1956—1960, að báðum árunum meðtöldum.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánstími skal vera allt að 20 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar, að höfðu samráði við ráðherra.

3. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 70% af matsverði veðsins.

4. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941, tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941, um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 15. júlí 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Áburðarverksmiðjan selur framleiðsluvörur sínar innanlands á kostnaðarverði, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Þar til Áburðarverksmiðjan h/f hefur fullnægt þörfum landsmanna á tilbúnum áburði með eigin framleiðslu, getur ríkisstjórnin falið henni að flytja inn tilbúinn áburð, enda verði áburðurinn seldur á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir:

a. Til fyrningarsjóða 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.
   Heimilt er þó verksmiðjustjórn, með samþykki landbúnaðarráðherra, að ákveða tillag í fyrningarsjóð, þannig að samanlagðar fyrningarafskriftir véla eða húsa, sem orðin eru ónýt og brotavirði þeirra verði jafn hátt kostnaðarverði sams konar eigna, er afla þarf í þeirra stað.
b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 51 28. janúar 1935, um verzlun með tilbúinn áburð. Áburðarsala ríkisins hættir þar með störfum. Eignum hennar skal varið til þess að auka húsnæði búnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans vegna jarðvegsrannsókna og búa hana tækjum til efnagreininga, sérstaklega með hliðsjón af ákvörðun á áburðarþörf lands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um sama efni var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt.

Megintilgangur frumvarpsins er að koma á hagkvæmara og ódýrara fyrirkomulagi en verið hefur við verzlun með tilbúinn áburð.

Það er ástæðulaust að láta sérstakt ríkisfyrirtæki vera millilið um sölu framleiðsluvara Áburðarverksmiðjunnar h/f og því síður ástæða til að halda slíku fyrirtæki við til þess eins að flytja inn áburð. Kostnaður við rekstur Áburðarsölu ríkisins árið 1959 var kr. 674 441.91, en brúttótekjur það sama ár voru kr. 1 015 032.00.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt að tryggja, að alltaf séu til hæfilegar birgðir af réttum tegundum áburðar, þegar til hans þarf að taka.

Um 1. gr.

Í samræmi við framanritað gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir, að áburðarverksmiðjan annist sjálf sölu framleiðsluvara sinna til kaupenda á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.

Í 2. mgr. er ríkisstjórninni síðan heimilað að fela verksmiðjunni innflutning á tilbúnum áburði. Áburður þessi skal sömuleiðis seldur á kostnaðarverði, sem háð er samþykki landbúnaðarráðherra.

Með þessu móti yrði unnt að minnka verulega milliliðakostnað við áburðarverzlun.

Mál þetta hefur verið rætt við Áburðarverksmiðjuna h/f og er hún fús til að taka þessa verzlun að sér.

Um 2. gr.

Upphaflegt kostnaðarverð áburðarverksmiðjunnar var um 130 millj. króna. Endurnýjunarverð verksmiðjunnar nú er meir en tvöföld sú fjárhæð.

Vegna þessa er nauðsynlegt að rýmka fyrningarheimildir verksmiðjunnar, eins og greinin gerir ráð fyrir.

Um 3. gr.

Jafnframt því sem frumvarp þetta fengi lagagildi, mundi Áburðarsala ríkisins hætta störfum.

Eignum áburðarsölunnar verður hvorki betur né eðlilegar varið en til að efla *jarðvegsrannsóknir í landinu* og þá sérstaklega með það fyrir augum að nýta tilbúinn áburð betur en nú er gert.

Á s. l. ári keyptu bændur hér á landi áburð fyrir nál. 80 millj. króna. Þessi fjárhæð verður án efa mun hærri í ár, bæði vegna stækkunar ræktaðs lands og vegna nokkurrar hækkunar áburðarverðs.

Betri þekking á hvaða áburður og hvaða magn áburðar hæfir á hverjum stað, mundi nýta þessa miklu fjármuni mun betur en nú er gert.

Fyrir það fé, sem Áburðarsala ríkisins á, er unnt að reisa rannsóknarstofur og önnur þau húsakynni, sem slíkri starfsemi eru nauðsynleg, sbr. greinargerð dr. Björn Jóhannessonar, sem prentuð er sem fylgiskjal hér á eftir. Vel menntaða starfsmenn skortir hins vegar ekki á þessu sviði.

Landbúnaðarráðuneytið mundi að sjálfsögðu fara með yfirstjórn þessara framkvæmda.

Fylgiskjal.

Jarðvegsrannsóknir: Þörf fyrir bætta vinnuaðstöðu.

Áður en vikið verður að starfsaðstöðu er rétt að gera stutta grein fyrir helztu viðfangsefnum jarðvegsrannsókna.

1. Jarðvegskortagerð og almennar jarðvegsrannsóknir.

Þessar rannsóknir hafa grundvallarþýðingu fyrir hvers konar notkun jarðvegs og skipulag byggða. Þær skila að vísu ekki árangri að kvöldi vinnudags, en það væri áreiðanlega rangt að sinna þeim ekki fyrir þær sakir. Fyrir nokkrum árum var hér á ferð búnaðarmálastjóri frá Suður-Englandi. Ég sagði honum frá viðleitni okkar að gera jarðvegskort af landinu. Hann mælti þá strax og hiklaust: „Jarðvegskort eru mikilvægari fyrir landbúnaðinn en nokkurt annað hjálpargagn. Ég óska ykkur til hamingju með að hafa ráðizt á þetta viðfgangsefni. Ég vildi aðeins óska, að við í Englandi hefðum sinnt þessum málum meira en raun ber vitni."

Geta má þess, að lokið er útivinnu við jarðvegskortagerð á svæðinu milli Þjórsár og Ytri-Rangár og í Eyjafirði, en í Borgarfirði er hún komin nokkuð áleiðis. Hins vegar er ekkert fé handbært til að prenta kort af þessum svæðum.

2. Gróðurkort og afréttarrannsóknir.

Undirritaður og samstarfsmenn hans hófu undirbúning að þessum rannsóknum árið 1953, og er nú að koma greinilega í ljós, hve brýnar þær eru. Víða er nú orðið svo þröngt í sumarhögum (dæmi: afréttir Austur-Skagfirðinga, Fljótshlíðinga og Eyfellinga), að fallþungi dilka er stórum minni en eðlilegt er að krefjast. Skynsamleg eða hagfelldasta lausn þessa vandamáls er óhugsandi nema fyrir liggi rannsóknir á afréttarlöndunum samhliða rannsóknum á möguleikum til auknings á sumarhögum fyrir sauðfé.

Gefið hefur verið út gróðurkort af Gnúpverjaafrétti, og kort af Biskupstungnaafrétti er fullgert til prentunar.

Einn starfsmaður jarðvegsrannsókna, Ingvi Þorsteinsson, er nú við framhaldsnám varðandi haglendi við Montana Háskóla í Bandaríkjunum; hann hlaut styrk frá Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (F. A. O.) til þessa náms.

3. Rannsóknir varðandi efnagreiningaþjónustu vegna áburðarþarfar.

Á s. l. ári keyptu íslenzkir bændur tilbúinn áburð fyrir nálega 80 milljónir króna, og hækkar sú krónutala væntanlega allverulega við fyrirhugaðar efnahagsaðgerðir. Er naumast óvarlegt að áætla, að á yfirstandandi ári muni áburðarkaup að meðaltali nema um 15 000.00 krónum á hvern bónda í landinu. Það skiptir því ekki litlu máli, að áburðurinn — að þetta mikla fjármagn — sé réttilega notaður, en vitað er að á þessu eru miklir misbrestir. Bændur hafa því eðlilega lagt mikla áherzlu á að fá auknar leiðbeiningar um notkun áburðarins. *En hvorki þeir né ríkisvaldið hafa gert sér ljóst, að slík þjónusta verður ekki innt af hendi nema:*

a. að framkvæmdar hafi verið nauðsynlegar rannsóknir til að sannreyna gildi þeirra efnagreiningaaðferða og vinnubragða, sem helzt kemur til greina að nota og
b. að skapa viðhlítandi vinnuaðstöðu í rannsóknastofum og í héraði til að framkvæma þjónustuna.

Því miður krefjast þessar forsendur sérfræðiþekkingar, peninga og tíma. En um það er ekki að fást. *Án þessara forsendna verður umrædd þjónusta ekki látin í té svo að í lagi sé.*

Rétt er að gera í stuttu máli grein fyrir því, hvernig þessi mál horfa í dag.

Sérfræðiþekking.

Auk undirritaðs vinnur nú dr. Bjarni Helgason, jarðvegsfræðingur, að jarðvegsrannsóknum við Atvinnudeildina, en Ingvi Þorsteinsson er við framhaldsnám, eins og fyrr var getið. Dr. Bjarni er bersýnilega mjög dugandi starfsmaður og vel að sér, og er íslenzkum landbúnaði happ í að fá slíkan starfsmann. Menntun íslenzkra búfræðikandídata er nefnilega ekki við það miðuð, að þeir verði færir um að vinna sem vísindamenn á sviði jarðvegsfræði, og því eru vandfundnir hér á landi vel hæfir menn til sjálfstæðra rannsókna í þessari fræðigrein. Búfræðikandídatar eru hins vegar fyrst og fremst þjálfaðir sem ráðunautar, og er að sjálfsögðu mikilvægt að hafa hæfa menn við leiðbeiningastörfin. En eftir atvikum í íslenzku þjóðfélagi má segja, að jarðvegsrannsóknir hafi allvel hæfu starfsliði á að skipa, og er þá miðað við, að dr. Bjarni Helgason verði ráðinn til frambúðar að Búnaðardeild. Ef hæft starfslið er ekki fyrir hendi, er þýðingarlítið og oftast unnið fyrir gýg að veita miklu fé til rannsókna. En að því er tekur til jarðvegsrannsókna virðist mér sem skortur á hæfu starfsliði sé ekki til fyrirstöðu í þessu efni.

Starfsaðstaða í dag.

Vinnuskilyrði eru ófullnægjandi, jafnvel fyrir þær rannsóknir sem nú er unnið að, og þau eru algerlega ónóg fyrir almenna efnagreiningaþjónustu vegna áburðarþarfar. Jarðvegsrannsóknir hafa nú aðeins um 100 fermetra gólfrými fyrir rannsóknastofur, teikniherbergi, skrifstofur og sýnishornageymslur.

Leiðbeiningaþjónustan.

Á búnaðarþingi 1957 flutti undirritaður erindi um framkvæmd leiðbeiningaþjónustu vegna áburðarnotkunar og birtist það í Búnaðarritinu næsta ár. Í samræmi við það fyrirkomulag, sem þar er lýst, hefur verið gerð tilraun með framkvæmd leiðbeiningaþjónustu í Hraungerðishreppi, og sams konar tilraun er hafin í Gnúpverjahreppi:

1. Svokölluð Áburðarbók hefur verið samin og gefin út af Búnaðarfélagi Íslands, en þessi bók er ómissandi við nefnda þjónustu.
2. Gerð hafa verið kort af túnum í umræddum hreppum; túnunum er síðan skipt í spildur eða vinnueiningar.
3. Héraðsráðunauturinn, Kristinn Jónsson á Solfossi, hefur haft samvinnu við Búnaðardeild um framkvæmd umræddra tilrauna, og hann hefur séð um töku jarðvegssýnishorna.
4. Sýnishorn eru efnagreind á rannsóknastofu jarðsvegsrannsókna, og niðurstöðurnar síðan sendar Kristni Jónssyni.
5. Kristinn Jónsson, eða héraðsráðunautur í umræddri sveit, ráðleggur síðan bændunum um áburðarnotkun á grundvelli efnagreininganna og þeirra upplýsinga, sem lesa má af Áburðarbókinni.

Bændur í Hraungerðishreppi telja sér talsverðan hag að þessum leiðbeiningum, og skortir þó enn mikið á, að nægar rannsóknir hafi verið gerðar til að meta réttilega gildi efnarannsóknanna.

En með þessum tilraunum er vegurinn varðaður. Á þennan eða mjög áþekkan hátt verður að framkvæma leiðbeiningaþjónustuna. Árangurinn úr Hraungerðishreppi spyrst, og kröfur bænda um slíka þjónustu verða æ háværari. En meðan ekki er séð fyrir betri vinnuaðstöðu fyrir jarðvegsrannsóknir er ókleift að sinna eða verða við slíkum kröfum. Það er nú bændanna og ríkisvaldsins að svara þeirri

spurningu, hvort koma eigi slíkri þjónustu á laggirnar, þannig að unnt sé að veita hana almennt og *viðhlítandi* hátt. Ef þessir aðilar svara spurningunni játandi, þá hefur slíkt svar því aðeins raunhæft gildi, að þessir aðilar, annar hvor eða báðir, leggi af mörkum nægilegt fé til sköpunar nauðsynlegrar vinnuaðstöðu á rannsóknastofu og í héraði.

4. Hver er „nauðsynleg rannsóknaaðstaða?“

Sé miðað við næstu 10 ár, tel ég að vinnurými jarðvegsrannsókna megi ekki áætla minna en 700 m² gólfflöt. Þar af eru 400 m² áætlaðir í rannsóknastofur, teikniherbergi, bókaherbergi, skrifstofur fyrir starfslið og kaffiherbergi. 300 m² eru áætlaðir fyrir geymslur og grófvinnuherbergi (þurrkun, mölun og meðferð sýnishorna).

Reiknað er með, að slík bygging yrði reist á landi því, sem Rannsóknaráð ríkisins og Raforkumálaskrifstofan hafa fengið til umráða í austanverðu Keldnaholti. Eru helzt fyrirhugaðar einnar hæðar byggingar, en þeim fylgir sá kostur, að hægt yrði að taka byggingar í notkun fyrr og með minni byrjunar tilkostnaði en ef um væri að ræða fleiri hæða byggingar.

Kostnaður 700 m² rannsóknabyggingar er lauslega áætlaður 3 milljónir króna, og eru þá meðtaldar innréttingar í rannsóknastofur. Hins vegar er hér ekki talinn með kostnaður vegna vatns- og skolpleiðslna, rafleiðslna né vegagerðar og lóðavinnu.

Allmikið af tækjum þyrfti að kaupa og leggja sérstök leiðslukerfi fyrir loft, vatn og rafmagn. Á þessu stigi málsins er mjög erfitt að áætla kostnað vegna slíks útbúnaðar og tækjakaupa, en ekki er ósennilegt, að hann yrði nálægt 1 milljón króna.

Þá yrði brýn nauðsyn að reisa lítið gróðurhús vegna jarðvegsrannsókna, búið hitunar- og ljósakerfi, ásamt geymsluhúsi. Kostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður kr. 500 000.00.

Heildarkostnaður er þannig áætlaður fjórar og hálf milljón króna, og er þá miðað við væntanlegt verðlag eftir að fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir hafa gengið í gildi.

Á meðan stæði á byggingum og undirbúningi á Keldnaholti yrði að vinna í núverandi húsnæði jarðvegsrannsókna. Möguleikar eru á, að bæta við það einni lítilli rannsóknastofu, sem nú er notuð til skordýrarannsókna, en slíka vinnu má framkvæma hvar sem vera skal, því að hún útheimtir ekki önnur tæki en smásjár og stækkunargler.

Reykjavík, 10. febrúar 1960.

Björn Jóhannesson.

Nd. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Niður falli orðin „og hefur hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn“.
b. Í stað orðanna „Heimilt er þó“ komi: Heimilt er.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp var flutt á þingi í fyrra, en náði þá ekki afgreiðslu.

Tilgangur frumvarpsins er að fella niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn. Einkaréttur þessi var veittur fyrir 25 árum og þá miðaður við allt aðrar aðstæður en þær, sem nú eru. Að dómi margra þeirra, sem bezt þekkja til, er hann nú orðinn þröskuldur í vegi þess, að nægilega sé unnið að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga hingað. Ferðaskrifstofa ríkisins getur líka eftir sem áður unnið að þessari starfsemi, þótt fleiri aðilar geri það einnig. Auk þess hefur hún mörgum öðrum mikilvægum verkefnum að sinna. Hér er því ekki verið að takmarka neitt verkahring hennar, heldur aðeins stuðlað að því, að fleiri aðilar geti látið til sín taka og unnið að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga hingað.

Allar þjóðir keppa nú að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga, enda eru þau víðast vaxandi tekjulind. Íslendingar mega ekki láta hlut sinn liggja eftir í þessum efnum. Eins og nú er komið, mun það tryggja beztan árangur á þessu sviði að veita öllum þeim, sem hafa áhuga og getu, tækifæri til þess að vinna sem frjálslegast að þessum málum, en hefta ekki framtak þeirra með úreltum hömlum.

Nd. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um landsútsvör.

Flm.: Karl Guðjónsson, Hannibal Valdimarsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Fyrirtæki og stofnanir, sem reka starfsemi, er nær til landsins alls, svo sem skipafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, tryggingarfélög, verzlunarstofnanir ríkisins og þau fyrirtæki önnur, sem ráðuneytið úrskurðar að samkvæmt eðli málsins falli undir þessi ákvæði, skulu skyld að greiða landsútsvar, er renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og skiptist heildarupphæð landsútsvaranna milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

2. gr.

Samband íslenzkra sveitarfélaga skipar 5 manna nefnd, er annast niðurjöfnun landsútsvara, en félagsmálaráðuneytið sér um innheimtu þeirra.

3. gr.

Landsútsvar skal lagt á eftir sömu reglum og lög ákveða á hverjum tíma um útsvör fyrirtækja í Reykjavík.

4. gr.

Kærur vegna álagðra landsútsvara koma fyrst til úrskurðar nefndar þeirrar, sem jafnar þeim niður, en heimilt er útsvarsgreiðanda að kæra útsvarið áfram til ríkisskattanefndar, ef hann vill ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndarinnar.

5. gr.

Þau fyrirtæki, sem gjaldskyld eru um landsútsvar, skulu ekki skyld til að greiða sveitarútsvar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu lá fyrir síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu þá, og er hún enn í fullu gildi, þótt Tóbakseinkasalan og Áfengisverzlun ríkisins séu nú eitt fyrirtæki, en ekki tvö, svo sem var, þegar frumvarpið fyrst kom fram:

„Það má öllum ljóst vera, að í eðli sínu er það hin mesta mismunun á útsvarsskyldu þjóðfélagsþegnanna, að fyrirtæki, sem verzla við fólkið í landinu almennt, eru látin greiða útsvör af allri veltu sinni til aðeins eins sveitarfélags, svo sem nú tíðkast.

Það er næstum alltaf stærsta sveitarfélag landsins, sem þannig fær aðstöðu til að ná útsvari af verzlun langt út fyrir sín takmörk, og ósjaldan er í Reykjavík jafnað niður útsvörum á viðskipti, sem fara fram langt utan endimarka borgarinnar og íbúum hennar óviðkomandi að öllu nema útsvarsskyldunni.

Þannig leggur Reykjavík t. d. útsvör á alla veltu sölusamtaka eins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, svo að dæmi sé nefnt, enda þótt minnstur hlutinn af þeirri vöru, sem þau samtök selja, hafi nokkru sinni til Reykjavíkur komið eða eigi að nokkru leyti skylt við höfuðborgina, annað en það, að sölusamtök þessi hafa þar aðsetur.

Þá virðist það líka takmörkuð sanngirni, að Reykjavík ein allra sveitarfélaga hafi aðstöðu til að ná útsvari af ríkisverzlun eins og t. d. Tóbakseinkasölunni. En með sérstökum lögum er Reykjavík gefin aðstaða til að hirða í útsvar 5% af hagnaði þess fyrirtækis, þótt hagnaðurinn sé hins vegar fenginn af allri tóbakssölu í landinu. Sama máli gegnir einnig um Áfengisverzlun ríkisins að öðru leyti en því, að örlítið brot af útsvari hennar rennur til þeirra staða utan höfuðborgarinnar, þar sem hún hefur útsölur. En af þessum tveim fyrirtækjum ríkisins mun Reykjavík hafa haft um 13 millj. kr. í útsvar 1960.

Um önnur þau fyrirtæki, sem landsútsvar mundi ná til að frumvarpi þessu samþykktu, gegnir sama eða svipuðu máli og þau, sem hér hefur verið drepið á.

Vel má vera, að Reykjavík hafi þörf fyrir öll þau útsvör, sem gildandi útsvarslöggjöf nú gerir henni kost á. Engu að síður er rangsleitni þessa fyrirkomulags gagnvart öðrum sveitarfélögum augljós.

Það kom líka glögglega fram á s. l. vetri, þegar ríkisstjórnin beitti sér fyrir nýrri útsvarslöggjöf með ákveðnum útsvarsstigum, að útsvarsþörf sveitarfélaganna utan Reykjavíkur kallaði á hærra útsvar á hvern einstakling en nauðsyn var að ætla Reykjavíkurbúum að greiða, svo vel hafði verið séð fyrir tekjuþörf Reykjavíkur með útsvarsaðstöðu hennar gagnvart almennum viðskiptum landsmanna.

Það er tilgangur þessa frumvarps að jafna þessa aðstöðu, svo að framvegis geti landsmenn búið við jafnan útsvarsstiga í lögum, hvar sem er á landinu.

Augljóst er, að þörf væri breytinga á útsvarslögunum frá síðasta þingi að þessu frumvarpi samþykktu. Hér eru þó ekki gerðar tillögur í þá átt, og ber þar hvort tveggja til, að óeðlilegt væri að gera breytingar á þeim lögum í þessum sérstöku lögum um landsútsvör, og þó ekki síður hitt, að útsvarslögin á síðasta þingi voru bráðabirgðabreyting, sem ætla verður að komi til endurskoðunar á þessum vetri, og gefst þar væntanlega tækifæri til að koma breytingum á framfæri í samræmi við það, hverja afgreiðslu þetta frumvarp fær.“

Nd. **25. Frumvarp til laga** [25. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Flm.: Geir Gunnarsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Við 38. gr. laganna bætist:

Um sjómenn gilda svo hljóðandi sérákvæði:

Sérhver skipverji, sem starfar á íslenzku skipi, er tryggður gegn öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð í skipi eða í landi, fyrir kr. 200000.00 — miðað við fulla örorku. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi skerðir ekki rétt skipverja til greiðslu úr lífeyrissjóði sjómanna. Kostnaður af sértryggingu þessari greiðist að hálfu af almannatryggingum og að hálfu af útgerðarmönnum samkvæmt reglugerð, er félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Frumvarpinu fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Þrátt fyrir allar ráðstafanir, sem gerðar eru til slysavarna, kostar hin harða sjósókn íslenzkra sjómanna sífellt fórnir, og sérhver maður, sem ræðst í skiprúm, stofnar með því lífi sínu og limum í meiri hættu en við flest önnur störf, sem hann tækist á hendur í atvinnulífinu.

Þessa hættu, sem við sjómönnum blasir, láta þeir ekki á sig fá, en skylt ætti að vera að bæta fjölskyldum þeirra þó að nokkru leyti fjárhagslega, ef illa fer.

Þótt annað verði ekki bætt, er fráleitt, að auk þess gjaldi fjölskyldur sjómanna þess fjárhagslega án nokkurra sérbóta, hversu miklar hættur fyrirvinna sjómannaheimilanna stofnar sér í með því að taka að sér mikilvægustu störfin í þjóðfélaginu.

Slysahætta, sem fylgir starfi sjómanna, er að svo miklum mun meiri en við önnur störf, að þeim, sem stunda sjóinn, ber að tryggja hærri bætur en öðrum. Má á það benda, sem alþekkt er, að einstaklingar, er telja sig stofna sér í meiri hættu um tiltekinn tíma en að jafnaði annars, t. d. vegna ferðalaga, kaupa iðulega sérstaka, háa ferðatryggingu, meðan sú hætta varir. Sjómenn eru að staðaldri í meiri hættu við störf sín en um er að ræða við venjuleg ferðalög og því eðlilegt, að trygging þeirra sé hærri en almennt gerist.

Yfirmenn á togurum og farskipum hafa tryggt sér 200000.00 kr. líftryggingu, en aðrir sjómenn eru ekki sérstaklega tryggðir vegna starfa sinna umfram slysatryggingu almannatrygginganna.

Frumvarp þetta er fram borið til þess að tryggja, að enginn sjómaður verði lægra tryggður en yfirmenn á skipum eru nú, enda er á allan hátt óviðeigandi og til vansæmdar, að ekki séu allir sjómenn jafnhátt tryggðir.

Í viðræðum samninganefnda sjómannasamtakanna og Landssambands íslenzkra útvegsmanna nú fyrir skemmstu báru fulltrúar sjómannasamtakanna fram kröfu um örorku- og dánarbætur sjómanna. Samkomulag náðist ekki um að taka ákvæði um slíkar bætur inn í kjarasamninga. En báðar samninganefndirnar undirrituðu yfirlýsingu þess efnis, að með tilliti til þeirra mikilvægu starfa, sem sjómannastéttin innir af höndum fyrir þjóðarheildina, og þeirrar áhættu, sem störfum hennar er samfara, sé nauðsynlegt að endurskoða þau ákvæði laga, er gilda um örorku- og dánarbætur sjómanna. Hétu báðar nefndirnar að vinna að breyttri löggjöf til að

tryggja betur viðurkenningu á þessari sérstöðu sjómanna. Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.“

Til viðbótar því, sem fram kemur í grg., skal þess getið, að eftir að frumvarpið var flutt í fyrra, fengu nokkur sjómannafélög með verkfallsbaráttu 200000.00 kr. tryggingu í kjarasamninga.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um síldarleit.

Flm.: Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess að fjölga þegar á næstu síldarvertíð fyrir Norður- og Austurlandi síldarleitarskipum um eitt.

Sameinað Alþingi kýs fimm manna nefnd starfandi skipstjóra til ráðuneytis um stjórn síldarleitarinnar.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur síldarleit á sumarvertíð verið rekin á sjó og úr lofti. Ekki er vafi á, að starfsemi þessi hefur verið mjög gagnleg, þótt nú hin síðari árin hafi síldarleit úr lofti komið að minna gagni, þar sem síldin hefur lítið vaðið.

Síldarleit á sjó hafa tvö skip annazt að undanförnu, varðskipið Ægir og Fanney. Hafa þau verið búin viðhlítandi leitartækjum, auk þess sem nokkur rannsóknartæki eru um borð.

Það er samdóma álit sjómanna og annarra, er til þekkja, að leitarskipin, Ægir og Fanney, hafi veitt síldarflotanum ómetanlega aðstoð. En þar sem leitarsvæði þeirra er mjög stórt, er talið nauðsynlegt að bæta einu skipi í hópinn.

Jafnframt er hér lagt til, að sameinað Alþingi kjósi 5 manna nefnd starfandi skipstjóra, er verði stjórn síldarleitarinnar til ráðuneytis um stjórn hennar.

Nd. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. B. 76 orðist svo:
   Reykhólasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, kringum Reykjanes á Vesturlandsveg hjá Kinnarstöðum.
2. Á eftir B. 82 komi tveir nýir liðir:
   a. *Krossárdalsvegur:* Af Strandavegi um Krossárdal á Vesturlandsveg hjá Kleifum í Gilsfirði.
   b. *Tröllatunguvegur:* Af Strandavegi hjá Húsavík um Tröllatungu og Tröllatunguheiði á Gautsdalsveg hjá Valshamri.
3. Aftan við B. 87 bætist: með álmum að Laugalandi og Skjaldfönn.
4. Á eftir B. 88 komi nýr liður:
   Grunnavíkurvegur: Frá Sandeyri um Snæfjallaheiði að Stað í Grunnavík.

5. Á eftir B. 89 komi nýr liður:
   Laugardalsvegur: Af Ögurvegi hjá Strandseljum fram Laugardal, um Blámýrar, Laugaból, Birnustaði, Hrafnabjörg og Hagakot á Ögurveg innan Laugardalsár.
6. Á eftir B. 93 komi tveir nýir liðir:
   a. *Reiðhjallavegur:* Af Bolungarvíkurvegi í mynni Syðridals að Reiðhjallavirkjun.
   b. *Skálavíkurvegur:* Frá Bolungarvík um Skálavík ytri að Meiri-Bakka.
7. Á eftir B. 111 komi nýr liður:
   Botnsvegur: Frá Trostansfirði fyrir mynni Norðdals að Langabotni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegir þeir, sem hér er lagt til, að teknir verði í þjóðvega tölu, eru allir í Vestfjarðakjördæmi. Þar er svo ástatt víða, að heil sveitarfélög eru enn eigi komin í samband við vegakerfi landsins. Úr þessu ástandi er nauðsynlegt að bæta hið bráðasta. Þá eru einnig mjög erfiðar samgöngur milli Strandasýslu og annarra hluta Vestfjarðakjördæmis. Úr því er ætlunin að bæta nokkuð með tillögum þessa frumvarps um þjóðvegi yfir Tröllatunguheiði og um Krossárdal milli Gilsfjarðar og Bitru.

Þá er í frumvarpi þessu lagt til, að nokkrir sýsluvegir séu teknir í þjóðvega tölu. Hefur þróunin jafnan gengið í þá átt, enda viðurkennt, að geta sýslusjóðanna er mjög takmörkuð til að rísa undir kostnaði við vegalagningu nema í mjög smáum stíl.

Að lokum skal á það bent, að mörg ár eru nú liðin, síðan vegalögum var seinast breytt, og verður því að teljast eðlilegt og æskilegt, að nýir vegir fáist teknir í þjóðvega tölu vegna breyttra aðstæðna í ýmsum héruðum landsins.

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 74 29. desember 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Aftan við 1. grein laganna bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Þann tíma, sem eftir ef af kjörtímabili Síldarútvegsnefndar, er nú situr, skulu skipaðir í nefndina tveir fulltrúar til viðbótar þeim 5, sem fyrir eru og tveir til vara. Skal Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi tilnefna annan fulltrúann ásamt varamanni og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi hinn og varamann hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 74 29. desember 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að síldarútvegsnefnd hafi, eins og undanfarin ár, verið veittur einkaréttur til að selja og flytja til útlanda alla saltsíld og eðlilegt þyki, að félögum síldarsaltenda, sem verka síldina til útflutnings, gefist kostur á að tilnefna menn í nefndina. Beri því brýna nauðsyn til að breyta lögum nr. 74 29. desember 1934 í þessa átt.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 1. grein laganna bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili Síldarútvegsnefndar, er nú situr, skulu skipaðir í nefndina tveir fulltrúar til viðbótar þeim 5, sem fyrir eru og tveir til vara. Skal Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi tilnefna annan fulltrúann ásamt varamanni og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi hinn og varamann hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

Ed. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um stuðning við bændur til bústofnsaukningar og vélakaupa.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Karl Kristjánsson.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist bústofnslánasjóður. Bústofnslánasjóður veitir frumbýlingum og efnalitlum bændum lán eða styrk til bústofnsaukningar, vélakaupa og til greiðslu bráðabirgðalána og lausaskulda, eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

2. gr.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er:

a. 20 milljón króna óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal sjóðnum á næstu fjórum árum með 5 milljón króna framlagi á ári;
b. 30 milljón króna lán, er stjórn bústofnslánasjóðs heimilast að taka, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

3. gr.

Bústofnslánasjóður veitir lán:

a. frumbýlingum og efnalitlum bændum til bústofnskaupa, enda hafi þeir of lítinn bústofn að dómi sjóðsstjórnar;
b. frumbýlingum og efnalitlum bændum til búvélakaupa;
c. efnalitlum bændum til að greiða víxilskuldir og aðrar lausaskuldir, er búrekstur þeirra fær ekki undir risið að mati sjóðsstjórnarinnar, enda séu slíkar skuldir eigi við nána venzlamenn lánsumsækjanda.

4. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingu úr bústofnslánasjóði eru:

a. að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg;
b. að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum — eða lausaskuldir hans séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum að óbreyttum ástæðum ókleift að standa við skuldbindingar sínar og reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli;
c. að umsækjandi sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni;
d. að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda;
e. að umsækjandi geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið stuðning samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lán úr bústofnslánasjóði má veita gegn eftirtöldum tryggingum:

1. gegn veði í fasteign;
2. gegn veði í vélum og verkfærum;
3. gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóvember 1887;
4. gegn hreppsábyrgð;
5. gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila.

Sjóðsstjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.

6. gr.

Heimilt er stjórn bústofnslánasjóðs að veita lánsumsækjanda styrk úr sjóðnum allt að 30 þúsundum króna, enda verði búrekstri hans eigi að öðrum kosti komið á heilbrigðan grundvöll að dómi sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

8. gr.

Vextir af lánum úr bústofnslánasjóði mega ekki vera hærri en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 12 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé sjóðsstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

Heimilt er sjóðsstjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.

Gjalddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.

9. gr.

Umsóknir um lán og stuðning samkvæmt lögum þessum skulu sendar sjóðsstjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er sjóðsstjórnin ákveður.

10. gr.

Stjórn bústofnslánasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 stjórnarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum flokki, en sá fimmti, sem er formaður stjórnarinnar, skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

11. gr.

Bústofnslánasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum úr sjóðnum eru undanþegin stimpilgjaldi.

12. gr.

Bústofnslánasjóður skal vera í vörzlum Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarbankinn hefur á hendi reikningshald fyrir sjóðinn, annast afgreiðslur lána, innheimtur á þeim svo og önnur nauðsynleg skrifstofustörf í því sambandi gegn þóknun, er ráðherra ákveður.

13. gr.

Árlega skal semja reikning bústofnslánasjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðendum Búnaðarbankans.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

14. gr.

Kostnað af framkvæmd laga þessara, þar með talin þóknun til stjórnarnefndarmanna, greiðir ríkissjóður.

15. gr.

Í reglugerð fyrir bústofnslánasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja og eigi fara í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Frumvarpinu fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að settur sé á stofn sérstakur lána- og styrktarsjóður — bústofnslánasjóður — í vörzlu Búnaðarbankans, en undir sérstakri stjórn, er hafi það hlutverk að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum hagstæð lán eða stuðning til bústofns- og vélakaupa eða til greiðslu þungbærra lausaskulda, sem efnahag þeirra eru ofviða og standa í vegi fyrir því, að búrekstur þeirra komist á heilbrigðan grundvöll.

Samkvæmt því er hlutverk bústofnslánasjóðs í rauninni þríþætt, þ. e. a. s. í fyrsta lagi lánveitingar til bústofnskaupa, í öðru lagi lán til búvélakaupa og í þriðja lagi lán eða stuðningur til greiðslu óviðráðanlegra lausaskulda. Í sumum tilfellum fer þetta allt saman.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er ákveðið 50 millj. kr., þar af 20 millj. kr. óendurkræft framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir, að hinn hluti stofnfjárins sé tekinn að láni með ríkisábyrgð.

Fimm manna nefnd á að hafa á hendi stjórn sjóðsins og ákvörðunarvald um lánveitingar. Skulu fjórir nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, en hinn fimmti, sem jafnframt er formaður, skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Þörfinni á þvílíkum lánum eða stuðningi, er að ofan greinir, verður tæplega í móti mælt. Mörgum bændum er bráðnauðsynlegt að auka bústofn sinn, til þess að þeir geti komizt sæmilega af og staðið straum af þeim margháttuðu framkvæmdum, sem þeir hafa lagt í á jörðum sínum. Og með jarðræktarframkvæmdum og aukinni vélanotkun hafa einmitt víða skapazt skilyrði til að framfleyta stærri áhöfn á hverri jörð en áður. En bústofn kostar mikið fé. Efnalitlir bændur hafa alls eigi það fé handa á milli, sem til þess þarf að festa kaup á hæfilegum bústofnsauka, allra sízt eftir hinar harkalegu efnahagsaðgerðir s. l. vetur. Og þeir eiga ekki heldur aðgang að sérstökum föstum lánum í því skyni. Á því þarf að verða breyting. Þeir þurfa að eiga kost á hagkvæmum lánum til bústofnsaukningar. Þörf frumbýlinga, flestra hverra að minnsta kosti, er þó enn þá augljósari. Kostnaður við bústofnun í sveit er mjög mikill og hefur stórlega aukizt á þessu ári vegna gífurlegra verðhækkana, vaxtaokurs og annarra opinberra aðgerða. Þeir munu þess vegna vera fáir frumbýlingarnir, sem hafa, eins og nú háttar til, ráð á nægilegu fjármagni til að festa kaup á jörð, nauðsynlegum áhöldum og vélum og hæfilegum bústofni. Eins og nú er komið, er efnalausum mönnum í rauninni algerlega ókleift að reisa bú í sveit. En jafnvel þótt menn eigi dálitlar eignir, hrökkva þær hvergi nærri til bústofnunar í sveit við núverandi aðstæður. Og enn óyfirstíganlegri verða erfiðleikarnir, þegar hvergi er lán að fá nema með okurkjörum. Langflest ung hjón eiga því aðeins um tvennt að velja, að byrja búskap í sveit af vanefnum og með allt of litlum bústofni og rétta svo kannske seint eða aldrei úr kútnum eða þá að stofna til heimilis í kaupstað eða kauptúni, þótt hugur þeirra hafi fremur staðið til sveitabúskapar. Það er sannarlega ekki undarlegt, þó að þau velji oft síðari kostinn, og koma þar reyndar fleiri ástæður til greina. Má reyndar segja, að þau séu beinlínis til þess neydd, eins og nú standa sakir. Það er engum efa undirorpið, að það mundi verða mörgum frumbýlingum hin mesta hjálp þrátt fyrir ríkjandi öngþveiti og erfiðleika, ef þeir ættu kost á föstum, hagstæðum bústofnslánum. Slík frumbýlingslán mundu óefað stuðla að því þrátt fyrir allt, að fleiri hjón en ella reistu bú í sveit.

Tillögur um bústofnslán hafa nokkrum sinnum áður komið fram á Alþingi, enda þótt sýnilegur árangur þar af sé næsta lítill. Þó munu nú vera í gildi a. m. k. tvenn lagaákvæði, sem gera ráð fyrir bústofnslánum, þ. e. ákvæði l. nr. 31/1930, um sveitabanka (bústofnslánafélög), og ákvæði l. nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, þar sem ræktunarsjóði er heimilað að veita lán til bústofnsauka. Fyrri lögin hafa aldrei komið til framkvæmda, og heimild síðarnefndu laganna mun ekki hafa verið notuð, enda tæplega við því að búast, meðan ræktunarsjóðurinn hefur átt fullt í fangi með að sinna þeim verkefnum, sem honum voru fyrst og fremst ætluð. Bæði þessi lagaákvæði eru því óvirk að þessu leyti.

Þá er hér gert ráð fyrir því, að bústofnslánasjóður veiti frumbýlingum og öðrum bændum, sem á þurfa að halda, lán eða stuðning til nauðsynlegra búvélakaupa. Flestir, sem nokkuð þekkja til, munu sammála um, að búskapur verði ekki stundaður með neinum árangri nú á dögum nema með nauðsynlegum búvélum. Aðstaða þeirra bænda, sem ekki hafa nauðsynleg tæki og vélar, er algerlega vonlaus. En vélar hafa einmitt stórhækkað í verði vegna efnahagsaðgerðanna s. l. vetur, svo sem alkunnugt er og hér þarf eigi að rekja. Efnalitlum bændum er því ókleift að kaupa vélarnar nú, nema þeir eigi kost á hagkvæmum lánum í því skyni. En slík lán er nú hvergi að fá. Úr því vandræðaástandi er bústofnslánasjóði að einhverju leyti ætlað að bæta.

Á undanförnum árum hafa margir bændur lagt í fjárfrekar framkvæmdir, svo sem byggingar, ræktun, vélakaup, o. fl. Þau föstu lán, sem kostur hefur verið á, hafa engan veginn nægt til greiðslu kostnaðarins við slíkar framkvæmdir. Allmargir þeirra hafa því safnað lausaskuldum eða orðið að grípa til bráðabirgðalána og þá oftast víxillána. Hjá mönnum hefur gætt bjartsýni og framkvæmdavilja. Einkanlega á þetta við um bændur, sem hafa verið að byrja búskap á þessum árum. Þeir hafa jafnframt jarðakaupum og framkvæmdum á jörðinni orðið að festa kaup á bústofni

og vélum. Þeir hafa ekki átt völ á föstum lánum í þessu skyni. Hjá þeim hafa því óhjákvæmilega safnazt meiri eða minni lausaskuldir, ýmist í bönkum, verzlunum eða við einstaklinga. Við óbreyttar aðstæður hefðu langflestir þessara ungu bænda eflaust komizt klakklaust frá þessum skuldum. En vegna efnahagsaðgerðanna s. l. vetur hefur aðstaða þessara manna gerbreytzt. Hin stórkostlega vaxtahækkun og stórhækkaður framleiðslukostnaður hafa ásamt lánsfjárskorti gersamlega kippt fótum undan mörgum ungum bændum og kollvarpað öllum þeirra áætlunum um skuldagreiðslur og heilbrigðan rekstrargrundvöll á næstu árum. Ýmsum þeirra er um megn að standa undir víxillánum og öðrum vaxtaháum lausaskuldum. Það er blátt áfram hætta á, að sumir þeirra gefist upp og verði að hrökklast frá jörð og búi. Slíkt væri skaði, ekki aðeins fyrir þá sjálfa, heldur og í mörgum tilfellum fyrir lánardrottna þeirra og þjóðfélagið í heild. Hér er um aðkallandi raunverulegt vandamál að ræða, sem ekki þýðir að loka augunum fyrir. Það hvílir vissulega skylda á þjóðfélaginu til að rétta þessum mönnum hjálparhönd, því að vandræði þeirra stafa fyrst og fremst af opinberum aðgerðum — efnahagsaðgerðum núverandi ríkisstjórnar. Langflestir þessara manna munu rétta við og komast á kjöl, ef þeir geta fengið sæmilega hagstætt fast lán í stað víxilskulda og annarra kostnaðarsamra bráðabirgðalána. Þeir þurfa ekki á annarri aðstoð að halda. Efnahagur sumra mun hins vegar vera svo illa kominn af áðurgreindum ástæðum, að þeim nægir ekki lán. Þeir þurfa á frekari fyrirgreiðslu að halda, ef koma á búrekstri þeirra og fjárhag á sæmilega heilbrigðan og traustan grundvöll. Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er gerð raunhæf tilraun til að leysa vandræði þessara manna, bæði með lánum og beinum styrk úr bústofnslánasjóði. Það er þó gert ráð fyrir því, að til beinna styrkveitinga komi ekki nema í algerum undantekningartilfellum.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að efla aðrar lánastofnanir landbúnaðarins og hækka fjárhæð einstakra lána, t. d. hjá veðdeild Búnaðarbankans, í samræmi við verðbreytingar og aðrar breyttar aðstæður. En þó að það sé gert, er það ekki nægilegt þeim mönnum til bjargar, sem hér eru hafðir í huga.

Einstakar frumvarpsgreinar þurfa ekki skýringa við.“

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um stuðning ríkisins við jarðhitaleit og jarðhitaframkvæmdir.

Flm.: Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf fyrir næsta Alþingi um fjárhagslegan stuðning við sveitarfélög til jarðhitaleitar og jarðhitaframkvæmda.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en var þá ekki útrædd. Er hún því endurflutt nú.

Það mun viðurkennt, að jarðhitinn sé einhver dýrmætasti fjársjóður landsins og til margvíslegra nota. Nú er það orðið nokkuð algengt, að ýmis sveitarfélög nýti hann m. a. til fjarhitunar húsa. Eru að því mikil þægindi fyrir þá, sem þess njóta, og það sparar stórar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri fyrir þjóðarbúið.

Þegar hafa nokkur sveitarfélög ráðizt í miklar hitaveituframkvæmdir, og má þar til nefna Reykjavík, Selfoss, Sauðárkrók og Ólafsfjörð. Hin sveitarfélögin eru þó fleiri, sem ekkert hafa getað aðhafzt í þessum efnum af völdum fjárskorts, og er þó vitað, að jarðhitasvæði eru í næsta nágrenni þeirra. Eru ótvíræðir þjóðfélags-

hagsmunir við það bundnir, að sveitarfélögum þessum sé gert kleift að nýta heita vatnið til fjarhitunar húsa. En til þess að svo megi verða, er nauðsynlegt, að þau eigi kost á fjárhagslegri aðstoð frá ríkisvaldinu, t. d. í formi hagkvæmra lána til langs tíma.

Nd. 31. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Einari Ingimundarsyni, Jóni Pálmasyni og Birni Pálssyni.

Við 1. gr. Á eftir 7. tölulið komi nýir töluliðir:

1. C. 14 orðist svo:
   Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi austan Línakradals, um Hrísa að Finnmörk.
2. Á eftir C. 39 komi nýr liður:
   Bæjarvegur: Frá Hofsósi á Siglufjarðarveg hjá Mannskaðahóli.
3. Á eftir C. 40 komi nýr liður:
   Siglunesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Hóli við Siglufjörð um Nesskriður á Siglunes.

Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um að reikna út tjón af völdum vinnustöðvana.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Hagstofu Íslands að reikna út eða áætla tjón af völdum vinnustöðvana. Skal hagstofan í fyrstu reikna út tjón vegna vinnustöðvana á árinu 1961. Framvegis skal hagstofan svo reikna þetta tjón út árlega og birta niðurstöður sínar. Einkanlega skal leitazt við að reikna út annars vegar fjölda tapaðra vinnustunda og heildarupphæð tapaðra vinnulauna hjá öllum þeim launþegum, er lagt hafa niður vinnu eða beinlínis misst af vinnu vegna vinnustöðvana, og hins vegar þá skerðingu á verðmæti útflutningsframleiðslunnar, sem ætla má að vinnustöðvanir hafi leitt af sér.

Greinargerð.

Öllum er ljóst, að verkföll og vinnudeilur hljóta óhjákvæmilega að kosta fórnir og leiða af sér margháttað tjón, hvað sem ávinningnum af þeim líður. Hér á landi hafa ekki verið haldnar neinar skýrslur yfir vinnustöðvanir og ekki verið rannsakað, hvaða efnahagslegu tjóni þær hafa valdið. Er eðlilegt, að úr þessu verði bætt, þar eð tjón af völdum vinnustöðvana bitnar ekki eingöngu á aðilum vinnudeilunnar, launþegum og vinnuveitendum, heldur engu síður á þeim, sem utan hennar standa, almenningi í landinu, svo og þjóðinni í heild. Í tillögu þessari felst það, að Hagstofa Íslands reikni út þá tvo höfuðþætti þessa tjóns, sem nauðsynlegast er að menn geti gert sér grein fyrir, þ. e. vinnustundatap og launamissi verkafólks og annarra launþega og framleiðsluskerðinguna hjá útflutningsatvinnuvegunum. Vinnustöðvanir valda að sjálfsögðu skaða á öðrum sviðum, en þá þætti tjónsins er torveldara að reikna út og meta.

Það hlýtur að vera æskilegt, að þjóðin geri sér glögga grein fyrir því tapi, sem af vinnustöðvunum leiðir, svo að hún geti metið það réttilega til frádráttar þeim ávinningi eða kjarabótum, er af þeim hlýzt. Mundi þá væntanlega koma í ljós, að í sumum tilfellum eru þeir hagsmunir, sem fórnað er, næstum jafnmiklir eða jafnvel meiri en þeir hagsmunir, sem um er deilt. Öruggar upplýsingar um þessi efni, byggðar á athugunum og útreikningum hlutlausrar og vel hæfrar stofnunar, ættu að verða mönnum hvatning til þess að leita allra ráða til að draga úr því tjóni, sem vinnustöðvanir orsaka í þjóðfélaginu. Helztu ráðin, sem þar kæmu til greina, væru öflug rannsóknar- og upplýsingastarfsemi um efnahags- og kjaramál, stóraukin sáttastörf í vinnudeilum, hlutdeild verkafólks í arði atvinnufyrirtækja og breytt skipulag verkalýðssamtakanna.

Nd. 33. Frumvarp til laga [32. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Í stað orðsins „þremur“ í 4. gr. laganna komi: fimm.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Hlutabréf annarra hluthafa, er hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, er ríkissjóði skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum 6% ársvöxtum af upphæðinni, frá því að þau voru keypt. Þó skal ríkisstjórninni heimilt að greiða hærra verð, ef hluthafar krefjast þess, enda hafi þá sérstök þingnefnd, er þingflokkarnir tilnefni hver einn mann í, samþykkt það mótatkvæðalaust.

Umboð núverandi stjórnar áburðarverksmiðjunnar fellur niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt ákvæðum 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umræður um áburðarvinnslu á Íslandi hófust fyrir alvöru árin 1934—1937, þegar skipulagsnefnd atvinnumála var að störfum. Lét hún gera allmiklar rannsóknir á möguleikum til framleiðslu tilbúins áburðar hér á landi.

Stjórnarfrumvarp um byggingu lítillar verksmiðju til framleiðslu köfnunarefnis var flutt á Alþingi 1944. Var frumvarpinu vísað til nýbyggingarráðs og því falið málið til frekari rannsókna. Á grundvelli rannsókna þeirra, er það lét gera, var aftur flutt stjórnarfrumvarp um byggingu áburðarverksmiðju á þinginu 1947, sem ekki náði þó afgreiðslu. Haustið 1948 var þetta frumvarp aftur flutt á Alþingi nokkuð breytt og verður að lögum vorið 1949.

Í öllum þeim miklu umræðum og athugunum, sem fram höfðu farið í sambandi við alla meðferð málsins í hálfan annan áratug, hafði enginn maður svo mikið sem imprað á því, að nokkur annar en ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, enda lá það ljóst fyrir öllum, að fjármagn til byggingar þess yrði ríkið að útvega annaðhvort með framlögum eða lánum. Það var fyrst á síðustu stigum málsins í önnum síð-

ustu þingdaga vorið 1949, að flutt var í efri deild breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi vera hlutafélag. Höfðu þó nefndir þær, sem um málið fjölluðu í báðum deildum, lagt til, að frv. yrði samþykkt óbreytt, verksmiðjan ótvíræð ríkiseign og ríkisrekin. Var breytingartillaga þessi samþykkt sem 13. gr. frumvarpsins.

Eins og lögin líta út núna, er svo ákveðið í 3. gr., að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. En í 13. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., skuli ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, til þess að hlutafé nemi 10 millj., og skuli þá verksmiðjan rekin sem hlutafélag.

Þannig standa ákvæði laganna, þar sem þessu síðara ákvæði hefur verið fylgt. Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, en rekin sem hlutafélag.

Á síðustu árum hafa hins vegar verið gerðar tilraunir til þess að túlka lögin þannig, að hlutafélagið ætti verksmiðjuna. Slíkar tilraunir stangast við lög og eru stórskaðlegar almenningshag.

Áburðarverksmiðja ríkisins er orðin gott fyrirtæki hvað afkomu snertir. Niðurstöðutölur rekstrarreiknings voru 1959 yfir 48 millj. kr. Þar af eru vinnulaun aðeins tæpar 5 millj. kr. En vextirnir, sem verksmiðjan verður að greiða, nema næstum sömu upphæð. Hreinar tekjur verksmiðjunnar það ár eru, ef farið er að lagafyrirmælum um framlag til fastra sjóða, tæpar 11 millj. kr.

Er því greinilegt, að hvort tveggja væri hægt, að hækka stórum laun verkamanna og lækka verð áburðar til bænda að miklum mun og hafa samt ríflegan rekstrarafgang. En sérstaklega sýnir þó þessi afkoma, að algerlega ófært er að láta það lengur viðgangast, að einhver vafi leiki á því, hvort slíkt fyrirtæki sem áburðarverksmiðjan sé einkaeign eða alþjóðareign, eins og lög mæla fyrir um.

Nú mun óhætt að fullyrða, að áburðarverksmiðjan sé um 350 millj. kr. virði. Þeir menn, sem halda því fram, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, eru í huga sínum að gefa einkahluthöfum, sem á sínum tíma lögðu fram 4 millj. kr. í hlutafé, 140 millj. kr. eign, þegar afskriftum væri lokið.

Þetta frv. er flutt til þess að taka af öll tvímæli um það, að þetta stærsta fyrirtæki Íslands er ríkiseign. Tilgangur þessa frv. er að vernda almenningseign gegn ásókn einstakra aðila, er sölsa vilja eign þessa undir sig.

Ég hef áður flutt þetta frv. í svipuðu formi og mun skýra allar aðstæður nánar í framsögu.

Nd. 34 Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Birni Fr. Björnssyni, Ágúst Þorvaldssyni, Guðlaugi Gíslasyni og Karli Guðjónssyni.

Framan við 1. tölulið koma nýir töluliðir:

1. Á eftir A. 14 kemur nýr liður:
   Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ingólfsfjalls um nýbýlahverfið, fram hjá Hvammi, Gljúfri og Sogni á Suðurlandsveg hjá Gljúfurholti.
2. Á eftir A. 19 kemur nýr liður:
   Búrfellsvegur: Af Sogsvegi hjá Ásgarði um Búrfell, Hæðarenda og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
3. A. 21 orðast svo:
   Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Minni-Borg, um Sólheima, Kringlu og Bjarnastaði, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.

4. Á eftir A. 30 koma tveir nýir liðir:
   a. *Skarðsvegur:* Af Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.
   b. *Laxárdalsvegur:* Af Gnúpverjavegi neðan Hamarsheiðar, hjá Mástungum og Skálabúðum að Laxárdal.
5. Á eftir A. 32 kemur nýr liður:
   Urriðafossvegur: Af Suðurlandsbraut skammt frá Þjótanda um Urriðafoss, Egilsstaðahverfi á Villingaholtsveg hjá Villingaholti.
6. Á eftir A. 37 kemur nýr liður:
   Háfsósabraut: Af þjóðveginum hjá Fífilbrekku um Kálfholt, hjá Sauðholti á þjóðveginn hjá Sandhólaferju.
7. Á eftir A. 39 kemur nýr liður:
   Bugavegur: Af Vetleifsholtsvegi við Vetleifsholt um Hellatún á þjóðveginn við Ás.
8. Á eftir A. 41 koma fjórir nýir liðir:
   a. *Útkróksvegur:* Af Landvegi að Hjallanesi, Flagbjarnarholti og Vindási.
   b. *Lækjarvegur:* Af þjóðvegi við Stúfholt um Læk að Akbraut.
   c. *Hvammsvegur:* Af þjóðveginum hjá Múla um Hellur að Hvammi.
   d. *Bjallavegur:* Af þjóðveginum við Bjallalæk, um Bjalla og Hrólfsstaðahelli að Húsgarði.
9. Á eftir A. 46 kemur nýr liður:
   Keldnavegur: Af þjóðveginum austan við Reyðarvatn um Keldur að Reynifelli.
10. Á eftir A. 47 kemur nýr liður:
   Árgilsstaðavegur: Af þjóðveginum við Völl að Árgilsstöðum.
11. Á eftir A. 49 kemur nýr liður:
   Sigluvíkurvegur: Af þjóðveginum við Fljótsveg um Sigluvík að Skúmsstöðum.
12. Á eftir A. 50 koma tveir nýir liðir:
   a. *Krossvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Sel og Hildisey að uppþurrkunarskurðinum sunnan Kross.
   b. *Affallsvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Kanastaði á þjóðveginn hjá Úlfsstaðahverfi.
13. A. 53 orðast svo:
   Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð, um Múlakot og Barkarstaði að Fljótsdal.
14. Á eftir A. 53 koma tveir nýir liðir:
   a. *Vatnsdalsvegur:* Af þjóðveginum við Torfastaðagróf um Tumastaði og Tungu að Vatnsdal.
   b. *Markarfljótsvegur:* Frá Markarfljótsbrú vestan Dímonar á Fljótshlíðarveg hjá Árkvörn.
15. Á eftir A. 54 kemur nýr liður:
   Hólmabæjavegur: Frá vegamótum á Markarfljótsaurum um Dalsel, Borgareyrar og Svanavatn á Landeyjaveg syðri norðan Miðeyjar.
16. Á eftir A. 57 kemur nýr liður:
   Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi sunnan Lambafells um Raufarfells- og Rauðafellsbæi á Suðurlandsveg vestan Kaldaklifsár.
17. Á eftir A. 59 kemur nýr liður:
   Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Pétursey, með byggðinni sunnan Péturseyjar á Suðurlandsveg vestan við eyna.
18. Á eftir A. 65 kemur nýr liður:
   Meðallandsvegur syðri: Af Meðallandsvegi austan við Efri-Ey um Bakkakot, Sandhól, Háu-Kotey, Lágu-Kotey, Nýjabæ, Rofabæ, Strönd á Meðallandsveg ofan Strandar.

19. A. 66 orðast svo:
Holtsvegur á Síðu: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti, inn Holtsdal, um Skaftárdal að Búlandi í Skaftártungu.
20. Á eftir A. 73 kemur nýr liður:
Dalavegur í Vestmannaeyjum: Frá Kirkjutorgi til flugvallar.

Ed. 35. Frumvarp til laga [33. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:
1. Í stað orðanna „nálægt Bakka að Gautsdal“ í B. 75 komi: nálægt Bakka, um Valshamar, Gautsdal og Ingunnarstaði á Vesturlandsveg við Tinda.
2. B. 76 orðist svo:
Reykhólasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, kringum Reykjanes á Vesturlandsveg hjá Kinnarstöðum.
3. Á eftir B. 76 komi nýr liður:
Borgarvegur: Af Vesturlandsvegi á Hrísholsmelum um Hafrafell að Borg.
4. B. 77 orðist svo:
Gufudalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gröf, Hallsteinsnes, Djúpadal, Gufudal, Skálanes, Kollafjörð að Kletti.
5. Á eftir B. 77 komi nýr liður:
Djúpvegur: Af Barðastrandarvegi á Klettshálsi um Kollafjarðarheiði á Ögurveg í Ísafirði.
6. Í stað orðanna „að Litlanesi“ í B. 80 komi: um Litlanes og Hjarðarnes á Barðastrandarveg í Vatnsfirði.
7. Á eftir B. 82 komi tveir nýir liðir:
a. *Tröllatunguvegur:* Af Strandavegi við Hvalsá um Tröllatungu, yfir Tröllatunguheiði á Gautsdalsveg í Geiradal.
b. *Trékyllisheiðarvegur:* Af Strandavegi nálægt Bólstað um Trékyllisheiði í Kúvíkur.
8. Í stað orðanna „með álmu frá Melum til Norðurfjarðar“ í B. 84 komi: með álmum frá Melum um Norðurfjörð að Munaðarnesi og Felli.
9. Á eftir B. 86 komi nýr liður:
Gilsstaðavegur: Af Selstrandarvegi um Selárbrú að Gilsstöðum.
10. Aftan við B. 87 bætist: með álmum að Laugalandi og Skjaldfönn.
11. Á eftir B. 88 komi nýr liður:
Grunnavíkurvegur: Frá Sandeyri um Snæfjallaheiði að Sætúni í Grunnavík.
12. Á eftir B. 89 komi nýr liður:
Laugardalsvegur: Af Ögurvegi hjá Strandseljum fram Laugardal, um Blámýrar, Laugaból, Birnustaði, Hrafnabjörg og Hagakot á Ögurveg austan Laugardalsár.
13. Á eftir B. 93 komi tveir nýir liðir:
a. *Reiðhjallavegur:* Af Bolungarvíkurvegi í mynni Syðridals að Reiðhjallavirkjun.
b. *Skálavíkurvegur:* Frá Bolungarvík um Skálavík ytri að Meira-Bakka.
14. Fyrir orðin „til Álftamýrar“ í B. 108 komi: til Stapadals.
15. Á eftir B. 111 komi nýr liður:
Botnsvegur: Frá Trostansfirði fyrir mynni Norðdals að Langabotni.

16. Í stað orðanna „að Hvammseyri“ í B. 113 komi: um Hvammseyri að Suðureyri.
17. Við B. 115 bætist: með álmu frá Helguþúfu, neðan Aurbrekku um Móberg að Melanesi.
18. B. 116 orðist svo:
    Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi austan Hvalskers, um Sauðlauksdal, Örlygshöfn, Hafnarfjall, Breiðuvík, Hvallátra að Bjargtangavita.
19. Aftan við B. 117 bætist: og þaðan um Hænuvík á Örlygshafnarveg við Geitagil.
20. Á eftir B. 117 komi nýr liður:
    Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi við Haukabergsá um Holt og Hreggstaði að Siglunesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það mun almennt viðurkennt, að fátt hafi meiri áhrif á það, hversu eftirsóknarvert er að búa í sveitum þessa lands, en samgöngur byggðanna. Þar sem samgöngur hafa lengi verið í góðu lagi, er fátt um eyðijarðir. Hins vegar eru mörg sorgleg dæmi um það, hvernig óviðunandi samgöngur hafa lagt í eyði fjölmargar sæmilegar bújarðir og jafnvel hálf eða heil sveitarfélög.

Ekkert hérað er jafnilla sett með samgöngur á landi sem Vestfirðir. Að sjálfsögðu verður ekki úr því bætt nema með stórauknum fjárveitingum, en hins þarf einnig að gæta, að í tölu þjóðvega séu flestir þeir vegir, sem nauðsynlegt er að leggja vegna atvinnu fólks og framleiðslu.

Þar sem nú eru liðin 6 ár, síðan vegalögum var síðast breytt, má nærri geta, að þörf sé nú orðin á endurskoðun þessara mála og þó sérstaklega þar, sem ástandið er lakast, eins og raun ber vitni um Vestfirði, og þess vegna er frumvarp þetta flutt.

Nd. 36. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Pálmasyni og Einari Ingimundarsyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

1. Á eftir C. 2 komi nýr liður:
   Heggstaðavegur vestri: Af Norðurlandsvegi sunnan Tannsstaða að Bálkastöðum.
2. C. 4 orðist svo:
   Heggstaðavegur eystri: Af Norðurlandsvegi í Miðfirði um Sanda að Heggstöðum, með hliðarálmu að Bessastöðum.
3. C. 8 orðist svo:
   Þorgrímsstaðavegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Þorgrímsstöðum, með álmu að Egilsstöðum.
4. Á eftir C. 9 komi nýr liður:
   Bjargavegur: Af Vesturhópsvegi sunnan Vesturhópsvatns um Bjarghús, yfir Björg á Borgarveg hjá Síðu.
5. Aftan við C. 15 bætist: þaðan út austan ár og á Norðurlandsveg hjá Lækjamóti.
6. Á eftir C. 16 komi nýr liður:
   Hagavegur: Af Húnvetningabraut hjá Sveinsstöðum að Þingeyrum.

7. C. 21 orðist svo:
   Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar að Bollastöðum.
8. Aftan við C. 22 bætist: með hliðarálmu að Hrafnabjörgum.
9. Fyrir orðin „að Stafnsrétt“ í C. 23 komi: að Fossum.
10. Á eftir C. 23 komi nýr liður:
    Svartárdalsvegur vestan ár: Frá Skeggjastöðum að Hóli með hliðarálmu um Svartárbrú fremri og Svartárdalsveg austan ár.
11. Fyrir orðin „að Skrapatungu“ í C. 25 komi: að Núpi.

Nd. 37. Frumvarp til laga [34. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi, sem undirritaður var á fundi félagsmálaráðherra Norðurlanda í Pallastunturi hinn 13. september 1961 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem gerðu með sér samning um félagslegt öryggi 15. september 1955, eru ásáttar um að 4. gr. í nefndum samningi skuli breytt eins og segir hér á eftir:

4. grein.

Ríkisborgarar hvers samningsríkis eiga rétt á ellilífeyri ásamt viðbótargreiðslum í öðru samningsríki með sömu skilyrðum og eftir sömu reglum og borgarar þess ríkis, enda hafi sá, er hlut á að máli, dvalið í síðar nefnda ríkinu samfleytt

OVERENSKOMST

mellem Danmark, Finland, Ísland, Norge og Sverige om ændring af konventionen mellem samme stater af 15. september 1955 om social tryghed.

Regeringerne i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige, som den 15. september 1955 har indgået en konvention om social tryghed, er blevet enige om, at artikel 4 i den nævnte konvention skal affattes som angivet nedenfor:

Artikel 4

Statsborgere fra et af de kontraherende lande er i et andet af landene på samme betingelser og efter samme regler som landets egne statsborgere berettiget til folkepension med tillægsydelser, såfremt pågældende har opholdt sig i sidstnævnte

a. m. k. 5 síðustu árin, áður en umsókn um ellilífeyri er lögð fram.

Ef hlutaðeigandi maður fær greiðslur þær, sem um ræðir í 2. og 3. grein, í dvalarlandinu, flyzt hann án tillits til dvalartíma yfir á ellilífeyri eftir sömu reglum og ríkisborgarar dvalarlandsins.

Nú nýtur ríkisborgari einhvers samningsríkjanna ellilífeyris ásamt viðbótargreiðslum samkvæmt lögum þess ríkis, og skal hann þá halda þeim rétti, er hann flytur til annars samningsríkis, þar til hann uppfyllir þau skilyrði, sem sett eru um lífeyrisaldur og dvalartíma til þess að öðlast rétt til lífeyris frá dvalarlandinu. Flytji hlutaðeigandi maður til heimalands síns, glatar hann þó réttinum til lífeyris í síðasta lagi, þegar hann nær ellilífeyrisaldri, sem gildir í heimalandi hans.

land uafbrudt i mindst 5 år, umiddelbart før begæring om folkepension fremsættes.

Oppebærer pågældende fra opholdslandet de i artiklerne 2 og 3 nævnte ydelser, overgår han uden hensyn til opholdstid til folkepension efter samme regler som opholdslandets egne statsborgere.

Oppebærer en statsborger fra et af de kontraherende lande folkepension efter lovgivningen i et sådant land, bevarer han retten hertil ved flytning til et andet af landene, indtil han opfylder de vilkår, som gælder vedrørende pensionsalder og opholdstid for at opnå ret til pension i opholdslandet. Flytter pågældende til sit hjemland, mister han dog retten senest, når han opnår den i hjemlandet gældende pensionsalder.

Samning þenna skal fullgilda, og skal fullgildingarskjölunum, svo fljótt sem unnt er, komið til varðveizlu í danska utanríkisráðuneytinu.

Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem hefst að liðnum tveim almanaksmánuðum frá þeim degi, er fullgildingarskjöl allra landanna hafa verið afhent til varðveizlu. Hann er óskiptur hluti samningsins frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi, og er því ekki hægt að segja honum upp sér í lagi.

Samningurinn skal varðveittur í skjalasafni danska utanríkisráðuneytisins, og skal það láta ríkisstjórnum allra hinna landanna í té staðfest afrit af honum.

Denne overenskomst skal ratificeres, og ratifikationsinstrumenterne skal snarest muligt deponeres i det danske udenrigsministerium.

Overenskomsten træder i kraft den første dag i den måned, som indtræder to fulde kalendermåneder efter den dag, da samtlige landes ratifikationsinstrumenter er blevet deponeret. Den udgør en integrerende del af konventionen af 15. sepember 1955 om social tryghed og kan derfor ikke opsiges særskilt.

Overenskomsten skal deponeres i det danske udenrigsministeriums arkiv, og bekræftede afskrifter skal af det danske udenrigsministerium tilstilles hver af de kontraherende landes regeringer.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað samning þenna.

Gert í Pallastunturi í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland en hinum fyrir Svíþjóð, hinn 13. september 1961.

Til bekræftelse heraf har de respektive befuldmægtigede undertegnet denne overenskomst.

Udfærdiget i Pallastunturi i et eksemplar på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk, således at der på svensk er udfærdiget to tekster, en for Finland og en for Sverige, den 13. september 1961.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1955 gerðu Ísland, Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð með sér samning um félagslegt öryggi, og var ríkisstjórn Íslands með lögum nr. 53 frá 9. apríl 1956 veitt heimild til að fullgilda hann fyrir Íslands hönd. Samningurinn gekk í gildi 1. nóvember 1956.

Með samningi þessum var komið á þeirri meginreglu, að ríkisborgarar hvers þessara samningsríkja njóti sama réttar og ríkisborgarar þess samningsríkis, sem þeir dvelja í, að því er tekur til hinna ýmsu greina almannatrygginganna svo og framfærslu og greiðslu meðlaga af hálfu hins opinbera.

Í einstökum tilfellum er þessi réttur til bóta bundinn skilyrðum um dvalartíma í landinu. Þannig er t. d. svo kveðið á, að til þess að njóta ellilífeyris í dvalarlandinu þarf lífeyrisþeginn að hafa dvalið þar í landi samfleytt a. m. k. fimm síðustu árin áður en umsókn um ellilífeyri er lögð fram.

Nú er það almenn regla, að bætur samkvæmt almannatryggingalögum eru ekki greiddar, meðan bótaþegi er búsettur erlendis.

Þetta búsetuskilyrði samningsins hefur það því í för með sér, að ellilífeyrisþegi, sem flytur milli samningsríkja, glatar rétti til ellilífeyris í landinu, sem hann flytur frá, en öðlast ekki rétt til lífeyris í nýja dvalarlandinu fyrr en að fimm árum liðnum. Hann verður því án ellilífeyris um fimm ára skeið.

Þar sem þetta þótti mjög óhagkvæmt ellilífeyrisþegum, tók Norræna félagsmálanefndin þetta mál til athugunar og ræddi á fundum sínum leiðir til að brúa þetta bil, sem yrði á greiðslum ellilífeyris. Árangur þeirra umræðna varð samningur sá, sem undirritaður var á félagsmálaráðherrafundi Norðurlanda í september s. l. og prentaður er sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu.

Efni þessa nýja samnings er það, að ríkisborgari samningsríkis, sem nýtur ellilífeyris og viðbótargreiðslna, heldur þeim rétti, er hann flytur til annars samningsríkis, þar til hann uppfyllir þau skilyrði, sem sett eru um lífeyrisaldur og dvalartíma til þess að öðlast rétt til lífeyris frá dvalarlandinu. Flytji lífeyrisþeginn til heimalands síns, glatar hann þó réttinum til lífeyris í síðasta lagi þegar hann nær ellilífeyrisaldri, sem gildir í heimalandi hans.

Með samningi þessum er því að mestu komið í veg fyrir, að bótagreiðslur til ellilífeyrisþega samningsríkjanna slitni við flutning milli ríkjanna. En þess ber að geta, að það eru einungis skilyrðin um aldursmark og dvalartíma í nýja dvalarlandinu, sem hafa áhrif á niðurfellingu greiðslna frá fyrra dvalarlandinu. Þegar þeim tveim skilyrðum er fullnægt, falla greiðslurnar niður, enda þótt hlutaðeigandi maður, vegna annarra skilyrða, yrði ekki ellilífeyris aðnjótandi í nýja dvalarlandinu.

Þar sem almannatryggingalögin íslenzku gera ekki ráð fyrir bótagreiðslum til manna erlendis, er nauðsynlegt að fá með lögum heimild til staðfestingar á samningi þessum.

Nd. 38. Frumvarp til laga [35. mál]

um atvinnubótasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Stofna skal atvinnubótasjóð, sem vera skal eign ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er:

a. að veita lán eða styrki til þess að auka atvinnu og framleiðslu á þeim stöðum í landinu, sem þörfin er brýnust.
b. að veita lán til þess að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

a. Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 100 000 000.00, sem greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1962.

b. Eftirstöðvar lána þeirra, sem veitt hafa verið til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu, samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga.

3. gr.

Stjórn atvinnubótasjóðs skipa fimm menn, sem kosnir eru hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi hvers kjörtímabils. Jafnmargir varamenn skulu kosnir með sama hætti. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Félagsmálaráðherra ákveður laun stjórnarnefndarmanna, og greiðast þau, ásamt öðrum kostnaði, úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um lán og styrki, sem veitt eru úr sjóðnum. Að jafnaði skulu lán og styrkir, samkvæmt 1. gr. a., ganga fyrir lánum, sem veitt eru samkvæmt 1. gr. b. Svo skulu og lán eða styrkir til atvinnuaukningar á stöðum, sem við atvinnuleysi búa, ganga fyrir lánum eða styrkjum til þeirra staða, sem að þessu leyti eru betur settir.

Samþykki allra stjórnarnefndarmanna þarf til þess að veita styrki, sbr. 1. gr. a., og styrk skal eigi veita nema sérstakir erfiðleikar séu fyrir hendi.

5. gr.

Sjóðstjórninni er rétt að breyta greiðsluskilmálum lána þeirra, sem um ræðir í 2. gr. b., ef samkomulag næst um slíkar breytingar við lántakendur. Heimild þessi nær til þess að lengja greiðslutíma lánanna, lækka vexti eða gefa eftir af lánunum að einhverju eða öllu leyti, ef sérstakar ástæður mæla með slíkri eftirgjöf. Samþykki allra stjórnarnefndarmanna þarf þó til eftirgjafar lánanna.

6. gr.

Umsókn um lán eða styrk úr sjóðnum skal senda sjóðstjórn, og skal fylgja umsókninni:

a. Upplýsingar um tryggingu fyrir láni og veðbókarvottorð, ef um skip eða fasteign er að ræða.
b. Vottorð vinnumiðlunar (sveitarstjórnar) um atvinnuástandið í sveitarfélagi þar sem lántakandi hyggst reka starfsemi þá, sem láns er óskað til.
c. Umsögn sveitarstjórnar um umsóknina.
d. Umsögn Fiskifélags Íslands, Búnaðarfélags Íslands eða Iðnaðarmálastofnunar ríkisins, eftir því sem við á, ef sótt er um lán skv. 1. gr. b.
e. Aðrar þær upplýsingar, sem stjórn sjóðsins kann að óska eftir.

7. gr.

Sjóðstjórnin getur óskað upplýsinga varðandi umsóknir frá hverjum, sem er, og er öllum skylt að láta henni slíkar upplýsingar í té, eftir því sem föng eru á.

8. gr.

Vextir af lánum, sem veitt eru úr sjóðnum, samkvæmt 1. gr. b., skulu vera almennir útlánsvextir banka og sparisjóða. Vextir af öðrum lánum skulu eigi vera hærri en 6% p. a.

9. gr.

Atvinnubótasjóður skal vera í vörzlu Framkvæmdabanka Íslands, sem annast bókhald sjóðsins og daglega afgreiðslu mála á hans vegum eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnar. Handbært fé sjóðsins skal ávaxta í Seðlabankanum.

Ráðherra ákveður þóknun til bankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

10. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd af endurskoðendum Framkvæmdabankans.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Sjóðstjórn er heimilt að afla upplýsinga um atvinnuástandið í hinum ýmsu byggðarlögum í landinu og gera um það skýrslu. Sömuleiðis er sjóðstjórninni rétt að gera áætlun um uppbyggingu atvinnuveganna í einstökum byggðarlögum, til hliðsjónar við veitingu lána úr sjóðnum til slíkra byggðarlaga um lengra eða skemmra tímabil.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með ályktun Alþingis frá 29. marz 1961 var skorað á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins, m. a. með stofnun jafnvægissjóðs ásamt ákvæðum um framlög í því skyni og úthlutun þess fjár. Skyldi tilgangur þessarar löggjafar fyrst og fremst vera sá að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu.

Á undanförnum árum hafa verið lögð fram á Alþingi ýmis frumvörp um þetta efni, sem ekki hafa náð fram að ganga.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið af félagsmálaráðuneytinu samkvæmt áðurnefndri þingsályktun. Við samningu þess hefur verið höfð hliðsjón af hinum ýmsu frumvörpum, sem áður hafa verið til meðferðar á Alþingi svo og af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af meðferð atvinnuaukningafjárins á undanförnum árum.

Svo sem kunnugt er hefur verið varið fé úr ríkissjóði til atvinnuaukningar í landinu á hverju ári síðan 1951. Greiðslur þessar eru eins og hér greinir:

Árið	1951	kr.	1975000.00
—	1952	—	4460987.12
—	1953	—	3923346.21
—	1954	—	8842000.00
—	1955	—	6950000.00
—	1956	—	7963375.00
—	1957	—	15262175.00
—	1958	—	13500000.00
—	1959	—	14205000.00
—	1960	—	14585000.00
—	1961	—	10095000.00
	Samtals	kr.	101761883.33

Framan af eða til ársins 1958, var atvinnuaukningafénu úthlutað í félagsmálaráðuneytinu í samráði við atvinnumálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið, en síðan 1958 hefur nefnd, kosin á sameinuðu Alþingi annast úthlutunina. Félagsmálaráðuneytið hefur síðan afgreitt lán og styrki, samkvæmt úthlutun nefndarinnar. Langsamlega mest af þessu fé hefur verið úthlutað sem lánum, en aðeins litlum hluta sem styrkjum.

Verður nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni er hlutverk sjóðsins tvíþætt. Annars vegar skal með lánum eða styrkjum unnið að því að auka atvinnu á þeim stöðum í landinu, sem atvinnu hefur skort. Á þetta við þá staði, sem búa við árstíðabundið atvinnuleysi, en það er allvíða, einkum af veðurfarsástæðum. Segja má, að nú um mörg undanfarin ár hafi ekki gætt atvinnuleysis af öðrum sökum. Upphaflega var tilgangurinn

með þessum fjárveitingum eingöngu sá, að greiða fram úr atvinnuörðugleikum á ýmsum stöðum, þar sem bjargarleysi var vegna atvinnuskorts. Snemma var þó vikið nokkuð frá þessu sjónarmiði og lán veitt t. d. til báta- og skipakaupa einnig á stöðum, sem ekki áttu við atvinnuleysi að stríða. Á síðustu árunum mun því minna hafa gætt atvinnuleysissjónarmiðsins en áður var, enda mun nokkur árangur hafa náðst í því, að draga úr atvinnuleysi, þar sem ástandið var verst, m. a. vegna þessara fjárveitinga.

Hins vegar er í greininni gert ráð fyrir lánveitingum til þess að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu. Styrkir verða ekki veittir í þessu augnamiði, og í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir venjulegum útlánsvöxtum á lánum, sem veitt eru í þessu augnamiði, en hámark vaxta af öðrum lánum 6% p. a.

Þessi aðgreining á starfsemi sjóðsins er í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur um meðferð atvinnuaukningafjárins. Hér eftir sem hingað til verður höfuðmarkmiðið að vinna gegn atvinnuleysi, en jafframt er opnuð leið til lánveitinga, er stuðla eiga að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða, þó svo að aðaltilgangurinn, þ. e. að útrýma atvinnuleysi, sitji jafnan í fyrirrúmi, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Lagt er til, að stofnfé atvinnubótasjóðs verði fengið eftir tveim leiðum:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til sjóðsins, er nemi 10 millj. króna á ári í næstu 10 ár, samtals 100 millj. kr. Á árunum 1952—1961 (incl.) hefur verið varið samtals kr. 99786883.33 til atvinnuaukningar, eða aðeins minna en 10 millj. króna á ári að meðaltali. Er hér lagt til, að svipað framlag verði úr ríkissjóði næstu 10 ár og verið hefur síðustu 10 árin.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að eftirstöðvar þeirra lána, sem veitt hafa verið til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu, samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga, verði stofnfé sjóðsins. Hér er um að ræða framangreinda fúlgu, kr. 101761883.33, þó með þeirri athugasemd, að styrkir sem veittir hafa verið eru meðtaldir í þessari fjárhæð, og afborganir sem kunna að hafa verið greiddar af lánunum eru ekki dregnar frá, en á móti þessu tvennu koma svo áfallnir vextir, sem ekki hafa verið greiddir, þegar frumvarp þetta verður að lögum. Ekki er auðvelt að gera sér grein fyrir, hve mikið fjármagn er hér um að ræða, þar eð sjálfsagt verður að gera ráð fyrir verulegum afföllum á þessum lánum, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Nefnd sú, sem kosin hefur verið til þess að úthluta atvinnuaukningarfé áranna 1958—1961, hefur verið kosin af Alþingi, og hún hefur verið skipuð fimm mönnum. Lagt er til, að skipun stjórnar atvinnubótasjóðs verði með sama hætti.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, sbr. það, sem segir í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir, að hafizt verði handa um innheimtu þeirra atvinnuaukningalána, sem veitt hafa verið til þessa, og að sjóðstjórnin hlutist til um nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu og allsherjaruppgjörs á þeim lánum. Í því sambandi er nauðsynlegt, að stjórn sjóðsins hafi heimild til að breyta lánskjörum, svo sem að lengja lánstímann, lækka vexti eða gefa eftir af lánunum að einhverju eða öllu leyti. Ákvæðið um að samþykki allra stjórnarnefndarmanna þurfi til eftirgjafar láns er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 4. gr. þegar um styrk er að ræða.

Um 6. gr.

Hér eru ákvæði um það, hvaða gögn skuli fylgja umsókn um styrk eða lán úr atvinnubótasjóði.

Ákvæði a-liðs þarfnast ekki skýringa.

Rétt virðist að krefjast vottorðs vinnumiðlunar um atvinnuástandið í því sveitarfélagi, sem lántakandi eða styrkþegi hyggst reka starfsemi þá, sem aðstoðar er óskað til. Í Reykjavík og sumum stærri kaupstöðum er rekin sérstök vinnumiðlun, samkvæmt lögum nr. 52/1956. Annars staðar annast sveitarstjórnir vinnumiðlun hver í sínu sveitarfélagi. Þeir, sem annast vinnumiðlun, eiga að hafa kunnugleika til þess að votta almennt um atvinnuástandið, en upplýsingar um það atriði skipta meginmáli um það, hversu skuli afgreiða umsókn um lán eða styrk úr sjóðnum.

Lengi framan af var krafizt umsagnar sveitarstjórnar um lán eða styrk af atvinnuaukningarfé, og slíkar umsóknir voru ekki afgreiddar fyrr en sú umsögn lá fyrir. Hin síðari ár mun ekki ætíð hafa verið krafizt umsagnar sveitarstjórnar. Hins vegar virðist það mjög eðlilegt, að leitað sé álits sveitarstjórnar um lán eða styrki úr sjóðnum, og er því lagt til, að slík umsögn eða álitsgerð skuli fylgja umsókn, sbr. c-lið greinarinnar.

Þegar um er að ræða lán til hagnýtingar góðra framleiðsluskilyrða, virðist nauðsynlegt, að fyrir liggi umsögn einhvers þess aðila, sem um ræðir í d-lið greinarinnar, eftir því sem við á.

Það getur einatt borið við, að sjóðstjórnin telji nauðsyn til þess bera að afla frekari upplýsinga áður en afstaða er tekin til umsóknar. Í því sambandi má t. d. nefna reksturs- og kostnaðaráætlun þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru, o. fl.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Eðlilegt virðist, að vextir af lánum, sem veitt kunna að verða til hagnýtingar góðra framleiðsluskilyrða, séu með venjulegum bankavöxtum, þar eð framkvæmdir, sem til er stofnað á þeim grundvelli, hljóta jafnan að verða mjög arðvænlegar.

Öðru máli gegnir um sumar aðrar lánveitingar, sem einatt munu verða hæpnari frá beinu fjárhagslegu sjónarmiði, þar eð framkvæmdir þær, sem lánin ganga til, eru fyrst og fremst ætlaðar til atvinnubóta, en síður til þeirra stofnað í gróðaskyni. Er því lagt til, að vextir slíkra lána verði ekki hærri en 6% p. a.

Um 9. gr.

Störf þau, sem tengd eru atvinnubótasjóði, samkvæmt þessu frumvarpi, munu verða all-umfangsmikil. Á þetta ekki sízt við um innheimtu og uppgjör eldri lána. Hér er um að ræða venjulega bankastarfsemi, sem erfitt og kostnaðarsamt yrði að reka á vegum ráðuneytisins. Er því lagt til með grein þessari, að Framkvæmdabankanum verði falin sjóðsvarzla, bókhald og dagleg afgreiðsla á vegum sjóðsins, að sjálfsögðu eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnarinnar.

Þar sem atvinnubótasjóður er eign ríkisins og til orðinn fyrir framlög þess, virðist eðlilegt að ákveða, að handbært fé sjóðsins verði ávaxtað í Seðlabankanum.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Öflun upplýsinga og skýrslugerð sú, sem um ræðir í grein þessari, má teljast vænleg til þess að vísa veginn fyrir sjóðstjórnina við úthlutun fjár úr sjóðnum til hinna ýmsu byggðarlaga í landinu. Þá er slík gagnaöflun nauðsynleg, ef miða ætti ráðstafanir sjóðstjórnar til atvinnubóta við lengra tímabil á einum eða fleiri stöðum í landinu.

Hér er um að ræða heimild fyrir sjóðstjórnina, sem hún metur sjálf, hvort notuð verður og þá að hve miklu leyti.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. **39. Frumvarp til laga** [36. mál]

um sveitarstjórnarkosningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Lög um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, skulu gilda um kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda, eftir því, sem við á, með þeim frávikum, sem lög þessi ákveða.

Við sveitarstjórnarkosningar gildir eigi 3. tl. 1. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 2. tl. 15. gr. sömu laga.

2. gr.

Í hverju sveitarfélagi, sem skipt er í kjördeildir, skal vera yfirkjörstjórn, skipuð þrem mönnum. Sveitarstjórn kýs, að viðhöfðum hlutfallskosningum, yfirkjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda sveitarfélagsins og jafn marga til vara.

Þar sem sveitarfélagi er ekki skipt í kjördeildir, skal ekki kosin yfirkjörstjórn, en undirkjörstjórn annast þá störf yfirkjörstjórnar.

Kjörstjórnir kjósa sér oddvita úr sínum hópi og skipta með sér störfum.

3. gr.

Við kosningar í hreppum mega frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hreppsnefndinni.

4. gr.

Nú ber nauðsyn til, að sveitarstjórnarkosningar, aðrar en almennar sveitarstjórnarkosningar, fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er ráð gert fyrir, og má þá sveitarstjórn stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

5. gr.

Meðmælendur framboðs mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40 og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má áfrýja til sveitarstjórnar. Úrskurði sveitarstjórnar má áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 15. gr., ef úrskurður fellur um, að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

6. gr.

Sveitarstjórnir láta kjörstjórnum í té gerðabækur, sem skulu vera gegnumdregnar og löggiltar af sýslumönnum eða bæjarfógetum (í Reykjavík borgarfógeta).

7. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi.

Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn: **Kjörseðill við bæjarstjórnar (hreppsnefndar) kosningar í ..... kaupstað (hreppi)** með dagsetningu og ártali.

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, skal kjörseðill vera hæfilega stór og úr haldgóðum pappír, sem skrift sést ekki í gegnum.

8. gr.

Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórnmálaflokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð, eftir því sem þeir hafa borizt henni, eða eftir samkomulagi við umboðsmenn, með bókstöfum næst á eftir bókstöfum stjórnmálaflokkanna.

9. gr.

Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin, gerir hún þau kunn almenningi með auglýsingu, sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

10. gr.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notuð eru við kosningar til Alþingis, er heimilt að nota við sveitarstjórnarkosningar.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar kosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandinn gengur inn í kjörklefann og skrifar á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra manna, sem hann vill kjósa.

Brýtur kjósandi síðan seðilinn saman, þannig, að það sem á hann var ritað, veit inn, og stingur honum niður í atkvæðakassann.

12. gr.

Þegar kosning er óhlutbundin, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp nöfnin, sem á kjörseðlinum standa og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir skrá atkvæðin jafnóðum. Þeir, sem flest atkvæði fá, eru rétt kjörnir. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafn mörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri, ræður hlutkesti.

Þegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt.

13. gr.

Nú eru framboð viðhöfð í kosningu sýslunefndarmanna og skal þá kjörseðill þannig gerður, að prenta skal nöfn frambjóðenda og heimilisföng í stafrófsröð, hvert niður af öðru á kjörseðilinn.

Kosning fer fram með þeim hætti, að kjósandinn setur kross með ritblýi framan við nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa.

14. gr.

Sveitarstjórnarkosningar má kæra skriflega fyrir sveitarstjórn, og skal kæra komin í hendur sveitarstjórnar innan 14 daga frá því, er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal láta uppi álit sitt innan viku frá því að hún fékk kæruna og sveitarstjórn kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðuneytisins, og skal tilkynning um áfrýjunina komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Kosningu sýslunefndarmanna má kæra innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

15. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar, hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Sýslunefnd úrskurðar þessi atriði, ef sýslunefndarmaður á í hlut. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar og sýslunefndar til félagsmálaráðuneytisins.

Skjóta má úrskurði ráðuneytisins, samkvæmt grein þessari, til dómstólanna.

16. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar og kosningu sýslunefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1962. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er ekki um að ræða mikilvægar efnisbreytingar frá gildandi ákvæðum. Í núgildandi lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 81 frá 1936, eru ýmis ákvæði, sem ekki varða kosningar beinlínis, en fjalla hins vegar um skipulag sveitarstjórnanna. Þessi ákvæði falla nú úr gildi 1. janúar 1962 við gildistöku hinna nýju sveitarstjórnarlaga, en öll ákvæði um stjórn og skipulag sveitarstjórna voru tekin upp í þau lög. Um leið og þessi breyting verður, þykir rétt að endursemja lögin um sveitarstjórnarkosningar.

Við þessa endursamningu laganna koma tvær leiðir til álita. Það mætti semja heildarlög um sveitarstjórnarkosningar, sem geymdu öll þau ákvæði, sem nota þarf við kosningarnar. Í öllum verulegum atriðum eru kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna alveg eins. Slík sérlög fyrir sveitarstjórnarkosningar yrðu því að mestu leyti endurprentun laganna um kosningar til Alþingis. Frávikin, sem nauðsynleg væru, eru hvorki mörg né fyrirferðarmikil og mundu sennilega verða torfundin fyrir suma þá, sem framkvæma ættu kosningalögin. Hin leiðin, sem til álita kemur, er sú, að ákveða að lögin um kosningar til Alþingis skuli gilda um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á, og setja jafnframt ákvæði um þau atriði, sem annað hvort eiga ekki við um sveitarstjórnarkosningar eða vantar vegna sérstöðu sveitarstjórnarkosninganna. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er síðari leiðin valin.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og áður er að vikið, er svo fyrir mælt í grein þessari, að lögin um Alþingiskosningar skuli gilda um sveitarstjórnarkosningar eftir því sem við á með þeim frávikum, sem nánar greinir í frumvarpinu.

Skilyrði um 5 ára búsetu í landinu, sbr. 3. tl. 1. gr. laga nr. 52/1959, hefur ekki gilt um sveitarstjórnarkosningar, sjá 6. gr. sveitarstjórnarkosningalaga nr. 81/1936. Þykir ekki ástæða til að breyta þeirri reglu.

Um 2. gr.

Grein þessi er að mestu leyti efnislega samhljóða 10. og 24. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar, sbr. og 10. gr. laga nr. 52/1959. Ákvæði IV. kafla þeirra laga um landskjörstjórn og að nokkru ákvæðin um yfirkjörstjórn eiga ekki við um sveitarstjórnarkosningar.

Um 3. gr.

Ákvæði samhljóða gildandi lögum, sjá lög nr. 84/1938.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta svarar til ákvæðis 1. mgr. 23. gr. laga nr. 52/1959, en hér er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn geti stytt frestina. Hliðstætt ákvæði er í núgildandi lögum, sjá 15. gr. laga nr. 81/1936.

Um 5. gr.

Gildandi ákvæði um meðmælendur eru í 18. gr. laga nr. 81/1936 og eru ákvæði þessarar greinar, 1. mgr., samhljóða þeim ákvæðum.

Ákvæði 2. mgr. eru og samhljóða ákvæðum í 18. gr. laga nr. 81/1936.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Sjá 20. gr. laga nr. 81/1936 og 35. gr. laga nr. 52/1959.

Um 7. gr.

Sjá lög nr. 81/1936, 23. gr. 1. mgr. og 2. mgr. i. f. svo og 3. mgr.

Um 8. gr.

Sjá lög nr. 81/1936, 22. gr. 1. mgr., sbr. 40.—41. gr. laga nr. 52/1959.

Um 9. gr.

Sjá lög nr. 81/1936, 22. gr. 2. mgr., sbr. 42. gr. laga nr. 52/1959.

Um 10. gr.

Sjá lög nr. 81/1936, 23. gr. 6. mgr. sbr. 60. gr. laga nr. 52/1959.

Um 11. gr.

Ákvæðin óbreytt frá því sem verið hefur, sjá 26. gr. laga nr. 81/1936.

Um 12. gr.

Ákvæðin eru samhljóða 2. og 3. mgr. 27. gr. laga nr. 81/1936, sbr. og 113. gr. laga nr. 52/1959, ef atkvæði verða jöfn.

Um 13. gr.

Lagt er til, að kjörseðill og kosning við kjör sýslunefndarmanna, þegar um framboð er að ræða til sýslunefnda, verði með sama hætti og það var við kjör alþingismanna í einmenningskjördæmum.

Um 14. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru hliðstæð ákvæðum 29. gr. laga nr 81/1936. Hér er þó lagt til, að frestur sá, sem kjörstjórn er veittur til þess að gefa umsögn um kæru, verði hinn sami í hreppum og kaupstöðum, ein vika, en frestur þessi er nú vika í kaupstöðum og 14 dagar í hreppum.

Þá er gert ráð fyrir því, að úrskurði sveitarstjórnar í hreppunum eins og í kaupstöðunum megi áfrýja til ráðuneytisins, en samkvæmt núgildandi lögum má áfrýja úrskurði hreppsnefndar til oddvita sýslunefndar. Loks er breyting á áfrýjunarfresti í sambandi við úrskurð hreppsnefndar. Lagt er til að fresturinn verði vika í stað 14 daga, eða hinn sami og verið hefur vegna úrskurða bæjarstjórna.

Ákvæði 3. mgr. eru samhljóða ákvæði laga nr. 81/1936, 34. gr. i. f.

Um 15. gr.

Þessi grein er hliðstæð 37. gr. laga nr. 81/1936, en nokkuð breytt. Í greininni er lagt til, að úrskurði hreppsnefndar megi skjóta til ráðuneytisins eins og úrskurði bæjarstjórna. En samkvæmt núgildandi lögum má áfrýja úrskurði hreppsnefnda til sýslunefndaroddvita.

Um 16. gr.

Efnislega eins og 38. gr. laga nr. 81/1936.

Um 17. gr.

Hér verður gerð grein fyrir þeim ákvæðum laga nr. 81/1936, um sveitarstjórnarkosningar, sem ekki verða numin úr gildi með sveitarstjórnarlögunum, nr. 58 frá 1961 og ekki hefur verið gerð grein fyrir áður í athugasemdum þessum.

Ákvæði 9. gr. um kjördeildir eru óþörf, sjá 6. gr. laga nr. 52/1959.

Í V. kafla, 11.—14. gr. eru ákvæði um kjörskrárnar. Yfirleitt segir svo í greinum þessum, að um þessi efni skuli fara samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, og eru þau því óþörf, sbr. 1. gr. frv. Um þessi efni gilda að sjálfsögðu ákvæði V. kafla laga nr. 52/1959 eftir því sem við á.

Ákvæði 16. gr. um gildi kjörskráa er alveg hliðstætt ákvæði 25. gr. laga nr. 52/1959.

Ákvæðin í 18. gr. um framboð eru yfirleitt sömu ákvæðin og gilda samkvæmt VI. kafla laga nr. 52/1959. Um meðmælendafjölda er áður rætt, sjá 5. gr. Samkvæmt núgildandi lögum er framboðsfrestur til sveitarstjórna 21 dagur, en framboðsfrestur til Alþingis er 4 vikur og 3 dagar. Eigi virðist ástæða til þess að önnur regla gildi um sveitarstjórnarkosningar.

Í 19. gr. eru ákvæði um umboðsmenn, sem eru hin sömu og í 33. gr. laga nr. 52/1959.

Um úrskurðun framboðslista eru ákvæði í 21. gr., sem eru ekki frábrugðin ákvæðum laga nr. 52/1959, sbr. t. d. 38. gr.

Sama er að segja um gerð kjörseðla o. fl., en um þetta efni fjallar 23. gr. laganna, sbr. þó ákvæði 7. gr. þessa frv.

Um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, sbr. 25. gr. fer að öllu leyti eftir lögunum um kosningar til Alþingis nr. 52/1959, 44. gr.—48. gr.

Ákvæði um kjörstaði og útbúnað þeirra og atkvæðagreiðslu eru hin sömu í báðum tilvikum, sjá 26. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 52/1959 o. fl. ákvæði.

Sama máli gegnir um kosningaúrslit, sbr. 27. gr., óleyfilegan kosningaráróður og kosningaspjölll, sbr. 28. gr. og refsiákvæði, sbr. 39. gr.

Ed. 40. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýir töluliðir:

1. C. 30 orðist svo:
   Sæmundarhliðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði á Norðurlandsveg austan Vatnsskarðs.
2. Á eftir C. 32 komi nýr liður:
   Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi við Svartárbrú, hjá Reykjum, um Héraðsdal á Skagafjarðarveg við brú á Héraðsvötnum hjá Flatatungu.
3. C. 34 orðist svo:
   Austurdalsvegur: Af Vesturdalsvegi hjá Goðdölum, yfir Jökulsárbrú vestri að Skatastöðum og þaðan yfir brú á Jökulsá eystri að Merkigili.
4. Á eftir C. 34 komi tveir nýir liðir:
   a. *Kjálkavegur:* Af Skagafjarðarvegi hjá Flatatungu að Gilsbakka.
   b. *Norðurárdalsvegur:* Af Skagafjarðarvegi sunnan Norðurárbrúar hjá Skeljungshöfða um Norðurárdal að Borgargerði.
5. Á eftir C. 37 komi nýr liður:
   Hegranesvegur vestri: Af Hofsósvegi hjá Hellulandi að Keldudal.

6. Á eftir C. 38 komi nýr liður:
   Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi í Kjarvalsstaðanesi, vestan Hjaltadalsár að Hrafnhóli.
7. Aftan við C. 39 bætist: með álmu um Unadal að Hrauni.
8. Á eftir C. 39 komi nýr liður:
   Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi við Hrollaugsdalsárbrú, austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg hjá Keldum.
9. Á eftir C. 40 komi nýr liður:
   Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Sléttu að Skeiði.

Sþ. 41. Fyrirspurnir. [37. mál]

I. Til raforkumálaráðherra um lagningu rafstrengs til Vestmannaeyja.

Frá Karli Guðjónssyni, Ágúst Þorvaldssyni og Birni Fr. Björnssyni.

Hvað veldur því, að rafstrengur hefur enn ekki verið lagður frá orkuveitum ríkisins til Vestmannaeyja, þótt rafvæðingaráætlunin geri ráð fyrir lagningu hans 1960 og ráðherra upplýsti í fyrrahaust, að öllum tækniundirbúningi væri lokið og lögn sæstrengsins mundi fara fram síðari hluta júlímánaðar 1961?

II. Til viðskiptamálaráðherra um hækkun framfærsluvísitölu.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvað er gert ráð fyrir, að framfærsluvísitalan hækki mikið frá því, sem hún var í júnímánuði s. l., þegar full áhrif allra þeirra verðhækkana, sem nú er vitað um, eru komin fram?

Hvernig skiptist þessi hækkun:

a. Vegna kauphækkana?
b. Vegna gengislækkunarinnar síðustu?
c. Vegna hækkaðrar álagningar, sem leyfð hefur verið á vörur og þjónustu?
d. Af öðrum ástæðum og þá hverjum?

Nd. 42. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni, Halldóri E. Sigurðssyni og Benedikt Gröndal.

Framan við efnisliði 1. gr. komi nýir liðir:

1. Á eftir B. 25 komi nýr liður:
   Gufuárvegur: Af Borgarnesbraut við Gufuá um Staðarhús að Laxholti.
2. Á eftir B. 28 komi nýr liður:
   Neðranesvegur: Af Borgarfjarðarbraut á Lundabörðum um Kaðalsstaði að Neðranesi.
3. Á eftir B. 29 komi þrír nýir liðir:
   1. *Ásbjarnarstaðavegur:* Af Þverárhlíðarvegi í Kleifum um Sleggjulæk að Selhaga.

2. *Hliðarvegur:* Af Þverárhlíðarvegi um Karlsbrekku, Grjót og Sigmundarstaði á Þverárhlíðarveg hjá Hermundarstöðum.
3. *Veiðilækjarvegur:* Af Þverárhlíðarvegi hjá Lindarhvoli um Höll og Svartagil á Glitstaðaveg.

4. B. 32 orðist svo:
Króksvegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Króki um Hárekssstaði og Skarðshamra á Glitstaðaveg.

5. Á eftir B. 32 komi nýr liður:
Hreðavatnsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Bifröst um Hreðavatn, Jafnaskarð og Stóru-Skóga á Vesturlandsveg á Kolás.

6. Á eftir B. 36 komi nýr liður:
Straumfjarðarvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Vogalæk að Straumfirði.

7. B. 36 orðist svo:
Grímsstaðavegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú um Grímsstaði, Syðri-Hraundal á Staðarhraunsveg hjá Svarfhóli.

8. Á eftir B. 39 komi nýr liður:
Seljavegur: Af Hraunhreppsvegi á Kolás um Selja í Hólstanga.

9. B. 40 orðist svo:
Staðarhraunsvegur: Af Stykkishólmsvegi á Raftás um Staðarhraun að Hítardal.

10. Á eftir B. 40 komi nýr liður:
Hítarárvegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Brúarfossi um Lækjabug að Skiphyl.

11. Á eftir B. 41 komi fimm nýir liðir:
1. *Snorrastaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Snorrastöðum.
2. *Syðri-Rauðamelsvegur:* Af Hnappadalsvegi neðan Mýrdalsréttar um Rauðhálsa að Syðri-Rauðamel.
3. *Stórahraunsvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Haffjarðarár að Stórahrauni.
4. *Höfðavegur:* af Stykkishólmsvegi vestan Haffjarðarár upp með ánni að Höfða.
5. *Ytri-Rauðamelsvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Gerðubergs að Ytri-Rauðamel.

12. B. 46 orðist svo:
Skógarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan Stóru-Þúfu, um Miklaholt, Ytra- og Syðra-Skógarnes, Hausthús og Hömluholt á Stykkishólmsveg hjá Hömluholtsmel.

13. Á eftir B. 46 komi nýr liður:
Borgarvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan Kleifár í Miklaholtshreppi að Borg.

14. B. 48 orðist svo:
Krossavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hofstöðum um Melkot, Krossa og á Ólafsvíkurveg hjá Gaul.

15. B. 49 orðist svo:
Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli, Slitvindastöðum, Haga og á Ólafsvíkurveg við Hoftún.

16. Á eftir B. 49 komi nýr liður:
Staðastaðarvegur: af Ólafsvíkurvegi vestan Staðarár að Staðastað.

17. Á eftir B. 53 komi nýr liður:
Miðhúsavegur: Af Útnesvegi vestan Ytri-Tungu að Miðhúsum.

18. Á eftir B. 57 komi nýr liður:
Krossnesvegur: Af Eyrarsveitarvegi utan Háls um Kvíabryggju að Krossnesi, með álmu að Lárkoti.

19. Á eftir B. 60 komi tveir nýir liðir:
    1. *Hofstaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi við Hofstaðavog, að Hofstöðum, Jónsnesi, Ögri og á Stykkishólmsveg við Nesvog.
    2. *Helgafellsvegur:* Af Stykkishólmsvegi að Helgafelli.
20. Á eftir B. 62 komi nýr liður:
    Haukabrekkuvegur: Af Skógarstrandarvegi innan Stóra-Langadalsár að Haukabrekku og Stóra-Langadal.
21. Á eftir B. 63 komi nýr liður:
    Drangavegur: Af Skógarstrandarvegi vestan Hrappsár að Dröngum.

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Greinargerð.

Í marzmánuði 1958 flutti Sveinn Guðmundsson forstjóri, sem þá átti sæti á Alþingi sem varaþingmaður, svo hljóðandi tillögu í sameinuðu þingi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, sem nú gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.“

Í greinargerð, sem fylgdi tillögu Sveins, var hún ýtarlega rökstudd. Greinargerðinni lauk með þessum orðum:

„Iðnaðurinn er nú orðinn einn af þremur aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, og er eðlilegt, að hann sitji við sama borð sem landbúnaður og sjávarútvegur í þessu efni, enda fullvíst, að hann verði þjóðinni giftudrjúgur til bættrar lífsafkomu.“

Tillögu Sveins var að lokinni umræðu vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings, og gerði hún nokkrar breytingar á orðalagi tillögunnar, en ekki efni, og var hún þannig breytt afgreidd samhljóða sem ályktun Alþingis 3. júní 1958.

Þótt liðin séu nú rúmlega 3 ár, síðan þessi tillaga var samþykkt á Alþingi, hefur enn ekki verið gert neitt raunhæft til þess að framfylgja henni. Á þessum tíma hefur það hins vegar gerzt, að núverandi ríkisstjórn hefur tvívegis stórlækkað gengi íslenzkrar krónu og það aukið mjög rekstrarfjárþörf iðnaðarins. Því er enn meiri þörf fyrir það nú en fyrir rúmum þremur árum, að ráðstafanir séu gerðar til, að iðnaðurinn njóti jafnræðis við aðra atvinnuvegi að því er snertir endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum.

Iðnaðurinn er nú óumdeilanlega einn af þremur aðalatvinnuvegum landsmanna við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar. Þetta er nú líka almennt viðurkennt í orði, en enn skortir mikið á, að það sé gert í verki. Úr því misrétti verður að bæta og tryggja iðnaðinum fullkomlega jafnræði við aðra aðalatvinnuvegi landsins.

Í samræmi við þetta sjónarmið höfum við talið rétt að leggja fyrir Alþingi áðurnefnda tillögu Sveins Guðmundssonar, eins og hún var upphaflega orðuð af honum, og væntum þess, að hún njóti ekki minni stuðnings á Alþingi en fyrir þremur árum. Reynslan hefur sýnt, að ekki mun af veita, að Alþingi endurnýi viljayfirlýsingu sína í þessum efnum.

Ed. **44. Frumvarp til laga** [39. mál]

um kornrækt.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Búnaðarfélag Íslands fer með stjórn þeirra mála, er lög þessi varða, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Aðilum, sem mynda með sér félagssamtök um að gera kornrækt að framleiðslugrein, þar sem bygg, hafrar eða aðrar korntegundir eru ræktaðar svo, að þær nái þroska, skal gefinn kostur á sérstökum stuðningi samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að framlag sé veitt til kornræktar, eru:

1. Að akurlendið sé þar í sveit sett, að vænta megi í öllu venjulegu árferði, að korn nái fullum þroska.
2. Að aðilar myndi með sér félagssamtök, kornræktarfélag, er skuldbindi sig til að rækta um 10 ára tímabil korn á minnst 10 ha lands. Búnaðarsambönd, ræktunarsambönd eða búnaðarfélög geta gerzt aðilar að vélakaupum og leigt vélarnar kornræktarfélögum.

   Nú tekst einstaklingur á hendur skuldbindingar samkvæmt 1. málsgr., og skal þá veita honum sama stuðning og félagi, enda hlíti hann sömu skilyrðum og kornræktarfélag.
3. Að hlutaðeigandi félag eða einstaklingur ráði yfir landi, sem sé að minnsta kosti helmingi stærra en það land, sem samið er um að rækta korn á, og að allt landið sé nægilega þurrt og hæft til kornræktar.
4. Að aðilar skuldbindi sig til að hlíta reglum þeim, sem settar verða um vinnslu landsins, áburðarnotkun, tegundaval sáðkorns, uppskeru, meðferð alla og annað til tryggingar því, að framleiðslan verði sem bezt vara.
5. Að aðili geri skýrslur, sem fyrirskipaðar verða, um allt, er varðar reksturinn. Einnig geri hann uppskeruskýrslur og nákvæmt yfirlit um kornræktina og einstaka þætti hennar, svo að séð verði, á hvaða tíma hvert verk er unnið.
6. Að samningsaðili skili aftur til þess, er annast framkvæmd laga þessara, þeim vélum og tækjum, sem stofnstyrkur hefur verið greiddur á, ef kornrækt fellur niður, og skulu þá dómkvaddir menn meta endurgreiðslu.

4. gr.

Þeim, sem tekið hafa að sér samningsbundna kornyrkju, skulu árlega og í tæka tíð tryggð kaup á sáðkorni af þeim stofnum, er bezt hafa reynzt í hérlendum tilraunum, enda fylgi skilríki frá seljanda um uppruna sáðkornsins, og ber hann ábyrgð á gæðum þess, hreinleika og spírunarhæfni.

Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu hafa forgangsrétt til að rækta útsæði af völdum stofnum, enda hlíti þeir reglum, er um þá ræktun gilda á hverjum tíma.

5. gr.

Framlög til eflingar kornræktar skulu vera sem hér segir:

1. Styrkur til kaupa á kornyrkjuvélum, allt að 50% af kaupverði þeirra, þar með talinn kostnaður við samsetningu vélanna og flutningskostnaður til kaupanda, enda standi eitt félag eða fleiri að kaupunum. Sama gildir um einstaklinga, eftir því sem við á. Ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar geta notið sömu hlunninda, sbr. 2. lið 3. gr. Heimilt er að veita framlag til kaupa á sáðvélum, sjálfbindurum og þreskivélum eða uppskeru- og þreskivélasamstæðu og kornmyllum, enn fremur til kaupa á þurrktækjum fyrir þreskt korn.

2. Greiða skal sama framlag úr ríkissjóði á hvern ha. við frumvinnslu lands til kornræktar og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna nýræktar og síðan árlega helming þess.
3. Heimilt er að verja árlega allt að kr. 10000.00 til viðurkenningar þeim, sem eru til fyrirmyndar um kornrækt.

6. gr.

Á fyrsta ári, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal gefa 5 félögum bænda eða einstaklingum, sem vilja taka að sér árlega ræktun korns á minnst 10 ha. lands yfir áætlunartímabilið, kost á aðstoð löggjafar þessarar og síðan 5 félögum eða einstaklingum árlega.

Auglýsa skal eftir þátttöku fyrir 30. júní árið áður en ræktun hefst, og samningar skulu gerðir það tímanlega, að jarðvinnslu vegna kornræktar geti verið lokið fyrir 1. október haustið áður en ræktun hefst.

7. gr.

Gefa skal út leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd ræktunarinnar og um meðferð uppskerunnar, og sé eintak af þeim afhent samningsaðila, um leið og samningur er gerður.

8. gr.

Stofnframlag til vélakaupa, sbr. 5. gr., má vera allt að kr. 200 000.00 til hvers samningsaðila. Almennt framlag samkvæmt jarðræktarlögum greiðist ekki á þá jarðvinnslu, sem samningar um kornyrkju ná til.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal endurskoða þau innan 10 ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frv. báru fram á síðasta þingi frv. til laga um kornrækt. Það var samþykkt í Ed., en varð eigi útrætt í Nd.

Frv. þetta er samhljóða því frv., sem flutt var í fyrra.

Sú reynsla, sem fengin er af kornrækt á Sámsstöðum og víðar, hefur sýnt, að unnt er víða í sveitum landsins að rækta korn, svo að það nái fullum þroska, og að kornrækt geti orðið ein af framleiðslugreinum landbúnaðarins.

Árlega eru fluttar inn fóðurvörur fyrir allháar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri. Með aukinni ræktun korns mætti draga úr þeim innflutningi eða jafnvel fella hann niður og spara erlendan gjaldeyri sem því nemur. Það virðist því sjálfsagt, að ríkisvaldið hvetji bændur til að hefja kornrækt með því að veita þeim fjárhagslega aðstoð til þess.

Þessu frv. hefur áður fylgt allýtarleg greinargerð, og vísast til hennar um nánari skýringar.

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um verðtryggingu lífeyris.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvernig framkvæma megi verðtryggingu frjálsra lífeyristrygginga, bæði lífeyrissjóða verkalýðsfélaga og annarra launþegasamtaka og lífeyristrygginga á vegum ein-

staklinga. Verði niðurstöður þeirrar athugunar lagðar fyrir Alþingi það, er nú situr, ef tími vinnst til, ella fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Skortur á fjármagni til uppbyggingar atvinnuveganna hefur löngum verið helzta efnahagsvandamál Íslendinga. Meginorsök fjármagnsskortsins er hins vegar ónóg sparifjármyndun innanlands. Að sparifjármyndun hins vegar hefur ekki orðið meiri en raun er á, orsakast öðru fremur af sírýrnandi verðgildi peninga að undanförnu.

Ein mikilvægasta hvöt manna til þess að spara er sú að tryggja sér viðunandi lífsviðurværi, eftir að starfsorkan er þrotin. Þetta gera menn með aðild að lífeyrissjóðum eða því að kaupa sér lífeyristryggingu í einni eða annarri mynd. Í nágrannalöndum okkar eru slíkar frjálsar lífeyristryggingar mikilvægur þáttur í þeirri sparifjármyndun, er á sér stað. En vegna verðbólgunnar hér á landi hefur enginn raunhæfur grundvöllur verið fyrir slíkri sparifjármyndun. Það mun varla þekkjast, að einstaklingar kaupi sér lífeyri, og rekstrargrundvöllur þeirra lífeyrissjóða, er verkalýðsfélög og önnur launþegasamtök hafa stofnað með samningum við atvinnurekendur, hlýtur að verða mjög hæpinn, verði þeir ekki annaðhvort verðtryggðir eða takast megi að gera verðlagið stöðugt. Lífeyrissjóðir á vegum hins opinbera, svo sem hinn almenni lífeyrissjóður og lífeyrissjóður opinberra starfsmanna, eru hins vegar raunverulega verðtryggðir, en það er gert með því, að ríkið leggur þessum sjóðum til það, sem á vantar, til þess að tekjur þeirra geti staðið undir hækkun lífeyrisgreiðslna til samræmis við hækkandi verðlag.

Íslenzka þjóðfélagið hefur ekki efni á því, að svo mikilvæg sparnaðarhvöt sem fyrirhyggjan fyrir ellinni er, sé raunverulega lömuð. En svo hlýtur að verða, meðan ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að verðtryggja það fé, sem félög og einstaklingar leggja fram til frjálsra lífeyristrygginga. Slík ráðstöfun mundi og verða lyftistöng aukinnar tryggingarstarfsemi í landinu, sem telja má mjög æskilegt. Ef takast mætti að auka sparifjármyndun á þennan hátt, mundi það geta átt giftudrjúgan þátt í því að hamla gegn aukinni verðbólgu.

Þótt framkvæmdaörðugleikar á slíkri ráðstöfun séu nokkrir, ættu þeir þó ekki að vera óyfirstíganlegir, enda er þegar fengin nokkur reynsla í þessu efni með útgáfu vísitölutryggðra verðbréfa, m. a. á vegum húsnæðismálastofnunarinnar, og ætti að mega hafa það fyrirkomulag til hliðsjónar við framkvæmd þeirrar verðtryggingar, er hér um ræðir.

Ed. 46. Frumvarp til laga [41. mál]

um jarðgöng á þjóðvegum.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Jón Þorsteinsson, Björn Jónsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Þar sem svo hagar til, að torfæra eða hætta er á þjóðvegi, sem ekki er auðveldara að ryðja úr vegi eða brúa á annan hátt, skal að undangenginni rannsókn og nákvæmri staðsetningu gera jarðgöng.

2. gr.

Fé til framkvæmda fæst þannig:

a. Ef jarðgöng eru ekki yfir 35 metra að lengd, skal kostnaður greiðast af fé því, sem á fjárlögum er veitt til vegarins.

b. Frá 1. jan. 1962 skulu 3 aurar af hverjum benzínlítra af hluta ríkissjóðs af benzínskatti renna í brúasjóð. Kostnaður við jarðgöng, sem lengri eru en 35 metrar, skal greiddur af þessum tekjum brúasjóðs, og má eigi verja þeim á annan hátt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi fluttu tveir þingmenn, þeir Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf., og Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., frumvarp til laga um jarðgöng á þjóðvegum. Aðalefni frumvarpsins var að kveða á um það, að ef jarðgöng yrðu lengri en 35 metrar, skyldi kostnaður greiðast úr brúasjóði, en án þess að nokkurt fé hans væri sérstaklega ætlað til jarðgangagerðar og án þess að sérstaklega væri gert ráð fyrir nokkurri tekjuöflun í því skyni. Samgöngumálanefnd Ed. fjallaði um málið. Á fundi nefndarinnar 20. febr. s. l. var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að mæla með frumvarpinu, þó með þeirri breytingu, að frá 1. jan. 1962 skyldu 3 aurar af hverjum benzínlítra af hluta ríkissjóðs af benzínskatti renna i brúasjóð. Kostnaður við jarðgöng, sem lengri eru en 35 metrar, skyldi greiddur af þessum tekjum brúasjóðs og mætti ekki verja þeim á annan hátt.

Efri deild samþykkti tillögur samgöngumálanefndar, og var frumvarpið sent neðri deild. Sú deild fékkst hins vegar eigi til að samþykkja frumvarpið, þar eð meiri hluti samgmn. vildi vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Flm. þykir rétt að leggja frumvarpið fyrir Alþingi í þeirri mynd, er samgmn. efri deildar gekk frá því í, enda er hér um að ræða eitt mesta nauðsynjamál fyrir ákveðin byggðarlög, þar sem bót verður naumast ráðin á samgönguvandræðum nema með jarðgangagerð. En að löggjöf um jarðgöng er lítið gagn, nema séð sé jafnframt fyrir sérstakri tekjuöflun í því skyni. Þykir rétt að kanna til hlítar vilja Alþingis í þessu efni.

Ed. 47. Frumvarp til laga [42. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Bætur samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 13 31. marz 1960, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 86 28. desember 1960, um bráðabirgðabreytingu sömu laga, skulu eftir því sem við getur átt hækka um 13,8% frá 1. júlí 1961, og eins og bæturnar eru þá orðnar, skulu þær enn hækka um 4% frá 1. júní 1962.

2. gr.

Heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að greiða hækkun þá á bótum á árinu 1961, sem um ræðir í 1. gr., til hvers bótaþega í einu lagi fyrir árslok 1961 og sömu hækkun fyrir fyrstu fimm mánuði á árinu 1962 í einu lagi fyrir lok júnímánaðar það ár

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka bráðabirgðalán eftir því sem nauðsyn krefur vegna ákvæða 1. gr. laga þessara, og ríkisstjórninni að takast á hendur f. h. ríkissjóðs ábyrgð á slíku láni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Svo sem kunnugt er, hafa orðið almennar launahækkanir í landinu á yfirstandandi ári. Hjá því verður ekki komizt að hækka allar bætur almannatrygginganna til samræmis við almennar launahækkanir, svo sem ætíð hefur tíðkazt, þegar almennar launahækkanir hafa orðið. Oftast hafa bætur verið hækkaðar um sama hundraðshluta og laun opinberra starfsmanna. Slík laun hafa nú verið hækkuð um 13,8% frá 1. júlí 1961, og ákveðin er viðbótarhækkun á launin, eins og þau nú eru orðin, sem nemur 4% frá 1. júní 1962. Í frumvarpi þessu er lagt til, að bætur almannatrygginganna hækki eftir því sem við getur átt um sömu hundraðstölu og laun opinberra starfsmanna og frá sama tíma og þau. Takmörkun sú á hækkun bóta, sem skírskotað er til með orðunum: „eftir því sem við getur átt" snertir þær bætur, sem ekki eru inntar af hendi í peningum, svo sem sjúkrahúsvist, lyf og læknishjálp, sbr. 35. gr. og 52. gr. laga nr. 24/1956, og kaup eða aflahlut, sbr. 40. gr. sömu laga, heimildarbætur, sem lögákveðnar eru með ákveðnu lágmarki eða hámarki, sbr. t. d. 23. gr. og 53. gr. 4. mgr. laga nr. 24/1956, en í þessum tilfellum hækkar lágmark og hámark um 13,8%, en einstakar bótagreiðslur aðeins ef það leiðir af hækkun lágmarksins, og bætur vegna frjálsra trygginga, sbr. 42. gr. laga nr. 24/1956, sem að sjálfsögðu haggast ekki þrátt fyrir ákvæði þessa frumvarps, þó að þær séu greiddar í peningum, þar eð þær eru byggðar á frjálsum samningi milli aðilanna.

Um 2. gr.

Til þess að létta framkvæmd þessara ákvæða og draga úr kostnaði við hana er lagt til í 2. gr. frumvarpsins, að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilað að greiða hækkun þá, sem verður á bótunum á yfirstandandi ári, í einu lagi fyrir næstkomandi áramót og samsvarandi hækkun, sem verður á fyrstu fimm mánuðum næsta árs, í einu lagi fyrir lok júnímánaðar 1962.

Um 3. gr.

Hækkun á útgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins á árinu 1961 vegna ákvæða þessa frumvarps er áætluð að nema samtals 28,2 millj. króna, þar af 10,4 millj. króna vegna fjölskyldubóta, Það verður því að gera ráð fyrir því, að stofnunin hafi ekki reiðufé til þess að fullnægja ákvæðum 1. gr. um hækkun bóta á þessu ári og þurfi að taka bráðabirgðalán til greiðslu bótahækkananna að einhverju leyti. Samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga skal taka tillit til halla eða afgangs, sem verða kann á rekstri stofnunarinnar, og leiðrétta það, sem á vantar eða afgangs hefur orðið, á næsta ári. Við ákvörðun iðgjalda og framlaga til stofnunarinnar fyrir árið 1962 verður því að jafna þann halla, sem verður á þessu ári, með því að hækka iðgjöld og framlög ársins 1962 sem hallanum nemur.

Ed. 48. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1962.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nm. (FRV) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 19. okt. 1961.

Auður Auðuns, form. Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm. Páll Þorsteinsson.

Friðjón Skarphéðinsson.

Nd. **49. Breytingartillögur** [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ingvari Gíslasyni, Gísla Guðmundssyni og Jónasi G. Rafnar.

Aftan við 1. gr. bætast nýir töluliðir:

1. Fyrir orðin „til Akureyrar“ í C. 1 komi: um Akureyri.
2. C. 47 orðist þannig:
   Hörgárdalsvegur ytri: Af Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum um brú á Hörgá á Helguhyl á Hörgárdalsveg innri, með álmu um Sörlatungu á Hörgárdalsveg innri utan við Þúfnavelli.
3. C. 49 orðist svo:
   Hauganesvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi, með álmu að Árskógssandi.
4. C. 51 orðist svo:
   Svarfaðardalsvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Skallá.
5. Á eftir C. 52 komi nýr liður:
   Skíðadalsvegur: Af Hrísavegi vestan Skíðadalsárbrúar að Skíðadalsárbrú norðan við Kóngsstaði.
6. Á eftir C. 53 komi tveir nýir liðir:
   a. *Ósvegur:* Af Hjalteyrarvegi á móti barnaskóla sveitarinnar um Búland og Ós á Dalvíkurveg norðan við Hof.
   b. *Brekkutorfuvegur:* Frá Hörgárbrú á Staðarhyl um Björg og Möðruvelli á þjóðveginn hjá Hofi.
7. C. 54 orðist svo:
   Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri og ofan við tún á Gæsum og Skipalóni um Hlaðir á Dalvíkurveg sunnan Hörgárbrúar.
8. Á eftir C. 55 komi nýr liður:
   Efribyggðarvegur: Af Eyjafjarðarbraut við Hólshús, um Finnastaði, Möðrufell og Miklagarð á Djúpadalsveg við Litla-Garð.
9. C. 57 orðist svo:
   Vatnsendavegur: Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ austur yfir brú á Eyjafjarðará þar, um Hóla að Vatnsenda og vestur yfir Eyjafjarðará þar á Eyjafjarðarbraut.
10. Á eftir C. 57 komi nýr liður:
    Sölvadalsvegur: Af Vatnsendavegi hjá Gnúpufelli, fram Sölvadal að Þormóðsstöðum.
11. Á eftir C. 60 komi nýr liður:
    Vaglaskógarvegur: Af Norðurlandsvegi við Fnjóskárbrú að austan um Vaglaskóg að Lundi.
12. Á eftir C. 64 komi nýr liður:
    Fremstafellsvegur: Af Kinnarvegi hjá Landamóti um Fellsenda, Fremstafell og Hriflu á Norðurlandsveg hjá Kvíslarbrú.
13. Á eftir C. 65 komi tveir nýir liðir:
    a. *Hvammavegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárvirkjun um Hvamma að Yztahvammi og þaðan að Haga.
    b. *Sandsbæjavegur:* Af Þingeyjarsýslubraut nálægt Knútsstöðum um Hraunkot að Sandi.
14. C. 67 orðist svo:
    Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú, vestan Skjálfandafljóts að Halldórsstöðum, með álmu frá Stóruvöllum yfir Skjálfandafljótsbrúna þar á Bárðardalsveg eystri sunnan Sandvíkur.

15. Á eftir C. 69 komi tveir nýir liðir:
    a. *Uppsveitarvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut norðan við Meiðavelli í Kelduhverfi um Tóvegg og Hlíðargerði að Undirvegg.
    b. *Vestur-Sandsvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut hjá Lindarbrekku um Vestur-Sand að Bakkahlaupi.
16. C. 74 orðist svo:
    Austur-Sandsvegur: Af Kópaskersvegi nálægt Skinnastað um Sandárbrú og Austur-Sand að Bakka.
17. Á eftir C. 76 komi nýr liður:
    Frambæjavegur: Af Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegi hjá Svalbarðsárbrú um Svalbarðssel og Fjallalækjarsel að Kúðá.
18. Á eftir C. 77 komi nýr liður:
    Tunguselsvegur: Af Þistilfjarðarvegi við Hafralónsá um Hallgilsstaði að Tunguseli.

Sþ. 50. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Flm.: Magnús Jónsson, Karl Kristjánsson, Bjartmar Guðmundsson, Friðjón Skarphéðinsson, Gísli Guðmundsson, Jónas G. Rafnar, Björn Jónsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá úr því skorið, hvort ekki sé arðvænlegt að koma upp verksmiðju til vinnslu kísilgúrs úr Mývatni, og kanna þá jafnframt, hverjar leiðir séu heppilegastar til þess að tryggja fjárhagsgrundvöll þeirrar verksmiðju.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því á vegum raforkumálastjórnarinnar og rannsóknaráðs ríkisins að rannsaka, hvort ekki geti verið arðvænlegt að vinna kísilgúr úr Mývatni. Jafnframt hefur atvinnumálanefnd ríkisins haft það mál til meðferðar, og í fjárlögum hefur verið veitt fé til þessara rannsókna. Hafa bæði innlendir og erlendir sérfræðingar haft þessar rannsóknir með höndum, og enda þótt veigamikil atriði séu enn ekki fullrannsökuð, benda rannsóknirnar ótvírætt í þá átt, að arðvænlegt muni vera að vinna kísilgúr í úrvalsflokki úr Mývatni.

Í sambandi við slíka efnavinnslu er að sjálfsögðu eigi aðeins stofnfjáröflun og góð rekstrarafkoma á pappírnum, sem máli skiptir, heldur ekki hvað sízt trygging markaða fyrir framleiðsluna. Erlendir aðilar, sem bæði hafa aðgang að fjármagni og mörkuðum, hafa sýnt mikinn áhuga á málinu. Ekki skal á þessu stigi málsins um það dæmt, hvort rétt sé að koma verksmiðjunni upp í samvinnu við þá aðila, en málið er ótvírætt á því stigi, að brýn nauðsyn er að gera nú þegar þá lokakönnun á hráefninu, sem óhjákvæmileg er talin til þess að fullreyna gæði þess, en þær athuganir verða ekki gerðar, nema ríkisstjórnin veiti þeim stofnunum, er að málinu vinna, aðstoð til öflunar fjármagns með einhverjum hætti. Sjálfsagt er einnig að kanna sem skjótast þær hugmyndir, sem fram hafa verið settar um aðild að byggingu og rekstri kísilgúrverksmiðju.

Ed. 51. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Karli Kristjánssyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýir töluliðir:

1. Á eftir C. 66 komi nýr töluliður:
   Laxárdalsvegur eystri: Af Laxárdalsvegi hjá Birningsstöðum, yfir Laxá um Sog, suður dalinn að Hólum.
2. Á eftir C. 72 komi nýr liður:
   Stafnshverfisvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Narfastöðum að Fellshlíð.

Nd. 52. Frumvarp til laga [44. mál]

um Handritastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Komið skal á fót Handritastofnun Íslands.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveizlu gagna um þessi efni, rannsóknum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðherra skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Nefndarstörfin séu ólaunuð.

4. gr.

Kveðið skal á um það í reglugerð, hvar Handritastofnunin sé til húsa.

5. gr.

Heimilt er að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Stofnunin taki við starfi handritanefndar háskólans.

6. gr.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Sé hann jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu, og leiðbeini hann þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Til aðstoðar honum séu tveir menn, sem hafi fast og fullt starf við stofnunina.

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og annarra skrifstofustarfa.

Starfsmenn stofnunarinnar láti í té kennslu við háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir eru sérfróðir um.

7. gr.

Menntmálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, ef þurfa þykir, þ. á m. um skipting hennar í deildir.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 50 ára afmælishátíð Háskóla Íslands 6. október 1961 lýsti menntamálaráðherra yfir því af hálfu ríkisstjórnarinnar, að hún hefði ákveðið að leggja til við Alþingi, að komið yrði á fót stofnun til þess að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar, með því að afla og varðveita gögn um þessi efni, sinna rannsóknum á heimildum um þau, hafa með höndum útgáfu handrita og fræðirita o. s. frv. Í samræmi við þetta hefur ríkisstjórnin tekið í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1962 510 þús. króna fjárveitingu til handritastofnunar. Er það miðað við, að starfsfólk verði, eins og í frumvarpi þessu segir, forstöðumaður, sem jafnframt sé prófessor í heimspekideild, tveir aðstoðarmenn, eru séu launaðir eins og starfsmenn við Orðabók Háskóla Íslands, og auk þess styrkþegar, sem hver um sig njóti árlega allt að 50 þús. króna rannsóknarstyrks. Gert er ráð fyrir, að um veitingu á embætti forstöðumanns gildi sömu reglur og um veitingu prófessorsembætta, enda annist hann kennslu við háskólann án sérstaks endurgjalds. Í frumvarpinu er enn fremur heimilað að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og annarra skrifstofustarfa. Fjárveiting sú, sem gert er ráð fyrir til styrkþega og starfsliðs á árinu 1962, nemur 225 000.00 kr. Þegar stofnunin er tekin til starfa og hefur gert áætlanir um útgáfustarfsemi sína, mun ríkisstjórnin gera tillögur um fjárveitingar til þeirra þarfa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að stofnuninni sé stjórnað af nefnd manna, er í séu þrír prófessorar, kjörnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, og auk þeirra landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar, en menntamálaráðherra skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Störf nefndarinnar skulu vera ólaunuð, en forstöðumaður skal hafa sömu laun og prófessorar í heimspekideild.

Í frumvarpinu segir, að kveða skuli á um það í reglugerð, hvar stofnunin sé til húsa. Gert er ráð fyrir því, að fyrst um sinn fái hún aðsetur í Safnahúsinu við Hverfisgötu, en undanfarið hefur verið unnið að nýrri innréttingu á þeim salarkynnum í Safnahúsinu, sem Náttúrugripasafn hafði áður til umráða. Verður þeim framkvæmdum lokið innan tíðar, og eru nýjar endubætur á húsakosti Landsbókasafns í athugun. Telja má og, að Handritastofnuninni sé nauðsynlegt að vera í sem nánustum tengslum við handritasöfn þau, sem eru í vörzlu Landsbókasafns.

Hinn 29. maí 1957 var samþykkt þingsályktun um sameining Landsbókasafns og Háskólabókasafns o. fl. Hefur í því sambandi verið gert ráð fyrir, að reist verði bókasafnshús í næsta nágrenni háskólabyggingarinnar, til þess að sameining safnanna verði framkvæmanleg. Er sameining safnanna og ráðagerð um byggingu bókasafnshúss í námunda við háskólann niðurstaða af athugun nefndar, sem menntamálaráðuneytið skipaði 11. september 1956 og skilaði áliti í janúar 1957. Þegar slík bygging yrði reist, væri eðlilegt að ætla Handritastofnuninni rúm í henni.

Þegar lög þau, sem þjóðþing Dana samþykkti á síðastliðnu vori um afhending íslenzkra handrita til Íslands, koma til framkvæmda og koma skal á fót „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi“, ætti hún að verða kjarni þessarar handritastofnunar.

Í 5. gr. frv. er heimilað að skipta stofnuninni í deildir. Væri eðlilegt, að ein deildin fjallaði um örnefnafræði og þjóðfræði, en eigi virðist ástæða til að binda slíkt í lögum, þar eð kveða mætti á um verkaskipting innan stofnunarinnar í reglugerð.

Hins vegar er tekið fram, að Handritastofnun Íslands taki við starfi handritanefndar háskólans, enda er stofnunin beint framhald af starfi nefndarinnar og aukning þess.

Hér á eftir eru prentaðar sem fylgiskjal tillögur, sem háskólaráð sendi menntamálaráðuneytinu „um stofnun í íslenzkum fræðum".

Fylgiskjal.

Um stofnun í íslenzkum fræðum.

Háskólaráð telur vel til fallið, að 150 ára afmælis Jóns Sigurðssonar og 50 ára afmælis Háskóla Íslands verði m. a. minnzt með þeim hætti, að komið verði þegar á þessu ári á fót rannsóknarstofnun í íslenzkum fræðum með því sniði, sem að neðan greinir.

1. Nafn.

Stofnunin heitir Handritastofnun Íslands.

2. Tilgangur.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveizlu gagna um þessi efni, rannsóknum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

3. Stjórn.

Yfirstjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, sem kosnir séu af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðherra skipar formann stjórnarnefndar. Nefndarstörfin séu ólaunuð.

4. Húsnæði.

Stofnuninni sé til bráðabirgða fengið húsnæði í Landsbókasafni eða á öðrum stað, sem hentugastur þykir til þess, en til frambúðar verði stofnuninni fenginn staður í nýju húsi fyrir Landsbókasafn, sem reist mun verða á næstunni. Reynt verði að haga safnshúsi svo, þegar það verður reist, að rannsóknarstofnunin verði sérstök álma þess og byrjað verði á að reisa hana.

Stofnunin sé í sem nánustum tengslum við handritasöfn þau, sem í vörzlu Landsbókasafns eru. Þegar til skila kemur á íslenzkum handritum, sem nú eru í Kaupmannahöfn, verði þau varðveitt í framangreindri handritastofnun, en sérstakar reglur verði þó settar um þau, svo að þau komi að sem mestum notum. Stofnuninni sé fengið viðhlítandi handbókasafn, en auk þess eigi hún greiðan aðgang að bókum Landsbókasafns.

Stefnt skal að því, að stofnunin hafi lestrarsal, svo og minni herbergi, t. d. sérherbergi fyrir forstöðumann og fasta starfsmenn, herbergi til samlestrar, vélritunar o. s. frv. svo og herbergi fyrir örnefnasafn og þjóðfræðasafn. Tæki séu til lestrar, þar á meðal lampi með útfjólubláu ljósi, svo og tæki til ljósmyndunar.

5. Deildir.

Stofnuninni er rétt að skipta í deildir eftir fræðigreinum, og mætti, ef vildi, hugsa sér fleiri menn til kvadda um stjórn hverrar deildar. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Aðrar deildir mætti hugsa sér til rannsóknar og útgáfu rita um íslenzka tungu og einkum sögu hennar, bókmenntasögu, svo og útgáfu heimildarrita úr sögu þjóðarinnar og rannsóknir á henni og á réttarsögu og kirkjusögu. Stofnunin taki við starfi handritanefndar háskólans. Enn skal vera deild í örnefnafræðum og þjóðfræðum.

6. Starfslið.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Athugandi er, hvort ekki þyki rétt, að hann sé jafnframt prófessor í heimspekideild með mjög takmarkaðri kennsluskyldu, en beri að leiðbeina þeim nemendum, sem taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Til aðstoðar honum séu tveir menn, sem hafi fast og fullt starf við stofnunina, skal annar vinna að örnefnum og þjóðfræðum.

Auk þess þykir rétt að gera ráð fyrir þremur styrkþegum, sem ráðnir séu til starfa um skemmri tíma í senn. Vel mætti hugsa sér að skipta styrk milli tveggja manna, og ynni þá hvor um sig styttri tíma en þeir, sem fulls styrks njóta.

Starfsmenn safnsins láti í té nokkra kennslu í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir kunna að vera sérfróðir í, t. d. þjóðfræðum og örnefnafræðum. Mætti hugsa sér þá kennslu að nokkru eða öllu leyti í háskólanum. Auk þess þyrfti stofnunin á að halda starfsmönnum til vélritunar og ljósmyndunar.

Háskólaráð vekur jafnframt athygli á hinni brýnu nauðsyn, sem á því er, að hafinn verði á þessu ári undirbúningur að því að reisa Landsbókasafnshús, og telur háskólaráð, að vel færi á því, að það væri tengt minningu Jóns Sigurðssonar á sama hátt og Þjóðminjasafnshús var tengt minningunni um lýðveldisstofnun.

Ed. 53. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir, Björn Jónsson.

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru varanlegir öryrkjar.

Ef örorkan er 50% eða meira, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

Örorkulífeyrir er jafnhár ellilífeyri, sbr. 13. gr., og greiðist samkvæmt sömu reglum, eftir því sem við getur átt.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.

2. gr.

Á eftir 71. gr. laganna bætist ný grein, svo hljóðandi:

Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara skulu frá 1. júlí 1961 hækka um 13.8% og með þeirri hækkun teljast grunnupphæðir miðað við vísitölu framfærslukostnaðar 1. marz 1959. Í janúar 1962 skulu bótaupphæðir breytast í samræmi við þá breytingu, sem orðið hefur á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. marz 1959 til 1. desember 1961, og síðan mánaðarlega til samræmis vísitölu framfærslukostnaðar í byrjun næsta mánaðar á undan.

3. gr.

Aftan við lögin bætist ný grein, svo hljóðandi:

Frá 1. janúar 1962 skal landið allt vera eitt verðlagssvæði og bætur hvarvetna hinar sömu og þær yrðu samkvæmt ákvæðum um 1. verðlagssvæði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa fulltrúar Alþýðubandalagsins lagt á það áherzlu að fá bætt úr ýmsum augljósum vanköntum á lögunum um almannatryggingar, og flutt allmargar tillögur, er hníga í þá átt. Þannig höfðu þeir lengi barizt fyrir því, að hin ranglátu skerðingarákvæði í 22. gr. laganna yrðu afnumin, og loks tókst það í árslok 1960. Sá agnúi er nú horfinn úr lögunum, en hann var ekki sá eini, og því má ekki láta staðar numið.

Í lögum um almannatryggingar er gerður munur á örorku, hvað bætur snertir, eftir því, hvort slys eða sjúkdómur hefur valdið henni. Ef slys hefur valdið örorkunni, skal lífeyrir greiddur, svo framarlega sem hún er 50% eða meiri. Sé örorkan hins vegar af völdum sjúkdóms, eiga öryrkjarnir ekki lagalegan rétt á lífeyri, nema örorkan sé 75% eða þar yfir. Að vísu er Tryggingastofnuninni **heimilt** að verja vissri fjárhæð til styrkja handa þeim sjúklingum, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar, en heimild er ekki sama og skylda. Hér er því um misræmi að ræða, sem er óviðfelldið og til þess fallið að vekja réttmæta óánægju.

Í 1. gr. frumvarpsins er þetta misræmi leiðrétt og þar ákveðið, að lífeyrir skuli greiddur samkvæmt sömu meginreglum, hvort heldur örorkan er orðin til fyrir sjúkdóm eða slys.

Í 2. gr. frumvarpsins er ekki aðeins gert ráð fyrir, að allar bótaupphæðir laganna hækki um 13.8% frá 1. júlí 1961, heldur er þar svo ákveðið, að þær þannig hækkaðar skuli skoðast sem grunnupphæðir miðað við vísitölu 100 1. marz 1959 og að þær frá og með janúar 1962 greiðist með fullri vísitöluuppbót.

Með hækkun bóta almannatrygginga í marz 1960 var að verulegu leyti bætt úr margra ára ranglæti, sem bótaþegar höfðu mátt þola. Miklu meira en það var ekki að gert með þeirri hækkun. Síðan hefur dýrtíð aukizt jafnt og þétt og að sama skapi skert þær kjarabætur, sem fengust með hækkuninni. Ávinningurinn var því orðinn smár á miðju ári 1961. Síðan hefur dýrtíðin enn færzt í aukana, einkum eftir síðustu gengislækkun, og raunar nú þegar étið upp að fullu þá 13.8% hækkun, sem ráðgerð er frá 1. júlí. Þess vegna er óhætt að segja, að betur má, ef duga skal, og þess vegna er gert ráð fyrir í þessu frumvarpi, að bætur verði frá næstu áramótum greiddar með fullu álagi samkvæmt gildandi vísitölu framfærslukostnaðar.

Þriðja tillagan í frumvarpinu er á þá leið, að landið allt skuli frá byrjun næsta árs vera eitt verðlagssvæði, er samsvari fyrsta verðlagssvæði. Skiptingin í tvö verðlagssvæði með mismunandi háum bótum á engan rétt á sér, og munu raunar flestir, er til þekkja, orðnir sannfærðir um það.

Fjölskyldubætur eru nú jafnháar hvar á landniu sem er, og sama á að réttu lagi að gilda um allar aðrar bætur tryggínganna. „Skipting landsins í verðlagssvæði getur ekki lengur talizt réttmæt," segja alþingismennirnir Sigurður Bjarnason, Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason í nefndaráliti í marz 1960. Ef samherjar þeirra á þingi eru sama sinnis í þessu efni, á að reynast auðvelt að ganga nú þegar af þessari ranglátu skiptingu dauðri.

Flutningsmönnum þessa frumvarps er ljóst, að fleira í lögum um almannatryggingar þarfnast breytinga en hér er upp talið, enda hafa þeir áður flutt tillögur um slíkar breytingar. Hér hafa verið valin þrjú atriði, sem eru mjög mikilsverð frá sjónarmiði bótaþega og ættu í allra augum að vera sanngirnismál. Fáist leiðrétting á þessum atriðum, svo sem hér er lagt til, má það teljast góður áfangi, þótt hins vegar verði ekki látið staðar numið til lengdar, fyrr en allir stærstu vankantar laganna eru úr sögunni.

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um verndun fiskstofna við strendur Íslands.

Flm.: Jón Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka nú þegar til rækilegrar athugunar í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans, hvort eigi sé nauðsynlegt til verndar fiskstofnum við strendur landsins að banna ýsuveiðar með herpinót á helztu uppeldisstöð þessa nytjafisks og sömuleiðis smásíldarveiði á grunnmiðum og inni í fjarðarbotnum.

Skal undinn bráður bugur að athugun þeirri, sem að framan greinir, svo að eigi þurfi að dragast lengi, að reistar verði skorður við þeirri hættu, sem allar líkur benda til að stafað geti af þessum veiðiaðferðum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Er hún því endurflutt nú. Tillögunni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Öllum fiskveiðiþjóðum er nú orðið ljóst, að gæta þarf varhuga við þeirri tækni, sem nú er í sívaxandi mæli farið að beita á sviði fiskveiðanna.

Sérstaklega er það hér í norðurhöfum, þar sem menn eru lengst á veg komnir með beitingu fiskveiðitækninnar, að þessi þróun er farin að vekja nokkurn ugg, því að ýmis fyrirbæri á þessu sviði gefa nú orðið nokkra bendingu um, að svo sé nú komið, að frjósemi fiskstofnanna fái eigi lengur rönd við reist veiðitækninni. Þá er það augljóst orðið, að hin nýja tækni getur auðveldlega valdið miklum truflunum á fiskgöngum og á margan hátt haft hin skaðlegustu áhrif á eðlishætti fisksins.

Því háðari sem þjóðir eru fiskveiðunum, því uggvænlegara er þeim þetta nýja viðhorf og því fastar knýr það á um, að allrar varúðar sé gætt og í tíma athugað, hvað sé tiltækilegast til þess að sporna við ofveiðinni.

Íslendingar eru þannig settir, enn sem komið er, að engin þjóð á eins mikið og þeir undir fiskveiðum. Er þeim því öllum öðrum þjóðum fremur nauðsynlegt að vera vel á verði og fylgjast með því, sem er að gerast á miðunum við strendur landsins. Og sízt af öllu mega þeir með fyrirhyggjuleysi flana að því að beita þeim veiðiaðferðum, sem skefjalaust tortíma uppfæðingnum á fyrsta aldursskeiði, en það mun oft vera svo, þegar slíkum veiðiaðferðum er beitt, að sá hluti veiðinnar, sem engum er að gagni sökum smæðar og er því fleygt, er að tölunni til miklu stærri en sá hluti, sem eitthvert verðmæti er í.

Það er því í alla staði óhyggilegt, eins og nú hagar til, að ganga að fiskveiðunum hér við land eins og sá brunnur verði aldrei tæmdur, hvaða rányrkju og bolabrögðum sem beitt er. Slíkur hugsunarháttur er hættulegur. Og að því leyti sem rányrkja af þessu tagi ber skynsamleg og raunhæf viðhorf til málsins ofurliði, verður með opinberum ráðstöfunum að banna slíkan verknað og fylgja því banni svo eftir, að raunhæft reynist.

Fullvíst má telja, að versta gereyðingartæki, sem beitt er á ungviði fisksins, sé dragnótin. Dragnótaveiðar á grunnmiðum innan landhelginnar, á uppeldisstöðvum ungfisksins, hafa nú verið leyfðar, illu heilli. Ætti Alþingi sem allra fyrst að sjá sóma sinn í því að afturkalla slíkt leyfi og aflétta þeirri plágu, sem að öðrum kosti hlýtur óhjákvæmilega að fylgja í kjölfar þess.

Þá er nú í vaxandi mæli kostað mjög kapps um það að veiða smásíld, uppfæðing á fyrstu vaxtarstigum, og fer veiði þessi fram á grunnmiðum og inni í fjarðarbotnum, þar sem þessi kræða leitar skjóls yfir harðasta tíma vetrarins. Hafa veiðar þessar átt sér stað í allstórum stíl og þessari smásíldarkræðu ausið upp

gegndarlaust, því að sökum þess, hve þessi seiði er mögur og smá, þurfa afköstin að magni til að vera geysimikil til þess að fá nokkurt verðmæti, sem um munar. Hér er um ótvíræða rányrkju að ræða, sem tafarlaust verður að stöðva.

Til viðbótar þessu er nú farið að veiða ýsu á uppeldisstöðvum hennar á grunnmiðum í herpinót, og skilur þar ekkert á milli þess af veiðinni, sem eitthvert gagn er í, og hins, sem gagnslaust er og því mokað steindauðu í sjóinn aftur.

Er tillaga þessi flutt með það fyrir augum, að látin verði fram fara nú þegar gagnger athugun á þessum rányrkjuveiðiaðferðum, í því skyni, að þaðýti undir og flýti fyrir því, að fyrir slíkar veiðar verði tekið.

Þá er nokkuð gert að því að stunda smáufsaveiðar inni á höfnum og öðru landvari, þar sem þessi uppfæðingur leitar skjóls að vetrinum. Eru slíkar veiðar vægast sagt varhugaverðar. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því máli hér, þó að ákvæði um það séu ekki beinlínis tekin upp í meginmál tillögunnar.

Ed. 55. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Árnasyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Á undan 1. tölul. komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir B. 10 komi nýir liðir:
   a. *Svarfhólsvegur:* Af Leirársveitarvegi um Hurðarbaksmel að Svarfhóli.
   b. *Botnsdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Botnsárbrú um Litlabotn að Stórabotni.
2. Á eftir B. 11 komi nýr liður:
   Grafardalsvegur: Af Draghálsvegi hjá Geldingadraga um Dragháls að Grafardal.
3. Á eftir B. 12 komi nýir liðir:
   a. *Vatnshamravegur:* Af Skorradalsvegi neðan Miðfossa um Vatnshamra, Kvígsstaði og Heggsstaði á þjóðveginn hjá Skjólborg.
   b. *Sarpsvegur:* Af Skorradalsvegi hjá Fitjárbrú um Sarp og Efstabæ á Uxahryggjaveg fyrir framan Gilstreymi.
4. Á eftir B. 16 komi nýir liðir:
   a. *Katanesvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum um Katanes á Vesturlandsveg fyrir ofan Kalastaðakot.
   b. *Reynisvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Heynesi að Eystri- og Vestri-Reyni.
   c. *Hvítanesvegur:* Af Akrafjallsvegi um Hvítanes að Vallanesi.
5. Á eftir B. 21 komi nýir liðir:
   a. *Hvanneyrarvegur:* Frá þjóðveginum á móts við Hvanneyri að Hvanneyri.
   b. *Eyrarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Varmalæk um Múlastaði og Eyri á Flókadalsveg hjá Skógum.
   c. *Bæjarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Brún um Bæ og Nýjabæ að Laugarholti.
   d. *Stórakroppsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá flugvellinum á Kálfanesmelum, yfir Geirsá, um Runna og Stóra-Kropp á Bæjarsveitarveg fyrir vestan Hamra.
6. Fyrir orðin „að Auðsstöðum“ í B. 23 (Reykdælavegur) komi: um Auðsstaði á Reykdælaveg hjá Uppsölum.
7. Á eftir B. 23 komi nýir liðir:
   a. *Hálsasveitarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Giljum á Borgarfjarðarbraut í Hálsasveit framanverðri.
   b. *Skáneyjarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Nesi um Birkihlíð að Skáney.

8. Á eftir B. 64 komi nýr liður:
   Snóksdalsvegur: Af Skógarstrandarvegi sunnan Miðár á Vesturlandsveg hjá Gröf í Miðdölum.
9. Á eftir B. 69 komi nýr liður:
   Neðribyggðarvegur: Af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi um Neðribyggð á þjóðveginn hjá Hellu.
10. Aftan við B. 72 bætist:
    með álmum: a) að Bjarnarstöðum, Þverdal og Kverngrjóti; b) að Kjarlaksvöllum.
11. B. 73 orðist svo:
    Hjarðarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi innan Búðardals um Hjarðarholt á Laxárdalsveg hjá Svalhöfða.

Sþ. 56. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum.

Flm.: Karl Guðjónsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða verðbætur á korn, sem ræktað er hér á landi, til jafns við niðurgreiðslu á innfluttu korni.

Greinargerð.

Kornrækt er nú tekin að ryðja sér til rúms hér á landi, og ætla má, að sú þróun haldi áfram á komandi árum, ef kornræktinni eru búin eðlileg skilyrði til vaxtar.

Eins og málum er nú háttað um verðlag á kornvöru, verður ekki séð, að veruleg aukning geti orðið í þessari búgrein, þótt vaxtarmöguleikar hennar að öðru leyti væru hinir beztu. Íslenzka kornið verður án allra verðbóta að keppa við korn, sem flutt er inn frá útlöndum, en innflutta kornið fær sérstakar niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Þær greiðslur nema 18,61% af fob-verði vörunnar. Erlent korn er því selt hér sem þessu nemur undir eðlilegu verði þess, en innlend kornframleiðsla hefur ekki við neina sambærilega stoð að styðjast og á því í vök að verjast í samkeppninni við hið erlenda og niðurgreidda korn.

Meðan niðurgreiðsla er aðeins látin ná til innflutta kornsins, verkar hún eins og verndartollur á útlendu vöruna gegn hinni innlendu.

Það er augljóst mál, að í alla staði er óeðlilegt, að þannig sé að farið til að þröngva kosti íslenzkrar búgreinar, sem allir eru sammála um, að æskilegt væri, að ætti fyrir sér að vaxa og eflast.

Eðlilegt hefði verið, að ríkisstjórnin hefði bætt úr þessu misræmi með því að ákveða sömu verðbótagreiðslu á hið íslenzka korn og nemur niðurgreiðslunum á aðflutta kornið. En þetta hefur ekki verið gert, og því er hér lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að framkvæma þessa sanngjörnu leiðréttingu á verðbótakerfinu.

Mál þetta lá fyrir síðasta þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu. Vera má, að þar um hafi ráðið einhverju, að nokkuð var liðið á þing, er það kom fram. En þótt ekki lægi fyrir þingssamþykkt tillögunnar, hefði ríkisstjórnin þó getað tekið málið til afgreiðslu, metið réttmæti þess og látið þá skipan koma til framkvæmda, sem tillagan gerir ráð fyrir, því að til þess hefur hún heimild 28. gr. laganna um efnahagsmál frá 1960. En þetta hefur ekki gerzt, og því kemur málið til þingsins að nýju. Flutningsmenn leggja áherzlu á, að ekki þurfti að velkja málið óhóflega

lengi, áður en það kemur til afgreiðslu, enda verður eðlilegt að teljast, að sú ákvörðun, sem þingið væntanlega tekur um mál þetta, komi til framkvæmda einnig um þá uppskeru, sem á þessu hausti fæst af íslenzkum kornökrum.

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um mótmæli gegn risasprengingu Sovétríkjanna.

Flm.: Sveinn S. Einarsson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að mótmæla eindregið sprengingu Sovétríkjanna á risakjarnorkusprengju og skorar á þau að hætta nú þegar kjarnorkusprengingum sínum, þar sem geigvænleg geislunarhætta af þeim stofnar framtíðarvelferð allrar heimsbyggðar og þar með íslenzku þjóðarinnar í voða. Sérstaklega mótmælir Alþingi neðansjávarsprengingum, er geta stofnað afkomumöguleikum Íslendinga í hættu.

Alþingi skorar enn fremur á kjarnorkuveldi heimsins að gera hið fyrsta samkomulag um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn og öruggt eftirlit með því.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, hvílík hætta mannkyninu er búin af notkun kjarnorkunnar til hernaðarþarfa, ekki aðeins í ófriði, ef til kemur, heldur einnig vegna tilrauna með slík vopn á friðartímum.

Vegna fordæmingar almenningsálitsins í heiminum á tilraunum með kjarnorkuvopn féllu stórveldin, Bandaríki Norður-Ameríku, Stóra-Bretland og Sovétríkin, frá slíkum tilraunasprengingum um árabil, eða þar til Sovétríkin rufu þessa samstöðu og hófu á ný kjarnorkusprengingar 1. september síðastliðinn. Síðan hefur þetta stórveldi sprengt yfir 20 kjarnorkusprengjur, að því er talið er, þar af eina neðansjávar, en hinar í andrúmslofti jarðar, með þeim afleiðingum, að geislavirkni í gufuhvolfi jarðar hefur aukizt geigvænlega síðan.

Áhyggjur manna hafa ekki sízt vaxið, síðan forsætisráðherra Sovétríkjanna boðaði nýverið sprengingu risasprengju, er að afli til samsvarar 50 milljónum smálesta af TNT sprengiefni, og að því er virðist beinlínis í ögrunarskyni.

Nú berast fregnir um það, að risasprengja af þvílíkri stærð hafi verið sprengd 23. október nálægt ströndum Norður-Íshafsins, og enn fremur, að sprengd hafi verið kjarnorkusprengja neðansjávar í Norður-Íshafinu. Þessi síðarnefnda sprengja gæti skapað hættu fyrir fiskstofnana við Ísland og þar með afkomu íslenzku þjóðarinnar.

Afleiðing þessa er sú, að enn hefur gífurlegt magn geislavirkra efna bætzt við og mun menga allt andrúmsloft jarðarinnar og stór hafsvæði um árabil. Úrfall geislavirkra efna frá þessum og fyrri sprengingum mun spilla drykkjarvatni, jarðargróðri og þar með matvælum hvarvetna, en mest í löndum á norðlægum breiddargráðum, eins og Íslandi, sem vegna legu sinnar er í sérstakri hættu vegna afleiðinga af kjarnorkusprengingum Sovétríkjanna.

Af þessum sökum hlýtur Alþingi Íslendinga að mótmæla þessum aðförum og taka þannig þátt í þeim andmælum gegn kjarnorkusprengingum, sem nú heyrast úr öllum heimsálfum, jafnframt því sem það skorar á kjarnorkuveldin að hætta tilraunasprengingum og setja öruggt eftirlit með því, að þær fari ekki fram.

Sþ. **58. Fyrirspurn** [49. mál]

til samgöngumálaráðherra um öryggisráðstafanir á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður.

Frá Sveini S. Einarssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar þeirrar, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, um aukið umferðaröryggi á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður?

Ed. **59. Nefndarálit** [3. mál]

um bráðbirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Mæla undirritaðir þrír nm. með því, að það verði samþ. óbreytt, en tveir nm., þeir BjörnJ og KK, munu skila sérálitum.

Alþingi, 24. okt. 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Ed. **60. Nefndarálit** [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 17/1948, um skráningu skipa, og l. nr. 40/1954, um aukatekjur rkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. okt. 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Björn Jónsson. Karl Kristjánsson.

Sþ. **61. Tillaga til þingsályktunar** [50. mál]

um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Fiskifélagi Íslands og fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands að gera tillögur um tímabundna friðun ákveðinna hrygningarsvæða við strendur landsins.

Greinargerð.

Allir munu viðurkenna, að með útfærslu grunnlínanna og útfærslu fiskveiðitakmarkanna í 12 mílur frá þeim hafi bátaflota landsmanna verið skapað stærra athafnasvæði en áður var og öruggara, þar sem erlendum fiskiskipum er nú bægt frá öllum veiðum á þessu svæði. Verður þetta að teljast góð og raunhæf þróun fyrir alla, sem þennan atvinnuveg stunda, og tryggir vonandi undirstöðu þessarar atvinnugreinar.

Það ber þó að hafa í huga í þessu sambandi, að á undanförnum árum hefur bátafloti landsmanna aukizt mjög. Hefur hann aukizt bæði að tölu til og stærð, auk þess sem afkastageta hans hefur margfaldazt á við það, sem áður var, vegna aukinnar tækni við veiðarnar og tilkomu nýrra og aflasælli veiðarfæra en áður þekktust.

Með hliðsjón af þessu tel ég, að gæta verði þess, að hinum fengsælu fiskimiðum við strendur landsins verði ekki eytt með ofveiði eða rányrkju. Við Suður- og Suðvesturland, á svæðinu frá Vestmannaeyjum að Reykjanesi, munu vera hin stærstu hrygningarsvæði, sem vitað er um við strendur landsins. Allstór hluti af bátaflota landsmanna stundar veiðar að vetrinum til á þessu svæði og einmitt á þeim tíma, er hrygning aðalfiskstofns okkar, þorsksins, fer fram.

Þegar er farið að gæta nokkurs uggs hjá þeim sjómönnum, sem veiðar stunda á þessu svæði, um, að minnkandi afli bátaflotans á vetrarvertíð á þessum slóðum kunni að eiga rót sína að rekja til ofveiði á þeim hrygningarsvæðum, sem þar eru. Vil ég í þessu sambandi skírskota til ályktunar, sem Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi í Vestmannaeyjum samþykkti á fundi sínum á árinu 1957 og send var sjávarútvegsmálaráðuneytinu, þar sem bent var á nauðsyn þess að friða vissan tíma árs ákveðin hrygningarsvæði á tilgreindum stöðum. Tel ég því tímabært, að fiskifræðingum okkar í samráði við þá aðila, sem aflað hafa sér í áratugi haldgóðrar reynslu í þessu sambandi, verði falin athugun á, hvort ekki sé nauðsynlegra aðgerða þörf í þessu sambandi, og ef svo reynist, að gera tillögur til eðlilegra úrbóta.

Af þeim ástæðum er þessi þingsályktunartillaga fram borin.

Nd. 62. Breytingartillaga [16. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Við 1. gr. Á eftir 2. tölulið komi:
Bruun-Madsen, Jens, raffræðinemi í Hafnarfirði, f. í Danmörk 2. ágúst 1939.

Sþ. 63. Breytingartillögur [48. mál]

við till. til þál. um mótmæli gegn risasprengingu Sovétríkjanna.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Hannibal Valdimarssyni.

a. Upphaf tillögunnar að orðunum „að hætta nú þegar“ verði svo hljóðandi:
Alþingi ályktar að mótmæla eindregið öllum kjarnorkusprengingum — þar með talið sprengingu Sovétríkjanna á risakjarnorkusprengju — og skorar á kjarnorkuveldin.

b. Við tillöguna bætist:
Alþingi lýsir enn fremur yfir því, að það muni aldrei leyfa staðsetningu neins konar kjarnorkuvopna á Íslandi né að slíkum vopnum verði nokkurn tíma beitt frá stöðvum hér á landi.
c. Fyrirsögn tillögunnar verði:
Tillaga til þingsályktunar um mótmæli gegn kjarnorkusprengingum Sovétríkjanna og annarra kjarnorkuvelda.

Sþ. 64. Þingsályktun [48. mál]

um mótmæli gegn risasprengingu Sovétríkjanna.

(Afgreidd frá Sþ. 27. okt.).

Samhljóða þskj. 57.

Ed. 65. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég tel ekki rétt að samþykkja þetta frumvarp í heild, eins og það liggur fyrir. Legg til, að 5. grein þess verði felld niður.

Frumvarpið er frá 1. gr. aftur að 5. gr. runa af gömlum heimildum til hækkunar á gjöldum til ríkissjóðs. Þessar heimildir hafa að undanförnu verið veittar frá ári til árs með framlengingu laga. Þær eru því orðnar samgrónar efnahagslífinu. Enginn grundvöllur virðist vera — eins og sakir standa — til að fella niður þessar heimildir eða lækka þær. Ég mæli þess vegna með samþykkt þeirra.

Ekkert hef ég að athuga við það, þó að í þessa varanlegu heimildalest verði — eins og 4. gr. frv. gerir ráð fyrir — flutt heimild, sem nú er í lögum nr. 79 1960, til að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum nauðsynjavörum.

Hins vegar er ég mótfallinn 5. gr. frumvarpsins og tel, að hana eiga að nema brott úr frumvarpinu.

Greinin er um að tengja við hina árvissu lest framlengingarheimilda „ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum í a-lið bráðabirgðaákvæða við lög nr. 10 1960, um söluskatt."

Þessi viðbótarsöluskattur á upptök sín í hinum svonefndu „viðreisnar"-tilþrifum núverandi ríkisstjórnar.

Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1960 sagði ríkisstjórnin:

„Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi."

Þetta tilkynnti ríkisstjórnin öllum landslýð í sinni hvítu bók: „Viðreisn", sem var með skjaldarmerki Íslands til staðfestingar öllu, er þar stóð.

Að lítilli stundu liðinni frá útgáfu og útsendingu bókarinnar lagði stjórnin þó fram frumvarp um viðbótarsöluskatt á innflutningi og sagði þá, að meðal annars vegna þess, að hinn almenni 3% síðasta-sölustigs-skattur kæmi ekki til framkvæmda fyrr en fjórðungur ársins 1960 væri liðinn, hrykki sá almenni skattur ekki á því ári til að gefa þær tekjur, sem gert hefði verið ráð fyrir. Þess vegna hafi „verið horfið að því til bráðabirgða að afla þess, er á vantar, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur", og sé lagt til, að sú hækkun gildi til ársloka 1960.

Hér var í framkvæmd um að ræða 8.8% hækkun á innflutningssöluskattinum. Sá skattur varð því í heild 16.5%.

Þarna var ein fyrsta reikningsskekkjan hjá ríkisstjórninni og ráðunautum hennar að sýna sig. Þær byrjuðu snemma að skjóta upp kollinum!

Á þessum tíma taldi samt stjórnin og stuðningslið hennar, að hið „þaulhugsaða viðreisnarkerfi“ sitt hlyti í árslok 1960 að verða búið að skapa skilyrði til, að fella mætti viðbótarsöluskatt þennan niður.

Árið 1960 var norskur sérfræðingur, Per Dragland, fenginn til landsins til þess að athuga efnahagsmálin. Hann sagði í skýrslu, sem hann samdi og gefin var út í stjórnarblöðunum:

„Er hækkun söluskatts á innflutningi úr 7.7% í 16.5% skoðuð sem bráðabirgðaráðstöfun. Þegar hægt verður að lækka skattinn aftur, mun það eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hafa í för með sér 3% sparnað fyrir vísitölufjölskylduna.“

Þarna er upplýst, að útlenda sérfræðingnum er sagt, að söluskattsviðbótina beri að skoða „sem bráðabirgðaráðstöfun“. Enn fremur, að hann metur hækkunina 3% afkomuskerðingu fyrir vísitölufjölskyldu. Hér er því ekki um smámuni að ræða fyrir almenning.

Í árslok 1960 bitu stjórnarflokkarnir á jaxlinn og framlengdu viðbótarsöluskattinn fyrir árið 1961, hvað sem aðrir sögðu.

Nú ætlar ríkisstjórnin að framlengja enn þessa skatthækkun. En hún ætlar að gera það á þann hátt að krækja þessum hvimleiða vagni vonbrigða sinna aftan í lest hinna árlegu framlenginga, til þess að minna beri á honum en ella eftirleiðis.

Með þessu viðurkennir ríkisstjórnin að vísu, að áætlanir sínar hafi ekki staðizt og trúin hjá sér á „viðreisnarkerfið“ hafi bilað. En ég álít, að ekki sé rétt að láta ríkisstjórnina sleppa svona létt frá því að draga vagninn. Ég tel, að hún eigi fram á sinn lokadag að hafa framlengingu þessa sérstaka til að fást við í lögunum um söluskatt. Með því móti man hún og aðrir hlutaðeigendur betur, að þetta er liður, sem upp á hana stendur að fella niður.

Ég legg til, eins og áður er fram tekið, að 5. gr. frumvarps þessa verði felld, en það að öðru leyti samþykkt.

Alþingi, 29. okt. 1961.

Karl Kristjánsson.

Ed. 66. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta, svonefndur „bandormur“, felur í sér framlenging á ýmsum ákvæðum varðandi gjaldheimtu ríkissjóðs, og hafa flest þeirra áður verið framlengd frá ári til árs um fjölda ára og oftast án ágreinings. Að þessu sinni hefðu þessi ákvæði heldur tæpast valdið deilum að öllu óbreyttu.

Nú hefur hins vegar verið skeytt nýjum lið við enda þessa „bandorms“, ákvæði um framlengingu til ársloka 1962 á „bráðabirgðasöluskatti á innflutningi“, en hann nemur 8% af tollverði vara að viðbættu 10% álagi, eða 8.8%, ef reiknaður væri af tollverðinu einu. Skattur þessi var í upphafi einn þáttur „viðreisnarinnar“ og hefur nú verið heimtur í tvö ár, en hefði að óbreyttum lögum fallið úr gildi um n. k. áramót.

Þessi nýi liður „bandormsins“ skar úr um það, að fjhn. varð ekki sammála um að hleypa honum í heilu lagi gegnum hv. þingdeild. Meiri hl. n., hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, telur framlengingu bráðabirgðasöluskattsins rétta og nauðsynlega, en undirritaður og Karl Kristjánsson eru henni andvígir, svo sem þeir hafa ávallt verið mótfallnir þessari skattheimtu, og skila því sérálitum.

Tveir voru frá upphafi meginþættir „viðreisnarinnar“, annars vegar gengisfelling og kauplækkun launamanna, hins vegar umbylting í skattamálum með því markmiði að afnema beina, stighækkandi skatta, sem eðli sínu samkvæmt leggjast með meiri þunga á tekjuháa og efnamikla gjaldendur en þá, sem lítt eru aflögufærir, en taka í þeirra stað upp í vaxandi mæli óbeina neyzluskatta, sem yrðu hluti af almennu vöruverði, jafnt nauðsynjavara sem miður þarfra. Í sömu átt gekk svo stefna ríkisstjórnarinnar í útsvarsmálum, þar sem þungi gjaldheimtunnar var í vaxandi mæli færður yfir á herðar hinna efnaminni með því að draga mjög úr stighækkun útsvara og taka upp söluskatt sem tekjustofn fyrir bæjarfélögin.

Ágreiningurinn um þann hluta skattheimtunnar, sem hér ræðir um, „bráðabirgðasöluskattinn“, er að sjálfsögðu fyrst og fremst ágreiningur um heildarstefnuna í skattamálum, og er því rétt að íhuga í sambandi við hann, hvernig „viðreisnarstefnan“ hefur gefizt að þessu leyti og við hverju megi búast í framtíðinni, verði henni fylgt áfram og jafnvel gengið fetum lengra á sömu braut, svo sem nú er boðað.

Augljóst er, að skattabylting núverandi ríkisstjórnar hefur reynzt — við hlið gengisfellinga hennar — önnur höfuðorsök þeirra taumlausu verðhækkana, sem orðið hafa síðustu tvö árin og nema, svo að dæmi séu nefnd, 27% á matvörum, 28% á fatnaði og vefnaðarvörum og 35% á ýmsum vörum og þjónustu, allt skv. útreikningum hagstofunnar. Orsakirnar til þessara gífurlegu hækkana skýrast mjög, þegar annars vegar er litið til heildarhækkana skatta og tolla og hins vegar til þess, hver eðlisbreyting hefur orðið á skattheimtunni.

Árið 1959 námu skattar og tollar til ríkissjóðs 796 millj. kr., en framlagt fjárl.frv. nú gerir ráð fyrir, að þeir hækki í 1401 millj. kr. á árinu 1962. Hækkunin nemur 603 millj. kr. eða 76%. Á sama tíma og launamenn hafa orðið að þola þessar hækkanir ásamt beinni launalækkun, hefur sú breyting orðið á, að söluskattar að frádregnum hluta sveitarfélaganna hafa hækkað um 286% (úr 166 millj. kr. í 485 millj. kr.), en tekju- og eignarskattur lækkað um 42% (úr 165 millj. kr. í 95 millj. kr.).

Árið 1959 nam tekju- og eignarskattur 20.7% af öllum tollum og sköttum, en árið 1962 nemur hann 6.7% af heildarupphæðinni. Á sama tíma hafa söluskattar, að frádregnum hluta sveitarfélaganna, hækkað úr 20.8% af heildarskattheimtunni í 34%, m. ö. o. hefur sú gerbreyting á orðið, að fyrir 2 árum var hlutur beinna skatta og söluskatta svo að segja jafn, en nú er hlutur söluskattanna rösklega fimmfaldur á við beinu skattana og heildarskattheimtan á sama tíma nær tvöfölduð.

Áhrif þessarar gerbreytingar hafa að sjálfsögðu orðið gífurleg á allt verðlag í landinu. „Bráðabirgðasöluskatturinn“ einn fyrir sig nemur a. m. k. 6—8% af endanlegu smásöluverði á innfluttum matvörum, vefnaðarvörum, byggingarvörum og öðrum nauðsynjavarningi, sem óhjákvæmilegt er að kaupa erlendis frá. Mundi því hafa munað mjög verulega um, ef ríkisstjórnin hefði efnt fyrirheit sitt um að innheimta þennan skatt aðeins í 9 mánuði ársins 1960. En í stað þess að gera það hefur hún raunverulega stórhækkað hann ár frá ári, í ár með því að láta hann gilda allt árið og síðan enn með gengisfellingunni í ágúst s. l. Þessi skattur verður því þungbærari og meiri dýrtíðarvaldur á næsta ári en nokkru sinni áður.

Allsherjar endurskoðun heildarstefnunnar í skattamálum er vafalaust meðal brýnustu verkefna löggjafarvaldsins. Snúa verður við á þeirri braut, sem gengin hefur verið í tíð núverandi ríkisstjórnar, að auka í sífellu óbeina skatta, sem valda óbærilegri dýrtíð fyrir allan almenning, en auka hlut stighækkandi skatta, sem miðast við tekjur og efnahag einstaklinga sem fyrirtækja. Jafnframt er brýn nauðsyn á að taka upp virkt skattaeftirlit, sem raunverulega hefur ekki verið til hér á landi, en mundi vafalaust færa ríkissjóði stórfelldar tekjur, þótt ekki kæmu til aðrar breytingar. Í annan stað þyrftu svo að koma til róttækar sparnaðaraðgerðir í ríkisrekstrinum.

Öll gróðafélög í landinu greiða nú innan við 1/25 hluta allra skatta og tolla ríkissjóðs í formi tekju- og eignarskatts. Núverandi ríkisstjórn telur þá greiðslu samt enn of mikla og hyggst létta hana mjög verulega þegar á yfirstandandi Alþingi, en allir

launamenn í landinu búa við síhrakandi lífskjör af völdum stjórnarstefnunnar. Þeir eiga nú einir að bera síhækkandi skattabyrðar ríkisstjórnarinnar. Það er vissulega tími til kominn að spyrna við fótum gegn þessari stefnu, og fyrsta og eðlilegasta skrefið er, að Alþingi felli framlengingarákvæði þessa frv. varðandi söluskattinn.

Alþingi, 30. okt. 1961.

Björn Jónsson.

Sþ. 67. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um endurskoðun laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Skal endurskoðun þessari lokið svo snemma, að frumvarp um breytingar á lögunum verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr.

Greinargerð.

Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra voru sett árið 1949. Tíminn, sem síðan er liðinn, hefur leitt í ljós ótvíræða galla á lögum þessum, og telja kunnugir aðkallandi að fá þá sniðna burt.

Í lögunum er gerður skilsmunur á ölvuðum mönnum og drykkjusjúkum, og er sérstakur kafli um þá fyrrnefndu. Ekkert ákvæði í þeim kafla er enn komið til framkvæmda, þótt liðin séu 12 ár frá setningu laganna, og gæti sú staðreynd bent til þess, að ekki væri vanþörf endurskoðunar. Nóg mun til af ölvuðum mönnum sjálfum sér og öðrum til tjóns og því full nauðsyn á framkvæmanlegum lagaákvæðum þeim til aðstoðar.

Þá eru og í öðrum köflum laganna viss ákvæði svo meingölluð, að stórlega hefur háð þeirri starfsemi, sem þar er ráðgerð. Fyrir þessa ágalla er drykkjumannahjálpin í landinu öll í molum, enda vantar þar alla heildarsýn og heildarstjórn. Þótt allmiklu fé sé nú árlega varið til meðferðar drykkjusjúkra manna, kemur það ekki að hálfum notum vegna þeirrar ringulreiðar, sem ríkir lögum þessum samkvæmt.

Þetta ástand er öllum kunnugt, sem nærri koma þessum málum, enda hafa æðstu ráðgjafar heilbrigðisstjórnarinnar þegar á það bent. Stjórnskipuð nefnd með landlækni í forsæti skilaði ríkisstjórninni álitsgerð og tillögum um breytingar á lögunum í janúar 1960. Þessi plögg liggja enn í dag hjá heilbrigðisstjórninni, sem virðist sitja á þeim sem fastast, en á meðan er unnið að lækningum drykkjumanna við óþarflega erfiðar aðstæður

Til þess að vekja frekari athygli á þessu máli voru á tveim síðustu þingum lögð fram frumvörp til laga um meðferð drykkjumanna. Í þeim var leitazt við að nema á brott gallana á gildandi lögum um sama efni Annað þessara frumvarpa var afgreitt í efri deild snemma á s. l. ári með svofelldri dagskrá:

„Með því að stjórnskipuð nefnd hefur endurskoðað gildandi lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra og afhent ríkisstjórninni breytingartillögur sínar, þykir deildinni ekki ástæða til að taka afstöðu til frumvarpsins að sinni. Í trausti þess, að tillögur frumvarpsins verði teknar til sérstakrar athugunar og málið á ný í heild lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Eins og þessi rökstudda dagskrá ber með sér, hafði efri deild réttan skilning á þessu máli á næstsíðasta þingi, og það er ekki deildarinnar sök, að traust hennar reyndist oftraust.

Nauðsynin á að breyta lögunum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra er sízt minni nú en fyrir tveim árum, þegar ríkisstjórnin fól nefnd að gera tillögur um breytingar á þeim. Þörfin á bættri aðstöðu til hjálpar drykkjumönnum er brýn og minnkar ekkert við það eitt, að stjórnarvöld sofa á verðinum. Þess vegna er þessi tillaga um endurskoðun flutt nú.

Sþ. 68. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um staðfestingu á samkomulagi um viðurkenningu Sambandslýðveldisins Þýzkalands á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

Alþingi ályktar að staðfesta samkomulag það, sem gert var hinn 19. júlí 1961 milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýzkalands um viðurkenningu Sambandslýðveldisins á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland.

Samkomulagið er prentað sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér liggur fyrir, staðfestir, ef samþykkt verður, samkomulag sem ríkisstjórnin gerði við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands 19. júlí s. l. um viðurkenningu Sambandslýðveldisins á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, og prentað er með ályktuninni.

Með samkomulagi því, sem gert var hinn 11. marz 1961 um lausn fiskveiðideilunnar við Breta vannst sá mikilvægi sigur að fá fulla og óafturkallanlega viðurkenningu á 12 mílna fiskveiðilandhelgi við Ísland frá þeirri þjóð, sem harðasta andstöðu hafði sýnt og mesta hagsmuni átti af fiskveiðum við Ísland af þeim erlendu þjóðum, sem senda fiskiskip sín til veiða á Íslandsmið. Jafnframt var viðurkennd þýðingarmikil útfærsla á grunnlínum.

Nokkru eftir að það samkomulag var gert, óskaði ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands viðræðna við ríkisstjórn Íslands um aðstöðu togara frá Sambandslýðveldinu hér við land.

Þýzk skip hafa stundað veiðar við Ísland um langt skeið í ríkum mæli. Koma þau næst á eftir brezkum um aflamagn og lengd veiðitíma, og standast aðrar þjóðir þar engan samanburð. Þótti því rétt að athuga um umþóttunartíma fyrir Vestur-Þýzkaland á svipuðum grundvelli og fyrir Breta, enda viðurkenndi Sambandslýðveldið þá hina nýju fiskveiðilögsögu, eins og hún varð eftir útfærsluna í marz 1961. Ríkisstjórnin féllst því á að verða við ósk ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins um viðræður.

Viðræðurnar, sem fram fóru í Bonn síðari hluta júnímánaðar og fyrrihluta júlímánaðar leiddu í ljós, að Sambandslýðveldið var reiðubúið að viðurkenna óafturkallanlega fiskveiðilögsöguna við Ísland, eins og hún var ákveðin við útfærsluna í marz 1961, og ganga að öðru leyti að sömu skilmálum og Bretar, með þeim hætti, að tími sá, sem skip frá Sambandslýðveldinu geta stundað veiðar milli 6 og 12 mílna, eins og nánar er tiltekið í samkomulaginu, rennur út á sama tíma og gert er ráð fyrir í samkomulaginu við Breta. Tíminn verður því þeim mun styttri, sem þetta samkomulag er gert síðar en við Breta. Veiðiheimild skipa frá báðum þessum löndum rennur því út samtímis hinn 10. marz 1964.

Á grundvelli þessarar könnunarviðræðna taldi ríkisstjórnin rétt að gera samkomulag við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins og fór það fram með erindaskiptum milli utanríkisráðherra og ambassadors Sambandslýðveldisins í Reykjavík hinn 19. júlí s. l.

Samkomulagið er háð samþykki Alþingis, og var málið lagt fyrir utanríkismálanefnd á fundi nefndarinnar 15. júlí 1961. Þann fund sóttu Gísli Jónsson, Emil Jónsson, Eysteinn Jónsson, Finnbogi R. Valdimarsson og Jóhann Hafstein. Meirihluti utanríkismálanefndar, Gísli Jónsson, Jóhann Hafstein og Emil Jónsson, var samþykkur þeirri málsmeðferð, sem hér er greint frá, en minnihluti nefndarinnar, Eysteinn Jónsson og Finnbogi R. Valdimarsson, var á móti.

Um samkomulag þetta, sem fylgir ályktuninni, gerist ekki þörf að fjölyrða hér. Er það í öllum meginatriðum samhljóða samkomulagi því, sem gert var við Breta á s. l. vori og á allt hið sama við um það og sagt var um samkomulagið við Breta í greinargerð með tillögu þeirri til þingsályktunar um lausn fiskveiðideilunnar við Breta, sem samþykkt var á síðasta Alþingi.

Fylgiskjal.

Samkomulag við Sambandslýðveldið Þýzkaland um viðurkenningu Sambandslýðveldisins á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland.

Hinn 19. júlí 1961 fóru fram eftirfarandi erindaskipti milli utanríkisráðherra Íslands og sendiherra Sambandslýðveldisins Þýzkalands í Reykjavík um viðurkenningu Sambandslýðveldisins á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, grunnlínubreytingar og um aðstöðu þýzkra skipa til veiða við Ísland.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

hinn 19. júlí 1961.

Háttvirti sendiherra!

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem nýlega hafa farið fram í Bonn. Með tilliti til þessara viðræðna er ríkisstjórn Íslands reiðubúin að gera eftirfarandi samkomulag við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands:

1. Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands falli frá mótmælum sínum gegn tólf mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, sem mæld er frá grunnlínum samkvæmt 2. gr. hér á eftir, og er þá eingöngu átt við fiskveiðilögsögu.

2. Grunnlínur þær, sem miðað er við í 1. gr., verða hinar sömu og ákveðnar eru í reglugerð nr. 70 30. júní 1958 með þeim breytingum, að grunnlínur verða dregnar milli eftirfarandi punkta:

DER BOTSCHAFTER DER BUNDESREPUBLIK DEUTSCHLAND
Reykjavík, den 19. Juli 1961.

Exzellenz!

Ich beehre mich, den Empfang Ihrer Note vom 19. Juli 1961 zu bestätigen, die in deutscher Sprache wie folgt lautet:

„Ich beehre mich, auf die Besprechungen Bezug zu nehmen, die kürzlich in Bonn stattgefunden haben. Im Hinblick auf diese Besprechungen ist die Regierung der Republik Island bereit, folgende Regelung mit der Regierung der Bundesrepublik Deutschland zu treffen:

1. Die Regierung der Bundesrepublik Deutschland erhebt künftig keine Einwendungen gegen eine Zwölf-Meilen-Fischereizone um Island, gemessen von den im Nummer 2 angegebenen Basislinien, die ausschliesslich die Abgrenzung der genannten Zone betreffen.

2. Die Basislinien, die zu dem in Nummer 1 erwähnten Zweck verwendet werden, sind diejenigen, die in der isländischen Verordnung Nr. 70 vom 30. Juni 1958 festgelegt sind, jedoch abgeändert durch Verwendung der zwischen folgenden Punkten gezogenen Basislinien:

A. Grunnlínpunktur 1 (Horn) til grunnlínupunktar 5 (Ásbúðarrif).
B. Grunnlínupunktur 12 (Langanes) til grunnlínupunktar 16 (Glettinganes).
C. Grunnlínupunktur 51 (Geirfugladrangur) til grunnlínupunktar 42 (Skálasnagi).
D. Grunnlínupunktur 35 (Geirfuglasker) til grunnlínupunktar 39 (Eldeyjardrangur).

Þessar breytingar taki þegar gildi.

3. Til 10. marz 1964 mun ríkisstjórn Íslands ekki hindra, að skip, sem skrásett eru í Sambandslýðveldinu Þýzkaland, stundi veiðar á svæði því milli sex og tólf mílna innan fiskveiðilögsögu, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum og tímum:

a) Horn (Grunnlínupunktur 1) — Langanes (grunnlínupunktur 12) (júní til september).
b) Langanes (grunnlínupunktur 12) — Glettinganes (Grunnlínupunktur 16) (maí til desember).
c) Glettinganes (grunnlínupunktur 16) — Setusker (grunnlínupunktur 20) (janúar til apríl og júlí til ágúst).
d) Setusker (grunnlínupunktur 20) — Meðallandssandur I (grunnlínupuntkur 30) (marz til júlí).
e) Meðallandssandur I (grunnlínupunktur 30) — 20° v.l. (apríl til ágúst).
f) 20° v.l. — Geirfugladrangur (grunnlínupunktur 51) (marz til maí).
g) Geirfugladrangur (grunnlínupunktur 51) — Bjargtangar (grunnlínupunktur 43) (marz til maí).

4. Til þess tíma, sem nefndur er í 3. gr., er þó skipum, sem skráð eru í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi, óheimilt að stunda veiðar á svæðinu milli sex og tólf mílna innan fiskveiðilögsögunnar, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum:
a) milli 63°37′ n.br. og 64°13′ n.br. (Faxaflói).

A. Punkt 1 (Horn) bis Punkt 5 (Ásbúðarrif).
B. Punkt 12 (Langanes) bis Punkt 16 (Glettinganes).
C. Punkt 51 (Geirfugladrangur) bis Punkt 42 (Skálasnagi).
D. Punkt 35 (Geirfuglasker) bis Punkt 39 (Eldeyjardrangur).

Diese Änderungen treten sofort in Kraft.

3. Bis zum 10. März 1964 erhebt die Republik Island keine Einwendungen gegen das Fischen von in der Bundesrepublik Deutschland registrierten Schiffen innerhalb der äusseren sechs Meilen der in den Nummern 1 und 2 erwähnten Fischereizone, und zwar innerhalb folgender Bereiche während der angegebenen Zeiträume:
a) Horn (Punkt 1) — Langanes (Punkt 12) (Juni bis September).
b) Langanes (Punkt 12) — Glettinganes (Punkt 16) (Mai bis Dezember).
c) Glettinganes (Punkt 16) — Setusker (Punkt 20) (Januar bis April und Juli bis August).
d) Setusker (Punkt 20) — Meðallandssandur I (Punkt 30) (März bis Juli).
e) Meðallandssandur I (Punkt 30) — 20° westlicher Länge (April bis August).
f) 20° westlicher Länge — Geirfugladrangur (Punkt 51) (März bis Mai).
g) Geirfugladrangur (Punkt 51) — Bjargtangar (Punkt 43) (März bis Mai).

4. Bis zu dem in Nummer 3 genannten Zeitpunkt dürfen jedoch in der Bundesrepublik Deutschland registrierte Schiffe innerhalb der äusseren sechs Meilen der in den Nummern 1 und 2 erwähnten Fischereizone in den folgenden Bereichen nicht fischen:
a) Zwischen 63°37′ nördlicher Breite und 64°13′ nördlicher Breite (Faxaflói).

b) Milli 64°40′ n.br. og 64°52′ n.br. (Snæfellsnes).

c) Milli 65° n.br. og 65°20′ n.br. (Breiðafjörður).

d) Milli Bjargtanga (grunnlínupunktur 43) og Horns (grunnlínupunktur 1).

e) Á svæði, sem takmarkast af línum, sem dregnar eru frá suðurodda Grímseyjar til grunnlínupunkta 6 og 8.

f) Milli 14°58′ v.l. og 15°32′ v.l. (Mýrabugt).

g) Milli 16°12′ v.l. og 16°46′ v.l. (Ingólfshöfði).

5. Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annarhvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins.

6. Samkomulag þetta tekur einnig til Berlínar, enda gefi ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands ríkisstjórn lýðveldisins Íslands ekki yfirlýsingu um hið gagnstæða innan þriggja mánaða eftir að samkomulag þetta tekur gildi.

7. Ríkisstjórn Íslands mun skrásetja samkomulag þetta hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna samkvæmt 102. gr. í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna.

Ef ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands lýsir sig samþykka framangreindum tillögum, leyfi ég mér að leggja til, að orðsending þessi og svar yðar við henni skoðist sem samkomulag

b) Zwischen 64°40′ nördlicher Breite und 64°52′ nördlicher Breite (Snæfellsnes).

c) Zwischen 65° nördlicher Breite und 65°20′ nördlicher Breite (Breiðafjörður).

d) Zwischen Bjargtangar (Punkt 43) und Horn (Punkt 1).

e) Vor der Hauptlandmasse in dem Gebiet, das begrenzt wird durch Linien vom südlichsten Punkt von Grímsey nach den Basispunkten 6 und 8.

f) Zwischen 14°58′ westlicher Länge und 15°32′ westlicher Länge (Mýrabugt).

g) Zwischen 16°12′ westlicher Länge und 16°46′ westlicher Länge (Ingólfshöfði).

5. Die Regierung der Republik Island wird auch künftig auf die Durchführung der Entschliessung des Althings vom 5. Mai 1959 betreffend Erweiterung der Fischereihoheit Islands hinarbeiten. Sie wird aber der Regierung der Bundesrepublik Deutschland eine derartige Erweiterung sechs Monate im voraus mitteilen; im Falle eines Streites im Zusammenhang mit einer derartigen Erweiterung wird die Angelegenheit auf Antrag einer der beiden Parteien dem Internationalen Gerichtshof vorgelegt werden.

6. Diese Vereinbarung gilt auch für das Land Berlin, sofern nicht die Regierung der Bundesrepublik Deutschland gegenüber der Regierung der Republik Island innerhalb von drei Monaten nach Inkrafttreten dieser Vereinbarung eine gegenteilige Erklärung abgibt.

7. Die Regierung der Republik Island wird diese Regelung gemäss Artikel 102 der Satzung der Vereinten Nationen bei dem Generalsekretär der Vereinten Nationen registrieren.

Falls sich die Regierung der Bundesrepublik Deutschland mit den vorstehenden Vorschlägen einverstanden erklärt, beehre ich mich vorzuschlagen, dass diese Note und die entsprechende Ant-

milli ríkisstjórna okkar, er gangi þegar í gildi.

wortnote Eurer Exzellenz eine Vereinbarung zwischen unseren beiden Regierungen bilden sollen, die sogleich in Kraft tritt."

Ich beehre mich, Ihnen zu erklären, dass in dem Bestreben, der besonderen Bedeutung, die der Küstenfischerei für die isländische Wirtschaft zukommt, Rechnung zu tragen, die Regierung der Bundesrepublik Deutschland mit der in Ihrer Note vorgesehenen Regelung einverstanden ist, und dass Ihre Note und diese Antwort darauf eine Vereinbarung zwischen unseren beiden Regierungen bilden, die sogleich in Kraft tritt, wobei die Regierung der Bundesrepublik Deutschland feststellt, dass diese Vereinbarung nicht Rechte, die ihr nach Völkerrecht gegenüber dritten Staaten zustehen, präjudiziert.

Ég leyfi mér að votta yður, háttvirti sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Genehmigen Sie, Exzellenz, den Ausdruck meiner ausgezeichnetsten Hochachtung.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Hans-R. Hirschfeld.

Herra sendiherra H.-R. Hirschfeld,
sendiráði Sambandslýðveldisins
Þýzkalands,
Reykjavík.

Seiner Exzellenz
Herrn Guðmundur Í. Guðmundsson.
Aussenminister der Republik Island
Reykjavík.

Sþ. 69. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um staðfestingu á samkomulagi um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

Alþingi ályktar að staðfesta samkomulag það, sem gert var milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Danmerkur hinn 1. ágúst 1961 um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland. Samkomulagið er prentað sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér liggur fyrir, staðfestir, ef samþykkt verður, samkomulag það, sem ríkisstjórnin gerði við ríkisstjórn Danmerkur 1. ágúst s. l. um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland, og prentað er með ályktuninni.

Í júnímánuði s. l. óskaði danska ríkisstjórnin eftir því að mega taka upp viðræður við íslenzku ríkisstjórnina um réttindi Færeyinga til fiskveiða við Ísland. Ríkisstjórnin svaraði málaleitun þessari á þá lund, að hún væri reiðubúin að ræða um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða á fiskimiðum við Ísland. Viðræður þessar fóru fram í Reykjavík síðari hluta júlímánaðar. Að þeim loknum

ákvað ríkisstjórnin að gera samkomulag við ríkisstjórn Danmerkur, og fór það fram með erindaskiptum milli utanríkisráðherra og ambassadors Danmerkur í Reykjavík hinn 1. ágúst s. l.

Samkomulagið er háð samþykki Alþingis, og var málið borið undir utanríkismálanefnd á fundi nefndarinnar 25. júlí 1961. Fundinn sóttu Gísli Jónsson, Birgir Kjaran, Emil Jónsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Hermann Jónasson og Jóhann Hafstein. Meiri hluti nefndarinnar var samþykkur því, að gert skyldi samkomulag um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða innan fiskveiðilandhelginnar, en minni hluti nefndarinnar, Finnbogi R. Valdimarsson og Hermann Jónasson, voru á móti.

Samkomulagið felur í sér heimild til handa færeyskum fiskiskipum til að stunda handfæraveiðar innan fiskveiðilandhelginnar á sömu svæðum og tímum og íslenzkum skipum eru heimilaðar botnvörpu- eða flotvörpuveiðar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 87, 29. ágúst 1958, og 1. gr. reglugerðar nr. 4. 11. marz 1961. Auk þess er þeim heimilt að stunda handfæraveiðar við Kolbeinsey á svæðinu milli 4 og 8 mílna. Er samkomulag þetta gert til ótiltekins tíma, en er uppsegjanlegt af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara.

Færeyingar eru hin eina af þjóðum þeim, sem senda skip sín til veiða hér við land, sem hafa haldið áfram handfæraveiðum fram á þennan dag. Byggist það á því, að enn er nokkur hluti fiskiskipastóls Færeyinga gömul og úrelt skip, „kútterar", sem henta þó vel til slíkra veiða. Handfæraveiðarnar hafa því enn verulega þýðingu fyrir fiskveiðar Færeyinga, en sjávarútvegur er, svo sem kunnugt er, meginundirstaða efnahagslífs Færeyinga.

Þetta viðurkenndu Íslendingar með því að veita Færeyingum sérstaka heimild til handfæraveiða innan þáverandi fiskveiðilögsögu fyrstu árin eftir að lýðveldið var stofnað, og var sú heimild í gildi til ársloka 1947. Var Færeyingum þessi undanþága þá mikils virði.

Með samkomulagi því, sem hér um ræðir, er að nokkru leyti fetuð hin sama braut, en þó gengið miklum mun skemmra. Er færeyskum fiskiskipum heimilað að stunda handfæraveiðar á sömu svæðum og tímum og íslenzkum togveiðiskipum er heimilt samkvæmt núgildandi reglum, en til viðbótar nær heimildin einnig til svæðisins milli 4 og 8 mílna við Kolbeinsey.

Með því að hvort tveggja er, að hér getur ekki verið nema um mjög takmarkaða tölu skipa að ræða, og að handfæri mega teljast fela í sér minni hættu fyrir fiskistofnana en önnur þau veiðarfæri, sem notuð eru við þorskveiðar, þá verður ekki séð, að í þessu samkomulagi geti á nokkurn hátt falist hætta fyrir fiskveiðar Íslendinga sjálfra.

Fylgiskjal.

Samkomulag um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland.

Hinn 1. ágúst 1961 fóru fram eftirfarandi erindaskipti milli utanríkisráðherra Íslands og sendiherra Danmerkur í Reykjavík um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ,
Reykjavík, 1. ágúst 1961.

Háttvirti sendiherra!

Með tilvísun til viðræðna, sem fram hafa farið í Reykjavík nýlega, leyfi ég

KGL. DANSK AMBASSADE,
Reykjavík, den 1. august 1961.

Höjtærede Hr. Udenrigsminister!

Jeg har den ære at anerkende modtagelsen af Deres note af i dag, der på dansk lyder som følger:

„Under henvisning til de dröftelser, som har fundet sted i Reykjavik fornylig,

mér að skýra yður frá því, að ríkisstjórn Íslands er reiðubúin að gera samkomulag við ríkisstjórn yðar um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland á eftirfarandi grundvelli:

1. Skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, er heimilt að stunda handfæraveiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands á svæðum þeim og árstíma, sem íslenzkum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu eða flotvöru samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 87 frá 29. ágúst 1958 og 1. gr. reglugerðar nr. 4 frá 11. marz 1961.

2. Skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, er auk þess heimilt að stunda handfæraveiðar á svæðinu milli 4 og 8 mílna, innan fiskveiðilögsögu Íslands við Kolbeinsey.
3. Samkomulagi þessu getur hvor aðili um sig sagt upp með sex mánaða fyrirvara.

Ef ríkisstjórn yðar lýsir sig samþykka framangreindu, leyfi ég mér að leggja til, að orðsending þessi og svar yðar við henni skoðist sem samkomulag milli ríkisstjórna okkar, er ganga þegar í gildi.

Ég leyfi mér að votta yður, háttvirti sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Herra sendiherra Bjarne W. Paulson,
Sendiráði Danmerkur,
Reykjavík.

tillader jeg mig at meddele Dem, at Islands regering er rede til at indgå en overenskomst med Deres regering om adgang for færingerne til fiskeri med håndline ved Island på følgende grundlag:

1. Skibe, sam er indregistreret på Færöerne, har ret til at drive håndlinefiskeri inden for Islands fiskerigrænse på de områder og på de tider af året, hvor det er tilladt islandske skibe at fiske med bundtrawl eller flydetrawl i overensstemmelse med art. 1 i forordning nr. 87 af 29. august 1958 og art. 1 i forordning nr. 4 af 11. marts 1961.
2. Skibe, der er indregistreret på Færöerne, har desuden ret til at fiske med håndline i området mellem 4 og 8 sömil inden for Islands fiskerigrænse ved Kolbeinsö.
3. Denne overenskomst kan hver part for sit vedkommende opsige med seks måneders varsel.

Såfremt Deres regering erklærer sig enig i foranstående, tillader jeg mig at foreslå, at denne note og Deres svar herpå anses som en overenskomst mellem vore regeringer, og at den straks træder i kraft."


I besvarelse her af har jeg den ære at bekræfte, at de i Deres note indeholdte forslag kan godkendes af den danske regering, og at denne tiltræder, at Deres note og dette svar udgör en overenskomst mellem de to regeringer om adgang for færöske fiskere til fiskeri med håndline ved Island med gyldighed fra dags dato.

Jeg tillader mig at bevidne Dem, höjtærede Hr. Udenrigsminister, min mest udmærkede höjagtelse.

Bjarne W. Paulson.

Hr. Udenrigsminister
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Reykjavík.

Fylgiskjal (kort).



ÍSLENZKU SJÓMÆLINGARNAR

Nd. **70. Frumvarp til laga** [54. mál]

um breyting á sjúkrahúslögum, nr. 93 31. des. 1953, og lögum nr. 31 25. maí 1960, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. málsgr. 10. gr. laga nr. 93 31. des. 1953 bætist við nýr málsliður, svo hljóðandi:

Sama skal gilda um bæjarsjúkrahús Vestmannaeyja.

2. gr.

Á eftir orðinu „Fjórðungssjúkrahús“ í 3. tölulið 2. gr. laga nr. 31 25. maí 1960 komi: og bæjarsjúkrahús Vestmannaeyja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að sjúkrahús Vestmannaeyja fái sömu fyrirgreiðslu af hálfu ríkissjóðs um stofnkostnað og rekstrarstyrk og fjórðungssjúkrahúsum er ætluð í lögum.

Í Vestmannaeyjum ríkir mikill áhugi um byggingu nýs og fullkomins sjúkrahúss með hinum bezta aðbúnaði. Sjúkrahús Vestmannaeyja er yfir 30 ára gamalt, byggt á sínum tíma af myndarskap, en nú talið úr sér gengið og ófullnægjandi miðað við nútímans kröfur. Læknavísindum hefur fleygt fram og kröfur til sjúkraþjónustu síaukizt. Fólkið getur ekki sætt sig við annað en hið bezta í þessu efni og á fullan rétt til þess. Því ber að skapa læknum, hjúkrunarliði og öðru hjálparfólki hina ákjósanlegustu aðstöðu í hinni mikilvægu þjónustu. Góðum starfskröftum verður svo bezt haldið, að þeim séu búin sem fullkomnust ytri skilyrði, og víst er, að því aðeins koma nýir og nýtir starfsmenn til, sem jafnan getur þurft á að halda, að vel sé allrar aðstöðu gætt. Ef þannig væri öllu til skila haldið, þá er jafnframt, sem er aðalatriðið, hagsmunum sjúklinganna betur borgið. Allt er þetta auðsætt.

Vestmannaeyjar hafa verið afskiptar mjög sakir legu sinnar og afstöðu til annarra byggðarlaga, einangrun verið hlutskipti bæjarbúa, þótt rofin hafi verið að nokkru og í ýmsu reynt að bæta úr. En þrátt fyrir greiðari samgöngur er ljóst, að bæjarfélagið verður í sjúkrahúsmálum að búa sem mest og bezt að sínu framvegis svo sem hingað til. Hér er um algera sérstöðu að ræða, sem hvorki sjúkrahús á Suðurlandsundirlendinu bætir úr né sjúkrahúsin í Reykjavík, svo að nokkru nemi.

Íbúatala Eyjanna er um 4700. Á vetrarvertíð sækir þangað á annað þúsund manns víðs vegar að í atvinnuskyni. Þá kemur þangað fjöldi skipa með hundruð manna, sem leita margvíslegrar þjónustu, m. a. sjúkrahjálpar. Starf bæjarbúa er að meginhluta unnið í þágu sjávarútvegs og oft hið áhættusamasta. Geta má þess, að allverulegur hluti af útflutningsverðmætum þjóðarinnar kemur frá Vestmannaeyjum. Eiga Vestmannaeyjar einnig í því efni nokkra sérstöðu.

Aðstöðumun bæjarbúa í sjúkrahúsmálum ber þjóðfélaginu að jafna og því eigi aðeins rétt, heldur einnig skylt að koma hér til móts við eðlilegar óskir.

Svo hljóðandi ályktun hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkt:

„Bæjarstjórnin beinir áskorun til þingmanna Suðurlandskjördæmis um að flytja frumvarp á komandi Alþingi um fjárframlag til sjúkrahússbyggingar í Vestmannaeyjum og njóti sjúkrahúsið hliðstæðrar fyrirgreiðslu um fjárframlög og réttindi eins og fjórðungssjúkrahús hafa notið eða kunna að njóta.“

Þessari hóflegu áskorun hafa svo fylgt athafnir af hálfu Vestmanneyinga. Safnað hefur verið fjármagni til sjúkrahússbyggingar. Munu vera um 800 þús. kr. þegar í byggingarsjóði, og ætlað er, að við næstu áramót verði þar handbært fé um 1 millj. króna.

Þannig er fullljóst, að hugur fylgir máli og allir bæjarbúar standa hér að óskiptir, enda verður ekki um villzt, að hér er mikið í húfi og mikils um vert, að fljótt og vel til takist.

Það er því von flm., að frumvarpi þessu verði vel tekið og það fái fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.“

Sþ. 71. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram borun eftir heitu vatni að Leirá í Borgarfirði, svo fljótt sem auðið er, í þeim tilgangi, að orkulindir þær, sem þar kunna að vera, verði hagnýttar til hitaveitu fyrir Akranes.

Greinargerð.

Tillögur um borun að Leirá hafa komið fram tvisvar áður á Alþingi, fyrst sem breytingartillaga flutt af Daníel Ágústínussyni og síðan sem þingsályktunartillaga á síðasta Alþingi flutt af þeim Daníel Ágústínussyni og Jóni Árnasyni, en hafa eigi hlotið afgreiðslu. Á síðasta Alþingi fylgdi tillögunni svo hljóðandi greinargerð:

„Snemma á þessari öld var byggð sundlaug við heita uppsprettu að Leirá í Leirársveit og endurbyggð fyrir nokkrum árum. Frá ómunatíð hafa verið heitar uppsprettur í óskiptu beitilandi Leirár og Hávarðsstaða í Leirársveit, og er þeirra getið í ýmsum fornum ritum. Eftir því sem elztu menn muna, hefur vatnsmagnið verið jafnt og stöðugt, eða 2/3 sekl. af 60° heitu vatni. Að tilhlutun landeiganda og Akraneskaupstaðar athugaði Gunnar Böðvarsson jarðhitasvæðið að Leirá haustið 1957. Taldi hann öll einkenni benda til þess, að vænta mætti nokkurs vatnsmagns, ef borað væri. Að beiðni nefndar þeirrar, sem undirbýr byggingu heimavistarbarnaskóla fyrir sveitahreppana í Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar, hreppsnefndar Leirár- og Melahrepps og Akraneskaupstaðar var hafizt handa um jarðborun seint á árinu 1959. Var verkið unnið af jarðborunardeild raforkumálaskrifstofunnar, en greitt af fyrrnefndum þremur aðilum. Borunin gekk ágætlega, og var farið niður í 133 m dýpi. Þegar hætt var í febr. 1960, var rennslið orðið 7—8 sekl. af 80° heitu vatni. Síðan hefur vatnsrennsli þetta haldizt og einnig hitastig þess. Var þetta talinn mjög góður árangur, miðað við þann litla og ófullkomna bor, sem notaður var. Með borun þessari er tryggt nægilegt vatn fyrir heimavistarbarnaskóla að Leirá, félagsheimili og nauðsynlegar byggingar í tengslum við skólann og nokkur afgangur.

Það, sem næst ber að rannsaka, er það, hvort að Leirá er nægilegt vatn fyrir hitaveitu til Akraness og enn fremur þeirra sveitabýla, sem á þeirri leið eru. Af sérfræðingum er talið, að grundvöllur fyrir hitaveitu sé fenginn með 55 sekl. vatns

fyrir Akranes og væntanlegt skólahverfi að Leirá. Vegalengdin til Akraness er 18—19 km. Þegar íbúar Akraness — sem nú eru tæplega 4000 — eru orðnir 5000, er að dómi sérfróðra manna fenginn fjárhagsgrundvöllur fyrir byggingu og rekstur hitaveitu, enda þótt fjarlægðin sé slík sem hér er um að ræða. Jafnframt er talið, að ca. 50 sekl. af 80° heitu vatni fullnægi notkun 5000 íbúa. Er mjög líklegt, að þeirri íbúatölu verði náð, þegar þetta mikla hagsmunamál Akraness yrði komið í framkvæmd, ef allt gengur að óskum. Akranes er vaxandi bær með fjölbreytt atvinnulíf og mikla framtíðarmöguleika til lands og sjávar.

Hitaveitur hafa alls staðar reynzt hin mestu þjóðþrifafyrirtæki, hvar sem þeim hefur verið komið á. Nægir í því sambandi að benda á Reykjavík Sauðárkrók, Ólafsfjörð og Selfoss. Hitaveiturnar hafa orðið fjárhagslega sterk fyrirtæki, skapað margvísleg þægindi og þrifnað, auk gjaldeyrissparnaðar fyrir þjóðarbúið. Sú mundi einnig verða raunin á Akranesi, en þar munu nú greiddar árlega 6 millj. kr. fyrir olíu til upphitunar.

Rannsókn á jarðhitasvæðinu er kostnaðarsöm. Meðan ekki er sýnt, hvort til framkvæmda kemur, er erfitt fyrir bæjarfélagið að standa eitt undir þeim kostnaði, sem af rannsókninni leiðir. Það er því nauðsynlegt, að ríkið hafi forustu um þá rannsókn, sem hér er nauðsynleg, enda hefur það nú á að skipa tveimur stórvirkum jarðborum. Eigendur landsins hafa fúslega veitt leyfi til þess, að umrædd rannsókn á landinu fari fram, en endurgjald til þeirra fyrir hagnýtingu orkunnar, ef til framkvæmda kemur, yrði aftur á móti að verða metið af þar til kvöddum óvilhöllum mönnum.

Með samþykkt þingsályktunartillögu þessarar væri hitaveitumáli Akraness veitt mikilsvert brautargengi.“

Nd. 72. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gunnari Gíslasyni og Gunnari Jóhannssyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýir töluliðir:

1. Á eftir C. 2 komi nýr liður:
   Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Tannstaða um Mýrar, Bessastaði og Sanda á Norðurlandsveg við Miðfjarðarárbrú, með hliðarálmu frá Söndum að Heggstöðum.
2. C. 6 orðist svo:
   Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík, með hliðarálmu að Helguhvammi.
3. Á eftir C. 22 komi nýr liður:
   Auðólfsstaðaskarðsvegur: Af Norðurlandsvegi við Auðólfsstaði að Gautsdal.
4. C. 24 orðist svo:
   Skagastrandarvegur: Frá Blönduósi um Skagaströnd og Kálfshamarsvík norður að sýslumörkum, með hliðarálmu frá Enni um Neðribyggð að Neðri-Lækjardal.
5. Á eftir C. 32 komi nýr liður:
   Fremribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi neðan Mælifells að Korná.
6. C. 34 orðist svo:
   Austurdalsvegur: Af Vesturdalsvegi hjá Goðdölum yfir Jökulsárbrú vestri að Skatastöðum, með hliðarálmu yfir brú á Jökulsá eystri að Merkigili.

Nd. **73. Frumvarp til laga** [56. mál]

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Af hverju nýju skipi, sem flutt er til landsins eða smíðað innanlands og er yfir 5 brúttósmálestir, skal greiða í hafnarbótasjóð 2% — tvo af hundraði — af kostnaðarverði þess. Skal gjaldið innt af hendi, um leið og skrásetning skipsins fer fram og haffærisskírteini útgefið. Helmingi þessara tekna sjóðsins skal varið til hafnarbóta og lendingarbóta samkvæmt 4. gr. laganna, en helmingi þeirra til þess að koma upp og starfrækja þurrkví í Reykjavík, er rúmi að minnsta kosti 18 þúsund smálesta skip.

2. gr.

Lög þess öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fátt er þjóð, sem býr við brimótta strönd og á líf sitt undir fiskveiðum og siglingum, jafnnauðsynlegt og góðar og öruggar hafnir, þar sem hægt er að leita skjóls í stormum og illviðrum og geyma örugglega skip og skipshafnir, á meðan stormar æða úti fyrir og ekkert verður aðhafzt þar vegna veðurofsa. Hefur Alþingi jafnan haft á þessum málum fullan skilning, sem sést bezt á því, að eigi færri en 70 hafnir hafa þegar verið teknar í hafnarlöggjöfina og njóta styrks og annarrar aðstoðar frá ríkissjóði, svo sem hafnarlög mæla fyrir um. En þótt árleg framlög ríkissjóðs séu þegar orðin yfir 17 millj. kr. til hafnarframkvæmda, nægir þetta engan veginn til þess að fullnægja þörfinni. Telur hafnarmálastjóri, að á næstu fimm árum þurfi a. m. k. 85 millj. kr. árlega til þess að koma þessum málum í viðunandi horf. Vitað er, að ríkissjóður einn mun ekki þess megnugur að leggja það fé fram allt á því tímabili. Er því eðlilegast, að hafnarbótasjóður verði efldur á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir.

Á árunum 1956—1960, að báðum meðtöldum, er talið, að flutt hafi verið inn skip fyrir 1894 millj. kr., á sama tíma er talið, að ný skip og bátar hafi verið byggð fyrir rúmar 100 millj. kr. Með tilvísun til þessa má ætla, að árlegar tekjur sjóðsins af nýjum skipum og bátum yrðu um 8—10 millj kr., ef frv. yrði að lögum óbreytt. Væri það ómetanlegt fyrir sjóðinn, sem þá gæti stutt aðkallandi framkvæmdir allverulega fram yfir það, sem unnt er nú.

Það, að lagt er til, að helmingi teknanna sé varið til að koma upp þurrkví í Reykjavík, stafar af því, að þetta sameiginlega nauðsynjamál útvegs og iðnaðar hefur verið á döfinni síðan 1943, án þess að nokkuð hafi orðið úr framkvæmdum, og með því að stór hluti þess fjár, sem ætlazt er til að greitt verði til sjóðsins, kæmi frá reykvískum útgerðaraðilum, en hafnarsjóður Reykjavíkur nýtur hins vegar ekki lögum samkvæmt annarrar aðstoðar til hafnarframkvæmda en til byggingar þurrkvíar, þykir rétt og sjálfsagt, að helmingur þess fjár, sem hér um ræðir, gangi beint til þess að koma þeim nauðsynjamálum í framkvæmd.

Er þess vænzt, að mál þetta mæti fullum skilningi og frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um heyverkunarmál.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Pálsson, Björn Fr. Björnsson, Jón Skaftason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sex manna nefnd til þess að gera tillögur um almennar ráðstafanir með lögum eða á annan hátt, er að því miði að gera heyverkun bænda sem öruggasta og ódýrasta. Nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda, tilraunastöðvar háskólans í meinafræði á Keldum, tilraunaráðs búfjárræktar, verkfæranefndar ríkisins og raforkumálaskrifstofunnar, einn tilnefndur að hverjum aðila. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Nefndin athugi sérstaklega, hvernig auka megi súgþurrkun og votheysgerð sem allra mest, t. d. með því að hækka ríkisframlag og veita lán til þess að koma upp súgþurrkunartækjum, lofthitun í sambandi við blástur, votheysgeymslum, færiböndum og saxblásurum. Enn fremur láti hún uppi, að fengnum sérfræðilegum upplýsingum, álit sitt á möguleikum til þess að koma í veg fyrir tjón á sauðfé vegna votheysgjafar.

Nefndin ljúki störfum svo fljótt sem frekast er unnt og skili tillögum um lánveitingar til ríkisstjórnarinnar svo tímanlega, að unnt sé að taka tillit til þeirra á árinu 1962.

Kostnaður við nefndarstörf, þar á meðal við fræðilega aðstoð, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Íslendingar hafa, svo sem kunnugt er, stundað kvikfjárrækt, frá því að land byggðist. Hefur þessi atvinnuvegur byggzt á því, að heyja hefur að sumrinu verið aflað til vetrarfóðurs, og á hagnýtingu landsins til beitar fyrir búfé. Afkoma bændanna og efnahagur hefur frá fyrstu tíð farið eftir því, hvort vel heyjaðist eða illa. Ef grasspretta var góð og þannig viðraði, að hey nýttust vel, gat bóndinn horft ókvíðinn móti vetri og harðindum. Ef hins vegar voru annaðhvort grasleysisár eða óþurrkatíð um sláttinn, mátti gera ráð fyrir búsveltu og bjargarskorti fyrir heimili bóndans.

Þær eru margar til hrakfalla- og sorgarsögurnar, sem gerzt hafa í þessu landi vegna þess, að heyskapurinn brást. Fyrsta sagan af landnámi hér er um það meðal annars, að landnámsmennirnir urðu að yfirgefa þetta fagra land aftur vegna þess, að þeir höfðu ekki aflað heyja handa búfé sínu, svo að það féll af bjargarskorti. Saga landsins hefst á þessari sorglegu og dýrkeyptu reynslu hinna fyrstu landnámsmanna, og svo hefur hún endurtekið sig í fleiri eða færri skipti á æviskeiði flestra eða allra kynslóða, er landið hafa byggt síðan, og oft legið við, að þjóðin yrði af þeim sökum hungurmorða.

Nú er svo komið vegna hinnar hraðstígu tækni, að grasspretta þarf varla að bregðast. Hið mikla undraefni, tilbúni áburðurinn, sér fyrir því, ef hann er borinn á jörðina í réttum skömmtum fyrir næringarþörf jurtanna. Að vísu getur kal í túnum rýrt mjög uppskeru einstöku sinnum, en í slíkum tilfellum er sá möguleiki fyrir hendi að brjóta land til sáningar fyrir fljótsprottnar jurtir, svo sem hafra, fóðurkál eða aðrar jurtir, og bæta sér þannig upp að nokkru eða öllu það tap, sem kal í einstökum tilfellum kann að valda.

Þá er tæknin einnig komin á það stig, að oftast eða jafnvel alltaf má með aðstoð véla verka góð hey, þó að tíðarfar sé votviðrasamt. Er þar átt við súgþurrkun og votheysgerð.

Almennt kosta bændur nú eftir getu kapps um að nota tilbúna áburðinn þannig á landið, að það gefi fulla uppskeru. En því miður eru þeir margir, sem hafa ekki

enn getað tryggt hjá sér góða og árvissa heyverkun. Þetta er ekki af því, að bændur vanti áhuga í þessu efni, heldur er hér um að ræða svo gífurlega kostnaðarsamar framkvæmdir, að margir hafa orðið að vera án þeirra, enda hvergi neina hjálp til slíks að fá, hvorki í formi styrkja né lána, nema ef nefna skyldi þann lítilfjörlega styrk og lán, sem fæst út á súgþurrkunarkerfi og votheysgeymslur.

Vélakaupin, súgþurrkunarblásarar og mótorar til að knýja þá og færibönd eða blásarar til þess að koma grasi í votheysgeymslur, eru svo kostnaðarsöm að allur fjöldi bænda getur ekki ráðizt í slíkar framkvæmdir, þegar hvergi er lán að fá eða stuðning með fjárframlagi til slíkra hluta.

Með því verðlagi, sem nú er, mun kosta að koma súgþurrkun í 1000—1200 hesta hlöðu ekki minna en um 70 þúsund krónur, og er þá miðað við rafmagnsmótor og að óupphituðu lofti sé blásið.

Eins og nú háttar til orðið í sveitum landsins um vinnukraft, þá þurfa bændur að láta vélar vinna helzt öll þau störf, þar sem þeim verður við komið. Ekki munu liggja fyrir skýrslur um fjölda þeirra bænda, sem hafa súgþurrkunartæki, en samkvæmt upplýsingum frá raforkumálaskrifstofunni hafa 464 bændur súgþurrkun frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins. Hvað þeir eru margir, sem nota aðra orku til súgþurrkunar, er ekki vitað. Þó er nokkurn veginn víst, að ekki er meira en þriðjungur bænda, sem hefur súgþurrkun. Mun þetta misjafnt eftir landshlutum og byggðarlögum.

Þá mun ekki liggja fyrir örugg vitneskja um það, hve margir bændur hafa votheysgeymslur, en vitað er að á síðustu 10 árum hafa verið byggðir 191689 m^3, og að frá 1925 til 1948 voru 778634 m^3 byggðir, en fróðir menn áætla, að ⅔ þeirra bygginga séu nú úr sögunni. Það er þannig í hæsta lagi hægt að gera ráð fyrir 100 m^3 votheysgeymslurúmi hjá hverjum bónda í landinu að meðaltali.

Oft heyrist rætt um það, að heyskapinn sé hægt að tryggja með því að hafa nægar geymslur fyrir vothey. Vissulega er fengin reynsla fyrir því, að þessi heyverkunaraðferð getur bjargað miklu. En til þess að hún sé möguleg í stórum stíl, þarf aukinn vélakost hjá flestum bændum. Blautt hey er þungt í meðförum, og það er illframkvæmanlegt fyrir þá, sem eru liðfáir við heyskapinn, að moka miklu magni — ef til vill mörg hundruð hestum — af blautu grasi fyrst upp á vagna og síðan af þeim aftur í votheysgeymslurnar, oftast við óhæga aðstöðu. Hér þurfa því til að koma vélar og tæki: blásarar og færibönd. En það er eins um þessi tæki og þau, sem þarf til súgþurrkunar, að þau eru dýr og flesta bændur skortir fé til að leggja í þann kostnað.

Hin erfiða vinna við votheyið bæði sumar og vetur á vissulega mikinn þátt í því, hvað þessi heyverkunaraðferð er enn tiltölulega lítið notuð, en þar kemur það einnig til, að margir bændur óttast vanhöld í sauðfé, ef vothey er gefið.

Til þess því að bændur geti aukið þessa heyverkunaraðferð, þarf meiri véltækni en nú er og bættar aðferðir við votheysverkunina, annaðhvort með efnaíblöndun í votheyið eða á annan hátt, sem tilraunir eða reynsla kunna að uppgötva, svo að ekki þurfi að óttast óhollustu af þess völdum fyrir búféð. Enn fremur kemur til greina lækning eða ónæmisaðgerðir.

Á þessari miklu vísinda- og tækniöld er það bæði skaði og skömm fyrir þjóðina, að bændur skuli ekki vegna fjárskorts geta notað þá véltækni, sem mundi gera atvinnuveg þeirra að mestu leyti áfallalausan af völdum hinna miklu og tíðu votviðra, sem úthafsloftslagið á eylandi þessu eðlilega skapar.

Með þingsályktunartillögu þessari vilja flutningsmenn leggja áherzlu á, að það verði kannað til hlítar, hvort til séu færar leiðir fyrir ríkið á einhvern hátt að hjálpa bændum við að tryggja heyverkunina. Þetta er svo stórt mál, í fyrsta lagi fyrir bændastéttina og í öðru lagi fyrir þjóðfélagið í heild, að óhjákvæmilegt er, að ríkið láti það til sína taka.

Það hefur komið fyrir hvað eftir annað, að bæta hefur þurft úr yfirvofandi neyðarástandi vegna óþurrka með skyndihjálp hins opinbera, sem — þótt góð sé —

kemur aldrei að fullum notum. Það væri því hyggilegt af hálfu þjóðfélagsins að aðstoða bændastéttina við að koma í veg fyrir, að vandræðaástand skapist vegna votviðra.

Okkur flutningsmönnum finnst, að mál þetta þurfi allvíðtækrar athugunar við, svo að raunhæfar tillögur sé hægt að gera um það, hvernig málefni þetta verði farsællegast leyst. Nauðsynlegt er, að sú athugun sé gerð af þeim aðilum, sem gera má ráð fyrir að bezta og víðtækasta þekkingu hafi á þessu sviði. Stofnanir þær, sem gert er ráð fyrir að tilnefni menn í nefndina, eru allar tengdar landbúnaðinum sérstaklega nema raforkumálaskrifstofan, en hún er sjálfsagður aðili, þar sem raforka frá orkuveitum ríkisins er og verður í vaxandi mæli notuð til að knýja vélar við landbúnaðarstörf og ekki síst til þeirra starfa, sem hér er um rætt.

Nd. 75. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Flm.: Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Ágúst Þorvaldsson, Björn Fr. Björnsson, Björn Pálsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Stafliður B í 1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Lánsupphæðin má nema allt að ⅔ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans, þó ekki meira en 200 þúsund krónum út á hverja íbúð. Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú stefna hefur átt almennu fylgi að fagna hérlendis, að affarasælast væri, að sem flestir einstaklingar byggðu og eignuðust eigin íbúðir. Því er fjöldi þeirra einstaklinga, sem búa í eigin húsnæði, tiltölulega miklu meiri hér á landi en algengast er meðal annarra þjóða, þar sem það tíðkast mjög, að einstakir auðmenn og auðfélög eigi og leigi út stórar húsasamstæður, en stór hluti þegnanna eru leigutakar.

Hið opinbera hefur sýnt nokkra viðleitni til þess að stuðla að þessari þróun mála með því að efla opinbert veðlánakerfi til húsbygginga.

Merkasta sporið á þeirri braut var stigið í tíð vinstri stjórnarinnar svonefndu með setningu laga nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl. Með löggjöf þessari var lagður grundvöllur að frambúðarskipulagi á lánamálum húsbyggjenda, byggingarsjóði ríkisins tryggðir fastir árlegir tekjustofnar og efnt til sjóðsmyndunar.

Samkvæmt lögum þessum var ráðgert, að lána mætti allt að 100 þús. kr. lán með hagkvæmum kjörum út á hverja þá íbúð, er fullnægði ákvæðum laganna.

Reynslan, frá því er löggjöf þessi var sett, hefur þó sýnt, að tekjur byggingarsjóðsins hafa hvergi nærri hrokkið til þess að fullnægja lánsumsóknum, og nú er svo komið, að óhjákvæmilegt er að afla sjóðnum stóraukinna tekna og hækka hámarkslán hans um helming vegna hækkaðs byggingarkostnaðar og fleiri orsaka.

Til þess að rökstyðja þetta nánar viljum við flutningsmenn þessa frumvarps benda m. a. á eftirfarandi staðreyndir:

Hinn 15. ágúst s. l. lágu hjá húsnæðismálastofnun ríkisins 1557 óafgreiddar lánsbeiðnir, og er áætlað, að til þess að fullnægja þeim þurfi 110—120 millj. kr.

Byggingarkostnaður hefur stóraukizt frá því er lögin um húsnæðismálastofnun

ríkisins voru sett 1. júní 1957. Skv. húsbyggingarvísitölunni var byggingarkostnaður, miðað við 1. júní hvert eftirtalinna ára, þessi:

Árið 1957	var byggingarkostnaður	1079	kr. á m³	og byggingarvísitala	...	116 stig
— 1958	— —	1145	— — —	—	...	123 —
— 1959	— —	1225	— — —	—	...	132 —
— 1960	— —	1379	— — —	—	...	148 —
— 1961	— —	1418	— — —	—	...	153 —

Á sama tíma hafa afgreidd lán frá veðdeild Landsbankans úr byggingarsjóði ríkisins verið þessi:

Árið 1957	.....	45.6	millj. kr.
— 1958	.....	48.7	— —
— 1959	.....	34.5	— —
— 1960	.....	52.1	— —
— 1961	.....	52.5	— —

Af þessu má sjá, að útlán sjóðsins hafa hvergi nærri aukizt í hlutfalli við hækkun byggingarkostnaðar á þessu tímabili, hvað þá að nokkur hækkun sé á byggingarlánum vegna eðlilegrar fólksfjölgunar í landinu.

Byggingarsjóður ríkisins er eini veðlánasjóðurinn, sem húsbyggjendur eiga aðgang að utan þeirra lífeyrissjóða, er lána félögum sínum byggingarlán. Hinar almennu lánsstofnanir, bankar og sparisjóðir, eru þeim næstum lokaðar og þó aldrei meira en tvö síðustu árin vegna almenns niðurskurðar á útlánum hjá þeim.

Flutningsmenn frumvarps þessa telja, að við svo búið megi ekki standa, tvöföldun hámarkslána hjá byggingarsjóðnum, úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr. sé nauðsynleg og geri sú hækkun tæpast meira en vega á móti þeim hækkunum, sem orðið hafa á byggingarkostnaði frá 1957 til þessa dags, ef einnig er tekið tillit til vaxtahækkana, styttingar lánstíma hjá byggingarsjóði ríkisins og annarra atriða, er verka beint og óbeint á möguleika manna til að koma upp yfir sig sómasamlegu íbúðarhúsnæði.

Þótt það hljóti að teljast verkefni ríkistjórnar og þess meiri hluta, er hún styðst við á hverjum tíma, að hafa forgöngu um fjáröflun til framkvæmda sem þessara, vilja flutningsmenn benda á eftirtaldar leiðir til athugunar fyrir hlutaðeigendur um nýjar tekjur fyrir byggingarsjóð ríkisins til þess að standa undir þeim auknu útgjöldum, er af samþykkt þessa frumvarps mundi leiða:

a) Ríkissjóður leggi fram fast árlegt tillag til sjóðsins nokkur ár í senn.
b) Ákveðið verði, að hluti árlegrar sparifjáraukningar gangi til byggingarsjóðsins.
c) Álag það, sem getur um í a-lið 4. mgr. 3. gr. laga nr. 42 1. júní 1947, hækki um helming, í 2%.
d) Verulegur hluti af mótvirðissjóði vegna 6 milljón dollara óafturkræfs framlags frá Bandaríkjastjórn vegna tekjumissis, er leiddi af gengisfellingunni 1960, geymdum í Seðlabankanum, verði látinn renna til byggingarsjóðs ríkisins.

Sþ. 76. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um lýsisherzluverksmiðju.

Flm.: Björn Pálsson, Gísli Guðmundsson, Eysteinn Jónsson, Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram rannsókn á því, hvort tímabært sé að reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, sbr. 1. gr. laga nr. 93 25. sept. 1942.

Greinargerð.

Í 1. gr. laga nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, segir svo: „Enn fremur lætur ríkið reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, þegar rann-

sóknir sýna, að það sé tímabært.“ Þegar þau lög voru sett, munu framkvæmdir ekki hafa verið taldar tímabærar vegna styrjaldarinnar og þess sérstaka ástands í markaðsmálum, er hún hafði í för með sér. En um það leyti sem styrjöldinni lauk, hófst síldarleysistímabil það, sem síðan má telja að staðið hafi hálfan annan áratug eða vel það, og hefur það eflaust dregið úr áhuga manna á þessu sviði. Hins vegar gefur hin aukna síldveiði á s. l. sumri tilefni til að taka lýsisherzlumálefnin til nýrrar athugunar.

Þegar þetta mál er tekið upp á ný, er þess að gæta, að lýsisherzla er talsverðum erfiðleikum bundin frá tæknilegu sjónarmiði. Erfitt er að fá nákvæmar upplýsingar í öðrum löndum um aðferðir þær, er bezt henta til þess að gera hert lýsi sem útgengilegast á mörkuðum. Kann því að koma í ljós, að gera þurfi sérstakar tilraunir hér á landi, áður en ráðizt er í lýsisherzlu í stórum stíl. Er þá mikilsvert, að ekki dragist að hefja slíkar tilraunir.

Nd. 77. Frumvarp til laga [60. mál]

um heftingu sandfoks og græðslu lands.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Gísli Guðmundsson.

I. KAFLI
Um markmið og stjórn Sandgræðslu Íslands.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að hindra eyðingu gróðurs og græða upp sanda, mela og aura til aukinna landsnytja í heimalöndum og afréttum, þar sem um er að ræða samfelld svæði, svo og að bæta vangróin beitilönd með þeim ræktunaraðgerðum, sem bezt reynast hverju sinni um framkvæmd og árangur.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar sandgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, enda lýtur sandgræðslustjóri yfirstjórn hennar við hlið búnaðarmálastjóra, en landbúnaðarráðherra hefur á hendi æðstu stjórn þessara mála. Sandgræðslustjóri skal auk venjulegs búnaðarnáms hafa lokið háskólaprófi í fræðum um gróðurvernd og græðslu lands. Landbúnaðarráðherra skipar enn fremur sandgræðsluverði eftir þörfum að fengnum tillögum sandgræðslustjóra. Sandgræðsluverðir skulu auk búfræðimenntunar hafa aflað sér starfsæfingar við þau verklegu störf, sem Sandgræðsla Íslands hefur með höndum. Sandgræðslustjóra sé heimilt að ráða eftirlitsmenn með þeim sandgræðslugirðingum, sem honum og sandgræðsluvörðunum er örðugt að hafa eftirlit með.

3. gr.

Aðsetur Sandgræðslu Íslands skal vera Gunnarsholt á Rangárvöllum, sem jafnframt er bústaður sandgræðslustjóra.

4. gr.

Sandgræðslustjóri skal með aðstoð sandgræðsluvarða hafa eftirlit með landi því, sem þegar hefur verið tekið til sandgræðslu, svo og eftirlit með því landi í byggð, sem komið er í sand eða hætta er á að eyðist, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til varnar.

Hann skal einnig ásamt sandgræðsluvörðum hafa eftirlit með öllum afréttarlöndum að því er varðar gróður og beit. Telji hann hættu á, að land kunni að fara í örtröð eða gróðri að hnigna til mikilla muna sökum ofbeitar, skal hann

gera tillögur til varnar því og leggja þær fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands til umsagnar, en síðan sé þeim vísað til landbúnaðarráðuneytisins og hlutaðeigandi sýslunefndar.

5. gr.

Sandgræðslustjóri tekur laun úr ríkissjóði skv. launalögum, 1. gr., V. flokki, og sandgræðsluverðir skv. IX. flokki.

II. KAFLI
Um heftingu sandfoks og græðslu sanda.

6. gr.

Sandgræðslan skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem tekið er til græðslu til heftingar sandfoks:

1. Með því að landeigendur afsali sér landinu með samningi í hendur sandgræðslunnar til svo langs tíma sem þurfa þykir að áliti sandgræðslustjóra, en hafa skulu landeigendur forgangsrétt að landsnytjum gegn sanngjörnu gjaldi, er svo fer fram um græðsluna, að sandgræðslustjóri telur slíkt ráðlegt.
2. Með eignarnámi, ef nauðsynlegur umráðaréttur á landi fæst ekki með öðru móti. Fer þá um eignarnám samkv. ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Við töku lands með eignarnámi eða á annan hátt skal ávallt leita samþykkis landbúnaðarráðuneytisins að fengnum rökstuddum tillögum sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands. Einnig skal afhenda ráðuneytinu samrit af öllum öðrum samningum, sem sandgræðslan gerir um umráð lands til græðslu.

7. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, leir, mel, fræ, þökur og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á.

8. gr.

Nú setur maður girðingu fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á henni eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunni og fara með henni til eftirlits.

9. gr.

Sandgræðslugirðingar skulu minnst vera sexfaldar gaddavírsgirðingar, eða úr öðru efni, jafntryggar til vörzlu. Þær skulu vera svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar að dómi hlutaðeigandi héraðsráðunautar.

Verði eigi hjá því komizt að leggja sandgræðslugirðingu yfir alfaraleið, skal vera hlið á girðingunni, og skal það vera ristarhlið, ef um verulega umferð er að ræða, nema hentara þyki að girða meðfram veginum. Skylt er vegfarendum að loka hliðum, er til þess eru gerð. Varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti er umferð stranglega bönnuð um öll sandgræðslusvæði nema með leyfi sandgræðslustjóra og hlutaðeigandi sandgræðsluvarðar, og ef út af er brugðið, varðar það sektum. Ef girðing skaddast eða slaknar, svo að hætta er, að hún haldi eigi fé, skal sá, er þess verður var, gera hlutaðeigandi sandgræðsluverði aðvart um gallana.

10. gr.

Þegar land, sem Sandgræðsla Íslands hefur tekið til græðslu með frjálsu samkomulagi, er svo vel gróið að dómi sandgræðslustjóra, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi sandgræðslunnar, skal afhenda það aftur eigendum þeirra jarða,

sem í hlut eiga, sbr. 6. gr. tölulið 1, en setja skal sandgræðslustjóri þá reglur um notkun landsins og hafa eftirlit með því, ef þurfa þykir.

Nú selur ríkissjóður land, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og skal þá eigandi jarðar þeirrar, er land hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt að því. Noti einhver eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, um forkaupsrétt á jörðum.

11. gr.

Nú á ríkið land það, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og getur Sandgræðsla Íslands þá afhent það ábúendum, ef landið hefur verið í notum einstakra bænda, eða sveitarfélögum, ef landið hefur verið í notum sveitarfélaga, enda skal sveitarfélögum skylt að taka við landinu með þeim kvöðum, sem því fylgja samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sem ekki hefur verið tekið til friðunar og græðslu samkv. 6. gr., og sendir hann þá Sandgræðslu Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlega skýrslu um aðstæður allar. Skýrslan sé staðfest af hlutaðeigandi héraðsráðunaut í jarðrækt. Lætur þá sandgræðslustjóri athuga landið og gerir tillögur um framkvæmd verksins, kostnaðaráætlun og annað, sem að því lýtur. Tekur hann síðan ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að ¾ greiddur úr ríkissjóði, en ¼ af landeiganda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslu fengin fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna.

13. gr.

Falli niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda ber að greiða samkv. 12. gr., getur ráðherra látið taka foksvæðið eignarnámi samkv. 6. gr. ásamt eignarhluta landeiganda í þegar gerðum umbótum.

14. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkv. 10. eða 11. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjóri rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

15. gr.

Nú kemst búpeningur inn á sandgræðslusvæði, sem girt er fullgildri og ógallaðri girðingu, og er þá hlutaðeigandi sandgræðsluverði eða umsjónarmanni heimilt að reka peninginn í nærliggjandi land, enda sé um ógirtan bithaga að ræða. Hið sama gildir um óskipta bithaga, sem að sandgræðslusvæði liggja, þótt girtir séu, enda séu líkur til, að peningurinn sé þaðan kominn. Verði því eigi við komið að hreinsa sandgræðsluland af ágangspeningi á þennan hátt, skal kyrrsetja fénaðinn og tilkynna það eigendum.

Komist sömu skepnur þrásinnis inn á sandgræðslusvæði og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðsluvörður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum á kostnað eiganda.

III. KAFLI
Um sandgræðslu á vegum hreppa og félaga.

16. gr.

Hreppsfélög og félög einstakra bænda geta efnt til sandgræðslu í samráði við Sandgræðslu Íslands. Skal þá sandgræðslustjóri eða hlutaðeigandi sandgræðsluvörður stjórna öllum framkvæmdum við græðsluna, og skal landið vera í vörzlu og forsjá sandgræðslunnar eins lengi og sandgræðslustjóri telur nauðsynlegt.

17. gr.

Girðingar um land, sem tekið er til græðslu samkvæmt 16. gr., hlíta sömu ákvæðum og sandgræðslugirðingar, sbr. 8. og 9. gr., og að öðru leyti gilda um slíka græðslu, eftir því sem við á, ákvæði í II. kafla þessara laga.

18. gr.

Um kostnað við sandgræðslu og um afhendingu lands að lokinni græðslu, sem framkvæmd er samkvæmt 16. og 17. gr., gildir hið sama og um sandgræðslu á löndum í einkaeign, sbr. II. kafla laga þessara, 12. og 13. gr.

IV. KAFLI
Um eflingu gróðurs í afréttum og úthögum.

19. gr.

Auk venjulegrar sandgræðslu, sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla laga þessara, skal Sandgræðsla Íslands á komandi árum vinna að því að efla gróður á samfelldum svæðum, í afréttum og úthögum. Skal það fyrst og fremst gert í samvinnu við þá aðila, sýslufélög, hreppsfélög, fjallskilafélög og félög einstakra bænda, er hafa sameiginlegra hagmuna að gæta um hagbeit og fénaðarferð, enda leggi slíkir aðilar fram eigi minna en ¼ kostnaðar við framkvæmdirnar.

Einnig skal sandgræðslan taka til friðunar og ræktunar samfelld stór sandsvæði og auðnir, þótt eigi sé um fokhættu að ræða, sem eru þannig í sveit sett, að ræktun þeirra getur orðið til varanlegra hagsbóta í framtíðinni.

20. gr.

Sandgræðsla Íslands skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og jarðvegsrannsóknardeild búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans gera fyrir árslok 1961 tíu ára áætlun um framkvæmdir samkvæmt 19. gr. Skulu í áætlun þessari valin og tilgreind þau svæði, sem nauðsynlegast telst að taka til bættrar græðslu og mestar líkur eru fyrir að skili góðum árangri.

Sandgræðslustjóri ákveður, hvaða svæði skuli tekin til græðslu árlega, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og eftir því, sem framlög fást frá þeim aðilum, er í hlut eiga og slíkra framkvæmda vilja njóta.

21. gr.

Fjár til framkvæmda samkvæmt 19. og 20. gr. skal aflað samkvæmt því, sem greint er í VIII. kafla þessara laga. Kostnað við slíkar hagabætur má eigi greiða af fé því, sem veitt er til sandgræðslu á fjárlögum ár hvert, til framkvæmda samkvæmt II. og III. kafla laganna.

V. KAFLI
Um athugun og eftirlit á afréttum.

22. gr.

Sandgræðslustjóri, hlutaðeigandi sandgræðsluvörður og héraðsráðunautur skulu fylgjast sem bezt með notkun afrétta í héraði hverju um land allt, með það fyrir augum sérstaklega, að hverju fer um gróður og beitarþol landsins.

Héraðsráðunautum í búfjárrækt er skylt að fylgjast með fjölda þess búfjár, sem í afréttum gengur, svo og vænleika þess og afurðum.

23. gr.

Ef eftirlit það, sem um getur í 22. gr., leiðir í ljós, að ofsett er á afréttarland, svo að hætta sé á gróðurfarsspillingu eða uppblæstri sökum ofbeitar, skulu þessir aðilar tilkynna það skjallega sýslunefnd þeirri, er í hlut á, og rökstyðja álit sitt og tillögur til úrbóta.

24. gr.

Nú gerir sandgræðslustjóri kröfu um ítölu, og fer þá um það samkvæmt ákvæðum laga um ítölu.

25. gr.

Nú hafa verið sett ákvæði um ítölu búfjár samkvæmt kröfu sandgræðslustjóra, og skal hann þá ásamt hlutaðeigandi hreppstjóra hafa eftirlit með, að ákvæðunum sé framfylgt, svo að til úrbóta verði.

VI. KAFLI

Um spjöll á gróðri og fokhættu.

26. gr.

Þegar mælt er fyrir og gerðar áætlanir um mannvirki, svo sem vegi, brýr, stíflugarða, hafnir og fyrirhleðslur, skal ávallt hafa hugfast að haga framkvæmdum þannig, að sem minnst sé spillt gróðri og losað um svörð, svo að valdið geti uppblæstri og grefti vatns.

27. gr.

Verði eigi komizt hjá jarðraski, sem ætla má að geti valdið frekari spjöllum af vindi og vatni, ef eigi er að gert, skal hafa samráð við sandgræðsluna um aðgerðir til að afstýra slíkum spjöllum, þegar að loknu verki, með því að græða sár jarðar á þann hátt, er sandgræðslustjóri eða hlutaðeigandi sandgræðsluvörður telur hyggilegt. Kostnaður við slíka græðslu telst með kostnaði við mannvirkjagerð þá, sem um er að ræða.

28. gr.

Nú hefur verið vanrækt að gera að jarðraski, sem orðið hefur við gerð mannvirkja, svo að veldur uppblæstri eða hætta af foki er fyrirsjáanleg, og skal þá sandgræðslustjóri fyrirskipa þær aðgerðir um græðslu, sem hann telur nauðsynlegar, en fáist ekki aðgert, skal hann láta girða og græða svo sem með þarf á kostnað þess aðila, er valdur var að jarðspjöllunum. Gilda um gerð girðinga og athafnir vegna slíkrar græðslu sömu ákvæði og um venjulegar sandgræðslugirðingar og sandgræðslusvæði, sbr. 7.—9. gr. laga þessara.

VII. KAFLI

Um tilraunastarfsemi og rannsóknir.

29. gr.

Rannsóknir og tilraunastarf í þágu Sandgræðslu Íslands heyrir undir tilraunaráð jarðræktar eins og önnur mál, er jarðrækt varða. Sandgræðslustjóri skal eiga sæti í tilraunaráði.

30. gr.

Tilraunir og athuganir í þágu sandgræðslu til þess að afla hagnýtrar fræðslu á því sviði skulu gerðar í Gunnarsholti og á öðrum þeim stöðum, er bezt henta, eftir því sem tilraunaráð ákveður.

VIII. KAFLI
Um öflun fjár til sandgræðslu.

31. gr.

Fé það, er innheimt er í ríkissjóð sem tollgjöld af innfluttum fóðurvörum, skal renna óskert til Sandgræðslu Íslands.

32. gr.

Á allar vínvörur til drykkjar, sem seldar eru um hendur Áfengisverzlunar ríkisins, skal leggja gjald, er nemi 5 krónum á lítra af áfengi, í því formi, sem það er selt og afgreitt frá verzluninni. Gjaldið innheimtist með verði vínsins án kostnaðar fyrir Sandgræðslu Íslands, og stendur Áfengisverzlun ríkisins sandgræðslunni skil á gjaldinu ársfjórðungslega.

33. gr.

Fé því, sem innheimtist samkvæmt ákvæðum 31. og 32. gr. laga þessara, skal fyrst og fremst varið til græðslu og gróðurbóta samkvæmt IV. kafla laganna, þeirra sem fé er lagt til frá hlutaðeigandi aðilum, sbr. 19. gr., svo og til ræktunar á samfelldum sandsvæðum, sbr. sömu gr. Skulu þau svæði ganga fyrir, þar sem landþrengst er til beitar og búskapar, brjóti það eigi í bága við skipulagðar framkvæmdir sandgræðslunnar.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 500—10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið að hætti opinberra mála.

35. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sandgræðslu eða einstök atriði hennar samkvæmt lögum þessum.

36. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 15. febr. 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og sandgræðslu, lög nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 10. nóv. 1943, um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Greinargerð.

Flm. þessa frv. fluttu á síðasta Alþingi samhljóða frv. til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands. Var frv. þá nokkuð ýtarlega rætt við 1. umræðu. Síðan var því vísað til landbúnaðarnefndar neðri deildar, en fékk þar ekki afgreiðslu.

Frv. er samið af sandgræðslunefnd, sem árið 1957 var skipuð af þáv. landbúnaðarráðherra, Hermanni Jónassyni. Fyrir nálega tveim árum gerði sandgræðslunefnd nokkra breytingu á frv. sínu, og er það nú flutt eins og nefndin þá gekk frá því.

Þetta er í fjórða sinn, sem málið er flutt hér á Alþingi, og má þykja kominn tími til, að það hljóti afgreiðslu.

Við flm. gerðum í lengstu lög ráð fyrir, að ríkisstjórnin flytti málið, svo sem bezt hefði hæft, en sú von hefur brugðizt. En sakir þess, hversu þetta mál er gagnmerkt og nauðsyn brýn að knýja það fram til úrslita, telja flm. sér bæði rétt og skylt að flytja það án frekari undandráttar, og sú er von flm., að samstaða náist á Alþingi um meginatriði þess.

Á undanförnum áratugum hefur mjög verið að því unnið og með góðum árangri að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs af völdum sandfoks. Innan sandgræðslugirðinganna, sem nú eru um 60 talsins hér og þar á landinu, er nú nokkuð yfir 1000 km² af landi, sem grætt hefur verið upp eða tekið til græðslu smám saman. Er eyðing lands þar með stöðvuð á hverjum stað og gróðurlendið tekið að stækka á ný. Sandgræðsla Íslands hefur þannig innt af höndum hið mesta þjóðnytjastarf.

Samkvæmt lauslegu mati, sem gert hefur verið á vegum sandgræðslunefndar, eru í landinu utan sandgræðslugirðinganna nálega 3800 km² sandar og melar, lægri en 400 metra yfir sjávarmáli „auðveldir til græðslu", þannig að þeir geti a. m. k. komið að gagn sem beitilönd og að einhverju leyti til ræktunar, þar sem staðhættir leyfa og þess kynni að vera þörf. Hér er raunar ekki um að ræða nema lítinn hluta af auðnum Íslands. Einnig á öðrum landssvæðum kunna að vera nokkrir möguleikar til þess að koma upp gróðri eða auka hann, að dómi nefndarmanna.

Hér er um það að ræða að snúa vörn í sókn, að efla og stækka gróðurríki landsins. Þá sókn þarf að skipuleggja með nýrri löggjöf og nýjum stórátökum.

Með þessu frumvarpi er einmitt gert ráð fyrir, að sandgræðslustarfsemin færist mjög í aukana og lagt verði inn á nýjar brautir, að skipulega verði að því unnið og til þess varið fjármunum, svo að verulega muni, að efla og auka gróður í úthögum og á afréttum. Tækni sú, sem nú er komin til sögunnar, hlýtur að gefa góðar vonir um árangur á þessu sviði. Er þegar nokkur reynsla fengin.

Til stuðnings málinu að öðru leyti skal látið nægja að vísa til skilmerkilegrar greinargerðar sandgræðslunefndar, sem fylgdi frv. á síðasta þingi.

Sþ. 78. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta koma á fót undirbúningsnámskeiðum fyrir iðnaðarmenn, er hafa í huga að komast til náms á tæknifræðiskóla heima eða erlendis.

Greinargerð.

Með aukinni tækni í þágu atvinnuveganna hafa kröfur til hvers konar sérhæfni manna í starfi stóraukizt. Árlega útskrifast innanlands og utan álitlegur hópur manna til hinna ýmsu og annars ólíku starfa. Þrátt fyrir þessa fjölgun sérmenntaðra manna er að fróðra manna dómi alvarleg eyða í þessa menntun, þar sem bilið milli iðnaðarmanna og langskólagenginna manna hefur lítt verið brúað, þó að hvorir um sig gegni sínu nauðsynlega starfi vel. Á allra síðustu árum hefur þó nokkuð miðað í þessa átt með námi tæknifræðinga, og leitar nú vaxandi fjöldi iðnaðarmanna til framhaldsnáms erlendis í því skyni að öðlast réttindi sem tæknifræðingar.

Stórbreyting hefur átt sér stað í atvinnuháttum landsmanna s. l. 20—30 ár, og sennilegt er, að framhald verði þar á, ef fram fer sem horfir, og mun þá þörfin fyrir menn með tæknifræðimenntun enn fara vaxandi.

Allmikið hefur að undanförnu verið rætt um möguleika á stofnun tækniskóla hér á landi, er veitti mönnum að loknu námi þar hliðstæð réttindi og hinir erlendu tækniskólar veita. Fjárskortur ásamt ýmsum ytri ástæðum mun þó enn draga framkvæmd slíkrar skólastofnunar nokkuð á langinn. Fyrst um sinn er því sýnt, að slíkt nám verður að sækja til annarra landa. Erlendis mun og gefast kostur á því samfara náminu að vera í náinni snertingu við það, sem helzt og bezt er að gerast í hinni öru framþróun tækninnar.

Fyrir félitla menn, sem hyggjast leggja út í tæknifræðinám, oftast að loknu 4 ára iðnnámi, er nauðsynlegt, að kostnaðarsamur undirbúningstími fari ekki til ónýtis. Til þess að koma í veg fyrir, að svo verði, er þingsályktunartillaga þessi flutt. Nánar mun málið skýrt í framsögu.

Nd. 79. Frumvarp til laga [62. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Lækjabæ í Fremri-Torfustaðahreppi.

Flm.: Einar Ingimundarson, Gunnar Gíslason, Björn Pálsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eyðijörðina Lækjabæ í Fremri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, Sigurgeiri Jónatanssyni bónda að Skeggjastöðum í Fremri-Torfustaðahreppi fyrir það verð, sem ákveðið er samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Lækjabær í Fremri-Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, sem er ríkiseign, hefur verið í eyði um áratugaskeið. Hús á jörðinni eru engin, og túnið, sem var lítið, er komið í órækt. Engin líkindi eru til þess að áliti kunnugra manna, að býli verði þarna endurreist, enda er hér um heiðarland að ræða. Sigurgeir Jónatansson bóndi að Skeggjastöðum í Fremri-Torfustaðahreppi hefur í nokkur ár haft afnot jarðarinnar og annazt umsjón með henni fyrir jarðareiganda. Leikur honum nú hugur á að fá jörðina keypta, og hyggst hann nýta land hennar sem beitarland. Hefur Sigurgeir stórt bú, en hagabeit er takmörkuð á ábýlisjörð hans, Skeggjastöðum.

Meiri hluti hreppsnefndar Fremri-Torfustaðahrepps (2 hreppsnefndarmenn af 3, en Sigurgeir Jónatansson er þriðji hreppsnefndarmaðurinn) hefur lýst samþykki sínu við, að Sigurgeir Jónatansson fái umrædda jörð keypta, og þar með fallið frá forkaupsrétti að jörðinni.

Yfirlýsing meiri hluta hreppsnefndar Fremri-Torfustaðahrepps frá 31. okt. 1961 er prentuð hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Höfum móttekið bréf Sigurgeirs Jónatanssonar, Skeggjastöðum, dags. 30. okt. s. l., þar sem farið er fram á samþykki meiri hluta hreppsnefndar Fremri-Torfustaðahrepps fyrir kaupum ofanritaðs á Lækjabæ, sem hann hefur haft á leigu um nokkurt skeið.

Undirritaðir hreppsnefndarmenn erum samþykkir kaupum á Lækjabæ, svo sem að ofan greinir.

Bjargi, 31. okt. 1961.

Aðalbjörn Benediktsson. Sigurgeir Karlsson.

Sþ. 80. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um héraðsskóla á Snæfellsnesi.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga möguleika á byggingu héraðsskóla á Snæfellsnesi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og varð ekki útrædd. Þá fylgdi henni eftirfarandi greinargerð:

„Samkvæmt upplýsingum fræðslumálastjóra og fjárhaldsmanns skólanna eru nú allir héraðsskólar í landinu yfirfullir, og þeir unglingar skipta hundruðum, sem ekki fengu inngöngu í skólana. Eftir að Samvinnuskólinn var gerður að heimavistarskóla í sveit, jókst aðsókn að honum mjög, og hefur að jafnaði ekki komizt í skólann nema helmingur þeirra, er þreytt hafa inntökupróf, auk hinna, er hugðu á skólavist, en treystu sér ekki til að þreyta prófið.

Af þessu er augljóst, að þörf fyrir heimavistarskóla í sveit fyrir unglinga er mikil og hefur verið vaxandi síðustu ár, m. a. vegna hraðvaxandi fjölda unglinga á skólaaldri. Þær röksemdir, er í fyrstu voru færðar fram fyrir héraðsskólahreyfingunni, hér á landi, eru enn í fullu gildi.

Þegar hefur orðið of langt hlé á byggingu héraðsskóla í landinu, og er tími til kominn að halda þar áfram. Þess vegna er þessu máli hreyft á Alþingi og um leið bent á mjög æskilega staðsetningu næsta héraðsskólans, á Snæfellsnesi. Koma þar margir staðir til greina, t. d. Búðir, svo og aðrir staðir, þar sem miklar líkur eru á nægu heitu vatni, ef það er talið óhjákvæmilegt.

Mikið hefur verið talað um að sameina heimavistarskóla í sveit gistihúsarekstri á sumrin. Í sumum hinna eldri héraðsskóla er reynsla af þessu misjöfn, en Bifröst sýnir, hvernig hægt er að sameina þetta tvennt, ef fyrir því er hugsað frá upphafi."

Ed. 81. Frumvarp til laga [64. mál]

um breyting á lögum nr. 16 9. apríl 1958, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Eggert G. Þorsteinsson.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna breytist þannig:

Orðin „upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu" falli niður. Í stað „150 klukkustundum á mánuði" komi: 8 klukkustundum að meðaltali hvern virkan dag mánaðarins.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein (3. mgr.), svo hljóðandi:

Hafnarverkamönnum, sem njóta réttar samkvæmt 1. gr., skulu tryggð vikulaun, er jafngildi dagvinnukaupi fyrir 8 klukkustundir hvern virkan dag vikunnar samkvæmt viðkomandi kjarasamningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 16 frá 9. apríl 1958 var tímakaupsmönnum, sem unnið höfðu eitt ár á sama stað, veittur réttur til eins mánaðar uppsagnarfrests frá störfum.

Sú vinnutrygging, sem í þessu fólst, var þó skert mjög með ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laganna, en þar er vinnuveitendum heimilað að fella niður kaupgreiðslur í ýmsum tilfellum, þegar vinna er ekki fyrir hendi, og þar á meðal þegar upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu.

Þessi skerðing kaupréttar er ósanngjörn gagnvart hafnarverkamönnum, sem að jafnaði stunda vinnu hjá sama fyrirtæki allan ársins hring og eiga sjaldnast vinnudag vísan fyrir fram, en verða þó alltaf að vera til reiðu, ef skip kemur eða vinna býðst. Rekstur hjá skipaafgreiðslum er ekki heldur háður svo miklum sveiflum, að undanþága frá kaupgreiðsluskyldu sé eðlileg gagnvart verkamönnum, er hafa áunnið sér rétt til uppsagnarfrests.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum yrði, er sú breyting gerð á lögum nr. 16 frá 9. apríl 1958, að réttur atvinnurekenda til að fella niður kaupgreiðslu hjá hafnarverkamönnum, sem unnið hafa hjá sömu skipaafgreiðslu eitt ár eða lengur, er afnuminn. Jafnframt eru hafnarverkamönnum, sem hafa þennan starfstíma að baki, tryggð vikulaun, er jafngildi kaupi fyrir 8 klst. í dagvinnu hvern virkan dag vikunnar samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Þá er einnig með frumvarpinu gerð sú breyting, að þeir, sem réttar njóta samkvæmt lögunum frá 1958 og eigi verða að sæta undanþáguákvæði 3. gr., skuli eiga rétt til kaups fyrir 8 klukkustundir að meðaltali hvern virkan dag mánaðarins í stað 150 klst. á mánuði áður, en það jafngildir 6 klst. að meðaltali á dag. Verður að telja réttmætt, að þeim, sem njóta uppsagnarfrests, sé tryggður fullur vinnudagur, þegar undanþága frá kaupgreiðsluskyldu fyrir atvinnurekandann er ekki fyrir hendi.

Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um jarðaskráningu og jarðalýsingar.

Flm.: Ingvar Gíslason, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um jarðaskráningu og jarðalýsingar, er verði grundvöllur fasteignamats lögbýlisjarða í landinu og undirstaða framkvæmdaáætlana í landbúnaði.

Greinargerð.

Flutningsmenn leyfa sér að birta í heild sem greinargerð fyrir tillögu þessari grein Pálma Einarssonar landnámsstjóra í Árbók landbúnaðarins, 2. hefti 1960, svo hljóðandi:

„Um skráningu jarða og fasteignamat

Fyrir rúmri öld höfðu flest landbúnaðarlönd í Evrópu komið sér upp hagfræðilegri jarðskráningu, og á síðustu áratugum hefur mjög verið að því unnið að endurbæta skipulag þeirra mála vegna breyttra aðstæðna, er orðið hafa í jarðeignamálum. Þau lönd, sem ekki höfðu skipað þessum málum í horf, hafa á síðustu árum komið á hjá sér löggjöf um heildarskráningu.

Jarðskráning hafði í byrjun að aðalmarkmiði að skapa öruggan grundvöll og samræmi um, hvernig jarðir væru virtar til fasteignamats. Enn fremur að jarðskráning sýndi á hverjum tíma, hvert búrekstrargildi hver einstök jörð eða landareign hefði, svo að af því mætti á hverjum tíma finna sölugildi jarðar og veðhæfi. Enn fremur hefur hin eldri jarðskráning erlendis haft þýðingu í sambandi við landskiptamál, landamerkjamál og skaðabótamál, er við koma einstökum jörðum eða heilum héruðum.

Hér á landi eru jarðeignir skráðar hjá sýslumönnum, að því er tekur til eignarumráða, en þeirri skráningu fylgja engar upplýsingar um jarðeignirnar, er að haldi koma í þessum efnum. Fasteignamötin 1932 og 1942 gefa nokkrar upplýsingar um einstök atriði varðandi jarðirnar, en af því, hve örar breytingar eru, að því er tekur til nytjalands jarða, umbóta á því og þeim húsakosti, sem jörðunum fylgir, eru þær upplýsingar orðnar úreltar, áður en útgáfu fasteignamatanna er lokið. Er því brýn þörf, að hér sé ráðin bót á, með því að árlega séu tilkynntar og skráðar allar þær breytingar, er árlega verða og jarðeignina varða, og að þessar upplýsingar séu aðgengilegar á einum stað.

Af þessu og öðrum atriðum, er síðar verður að vikið, sést, að flestar menningarþjóðir hafa komið á hjá sér fullkomnu jarðskráningarkerfi, sem felur í sér nákvæmar upplýsingar um hverja einstaka jarðeign í landinu.

Í Danmörku er fyrsta jarðskráning gerð á tímabilinu 1805 til 1844 og var þá þegar byggð á hagfræðilegri kortagerð af jarðeignunum. Frakkland stofnaði til hins sama á tímabilinu 1808—1846. Fullkomin endurskoðun á jarðskráningu þar fór fram 1923 og næstu ár á eftir.

Sams konar hagfræðileg rannsókn var gerð í Þýzkalandi, í Sachsen 1835, Prússlandi 1861. Af öðrum löndum má nefna Austurríki 1835 og Sviss 1912. Norðurlöndin, önnur en Danmörk, skipuðu þessum málum fyrst í fullkomið kerfi hjá sér um og eftir aldamótin, Finnland 1896 og Svíþjóð 1904. Noregur var með málið í athugun 1882 og 1889, en lagafrumvarp um það var fyrst undirbúið af nefnd, sem starfaði frá 1953—1955, og eru Norðmenn síðastir Norðurlandanna að koma föstu skipulagi á þetta mál hjá sér.

Enda þótt mikil nauðsyn sé til að fá jarðskráningu hér á landi, þá er ljóst, að hún getur vart orðið jafnfullkomin og áðurgreindar þjóðir hafa. Byggist það á hinni miklu víðáttu landsins og meiri flatarmálsstærð jarðeignanna hér á landi. Hagfræðileg kortagerð af hverri landareign getur ekki orðið gerð á stuttum tíma og mundi kosta mikið fé. Hins vegar mundi fært að afla grundvallarupplýsinga um allar jarðir með skýrslusöfnun, sem gæti gefið mikilsverðar upplýsingar, væri úr þeim unnið á einum stað og tilkynningaskylda sett á um, að allar breytingar árlega væru sendar jarðskráningunni.

Skal í því sambandi bent á eftirfarandi atriði:

1. Að með jarðskráningunni séu fengnar öruggar upplýsingar um eignarumráð jarðanna og ábúendur og að á einum stað séu skráðar allar eignar- og ábúðarhreyfingar í landinu.
2. Lýsing á landi allra einstakra jarða og löndum, sem í séreign eru, enda sé það land nothæft til landbúnaðarframleiðslu, og hvernig það skiptist eftir notagildi landsins. Við flokkun eftir notagildi er nauðsynlegt, að fram komi:
   a. Ræktað land og ræktunarástand þess.
   b. Ræktunarhæft land, stærð þess og notagildi í núverandi ástandi, tilgreint sé um jarðvegstegundir og gróðurfar, framræsluskilyrði o. fl.
   c. Vélfær engjalönd, sem ætla má, að verði framvegis notuð sem slík, en ekki tekin til ræktunar.
   d. Beitiland, stærð og ástand þess lands, sem notast til ársbeitar, svo og þess lands, sem notast aðeins nokkurn hluta árs, einnig upplýsingar um, hverjar aðgerðir á landinu geti aukið beitarþol þess og beitarafnot.
   e. Skógar og lönd, sem liggja vel við til skógræktar.
3. Söfnun skýrslna um öll hlunnindi jarða og hverjir möguleikar séu fyrir hendi til að auka afrakstur hlunnindanna. Undir það heyrir:
   a. Veiði í ám og vötnum, dúntekja, selveiði, fuglatekja, svo og sjávarhlunnindi önnur en hér eru talin.
   b. Jarðhiti, upplýsingar um vatnsmagn og hitastig, hvort skilyrði séu til að hagnýta jarðhitann til almenningsþarfa eða sérstaks atvinnurekstrar, svo sem garðyrkju eða sérstakra iðnstöðva.

4. Vatnsréttindi jarða, nær það til fallvatna, veiðivatna, svo og annarra vatnsréttinda.
5. Yfirlit um verðmæt efni, svo sem byggingarefni eða efni nothæf til iðnaðarframleiðslu, svo sem til framleiðslu byggingarefnis, leirbrennslu, þang- og þaravinnslu.
6. Ítök og kvaðir, sem á jörð hvíla, og gagnkvæmt, ef jörðinni fylgja slík réttindi.
7. Lýst sé göllum jarðar, og ef hún liggur undir áföllum, með hvaða hætti það sé.

Aðstaða jarðar gagnvart umhverfi sínu:

1. Upplýsingar um aðstöðu til samgangna, rafmagns, síma. Hvernig viðskiptaaðstaða er, vegalengd til verzlunarstaðar, mjólkurbús og annarra vinnslustöðva fyrir landbúnað.
2. Hver aðstaða er til hagnýtingar afrétta, hvernig umráðum afrétta sé háttað, sem jörðin hefur aðstöðu eða rétt til að nota.
3. Hvernig jörðin er sett með tilliti til félagslegrar aðstöðu, svo sem fjarlægðar til barnaskóla, félagsheimilis eða annarra menningarstofnana.

Húsakostur jarðar og önnur mannvirki:

1. Íbúðarkostur jarðarinnar:
   Efni byggingar, stærð hennar, rými íbúðarherbergja, rými vegna vinnuaðstöðu innanhúss, svo og geymslurými. Ástand og viðhald.
2. Útihúsakostur jarðarinnar:
   Efni bygginga, aldur, stærð húsrýmis. Fyrir peningshús, hve marga gripi þau rúmi af hverri búfjártegund, um rými á hey- og áburðargeymslum. Stærð á véla- og verkfærageymslum, önnur hús, ef til eru, og til hvers þau eru notuð. Þá sé áætluð ending hverrar byggingar fyrir sig, sem miðast við ástand bygginga, er skrásetning fer fram, og eðlilegt viðhald.
3. Þá sé nákvæmlega lýst öllum þægindum og tæknibúnaði, bæði í íbúðarhúsum og rekstrarbyggingum.
4. Önnur mannvirki jarðar, því tilheyra girðingar, framræsla á landi, sem enn er eigi ræktað, svo og öll mannvirkjagerð, er áhrif getur haft á afkomu bóndans eða á verð.

Ef slík jarðskráning yrði framkvæmd, mundu þessi gögn geta orðið allöruggur grundvöllur til ákvörðunar samræmds fasteignamats. Það mundi við landskipti auðvelda allt mat á mismunandi gerð lands, að því er tekur til búrekstrargildis þess og verðmætis, og yrði því grundvöllur að réttlátari landsskiptum.

Það mundi eigi hvað minnst auðvelda þau skipulagsstörf, sem Landnám ríkisins hefur með að gera. Það er nú mjög erfitt að fá í hendur nægileg gögn til að vega og meta, hvort rétt sé að skipta jörð eða ekki, og hvílir því nú mjög á nýbýlanefndum að gefa upplýsingar um þær jarðir, sem skipta á. Reynast þær upplýsingar stundum ábyggilegar, en í öðrum tilfellum ekki. Jarðskráning mundi auðvelda Landnámi ríkisins að dæma um, hvort jörð sé skiptingarhæf eða ekki.

Þá er jarðskráningin sá bezti fáanlegi grundvöllur til að byggja á framkvæmdaáætlanir um landbúnaðarframleiðsluna, bæði að því er tekur til stofnframkvæmda og rekstraráætlana fyrir einstakar jarðir og landbúnaðinn í heild.

Ýmis gögn eru til, sem auðvelda mundu jarðskráningu í einstökum sveitum. Til eru hjá ýmsum stofnunum uppdrættir af heildarlandstærð nokkurra jarða eða hluta jarða. Landnám ríkisins hefur í sambandi við ákvörðun framlaga samkvæmt 38. grein landnámslaga látið fara fram túnmælingar, sem gert var ráð fyrir, að næðu til allra jarða, er minna tún hefðu en 10 ha. Væri því verki haldið áfram og öll tún mæld og helzt kortlögð, væri fengin vitneskja um verðmætasta hluta lands hverrar jarðar. Væri samhliða því athuguð og skráð ræktunarstaða og ræktunarskilyrði hverrar jarðar, kæmi það að miklum notum, þótt nákvæmari landstærðir séu þar æskilegar."

Nd. **83. Breytingartillögur** **[27. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Einari Sigurðssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr.

a. Framan við 1. tölul. komi nýir töluliðir:
   1. Á eftir A. 68 komi nýr liður:
      Salthöfðavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.
   2. Á eftir A. 69 komi nýr liður:
      Borgarvegur: Af Mýravegi hjá Árbæ, um Einholt, Baldurshaga, Nípugarða og Borg á Mýraveg hjá Hólmsárbrú.

b. Við greinina bætist nýir töluliðir:
   1. Á eftir D. 2 komi nýir liðir:
      a. *Gunnarsstaðavegur:* Af Strandavegi austan við Hölknárbrú í Gunnarsstaði.
      b. *Eyjavegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Fögruhlíð, um Árteig og Eyjasel á sama veg hjá Bakkagerði.
      c. *Másselsvegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi milli Kaldár og Sauðár að Másseli.
   2. Aftan við D. 5 bætist: með álmu frá Oddsgili í Hauksstaði.
   3. Á eftir D. 6 komi nýr liður:
      Selárdalsvegur: Af Strandavegi norðan Selárbrúar, um Fagurhól, Ljótsstaði á Strandaveg hjá Torfastöðum.
   4. Við D. 7 bætist: og þaðan á Vopnafjarðarveg utan við Þorbrandsstaði.
   5. D. 9 orðist svo:
      Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi í Dimmadal, í Heiðarenda inn Jökuldal, yfir Hákonarstaðabrú og á Jökuldalsveg hjá Hákonarstöðum.
   6. Á eftir D. 11 komi nýr liður:
      Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi eystri um Litla-Steinsvað, Kleppjárnsstaði, Brekku, Lindarhól, á Kirkjubæjarveg, með álmu í Galtastaði fremri.
   7. Aftan við D. 12 bætist: og þaðan á Hróarstunguveg nyrðri nálægt Geirastöðum.
   8. Á eftir D. 12 komi nýir liðir:
      a. *Lagarfljótsvegur:* Af Úthéraðsvegi hjá Fljótskletti, um Tjarnarland og Steinsvað á Hróarstunguveg eystri hjá Lagarfossi.
      b. *Rauðholtsvegur:* Af Úthéraðsvegi um Hreimsstaði, Rauðholt og á Hjaltastaðaveg austan Selfljótsbrúar.
   9. Í stað orðanna „að Hóli í Fljótsdal“ í D. 13 komi: að Kleif í Fljótsdal.
   10. Á eftir D. 14 komi nýr liður, svo hljóðandi:
       Skógargerðisvegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatnsfæti um Urriðavatn að Skógargerði.
   11. D. 17 orðist svo:
       Loðmundarfjarðarvegur: Frá Vestdalseyri um Brimnes, Stakkahlíð og Húsavík til Borgarfjarðar.
   12. D. 20 orðist svo:
       Fjallabæjavegur: Af Úthéraðsvegi hjá Eiðum um Gilsárteig, Brennistaði, Hjartarstaði, Ánastaði, og þaðan á Hjaltastaðaveg nálægt Hjaltastöðum. Af Fjallabæjavegi um Ormsstaði, Ásgeirsstaði, Tókastaði og á Úthéraðsveg hjá Mýnesi.

13. Á eftir D. 27 komi nýr liður:
Karlsskálavegur: Af Vaðlavíkurvegi að Karlsskála.
14. D. 28 orðist þannig:
Skóga- og Fljótsdalsvegur: Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga og Fljótsdal og á Upphéraðsveg nálægt Valþjófsstað með álmum að Víðivallagerði, um Keldárbrú að Glúmsstöðum.
15. D. 36 orðist svo:
Norðurdalsvegur: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum og af Norðurdalsvegi um Skarð í Tóarsel.
16. Á eftir D. 38 komi nýr liður:
Þvottárvegur: Af Austurlandsvegi hjá Starmýri að Þvottá.

Sþ. 84. Fyrirspurn. [66. mál]

til raforkumálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar varðandi rafvæðingu Norðausturlands.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar 27. marz 1961 varðandi rafvæðingu Norðausturlands?

Sþ. 85. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um endurskoðun laga um læknisvitjanasjóði.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði. Endurskoðun þessari skal lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Skömmu eftir að síðasta heimsstyrjöld hófst, voru sett lög um læknisvitjanasjóði. Samkvæmt lögunum er markmið læknisvitjanasjóða það að styrkja til læknisvitjana héraðsbúa, sem eiga erfiða læknissókn, eða létta þeim læknissóknina á annan hátt.

Tekjur læknisvitjanasjóða eru framlag ríkissjóðs gegn þriðjungsframlagi annars staðar frá. Þetta framlag ríkissjóðs má þó ekki samkvæmt lögunum fara fram úr tveimur krónum á hvern héraðsbúa, er heima á utan þess kaupstaðar eða kauptúns, þar sem læknir situr. Þetta er miðað við verðgildi peninga og kostnað við læknisvitjanir, eins og það var fyrir stríð, og á þessi lágu framlög var ekki greidd verðlagsuppbót.

Síðastliðin tuttugu ár hefur verðlag stórhækkað, verðgildi peninga rýrnað og kostnaður við ferðalög, eins og á öðrum sviðum, aukizt að miklum mun.

Þótt Tryggingastofnun ríkisins hafi hlaupið hér undir bagga á síðustu árum með því að skipta nokkurri fjárhæð milli læknisvitjanasjóðanna, er það alls ekki fullnægjandi, til þess að sjóðir þeir, sem stofnaðir hafa verið samkvæmt lögum nr. 59/1942, séu þess megnugir að gegna því hlutverki, sem þeim er ætlað.

Í þessu efni þarf að gera annað hvort: að auka tekjur læknisvitjanasjóðanna í samræmi við þarfir þeirra og verðgildi peninga eða að fela sjúkrasamlögum og Tryggingastofnun ríkisins að láta í té þann stuðning, sem læknisvitjanasjóðum hefur verið ætlað að veita, enda verði þá tryggt, að þessar stofnanir hafi til ráðstöfunar fé í þessu skyni.

Nd. 86. Frumvarp til laga [68. mál]

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu.

Flm.: Einar Sigurðsson.

1. gr.

11. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til þess að ryðja úr vegi þeirri hindrun, sem á því er að hefja verzlun í sveit, en í lögunum er það ákvæði, að meðmæli sýslunefndar þurfi að koma til.

Vilji einstaklingur eða félag hins vegar fá leyfi til verzlunar í kaupstað, eru ekki ákvæði í lögunum um, að bæjarstjórnir skuli mæla með því.

Þetta virðist óeðlileg skerðing á rétti til verzlunarrekstrar, ef umsækjendur uppfylla að öðru leyti ákvæði laganna, en bæjarfógetum og sýslumönnum er að sjálfsögðu skylt samkvæmt lögunum að ganga úr skugga um, að umsækjandi um verzlunarleyfi fullnægi ákvæðum laganna um leyfi til verzlunarreksturs.

Það, sem lagt er hér til að fellt sé niður úr lögunum, er 11. greinin, svo hljóðandi:

„Leyfi til sveitaverzlunar má ekki af hendi láta, nema sýslunefnd telji heppilegt, að verzlun sé í þeirri sveit, enda sé umsækjandi þar heimilisfastur og að hennar dómi hæfur til að reka verzlunina."

Nd. 87. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1962.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. nóv. 1961.

Benedikt Gröndal, form. Matthías Á. Mathiesen, frsm., Alfreð Gíslason. fundaskr.

Einar Olgeirsson. Björn Fr. Björnsson.

Nd. 88. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Flm.: Einar Sigurðsson.

1. gr.

Fyrir orðin „á tímabilinu 15. júní til 31. október" í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: á tímabilinu 1. júní til 30. nóvember.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Opnun fiskveiðilandhelgi Íslands fyrir dragnótaveiðum á s. l. ári var mjög mikilvæg fyrir útgerð smærri báta. Þessar veiðar veittu ekki aðeins atvinnu þeim mörgu sjómönnum, sem á skipunum voru, heldur mörgum mönnum og konum í fiskiðjuverunum í landi. Talið er, að 113 bátar hafi stundað þessar veiðar árið 1960, þegar þeir voru flestir, og svipuð var þátttakan og þó heldur meiri 1961. Varla eru færri en 4 menn að meðaltali á hverjum bát.

Í stórum verstöðvum eins og Vestmannaeyjum og víðar hafa þessar veiðar breytt sumrinu úr athafnalitlum árstíma í engu minni annatíma en sjálfa vetrarvertíðina. En þetta á ekki aðeins við um Vestmannaeyjar, heldur og fjöldamargar verstöðvar aðrar, þótt í Eyjum kveði mest að þessum veiðum.

Afli sá, er barst á land úr dragnót 1960, var 9951 lest, þar af flatfiskur 3290 lestir, að útflutningsverðmæti um 100 milljónir króna, þótt það sé lausleg ágizkun. Í ár er aflaverðmætið engu minna. Hér á landi hagar svo til, að vetrarvertíð hefst upp úr áramótum og stendur til 11. maí. Þeir bátar, sem ætla að stunda dragnótaveiðar, verða því að bíða í nærri mánuð til þess að geta hafið veiðar á ný, og er það óþarflega langur tími til þess að útbúa skipin. Þau gætu jafnvel hafið veiðar strax um miðjan maí. Þetta er óþarfasóun, og verður ekki séð, að það ákvæði, sem mælir svo fyrir í lögunum, að ekki megi hefja veiðar fyrr en 15. júní, hafi neinn tilgang. Því er lagt til í þessu frumvarpi, að veiðarnar megi hefja 1. júní í stað 15. júní. Með sömu rökum er lagt til, að veiðarnar megi standa einum mánuði lengur á haustin. Lögin ákveða nú, að þessum veiðum ljúki 31. október. Þá eru tveir mánuðir til vetrarvertíðar, og virðist óþarfi að ætla jafnlangan tíma til undirbúnings undir það veiðitímabil, enda er það svo, að í nóvembermánuði leitar flatfiskurinn einmitt frá landinu, og var því nóvember áður fyrr oft einhver bezti mánuðurinn, að því er aflabrögð snerti. Ætti þessi viðbót við dragnótatímann að geta aukið aflaverðmætið í dragnót um 30%.

Hér er því lagt til, að dragnótatímabilið verði lengt um hálfan mánuð á vorin og einn mánuð á haustin.

Sþ. 89. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um bætta aðstöðu og aukið öryggi opinna vélbáta.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Hjörtur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á bættri aðstöðu til rekstrar opnum vélbátum og auknu öryggi sjómanna á slíkum bátum.

Greinargerð.

Eftir útfærslu landhelginnar hefur færzt nýtt líf í útgerð opinna vélbáta hér á landi, og hefur þeim fjölgað verulega hin síðustu ár. Er nú talið, að til séu í landinu allt að 1500 slíkir bátar. Þeir eru að vísu hvergi nærri allir notaðir til reglulegra fiskiróðra, heldur til hinna ólíkustu þarfa annarra að auki. Fiskifélag Íslands heldur skýrslur um afla opinna vélbáta, og var hann skráður um 12000 lestir árið 1957 og 14000 lestir 1958. Var talið fyrra árið, að 344 opnir vélbátar stunduðu róðra nokkurn veginn reglulega, en síðara árið var talan komin upp í 392.

Af þessum tölum verður ljóst, að hér er um umfangsmikla atvinnugrein að ræða. Trillurnar leggja á land afla fyrir tugi milljóna á ári hverju. Þó hafa þær að ýmsu leyti verið hornreka og aðstaða þeirra engan veginn eins góð og æskilegt væri. Víða er þeim lítil sem engin aðstaða veitt í höfnum, sem byggðar eru fyrir

almannafé. Á þetta ekki sízt við um stærstu hafnirnar, þar sem tala trillubáta er víða 30—50 á hverjum stað. Þá hefur verið of lítið gert fyrir þessa atvinnugrein í lánamálum, og er sérstaklega ástæða til að greiða fyrir mönnum, sem vilja eignast trillubáta og róa á þeim. Loks hafa verið erfiðleikar fyrir sjómenn að losna við afla af trillubátum, því að fiskvinnslustöðvar hafa verið kenjóttar í þeim efnum, og hefur þetta víða skapað erfiðleika. Fleira mætti nefna, og er vissulega ástæða til að láta fram fara athugun á þessum málum. Hugmynd flutningsmanna er sú, að aðgerðir til að bæta aðstöðu trilluútgerðarinnar yrðu síðan byggðar á slíkri athugun.

Öryggi sjómanna á opnu vélbátunum er alvarlegt mál, sem verður að gefa gaum. Samkvæmt tölu bátanna er vel hugsanlegt, að um 1000 manns séu á sjó samtímis á opnum bátum, ef þriðjungur trilluflotans er úti og tveir menn á hverjum bát. Öryggisútbúnaður á bátunum er lítill sem enginn, og þeir hafa enga aðstöðu til að hafa samband við land eða aðra báta, hvað sem fyrir kemur.

Flutningsmönnum er kunnugt, að Skipaskoðun ríkisins hefur leitazt við að auka öryggi þessara báta, en erfiðleikar eru margir á því sviði. Sérstaklega hafa tæki eins og minnstu gúmbátar og minnstu talstöðvar verið svo dýr, að varla hefur verið hægt að krefjast þess, að hver opinn vélbátur hefði þau. Hins vegar eru framfarir örar á sviði öryggismálanna, og kann tæknin að leysa þetta mál fyrr en varir. Má einskis láta ófreistað til að auka öryggi trillusjómanna og auka árvekni þeirra sjálfra á þessu sviði.

Ed. 90. Frumvarp til laga [71. mál]

um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

I. KAFLI
Um dómendur.

1. gr.

Með dómstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir og uppboð, fara sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur, borgardómarar og borgarfógetar í Reykjavík og lögreglustjórar í umdæmum utan kaupstaða, þar sem þeir eru sérstaklega skipaðir.

2. gr.

Forseti skipar hina reglulegu héraðsdómara. Þeir taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, lífeyri eftir lífeyrislögum og skrifstofufé samkvæmt þar um settum reglum. Ríkissjóður leggur þeim til nauðsynleg skrifstofugögn.

Í kaupstöðum skulu hinir reglulegu héraðsdómarar hafa skrifstofu í kaupstaðnum, enda þótt þeir hafi jafnframt lögsögu í fleirum lögsagnarumdæmum, nema dómsmálaráðherra kveði öðruvísi á. Annars staðar getur dómsmálaráðherra, ef ágreiningur rís, ákveðið embættisbústað héraðsdómara, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda.

3. gr.

Engan má skipa í fast dómarasæti, nema hann:

1. Sé svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt starfanum.
2. Sé 25 ára gamall.
3. Sé lögráður og hafi forræði fjár síns.
4. Hafi óflekkað mannorð.

5. Hafi íslenzkan ríkisborgararétt.
6. Hafi lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands.
7. Hafi 3 ár samtals gegnt lögfræðistörfum. Undantekningu frá ákvæði þessa töluliðs má gera um þá menn, er sérstakan orðstír hafa getið sér fyrir ritstörf um lögfræðileg efni.

4. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett mann, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., til þess að gegna störfum héraðsdómara um stundar sakir.

5. gr.

Dómsmálaráðherra setur dómara, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., til að fara með og dæma einstök mál, þar sem hinn reglulegi dómari hefur vikið dómarasæti.

6. gr.

Ef mál er sérstaklega umfangsmikið eða vandasamt að öðru leyti, svo að ætla má, að hinn reglulega dómara skorti tíma frá öðrum embættisstörfum eða sé af öðrum ástæðum ofvaxið að fara með það, getur dómsmálaráðherra skipað sérstakan dómara til að gegna því, enda hafi hinn reglulegi dómari færzt undan að sinna málinu af nefndum ástæðum.

7. gr.

Að fengnum tillögum héraðsdómara er dómsmálaráðherra rétt að skipa tvo menn, sem fullnægja dómaraskilyrðum samkvæmt 3. gr., til dómstarfa ásamt héraðsdómara í vandasömum málum.

8. gr.

Dómari getur kvatt tvo kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf.

9. gr.

Rétt er dómara, ef hann telur það við eiga, að kveðja tvo menn til dómstarfa með sér í máli, er annar þeirra fullægir skilyrðum 3. gr. og hinn skilyrðum 8. gr.

10. gr.

Skylt er hverjum manni, karli sem konu, er fullnægir lömæltum skilyrðum, að taka við kvaðningu til samdómandastarfa.

Undan kvaðningu eru þegnir:

1. Dómarar og ritari Hæstaréttar, aðrir embættisdómarar og fulltrúar þeirra.
2. Ráðherrar og ráðuneytisstjórar í Stjórnarráði.
3. Saksóknari ríkisins og fulltrúar hans.
4. Biskup og prestar þjóðkirkjunnar, nema í kirkjudómi.
5. Löggiltir málflutningsmenn og fulltrúar þeirra.
6. Embættislæknar, ljósmæður og hjúkrunarkonur.

11. gr.

Almenn skilyrði til samdómandastarfa eru þessi:

1. Nægilegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.
5. Sérþekking á sakarefnum.

12. gr.

Héraðsdómari dæmir um skyldu og skilyrði samdómanda samkvæmt 7.—11. gr., en tjá skal hann aðiljum, svo fljótt sem föng eru á, nefnu samdómanda, og veita skal hann aðiljum færi á því að gera athugasemdir við hana. Skjóta má ákvörðun dómara um hæfi samdómanda til Hæstaréttar samkvæmt 287. gr.

13. gr.

Áður en samdómandi tekur til starfa, skal hann vinna eið eða drengskaparheit, á sama hátt og eftir sömu reglum sem um vitni er mælt, að því, að hann skuli leysa starfann af hendi, svo sem hann hyggur sannast og réttast og helzt að lögum.

14. gr.

Héraðsdómari kveður á um greiðslur til samdómanda, en rétt er dómsmálaráðherra að kæra þá ákvörðun.

15. gr.

Dómari kveður samdómendur að jafnaði, er greinargerð er fram komin af hendi varnaraðilja, en annars á því stigi máls, er hann telur þeirra þörf.

Héraðsdómari stýrir dómi, gefur einn út stefnur og kveður einn upp úrskurð um það, hvort hann víki sæti.

16. gr.

Nú missir samdómanda við, og kveður héraðsdómari annan til í hans stað. Endurtaka skal síðan það, sem fram hefur farið í málinu eftir þörfum, til þess að samdómandi fái kynnt sér málavexti.

17. gr.

Héraðsdómara er rétt að halda dómþing í máli, sem undir hann ber, hvar sem er á landinu, ef það þykir hallkvæmt vegna öflunar gagna, málflutnings eða dómsuppsögu.

18. gr.

Rétt er dómsmálaráðherra að skipa héraðsdómara með samþykki hans fulltrúa, er sé 21 árs að aldri og fullnægi skilyrðum 1. og 3.—6. töluliðs 3. gr., til þess að framkvæma á ábyrgð dómara tilteknar dómsathafnir eða alls konar dómsathafnir, sem undir dómara ber.

Rétt er og dómsmálaráðherra að skipa héraðsdómara að fengnum tillögum hans fulltrúa, er framkvæmi á sjálfs sín ábyrgð einstakar eða hvers konar dómsathafnir, enda fullnægi hann þá einnig skilyrði 7. töluliðs 3. gr.

19. gr.

Um refsiábyrgð dómara fer samkvæmt almennum hegningarlögum og sérákvæðum einstakra laga.

Í dómi máls getur Hæstiréttur veitt héraðsdómara áminningu eða dæmt honum sekt á hendur, 200—4000 krónur, til ríkissjóðs fyrir drátt á máli og önnur glöp í meðferð þess, ef sök hans virðist ljós.

Einnig er hverjum þeim, sem telur héraðsdómara hafa gert á hluta sinn í dómarastarfi, rétt að kæra hann fyrir Hæstarétti samkvæmt ákvæðum 287. gr., og getur Hæstiréttur veitt dómara áminningu eða dæmt honum að greiða sekt samkv. 2. mgr.

20. gr.

Í héraði verður dómari einungis sóttur til greiðslu skaðabóta vegna brots í dómarastarfi í opinberu máli á hendur honum út af því eða eftir að áfellisdómur hefur verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir slíkt brot.

Í Hæstarétti má dæma héraðsdómara eftir stefnu til að greiða skaðabætur fyrir málsmeðferð sína.

21. gr.

Nú telur dómsmálaráðherra dómara hafa misst hin almennu dómaraskilyrði eða hafa gert sig sekan um misferli í starfa, enda hafi áminning eigi komið að haldi, eða dómari hefur að áliti ráðherra með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega, að hann megi eigi lengur gegna dómaraembætti, eða gerzt svo brotlegur í starfa, að ákæru varði, og vísar dómsmálaráðherra málinu til saksóknara ríkisins.

Málið sætir meðferð opinberra mála fyrir Starfsdómi. Starfsdóm skipa þrír dómendur, er fullnægja skilyrðum til þess að vera hæstaréttardómarar. Formaður dómsins er elzti lagaprófessor við Háskóla Íslands, en hina tvo skipar dómsmálaráðherra til tíu ára í senn. Þóknun taka dómendur fyrir þau mál ein, er þeir fá til meðferðar.

Nú telur dómsmálaráðherra dómara óhæfan til þess að gegna starfa, og er honum rétt að leggja fyrir saksóknara að krefjast þess, að Starfsdómur víki dómara frá starfa um stund eða að fullu.

Ef mál þolir enga bið, getur dómsmálaráðherra vikið dómara frá starfa um stundarsakir, en bera skal þá málið undir Starfsdóm, svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tveimur vikum eftir frávikningu dómara.

Starfsdómur getur veitt dómara áminningu, dæmt á hendur honum refsingu og skaðabætur og svo málskostnað.

Kveða skal á um það í dómi, hvort áfrýjun sýknudóms fresti því, að dómari taki við starfa sínum að nýju.

Nú verður uppvíst í máli, er Starfsdómur hefur til meðferðar, eða ástæða er til að ætla, að dómari hafi framið athæfi, er lög leggja viðurlög við, bæði í starfa sínum og utan hans, og skal rannsaka og dæma málið í heild fyrir Starfsdómi.

22. gr.

Dómari, sem fyrir sökum er hafður, getur haft uppi bótakröfur á hendur ríkissjóði fyrir Starfsdómi, sbr. XVIII. kafla laga nr. 82/1961.

23. gr.

Dómari víkur úr dómarasæti, ef:

1. Hann er aðili máls eða mál varðar hann að mun fjárhagslega eða siðferðislega.
2. Hann er fyrirsvarsmaður aðilja, hefur flutt málið eða leiðbeint aðilja í því.
3. Hann er skyldur eða mægður aðilja eða í kjörsifjum við hann að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki eða fyrrverandi maki, niðji systkinis aðilja eða gagnkvæmt eða mægður með sama hætti, unnusti eða unnusta, fósturforeldri eða fósturbarn. Telja skal mægðir haldast, þótt sifjum þeim, sem þær helgast af, sé lokið.
4. Hann hefur borið vitni um málsatvik eða verið skoðunar- eða matsmaður í máli.
5. Hann hefur verið gerðardómsmaður um sakarefnið eða látið í ljós álit sitt um það sem opinber sýslunarmaður.
6. Hann er svo venzlaður vitni, sem í 3. tölulið segir, enda sé krafizt úrskurðar um skyldu vitnis eða heimild til að bera vitni eða heitfesta skýrslu. Sama gildir, ef úrskurða skal um skyldu eða heimild jafnvenzlaðs mats- eða skoðunarmanns til að framkvæma gerð eða staðfesta hana og um skyldu jafnvenzlaðs manns til að láta í té sakargögn.
7. Málið varðar venzlamenn samkvæmt 3. tl. að mun siðferðislega eða fjárhagslega.
8. Horf hans við aðilja eða sakarefni er slíkt, að hætta er á því, að hann fái eigi litið óhlutdrægt á málavexti.

24. gr.

Nú er dómur skipaður einum dómara, og skal hann þá með úrskurði víkja dómarasæti af sjálfsdáðum, ef svo er sem í 23. gr. segir. Í fjölskipuðum dómi ber formanni dóms að gæta þess, að samdómendur séu hæfir til dómstarfa í því máli. Dómara í slíkum dómi er skylt að skýra frá því, ef hann veit vanhæfi sitt eða annars dómara til dómstarfa.

25. gr.

Aðiljum máls er rétt að krefjast þess, að dómari víki sæti vegna atvika, sem valda eða kunna að valda vanhæfi hans.

26. gr.

Úrskurði dóms um, að dómari víki sæti, verður eigi skotið til Hæstaréttar. Úrskurði um, að dómari skuli eigi víkja sæti, má kæra til Hæstaréttar samkvæmt 287. gr., enda hvílir þá mál á meðan.

27. gr.

Ef dómari víkur sæti, ber honum að gera það, sem nauðsynlegt kann að vera til að halda máli í réttu horfi, þar til setudómari tekur við því. Hann getur og látið af hendi endurrit af málsskjölum og gefið út dómsgerðir, þótt hann hafi vikið sæti.

II. KAFLI
Um þinghöld.

28. gr.

Í kaupstöðum skal halda bæjarþing til meðferðar allra mála, sem eigi eru sérstaklega undantekin, einu sinni í viku eða oftar, eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og á þeim stað og stund, sem ákveðið verður, ef mál eru fyrir hendi. Dómara í kaupstað er vítalaust, þótt niður falli bæjarþing, ef hann getur eigi háð þing, enda líði aldrei meira en hálfur mánuður milli bæjarþinga. Utan kaupstaða skal halda manntalsþing til meðferðar dómsmála á þingstað réttum í þinghá hverri einu sinni á ári, eins og verið hefur, en auk þess skal aukadómþing heyja, þá er þörf gerist og á þeim stað í þinghá hverri, sem dómari ákveður hverju sinni.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að regluleg dómþing skuli halda í einstökum lögsagnarumdæmum eða þinghám oftar en einu sinni á ári, þar sem þörf krefur.

Þingleyfi eru frá 20. desember til 6. janúar og frá pálmasunnudegi til annars í páskum. Enn fremur getur dómsmálaráðherra ákveðið þingleyfi í kaupstöðum 1—2 mánuði á sumrin.

Framkvæma skal dómsathafnir í þingleyfum, sem eigi mega bíða, svo sem dómsuppsögu, fógetaaðgerðir, skiptagerðir og uppboðsgerðir.

29. gr.

Dómari stýrir þinghaldi.

Dómari ákveður, í hverri röð mál skuli tekin til meðferðar. Enginn má taka til máls án leyfis dómara, sem gætir þess, að málflutningur sé skýr og gagnorður og að málflytjandi haldi sér við efni máls.

30. gr.

Dómþing í þinghúsum og öðrum húsum til almenningsnota skal heyja í heyranda hljóði. Dómara er þó rétt sjálfkrafa eða eftir ósk þess, sem í hlut á, að kveða með úrskurði, er eigi verður kærður, á um málsmeðferð fyrir luktum dyrum, ef þess er þörf:

a. til þess að málsatvik verði betur í ljós leidd,
b. til verndar þingfriði,
c. til hlífðar aðiljum, vitnum eða öðrum,
d. af velsæmisástæðum,
e. vegna horfs málsatvika við erlendum ríkjum,
f. annars vegna hagsmuna ríkis eða almennings.

Ef sérstakar ástæður eru, er dómara rétt að veita tilteknum mönnum, er málið varðar eigi, heimild til vistar á dómþingi, sem háð er fyrir luktum dyrum. Ef einstakur maður ljær hús sín til þinghalds, getur hann bannað mönnum, er eigi eiga í hlut, aðgang að því. Ákvæðin hér að framan taka og til þinghalds í húsum einstakra manna, eftir því sem við á.

31. gr.

Dómari getur bannað, að viðlögðum sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, að skýra opinberlega í orðum eða á annan hátt frá því, sem gerist á dómþingi fyrir luktum dyrum.

32. gr.

Dómari getur bannað, að viðlagðri refsingu samkvæmt 31. gr., að gera uppdrætti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, sem þar fer fram eða er til sýnis.

33. gr.

Dómari eða formaður dóms skal gæta þess, að dómþing sé háð eftir réttum reglum. Honum er rétt að áminna þá, sem á þingi eru, ef framkoma þeirra er óviðeigandi í orði eða verki. Hann getur vísað einstökum mönnum eða almenningi út úr dómsal, ef návist þeirra horfir til truflunar þingfriði eða þeir koma ósæmilega fram við dómara eða aðra. Þó skal þeim, sem við málið eru riðnir, að jafnaði veitt færi á því að bæta ráð sitt. Ef þeir láta ekki skipast, kveður dómur upp úrskurð um brottvísun þeirra úr dómsal.

34. gr.

Nú er aðilja máls eða umboðsmanni hans vísað úr dómsal vegna framkomu sinnar, og fer um málið svo sem eigi hefði verið sótt dómþing af hans hendi.

35. gr.

Þingmálið er íslenzka. Ef aðili eða vitni er eigi nægilega fær í íslenzku, skal aðili hafa með sér og á sinn kostnað löggiltan dómtúlk, sem dómari samþykkir. Nú er löggilts dómtúlks eigi kostur, og er dómara rétt að samþykkja þann túlk, er hann telur til starfans hæfan, enda skal túlkur vinna heit fyrir dómi um, að hann skuli rækja starfann eftir beztu getu.

Dómtúlkur skal fullnægja skilyrðum til þess að vera lögfullt vitni í dómsmáli því, sem um er að tefla. Nú er slíks dómtúlks eigi kostur, og er dómara heimilt að fengnum tillögum aðilja að víkja frá þessu ákvæði.

Nú treystir dómari sér til að túlka erlent mál, og getur hann sjálfur spurt aðilja og vitni á erlendu máli, enda hafi aðiljar eigi fengið hæfan túlk til starfans.

Ákvæði greinar þessarar gilda um þýðingu skjala, eftir því sem við á.

Nú skal spyrja heyrnarlausan mann eða málausan fyrir dómi, og skal leita aðstoðar kunnáttumanns. Ákvæði greinar þessarar gilda um slíkan aðstoðarmann, eftir því sem við á.

36. gr.

Þar sem einn dómari situr í dómi, skal jafnan vera einn þingvottur, er hafi náð 21 árs aldri og fullnægi skilyrðum til að vera lögfullt vitni í dómsmáli því, sem um er að tefla. Dómari ákveður þóknun handa þingvotti.

III. KAFLI
Um dómsmálabækur.

37. gr.

Hverju héraðsdómaraembætti skulu fylgja dómsmálabækur til afnota í einkamálum. Dómsmálaráðherra setur reglur um, hvaða dómsmálabækur halda skuli svo og um gerð þeirra.

Dómarar ákveða, hvernig rita skuli dómsmálabækur innan þeirra marka, sem lög og reglur setja.

Dómsmálaráðherra löggildir dómsmálabækur.

38. gr.

Í dómsmálabók skal hverju sinni, er dómþing er háð, skrá:

1. Nafn dómstóls og dómanda eða dómenda.
2. Stað og stund dómþings.
3. Mál það, sem um er að tefla.
4. Nafn dómtúlks, ef því er að skipta.
5. Nöfn aðilja svo og umboðsmanna þeirra, ef því er að skipta.
6. Hvort dómþing er haldið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. Nú er dómþing haldið fyrir luktum dyrum, og skal þá greina ástæður til þess.

39. gr.

Í dómsmálabók skal rita skýrslu um það, sem gerist á dómþingi, svo sem:

1. Kröfur aðilja, mótmæli og viðurkenningar, sem eigi hafa komið fram í skriflegum greinargerðum.
2. Skýrslur aðilja og vitna og staðfestingu vitnaskýrslna.
3. Kvaðningu og skýrslur kunnáttumanna, að svo miklu leyti sem þær hafa eigi komið fram skriflega, svo og staðfestingu þeirra.
4. Fram lögð skjöl.
5. Málsatvik og málsástæður, sem eigi hafa komið fram skriflega og dómari telur rétt að færa til bókar.
6. Ákvarðanir dómara, úrskurði hans og dóma.

40. gr.

Dómsmálabækur skal rita skýrt og greinilega, og rita hverja blaðsíðu að fullu. Ef bókun þarf að leiðrétta, skal strika yfir hana, en hvorki skafa út né gera ólæsilegt með öðrum hætti það, sem bókað hefur verið.

41. gr.

Héraðsdómari eða forseti dóms heldur dómsmálabækur.

Aðiljar eða umboðsmenn þeirra skulu undirrita það, sem hverju sinni er eftir þeim bókað, er þeir hafa sannfært sig um, að rétt sé bókað, en dómari og þingvottur undirrita að loknu þinghaldi í einu lagi allt það, sem bókað hefur verið.

42. gr.

Dómara er rétt að láta hraðrita eða taka á talvél skýrslur aðilja, vitna og kunnáttumanna.

Rétt er dómsmálaráðherra að setja reglur um hraðritun og notkun talvéla og bókanir, þegar þeim aðferðum er beitt.

43. gr.

Skjöl öll, sem lögð eru fram í dómi, skal merkja í áframhaldandi töluröð og votta á þau um framlagninguna. Sá, sem leggur fram skjal, skal láta fylgja því svo mörg endurrit, sem héraðsdómari telur hæfilegt.

Skjölin eru eign dómsins, en lána má þau aðiljum. Dómari skal, eftir að dómur hefur verið upp kveðinn í máli, fá aðilja frumrit af framlögðu málsskjali gegn því að staðfest endurrit af skjalinu fylgi málsskjölunum, ef aðili þarf frumritsins til sönnunar rétti sínum annars staðar.

Ef sækjandi skilar ekki aftur léðum málsskjölum, áður en mál er tekið til dóms, skal mál fellt niður, nema skjal skipti auðsjáanlega eigi verulegu máli eða aðiljar komi sér saman um efni þess. Ef verjandi skilar eigi léðum málsskjölum, er dómara rétt að dæma málið eftir bókuðum kröfum sækjanda, nema svo sé um skjal farið sem nú var sagt.

44. gr.

Gegn lögmæltum ritlaunum er dómara skylt að láta viðkomendum í té staðfest endurrit úr dómsmálabókum og málsskjölum, þar á meðal dómsgerðir í heild sinni, innan hæfilegs tíma og aldrei síðar en fimm vikum eftir að endurrits hefur verið beiðzt, en rétt er að krefjast ritlauna fyrirfram, eftir því sem dómari áætlar þau. Það varðar sektum, ef endurrit eru eigi af hendi látin á réttum tíma, og má þá beita ákvæðum 19. gr.

IV. KAFLI

Um sakaraðilja.

45. gr.

Sakaraðili getur hver sá verið, einstaklingur, félag eða stofnun, sem að landslögum getur átt réttindi eða borið skyldur. Dómstólar hafa vald til að dæma mál allra þeirra, er aðiljar geta verið, nema undantekningar séu gerðar í landslögum eða samkvæmt þjóðarétti.

Nú getur sakarefni eigi varðað hagsmuni sækjanda að lögum, og skal máli vísað frá dómi. Ef sækjandi reynist annars eigi eiga aðild að sakarefni, leiðir það til sýknu.

46. gr.

Lögráðamaður fer með mál ólögráða manns. Hann má þó eigi án samþykkis hins ólögráða höfða mál um fjárréttindi, sem hinn ólögráða maður hefur heimild til að ráðstafa, eða eiga rót sína í samningi, sem hinn ólögráða maður mátti gera á eigin spýtur. Nú hefur ólögráða maður náð lögmæltum sjálfræðisaldri, og getur lögráðamaður eigi án samþykkis hans höfðað mál út af líkamsárás eða ærumeiðingum, sem hann hefur orðið fyrir, nema hann hafi verið sviptur sjálfræði vegna geðveiki eða fávitaháttar.

Nú hefur ólögráða maður engan lögráðamann, og getur dómari þá skipað honum fyrirsvarsmann í því máli.

47. gr.

Stjórnendur félaga, stofnana og samlagsaðilja, sem eignazt geta réttindi og bundizt skyldum, fara með mál þeirra.

48. gr.

Útlendingur, sem er hæfur til að ráðstafa sakarefni að lögum heimalands síns, má reka mál sitt sjálfur fyrir íslenzkum dómstólum.

Nú er útlendingur málflutningshæfur að íslenzkum lögum, en eigi að lögum heimalands síns, og má sækja hann sjálfan hér fyrir dómstólum.

49. gr.

Það fer eftir almennum reglum laga, hvort fleiri menn en einn eiga óskipta sakaraðild.

Nú eiga fleiri en einn óskipta sakaraðild, og þeir taka eigi allir þátt í málshöfðun eða þeim er eigi öllum veittur kostur á að svara til sakar, og skal vísa máli frá dómi. Ef þeir sækja ekki allir dómþing, skulu þeir, er það gera, taldir hafa heimild til að skuldbinda hina. Athöfn eins þeirra fyrir dómi kemur þá öðrum samaðiljum í hag, jafnvel þótt hún brjóti í bág við athafnir þeirra.

50. gr.

Rétt er fleiri mönnum að sækja mál í félagi og rétt er að sækja fleiri menn í einu máli, enda séu sakarefni runnin af sömu rót, raunverulega eða réttarlega, og sami dómstóll fái um þau öll fjallað. Annars kostar vísar dómari máli frá dómi að öllu leyti eða einhverju, ef varakrafa er gerð um dóm að efni til, að því leyti sem slík meðferð er heimil samkvæmt framansögðu.

51. gr.

Nú sækja fleiri menn sök saman eða fleiri menn eru sóttir saman, og ber að skoða hvern þeirra sjálfstæðan aðilja gegnt gagnaðilja.

52. gr.

Nú vill sækjandi eftir þingfestingu máls stefna nýjum aðilja til að svara til sakar ásamt þeim, er hann hefur þegar stefnt, og er það einungis heimilt, ef skilyrðum 50. gr. er fullnægt, enda verði sækjanda eigi metið til vanrækslu, að hann stefndi eigi hinum nýja aðilja, áður en mál var þingfest.

53. gr.

Rétt er þriðja manni, þar með talinn handhafi stjórnsýslu, að ganga inn í mál annarra manna, ef hann telur sig eiga hluti þá eða réttindi, sem um er deilt, eða úrslit sakar skipta hann annars máli að lögum. Skal hann þá stefna báðum hinum upphaflegu aðiljum og gera kröfu um, að honum verði leyfð meðalgangan og að honum verði dæmt sakarefnið, ef því er að skipta, eða dómur verði annars svo felldur, að verndaður verði réttur hans.

54. gr.

Ef úrslit máls geta skipt þriðja mann máli að lögum, getur aðili tilkynnt honum málareksturinn og skorað á hann að ganga inn í málið aðilja til styrktar, t. d. sé um framkröfu aðilja á hendur honum að tefla, eða til að gera sjálfstæðar kröfur, ef því er að skipta.

55. gr.

Ef sækjandi framselur réttindi þau, er dómkrafa hans varðar, eftir birtingu stefnu, tekur hinn nýi eigandi við málinu í stað hins.

Nú deyr sækjandi á þeim tíma, sem í 1. mgr. segir, og tekur þá dánarbú hans eða erfingjar við máli, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast dánarbúinu eða erfingjum með þeim hætti, sem í 1. mgr. segir. Ef réttindi ganga eigi til erfingja, fellur málið niður að öðru leyti en því, að dæma má dánarbúið eða erfingja, ef þeir gangast við skuldum, til að greiða málskostnað.

Nú verður sækjandi gjaldþrota á nefndum tíma, og tekur bú hans við máli með sama skilorði og í 2. mgr. segir. Ef réttindin ganga ekki til búsins, getur þrotamaður haldið máli áfram, en búinu verður ekki gert að greiða annan málskostnað en þann, sem á var fallinn, er gjaldþrotaskipti hófust.

Eigi veldur það aðiljaskiptum, þótt sækjandi staðfesti ráð sitt á þeim tíma, sem í 1. málsgr. segir, hvernig sem fjármálum hjóna er farið.

56. gr.

Nú afhendir verjandi á tímabili því, er í 55. gr., 1. málsgr., segir, hlut eða réttindi, er hann er sóttur til að láta af hendi, og er sækjanda rétt að halda máli áfram gegn hinum upphaflega verjanda, enda verður hinn nýi eigandi þá bundinn við dóm í málinu, nema hann hafi eignazt hlut eða réttindi með þeim hætti, að varnir eða réttindi annarra manna yfir hinu afhenta glatist gagnvart honum.

Ef verjandi deyr á nefndu tímabili, þá tekur dánarbú eða erfingjar við málinu, ef skylda sú, sem dómkrafa varðar, flyzt á dánarbú eða erfingja. Ella fellur mál niður að öðru leyti en því að dæma má dánarbú eða erfingja, sem gangast við skuldum, til að greiða málskostnað.

Nú er bú verjanda tekið til gjaldþrotaskipta á nefndum tíma, og tekur bú hans við máli með sama skilorði og í 2. mgr. segir. Ef skyldan flyzt eigi á gjaldþrotabúið, verður því einungis gert að greiða málskostnað, sem á er fallinn við upphaf gjaldþrotaskipta, en halda má málinu áfram gegn þrotamanni.

V. KAFLI
Um sakarefni.

57. gr.

Eigi verður krafizt aðfararhæfs dóms um kröfu, sem að vísu reynist rétt eða kann að vera rétt, en greiðslu- eða fullnægjuskylda er enn eigi komin, þá er mál er höfðað.

Mál má þó höfða, þó að skilyrðum 1. mgr. sé ekki fullnægt, ef sækjandi sýnir, að hann skipti máli að lögum að fá slíkan dóm, svo sem:

1. Þá er sérstök ástæða er til að ætla, að verjandi hyggist skjóta sér undan fullnægjuskyldu sinni á réttum tíma.
2. Þá er um er að tefla aukakröfur, t. d. vexti, unz greitt er, þá er aðalkrafa er í gjalddaga fallin.
3. Þá er um er að tefla kröfur, sem falla í gjalddaga með vissu millibili, enda sé ein þeirra fallin í gjalddaga og hinar eru ekki háðar gagngreiðslum.
4. Þá er krafa er háð því, að önnur krafa, sem sækjandi krefst dóms um í sama máli, verði ekki efnd.

Nú er slík krafa enn eigi eindöguð við dómsuppsögu, og setur dómari skilyrði eða frest fyrir fullnægju hennar.

58. gr.

Nú skiptir það sækjanda máli að lögum, að skorið sé með dómi úr um tilvist réttinda eða réttarsambands, og getur hann krafizt dóms um gildi þeirra réttinda eða réttarsambands, þó að aðfararhæfur dómur verði eigi upp kveðinn.

59. gr.

Sækjandi getur eigi aukið dómkröfur sínar né reist þær á nýju málsefni eftir þingfestingu máls. Hann getur þó eftir þingfestingu aukið kröfur sínar með framhaldsstefnu:

1. Vegna atvika, sem gerast, meðan á máli stendur, eða hann fær eigi vitneskju um fyrr en á þeim tíma, enda verði honum eigi um kennt.
2. Krafizt dóms um almennt gildi réttarsambands, sem upphafleg dómkrafa er sprottin af.
3. Krafizt vaxta og annarra aukagreiðslna, sem leiða af aðalkröfunni, og annars sett fram nýjar kröfur, sem eru af sömu rót runnar og hin upphaflega dómkrafa.

Nú eru kröfur samkvæmt 2. og 3. tölulið eigi settar fram, fyrr en eftir að mál hefur verið tekið til aðalflutnings, og meðferð þeirra veldur óhagræði, og ber að vísa slíkum kröfum frá dómi.

Sækjandi getur eftir þingfestingu máls borið fyrir sig nýja atvik til stuðnings kröfum sínum, enda breyti það ekki grundvelli máls.

60. gr.

Sækja má í sama máli allar kröfur á hendur sama aðilja, er runnar eru af sömu rót, raunverulega eða réttarlega, eða þær eru samkynja, enda megi sami dómstóll fjalla um þær allar.

61. gr.

Nú eru fleiri menn sóttir í einu og sama máli til að inna sameiginlega af hendi greiðslu, og geta þeir borið fram kröfu um það í málinu, að kveðið verði á um það í dómi, í hverjum hlutföllum þeir skuli bera greiðsluna sín í milli, enda valdi það ekki óhagræði eða töf á málinu.

62. gr.

Rétt er verjanda með stefnu að hafa uppi í máli til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms gagnkröfu, samrætta aðalkröfunni eða samkynja henni.

63. gr.

Nú eru rekin fyrir sama dómi fleiri mál en eitt milli sömu aðilja eða fleiri en eitt mál milli mismunandi aðilja út af sama réttarsambandi að nokkru eða öllu, og getur dómari ákveðið, að þau skuli sameina og flytja í einu lagi, ef honum virðist það horfa til skýringarauka eða annars hagræðis. Með sama skilorði getur dómari ákveðið, að kröfur, sem sóttar eru í einu máli, skuli skildar sundur og sóttar hvor (eða hver) í máli sér, ef þær eru eigi af sömu rót runnar.

64. gr.

Nú hefur aðili eigi sótt í einu máli þær kröfur, sem runnar eru af sömu rót, og er honum heimilt að sækja þær kröfur, sem eigi voru sóttar í fyrra máli, í síðara máli, en eigi skal þá dæma verjanda til greiðslu málskostnaðar, nema eigi hafi verið unnt að höfða mál um báðar eða allar kröfurnar í einu lagi.

Nú hefur aðili höfðað mál til heimtu nokkurs hluta af kröfu, og skal honum óheimilt að sækja afganginn í öðru máli, nema gildar ástæður séu til að skipta sök, t. d. vegna þess að eigi verður vitað að sinni um afleiðingar skaðaverks, sækjandi vissi eigi, að krafan var hærri, áður en fyrsta eða fyrra málið var tekið til dóms, enda geti hann réttlætt þá vanvizku sína, eða hluti kröfu hefur verið framseldur, tekinn lögtaki samkvæmt lögum um lögtak eða verið hafður til skuldajafnaðar.

65. gr.

Sækjandi getur hætt við málssókn, unz verjandi hefur skilað greinargerð, en verjanda er þó rétt að krefjast dóms um þingfestar gagnkröfur. Eftir nefndan tíma skal málinu í heild sinni haldið til dóms, ef verjandi krefst þess.

VI. KAFLI
Um varnarþing.

66. gr.

Umdæmi hvers héraðsdómara á landi hér er sérstök dómþinghá. Dómsmálaráðherra getur eftir tillögum héraðsdómara, er í hlut á, ákveðið að skipta einni dómþinghá í fleiri dómþinghár.

67. gr.

Sækja má mann fyrir dómi í þinghá, þar sem hann er heimilisfastur eða hefur skráð sig á manntal. Ef maður á samtímis heimili í fleiri þinghám en einni, má sækja hann í hvorri eða hverri sem er.

68. gr.

Sækja má innlendan mann, sem eigi á fast heimili hér á landi, þar í þinghá, sem hann á dvöl, þegar stefna er birt.

Nú hefur innlendur maður hvorki fast heimili né vísan dvalarstað hér á landi, og má sækja hann, þar sem hann er staddur eða vitað er, að hann síðast átti heimili eða dvaldist.

69. gr.

Ólögráða mann skal sækja á varnarþingi lögráðamanns.

70. gr.

Sækja má þessa menn fyrir dómi í Reykjavík, nema þeir hafi heimili annars staðar á Íslandi:

1. Opinbera íslenzka starfsmenn erlendis, sem eru ekki seldir undir lögsögu viðkomandi ríkis.

2. Íslenzka menn, sem teljast til sendiráða Íslands erlendis.
3. Aðra íslenzka ríkisborgara eða íslenzka innlenda menn, sem eigi verða sóttir í því landi, þar sem þeir eru.

71. gr.

Félög, samlagsaðilja og stofnanir, sem stjórnarstöð hafa hér á landi eða skrásett heimilisfang, má sækja á varnarþingi stjórnarstöðvar eða skrásetts heimilisfangs eða, verði því eigi við komið, á varnarþingi stjórnarformanns eða stjórnanda. Nú varðar mál sérstaklega útibú, og má sækja það á varnarþingi útibúsins.

Mál félags gegn félagsmönnum út af skiptum þeirra við félagið má sækja á varnarþingi félags.

Sækja má ríkið, þar sem er skrifstofa þess starfsmanns, sem svara má til sakar fyrir það í því máli.

72. gr.

Mál um mörk fasteignar, ítök í fasteign, verklegar framkvæmdir á fasteign, bætur fyrir spjöll á fasteign svo og mál, er skoðun fasteignar er nauðsynleg, skal sækja á varnarþingi, þar sem eignin liggur.

Nú er fasteign eða sá hluti hennar, sem mál varðar, í fleiri en einni þinghá, eða málið varðar fasteignir í mismunandi þinghám eða óvíst er vegna deilu um mörk, í hvaða þinghá fasteignin liggur, og getur sækjandi sótt málið í hverri þeirri þinghá, sem um er að tefla.

73. gr.

Önnur mál um réttindi yfir fasteignum, svo sem eignarrétt, veðrétt, afnotarétt, afgjaldsskyldu og skattskyldu, má sækja í þinghá, þar sem fasteign liggur. Á varnarþingi fasteignar má og sækja kröfur, er af slíkum réttindum eru risnar.

74. gr.

Nú hefur maður haft á hendi reikningshald eða fjárvörzlu stöðu sinni samkvæmt fyrir opinberar stofnanir eða einstaka menn eða félög, og er þeim þá rétt að sækja mál á hendur honum á varnarþingi sínu eða í þinghá, þar sem reikningshald eða fjárvarzla fór fram, út af þeim starfa hans.

Rétt er og þeim, sem á hendi hefur reikningshald eða fjárvörzlu þá, sem í 1. mgr. segir, að sækja mál vegna starfans í þinghá, þar sem reikningshaldið eða fjárvarzlan fór fram, á hendur þeim, sem hún var innt af hendi fyrir.

75. gr.

Mál til efnda á eða til lausnar undan löggerningi eða fyrir vanefndir eða rof á löggerningi má sækja í þinghá, þar sem löggerning skyldi efna samkvæmt lögum, tilætlun aðilja eða eftir atvikum hverju sinni, enda sé stefndi staddur þar í þinghá, þá er stefna er birt.

Nú undirgengst maður skuldbindingu í þinghá, þar sem hann er staddur, til efnda þar, áður en hann fari þaðan, og má sækja hann í þeirri þinghá, þótt hann sé horfinn þaðan, þá er stefna er birt.

76. gr.

Nú er í skriflegri skuldbindingu kveðið á um efndir á tilteknum stað, og má sækja mál til efnda þar í þinghá.

77. gr.

Víxilmál og tékka má sækja í þinghá, þar sem greiðslustaður víxilsins eða tékkans er. Nú er víxill eða tékki, sem út hefur verið gefinn erlendis, innheimtur hér á landi í víxilmáli eða tékka, og má mál höfða á varnarþingi þess, er innheimtir, ef banki er eða sparisjóður eða sá hefur skuldheimtu að atvinnu sinni.

78. gr.

Nú er í fastri verzlun eða annarri fastri starfsstöð látin mönnum í té tiltekin vara, vinna eða önnur þjónusta, og má sækja mann, sem fengið hefur eða þegið þess háttar vöru, vinnu eða þjónustu í slíkri verzlun eða starfsstöð, til greiðslu þar í þinghá, þar sem verzlunin eða starfsstöðin er.

79. gr.

Kröfur erlendra lánardrottna, þær er sækja mætti eftir 78. gr., ef þær væru innlendar, má sækja á varnarþingi þess, sem kröfuna fær til innheimtu, enda sé það atvinna hans að annast skuldaheimtur.

80. gr.

Mál til kaupgreiðslu fyrir vinnu má sækja í þinghá, þar sem vinna var af hendi leyst, eða í einhverri þeirra, ef víðar er unnið. Sjómenn samkvæmt sjómannalögum mega sækja mál til kaupgreiðslu á heimili skips.

81. gr.

Mál til skaðabóta, refsingar eða annarrar fullnustu sakir réttarbrota utan samninga má sækja í þinghá, þar sem brot var framið, eða hafi það verið víðar framið, þá í einhverri þeirra.

82. gr.

Útgerðarmann má sækja í máli um útgerð í þinghá, þar sem skip er skrásett að eiga heima.

Sama er um mál á hendur skipstjóra eða skipshöfn vegna skyldustarfa þeirra.

Nú er krafa sjóveðtryggð með skipi, farmi eða farmgjaldi, og má höfða mál til innheimtu hennar, þar sem sjóveð var kyrrsett.

Mál út af ákvörðun eða skiptingu bjarglauna má höfða, þar sem bjargað var eða þar sem björgunargóssið var flutt á land.

83. gr.

Nú má eða þarf að stefna fleirum mönnum en einum í sama máli, og má höfða það á varnarþingi einhvers þeirra.

84. gr.

Nú á stefndi á hendur stefnanda kröfu, sem er af sömu rót runnin og krafa stefnanda eða samkynja henni, og má stefndi sækja hana á varnarþingi aðalsakar.

85. gr.

Rétt er aðiljum að semja um meðferð máls fyrir dómi í hvaða þinghá sem er, enda hafi sá dómur vald til að dæma málið.

86. gr.

Útlendan mann má sækja hér á landi, enda taki einhver framanskráðra varnarþingsreglna til málsins.

Nú á enginn íslenzkur dómstóll samkvæmt 1. mgr. lögsögu í máli á hendur útlendum manni, og má sækja hann vegna fjárskyldna eða fjármuna þar í þinghá, þar sem hann er, þá er stefna er birt, eða þar sem hann á eignir. Krafa samkvæmt viðskiptabréfi telst vera þar, sem bréfið er, en önnur krafa þar, sem skuldunautur á heima. Krafa, tryggð með veði, telst vera þar, sem veðið er.

87. gr.

Haldast skulu ákvæði um varnarþing í:

1. Skiptalögum nr. 3 12. apríl 1878, 94. og 95. gr.
2. Siglingalögum nr. 56 30. nóvember 1914, 15. gr.

3. Lögum um landamerki o. fl. nr. 41 28. nóvember 1919, 8. gr.
4. Lögum um hlutafélög nr. 77 27. júní 1921, 20. gr., síðustu mgr. 26. gr. og 2. tölulið 46. gr.
5. Lögum um stofnun og slit hjúskapar nr. 39 27. júní 1921, 88. sbr. 84. gr.
6. Lögum um gjaldþrotaskipti nr. 25 14. júní 1929, 30. gr.

VII. KAFLI

Um birtingu á stefnum og tilkynningum.

88. gr.

Í hreppi hverjum eða kaupstað skal héraðsdómari skipa að minnsta kosti einn mann til að birta dómstefnur og aðrar tilkynningar, og einn til vara, er gegni þeim starfa í forföllum hins.

Stefnuvottur skal hafa náð 21 árs aldri, hafa óflekkað mannorð og vera þeim kostum búinn, að hann megi rækja starfann.

89. gr.

Stefnuvottur skal, áður en hann tekur til starfa, undirrita drengskaparheit um það, að hann skuli rækja starfann með trúmennsku og samvizkusemi.

90. gr.

Enginn er löghæfur til að birta stefnu eða aðra tilkynningu í sjálfs sín sök, ef hann er kvæntur eða giftur aðilja, skyldur honum eða mægður að feðgatali eða niðja eða í annan lið til hliðar.

91. gr.

Birting á dómstefnum og öðrum tilkynningum er lögleg, ef einn stefnuvottur framkvæmir hana. Gild er birting, er stefnuvottur framkvæmir utan umdæmis síns.

92. gr.

Rétt er að senda stefnuvotti í staðfestu símskeyti stefnu og tilkynningu til birtingar, enda sé honum sjálfum afhent símskeytið.

93. gr.

Stefnu og tilkynningu skal birta á virkum degi, nema birting þoli eigi bið, frá lokum níundu stundar til loka tuttugustu og fyrstu stundar. Þó má birting löglega fara fram á öðrum tímum sólarhrings, ef það er nauðsynlegt til að ná skemmsta lögmæltum fresti.

94. gr.

Um birtingu gilda þessar reglur:

1. Birting skal framkvæmd fyrir viðtakanda sjálfum á heimili hans, starfsstöð eða dvalarstað, ef unnt er. Gild er þó birting fyrir sjálfum honum, hvar sem birt er, en haga skal henni þannig, að hún valdi hvorki honum né öðrum óþarfa óþægindum.
2. Nú verður birting ekki framkvæmd fyrir viðtakanda sjálfum á heimili hans eða starfsstöð hér á landi, og má framkvæma hana þar fyrir maka hans, börnum hans, heimilismanni eða starfsmanni á starfsstöð hans. Nú á viðtakandi hvorki heimili né starfsstöð hér á landi, og má birta á dvalarstað hans fyrir þeim, sem hann dvelst hjá.
3. Nú hefur birting eigi orðið framkvæmd með framangreindum aðferðum, og skal stefnuvottur þá skrá vottorð um það á stefnu eða tilkynningu og leita síðan aðstoðar lögreglu um birtingu.

Eigi verður birt, svo gilt sé, fyrir yngri manni en 16 ára né fyrir gagnaðilja viðtakanda.

95. gr.

Ef birta á stefnu eða tilkynningu samlagsaðilja, félagi eða stofnun, þá er rétt að birta á stjórnarstöð viðtakanda eða heimili eða starfsstöð stjórnarformanns eða stjórnanda.

96. gr.

Stefnu eða tilkynningu til ríkisvaldsins eða ríkisstofnunar skal birta í hinni opinberu skrifstofu eða, verði því eigi við komið, á heimili eða starfsstöð þess, er svarar til sakar fyrir ríkisvaldið eða stofnunina, og séu fyrirsvarsmenn fleiri en einn, er nóg að birta stjórnarformanni eða öðrum stjórnanda.

97. gr.

Ef birta þarf stefnu eða tilkynningu fyrir hreppsnefnd, bæjarstjórn eða sýslunefnd eða einstökum nefndum í stjórnum þessum, skal birta í hinni opinberu skrifstofu eða, verði því eigi við komið, á heimili oddvita (sveitarstjóra, bæjarstjóra, borgarstjóra) eða starfsstöð hans.

98. gr.

Ef skipstjóra er stefnt fyrir hönd útgerðar eða skips, má birta stefnu eða tilkynningu úti í skipinu.

99. gr.

Nú verður stefna eða tilkynning eigi birt samkvæmt 94. gr., en vitað er um heimili viðtakanda eða dvalarstað erlendis, og fer um birtingu eftir þar gildandi lögum eða milliríkjasamningum, ef því er að skipta.

Dómari semur og sendir um hendur Utanríkismálaráðuneytis stjórnvaldi viðkomandi lands beiðni um framkvæmd birtingar samkvæmt 1. mgr.

100. gr.

Nú tekst lögreglu eigi að hafa uppi á heimili eða dvalarstað viðtakanda stefnu eða tilkynningar, eða birt skal óákveðnum mönnum, og skal stefna eða tilkynning birt tvisvar í auglýsingablaði ríkisstjórnarinnar. Nú fer birting fram með þessum hætti, og er nægilegt að auglýsa höfuðatriði stefnu eða tilkynningar, enda sé þess jafnframt getið, að stefna eða tilkynning sé til sýnis í skrifstofu dóms þess, sem með málið fer.

Sama hátt og í 1. mgr. segir, má hafa á birtingu stefnu eða tilkynningar, ef viðtakandi dvelst eða á heimili erlendis og erlent stjórnvald hefur synjað birtingar, enda sé viðtakanda jafnframt sent í ábyrgðarbréfi endurrit stefnu eða tilkynningar.

101. gr.

Aðiljar geta samið svo með sér, að tiltekinn staður skuli skoðast heimili, og er birting stefnu eða tilkynningar gild þar, svo sem á heimili væri, enda hittist þar einhver, sem fús sé til að taka við birtingu.

102. gr.

Þá er stefnuvottur hefur birt stefnu eða tilkynningu, skal hann rita á hana eða blað, fest við hana, vottorð um það, hvar birting hafi farið fram, fyrir hverjum, hvenær (hvaða viku- og mánaðardag, klukkustund). Enn fremur er honum rétt að votta um það, ef aðili tekur birtingu gilda, þótt henni sé áfátt að einhverju leyti, svo sem ef hún fer ekki fram á lögmæltum stað eða tíma dags. Í vottorði þessu skal hann skírskota til stefnuvottarheits síns og taka það fram, að hann staðfesti vottorðið með eiginhandar nafni sínu. Að lokum ber honum að staðsetja og dagsetja vottorðið og rita síðan nafn sitt undir það.

103. gr.

Jafnan skal afhenda þeim, sem stefna eða tilkynning er birt, endurrit af því, sem birt er, á kostnað þess, er birta lætur.

Hver, sem tekur við endurriti, er skyldur, að viðlagðri fésekt, að afhenda þeim, er í hlut á, endurrit. Sé þess eigi kostur, þeim, er líklegastur er til að fá honum það nægilega tímanlega.

104. gr.

Gild er birting tilkynningar fyrir manni á dómþingi, enda sé hennar getið í þingbók.

105. gr.

Ef stefnandi á heimili eða dvöl í þinghá, þar sem mál skal þingfesta, skal stefnufrestur vera 1—14 sólarhringar. Gullbringu- og Kjósarsýsla og kaupstaðirnir Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður og Keflavík svo og Keflavíkurflugvöllur eru í þessu sambandi talin innan sömu þinghár.

Nú á stefndi heimili eða dvalarstað hér á landi, en utan þinghár, þar sem mál skal þingfesta, og skal stefnufrestur vera 1—6 vikur.

Ef stefndi á heimili eða dvalarstað erlendis, skal stefnufrestur vera 1—3 mánuðir.

Nú er ókunnugt um heimilisfang stefnda eða dvalarstað, og fer um stefnufrest samkvæmt 2. og 3. mgr., eftir því sem við á.

106. gr.

Ákvæði 105. gr. taka til allra einkamála í héraði, þar á meðal til vitnamála, matsmála og skoðunar, nema sérstök undantekning sé gerð í lögum.

Ef stefna skal aðilja aðalmáls í meðalgöngumáli eða gagnsök til vitnaleiðslu eða í matsmáli eða skoðunar til þess þings, sem aðalmálið er flutt á, er nægilegt að birta stefnu samkvæmt 105. gr. fyrir aðilja sjálfum eða umboðsmanni hans 3 sólarhringum áður en aðalmálið skal fyrir tekið næst á eftir. En skuli mál þessi fara annars staðar fram, má birta aðilja eða umboðsmanni hans stefnu með þeim fyrirvara, sem þeim þeirra ber, er skemmstan fyrirvara má veita.

107. gr.

Innan takmarka 105. gr. ákveður dómari stefnufrest, þá er hann gefur út stefnu. Ákvörðun dómara um stefnufrest verður eigi skotið til æðra dóms. Ef stefndi kemur fyrir dóm, enda þótt stefnufrestur hafi verið settur eða verði of skammur, skal eigi vísa máli frá dómi.

VIII. KAFLI

Um sönnun almennt.

108. gr.

Dómari sker úr því eftir mati á gögnum þeim, sem fram hafa komið í dómsmáli, hvaða atvik skuli talin sönnuð, enda bindi einstök fyrirmæli laga hann eigi sérstaklega um mat í þessum efnum.

109. gr.

Eigi þarf að sanna atvik, sem alkunnug eru á þeim stað og tíma, er dómur eða úrskurður gengur.

Ákvæði laga þarfnast eigi heldur sönnunar. Nú ber að beita erlendum lögum, og er dómara rétt að leggja fyrir aðilja að leita fullnægjandi vitneskju um þau.

110. gr.

Nú viðurkennir aðili, sem ráðstöfunarrétt hefur á sakarefni, tiltekið málsatvik fyrir dómi, sem honum er óhagstætt, og skal skýrsla hans að jafnaði lögð til

grundvallar um það atvik. Ef aðili tekur aftur viðurkenningu sína, metur dómari með hliðsjón af þeim rökum, sem afturköllun er reist á, og atvikum að öðru leyti, hvert sönnunargildi viðurkenningin hefur.

Nú játar aðili skýrslu gagnaðilja um atvik rétta, en greinir jafnframt önnur atvik, sem ónýta eða draga úr afleiðingum játningar hans, og metur dómari eftir öllum tilvikum, hvað leggja skuli upp úr viðurkenningunni.

111. gr.

Nú kemur aðili eigi sjálfur fyrir dóm samkvæmt áskorun dómara, svarar eigi spurningum, tjáir sig eigi eða eigi nægilega rækilega um greinargerð gagnaðilja eða gerir eigi annað það, sem horfir til skýringar máli, og metur dómari afleiðingar af framferði aðilja.

112. gr.

Ef meta skal bætur fyrir tjón og full sönnun verður eigi færð fyrir fjárhæð þess eða einungis með miklum tilkostnaði eða erfiðismunum, er dómara rétt að kveða á um bætur, sem telja má eftir atvikum sanngjarnar.

113. gr.

Það er hlutverk aðilja að færa sönnur fyrir málstað sínum. Dómara er þó rétt, ef hann telur þess brýna þörf, að hlutast til um öflun sannana. Nú geta aðiljar ráðstafað sakarefni að sjálfs síns vild, og verða eigi vitni leidd eða skriflegra sakargagna aflað án vilja þeirra.

114. gr.

Nú telur dómari, að atvik, sem aðili vill sanna, skipti eigi máli eða sönnunargagn, sem aðili vill afla, sé þarflaust eða sýnilega ónýtt eða afla megi sönnunar með miklum mun minna erfiði og tilkostnaði en aðili hyggst gera, og er dómara rétt að neita aðilja að færa fram þær sönnur, er hann vill leiða.

115. gr.

Ef réttarfarsleg mistök hafa orðið við öflun sönnunargagna og ástæða er til að ætla, að mistökin dragi úr gildi gagnanna, er dómara rétt að bæta úr mistökunum, eftir því sem kostur er, eða beina til aðilja að gera það.

116. gr.

Öflun sakargagna skal að jafnaði fara fram fyrir sama dómi, sem dæmir mál, enda verði því við komið án mikils kostnaðar og óhagræðis.

Dómari aðalmáls ákveður, hvort öflun gagna skuli fara fram fyrir öðrum dómara. Ef hann telur nauðsyn á slíkri öflun gagna, sendir hann dómara þeim, sem í hlut á, tilmæli um að framkvæma gagnaöflunina ásamt greinargerð um, hverra gagna skuli aflað, og endurrit þeirra skjala, er hann telur skipta máli í því sambandi.

117. gr.

Aðilja skal veita færi á því að fylgjast með öflun gagna og tjá sig um þau, jafnóðum og þau koma fram.

118. gr.

Nú gefur maður utan dóms skriflega skýrslu um atvik máls, sem höfðað hefur verið eða aðili hyggst höfða, og verður slík skýrsla eigi notuð til sönnunar í því dómsmáli, nema gagnaðili samþykki það eða dómari telji alveg sérstaka ástæðu til að leyfa það.

IX. KAFLI
Um vitni.

119. gr.

Hverjum manni, sem lýtur íslenzkri lögsögu og eigi er aðili máls, er skylt að koma fyrir dóm og bera vitni, ef eigi er yfir 250 kílómetra veg á landi að fara eða 100 kílómetra leið á sjó eða samanlagt 250 kílómetra leið á sjó og landi, enda séu þá áætlunarferðir milli þingstaðar og heimilis vitnis eða vitni annars séð fyrir góðum farkosti.

Dómari getur gert vitni að fara lengri leið til dómþings, enda æski aðili þess og dómari telji brýna ástæðu til.

Nú má vitni eigi koma á þingstað vegna sjúkleika, veðurs, torfærna eða annarra forfalla, sem dómari metur gildar, og má vitnaleiðsla fara fram, þar sem kostur er að taka skýrslu af vitni.

120. gr.

Nú er dómari máls sjálfur kvaddur vættis, og lýsir hann því, hvort hann viti nokkuð, sem máli skipti. Ef svo er, víkur hann sæti í málinu.

121. gr.

Dómari metur það með hliðsjón af atvikum hverju sinni, hvort barn beri það skynbragð á málsatvik, að það verði krafið vættis.

Með sama hætti metur hann, hvort maður haldinn geðveiki, geðbilun, andlegum sljóleik eða truflun verði krafinn vættis.

122. gr.

Rétt er vitni að skorast undan að gefa skýrslu eða staðfesta hana, ef aðili er eða hefur verið maki þess, unnusti þess eða unnusta, skyldur því að feðgatali eða niðja, stjúpforeldri eða stjúpbarn, tengdaforeldri eða tengdabarn, systkini þess eða jafnmægður því, kjörforeldri eða kjörbarn.

Undanþáguréttur gildir eigi, ef vitni hefur verið vottur að samningsgerð eða loforði samkvæmt tilkvaðningu þess, er í hlut á, og er nú krafið skýrslu um það efni.

123. gr.

Dómari getur leyst fósturforeldri aðilja eða fósturbarn undan vitnaskyldu, ef honum virðist samband þeirra mjög náið. Ákvæði 2. mgr. 122. gr. eiga hér við.

124. gr.

Vitni er rétt að skorast undan að bera vætti um atriði, ef ætla má, að skýrsla þess valdi því sjálfu eða vandamönnum þess samkvæmt 122. og 123. gr. siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni eða öðru áþekku tjóni.

Ákvæði 2. mgr. 122. gr. eiga hér við.

Vitni er og skylt að svara spurningu um það, hvort það hafi á síðustu 10 árum verið dæmt í eða tekið út refsingu eða hvort það hafi nokkru sinni verið ákært eða því dæmd refsing fyrir rangan framburð fyrir dómi. Svör við slíkum spurningum skulu einungis gerð kunn dómara og aðiljum.

125. gr.

Embættismenn og sýslunar verða eigi krafðir vitnisburðar um það, sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema ráðherra sá, er í hlut á, leyfi eða forseti Sameinaðs Alþingis, ef taka skal skýrslu af alþingismanni eða starfsmanni Alþingis.

126. gr.

Án leyfis ráðherra þess, er í hlut á, skal vitni ekki krafið skýrslu um leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir handhafa ríkisvaldsins um málefni, sem öryggi ríkisins, réttindi eða heill að öðru leyti varða eða hafa mjög mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslenzku þjóðina.

127. gr.

Verjendur í opinberum málum, málflytjendur í einkamálum, prestar, læknar, ljósmæður, hjúkrunarfólk og lyfsalar og aðstoðarmenn þeirra mega eigi bera vætti um atvik, sem varða einkahagi manna og þeim hefur verið trúað fyrir eða þeir komizt að í starfa sínum, nema lög mæli öðruvísi eða sá, sem í hlut á, samþykki.

128. gr.

Án samþykkis þess, sem með á, má vitni ekki bera vætti um atriði, er varða leyndarmál um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík tilvik, enda telji dómari hagsmuni til leyndar ríkari en hagsmuni til skýrslugjafar.

129. gr.

Rétt er þeim, sem ábyrgð ber á nafni prentaðs tímarits eða blaðs samkvæmt 15. gr. laga um prentrétt, að skorast undan að skýra frá því fyrir dómi, hver sé höfundur að riti, grein eða frásögn, sem í riti eða blaði hefur birzt, án þess að höfundur væri nægilega nafngreindur, nema ábyrgð eigi að koma fram á hendur manni fyrir brot á þagnarskyldu í opinberri þjónustu.

130. gr.

Opinberum starfsmönnum er að jafnaði óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik, sem gerzt hafa í embætti þeirra eða sýslan og leiða má í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

Dómari metur hverju sinni, hvort ástæða er til að kveðja opinberan starfsmann vættis.

131. gr.

Dómari skal leiðbeina vitnum um þau atriði, sem varða vitnisburð og í 122.—130. gr. getur.

Sá, sem undanþágu krefst samkvæmt 122.—124. gr. eða ber við heimildarskorti samkvæmt 125.—128. gr., skal, ef því er að skipta, leiða líkur að staðreyndum þeim, sem á veltur í því sambandi. Dómari getur látið vitni staðfesta sögusögn sína um slíkar staðreyndir fyrir dómi svo og þann aðilja og þriðja mann, sem staðhæfa heimildarleysi vitnis til vættis eða vefengja undanþágurétt vitnis.

132. gr.

Nú er sá, sem krafinn er vættis, staddur á dómþingi, og er honum skylt að bera þegar vætti. Annars kostar skal gefa út stefnu til vitnis. Í stefnu skal greina nöfn aðilja, stöðu og heimili og sakarefni það, sem vætti skal borið um, svo og stað og stund þinghalds, allt svo glöggt, að eigi verði um villzt, og kalla vitnið til að koma fyrir dóm, að viðlagðri lögmæltri refsingu, ef vitnaskyldu verður eigi fullnægt.

Aðili semur vitnastefnu og leggur hana til áritunar fyrir dómara, sem gætir þess, að hún fullnægi skilyrðum laga.

133. gr.

Nú mætir vitni eigi eða kveðja þarf vitni, sem áður hefur gefið skýrslu í því máli, fyrir dóm aftur, og getur dómari bókað í þingbók ákvörðun sína um, að það

skuli koma fyrir dóm á ákveðnum stað og stundu, að viðlagðri refsingu lögum samkvæmt. Getur aðili síðan látið birta vitni endurrit af slíkri ákvörðun í stað venjulegrar stefnu.

134. gr.

Nú þarf að leiða vitni erlendis, og semur dómari og sendir um hendur Utanríkisráðuneytis tilmæli til þess erlends stjórnvalds, sem í hlut á, um það.

135. gr.

Rétt er dómara í stefnu eða með öðrum hætti að leggja fyrir vitni að rifja upp, áður en það kemur fyrir dóm, þau atriði, sem það skal um bera, svo sem kynna sér reikningsbækur, skjöl og önnur gögn, sem það á aðgang að, skoða hluti og fara á vettvang, enda geti vitni gert þetta án tilfinnanlegs tjóns eða óhagræðis fyrir sig.

136. gr.

Vitnamál er þingfest með framlagningu vitnastefnu eða mæti vitni óstefnt með kröfu um vitnaleiðslu samkvæmt 132. gr. ásamt þar að lútandi bókun í þingbók.

137. gr.

Vitni má ekki, nema brýna nauðsyn ber til, vera viðstatt meðferð máls, áður en það er spurt um atvik þess máls eða atriði í sambandi við það.

Nú eru fleiri vitni spurð í sama máli, og skulu þau spurð hvert í sínu lagi. Rétt er að samspyrja vitni, sem áður hafa verið spurð hvert í sínu lagi, enda beri vætti þeirra eigi saman eða samprófun þeirra þyki horfa annars til skýringar máli.

138. gr.

Þá er vitni kemur fyrir dóm, spyr dómari það um nafn, aldur, stöðu, heimili og dvalarstað og prófar, hvort því sé rétt eða skylt að bera vætti í því máli og hvort það sé eiðhæft. Því næst áminnir dómari vitni alvarlega um að svara spurningum eftir beztu vitund, gefa sannar og réttar skýrslur um málsatvik og draga ekkert undan. Hann skal leiða athygli vitnis að þeirri refsiábyrgð, sem það bakar sér með vísvitandi eða gálauslega röngu vætti, og þeirri siðferðislegu ábyrgð, sem röngu vætti er samfara.

139. gr.

Eftir að dómari hefur áminnt vitni, lætur hann það festa með þeim hætti, sem hér greinir, heit um sannan framburð sinn:

1. Vitni skal lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég skal segja það, sem ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga. Svo hjálpi mér guð, sem ég satt segi.
2. Nú lýsir vitni því, að það geti eigi af trúarlegum ástæðum unnið vitnaeið, og er dómara rétt að láta vitni festa heit sitt með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi yfir því og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga.
3. Dómara er rétt að heitfesta vitni samkvæmt 2. tl., er skilyrði eru til að eiðfesta, ef báðir aðiljar samþykkja það og dómara virðist ekkert mæla því í gegn.
4. Nú er annar háttur hafður á heitfestingu en sá, er í 1. og 2. tölulið segir, í landi, þar sem vitni hefur dvalizt, svo sem hönd lögð á helga bók, og er dómara rétt að hafa þann hátt á, ef hann telur vitni muni fyrir það leggja ríkari helgi og virðingu á heitfestingu.

140. gr.

Eigi skal heitfesta:

1. Barn undir 15 ára aldri.
2. Þann, sem er svo vitsmunavant eða svo geðbilaður, að hann ber eigi skyn á eða er ófær til að meta helgi eða þýðingu heitfestingar.
3. Þann, sem dæmdur er fyrir rangan framburð fyrir dómi eða er undir ákæru fyrir þann glæp.

141. gr.

Heitfesting hvers vitnis fer fram út af fyrir sig.

Vitni, sem komið hefur fyrir dóm í máli og unnið þá eið eða heit, skal eigi heitfest, þótt það sé spurt af nýju í því máli, en bent skal því á, að það beri nú samkvæmt áður unnum eiði eða heiti.

142. gr.

Vitni skal spurt munnlega og svara skal það munnlega. Þó er dómara rétt að leyfa vitni, þá er alveg sérstaklega stendur á, að svara spurningu um viðkvæm einkamál skriflega. Bókar dómari þá svarið, enda sannfæri vitni sig um, að rétt sé bókað eftir því.

143. gr.

Vitni má eigi svara spurningum með tilvísun til utanréttarvottorðs, sem það hefur gefið um málsatvik, en kynna má það sér reikninga og önnur slík gögn til styrktar minni sínu, sbr. 118. gr.

Nú hefur vitni áður gefið skýrslu fyrir lögreglumanni eða dómi um málsatvik, og er dómara rétt að lesa þá skýrslu fyrir því, ef hún fer í bága við vætti þess eða það vill nú eigi bera um málsatvik eða telur sig eigi geta það.

144. gr.

Dómari spyr og prófar vitni. Rétt er honum þó að leyfa aðiljum eða umboðsmönnum þeirra að spyrja vitni að meira eða minna leyti, en stjórna skal hann einnig þeirri vitnaleiðslu. Skal þá sá aðili, sem kvaddi vitni vættis, spyrja vitni fyrst, en gagnaðili síðan. Vitni skal hvatt til að skýra fyrst frá atvikum máls í samhengi og án þess það sé spurt, ef kostur er. Því næst spyrja dómari og aðiljar, eftir því sem ástæður eru til. Dómari lagar og skýrir spurningar aðilja. Hann gætir þess, að spurningar séu eigi óákveðnar, tvíræðar, veiðandi eða lagaðar til að rugla vitni, eigi ósæmilegar og eigi sýnilega þýðingarlausar fyrir málið, og ber dómara að svipta aðilja, sem breytir gegn þessu, rétti til að spyrja vitni.

145. gr.

Dómari skal jafnan ganga úr skugga um það, hvort skýrsla vitnis er reist á skynjan þess sjálfs eða sögusögn annarra.

146. gr.

Dómari skal gera sér far um að leiða í ljós, hvort horf vitnis til máls eða málsaðilja sé með einhverjum þeim hætti, að áhrif geti haft á sönnunargildi vættis.

147. gr.

Dómari tekur við svörum vitnis, skýrir þau fyrir því og bókar þau svo, að ótvírætt og tæmandi komi fram efnið í svörum og orðrétt jafnan, ef ástæða er til að ætla, að orðrétt bókun geti skipt máli um málsatvik.

Dómari les upp svör vitna við spurningum, jafnskjótt sem bókuð hafa verið, og í heild, er yfirheyrslu vitnis er lokið, enda skal gera þær leiðréttingar og viðauka við bókun, sem dómari telur þurfa eða vitni æskir, til þess að framburður vitnis komi sem gleggst og réttast fram.

148. gr.

Nú kemur vitni eigi fyrir dóm samkvæmt löglega birtri stefnu eða kvaðningu, án þess um lögleg forföll sé að tefla, skýrir eigi tímanlega frá forföllum, þar sem því varð við komið, neitar að bera vætti, þar sem því ber skylda til þess, eða heitfesta vætti sitt eða fullnægir eigi annars vitnaskyldu sinni, og gerir dómari því sektir eða varðhald allt að sex mánuðum, ef brot er ítrekað í sama máli.

Dómara er rétt að láta sækja vitni með aðstoð lögreglu til vættis.

Nú ber vitni, sem úrskurðað hefur verið refsing samkvæmt 1. mgr., fyrir sig forföll sín, eða það kveðst eigi hafa fengið fullnægjandi vitneskju um kvaðningu fyrir dóm nægilega snemma, og fellir dómari refsiúrskurð úr gildi, ef hann telur varnir vitnis á rökum reistar.

Nú hverfur aðili frá því að leiða vitni eða eigi eru lengur ástæður fyrir hendi til að leiða vitni, og verður því eigi gerð refsing eftir það né það sótt með valdi.

Vitni þau, sem getur í 140. gr., 1. og 2. tölulið, verða eigi dæmd til refsingar vegna brots á vitnaskyldu, en sækja má þau með lögregluvaldi til yfirheyrslu.

149. gr.

Ef vitni fullnægir eigi vísvitandi eða af gáleysi vitnaskyldu sinni og veldur með því aðilja eða ríkissjóði kostnaði, ber dómara með úrskurði að gera vitni, að því tilkvöddu, að bæta þann kostnað, enda geri sá, sem í hlut á, kröfu um það.

Veita skal vitni jafnan færi á að bera fram varnir, áður en því er gert að greiða slíkan kostnað.

150. gr.

Þeim, sem kveður vitni vættis, ber að sjá því fyrirfram fyrir fé til greiðslu á kostnaði af ferðalagi og dvöl á þingstað.

Þá er vitni hefur innt af hendi vitnaskyldu sína, þar með talin árangurslaus þingsókn sakir fjarvistar aðilja fyrir dómi, skal dómari þegar í því þinghaldi kveða á um greiðslu til vitnis bæði fyrir útlagðan kostnað vegna rækslu vitnaskyldunnar og þóknun, ef það krefst, og skal þá ákvörðun bóka. Sá, sem vættis hefur krafizt, greiðir einn kostnað og þóknun um sinn, en hafi báðir aðiljar krafizt vættis eða báðir haft þess not, er dómara rétt að ákveða greiðslu á hendur þeim, öðrum fyrir báða og báðum fyrir annan. Þóknun er kræf, jafnskjótt sem úrskurður er upp kveðinn.

151. gr.

Nú rís ágreiningur, meðan á vitnaleiðslu stendur, milli aðilja eða milli aðilja og vitna um kröfur eða mótmæli, og úrskurðar dómari sá, sem með vitnamálið fer, þann ágreining. Úrskurður skal kveðinn upp strax eða svo skjótt sem við verður komið.

152. gr.

Dómari máls metur öll atriði um sönnunargildi vitnisburðar, og ber honum í því sambandi að athuga alla aðstöðu vitnis til aðilja, hagsmuni vitnis eða venzlamanna þess af málsúrslitum, undanfarna hegðun vitnis, andlegan og líkamlegan þroska þess, áreiðanleik skynjana þess á málsatviki, minni þess, ástand þess og hegðun, þá er vitnaleiðsla fór fram, öruggleik og skýrleik í svörum og annað, er máli skiptir.

X. KAFLI

Um skýrslugjöf aðilja að viðlögðum drengskap.

153. gr.

Rétt er, að annar eða báðir aðilja gefi skýrslu um málsatvik að viðlögðum drengskap.

Rétt er aðilja að krefjast þess, að hann sjálfur eða gagnaðili gefi skýrslu að viðlögðum drengskap.

Dómari getur og krafið aðilja skýrslu að viðlögðum drengskap.

154. gr.

Lögráðandi ólögráða manns, forstjóri fyrirtækis eða stofnunar og fyrirsvarsmaður opinberra hagsmuna telst aðili eftir þessum kafla.

155. gr.

Sá, er eigi verður heitfestur samkvæmt 140. gr., verður eigi heldur látinn gefa aðiljaskýrslu að viðlögðum drengskap.

156. gr.

Áður en aðili gefur skýrslu sína, skal dómari benda honum á þá refsiábyrgð, sem hann bakar sér með vísvitandi eða gálauslega röngum framburði, og á þá siðferðislegu ábyrgð, sem rangri skýrslugjöf er samfara. Síðan lyftir aðili upp hægri hendi sinni og festir þetta heit: Ég lýsi yfir því og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga.

157. gr.

Ákvæði 119. gr., síðustu mgr., 124. gr., 3. mgr., 125.—133. gr. og 138. gr. skal beita við skýrslugjöf aðilja, eftir því sem við á.

XI. KAFLI

Um matsgerðir.

158. gr.

Skoðunar- og matsgerðir, lýsingar á hlutum og aðrar rannsóknargerðir eru hér nefndar einu nafni matsgerðir eða mat og athafnir, er að því lúta, að meta.

159. gr.

Nú hefur maður hlut í vörzlu sinni, sem kann að vera sönnunargagn í máli, og er honum skylt að sýna hann dómara eða matsmönnum. Ákvæði 124. gr., 1. mgr., og 125.—128. gr. eiga hér við.

160. gr.

Dómari framkvæmir almennt sjálfur þær matsgerðir, sem útheimta almenna menntun og lagaþekkingu, enda geti dómari það án óhæfilegrar fyrirhafnar eða tilkostnaðar.

Nú gengur dómari á vettvang eða framkvæmir mat eða skoðun, og skal aðiljum eða umboðsmönnum þeirra gert viðvart.

161. gr.

Ef opinber starfsmaður er í eitt skipti fyrir öll skipaður til að framkvæma matsgerðir um tiltekin efni, getur dómari eða aðili snúið sér beint til hans, ef honum er skylt að framkvæma matið eða hann er fús til þess án dómkvaðningar, enda liggi það í verkahring hans.

162. gr.

Nú verður eigi svo með farið sem segir í 160. og 161. gr., og kveður dómari matsmann eða matsmenn til að framkvæma matsgerð.

Matsdómari gerir aðiljum viðvart, áður en dómkvaðning fer fram. Ef aðiljar koma sér saman um hæfan matsmann, skal dómkveðja hann, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn.

Þann einn má dómkveðja til matsgerðar, sem er yfir 21 árs að aldri, hefur óflekkað mannorð, er að öllu leyti óaðfinnanlegt vitni í máli um það atriði, sem meta skal, og hefur nauðsynlega kunnáttu til að inna starfann af hendi eða þá

kunnáttu, sem beztrar er kostur. Enginn, sem skylt er að bera vitni um matsatriði, getur skorazt undan að taka við kvaðningu, en rétt er dómara að taka til greina rökstudda undanfærslu manns, enda sé jafnhæfs manns kostur til starfans.

Dómari aðalmáls getur nefnt matsmann utan lögsagnarumdæmis síns.

163. gr.

Í dómkvaðningu skal skýrt greina, hvað meta skal og hvenær mati skuli lokið. En lengja má matsdómari frest, ef nauðsyn þykir til. Taka skal fram í dómkvaðningu, að matsmaður skuli vinna verk sitt eftir beztu vitund og að hann skuli semja rökstudda skýrslu, er hann megi vera viðbúinn að heitfesta fyrir dómi.

164. gr.

Nú vill aðili mótmæla matsmanni, og ber honum að gera það á því dómþingi, er dómkvaðningin er framkvæmd, eða innan viku frá dómkvaðningu, enda færi hann líkur að því, að hann hafi ekki getað eða eigi haft aðstöðu til að bera fram mótmæli fyrr. Eftir að gagnaðilja hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um mótmælin, úrskurðar matsdómari, hvort þau skuli tekin til greina.

165. gr.

Dómari tilkynnir matsmanni dómkvaðningu, en hann skal, svo fljótt sem unnt er, tilkynna aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, hvar og hvenær matsgerð skuli fram fara. Bæði dómara og aðiljum ber að veita matsmanni leiðbeiningar eftir föngum um matsatriði, og ber aðiljum að afla þeirra gagna, sem matsmanni er þörf, eftir því sem kostur er. Heimilt er matsmanni að afla sér gagna og skýrslna til afnota við matið, en gefa skal hann aðiljum kost á því að tjá sig um þau gögn og skýrslur, eftir því sem þörf er. Nú er vitnaleiðsla nauðsynleg til skýringar á matsatriði, og framkvæmir dómari hana. Matsmaður framkvæmir starfa sinn allt að einu, þótt aðiljar hafi eigi mætt, nema skýrslur eða gögn vanti, sem þeir hefðu mátt veita.

Matsmaður skal semja rækilega matsgerð, þar sem greind séu þau sjónarmið, sem matið er reist á. Matsgerðina sendir hann dómara og aðiljum.

166. gr.

Matsmann skal spyrja fyrir dómi, ef aðili krefst þess eða dómari telur þess þörf. Matsmann, þann, sem getur í 161. gr., skal þó ekki spyrja fyrir dómi, nema dómari telji ástæðu til að leita nánari skýringa hans um matsatriði.

167. gr.

Áður en matsmaður er spurður fyrir dómi, skal hann áminntur og heitfestur með þeim hætti, sem í 138. og 139. gr. segir.

168. gr.

Dómari spyr og prófar matsmann. Rétt er honum þó að leyfa aðiljum eða umboðsmönnum þeirra að spyrja matsmann, en gæta skal dómari þess, að eigi sé spurt þýðingarlausum, veiðandi, ruglandi eða ósæmilegum spurningum.

Dómara er rétt að lesa upp matsgerð fyrir matsmanni og aðiljum.

169. gr.

Ef matsmaður deyr, forfallast eða reynist óhæfur til starfans, nefnir dómari mann í hans stað.

170. gr.

Nú vanrækir matsmaður starfann, kemur eigi að forfallalausu fyrir dóm eftir kvaðningu til að staðfesta matsgerð sína eða svarar eigi spurningum, og ber mats-

dómara að úrskurða honum sektir til ríkissjóðs eða, séu miklar sakir, varðhald allt að sex mánuðum.

171. gr.

Matsmaður á heimtingu á endurgjaldi fyrir ferðakostnað svo og fyrir verk sitt eftir reikningi, sem matsdómari úrskurðar, ef ágreiningur verður. Rétt er matsmanni að krefjast fyrirframgreiðslu á ferðakostnaði og tryggingar, sem matsdómari ákveður, ef með þarf, fyrir verkkaupi, áður en hann tekur til starfa.

172. gr.

Nú vanrækir matsmaður starfa sinn og veldur með því aðilja eða ríkissjóði kostnaði, og ber dómara að dæma honum að bæta þann kostnað, ef sá, er í hlut á, krefst þess. Veita skal matsmanni jafnan færi á að bera fram varnir, áður en honum er gert að greiða slíkan kostnað.

173. gr.

Aðili getur krafizt yfirmats, bæði áður en og eftir að staðfesting matsgerðar hefur farið fram. Yfirmatsmenn skulu venjulega vera fleiri en matsmenn. Um hæfileika þeirra, dómkvaðningu, framkvæmd starfans, staðfestingu matsgerðar og annað fer eftir ákvæðum 162.—172. gr., eftir því sem við á.

174. gr.

Dómara er rétt að dómkveðja matsmann eða matsmenn af nýju, þótt yfirmat hafi farið fram, enda telji hann mega skýra málið með nýrri matsgerð.

XII. KAFLI
Um skjöl.

175. gr.

Nú skírskotar aðili til skjals, sem er í vörzlum sjálfs hans, og skal hann leggja skjalið fram, ef gagnaðili krefst þess eða dómari telur þess þörf, svo framarlega sem hann vill láta taka tillit til þess við dómsuppsögu í málinu.

Nú skorar aðili á gagnaðilja sinn að leggja fram skjal, sem er í vörzlum hans, og skal hann gera það, ef aðili á rétt á skjalinu eða til þess án tillits til málsins og efni þess er slíkt, að gagnaðili skyldi bera vætti um það, ef hann væri vitni í því máli. Ef gagnaðili leggur skjalið eigi fram, getur dómari lagt frásögn áskoranda um efni þess til grundvallar, sbr. þó 177. og 179. gr.

176. gr.

Nú hefur maður, sem eigi er aðili máls, skjal í vörzlum sínum, og getur aðili krafizt framlagningar þess, ef:

1. Vörzlumaður þess er samkvæmt ákvæðum borgaralegs réttar skyldur gegnt krefjanda að afhenda eða leggja það fram.
2. Skjalið hefur sönnunargildi og geymir eigi neitt það, sem vörzlumaður þess væri samkvæmt ákvæðum laga um vætti undanþeginn eða óheimilt að bera um.

177. gr.

Sá, er krefst skjals eftir 2. mgr. 175. gr. eða 176. gr., hefur sönnunarbyrði fyrir því, að skjalið sé til og að það sé í vörzlum þess, sem framlagningar er krafizt af. Áskoranda ber að leggja fram endurrit af skjalinu, ef honum er þess kostur, en ella lýsa því eftir föngum (útgefanda, til hvers það var gefið út, útgáfustað og dag, efni þess o. s. frv.) og hvaða málsatvik á að leiða í ljós með því.

178. gr.

Ef aðili krefst skjals af þriðja manni, og sá lætur það ekki góðmótlega fram, þá getur aðili lagt fyrir dóm í aðalmálinu skýrslur þær og gögn, er í 177. gr. segir, ásamt skriflegri beiðni um það, að þriðji maður verði skyldaður með úrskurði dómara til að leggja skjalið fram í dóm. Ef dómara virðist eigi loku fyrir það skotið, að skjalið kunni að hafa þýðingu fyrir málið, kveður hann aðilja báða og þriðja mann, sem ber að mæta, að viðlagðri refsingu samkvæmt 1. mgr. 148. gr., fyrir dóm og veitir þeim kost á að gera athugasemdir sínar um framlagningu skjalsins. Að því loknu kveður dómari upp úrskurð, ef með þarf, um skyldu þriðja manns til að leggja skjalið fram, og getur skyldað hann til að gera það innan tiltekins tíma, að viðlögðum dagsektum til þess aðilja, sem skjalsins krafðist. Úrskurði má og fullnægja beinlínis með fógetavaldi. Ákvæði 3. mgr. 148. gr. eiga hér við, eftir því sem á stendur.

Nú er þriðji maður í annarri þinghá, og má dómari senda dómara í þeirri þinghá, skjöl þau, er málið varða, með beiðni um, að sá dómari kveðji þriðja mann fyrir dóm sinn og úrskurði um skyldu hans í framangreinda átt. Um meðferð þess máls fer eftir 177. og 178. gr., sbr. 179. gr.

179. gr.

Nú hefur skjal, sem skylt er að láta af hendi eða leggja fram eftir 175. eða 176. gr., að geyma atriði, sem þeim, er í hlut á, er óskylt eða óleyfilegt að láta fram, og getur dómari úrskurðað, að skjalið verði lagt fram fyrir hann í trúnaði og að annaðhvort verði undir umsjá hans og gegn fullkominni þagnarskyldu tekið endurrit af því úr skjalinu, sem skylt er og heimilt að láta fram, eða, sé þess eigi kostur, að tekið verði upp úr skjalinu með sama hætti skýrsla um þau atriði.

Nú er þeim, er í hlut á, að vísu skylt samkvæmt 175. eða 176. gr. að láta fram skjal, en hann gerir sennilegt, að það baki honum tjón eða óhagræði að sleppa því úr vörzlum sínum, og getur dómari ákveðið, að tekin verði ljósmynd af skjalinu eða endurrit af því, eftir því sem á stendur. Sama er, ef skjal er sérstaklega verðmætt fyrir hlutaðeiganda eða sérstök hætta er á, að það glatist eða spillist, ef hann sleppir því úr vörzlum sínum. Þegar svo stendur á, getur hann einnig gert það að skilyrði fyrir því, að hann láti skjalið fram, að fullnægjandi trygging verði sett fyrir tjóni, er af því kynni að leiða, eða að skjalið verði geymt á tryggum stað, meðan dómari eða aðiljar þurfa að nota það, og að notkunin fari þannig fram, að fulltryggt sé, að skjalið hvorki glatist né skemmist.

Þeim skjölum, sem í 2. mgr. segir, skal dómari ávallt skila hlutaðeiganda, þá er afnotunum er lokið. Ef mál fer fyrir æðra dóm, er skylt að láta uppi afnot skjals þar með sama hætti, þannig að ritari dómsins hefur þá umsjá með því sem héraðsdómari hafði.

180. gr.

Nú glatar þriðji maður eða skýtur undan skjali, sem hann er úrskurðaður til að láta í té samkvæmt 176., sbr. 177.—179. gr., eftir að hann vissi eða hlaut að hafa grun um, að slík skylda yrði úrskurðuð á hendur honum, og varðar það sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við að lögum.

181. gr.

Ákvörðunum sínum samkvæmt 1. og 2. málsgrein 179. gr. getur dómari breytt sjálfur, ef atvik liggja til.

182. gr.

Um skyldu aðilja til að sýna eða leggja fram í dómi eða leyfa afnot af eða aðgang að öðrum sýnilegum sönnunargögnum en skjölum, gilda reglurnar í 175.—181. gr., eftir því sem við á.

183. gr.

Opinber eru þau skjöl, sem embættis- eða sýslunarmenn gefa út í embættisnafni um það, er gerist í embætti þeirra eða sýslan.

Íslenzk opinber skjöl skal telja ófölsuð, ef þau samkvæmt formi sínu og efni stafa frá embættis- eða sýslunarmanni, þar til annað sannast, enda er embættis- eða sýslunarmanni þá skylt að bera vitni um það atriði.

Erlend opinber skjöl skulu og talin ófölsuð, ef sannað er með vottorði konsúls eða annars trúnaðarmanns íslenzka ríkisins í því landi eða með öðrum fullnægjandi hætti, að sá, er skjalið hefur gefið út, hafi haft heimild til þess eftir þarlandslögum.

184. gr.

Einkaskjöl með eiginhandarnafni útgefanda undir textanum eða annars staðar, ef það er venju samkvæmt, teljast útgefin af honum og með því efni, er þau hafa að geyma, unz hið gagnstæða er sannað eða sennilegt gert, nema skjalið eftir útliti sínu eða efni eða annarra hluta vegna veki grun um, að það sé falsað.

185. gr.

Ef dómara þykir ástæða til að ætla, að skjal kunni að vera falsað, rannsakar hann það atriði af sjálfsdáðum. Sönnunarbyrði fyrir falsleysi grunsams skjals hvílir á þeim, er hagnýta vill sér sönnunargildi þess, eða þess úr því, sem grunur leikur á, að falsað sé.

186. gr.

Dómari getur skyldað aðilja, sem neitar að hafa gefið út skjal, sem lagt er fram í máli, eða telur efni þess ólöglega breytt, til að gefa fyrir dómi sýnishorn af rithönd sinni, með þeim hætti, er dómari ákveður. Ef hann innir eigi þá skyldu af hendi, verður venjulega ekki tekið tillit til andmæla hans gegn falsleysi skjalsins.

187. gr.

Nú tjáist skjal vera útgefið af þriðja manni, og getur dómari, ef það er grunsamt eftir formi sínu eða efni eða annarra hluta vegna, eða sé falsleysi þess andmælt, úrskurðað þriðja mann til að gefa fyrir dómi eða annars staðar sýnishorn af rithönd sinni, með þeim hætti, er dómari tiltekur, og að viðlagðri refsingu eftir 1. málsgr. 148. gr., enda sé þriðja manni skylt og heimilt að bera vitni um það atriði.

XIII. KAFLI

Um öflun sönnunargagna til tryggingar.

188. gr.

Nú er hætta á því, að forgörðum fari færi á því að afla sönnunar um atvik, sem varðar hagsmuni manns að lögum, eða síðar verði mun erfiðara að leiða sönnur um atvikið, og er þá þeim, sem í hlut á, rétt, þótt eigi hafi hann haft uppi kröfur í dómsmáli, að tryggja sér sönnur fyrir atvikinu með vitnaleiðslu, matsgerð, öflun skjala o. s. frv.

Eigi er manni rétt með þessum hætti að leita sannana fyrir refsiverðri hegðun, þar sem ákæruvaldið á sök.

189. gr.

Nú vill maður tryggja sér sönnun, og er honum rétt að rita héraðsdómara beiðni um það. Beiðandi skal í beiðninni greina skýrt það atvik, sem hann hyggst sanna, þá sönnun, sem hann vill leiða, ástæður fyrir því, að sönnun sé tryggð, og þau réttindi, sem í húfi eru.

190. gr.

Dómari kveður á um það með úrskurði, hvort beiðni samkvæmt 189. gr. skuli tekin til greina.

191. gr.

Nú varðar trygging sönnunar einnig hagsmuni annarra manna að lögum, og skulu þeir til kvaddir, ef vitað er um dvalarstað þeirra og málið þolir þá bið.

192. gr.

Sá, sem beiðist sönnunar til tryggingar, greiðir allan kostnað af öflun sönnunar.

Nú hefur maður, sem hagsmuna hefur að gæta, mætt samkvæmt kvaðningu við öflun sönnunar, og ber beiðanda að greiða honum ferðakostnað og þóknun eftir úrskurði dómara.

XIV. KAFLI

Um öflun gagna erlendis.

193. gr.

Dómara, sem með mál fer, er rétt að ákveða, að leitað skuli gagna fyrir erlendum dómi, svo sem með vitnaleiðslu, mati, aðiljayfirheyrslu samkvæmt heitfestingu eða með öflun skjala.

194. gr.

Nú telur aðili sig þurfa að afla málsgagna fyrir erlendum dómi, og er honum rétt að snúa sér til dómara þess, sem með mál hans fer eða fara mundi, ef því væri að skipta, og beiðast þess, að dómari sendi málaleitun til þess erlends dóms, er í hlut á, um framkvæmd dómsathafna þeirra, sem þörf er á. Beiðni aðilja skal fylgja skilmerkileg skýrsla um málsefni. Nú óskar aðili t. d. vitnaleiðslu, og skal hann skýra frá nafni vitnis, heimili eða dvalarstað og atriðum þeim, sem vætti skal varða. Greind skulu skjöl, sem aðili vill láta leggja fyrir vitni eða krefja það um. Ef mats er beiðzt, skal matsefni afmarkað og þess getið, hverjum kostum matsmenn þurfi að vera búnir. Bjóða skal aðili jafnframt fram tryggingu, er dómari metur gilda, fyrir þeim kostnaði, sem af gagnaöflun leiðir. Verður beiðni hans eigi tekin til greina, fyrr en trygging er sett.

195. gr.

Nú telur dómari skilyrði vera til að afla gagna fyrir erlendum dómstól, og semur hann þá málaleitun til þess dóms. Málaleitun skal geyma stutta og glögga greinargerð um mál það, sem afla skal gagna í, og nákvæma skýrslu um þau atvik eða atriði, sem sanna þarf eða skýra, og greinargerð um, hverra gagna skuli afla. Ef vættis er beiðzt, skulu greindar spurningar til vitna, ef því verður við komið. Taka skal fram, hvort gera þarf hinum íslenzka dómara eða aðiljum viðvart um stund og stað gagnaöflunar og, ef svo er, þá með hverjum fyrirvara.

196. gr.

Dómari sendir síðan málaleitun sína hinu íslenzka Utanríkisráðuneyti, sem lætur þýða hana á það mál, er við á, og sendir hana síðan áleiðis til hins erlenda dóms.

197. gr.

Kostnaður af gagnaöflun fyrir erlendum dómi greiðist úr ríkissjóði, að því leyti sem hann heimtist eigi úr hendi aðilja eða fellur eigi á þá eftir almennum reglum.

XV. KAFLI
Um málsmeðferð.

198. gr.

Mál er talið höfðað, þá er stefna hefur verið birt.

Í stefnu skal greina, svo glöggt sem verða má:

1. Nöfn aðilja, stöðu og heimili eða dvalarstað.
2. Nöfn fyrirsvarsmanna aðilja, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða dvalarstað.
3. Þau atvik, sem stefnandi reisir málssókn sína á. Skulu atvik rakin rækilega, en án óþarfa málalenginga og í réttu samhengi.
4. Þær dómkröfur, sem stefnandi gerir í málinu, svo sem fjárhæð kröfu í krónutali, skaðabætur fyrir tiltekin skaðaverk, án þess að fjárhæð sé tiltekin, ef enn er óvíst um hana, vöxtu, ef því er að skipta, ákvörðun á réttindum, lausn undan skyldu, refsingu fyrir tilgreind meiðandi orð, ómerking þeirra, málskostnað o. s. frv.
5. Þau atvik og ástæður, sem stefnandi telur staðfesta réttmæti kröfu sinnar.
6. Upptalning á þeim gögnum, sem stefnandi hyggst sanna kröfu sína með, en skrifleg sönnunargögn skulu fylgja í frumriti eða endurriti.
7. Dómþing, er málið verður tekið til meðferðar.
8. Áskorun til stefnda að koma fyrir dóm, er málið verður þingfest, svara til sakar og leggja fram þau skjöl, er hann hyggst bera fyrir sig.
9. Viðvörun um, að útivistardómur muni ganga í málinu, ef stefndi mætir ekki.

Stefna skal dagsett og undirrituð af stefnanda, fyrirsvarsmanni hans eða umboðsmanni.

Með framhaldsstefnu má auka kröfur og laga þær samkvæmt 59. gr.

199. gr.

Aðili eða umboðsmaður hans semur stefnu og leggur hana fyrir héraðsdómara, sem fer yfir hana og athugar, hvort hún fullnægi skilyrðum 198. gr. Ef svo er eigi, skorar dómari á aðilja eða umboðsmann hans að ráða bót á því, sem áfátt er.

200. gr.

Nú fullnægir stefna ákvæðum 198. gr. eða aðili bætir úr ágöllum þeim, sem dómari telur vera á henni, og áritar dómari hana um stað og stund, er mál verði þingfest. Nú telur dómari stefnu svo úr garði gerða, að málatilbúnaður verði á henni reistur, og er hann ekki bundinn af því áliti sínu á síðari stigum máls, er hann skal dæma um lögmæti stefnu.

201. gr.

Nú geymir stefna eigi nægilega ákveðna kröfu, atvik þau, sem krafa er reist á, eru eigi nægilega skýr og ákveðin eða stefna er vegna ágalla eigi hæfur grundvöllur málsmeðferðar fyrir dómi, en aðili lætur eigi skipast við ábendingar dómara, og synjar dómari með úrskurði um áritun á stefnu.

Sama gildir, ef dómara virðist einsýnt, að sakarefni muni vera svo vaxið, að varða muni frávísun án kröfu.

202. gr.

Nú er aðili eða umboðsmaður hans ólögfróður maður, sem ekki hefur atvinnu af málflutningsstörfum, og ber dómara að leiðbeina honum við samning stefnu og undirbúning málsins, enda sé ekki völ málflutningsmanns á þingstað.

203. gr.

Nú er stefna gefin út og birt, og málið þingfest með framlagningu stefnu í dóm, og hefst þá frumflutningur máls. Meðan á frumflutningi stendur, skal mál svo undirbúið að aðalflutningur þess geti farið fram án láts og tafa.

204. gr.

Nú kemur verjandi fyrir dóm við þingfestingu, og ber honum þá eða svo fljótt sem verða má, að hafa uppi í skriflegri greinargerð þær varnir, er hann vill bera fram í málinu.

Hann skal greina svo glöggt sem verða má:

1. Þau atriði um málatilbúnað, er hann telur eiga að varða frávísun máls eftir kröfu hans.
2. Hvort hann viðurkennir eða vefengir kröfur sækjanda.
3. Rækilegar, en þó gagnyrtar ástæður fyrir vefengingu á kröfum sækjanda, ef því er að skipta, ásamt athugasemdum við þau atvik og gögn, sem sækjandi reisir málssókn sína á.
4. Þau atvik, sem hann reisir á gagnkröfur, ef hann hyggst hafa þær uppi í málinu.
5. Kröfur sínar skýrt og ótvírætt.
6. Upptalning á þeim sönnunargögnum, er hann færir fram eða hyggst færa fram máli sínu til sönnunar.

Skrifleg sönnunargögn skulu fylgja í frumriti eða staðfestu endurriti.

Nú virðist dómara greinargerð verjanda eigi vera nægilega rækileg, og bendir dómari honum á þau atriði, sem eigi eru nægilega rakin, og leggur fyrir hann að bæta úr ágöllunum.

205. gr.

Aðili getur jafnan gefið út sáttakæru sjálfur, en hafa verður hann samráð við sáttamann í sáttaumdæmi varnaraðilja um stað og stund, er sáttafundur skuli vera, nema það skuli gert á fyrirfram ákveðnum stað og tíma. Í sáttakæru skal greina nöfn aðilja, stöðu og heimili, málavöxtu í aðalatriðum, kröfur þær, er aðili ætlar að gera, kröfu um úrskurð sáttamanna, ef því er að skipta, og kröfu um, að máli verði vísað til aðgerða dómstóla, ef sáttatilraun verður árangurslaus, nema úrskurðar megi krefjast.

Birtingarfrestur sáttakæru er einn til fjórir sólarhringar.

3. gr.

Fyrsta setning 19. gr. laga nr. 85/1936 orðist svo:

Fyrirmæli 16. og 17. gr. taka og til sáttatilrauna og sátta fyrir dómstólunum eftir því sem við á.

4. gr.

Úr 21. gr. falli brott orðin „enda nemi innstæða kröfunnar aldrei yfir 500 krónum."

5. gr.

27. gr. hljóði svo:

Dómsmálaráðuneytið semur gjaldskrá um greiðslur fyrir störf sáttamanna.

6. gr.

Í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 85/1936 komi í stað orðsins „lögmaður" orðin: borgardómari og borgarfógeti.

Á eftir orðunum „fer hann með" í 2. mgr. komi: og dæmir.

7. gr.

1. og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 85/1936 orðist svo:

Í kaupstöðum skal bæjarþing háð til meðferðar allra mála, sem ekki eru sérstaklega undantekin, einu sinni í viku og á þeim stað og stund, sem dómsmálaráðherra ákveður, ef mál eru fyrir hendi. Dómara í kaupstað er vítalaust, þótt niður falli bæjarþing, ef hann vegna embættisferðar í lögsagnarumdæminu getur ekki sótt þing, enda líði aldrei meira en hálfur mánuður milli bæjarþinga. Utan kaupstaða skal heyja sýsludóm til meðferðar dómsmála á þingstað réttum í þinghá hverri sama dag sem manntalsþing er háð ár hvert.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að regluleg dómþing skuli háð í einstökum lögsagnarumdæmum eða þinghám oftar en fyrir er mælt í 1. mgr., þar sem þörf krefur. Auk þess skal heyja bæjarþing eða sýsludóm, þegar þörf gerist og á þeim stað í þinghá hverri, sem dómari ákveður hverju sinni.

8. gr.

1. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936 hljóði svo:

Hverjum héraðsdómi, sem með einkamál fer, skulu fylgja þessar dómsmálabækur:

1. Þingbók. Í hana skráir dómari skýrslu um mál þau, sem til meðferðar eru hverju sinni, með þeim hætti, sem tíðkazt hefur, þar á meðal úrskurði, sem upp eru kveðnir þegar í stað, um skjöl þau, sem fram hafa verið lögð, um kröfur þær, sem fram hafa komið, og um þau efni yfirleitt, sem í IX. kafla greinir, vitnaskýrslur, dómkvaðningu matsmanna og staðfesting matsgerða o. s. frv. Dómari skal láta hraðrita eða taka á talvél skýrslur aðilja, vitna og kunnáttumanna, ef þess er nokkur kostur.

2. Dómabók. Þar skal skrá dóma og úrskurði aðra en þá, sem áður greinir.

9. gr.

1. mgr. 43. gr. laga nr. 85/1936 hljóði svo:

Dómskjöl skulu þingmerkt í áframhaldandi töluröð. Sá, sem leggur fram skjal, skal láta fylgja því svo mörg eftirrit, sem dómi og málflytjendum nægir.

Dómari getur léð eða afhent dómskjal, en krafizt getur hann, að endurrit af því fylgi dómskjölum.

10. gr.

44. gr. laga nr. 85/1936 hljóði svo:

Gegn lögmæltum ritlaunum er dómara skylt, nema að gengnum úrskurði eftir 39. gr., að láta í té endurrit af dómskjölum og dómsmálabókum innan hæfilegs tíma og aldrei síðar en þrem vikum eftir að endurrits hefur verið beiðzt, en rétt er að krefjast ritlauna fyrirfram, eftir því sem dómari áætlar þau. Afgreiðsla dómsgerða í heild sinni má þó dragast í fimm vikur.

Það varðar sektum, ef endurrit eru ekki af hendi látin á réttum tíma, og má þá beita ákvæðum 34. gr.

11. gr.

4.—5. mgr. 71. gr. falli burt, en í stað þeirra komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú eru fleiri menn sóttir í einu og sama máli til að inna sameiginlega af hendi greiðslu, og geta þeir borið fram kröfu um það í málinu, að kveðið verði á um það í dómi, í hverjum hlutföllum þeir skuli bera greiðsluna sín í milli, enda valdi það ekki óhagræði eða töf á málinu.

12. gr.

Við 72. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Utan kaupstaða skal jafnan þingfesta mál á skrifstofu héraðsdómara hvert sem varnarþing þess er.

13. gr.

Hvarvetna í lögunum, þar sem höfð eru orðin „sækjandi“ og „verjandi“, komi orðin: sóknaraðili og varnaraðili. Í stað orðanna „hefja“ og „hafning“ komi: fella niður og niðurfall.

14. gr.

Í stað orðanna „nema gagnaðili samþykki eða aðili virðist hafa þurft leiðbeiningar dómara, en ekki fengið hana“ í 110. gr. komi: nema dómara þyki það rétt.

15. gr.

Aftan við næstsíðasta málslið 114. gr. komi: nema þar sem gildir einkaréttur lögmanna.

16. gr.

Í stað eftirtalinna orða í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 85/1936 „koma fyrir dóm á varnarþingi sínu samkvæmt 73. gr.“ komi: sækja þing innan lögsagnarumdæmisins, þar sem dómari ákveður hverju sinni.

17. gr.

Eftirtalin orð í 10. gr. laga nr. 41/1919, um landamerki o. fl. „enda sé þingið háð á varnarþingi vitnanna“ falli burt.

18. gr.

2. málsgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 orðist svo:

Í forsendum úrskurðar skal tekið til meðferðar það atriði eitt, sem skorið er úr, og niðurstaða dómarans rökstudd. Í ályktarorðum úrskurðarins er niðurstaða dómarans dregin saman, eins og venja hefur verið.

19. gr.

Í stað orðsins „dómsniðurlag“ í 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 komi: dómsorði.

20. gr.

Í stað orðanna „Niðurlag dóms eða úrskurðar“ í 2. mgr. 194. gr. laga nr. 85/1936 komi: Dómsorð eða ályktarorð.

21. gr.

Aftan við 1. tölulið 198. gr. bætist: svo og þær, sem líkt er ástatt um.

22. gr.

Fyrirsögn XVI. kafla laga nr. 85/1936 verði: Um sjódómsmál og meðdómendur. Í lögunum skal hvarvetna fellt brott orðið „verzlunardómur“ og samsetningar af því.

23. gr.

200. gr. laga nr. 85/1936 orðist svo:

Sjódómur fer með og dæmir einkamál um efni þau, er greinir í siglingalögum og sjómannalögum — að undanskildum málum um réttindi yfir skipum samkvæmt II. kafla siglingalaganna — og mál um vátryggingu gegn hættum á sjó.

Nú er kröfu, er sæta skyldi meðferð samkvæmt 1. mgr., lýst í bú, og skal þá ágreiningur um réttmæti kröfunnar eða um stöðu hennar í skuldaröð fara fyrir sjódóm, ef aðili krefst þess eða skiptaráðandi telur það hentugra.

Aðiljar einkamáls geta samið svo, að mál samkvæmt 1. mgr. skuli sæta meðferð almenns héraðsdóms.

Gagnkröfu til skuldajafnaðar má bera undir sjódóm, enda þótt hún sé ekki þess konar krafa. Nú er sjódómskrafa borin upp til skuldajafnaðar við almenna kröfu, og skal málið þá flutt til sjódóms, nema aðiljar verði ásáttir um annað.

Héraðsdómari skal kveðja til sérfróða menn til að fara með og dæma ásamt honum mál út af verzlunarskiptum kaupmanna sín á milli, verksmiðjueigenda eða annarra, sem líkt stendur á um, mál út af firma, vörumerki, um rétt til að fá firma eða vörumerki skráð eða um afskráningu þeirra, mál út af efnum þeim, er í lögum um hlutafélög og samvinnufélög greinir, enda virðist dómara þörf sérþekkingar til að fara með og dæma málið.

Einnig getur héraðsdómari, ef honum þykir þess þörf, kvatt til sérfróða menn til að fara með og dæma ásamt honum mál um önnur tæknileg atriði, svo sem húsbyggingu, meiri háttar mannvirki önnur o. s. frv.

24. gr.

Í stað orðanna „2—4 mánuðir“ í 218. gr. laga nr. 85/1936 komi: 1—2 mánuðir.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma eru þau lagaákvæði úr gildi felld, sem brjóta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Lög nr. 85 23. júní 1936 voru mjög mikil réttarbót frá því sem áður var, einkum ákvæðin um munnlegan málflutning, skýrslur aðilja fyrir dómi og kærumál. Nokkur ákvæði laganna eru þó orðin úrelt, en önnur þykja miður heppileg, og er því lagt hér til að gera á þeim þær breytingar, sem hér er farið fram á. Miða flestar þeirra að því að gera greiðara og auðveldara fyrir um málarekstur.

Um 1. gr.

Mikill meiri hluti allra einkamála hér á landi kemur fyrir dóm í Reykjavík. Er því sérstök ástæða til að vanda til vals sáttamanna þar. Því er lagt til, að þar sé að minnsta kosti annar sáttamanna lögfræðingur, er uppfylli þau skilyrði, sem gerð eru til manna þeirra, er skipa má í fast dómarasæti. Segja mætti, að ástæða væri til að setja sömu skilyrði um sáttamenn á öðrum stöðum, en það er vart framkvæmanlegt sakir eklu á mönnum, er uppfylla fyrrgreind skilyrði. Þetta ætti ekki heldur að geta komið að sök, þar sem sáttamenn hafa heimild til að vísa máli frá sér, ef það er svo flókið og illa skýrt, að þeir telja sér ekki fært að úrskurða það, sbr. 21. gr.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að sleppa megi áritun sáttamanns á sáttakæru. Virðist það aðiljum til hagræðis. Greinin er sniðin eftir 87. gr. Kærufrestur þykir óþarflega langur í kaupstöðum.

Um 3. gr.

Hér er um leiðréttingu að ræða en ekki efnisbreytingu, þar sem ekki verður séð, að ákvæði 8.—15. gr. og 18. gr. geti átt við um sáttatilraunir fyrir dómstólunum.

Um 4. gr.

Það er aðiljum til hagræðis, þar sem um viðurkenndar kröfur er að ræða, að geta fengið aðfarargrundvöll með úrskurði sáttanefndar. Einnig léttir það starfi af dómstólum, sem eru önnum kafnir, einkanlega í Reykjavík. Ætti þetta að geta fækkað dómsmálum mikið.

Um 5. gr.

Peningagildi er á hverfanda hveli. Á ekki að þurfa lagabreytingar til að fylgjast með slíku, heldur virðist eðlilegt, að ráðuneytið setji gjaldskrá um þetta, sem breyta megi eftir þörfum.

Um 6. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum skulu lögreglustjórar í kauptúnum fara með þau mál, er í 1.—3. tölul. 3. málsgr. 5. gr. segir. Hins vegar brestur þá heimild til að dæma mál þessi og verða þau því að fara til sýslumanns til dómsálagningar. Þetta þykir horfa til tafar og tvíverknaðar og er því lagt til að veita lögreglustjórum heimild til að leggja dóm á mál þessi.

Um 7. gr.

Í 38. gr. laga nr. 85/1936 er gert ráð fyrir, að í kaupstöðum nægi hin reglulegu bæjarþing, einu sinni eða tvisvar í viku, því að þar er ekki gert ráð fyrir aukadómþingum. Þetta er nú úrelt. T. d. eru háð í Reykjavík mörg dómþing á dag. Vitnaleiðslur, dómkvaðningar og málflutningar fara nú ekki fram á hinum reglulegu bæjarþingum. Ekki er þó skipt um nafn á dómstólnum, þótt aukadómþing sé.

Þá er gert ráð fyrir, að farið sé með dómsmál á manntalsþingum. Þetta er einnig úrelt. Hugsast getur þó, að mál sé þingfest á manntalsþingi. En engum mundi detta í huga að fresta því dómsmáli til næsta manntalsþings að ári liðnu, heldur yrði því frestað til aukadómþings. Er þá stundum þingað í sama dómsmáli á manntalsþingi, en stundum á aukadómþingi, og virðist slíkt óviðfelldið, enda heiti þessi miður vel til fallin sem nöfn á aðaldómi sveitanna. Hér er lagt til, að hinn almenni héraðsdómur í sveitum sé nefndur sýsludómur. Er það orð dregið af lögsagnarumdæminu eins og orðið bæjarþing.

Rétt þykir, að bein heimild sé til að heyja aukadómþing í kaupstöðum, en ekki ástæða til að gefa þeim annað heiti en reglulegum dómþingum.

Um 8. gr.

Ákvæði 42. gr. laga nr. 85/1936 eru orðin úrelt, sbr. lög nr. 65 10. des. 1943. Borgardómaraembættinu í Rekjavík fylgja ekki bækur þær, sem taldar eru í 6.—8. tölulið, en þær fylgja aftur á móti borgarfógetaembættinu. Borgardómaraembættinu fylgir aftur á móti merkjadómsbók, sem ekki er talin í 42. gr. Réttara virðist að ákveða, að hverjum dómstóli skuli fylgja bækur þær, sem hér um ræðir, hvað sem embættisskiptingu líður. Þykir eðlilegra, að fyrri bókaflokkurinn hafi sameiginlegt heiti eins og síðari bókaflokkurinn. Sjálfsagt þykir, að tækni nútímans sé tekin í þjónustu réttarfarsins, enda horfir slíkt bæði til öryggis og flýtisauka.

Um 9. gr.

Í 43. gr. er gert ráð fyrir, að dómskjöl gangi milli aðilja að láni, eins og tíðkaðist áður en lög nr. 85/1936 gengu í gildi. Af þeirri reglu leiddi, að dómari var ókunnugur málinu, unz það var tekið til dóms. Stjórn dómara á rekstri máls, t. d. er teknar voru fyrir dómi skýrslur af aðiljum og vitnum eða máli frestað, var því mjög hindruð, sömuleiðis samvinna málflytjenda um að upplýsa mál og sameiginleg not þeirra af frestum. Þetta var í algeru ósamræmi við anda laga nr. 85/1936, enda hefur þetta fyrir dómvenju breytzt í það horf, sem hér er lagt til að lögfesta. Í samræmi við dómvenju er greint á milli endurrita (á dönsku: udskrift, „útskrift“) og annarra eftirrita (á dönsku: afskrift, „afrit“, kopi).

Um 10. gr.

Rétt þykir að gera mun á fresti til afgreiðslu dómsgerða í heild sinni og fresti til afgreiðslu annarra endurrita. Ef heyja skal þing fyrir luktum dyrum samkvæmt 39. gr., virðist ekki rétt að skylda dómara til að láta í té endurrit, nema að gengnum úrskurði um, hvort það skuli gert eða ekki gert.

Um 11. gr.

Sakarskipting hefur ekki reynzt vera til bóta, heldur valda drætti og gera tvö mál úr einu. En dómur um skiptingu ábyrgðar milli stefndra sín í milli, þykir geta gert eitt mál úr tveimur og þannig vera til hagræðis fyrir alla.

Um 12. gr.

Samkvæmt núgildandi varnarþingsákvæðum er mál þingfest á þingstað þeirrar þinghár, þar sem fara skal með málið. Í kaupstöðum kemur þetta ekki að sök. En í sveitum gegnir öðru máli.

Ef t. d. maður, búsettur í Reykjavík, á kröfu á hendur manni, búsettum á Dröngum í Árneshreppi í Strandasýslu, er aðalreglan sú, að höfða verður mál út af henni í þeim hreppi á svokölluðu heimilisvarnarþingi stefnds. Þetta kostar ferð sýslumannsins í Strandasýslu og væntanlega málflutningsmanns úr Reykjavík norður að Árnesi.

Nú er það, sem gerist við þingfestingu máls, oftast ekki annað en það, að lögð er fram stefna og greinargerð stefnanda auk fylgiskjala. Stefndur á nær undantekningarlaust heimtingu á fresti og oft eru margir frestir máli óhjákvæmilegir.

Hitt getur enginn ráðið við, að nú eru oft engin tiltök að fá málið þingfest annars staðar en á þingstað hrepps þess, þar sem stefndur á heima. Jafnvel þótt leitazt sé við að fá hann til að samþykkja, að málið sé rekið á sýsluskrifstofunni, eru þess mörg dæmi, að ekki tekst að fá hann til að fallast á annað varnarþing en heimilisvarnarþing sitt. Er ekki trútt um, að sumir menn hugsi sér að verja sig með fjarlægðinni, því að þeim er ljóst, að svo getur verið ástatt, að betra sé fyrir kröfueiganda að missa kröfu sína en leggja í dýr ferðalög til fjarlægra staða, ef dómarinn lætur málskostnað falla niður að öllu eða nokkru leyti, eins og oft vill verða.

Ætla má, að tíma héraðsdómara og málflutningsmanna sé annan veg betur varið en til þarflausra ferðalaga, og kostnaður af slíkum ferðalögum lendir á öðrum hvorum aðilja, en oft á báðum. Virðist nær að skylda stefndan til að sækja eða láta sækja þing á skrifstofu héraðsdómara. Ef hann fær sig sýknaðan, getur hann krafizt ferðakostnaðar sem annars málskostnaðar, ef því er að skipta.

Um 13. gr.

Orðin „sækjandi“ og „verjandi“ tákna ekki aðilja máls, heldur málflytjendur. Orðin „hefja“ og „hafning“ þykja dönskuskotin, enda misskilja ólöglærðir menn þessi orð svo sem þar væri um höfðun máls að ræða.

Um 14. gr.

Hér er um hina svokölluðu „enventualreglu“ að ræða. Vel getur verið afsakanlegt, þótt staðhæfingar um málsatvik, mótmæli og málsástæður komi ekki fram jafnskjótt sem tilefni verður til. Svo er þó alls ekki alltaf, og þykir rétt, að málflytjendur hafi aðhald, svo að málflutningur verði skipulegur og drengilegur.

Um 15. gr.

Þar, sem engin ekla er á löglærðum málflutningsmönnum, virðist engin ástæða til að íþyngja dómurum, sem eru miklum störfum hlaðnir, með leiðbeiningastarfsemi. Auk þess getur í þessu fólgizt nokkur hætta á, að dómara reynist á eftir ósjálfrátt að líta óhlutdrægt á málavöxtu. Þykir rétt, að dómari komi sem minnst nærri málinu, unz komnar eru fram greinargerðir af beggja hálfu, en eftir þann tíma á dómari að stýra rekstri málsins.

Um 16.—17. gr.

Nú getur þurft að efna til ferðalaga dómara og málflutningsmanna langar leiðir til þess að taka skýrslu af einu vitni. Ætla má, að eðlilegra þyki, að vitnið ferðist til skrifstofu héraðsdómara eða þess staðar, er dómari ákveður, t. d. ef hentugt þykir að spyrja vitni á vettvangi. Vitni á heimtingu á greiðslu ferðakostnaðar samkvæmt 135. gr. laga nr. 85/1936 auk vitnaþóknunar.

Í 10. gr. landamerkjalaga er beint gert ráð fyrir, að nauðsynlegt þyki, að vitnið gangi á merki og athugi landsháttu og landsnytjar, eftir því sem þörf er á. Samt getur vitni nú neitað að verða við þessari nauðsyn, ef það á heima í öðrum hreppi. Þetta virðist með öllu ástæðulaust.

Hér er því lagt til, að dómari geti ákveðið hverju sinni, hvar vitni ber að sækja þing. Verður að treysta dómurum til að beita þessum ákvæðum með sanngirni, sbr. eftirtalin orð í 10. gr. nefndra laga: „eftir því sem þörf og kostur er á“ og 2. mgr. 124. gr. laga nr. 85 23. júní 1936.

Um 18. gr.

Áður en lög nr. 85/1936 voru sett, var venja, að ekki væru rakin í úrskurðum málsatvik og málsástæður í aðalmálinu, svo sem nú er boðið í 190. gr. Því hefur komið fyrir, að Hæstiréttur hefur ómerkt úrskurð héraðsdómara, þar sem þessi atriði hefur vantað, enda þótt ályktarorð úrskurðar væru nægilega rökstudd í for-

sendum. Afleiðing þessa er sú, að alveg hefur lagzt niður að kveða upp úrskurði þegar í stað.

Þetta er afturför, og sýnist ástæðulaust, að úrskurðir um aukaatriði máls séu tafðir með því að hafa þá eins og dóma um málið sjálft. Aðalreglan á að vera, að úrskurðir séu kveðnir upp samstundis, sbr. 1. mgr. 190. gr. og 1. mgr. 42. gr., og má þá kæra þá til æðra dóms þegar í stað, ef því er að skipta.

Hér er lagt til, að yfirleitt sé sleppt að greina í úrskurði málsatvik og málsástæður sækjanda og verjanda í aðalmálinu og látið nægja að rökstyðja ályktarorð úrskurðar í forsendum um það atriði, sem skorið er úr.

Um 19.—20. gr.

Þetta eru orðabreytingar, sem Hæstiréttur hefur tekið upp og þykja til bóta.

Um 21. gr.

Einhver mesti kostur laga nr. 85/1936 er kæruheimildin. Áður var bannað að áfrýja sérstaklega einstökum úrskurðum og var þá haldið fram rekstri málsins. Gat þá svo farið, að æðri dómur ómerkti allt það verk. Úr þessu var bætt með kæruheimildinni, og þykir sjálfsagt, eins og Hæstiréttur hefur líka gert með lögjöfnuði, að fjölga þeim atriðum í rekstri máls, er kæra megi til Hæstaréttar án þess að áfrýja þurfi öllu málinu.

Reynslan hefur ekki verið sú, að kæruheimildinni hafi verið misbeitt að neinu ráði. Helzt er, að stefndur kæri úrskurði um frest. En þar hefur komið að góðu haldi heimild 2. mgr. 199. gr. til að heimta tryggingu af kæranda. Hafa kærumál þá orðið að engu, og geta þeir sjálfum sér um kennt, sem ekki neyta þessa réttar.

Um 22.—23. gr.

Mál samkvæmt 1. tölulið 200. gr. skulu nú fara fyrir sjó- og verzlunardóm, hvort sem dómara þykir þörf sérþekkingar til að fara með og dæma þau eða ekki. Gagnstætt þessu er það á valdi dómara að meta, hvort honum þykir þörf sérþekkingar til að fara með og dæma mál samkvæmt 2. og 3. tölulið. Æðri dómur getur síðan hrundið þessu mati héraðsdómara.

En á þessum málaflokkum samkvæmt 2. og 3. tölulið er nú sá munur, ef talin er þörf sérþekkingar, að þá skulu mál samkvæmt 2. tölulið fara fyrir sjó- og verzlunardóm, en mál samkvæmt 3. tölulið fara fyrir almennan héraðsdóm með meðdómendum.

Málum samkvæmt 1. og 2. tölulið 200. gr. er ekkert sameiginlegt, og orðið sjó- og verzlunardómur þykir miður smekklegt. Mál samkvæmt 2. tölulið hafa verið fátíð, en í seinni tíð hefur hvað eftir annað komið fyrir, að Hæstiréttur hefur ómerkt héraðsdóma og krafizt þess, að meðdómendur tækju sæti í dómi með héraðsdómara samkvæmt 3. tölulið.

Orðin bæjarþing og sýsludómur eru ekki síður réttnefni, þótt meðdómendur taki sæti í þeim. Og með því að skilyrðin fyrir því, að meðdómendur séu til kvaddir, sem sé mat dómara á þörf sérþekkingar, eru hin sömu fyrir þessa tvo málaflokka samkvæmt 2. og 3. tölulið, auk þess sem málaflokkar þessir eru allskyldir sín á milli, en alls óskyldir málum samkvæmt 1. tölulið, virðist einsætt að taka þá saman, án þess að þörf sé á að gefa þeim dómi annað nafn, sem með þau mál fer, þótt fleirskipaður sé.

Ekki þykir rétt að skipa aðra meðdómendur en sjódómsmenn til tiltekins tíma, heldur sé héraðsdómara frjálst að nefna meðdómendur í hvert skipti eftir eðli málsins. Þá þykir og rétt að leggja til, að felld séu brott refsimál úr lögum um meðferð einkamála. Samkvæmt lögum nr. 27 5. marz 1951, 5. gr. 3. mgr., getur dómari kvatt tvo sérkunnáttumenn til dómstarfa með sér í málum, þar sem sérkunnáttu

aðila. Virðist reynzlan sýna, að heppilegt sé að beita eigi eiðnum oftar en nauðþykir sérstök þörf. Verður það að sjálfsögðu gert, ef um er að ræða „refsimál um efni þau, er greinir í siglingalögum og sjómannalögum“, eins og segir nú í 200. gr. laga nr. 85/1936.

Um 24. gr.

Stefnufrestur sá, sem nú er, þykir óþarflega langur.

Samgöngur hafa batnað síðan 1936. Í málum þessum kemur varla fyrir, að nokkur sæki þing nema stefnandi. Ef fyrir kæmi, að frestur reyndist of skammur, er rétthafa opið að áfrýja ógildingardómi.

Fylgiskjal 3.

Umsögn Félags héraðsdómara, dags. 13. febr. 1956.

Hin háttvirta allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dagsettu í desember s. l., sent Félagi héraðsdómara til umsagnar frumvarp það til laga um meðferð einkamála í héraði, sem nú liggur fyrir deildinni.

Stjórn félagsins hefur athugað frumvarpið og rætt það nokkuð bæði innbyrðis og við héraðsdómara þá, sem hún hefur náð til. Er henni ljóst, að hér er um svo margþætt mál að fjalla, að eigi sé kleift á þeim skamma tíma, sem hún hefur haft mál þetta til umsagnar, að láta í té eins ýtarlega umsögn og æskilegt væri.

Frumvarpið geymir mjög mörg nýmæli og yfirleitt telur stjórn félagsins þau vera til mikilla bóta. Mælir hún því með frumvarpinu í heild, en telur hinsvegar rétt að benda á, að störf dómara verða mjög aukin með lögfestingu þess. Verður óhjákvæmilegt að fjölga fulltrúum við hin stærstu dómaraembætti, verði frumvarp þetta að lögum.

Um nokkur einstök atriði frumvarpsins viljum við taka eftirfarandi fram:

11. gr. Hámarksaldur samdómenda, 70 ár, er að okkar dómi of lágur. Borgardómarinn í Reykjavík kveður menn mjög oft til samdómendastarfa, sem eru á áttræðisaldri. Telur hann einmitt, að oft sé betri kostur hæfra samdómenda á þeim aldri, þar sem sérfróðir yngri menn séu oft mjög störfum hlaðnir og vilji komast hjá kvaðningu. Líklega væri rétt að fella niður aldurshámarkið, en láta héraðsdómara eftir að ákveða hverju sinni hæfni meðdómenda að þessu leyti.

44. gr. Við leggjum til, að orðin „og aldrei síðar en þremur vikum“, séu felld niður. Fjöldi beiðna um endurrit og dómsgerðir er misjafn viku- og mánaðarlega. Að borgardómaraembættinu í Reykjavík berast oft í einu slíkur fjöldi, að engin tök eru á að afgreiða þessar beiðnir innan lögskipaðs tíma, en hann er einnig þrjár vikur samkvæmt 44. gr. laga nr. 85 frá 1936, nema starfslið við vélritun verði stóraukið. Þetta aukna starfslið kynni svo að skorta verkefni á öðrum tímum.

62. gr. Athugandi er, hvort ekki sé rétt að setja ákvæði um það, á hvaða stigi aðalmáls megi í síðasta lagi höfða gagnsök.

116. gr. 2. mgr. síðari málsliður. Eins og áður er sagt verða störf dómara mjög aukin með lögfestingu þessa frumvarps. Hann á að fylgjast með málinu á öllum stigum þess og benda á hverra gagna sé þörf, en gagnasöfnun er veigamesti hluti málflutnings. Er því rétt, að þetta starf dómarans sé létt að því leyti, að hann þurfi ekki sjálfur að gera ráðstafanir um öflun gagna fyrir öðrum dómara, heldur sé það falið aðilum eða lögmönnum þeirra eftir ábendingu dómara aðalmáls, hverra gagna sé þörf.

1. mgr. 139. gr. Hér er kveðið svo á, að öll vitni skuli eiðfesta eða heitfesta fyrirfram, (önnur en þau, sem 140. gr. tekur til). Þetta er gjörbreytnig frá því, sem verið hefur og gengur jafnvel lengra en í opinberum málum, sbr. 3. mgr. 100. gr. l. 27/1951. Okkur virðist núgildandi reglur laga 85/1936 heppilegri, að heitfesta eftir á, eftir að farið hefur verið með vitninu yfir framburð þess og það sannprófað, ef þess hefur verið þörf, og að heitfesting fari ekki fram nema að kröfu

synlegt er og teljum við ofnotkun hans geta spillt tilfinningum manna fyrir þýðingu hans og helgi. Að vísu munu vitni vanda meir til framburðar síns frá upphafi, séu þau heitfest fyrirfram, en sjónarmið það, er nú var nefnt, virðist okkur þyngra á metunum.

165. gr. Eigi virðist ástæða til að breyta þeirri reglu, sem gildir samkvæmt 140. gr. l. 85/1936, að matsbeiðandi tilkynni matsmönnum dómkvaðningu.

174. gr. Hætt er við, að ákvæði þetta verði misnotað í málum, sem sótt eru og varin af kappi, beðið um nýjar og nýjar matsgerðir, sem dómari þyrfti að úrskurða hvort skýra myndi málið, úrskurðirnir kærðir og ætla má, að af þessu yrði mikið óþarfa þras. Okkur vitandi hefur reynslan ekki sýnt, að gildandi ákvæðum um þetta efni sé ábótavant. Leggum við því til, að ákvæði þetta sé fellt niður.

202. gr. Orðalagið „á þingstað" í lok greinarinnar, sem einnig kemur fyrir í lok 212. gr., virðist ekki vera nægilega greinilegt. Átt mun við, að allt umdæmi Reykjavíkur sé þingstaður, en ekki aðeins sá staður, þar sem þing er háð (t. d. bæjarþingsstofan).

212. gr. Í annarri málsgrein er svo kveðið á, að skili verjandi ekki lögboðinni greinargerð, en komi þó fyrir dóm, þá skuli dómari spyrja hann rækilega um atvik máls og atriði og bóka meginefni svara hans.

Það virðist ekki ástæða til að auka starf dómarans að þessu leyti. Verjandi hefur þegar haft hæfilegan frest til að rita eða láta rita greinargerð og hætt er við, að lögmenn, sem hafa ekki hirt um að koma því í verk að ræða við verjanda og rita greinargerð, gengju á það lagið, að láta verjanda eyða tíma dómarans að þessu leyti.

228. gr. síðasta málsgrein. Upphaf þessarar málsgreinar væri rétt að orða þannig: „Nú fær sækjandi frest í mál eða því er frestað að tilhlutun dómara".

229. gr. 1. málsgr. Hér er kveðið svo á, að dómari skuli alltaf kveða upp úrskurð um, hvort mál skuli tekið upp að nýju. Rétt væri að heimila dómara endurupptöku máls án úrskurðar, hafi gagnaðili ekki sótt þing eða hann samþykkt endurupptökuna.

278. gr. 1. málsgr. Ákvæðið er í samræmi við það, sem gilt hefur. Hins vegar hefur ekki reynst mögulegt að fylgja því í framkvæmd, a. m. k. við stærstu dómaraembættin, vegna hins mikla málafjölda. Hefur framkvæmdinni verið hagað þannig, að aðiljum eða umboðsmönnum þeirra hafa verið tilkynnt málsúrslit í munnlega fluttum málum þegar að dómi gengnum, en í málum, þar sem verjandi hefur ekki sótt þing (t. d. víxilmálum), hefur ekki þótt ástæða til þess. Leggjum við til, að ákvæðinu sé breytt í samræmi við þessa framkvæmd.

288. gr. fyrsta málsgrein. Rétt væri, að ákvæðinu væri breytt á þá lund, að kæranda beri samtímis að senda gagnaðila endurrit af kæru.

293. gr. síðustu málsliðir. Ákvæðið er samhljóða núgildandi ákvæði um þetta efni. Hins vegar hefur framkvæmdin verið sú, að æðra dómi hefur verið sent eitt eintak, en aðiljum eða umboðsmönnum þeirra tilkynnt, að þeirra eintök lægju tilbúin til afhendingar á skrifstofu dómara gegn lögmæltum ritlaunum. Verjanda er skylt að leysa til sín eintak það, sem honum er ætlað og er því ástæðulaust að senda honum það. Leggjum við til, að ákvæðinu sé breytt í samræmi við þessa framkvæmd.

294. gr. fyrsta málsgrein. Rétt væri að kveða á um, hvenær kærði skuli hafa skilað greinargerð í síðasta lagi.

Fylgiskjal 4.

Umsögn lagadeildar Háskóla Íslands, dags. 13. janúar 1956.

Háttvirt allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hefur óskað eftir umsögn lagadeildar um frumvarp til laga um meðferð einkamála í héraði.

Eins og greinargerð frumvarpsins ber með sér, er það samið af nefnd, sem einn af prófessorum lagadeildar — prof. Theódór B. Líndal — átti sæti í. Prófessor Theódór B. Líndal á því eigi hlut að umsögn þeirri, sem hér fer á eftir.

Frumvarpi því, sem hér er um að ræða, er ætlað að koma í stað l. 85/1936, er nú gilda um meðferð einkamála í héraði. Þó eiga XVI., XVII., XVIII. og XIX. kafli einkamálalaganna nr. 85/1936 að gilda áfram. Ennfremur á 197. gr. nefndra laga að halda gildi framvegis. Hið nýja frumvarp er að formi til talsvert breytt frá l. 85/1936. Efnisskipun er t. d. nokkuð á aðra lund í frumvarpinu en í gildandi lögum, og margar lagagreinar einkamálalaganna eru í frumvarpinu klofnar niður í tvær eða jafnvel fleiri greinar. Leiðir þetta til þess, að frumvarpsgreinarnar eru 302 að tölu í stað 224 greina í gildandi lögum, og er þó sáttakafla einkamálalaganna og fjórum öðrum köflum sleppt í hinu nýja frumvarpi. Formbreytingar þessar virðast flestar til bóta, og verður ekki fjölyrt um þær hér.

Auk formbreytinga þessara, er í frumvarpinu gert ráð fyrir mörgum orðalagsbreytingum frá núgildandi einkamálalögum. Virðist sums staðar gengið óþarflega langt í því að gera breytingar á orðalagi. Hér verða þó einstakar orðalagsbreytingar ekki ræddar. Ef ræða ætti öll þvílík atriði, yrði álitsgerð þessi lengri en góðu hófi gegnir, en auk þess er orðalag oft umdeilanlegt.

En auk framangreindra breytinga á formi og orðalagi geymir hið nýja frumvarp mörg nýmæli eða efnisbreytingar á gildandi lögum, og eru sumar þeirra efnisbreytinga mikilsverðar. Hér verður fjallað um nokkrar slíkar efnisbreytingar, og þá fyrst og fremst þær, sem mestu máli skipta. Ekki eru þó tök á því að ræða öll nýmælin hér. Verður því að mestu sleppt hér að minnast á breytingar eða nýmæli, sem til bóta má telja, og ekki gefa tilefni til athugasemda.

Fyrsta meginbreytingin er sú, að frumvarpið fellir niður ákvæði um sáttaumleitan sáttanefnda.

Sáttaumleitan var fyrst almennt lögboðin hér á landi með tilskipunum frá 10. júlí 1795 og 20. jan. 1797, er hér voru birtar 1796 og 1798. Með þeim tilskipunum var sáttaumleitan í einkamálum almennt gerð að skilyrði þess, að dómur yrði á þau lögð að efni til. Var tilgangurinn með sáttaumleitan sáttamanna sá, að afstýra málaferlum eftir því sem auðið væri. Er enginn vafi á því, að sáttatilraunir höfðu lengi vel mikil áhrif í þá átt.

Samkvæmt síðustu dómsmálaskýrslum, sem hafa verið birtar, en þær eru fyrir árin 1921—25, voru sáttamál að meðaltali 586 á ári þann tíma á öllu landinu. Þar af var sætzt á 199,6 eða 34% á ári að meðaltali, úrskurðuð voru af sáttanefnd 20,8 eða 3,5%.

Með einkamálalögunum voru allmörg mál undanskilin sáttatilraun sáttanefndar. Í þeim tilfellum var sáttaumleitan dómara lögboðin í staðinn. Auk þess var aðilum opnuð greiðfær leið til að ganga fram hjá sáttamönnum og semja um, að dómari skyldi leita sátta.

Hin síðari ár hefur því mjög dregið úr þýðingu sáttaumleitunar sáttamanna. Óruggar skýrslur um það efni eru því miður ekki fyrir hendi. Leitað var upplýsinga hjá Hagstofunni um sáttaskýrslur, en vegna vanhalda á skýrslusendingum úr mörgum umdæmum, er lítið gagn að samdráttarskýrslu. Má t. d. geta þess, að úr Reykjavík höfðu skýrslur síðast borizt fyrir árin 1946 og '47. Litið var á sendar skýrslur árið 1946. Samkvæmt þeim voru sáttamál samtals 207. Af þeim var 2 vísað frá sáttanefnd, sætt voru 29, úrskurðuð 21, en 155 vísað til dómstóla. Af heildarmálatölunni — 207 — voru 144 í Reykjavík. Samkvæmt því og öðrum þeim skýrslum, sem fyrir lágu, virðist ljóst, að sáttastörf sáttamanna skipta nú litlu máli, og sýnist það engu síður eiga við utan Reykjavíkur. Þess ber að geta, að árið 1946 vantaði sáttaskýrslu frá Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Norður-Múlasýslu, Suður-Múlasýslu og Skaftafellssýslu.

Að öllu þessu athuguðu verður eigi séð, að ástæða sé til að halda í sáttaumleitan sáttamanna. Verður því að fallast á frumvarpið að því leyti.

Ætlun frumvarpsins er vafalaust sú, að hvarvetna þar sem í lögum er gert ráð fyrir sáttaumleitan sáttamanna, t. d. í skilnaðarmálum, komi sáttaumleitan dómara í staðinn. Eðlilegt væri, að ákvæði þess efnis væri tekið inn í frumvarpið.

Ef halda ætti í sáttanefndir, væri vafalaust rétt að rýmka heimild þeirra til að úrskurða mál.

Næst má nefna það, að frumvarpið gerir ráð fyrir samdómendum í fleiri tilvikum en gildandi réttarfarslög um meðferð einkamála, sbr. annars vegar 7., 8. og 9. gr. frumvarpsins og hins vegar 3. tölul. 1. mgr. 200. gr. l. 85/1936. Að vísu hefur Hæstiréttur beitt síðast nefndu lagaákvæði mjög rúmt, að því er virðist. Ákvæði frumvarpsins um samdómendur sýnast stefna til aukins réttaröryggis, en hætt er við, að samþykkt þeirra hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

Í 17. gr. frumvarpsins er mælt svo fyrir, að héraðsdómara sé rétt að halda dómþing í máli, sem undir hann ber, hvar sem er á landinu, ef það þykir hallkvæmt vegna öflunar gagna, málflutnings eða dómsuppsögu. Þetta gengur mun lengra en 3. mgr. 29. gr. einkamálalaganna. Þar segir: „Rétt er héraðsdómara að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, ef það þykir heppilegt til upplýsinga í máli, enda valdi það ekki verulegum drætti á því, og greiði sá kostnaðarauka þar af, sem slíkrar dómsathafnar beiðist.“ Að því er bezt er vitað, hefur heimild 3. mgr. 29. gr. l. 85/1936 verið mjög lítið notuð, og virðist því lítil ástæða til að rýmka heimild 3. mgr. 29. gr. einkamálalaganna.

Næst má telja þá meginbreytingu frá núgildandi skipan, að eftir frumvarpinu skal hvert lögsagnarumdæmi vera ein dómþinghá, sbr. 66. gr. frumvarpsins, en eftir eml. nr. 85/1936 er aðalreglan sú, að hver hreppur sé sérstök dómþinghá. Benda má á ýmis rök til stuðnings breytingu. Hins vegar sýnist nokkuð langt gengið, miðað við aðstæður hér á landi, að manni sé skylt að svara til sakar í einkamáli, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis síns. Breytingin horfir að vísu til hagræðis og verksparnaðar fyrir dómara, en frá sjónarmiði almennings er hún vandkvæðum bundin. Er því vafasamt, að rétt sé að stíga þetta skref nú. Eru skoðanir skiptar um það meðal lagakennara.

Í 119. gr. frumvarpsins eru fyrirmæli um vitnaskyldu. Er þar lögð miklu ríkari vitnaskylda á menn en eftir 124. gr. l. 85/1936. Samkvæmt síðast nefndu lagaákvæði er hverjum 15 ára manni, karli sem konu, og eigi er aðili máls, skylt að koma fyrir dóm á varnarþingi sínu eða utan þess, ef ekki er yfir 70 kílómetra veg á landi að fara, eða 30 kílómetra veg á sjó, enda séu þá reglulega fastar og tíðar áætlunarferðir milli þingstaðar og heimilis vitnis, eða samanlagt 70 kílómetra leið á sjó og landi, og bera vitni.

Í 119. gr. frumvarpsins segir hins vegar: „Hverjum manni, sem lýtur íslenzkri lögsögu og eigi er aðili máls, er skylt að koma fyrir dóm og bera vitni, ef eigi er yfir 250 kílómetra veg á landi að fara eða 100 kílómetra leið á sjó eða samanlagt 250 kílómetra leið á sjó og landi, enda séu þá áætlunarferðir milli þingstaðar og heimilis vitnis eða vitni annars séð fyrir góðum farkosti. — Dómari getur gert vitni að fara lengri leið til dómþings, enda æski aðili þess og dómari telji brýna ástæðu til.“ Deildin telur vafasamt að rétt sé að lögfesta ákvæði um óskoraða vitnaskyldu barna innan 15 ára aldurs. Álitamál er um vegalengdir. Athugandi er, að í greininni virðist ekki gert ráð fyrir loftferðum í þessu sambandi.

Í 139. gr. frumvarpsins er mælt svo fyrir, að hvert vitni skuli annað hvort eiðfest eða heitfest áður en það er spurt um sakaratriði. Er það gagnstætt því, er nú gildir. Samkvæmt 134. gr. l. 85/1936 fer staðfesting fram að vitnisburði loknum. Eftir l. 27/1951 um meðferð opinberra mála er að vísu gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að vitni sé heitfest áður en eiginleg vitnaleiðsla fer fram, sbr. 100. gr. þ. l., en dómara er í 3. mgr. 100. gr. heimilað að fresta heitfestingu þangað til á síðara stigi málsmeðferðar. Auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunaratriði máls má telja vafalaus. Ástæðulaust virðist að ganga lengra um heitfestingu í einkamálum en í opinberum málum, og meiri hluti lagakennara telur

rétt að halda við hina eldri aðferð og láta heitfestingu eigi fara fram fyrr en að loknum vitnisburði.

Í einkamálalögunum nr. 85/1936 eru ákvæði um aðildareið. Er samkvæmt þeim heimilt að láta málsúrslit velta á aðildareiði, þegar full sönnun fæst eigi með öðru móti. Eftir hinu nýja frumvarpi er ekki heimilt að láta málsúrslit velta á aðildareiði, enda hefur hann lítið verið notaður að undanförnu. Er hann og mjög ótraust sönnunargagn. Gert er ráð fyrir, að sérákvæði um barnsfaðernismál gildi áfram. Þessa breytingu frumvarpsins verður að telja til bóta.

Ákvæði XIV. kafla frumvarpsins eru nýmæli. Um það efni eru nú ekki reglur í settum lögum. Ákvæði þess kafla eru til bóta.

Ýmis önnur nýmæli eru í frumvarpinu, svo sem um málsmeðferð, endurupptöku dæmdra mála og kæru. Þau nýmæli og breytingar á eldri ákvæðum, sem þar er um að tefla, virðast til bóta.

Að lokum skal drepið á fáein smærri atriði frumvarpsins, sem virðast þurfa skýringar eða gera þyrfti gleggri.

Í 1. gr. frumvarpsins er eigi nefndur lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli.

Í 1. mgr. 21. gr. segir, að elzti lagaprófessor Háskólans skuli vera formaður Starfsdóms. Ekki er ljóst, hvort átt er við hinn elzta að lífsaldri, eða hinn elzta að embættisaldri.

Í 1. mgr. 122. gr. eru ekki nefnd kjörsystkini. Er þó líklegt, að þau eigi undanþágurétt, sbr. t. d. 3. lið 23. gr. frumvarpsins.

Í 199. gr. væri rétt að setja fyrirmæli um, að dómari skyldi rita á stefnu, hvenær hún berst honum í hendur.

Rétt er að benda á prentvillu í 2. mgr. 59. gr. frumvarpsins.

Eins og af framansögðu má ráða, telur lagadeildin ákvæði frumvarpsins yfirleitt til bóta. Þó telur hún rétt að gera á því nokkrar breytingar, svo sem að framan er greint. Þar sem horfið hefur verið að því ráði að semja heildar lagabálk í stað l. 85/1936, telur deildin eðlilegt, að inn í frumvarpið verði tekin þau ákvæði einkamálalaganna nr. 85/1936, sem í 302. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að haldi framvegis gildi. Virðist rétt að þau ákvæði séu athuguð í sambandi við afgreiðslu frumvarpsins.

Þá vill og deildin benda á, að nauðsynlegt er að ákveða alllangan gildistökufrest á lögum þessum, svo að dómurum og málflytjendum gefist nægilegt tóm til að setja sig inn í þau. Væri eðlilegt, að efnt væri til námskeiðs í lögunum eða gefið út um þau skýringarrit, áður en þau ganga í gildi. Ella er hætt við, að framkvæmd laganna a. m. k. fyrst í stað, verði önnur en til er ætlazt. Varð sú að nokkru leyti raunin á um einkamálalögin nr. 85/1936.

Fylgiskjal 5.

Álitsgerð hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og Jónatans Hallvarðssonar og prófessors Teódórs B. Líndal, dags. 5. september 1961.

I.

Um tillögur nefndar, sem kosin var á aðalfundi Lögmannafélags Íslands 29. nóvember 1955.

1. Samkvæmt 14. gr. frumvarpsins kveður héraðsdómari á um greiðslur til samdómenda, en dómsmálaráðherra er rétt að kæra þá ákvörðun. Þar sem skoða verður ákvörðun héraðsdómara eftir greininni dómsathöfn, myndi afleiðingin verða sú, að samdómanda, sem eigi vildi hlíta henni, væri rétt að áfrýja. Í samræmi við stefnu frumvarpsins að halda kæruheimildum innan hæfilegra marka hefur kæruheimild hér verið veitt einungis dómsmálaráðherra, sem ætla

má að beiti henni hóflega. Þykir því eigi ástæða til að taka breytingartillögu nefndarinnar til greina.

2. Eigi þykir ástæða til að breyta aldursskilyrðum dómarafulltrúa samkvæmt 18. gr. frumvarpsins.
3. Eigi er ástæða til að breyta 5. tl. 23. gr. frumvarpsins. Dómari, sem látið hefur í ljós álit á máli, án þess um gerðardómsstörf eða opinbera sýslu sé að tefla, myndi, ef því er að skipta, eiga að víkja sæti samkvæmt 1. og 8. tl. greinarinnar.
4. Nægilegt verður að telja að hafa einn þingvott. Eru því eigi efni til að breyta 36. gr. frumvarpsins, sbr. 41. gr.
5. Rétt er dómara að athuga hverju sinni, hvort ástæða er til að halda dómþing fyrir luktum dyrum. Ákvæði 6. tl. 38. gr. eru við þetta miðuð og eiga því fullan rétt á sér.
6. Fullkomin ástæða er til, að aðiljar eða umboðsmenn þeirra kynni sér, leiðrétti, ef því að skipta, og staðfesti það, sem eftir þeim er bókað. Ákvæði 41. gr. eru því sett af fullkomnu tilefni.
7. Um 43. gr., sjá II.
8. Málskostnaður er aukagreiðsla, sem leiðir af aðalkröfu máls, og er breytingartillaga nefndarinnar því óþörf, að því er varðar 3. tl. 59. gr.
9. Eigi er ástæða til breytingar á 69. gr. frumvarpsins, sbr. 46. gr. frumvarpsins.
10. Í 76. gr. laga nr. 27/1951 er mælt, að einn stefnuvottur birti tilkynningar dómara. Er eigi ástæða til að hafa aðra meðferð á þessu í einkamálum. Eru því eigi efni til að breyta ákvæðum 88. gr. og 91. gr. frumvarpsins.
11. Ákvæði 100. gr. frumvarpsins, að opinber stefna skuli birt tvisvar sinnum, er sett í öryggisskyni. Engin ástæða er til að breyta frumvarpinu að þessu leyti.
12. Ákvæði 114. gr. frumvarpsins er sett til að afstýra óþarfa málalengingum og á rétt á sér.
13. Við samanburð á 113. og 115. gr. sést, að orðið „réttarfarsleg“ á rétt á sér. Í 113. gr. ræðir um ráðstöfun aðilja á sakarefni, en í 115. gr. ræðir einungis um réttarfarsleg atriði, sbr. athugasemdir við frumvarpið.
14. Í 113. gr. segir almennt um öflun gagna og í 117. gr. segir, að veita beri aðilja færi á að fylgjast með öflun gagna og tjá sig um þau. Skilja verður 116. gr. með hliðsjón af þessum greinum. Athugasemd nefndarinnar er ástæðulaus.
15. Athugasemd nefndarinnar við 117. gr. er eigi á rökum reist, sbr. athugasemdir við frumvarpið.
16. Í athugasemdum við frumvarpið eru rök rakin fyrir ákvæðum 118. gr. Sams konar regla er þegar lögfest í 2. mgr. 102. gr. laga nr. 27/1951. Ríkt efni er til að stemma stigu fyrir fargangi því, sem leiðir af vottorðsgjöfum utan réttar.
17. Ákvæði 139. gr. frumvarpsins um eiðvinningu eða heitvinningu fyrir fram stuðlar betur en heit eftirá að sönnum og skýrum vitnisburði og miðar auk þess að stórfelldum vinnu- og tímasparnaði. Eru því eigi efni til að breyta frumvarpinu að þessu leyti.
18. Eigi er ástæða til að breyta 141. gr. frumvarpsins, sbr. það, sem sagt var um 139. gr.
19. Efni eru eigi til að fella 143. gr. frumvarpsins niður, sbr. það, sem sagt var um 118. gr.
20. Ákvæði niðurlags 144. gr. frumvarpsins styrkir agavald dómara og er eigi ástæða til að taka til greina athugasemdir nefndarinnar.
21. Rétt er, að 167. gr. frumvarpsins standi óbreytt, sbr. það, sem sagði hér að framan um 139. gr.
22. Eigi verður fallizt á tillögur nefndarinnar að fella niður 7. tl. 198. gr. í heild, en hins vegar mega orðin „stað og stund þess“ í lok töluliðarins falla niður með hliðsjón af ákvæðum 200. gr.

23. Eigi er ástæða til að breyta 200. gr. frumvarpsins, sbr. það, sem segir um 7. tl. 198. gr.
24. Verjandi táknar í 212. gr. og víðar í frumvarpinu aðilja þann, sem sóttur er í dómsmáli. Eru eigi efni til að víkja frá þessari málvenju í 212. gr.
25. Athugasemd nefndarinnar við 213. gr. er tilefnislaus, en eigi er ætlazt til, að dómari framkvæmi sjálfur staðfestingar, frekar en hann telur efni til vera.
26. Eigi er ástæða til að breyta 218. gr. frumvarpsins. Dómara ber eigi eftir þessu ákvæði að skjóta loku fyrir stuttar athugasemdir.
27. Með vísun til þess, sem í athugasemdum við frumvarpið segir, verður að telja, að ákvæði 222. gr. sé til bóta og andmæli gegn þeim eigi á rökum reist.
28. Í athugasemdum við frumvarpið eru greindar ástæður fyrir síðustu málsgrein 227. gr. Er ákvæðið á fullum rökum reist og eigi ástæða til að fella það niður.
29. Gagnrýni nefndarinnar á 228. gr. er haldlaus. Ætlazt er til, að sækjandi hafi málatilbúnað sinn í lagi frá upphafi og geti lagt málið í dóm þegar, ef verjandi mætir eigi. Ef sækjandi hins vegar vill fá frest til gagnaöflunar eftir 2. mgr. 228. gr., er rétt, að verjanda sé gert viðvart. Ef honum væri eigi gert viðvart, mundi það oft leiða til þess, að hann tæki málið upp samkvæmt 230. gr., eftir að dómur væri genginn í því. Með viðvörun til hans eftir 2. mgr. 228. gr. myndi slíkri endurupptöku oft verða afstýrt, og er nefnt ákvæði 228. gr. því lagað til að gera málarekstur fyrir dómstólum greiðari almennt, en eigi stirðari. Í þessu sambandi ber að benda á ákvæði 233. og 246. gr. frumvarpsins, en samkvæmt þeim ákvæðum myndi verjandi, sem eigi kæmi fyrir dóm fyrr en eftir viðvörun eftir 2. mgr. 228. gr., fella á sig málskostnað. Hér má og benda á, að dómara er veitt agavald í frumvarpinu til að afstýra drætti á málum.
30. Fyrir ákvæðum 230. gr. er gerð grein í athugasemdum við frumvarpið. Sá annmarki er á núverandi skipan, að verjandi, sem hefur eigi hirt um að verja sig í héraði, getur stefnt málinu beint til Hæstaréttar og þannig gengið fram hjá héraðsdómi. Ákvæði 230. gr. eiga að bæta úr þessu óviðunandi fyrirkomulagi. Hins vegar eru hin ströngu ákvæði 230. gr. um tímamörk, málskostnaðargreiðslu þess verjanda, er tekur mál upp eftir útivist sína, eða tryggingu af hans hendi sett til þess að girða fyrir það, að verjendur geri sér leik að því að mæta eigi upphaflega í málum og taka þau síðan upp.

    Verður að telja ákvæði 230. gr. til stórbóta. Tillögur nefndar lögmanna miða að því að viðhalda viðhorfi laga nr. 85/1936. Verður að telja breytingartillögu nefndarinnar mjög varhugaverða.
31. Í greinargerð frumvarpsins er gerð grein fyrir ákvæðum 233. gr. Verður eigi séð, að athugasemdir nefndarinnar hafi við rök að styðjast.
32. Eigi er ástæða til að breyta ákvæðum 265. gr. frumvarpsins. Eru þau í samræmi við lög, sem nú eru í gildi. En það leiðir af eðli máls, að dómara er vítalaust að semja samandregnar forsendur að úrskurðum, sem eigi verða kærðir sjálfstætt.
33. Vika er stuttur umhugsunarfrestur til kæru. Meðan kæruheimildir voru mjög margar, mátti búast við, að þær yrðu notaðar til að draga mál á langinn. Bar því nauðsyn til að hafa kærufrest mjög stuttan. Nú hefur kæruheimildum verið stillt í hóf með frumvarpinu, og er því miklu minni hætta á misnotkun. Þykir að svo vöxnu máli rétt að gefa aðilja það hagræði til umhugsunar, sem tveggja vikna kærufrestur veitir.

II.

Lögmannafélag Íslands hefur á aðalfundi 14. desember 1956 samþykkt tillögu um, að lög nr. 85/1936 verði látin haldast með nokkrum breytingum, sem í sumum atriðum eru í samræmi við frumvarpið. Eigi verður fallizt á heildartillögu Lögmannafélagsins. Tillögu þess um breytingu á 43. gr. frumvarpsins þykir mega taka til greina, svo sem síðar segir.

III.

Félag héraðsdómara hefur í febrúarmánuði 1956 látið Neðri deild Alþingis í té umsögn um frumvarpið og gert tillögu um nokkrar breytingar á því, sem nú skulu raktar.

1. Eigi þykir fært að fallast á að fella niður aldurshámark samdómenda í 11. gr. frumvarpsins. Þykir eðlilegast, að aldurshámark embættisdómara og samdómenda sé hið sama, svo sem í opinberum málum, sbr. 9. gr. laga nr. 27/1951.
2. Rétt þykir að taka athugasemd héraðsdómara um frest til afgreiðslu endurrita til greina þannig, að frestur samkvæmt 44. gr. frumvarpsins lengist í fimm vikur.
3. Rétt þykir, að það sé á valdi dómara með þeim hætti, sem verið hefur, að meta, á hvaða stigi máls megi í síðasta lagi höfða gagnsök, sbr. 62. gr. frumvarpsins.
4. Ákvæði 116. gr. frumvarpsins verður að skilja með hliðsjón af 113. gr. Ljóst er, að dómari láti almennt aðilja eða umboðsmenn þeirra semja greinargerð um gagnaöflun, yfirfari hana og sendi síðan dómara þeim, sem í hlut á. Er því eigi ástæða til að taka til greina athugasemd dómaranna.
5. Athugasemdum héraðsdómara við 139. gr. frumvarpsins er svarað í I. 17 hér að framan.
6. Það virðist horfa til bóta, að dómari, sem dómkveður matsmann, tilkynni matsmanni kvaðninguna. Þykir eigi ástæða til að breyta ákvæðum 165. gr. frumvarpsins að þessu leyti.
7. Ákvörðun dómara samkvæmt 174. gr. verður eigi kærð. Athugasemdir héraðsdómara við nefnda grein eru reistar m. a. á þeim misskilningi, að kæra megi. Oft reynist nýtt mat að loknu yfirmati máli til skýringar. Ákvæði 174. gr. eiga því rétt á sér.
8. Orðin „enda sé ekki völ málflutningsmanns á þingstað“ í 202. gr. tákna, að aðilja sé eigi kostur að fá aðstoð slíks manns í næsta nágrenni. Sama skýring á við sams konar orðalag í 212. gr. Eigi þykir ástæða til að breyta þessum ákvæðum frumvarpsins. Athugasemd héraðsdómara leiðir eigi til breytinga á frumvarpinu.
9. Ákvæði 212. gr. um spurningar dómara til verjanda, sem eigi skilar greinargerð, kemur aðallega til framkvæmda í þeim tilvikum, er verjandi kemur fyrir dómara án þess að hafa aðstoð málflutningsmanns. Málflutningsmanni, sem mál hefur tekið að sér, er skylt að rita greinargerð samkvæmt 204. gr. Það myndi varða hann viðurlögum samkvæmt 5. tl. 253. gr. frumvarpsins, ef hann reyndi að fara í kringum ákvæði 204. gr. með því að láta verjanda mæta í dómi til skýrslugjafar í stað greinargerðar eftir 204. gr. Hins vegar getur hann vitaskuld beint því til aðilja að gefa aðiljaskýrslu samkvæmt 153. gr. auk greinargerðar. Athugasemdir héraðsdómara hafa því eigi við rök að styðjast.
10. Ákvæði 228. gr. taka til þess, er máli er frestað í þágu sækjanda, og því einnig til frests að tilhlutun dómara, sem sækjandi notar til frekari gagnaöflunar, en frestur að tilhlutun dómara, er sækjandi hagnýtir eigi, á eigi að veita verjanda færi á að ganga inn í málið. Hann má þá einungis taka málið upp eftir 229. gr. eða 230. gr. Eigi má ganga of langt í því að leyfa aðiljum, sem eigi hafa skeytt um að koma fyrir dóm, að taka mál upp af nýju. Það myndi tefja störf dómstólanna. Tillaga héraðsdómara hefur því eigi við rök að styðjast.
11. Eigi má veita aðiljum færi á að tefja dómstóla að óþörfu. Fyrir því þykir rétt, að dómari taki í úrskurði afstöðu til kröfu aðilja, sem eigi hefur mætt, en vill fá mál tekið upp af nýju vegna forfalla. Er þannig eigi rétt að taka tillögu héraðsdómara til greina um breytingu á 229. gr. frumvarpsins.
12. Með því að áfrýjunarfrestur og kærufrestur hefjast við uppsögu dóms eða úrskurðar þykir eigi rétt að létta af dómara skyldu til að tilkynna um uppsögu dóma og úrskurða. Er því eigi rétt að taka til greina kröfu um breytingu á 278. gr. frumvarpsins.

13. Samkvæmt 294. gr. frumvarpsins á héraðsdómari, þegar er kæra er fram komin, að krefja kærða um greinargerð, sem geymi kröfur hans og atvik þau, sem hann reisir kröfur sínar á. Að svo vöxnu máli er eigi ástæða að leggja á kæranda skyldu til að tilkynna kærða kæruna um leið og hann afhendir dómara hana eftir 288. gr.
14. Fallast má á breytingartillögu héraðsdómara við 293. gr. frumvarpsins.
15. Í 295. gr. segir, hvenær greinargerð sú, sem héraðsdómari á að krefja kærða um, eigi að vera komin til æðra dóms. Athugasemd héraðsdómara við 294. gr. er því eigi á rökum reist.

IV.

Lagadeild Háskóla Íslands hefur í janúarmánuði 1956 látið Neðri deild Alþingis í té umsögn um frumvarpið og gert tillögu um nokkrar breytingar á því, svo sem nú verður rakið.

1. Í framkvæmd hefur farið í vöxt að dæma mál ásamt samdómendum samkvæmt heimild í 200. gr. laga nr. 85/1936. Verður breyting á meðferð mála því eigi stór að þessu leyti, þótt frumvarpið verði að lögum.
2. Ákvæði 17. gr. frumvarpsins um heimild til handa héraðsdómara til að halda dómþing í máli, sem undir hann ber, hvar sem er á landinu, horfir til verkaléttis, t. d. ef dómari á erindi í kaupstað, þar sem vitni, matsmenn og málflytjendur eiga heima. Athugasemd lagadeildarinnar er því eigi á rökum reist.
3. Eins og samgöngumálum er háttað nú hér á landi, er rétt að umdæmi hvers héraðsdómara sé sérstök dómþinghá. Í 66. gr. er þessi skipan lögð til grundvallar, en dómsmálaráðherra er veitt heimild til að skipta einni dómþinghá í fleiri þinghár. Athugasemdir lagadeildarinnar hafa eigi við rök að styðjast.
4. Ferðaskylda vitna samkvæmt frumvarpinu er nauðsynleg og henni mjög í hóf stillt, eins og samgöngumálum nú er háttað. Athugasemdir lagadeildarinnar við 119. gr. frumvarpsins eiga eigi rétt á sér.
5. Með tilvísun til athugasemda við frumvarpið verður að halda fast við, að nauðsyn beri til að taka í dómi skýrslu af börnum, sem geta um sakarefni borið. Verður að vísa á bug aðfinningum lagadeildarinnar að 121. gr.
6. Athugasemdum lagadeildar við 139. gr. frumvarpsins er svarað í I. 17.
7. Í tilefni af athugasemd um orðin „elzti lagaprófessor“ í 1. mgr. 21. gr., er rétt að geta þess, að þau tákna vitaskuld þann lagaprófessor, sem er elztur að árum.
8. Systkini í 122. gr. taka og yfir kjörsystkini.
9. Dómara ber vitaskuld samkvæmt almennum reglum að bóka, hvenær hann tekur við stefnu. Virðist óþarft að taka þetta sérstaklega fram um stefnu.
10. Það er rétt í áliti lagadeildar, að hvarvetna þar sem í lögum er gert ráð fyrir sáttaumleitun sáttamanna, t. d. í skilnaðarmálum, komi sáttaumleitun dómara í staðinn.

V.

Tillögur um breytingar á frumvarpinu með hliðsjón af breyttri löggjöf á öðrum sviðum og því, sem rakið hefur verið hér að framan.

1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Með dómstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir og uppboð, fara sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur, borgardómarar og borgarfógetar í Reykjavík og lögreglustjórar í umdæmum utan kaupstaða, þar sem þeir eru sérstaklega skipaðir.

10. gr. frumvarpsins orðist svo:

Skylt er hverjum manni, karli sem konu, er fullnægir lögmæltum skilyrðum, að taka við kvaðningu til samdómandastarfa.

Undan kvaðningu eru þegnir:

1. Dómarar og ritari Hæstaréttar, aðrir embættisdómarar og fulltrúar þeirra.
2. Ráðherrar og ráðuneytisstjórar í Stjórnarráði.

3. Saksóknari ríkisins og fulltrúar hans.
4. Biskup og prestar þjóðkirkjunnar nema í kirkjudómi.
5. Löggiltir málflutningsmenn og fulltrúar þeirra.
6. Embættislæknar, ljósmæður og hjúkrunarkonur.

21. gr. orðist svo:

Nú telur dómsmálaráðherra dómara hafa misst hin almennu dómaraskilyrði eða hafa gert sig sekan um misferli í starfa, enda hafi áminning eigi komið að haldi, eða dómari hefur að áliti ráðherra með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega, að hann megi eigi lengur gegna dómaraembætti, eða gerzt svo brotlegur í starfa, að ákæru varði, og vísar dómsmálaráðherra málinu til saksóknara ríkisins.

Málið sætir meðferð opinberra mála fyrir Starfsdómi. Starfsdóm skipa þrír dómendur, er fullnægja skilyrðum til þess að vera hæstaréttardómarar. Formaður dómsins er elzti lagaprófessor við Háskóla Íslands, en hina tvo skipar dómsmálaráðherra til tíu ára í senn. Þóknun taka dómendur fyrir þau mál ein, er þeir fá til meðferðar.

Nú telur dómsmálaráðherra dómara óhæfan til þess að gegna starfa, og er honum rétt að leggja fyrir saksóknara að krefjast þess, að Starfsdómur víki dómara frá starfa um stund eða að fullu.

Ef mál þolir enga bið, getur dómsmálaráðherra vikið dómara frá starfa um stundarsakir, en bera skal þá málið undir Starfsdóm, svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en tveimur vikum eftir frávikningu dómara.

Starfsdómur getur veitt dómara áminningu, dæmt á hendur honum refsingu og skaðabætur og svo málskostnað.

Kveða skal á um það í dómi, hvort áfrýjun sýknudóms fresti því, að dómari taki við starfa sínum að nýju.

Nú verður uppvíst í máli, er Starfsdómur hefur til meðferðar, eða ástæða er til að ætla, að dómari hafi framið athæfi, er lög leggja viðurlög við, bæði í starfa sínum og utan hans, og skal rannsaka og dæma málið í heild fyrir Starfsdómi.

43. gr. orðist svo:

Skjöl öll, sem lögð eru fram í dómi, skal merkja í áframhaldandi töluröð og votta á þau um framlagninguna. Sá, sem leggur fram skjal, skal láta fylgja því svo mörg endurrit, sem héraðsdómari telur hæfilegt.

Skjölin eru eign dómsins, en lána má þau aðiljum. Dómara skal, eftir að dómur hefur verið upp kveðinn í máli, fá aðilja frumrit af framlögðu málsskjali gegn því að staðfest endurrit af skjalinu fylgi málsskjölunum, ef aðili þarf frumritsins til sönnunar rétti sínum annars staðar.

Ef sækjandi skilar ekki aftur léðum málsskjölum, áður en mál er tekið til dóms, skal mál fellt niður, nema skjal skipti auðsjáanlega eigi verulegu máli eða aðiljar komi sér saman um efni þess. Ef verjandi skilar eigi léðum málsskjölum, er dómara rétt að dæma málið eftir bókuðum kröfum sækjanda, nema svo sé um skjal farið sem nú var sagt.

44. gr.

Í stað „þremur“ komi: fimm.

198. gr.

Orðin „stað og stund þess“ í 7. tl. falli burt.

293. gr. orðist svo:

Dómari gefur út, svo fljótt sem kostur er, endurrit í þrennu lagi af öllu því, sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið. Jafnframt er honum rétt, ef því er að skipta, að láta fylgja hverju eintaki athugasemdir sínar. Síðan sendir dómari eitt eintakið til æðra dóms, en tilkynnir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, að þeirra eintök séu tilbúin til afhendingar.

301. gr. orðist svo:

Lög þessi koma til framkvæmda ...

Lögmæti aðgerða þeirra, sem fram hafa farið fyrir gildistöku laga þessara, skal meta eftir eldri lögum.

Nú er sáttaumleitun í lögum lögð til sáttamanna í öðrum málum en dómsmálum, og skal héraðsdómari annast sáttaumleitun.

Ed. 91. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um hækkun á bótum almannatrygginganna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undiritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna, Karl Kristjánsson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 9. nóv. 1961.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, frsm. Kjartan J. Jóhannsson. fundaskr.

Alfreð Gíslason.

Ed. 92. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til laga um jarðgöng á þjóðvegum.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, JÁ, var fjarstaddur. Annar nefndarmaður, BGuðm, mun skila séráliti.

Alþingi, 10. nóv. 1961.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Sigurvin Einarsson. Ólafur Jóhannesson.

Sþ. 93. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um veiði og meðferð á fiski.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 7 manna nefnd til að undirbúa löggjöf um veiðar og stórum bætta meðferð á fiski. Sex nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, Samlags skreiðarframleiðenda og Sambands ísl. samvinnufélaga. Sjöunda mann nefndarinnar skipar ríkisstjórnin án tilnefningar, og er hann for-

maður hennar. Nefndin athugi sérstaklega, hvernig auka megi verðmæti fisks með því að ísa hann í kassa um borð í fiskiskipunum og veita styrk og lán til þess að afla slíkra kassa. Enn fremur láti hún athuga, hvernig megi draga úr skemmdum á fiski í netum, m. a. með því að kveða á um þann tíma, sem stunda megi veiðar með þorskanetum á hverju ári. Skal störfum nefndarinnar hraðað svo, að unnt verði að leggja frumvarp um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Íslendingar hafa á sér orð fyrir að draga úr sjó meiri afla en nokkrir aðrir miðað við tölu þeirra, er veiðarnar stunda. Hins vegar hefur þótt við brenna, að þeir færu ekki nógu vel með aflann, a. m. k. þegar um löndun hér heima er að ræða. En allir vita, að geysimikill munur er á verðmæti hans til útflutnings eftir því, hvort hráefnið er fyrsta flokks eða ekki.

Á mörgum sviðum eru keppinautar Íslendinga komnir lengra en þeir í því að hafa gott hráefni. Má þar einkum nefna, að þeir ísa fiskinn yfirleitt strax í kassa um borð í fiskiskipunum, geyma fiskinn í kældum lestum, enda þótt um vélbáta sé að ræða, og er í land kemur, eru kassarnir með fiskinum í geymdir í kæligeymslum, þar til hann er unninn. Þá eru mjög ströng ákvæði hjá þeim um notkun þorskaneta, sem skila hvað lökustum fiski.

Fiskur ísaður í kassa um borð í fiskiskipunum yrði miklu verðmeiri en eins og nú er háttað meðferð hans. Ætti þetta við um allan fisk, en ekki síst um togarafisk og netafisk.

Ef horfið væri að því ráði að ísa allan fisk í t. d. alúmíníum- eða plastkassa, mundi það hafa mikinn kostnað í för með sér, því að 50 kg alúmíníumkassi kostar um 400 kr. Þannig mundi þurfa 100—150 kassa undir meðalafla á línu og 3000—4000 kassa undir meðaltogarafarm. Þetta eru verðmæti, sem nema 40—60 þús. kr. fyrir vélbátinn og 1.2—1.6 millj. kr. fyrir togarann.

Hvernig Norðmenn líta á þessi mál, sést bezt af því, að norskur prófessor, sem hér hefur dvalizt ríkisstjórninni til ráðuneytis í sjávarútvegsmálum, segir í skýrslu sinni, að ekki sé unnt fyrir Íslendinga að leggja í betri fjárfestingu en koma því á, að öllum fiski sé landað í kössum. Nýlega sóttu norskir útgerðarmenn um 1 millj. norskra króna styrk til Stórþingsins til kaupa á alúmíníumkössum og fengu hann strax.

Sjávarútvegurinn greiðir árlega í fiskimálasjóð 5 millj. kr., sem sjóðurinn ver síðan til lána og styrkja í þágu sjávarútvegsins. Óeðlilegt væri því ekki, að sjóðurinn styrkti og lánaði fé til að koma því á, að farið yrði að ísa allan fisk í kassa. Fleiri aðilar þyrftu þó að koma hér til, því að þetta er mikil fjárfesting. En fljótt kæmi hún aftur í hækkuðu fiskverði og verðmætari útflutningi. Allir landsmenn mundu njóta þar góðs af.

Slík breyting á meðferð aflans gæti ef til vill leyst vandamál togaraútgerðarinnar og bætt afkomu alls bátaflotans með verulega hækkuðu fiskverði.

En hversu vel sem farið er með fiskinn, þegar hann er kominn inn fyrir borðstokkinn, dugir það ekki, ef hann er skemmdur í veiðarfærunum. Hættulegustu veiðarfærin að þessu leyti eru þorskanetin og botnvörpuveiðarfærin, troll og dragnót, ef þau eru dregin of lengi.

Margir eru nú þeirrar skoðunar, að netaveiðin sé of gegndarlaus og það mundi ekki skaða, heldur þvert á móti, þótt úr henni væri dregið. Nú eru notuð miklu veiðnari net en áður, meiri net og fleiri bátar. Og það, sem hefur kannske ekki sízt áhrif, er, að farið er að veiða í net jafnvel strax í janúarbyrjun, og er það nú að verða æ algengara, að lína sé alls ekki tekin, a. m. k. við Suðvesturland. Netaveiði, á meðan veður eru hörðust og frátök tíðust, spillir ekki aðeins veiðarfærunum og leiðir til þess, að meira tapast, heldur verður aflinn miklu verri. Áður fyrr þótti í stærstu verstöð landsins, sem um árabil var svo til ein með þorskanet, hæfilegt að taka netin öðru hvorum megin við mánaðamótin marz og apríl.

Ef netaveiðar hæfust ekki fyrr en 1.—15. marz, mundi vera almennt stunduð línuveiði, sem ætti ekki að þurfa að gefa verri raun fyrir útgerðina eða þjóðarbúið.

Í þessari tillögu er því gert ráð fyrir, að væntanleg löggjöf fjalli jafnt um veiðarnar sem meðferðina á fiskinum. Þetta þarf að haldast í hendur, ef vel á að vera.

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um síldariðnað á Austurlandi.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvernig koma megi á fót á Austurlandi fjölbreyttari hagnýtingu síldar en fæst með bræðslu hennar og söltun, eins og nú tíðkast.

Greinargerð.

Það er mjög mikilvægt að auka verðmæti síldarafurðanna frá því, sem nú er.

Það er sjálfsagt þó nokkuð margt, sem komið gæti til greina í þessum efnum, og má m. a. nefna niðursuðu, niðurlagningu og reykingu síldarinnar. Allar hafa þessar verkunaraðferðir átt erfitt uppdráttar á Íslandi, þótt aðrar þjóðir hafi verið stórtækar í þessum efnum. Íslandssíldin er viðurkennd gæðavara, og er Austfjarða- og Suðurlandssíldin, sem er hvor tveggja ekki alveg eins feit og Norðurlandssíldin, prýðisvel fallin til þessara hluta. Hér skal ekki rakin saga þessara mála hér á landi, en það er engum vafa undirorpið, að Íslendingar geta orðið liðtækir í slíkri framleiðslu fyrir heimsmarkaðinn eins og aðrar þjóðir. Það væri því mjög mikilvægt, ef ríkisstjórnin vildi beita sér fyrir, að myndarlegt átak yrði gert í þessum efnum á Austurlandi. Hér er sérstaklega bent á Austurland, vegna þess að síldin virðist nú halda sig þar einna mest, og svo er þar lítið um atvinnu að vetrarlagi, einkum á norðlægari fjörðunum. Slíkur iðnaður væri tilvalinn til að bæta þar úr árstíðabundnu atvinnuleysi.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi lítið breytt, en varð þá ekki útrædd.

Ed. 95. Frumvarp til laga [74. mál]

um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Lög nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum, breytast svo sem hér segir frá gildistöku þessara laga:

A. Af þeim innfluttum vörum, sem taldar eru í 2. gr. þessara laga, skal greiða verðtoll samkvæmt því, sem þar er fyrir mælt.

B. Eftirtalin gjöld eru felld niður á vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.:
   a. Vörumagnstollur samkvæmt tollskrárlögum nr. 90/1954, ásamt 340% álagi á hann samkvæmt b-lið A-liðar í I. tölulið 4. gr. laga nr. 79/1960, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.
   b. 80% álag á verðtoll samkvæmt B-lið í I. tölulið laga nr. 79/1960.
   c. Innflutningsgjald samkvæmt 10. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

2. gr.

Þá er fluttar eru til landsins vörur í eftirtöldum köflum og númerum tollskrár þeirrar, sem fjármálaráðuneytið gaf út 1959, skal greiða af vörunum verðtoll sem hér segir:

	Verðtollur %
Kafli nr. 6	
Blómlaukar í nr. 8	70
Kafli nr. 20	
Ávextir, vörur úr ávöxtum og grænmeti í nr. 1—2, 4—6 og 11—12	92
Kafli nr. 21	
Kryddvörur, súpuefni og aðrar matvörur í nr. 3, 4b, 5a og 5b	70
Kafli nr. 31	
Snyrtivörur í nr. 17—18 og 20—24	92
Kafli nr. 37	
Hanzkar og vettlingar úr skinni og leðri í nr. 3 og töskur, veski og aðrar vörur úr skinni og leðri í nr. 8	62
Kafli nr. 38	
Loðskinn unnin en ósaumuð í nr. 2	62
Vörur úr loðskinnum í nr. 3	70
Kafli nr. 39A	
Fatnaður úr plasti í nr. 8	70
Alls konar töskur, veski, buddur og hylki úr plasti, ót. a., er færist í nýtt tollskrárnúmer: 10a í sama kafla	62
Kafli nr. 40	
Jólatré í nr. 20 og vörur úr tré í nr. 59	92
Kafli nr. 46A	
Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar úr silki í nr. 6	70
Silkivefnaður í nr. 11b	62
Kafli nr. 46B	
Vörur úr gerviþráðum í nr. 6, 8—9, 11, 12a og 12c	62
Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar úr gerviþráðum í nr. 7	70
Kafli nr. 47	
Flauel og flos úr ull og ullarvefnaður í nr. 6 og 13	62
Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar úr ull í nr. 7—9	70
Kafli nr. 48	
Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar úr baðmull í nr. 9—11	70
Vörur úr baðmull í nr. 12—13	62
Kafli nr. 49	
Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar úr ýmsum efnum í nr. 12—15	70
Kafli nr. 50	
Vefnaðarvara úr gerviþráðum yfirdregin o. s. frv. í nr. 34a	62
Kafli nr. 51	
Prjónavoð úr silki og úr gerviþráðum og fatnaðarvörur prjónaðar úr ull, baðmull o. s. frv. í nr. 1, 7, 15, 17, 21, 23, 29	62
Fatnaðarvörur prjónaðar úr silki og gerviþráðum í nr. 3, 5 og 9—11	70
Heilsokkar kvenna úr gerviþráðum, er færast í nýtt tollskrárnúmer: 8a í sama kafla	30
Aðrir sokkar úr gerviþráðum, er færast í nýtt tollskrárnúmer: 8b í þessum kafla	70
Kafli nr. 52	
Fatnaður í nr. 1a, 1b, 3b, 3c, 4, 5a, 5b, 5c, 6, 7a, 7b, 7c, 9a, 9b, 9c, 10, 15c, 20—25	70
Fatnaður í nr. 2, 11a, 11b, 11c, 14c, 16c	62

	Verðtollur %
Kafli nr. 54	
Kvenskór í nr. 1—4 í þessum kafla, sem færast eftir efninu í þessi fjögur nýju númer: 1a, 2a, 3a og 4a í sama kafla	54
Kafli nr. 55	
Hattar og húfur í nr. 1—8 og 9	70
Tilsniðin hattaefni í nr. 8a	62
Kafli nr. 58	
Vörur úr steini og steinkenndum efnum í nr. 30	92
Kafli nr. 59	
Baðker, þvottaskálar og aðrar vörur úr leir í nr. 7	54
Vörur úr leir í nr. 10	92
Kafli nr. 60	
Vörur úr gleri í nr. 25	92
Kafli nr. 63	
Baðker, salerni og aðrar vörur úr járni og stáli í nr. 88b	54
Kafli nr. 71	
Vörur úr ódýrum málmum í nr. 23	92
Kafli nr. 73	
Lampar og ljósakrónur í nr. 55—57	70
Kafli nr. 77	
Ljósmyndavélar og hlutar til þeirra í nr. 9	30
Kvikmyndatökuvélar og sýningarvélar í nr. 10—11	50
Kafli nr. 78	
Úr og hlutar til þeirra í nr. 1—3	30
Kafli nr. 79	
Hljóðfæri í nr. 1, 3, 5 og 7	50
Grammófónplötur í nr. 11b	70
Kafli nr. 82	
Vörur úr tilbúnum perlum, kóralli og plastiskum efnum í nr. 1—2 og 8	92
Kafli nr. 84	
Íþróttatæki og fiskistengur í nr. 1 og 11	50
Leikföng í nr. 2a, 2b og 2c	62
Jólatrésskraut í nr. 6	92
Kafli nr. 85	
Hnappar til fata í nr. 1	62
Sjálfblekungar, skrúfblýantar og aðrar vörur í nr. 2	50
Kveikjarar, reykjarpípur o. fl. í nr. 3a og 3b	50

Nú rís ágreiningur um það, hvort tiltekin vara skuli vera með þeim verðtolli, sem að framan greinir, og sker þá fjármálaráðherra úr. Er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, að aðflutningsgjöld á innfluttri vöru, sem lög þessi taka til, eru lægri en aðflutningsgjöld á efnivöru í sams konar vöru framleidda innanlands, og er þá fjármálaráðherra heimilt að lækka gjöld á efnivörunni, ef verðmæti hennar er verulegur þáttur í kostnaðarverði innlendu iðnaðarvörunnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um tollskrá o. fl., nr. 62 30. des. 1939, mörkuðu á marga lund tímamót í íslenzkri löggjöf um aðflutningsgjöld.

Steypt var saman í ein lög hinum dreifðu ákvæðum um aðflutningsgjöld og viðaukum við þau og tekin upp í megindráttum flokkun vörutegunda í samræmi við tollskrárfyrirmynd þjóðabandalagsins, en tiltölulega fáar þjóðir höfðu þá fært tollskrár sínar í þann búning.

Á hverri vörutegund voru yfirleitt tvenns konar gjöld, lágur vörumagnstollur og verðtollur, þó voru nokkrar vörutegundir tollfrjálsar með öllu eða báru aðeins vörumagnstoll.

Algengast var að verðtollur væri annað hvort 8% eða 30% eftir því, hvort um hráefni eða fullunna vöru var að ræða, nokkrar vörur báru 2% og allmargar 50%, en sjaldgæft var að vara bæri hærri verðtoll en 50%, þó voru til gjaldflokkarnir 60, 70 og 80%, en til þeirra töldust fáar vörutegundir.

Þá varð og sú meginbreyting, að verðtollur skyldi reiknaður af cifverði vöru, í stað fobverðs svo sem verið hafði áður.

Fyrstu árin eftir að tollskrárlögin tóku gildi voru gerðar á þeim ýmsar breytingar. Var hér einkum um að ræða innbyrðis samræmingu og lagfæringu gjalda á einstökum vörutegundum, sem reynslan leiddi í ljós, að nauðsynlegt var að gera.

En á árinu 1947 verður hér breyting á. Er þá og á næstu árum farið að leggja ýmis gjöld á aðfluttar vörur, auk þeirra gjalda, sem þær báru upphaflega samkvæmt tollskrárlögum. Þykir rétt að rekja þetta nokkuð hér á eftir.

Álag á vörumagnstoll og verðtoll. Með lögum nr. 28/1947 var ákveðið að innheimta skuli vörumagnstoll með 200% álagi og verðtoll með 65% álagi. Undanþegnar þessari hækkun voru nokkrar tilteknar nauðsynjavörur, svo og vín og tóbak.

Með 10. gr. laga nr. 22/1950 var verðtollsálagið lækkað í 45%, eftir gengisbreytinguna, sem gerð var árið 1950. En á hinn bóginn er álag á vörumagnstoll hækkað með lögum nr. 106/1950 í 250%. Þessu er svo enn breytt með lögum nr. 3/1956 á þá lund, að álagið á vörumagnstoll er hækkað í 340% og verðtollsálagið í 80%. Hafa þessi ákvæði verið framlengd síðan.

Söluskattur á innfluttum vörum. Með bráðabirgðalögum nr. 2/1948, um breyting á lögum nr. 128/1947, er lagður söluskattur á innfluttar vörur. Nemur skatturinn 2% af tollverði vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu. Allmargar vörutegundir voru undanþegnar skattinum, einkum helztu rekstarvörur landbúnaðar og sjávarútvegs.

Með lögum nr. 100/1948 er skattur þessa hækkaður í 6% og síðan með lögum nr. 112/1950 í 7% og hefur svo haldizt fram á þennan dag. Til viðbótar þessum skatti var svo með lögum nr. 10/1960 lagður 8% bráðabirgðasöluskattur á innfluttar vörur. Er hann lagður á sama gjaldstofn sem 7% skatturinn og undanþágur hinar sömu.

Innflutningsréttindi bátaútvegsins. Sökum þess, að sum þeirra gjalda, sem síðar voru lögð á innfluttar vörur, eiga rót sína í kerfi því, er á sínum tíma var í daglegu tali nefnt bátagjaldeyriskerfi, þykir eigi verða hjá því komizt að drepa á það í þessu yfirliti, og það því fremur sem hér var í raun réttri um álögur á tilteknar innfluttar vörur að ræða.

Í ársbyrjun 1951 gengu í gildi ákvæði um innflutningsréttindi bátaútvegsins. Hér var eigi um lagasetningu að ræða, heldur samninga milli ríkisstjórnarinnar og samtaka útvegsmanna. Var framkvæmdin ákveðin með reglugerðum frá ári til árs meðan kerfið var í gildi.

Kerfi þetta var í stórum dráttum fólgið í því, að bátaútvegsmenn og vinnslustöðvar bátafisks fengu umráð yfir helmingi (síðar 45%) af söluandvirði útfluttra bátaafurða, annarra en þorskalýsis, síldar- og síldarafurða. Mátti ráðstafa þessum gjaldeyri til kaupa á erlendum vörum, sem voru á sérstökum skilorðsbundnum frílista. Dollarar og svonefndur „E. P. U." gjaldeyrir, sem útflytjendur fengu á þennan hátt til ráðstöfunar, var seldur með 61% álagi en vöruskiptagjaldeyrir með

26% álagi. Seint á árinu 1955 var álagið á dollara og E. P. U. gjaldeyri hækkað úr 61% í 71% og á vöruskiptagjaldeyri úr 26% í 36%.

Á hinum skilorðsbundna frílista voru fjölmargar vörutegundir svo sem ávextir alls konar, grænmeti, kryddvörur, margar vafnaðarvörur og fatnaðarvörur, ýmsar tegundir byggingavara og alls konar rafmagnsvörur.

Var talið, að árið 1952 væru vörur á þessum lista sem svaraði um 14% af heildarinnflutningi til landsins 1950.

Með tilkomu laga nr. 86/1956, um útflutningssjóð o. fl., var bátagjaldeyriskerfið afnumið og hafði þá staðið í sex ár.

Framleiðslusjóður. Með lögum nr. 4/1956, um framleiðslusjóð, var til ársloka 1956 lagt 9% framleiðslusjóðsgjald á innfluttar vörur, miðað við tollverð að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu. Undanþegnar því gjaldi voru sömu vörur og undanþegnar voru söluskatti. Þá var og enn fremur lagt sérstakt gjald, sem nam 30% af tollverði, á nýja og þurrkaða ávexti, ýmis búsáhöld, verkfæri og smíðatól.

Útflutningssjóður. Eins og fyrr segir voru gjaldheimtuákvæði laganna um framleiðslusjóð bundin við árið 1956. Varð því enn þörf nýrra ákvarðana um þessi mál, áður en árið 1957 gengi í garð. Voru nú sett lög um útflutningssjóð o. fl. nr. 86/1956. Með þeim lögum var enn horfið að nýrri gjaldheimtu af innfluttum vörum, enda gert ráð fyrir að bátagjaldeyriskerfið hyrfi úr sögunni, svo og gjöld þau, sem lögð voru á aðfluttar vörur samkvæmt lögum um framleiðslusjóð.

Var nú horfið að því ráði að leggja 16% yfirfærslugjald á flestar greiðslur til útlanda, þar á meðal greiðslur fyrir vörur. Undanþegnar voru þó gjaldi þessu greiðslur fyrir rekstrarvörur landbúnaðar og sjávarútvegs og fáeinar aðrar vörur. Þá var lagt á innflutningsgjald í sex gjaldflokkum: 8%, 11%, 35%, 55%, 70% eða 80% af tollverði vara að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu. Vörur undanþegnar yfirfærslugjaldi voru einnig undanþegnar innflutningsgjaldi, og nauðsynlegustu matvörur voru einnig undanþegnar því gjaldi. Þær vörur, sem á var lagt 35% innflutningsgjald eða hærra, höfðu allar verið áður á hinum skilorðsbundna frílista og því á þeim hið svonefnda bátalistaálag, en auk þess var nú allmörgum vörum bætt við í þessa hágjaldaflokka, þ. á m. öllum pappírs- og pappavörum, öðrum en dagblaðapappír.

Svo var fyrir mælt í lögunum, að 16% yfirfærslugjaldið skyldi ekki meðtalið við ákvörðun verðtolls og söluskatts af innfluttum vörum, en á hinn bóginn skyldi gjaldið talið með við ákvörðun innflutningsgjalds.

Hér var um mjög auknar álögur á aðfluttar vörur að ræða og augljóst, að hið háa innflutningsgjald, sem nú var lagt á margar vörur, jók enn á þann skakka, sem myndazt hafði milli vara innbyrðis í tollskránni, þegar bátagjaldeyririnn kom fyrst til sögunnar.

Þessi lög um útflutningssjóð giltu allt árið 1957 og fram til maíloka árið 1958. Þá tóku gildi ný lög um sama efni nr. 33/1958.

Í stað 16% yfirfærslugjalds á innfluttum vörum, öðrum en rekstrarvörum landbúnaðar og sjávarútvegs, kom nú til yfirfærslugjald á allar innfluttar vörur. Nam það gjald 30% á fobverð helztu nauðsynja almennings og 55% á fobverð allra annarra vara, án undantekninga.

Samkvæmt lögunum var innflutningsgjald sem fyrr reiknað af tollverði vara (yfirfærslugjald meðtalið) að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu, en vegna hækkunar yfirfærslugjalds úr 16% í 55% voru nú tveir lægstu innflutningsgjaldsflokkarnir, 8 og 11%, felldir niður, en í þeim flokki hafði meiri hluti innflutningsins verið.

Vegna þess, að innflutningsgjaldið kom nú á miklu hærri gjaldstofn en áður, svo og þess, að tekjur jukust af verðtolli og yfirfærslugjaldi, voru hundraðstölur innflutningsgjaldsins lækkaðar þannig frá því, sem áður hafði verið: Vörur, sem báru 35% innflutningsgjald, voru settar í 22%, vörur með 55% í 40% og vörur

með 70 eða 80% í 62%. Ekki voru gerðar neinar tilfærslur milli gjaldflokka og héldust því hinar svo nefndu gjaldháu vörur hinar sömu og áður.

Þau ákvæði, sem nú voru rakin, giltu unz þau voru afnumin með lögum um efnahagsmál, nr. 4/1960,en þau komu í gildi 20. febr. það ár.

Með efnahagsmálalögunum, er yfirfærslugjaldið afnumið, gengisskráningunni breytt og útflutningssjóður lagður niður.

Á hinn bóginn er innflutningsgjaldinu haldið og rennur það nú til ríkissjóðs. Hundraðstölur gjaldsins eru þó enn lækkaðar, þar eð gjaldstofninn hefur hækkað við gengisbreytinguna. Er 62% flokkurinn lækkaður í 40%, 40% flokkurinn í 30% og 22% flokkurinn í 15%.

Niður er fellt innflutningsgjald af nýjum og þurrkuðum ávöxtum og bóka- og skrifpappír, auk tveggja annarra smávægilegra breytinga. Að öðru leyti eru sömu vörur og áður háðar innflutningsgjaldi.

Tollstöðvagjald og gjald í Byggingasjóð ríkisins. Með 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, var ákveðið, að frá 1. janúar 1957 skyldi leggja í sérstakan sjóð til bygginga tollstöðva 1% af vörumagnstolli og verðtolli, ásamt viðaukum, svo og öðrum aðflutningsgjöldum, þó eigi söluskatti né framleiðslusjóðsgjaldi.

Með lögum nr. 98/1956 var framkvæmd þessa ákvæðis frestað og jafnframt ákveðið að innheimta skyldi sem sérstakt gjald 1% af sömu aðflutningsgjöldum til bygginga tollstöðva.

Þetta gjald (tollstöðvagjald) hefur verið framlengt árlega og er enn í gildi.

Þá er enn fremur samkv. l. nr. 42/1947 innheimt aukalega 1% álag á vörumagns- og verðtoll með viðaukum. Rennur gjald þetta í Byggingasjóð ríkisins.

Niðurfelling aðflutningsgjalda á kornvörum, kaffi og sykri. Þá er og þess að geta, að um mörg undanfarin ár hafa verið í lögum heimildir fyrir ríkisstjórnina til þess að fella niður aðflutningsgjöld af kornvörum, kaffi og sykri. Hafa þessar heimildir jafnan verið notaðar og framlengdar um eins árs bil í senn, sbr. nú l. nr. 79/1960.

Hér á undan hefur nú verið rakið, hvernig gjöld á aðfluttum vörum hafa smám saman verið hækkuð með einu eða öðru móti, frá því að tollskrárlögin voru sett í árslok 1939.

En nú er svo komið, að auk *vörumagnstolls og verðtolls* samkvæmt tollskrá, hvíla nú á meiri hluta aðfluttra vara *álag á þessi gjöld* (340% á vörumagnstoll og 80% á verðtoll) og *innflutningssöluskattur* 15%, lagður á tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu. Þá er og til viðbótar þessum gjöldum á mörgum vörutegundum sérstakt *innflutningsgjald* mismunandi hátt, sem miðað er við tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu.

Auk þess er svo 1% *tollstöðvagjald* og 1% *gjald í Byggingasjóð ríkisins,* sbr. það, sem áður segir.

Enn fremur eru innheimt sérstök aðflutningsgjöld af nokkrum vörum. Er þar um að ræða innflutningsgjald af benzíni og hjólbörðum og eftirlitsgjald af rafmagnsvörum og nokkrum matvörum.

Gjöld þessi hafa verið lögð á við mismunandi aðstæður og ýmist til þess að bæta úr tekjuþörf ríkissjóðs sjálfs eða til þess að afla fjár til styrktar atvinnuvegunum.

Oftast hefur löggjöf um þetta efni verið undirbúin með skömmum fyrirvara, og hefur bæði af þeim sökum og svo því, að oft varð að tryggja tiltekna lágmarkstekjuöflun, án þess að gengið væri í álögum of nærri brýnum nauðsynjum, orðið ósamræmi í gjöldum á einstakar vörutegundir, en það hefur svo leitt til ýmissa vandkvæða í framkvæmd. Má segja, að sá grundvöllur, sem sjálf tollskráin á að vera, sé orðinn stórlega skekktur. En alvarlegast er þó, að heildaraðflutningsgjöld á flestum vörum eru nú orðin svo há, að þess munu vart dæmi annars staðar í vestrænum löndum.

Alveg skera sig úr þær vörur, sem háðar eru innflutningsgjaldi. Á mörgum þeirra eru heildargjöld svo há að gera verður ráð fyrir, að allar tiltækilegar leiðir séu að meira eða minna leyti reyndar til þess að komast hjá að greiða þau, þótt slíkt hafi verulega áhættu í för með sér.

Reynslan bendir til þess, að jafnskjótt og gjöld á aðfluttum vörum hækkuðu verulega umfram það, sem ákveðið var upphaflega í tollskrárlögum, hafi ólöglegur innflutningur hátollavara aukizt, án þess að tollyfirvöld fengju rönd við reist. Undir þessa þróun hefur og ýtt, að tilteknar vörur hefur einungis verið leyft að kaupa frá vöruskiptalöndum. Er nú svo komið, að hér er orðið um stórfellt vandamál að ræða, sem einskis má láta ófreistað til þess að vinna bug á.

Það langalvarlegasta í þessu efni er, að talið er, að verulegu magni hátollavara sé smyglað til landsins í því skyni að selja þær. Er þetta sérstaklega áberandi um ýmsar fatnaðarvörur, svo sem kvensokka, enn fremur úr og aðrar vörur, sem auðvelt er að smygla. Verzlunarskýrslur undanfarinna ára sýna, að löglegur innflutningur tiltekinna vörutegunda hefur sífellt farið minnkandi frá ári til árs, enda þótt vitað sé, að notkun slíkra vara hljóti að aukazt, eftir því sem landsmönnum fjölgar.

Áhafnir flugvéla og skipa svo og ferðafólk hefur með leyfi tollgæzlunnar eða a. m. k. átölulaust af henni haft með sér í farangri sínum til landsins vörur keyptar erlendis, án þess að greiða af þeim aðflutningsgjöld, ef vörur þessar hafa verið taldar til einkaþarfa og um lítið magn að ræða hverju sinni.

Þegar litið er til þess, að árlega munu koma til landsins um 30—40 þúsund farþegar og áhafnarmeðlimir, verður hér um verulegt magn að ræða í heild og stafar það ekki síst af því, að ýmsar vörur, sem almennt eru í farangri manna, svo sem fatnaður, hefur verið mun hagkvæmara að kaupa erlendis en hér á landi. Má búast við, að eitthvað dragi úr þessum kaupum vegna þeirrar verðlækkunar, sem leiðir af þessu frv.

Nú er eðlilegt, að spurt sé, hvað hér sé hægt að gera til úrbóta. Ekki leikur á tveim tungum, að orsök þessa ófremdarástands er fyrst og fremst sú, hve aðflutningsgjöld hér á landi eru orðin há og þar af leiðandi, hve ábatasamt það er, ef hægt er að koma vöru inn í landið án greiðslu þessara gjalda. Er verðmunur á vöru, sem lögboðin gjöld eru greidd af, og hinni, sem smyglað er til landsins, svo mikill, að jafnvel þótt smyglvara sé keypt í smásölu erlendis er um verulegan ágóða að ræða. Það er því augljóst mál, að öruggasta leiðin til þess að vinna bug á þessum ósóma er að minnka þennan verðmismun, og þar með ágóðavon smyglarans.

Þetta er einfaldast að gera með því að lækka aðflutningsgjöld á þeim vörum, sem gjaldhæstar eru og því talin mest hætta á að reynt sé að koma til landsins, án þess að tollar séu af þeim greiddir.

Einhver kynni að spyrja, hvort ekki bæri fyrst og fremst að efla og bæta tollgæzluna og hindra með þeim hætti, að brotin væru gildandi lög og fyrirmæli um þetta efni. Þessu er því til að svara, að vitanlega er sjálfsagt að efla tollgæzluna svo sem framast er unnt, enda stöðugt unnið að því. En hversu öflug sem tollgæzlan er, þá er henni fengið vonlaust verk í hendur við þær aðstæður, sem nú eru í þessum málum hér á landi. Það er reynsla allra þjóða, að smygl verður ekki upprætt, ef það gefur mikið í aðra hönd, þótt því fylgi mikil áhætta. Sama mun raunin verða hér.

Fjármálaráðherra hefur því um nokkurt skeið látið framkvæma rækilega athugun á þessum málum í því skyni, að valdir væru úr tollskránni ýmsir flokkar hátollavara og lækkuð á þeim aðflutningsgjöld. Eru tillögur þær, sem fram koma í þessu frv., niðurstaða þeirrar athugunar. Vöruflokkar þeir, sem frv. tekur til, eru fyrst og fremst miðaðir við þær vörur, sem talið er að fluttar séu ólöglega til landsins, eða ferðamenn og áhafnir skipa og flugvéla sækist eftir að kaupa erlendis. En auk þess hefur þótt rétt að lækka aðflutningsgjöld á nokkrum öðrum vörum, sem teljast til nauðsynja og bera nú heildaraðflutningsgjöld hærri en

100%. Það er að sjálfsögðu mikið álitamál, hversu mikil gjaldalækkun þurfi að vera svo verulegs árangurs sé að vænta af ráðstöfunum eins og þeim, sem hér er lagt til, að gerðar verði.

Vissulega hefði verið æskilegt að geta gengið feti framar en lagt er til í frv., en hér hefur m. a. orðið að taka tillit til þess, hver áhrif lækkunin hefur á aðstöðu innlendra iðngreina, sem árum saman hafa búið við þá miklu vernd, sem hinar háu álögur hafa veitt.

Þess er vænzt, að ríkissjóður verði ekki fyrir tekjutapi, þótt aðflutningsgjöld séu lækkuð svo sem lagt er til í frv. þessu. Má telja víst, að lækkunin stuðli að því að meira komi af vörum þessum á löglegan hátt til landsins og vegi þannig upp þá lækkun, sem gerð er á gjaldtöxtunum.

Rétt hefur þótt að takmarka gildistíma væntanlegrar lagasetningar, þannig að hún gildi til ársloka 1962, enda er búizt við, að þá verði lokið þeirri heildarendurskoðun tollskrárinnar, sem nú er unnið að.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að taka fram það, sem hér fer á eftir:

Um 1. gr.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að á vörum þeim, sem þar eru taldar, komi verðtollur einn í stað verðtolls og vörumagnstolls skv. tollskrá, ásamt gildandi viðaukum, svo og innflutningsgjalds samkv. 10. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál. Innflutningssöluskattur, tollstöðva- og byggingasjóðsgjald, svo og rafmagnseftirlitsgjald og matvælaeftirlitsgjald, verða óbreytt að sinni.

Um 2. gr.

Það skal tekið fram, að þegar hér á eftir er talað um, að heildargjöld á vöru, sem frv. tekur til, verði ákveðin hundraðstala, þá er átt við verðtoll samkv. frv. að viðbættum þeim gjöldum, sem talin eru í niðurlagi athugasemda við 1. gr. (innflutningssöluskatti o. s. frv.). Þetta þýðir, að þegar hér er talað um lækkun heildargjalda í 125%, samsvarar það í frv. 92% verðtolli, 100% samsvara 70%, 90% samsvara 62%, 80% samsvara 54%, 75% samsvara 52%, 52% samsvara 30%.

Lækkun aðflutningsgjalda á einstökum vörum er mismunandi eftir því, hve há þau eru fyrir og því, hvers konar vörur er um að ræða. Óhjákvæmilegt er að færa niður gjöld á nokkrum vörum, sem notaðar eru til iðnaðarframleiðslu innanlands, því að ella eru annmarkar á að færa niður gjöld á tilbúnum vörum úr þeim efnivörum eins og nauðsynlegt er talið. Hér má nefna sem dæmi, að heildargjöld á vefnaði úr gerviþráðum í kafla nr. 46B eiga, ef frv. verður að lögum, að lækka úr 132% eða 108% í 90%, enda er gert ráð fyrir, að heildargjöld á tilbúnum vörum úr þessu efni verði 100%. Heildargjöld á ullardúk í kafla nr. 47 eiga af sömu ástæðu að lækka úr 106% í 90%, og gjöld á prjónavoð úr gerviþráðum í kafla nr. 51 úr 132% í 90%. Af sömu ástæðu er gert ráð fyrir, að heildargjöld á hnöppum og tölum til fata lækki úr 132% í 90%. Á flestum öðrum vörum, sem frv. tekur til, er um að ræða miklu meiri lækkun gjalda, og skal nú gerð grein fyrir, hver hún er á helztu vörunum. Í því sambandi skal tekið fram, að núgildandi gjaldprósenta getur, m. a. vegna vörumagnstollsins, ekki verið fyllilega nákvæm. Heildargjöld á niðursoðnum ávöxtum og fleiri ávaxtavörum, svo og á niðursoðnu grænmeti, eiga samkvæmt frv. að lækka úr um 190% í 125%, en gjöld á kryddvörum og súpuefni úr 150% í 100%. Gjöld á snyrtivörum lækka yfirleitt úr 300—310% í 125%. Gjöld á hönzkum og töskum úr skinni eiga að lækka úr 155% í 90%, og á töskum úr plasti úr 132% í 90%. Heildargjöld á gólfteppum úr hvers konar efni eru nú 214%, en eiga samkv. frv. að fara í 100%. Gjöld á peysum og öðrum prjónuðum ytri fatnaði úr ull, gerviþráðum og baðmull eiga að lækka úr 155% í 100% eða 90%, og gjöld á öðrum ytri fatnaði úr baðmull úr 155% í 90%. Á öðrum ytri fatnaði eiga heildargjöld að nema 100%, og er þar um að ræða lækkun annað hvort úr 180—185% eða úr 145—155%. Gjöld á nærfatnaði úr gerviþráðum

eiga að lækka úr 160% í 100%. Á nylonsokkum kvenna hafa heildaraðflutningsgjöld verið 132%, eiga að lækka í 52%. Heildargjöld á manchettskyrtum eru nú 125%, eiga að lækka í 100%. Þá er þess að geta, að lagt er til, að gjöld á kvenskóm lækki úr 103% í 80%. Af öðrum gjaldalækkunum má nefna þessar: Baðker, þvottaskálar og þess háttar vörur úr leir og járni og stáli úr 109% í 80%, lampar og ljósakrónur úr 148% í 100%, ljósmyndavélar og sýningarvélar fyrir kvikmyndir úr 155% í 52% og 75%, kvikmyndatökuvélar o. fl. úr 106% í 75%, vasaúr og armbandsúr úr 207%í 52%, píanó og orgel og nokkur önnur hljóðfæri úr 106% í 75%, grammófónplötur úr 228% í 100%, íþróttatæki úr 159% í 75%, leikföng yfirleitt úr 138% í 90%, jólatré úr 250% í 125%, reykjarpípur o. fl. úr 186% í 75%.

Um 3. gr.

Af ástæðum, sem annars staðar hafa verið raktar, er í frv. lagt til, að lækkuð verði verulega aðflutningsgjöld á allmörgum fullunnum innfluttum vörum. Vegna þess ósamræmis, sem víða má finna nú orðið um álögur á innfluttar vörur, er hugsanlegt, að í einstökum tilvikum komi í ljós eftir þessar lækkanir, að efnivara geti borið hærri aðflutningsgjöld en samsvarandi erlend fullunnin vara. Þykir af þessum sökum rétt að veita ráðherra heimild þá, sem gr. fjallar um, ef efnivaran er verulegur þáttur í kostnaðarverði hinnar fullunnu vöru.

Nd. 96. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Í 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, sem verði 3. töluliður, svo hljóðandi:

Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 5000000.00 auk þess framlags, er áður greinir.

2. gr.

4. gr. laganna breytist þannig:

a. 3. málsgr. orðist svo:

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, og mega þau nema allt að 90% af kostnaðarverði eignarinnar, en skulu aldrei nema minna en 65% af kostnaðarverði hennar. Lánin séu affallalaus. Þau endurgreiðast með jöfnum árlegum greiðslum á 50—75 árum.

b. Ákvæði greinarinnar um C.-flokk lána orðist svo:

C.-flokkur: Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 50 ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meginbreytingar þær, sem felast í þessu frv., á löggjöfinni um verkamannabústaði eru þessar:

1. Ákveðið er nýtt framlag ríkisins til byggingarsjóðsins, er nemi árlega 5 milljónum króna.
2. Ákveðið er, að lán úr sjóðnum skuli aldrei nema lægri upphæð en 65% af kostnaðarverði viðkomandi eignar.
3. Lágmarkstími lána er lengdur úr 42 árum í 50 ár.

Það er tilgangur laganna um verkamannabústaði að hjálpa þeim, sem eru efnaminnstir og lægst launaðir, til að eignast eigin íbúðir. Því voru þau ákvæði sett, að lánin mættu vera allt að 90% af kostnaðarverði viðkomandi eignar og lánstíminn 42—75 ár. Þessum ákvæðum var nokkurn veginn fylgt í upphafi, en mjög hefur skort á, að það hafi verið gert hin síðari ár. Stafar það jöfnum höndum af fjárskorti byggingarsjóðsins og síhækkandi byggingarkostnaði.

Til sönnunar um þetta má nefna eftirfarandi:

Árið 1955 var byrjað á fjölbýlisbyggingum á vegum byggingarfélagins hér í Reykjavík. Hafa nú verið reist þrjú slík fjölbýlishús, hvert með 32 íbúðum, eða 28 þriggja herbergja íbúðum og 4 tveggja herbergja íbúðum. Stærri íbúðirnar eru 82 fermetrar, en hinar minni 60 fermetrar.

Flutt var í fyrstu fjölbýlisbygginguna um áramótin 1956—57. Þriggja herbergja íbúð kostaði þá 265 þús. kr., og lánaði byggingarsjóðurinn þá 150 þús. kr. út á slíka íbúð. Útborgun kaupanda nam samkvæmt því 115 þús. kr.

Næsta sambýlishús var fullgert 1959. Þriggja herbergja íbúð kostaði þá 320 þús. kr. Sjóðurinn lánaði þá 150 þús. kr., svo að útborgun kaupanda varð 170 þús. kr.

Þriðja sambýlishúsið var fullgert í sumar. Í því kostar þriggja herbergja íbúð 360 þús. kr., en lán sjóðsins verður 160 þús. kr. Útborgun kaupanda verður þá 200 þús. kr.

Nýlega hefur verið byrjað á fjórða fjölbýlishúsinu. Ráðgert er, að þar muni þriggja herbergja íbúð kosta yfir 400 þús. kr., en lán sjóðsins haldist óbreytt, eða 160 þús. kr. Útborgun kaupanda verður þá 240 þús. kr.

Hér er vissulega um miklu meiri útborganir að ræða en efnalitlir fjölskyldumenn geta innt af höndum, eins og nú er komið málum.

Frv. það, sem hér er flutt, er því byggt á fyllstu nauðsyn. Æskilegt hefði verið, að öll löggjöfin um verkamannabústaði hefði verið tekin til rækilegrar endurskoðunar með það fyrir augum, að sú starfsemi, sem byggist á henni, yrði stórlega efld og aukin. Hér er aðeins stefnt að því að leysa úr mest aðkallandi þörf.

Samhljóða frv. var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Þess ber að vænta, að það hljóti betri undirtektir nú.

Ed. 97. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um jarðgöng á þjóðvegum.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi. Meiri hl., sem er sömu menn og flutt hafa frumv., mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Undirritaður bendir á, að öll lagaákvæði varðandi vegi eru nú í endurskoðun hjá stjórnskipaðri nefnd samkvæmt þingsályktun frá síðasta Alþingi. Eins og sakir standa, verður að búast við, að sú nefnd skili áliti og frumvarpi til laga um vegi, áður en þingi lýkur í vetur.

Ég tel því, að eðlileg afgreiðsla þessa máls sé að vísa því til þeirrar nefndar til athugunar og umsagnar, áður en deildin tekur fullnaðarafstöðu til þess.

Göng gengnum fjöll eða undir ár eru einn þáttur vegagerðar, og lagaákvæði þar að lútandi eiga að eðlilegum hætti heima í heildarlagabálki um samgöngur á landi. Verður því að sníða ákvæði um jarðgöng á þjóðvegum þannig, að þau geti fallið inn í það frumv., sem vænta verður að senn komi frá endurskoðunarnefnd vegalaga. Henni er að sjálfsögðu hollt og nauðsynlegt að fá góð ráð og bendingar og tillögur slíkar sem er að finna í frumv. þessu, en þær eru athyglisverðar. Að

mínu áliti er þó naumast tímabært að gera þær að lögum, fyrr en endurskoðunarnefndin hefur fjallað um þær.

Alþingi, 13. nóv. 1961.

Bjartmar Guðmundsson.

Sþ. 98. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um stofnun bankaútibús í Húsavík.

Flm.: Páll Kristjánsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að sett verði upp bankaútibú í Húsavík.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa Húsvíkingar allmikið til þess reynt að fá bankaútibú í Húsavík. Hafa jafnvel farið fram víðtækar undirskriftir meðal þeirra, sem hafa með höndum atvinnurekstur og viðskiptamál á staðnum, til áherzlu óskum Húsvíkinga í þessu efni. Enn fremur hefur bæjarstjórn Húsavíkur látið þetta mál til sín taka. Þeir bankar, sem til hefur verið leitað í þessu sambandi, hafa þó ekki orðið við óskum Húsvíkinga að þessu leyti.

Atvinnulíf er nú orðið það umfangsmikið í Húsavík, sem og verzlun og viðskipti, að það veldur miklum óþægindum að þurfa að sækja bankaviðskipti til Akureyrar, enda oft á vetrum ekki auðfarið þangað sökum samgönguerfiðleika. Þá er og stórt hérað, sem sækir viðskipti til Húsavíkur, og telja má líklegt, að Norður-Þingeyjarsýsla mundi sækja bankaviðskipti til Húsvíkur, ef slíkra viðskipta væri þar kostur.

Í Húsavík eru nú á sextánda hundrað íbúar og vissulega skilyrði til mikillar fólksfjölgunar, ef þau verkefni verða leyst, sem þar eru skilyrði til. Líta Húsvíkingar svo á, að bankaútibú á staðnum mundi auðvelda atvinnurekstur á staðnum og viðskipti og ýta undir nauðsynlega þróun og framkvæmd brýnna verkefna.

Ed. 99. Frumvarp til laga [77. mál]

um Hæstarétt Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

I. KAFLI

1. gr.

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll lýðveldisins.

Hæstiréttur hefur aðsetur í Reykjavík. Þó má halda dómþing annars staðar, ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

Hæstarétt skipa fimm dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins.

Forseti Íslands skipar dómara, en þeir kjósa sér forseta til eigi skemmri tíma en eins árs í senn og varaforseta til sama tíma.

3. gr.

Synódalréttur er æðsti dómstóll í málum, sem að lögum liggja undir kirkjudóm í héraði.

Synódalrétt skipa fimm dómarar, forseti Hæstaréttar, sem formaður, tveir hæstaréttardómarar, hinir elztu að embættisaldri, og tveir guðfræðingar, er Hæstiréttur kveður til.

4. gr.

Nú víkur hæstaréttardómari sæti í máli, forfallast frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra að fengnum tillögum dómsins dómara í hans stað prófessor í lögum við Háskóla Íslands, hæstaréttarlögmann eða héraðsdómara, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður dómari í Hæstarétti, og er rétt, að setning gildi hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skylt er nefndum aðiljum að taka við setningu.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa dómurum, er taka sæti í dóminum í einstöku máli eða til bráðabirgða eftir þessari grein, fyrir hvert mál, er þeir taka þátt í dómi eða úrskurði.

5. gr.

Þann einn er rétt að skipa hæstaréttardómara, sem:

1. Fullnægir almennum dómaraskilyrðum.
2. Hefur lokið embættisprófi í lögum með fyrstu einkunn.
3. Hefur náð 30 ára aldri.
4. Hefur verið þrjú ár hið skemmsta prófessor í lögum við Háskóla Íslands, hæstaréttarlögmaður, hæstaréttarritari, héraðsdómari, ráðuneytisstjóri, lögreglustjóri í Reykjavík eða fimm ár fulltrúi í Dómsmálaráðuneytinu, fulltrúi saksóknara ríkisins eða fulltrúi héraðsdómara í kaupstöðum landsins og starfað sjálfstætt að dómsmálum.

Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar mega ekki samtímis eiga dómarasæti í Hæstarétti.

Áður en dómaraembætti er veitt, skal leita umsagnar dómsins um dómaraefni.

6. gr.

Hæstaréttardómari víkur úr dómarasæti, ef:

1. Hann er aðili máls eða mál varðar hann að mun fjárhagslega eða siðferðislega.
2. Hann er fyrirsvarsmaður aðilja, hefur flutt málið eða leiðbeint aðilja í því.
3. Hann er skyldur eða mægður aðilja eða í kjörsifjum við hann að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki eða fyrrverandi maki, niðji systkinis aðilja eða gagnkvæmt eða mægður með sama hætti, unnusti eða unnusta, fósturforeldri eða fósturbarn. Telja skal mægðir haldast, þótt sifjum þeim, sem þær helgast af, sé lokið.
4. Hann hefur borið vitni um málsatvik eða verið skoðunar eða matsmaður í máli.
5. Hann hefur verið héraðsdómari, gerðardómsmaður um sakarefni eða látið í ljós álit sitt um það sem opinber sýslunarmaður.
6. Hann er svo venzlaður vitni sem í 3. tölulið segir, enda sé krafizt úrskurðar um skyldu vitnis eða heimild til að bera vitni eða heitfesta skýrslu. Sama gildir, ef úrskurða skal um skyldu eða heimild jafnvenzlaðs mats- eða skoðunarmanns til að framkvæma gerð eða staðfesta hana og um skyldu jafnvenzlaðs manns til að láta í té sakargögn.
7. Mál varðar venzlamenn samkvæmt 3. tölulið að mun siðferðislega eða fjárhagslega.
8. Hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

9. Horf hans við aðilja eða sakarefni er slíkt, að hætta er á því, að hann fái eigi litið óhlutdrægt á málavexti.

7. gr.

Aðiljar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í Hæstarétti geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli af ástæðum þeim, er í 6. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

8. gr.

Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður aðra starfsmenn dómsins. Hæstaréttarritari skal hafa lokið embættisprófi í lögum og fullnægja að öðru leyti almennum dómaraskilyrðum.

9. gr.

Hæstaréttarritari hefur þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til Hæstaréttar.
2. Heldur bækur Hæstaréttar.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit af bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómskjölum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf vinnur hæstaréttarritari fyrir Synódalrétt.

10. gr.

Hæstiréttur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, hvaða dag það skuli þingfesta, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

11. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum Hæstaréttar, hvaða dag og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hvenær þingleyfi skuli vera.

II. KAFLI

12. gr.

Rétt er að skjóta til Hæstaréttar málum samkvæmt því, er í lögum segir.

13. gr.

Haldast skulu ákvæði um málsskot í lögum um meðferð opinberra mála.

Rétt er að skjóta til Hæstaréttar úrlausn héraðsdóms í einkamáli, enda banni sérákvæði í lögum það eigi. Nú varðar mál fjárkröfu einkaréttareðlis, og er það áfrýjunarskilyrði, að fjárhæð hennar nemi verðmæti, metið til peninga, kr. 5000.00.

Ákvæði héraðsdóms um kostnað af máli verður eigi skotið til Hæstaréttar, nema í sambandi við áfrýjun dóms eða dómsathafnar.

14. gr.

Áfrýjunarfjárhæð skal ákveða eftir kröfugerð í áfrýjunarstefnu. Nú eru réttilega sóttar saman í máli fleiri kröfur en ein, og skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Nú er krafa höfð uppi, en gagngreiðsla jafnframt boðin, og skal eigi litið til gagngreiðslunnar við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar.

15. gr.

Nú varðar krafa innstæðuréttindi, greiðslur, er inna skal af hendi með vissu millibili, kvaðir, afnotaréttindi, ógildingu á skjölum, eignarréttindi yfir fasteign, gildi réttinda o. s. frv., og ákveður Hæstiréttur, að fenginni umsögn aðilja, hvort verðmæti hagsmuna, sem í húfi eru, skuli í því máli teljast nema áfrýjunarfjárhæð.

16. gr.

Rétt er Hæstarétti að leyfa áfrýjun máls, þó að sakarefni nemi eigi áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 13. gr., enda séu úrslit málsins mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja. Áður en ákvörðun er tekin um, hvort slíkt leyfi skuli veita, skal gefa aðiljum kost á að tjá sig um málið.

17. gr.

Hvarvetna þess sem heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 13.—16. gr., eftir því sem við á.

18. gr.

Skjóta má dómsathöfn til Hæstaréttar í því skyni, að mál verði ómerkt, því verði vísað frá héraðsdómi, því verði vísað heim til löglegrar meðferðar, dómsathöfn verði breytt að efni til eða hún staðfest.

19. gr.

Rétt er, að máli sé áfrýjað af hendi beggja eða allra aðilja, en áfrýjunarmálin ber að sameina og flytja í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Afsal á rétti til áfrýjunar, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður eigi gefið, fyrr en genginn er dómur sá eða úrskurður, sem afsalið á að taka til.

20. gr.

Dómsathöfnum þeim, sem eigi sæta kæru til æðra dóms samkvæmt 21. gr., má áfrýja innan þriggja mánaða frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar. Haldast skulu þó ákvæði 96. gr. skiptalaga nr. 3 12. apríl 1878, lögtakslaga nr. 29 16. desember 1885, 11. gr., uppboðslaga nr. 57 25. maí 1949, 4. gr., laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 39 27. júní 1921, 99. gr., og önnur sérákvæði í lögum um áfrýjunarfrest.

Áfrýjunarleyfi í málum þeim, er í 1. mgr. 1. málslið segir, getur dómsmálaráðherra veitt næstu 4 mánuði til viðbótar, enda sé slíks leyfis getið í áfrýjunarstefnu, er taka skal út á næstu fjórum vikum eftir útgáfu leyfis, sem annars kostar er fyrirgert.

Nú áfrýjar aðili máli, og er gagnaðilja rétt að gagnáfrýja á næstu þremur vikum, þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn.

Rétt er dómsmálaráðherra, þótt frestur samkvæmt 2. mgr. sé liðinn, að veita leyfi til áfrýjunar máls allt að tvö ár frá lokum dómsathafnar, ef ríkar ástæður eru til þess og Hæstiréttur mælir með því.

21. gr.

Kæru til Hæstaréttar sæta:

1. Dómsathafnir þær, er í lögum segir.
2. Úrskurðir skiptaréttar, þar á meðal úrskurðir í sambandi við nauðasamninga, nema úrskurðir um:
   a. Töku bús til gjaldþrotaskipta, meðan skuldunautur lifir.
   b. Réttmæti kröfu til greiðslu eða eigna í bú og sæti kröfu í kröfuflokki.
   c. Hvaða eignir draga skuli undir skipti.
   d. Riftingu ráðstafana, að svo miklu leyti sem þau atriði kunna að koma undir úrlausn skiptaréttar.
   e. Skiptagerðin sjálf.
3. Úrskurðir fógetaréttar, nema:
   a. Um það, hvort fógetagerð skuli yfirleitt fara fram eða ekki.
   b. Til hvaða verðmæta hún skuli ná.
   c. Fógetagerðin sjálf.
4. Úrskurðir uppboðsréttar, nema:
   a. Um það, hvort uppboð skuli yfirleitt fara fram eða ekki.
   b. Hvaða verðmæti skuli selja.
   c. Uppboðsgerðin sjálf.
   d. Hverjir skuli fá uppboðsandvirði greitt og hversu mikið hver.
   e. Útgáfa uppboðsafsals á fasteign eða skipi.

22. gr.

Áfrýjanda ber að afhenda hæstaréttarritara áfrýjunarstefnu fyrir lok áfrýjunarfrests eða áður fjórar vikur séu liðnar frá veitingu áfrýjunarleyfis samkvæmt 2. og 4. mgr. 20. gr.

Í stefnu skal greina:

1. Þann dóm eða dómsathöfn, sem skotið er til Hæstaréttar, og skal dómsorð eða ályktarorð tekið orðrétt í stefnu.
2. Nöfn áfrýjanda og stefnda, stöðu þeirra og heimili.
3. Í hvaða skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir.
4. Í hvaða starfsmánuði Hæstaréttar þingfestingar máls er óskað.

Nú er farið fram á óhæfilega langan frest til þingfestingar, og leggur hæstaréttarritari málið fyrir forseta Hæstaréttar, er ákveður frestinn.

Þingfesta skal mál fyrsta þingdag þess mánaðar, sem stefnt er til, en rétt er forseta Hæstaréttar að ákveða annan þingfestingardag, þegar sérstaklega stendur á.

Hæstaréttarritari gefur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins og áritar hana um þingfestingardag.

23. gr.

Stefnufest til Hæstaréttar skal miða við þingfestingardag samkvæmt 22. gr. Frestur skal fara eftir lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði. Hæstaréttarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum.

24. gr.

Ef mál, sem skotið hefur verið til Hæstaréttar innan lögmælts áfrýjunarfrests, fellur þar niður, er fellt niður eða því er vísað þar frá dómi, er aðilja rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 20. gr. sé liðinn, enda sé áfrýjunarstefna gefin út að nýju innan mánaðar frá uppsögu dóms um niðurfellingu máls eða frávísun. Heimild þessari verður eigi beitt oftar en einu sinni.

25. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

26. gr.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, eftir að liðnir eru frestir þeir, er í 1. og 2. mgr. 20. gr. segir.

III. KAFLI

27. gr.

Áfrýjanda ber að koma fyrir Hæstarétt á hinum tiltekna þingfestingardegi og leggja fram áfrýjunarstefnu. Nú lætur áfrýjandi það undir höfuð leggjast, og ber að fella mál niður og dæma stefnda, sem fyrir dóm hefur komið, málskostnað eftir kröfu hans. Sömu meðferð skal hafa, er áfrýjandi mætir eigi á síðari dómþingum eða lætur þá farast fyrir að fylgja málinu fram.

28. gr.

Nú kemur stefndi eigi fyrir dóm við þingfestingu, þótt honum hafi verið birt lögleg stefna, en áfrýjandi leggur fram stefnu og skjöl og flytur mál sitt, og kveður Hæstiréttur upp dóm í málinu. Þessum ákvæðum skal einnig beita, ef stefndi kemur eigi fyrir dóm, er þing skal heyja síðar um mál hans.

Hæstarétti er rétt að leyfa stefnda, sem eigi hefur sótt fyrra dómþing, að taka til varnar í máli með samþykki áfrýjanda eða án þess, ef miklir hagsmunir stefnda eru í húfi.

29. gr.

Veita skal aðiljum frá þingfestingu þriggja mánaða frest, enda telji Hæstiréttur eigi ástæðu til lengri frests eða skemmri, til að afla gagna og gera ágrip dómskjala. Gagnáfrýjun skapar eigi rétt til sjálfstæðs frests í máli, að því er gagnsökina varðar.

30. gr.

Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip dómsgerða héraðsdóms og dómskjala, sem fram koma eftir áfrýjun máls, og leggja það ásamt dómsgerðum héraðsdóms fram á skrifstofu Hæstaréttar fyrir lok þess frests, er í 29. gr. segir, í svo mörgum eintökum sem dóminum nægir, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Nú er máli einungis áfrýjað til staðfestingar, og er nægilegt að leggja fram staðfest endurrit héraðsdóms, nema Hæstiréttur ákveði, að dómsgerðir skuli lagðar fram.

31. gr.

Nú er ástæða til að telja, að formgallar séu á máli, og er rétt að veita aðiljum sérstakan styttan frest frá því, sem í 29. gr. segir, til stuttrar greinargerðar um það efni, þar sem greindar séu málsástæður og rök þeirra um formhlið málsins.

32. gr.

Ágripi samkvæmt 30. gr. skal fylgja samandregin og gagnorð greinargerð hvors eða hvers málsaðilja, er geymi:

1. Kröfugerð hans í málinu, og sé gerð grein fyrir breytingum, er kunna að hafa orðið frá kröfugerð í héraði.
2. Sérstaka tilvísun til þeirra atvika, er eigi hafa áður verið nægilega rakin í málinu og héraðsdómi og aðili hyggst bera fyrir sig.
3. Nákvæma reikningsgerð, ef um hana er að tefla.
4. Upptalningu á sönnunargögnum og einkum þeim, er aflað hefur verið eftir uppsögu héraðsdóms.
5. Málsástæður, er aðili telur eiga að leiða til breytinga á héraðsdómi.

6. Lög þau, sem aðili hyggst vitna til, svo og þau lagarök, er aðili vill bera fyrir sig, með tilvísun til dóma og fræðikenninga.

33. gr.

Nú vill aðili bera fram kröfur og málsástæður umfram það, sem hann bar fram í héraði, og er Hæstarétti rétt að leyfa honum það, enda hafi hann áskilið sér það í stefnu, grundvelli máls sé eigi raskað, afsakanlegt sé, að þær voru eigi hafðar uppi í héraði, og það ylli aðilja réttarspjöllum, ef eigi væri tekið tillit til þeirra.

34. gr.

Rétt er Hæstarétti, ef sérstaklega stendur á, að leyfa vitnaleiðslur þar fyrir dómi svo og yfirheyrslu aðilja og matsmanna.

35. gr.

Er Hæstarétti hefur borizt ágrip máls samkvæmt 30. gr. og greinargerðir aðilja samkvæmt 31. og 32. gr. ákveður forseti, hvenær mál skuli flytja, og tilkynnir hæstaréttarritari það aðiljum eða umboðsmönnum þeirra með hæfilegum fyrirvara.

Málflutningur fyrir Hæstarétti skal vera munnlegur. Hæstarétti er þó rétt að ákveða skriflegan málflutning.

36. gr.

Flytja skal mál um formhlið máls, áður en efnishlið þess er tekin til meðferðar, nema Hæstiréttur ákveði, að málflutningur um formsatriði og efnis fari fram samtímis.

37. gr.

Málsmeðferð hefur á því, að stefna er lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi eða umboðsmaður hans frumræðu sína og les í samhengi upp úr ágripi það, sem máli skiptir. Því næst talar stefndi eða gagnáfrýjandi, eða umboðsmenn þeirra, og les á sama hátt úr ágripi. Eigi skal aðili oftar tala en tvisvar. Er aðili flytur eigi mál sjálfur, er Hæstarétti rétt að leyfa honum að koma fram stuttum athugasemdum, eftir að umboðsmaður hans hefur lokið málflutningi.

Hæstiréttur getur ákveðið, að stefndi eða gagnáfrýjandi eða umboðsmenn þeirra hefji málflutning, enda sé aðiljum með hæfilegum fyrirvara gert viðvart um þá skipan.

38. gr.

Forseti stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

IV. KAFLI

39. gr.

Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið.

40. gr.

Áður en dómur eða úrskurður er upp kveðinn í máli, skulu dómendur ræða með sér fyrir luktum dyrum ástæður og niðurstöðu dóms eða úrskurðar, nema útivistardómur sé, og fer þá atkvæðagreiðsla fram. Atkvæði semur sá dómenda, sem forseti kveður til þess hverju sinni. Nú greinast dómendur í meiri og minni hluta, og ákveður meiri hlutinn þá þann dómara, er frumvarp að dómi semur, en minni hlutinn semur þá sératkvæði. Síðan gengur dómurinn í heild eða þeir, er sammála verða, ef ágreiningur verður, frá dómi eða úrskurði.

Forseti stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

41. gr.

Sá dómari, sem greitt hefur atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni máls, eftir því, sem við á, og gildir það jafnt, hvort sem mál er flutt munnlega eða skriflega.

Öll atkvæði skal rita á sams konar arkir, er dómurinn leggur til, og skulu þær geymdar og innbundnar að lokum með sama hætti sem tíðkazt hefur.

42. gr.

Í dómi skal greina:

1. Nöfn aðilja, heimili og stöðu, ef unnt er.
2. Greinargerð um kröfur aðilja í einkamálum. Að því leyti sem greinargerð um málsatvik í hinni áfrýjuðu dómsathöfn þykir ábótavant, skal úr því bætt í forsendum hæstaréttardóms. Ef og að því leyti, sem niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar er breytt í Hæstarétti, skal hann rökstyðja breytinguna. Nú fellst Hæstiréttur á niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar, en eigi á forsendur hennar, og greinir hann þá rök sín í forsendum.

43. gr.

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp í dómi í heyranda hljóði. Að því loknu skal þess getið, ef ágreiningur hefur verið um niðurstöðu, og lesa þá upp á sama hátt niðurlag ágreiningsatkvæðis.

Alla dóma Hæstaréttar og úrskurði og öll ágreiningsatkvæði skal orðrétt birta í dómasafni hans, enda fylgi hverju bindi af því rækileg efnisskrá. Sá af dómendum, sem dómurinn felur það, annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þá þóknun, sem dómurinn ákveður.

44. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefur komið í máli og sannað er eða viðurkennt.

45. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í hæstaréttardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk eða þola athöfn eða ástand. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir Hæstaréttar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni forseta.

Hæstaréttarritari undirritar dómsendurrit og önnur endurrit úr bókum eða skjölum dómsins.

V. KAFLI

46. gr.

Meginreglum laga um meðferð mála í héraði skal beita í Hæstarétti, eftir því sem við á, enda sé eigi á annan veg mælt í lögum.

VI. KAFLI

47. gr.

Rétt er Hæstarétti að leyfa samkvæmt umsókn aðilja, að mál, sem dæmt hefur verið í Hæstarétti, sé tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu af nýju, þá er sterkar líkur eru að því leiddar, að atvik málsins hafi eigi verið réttilega í ljós leidd í Hæstarétti, er málið var þar til meðferðar hið fyrra skipti, án þess að aðilja sé um að kenna, og að hin nýju gögn muni leiða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum og svo að öll atvik annars liggi til þess, að slíkt leyfi sé veitt, þ. á m. að stórfelldir hagsmunir aðilja séu í húfi.

Áður en leyfi samkvæmt 1. mgr. er veitt, skal veita gagnaðilja færi á að láta uppi álit sitt.

Hæstarétti er rétt, meðan slíkt mál er þar til meðferðar, að fella niður verkanir dóms þess, sem um er að tefla, að nokkru leyti eða öllu, þó þannig, að trygging sé sett, ef þurfa þykir.

Eigi fær aðili afsalað sér réttarleið þeirri, er getur í grein þessari.

VII. KAFLI

48. gr.

Nú er landsyfirrétti eða einstökum yfirdómara falið í lögum, sem enn eru í gildi, að framkvæma einhverja ráðstöfun, og kemur Hæstiréttur eða hæstaréttardómari í staðinn.

49. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1962 og taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Lög nr. 112/1935 falla úr gildi samkvæmt því, sem nú var sagt.

Frá gildistöku laga þessara falla og úr gildi 197. og 198. gr. laga nr. 85/1936.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Dómarar Hæstaréttar og Theódór B. Líndal prófessor hafa samið frumvarp þetta samkvæmt tilmælum Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra.

Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af fenginni reynslu við meðferð mála fyrir Hæstarétti og erlendri löggjöf. Rétt er að geta þess, að í frumvarpi þessu er við það miðað, að frumvarp það til laga um meðferð einkamála í héraði, sem fyrir Alþingi liggur, verði að lögum eigi síðar en þetta frumvarp.

Um I. kafla.

Nýmæli er það í 2. mgr. 1. gr., að Hæstarétt megi setja utan Reykjavíkur, ef sérstaklega stendur á.

Í 2. mgr. 2. gr. er það nýmæli, að varaforseti skuli kjörinn til sama tíma sem forseti Hæstaréttar. Er það í samræmi við venju, sem skapazt hefur.

4. gr. frumvarpsins svarar til 5. gr. laga nr. 112/1935. Sú breyting er gerð, að sú regla, sem nú skal beita um skipun varadómara, þegar dómari víkur sæti, er látin taka einnig til þess, er dómari forfallast, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum.

5. gr. frumvarpsins svarar til 6. gr. laga nr. 112/1935. Samkvæmt frumvarpsgreininni er það óhjákvæmilegt embættisskilyrði hæstaréttardómara, að hann hafi lokið lagaprófi með 1. einkunn. Bætt er inn í greinina ákvæði um, að dómgengur sé sá, er auk annarra skilyrða hefur verið 5 ár fulltrúi saksóknara ríkisins eða fulltrúi héraðsdómara í kaupstöðum landsins og starfað sjálfstætt að dómsmálum.

6. gr. frumvarpsins er í samræmi við ákvæði frumvarps til laga um meðferð einkamála í héraði, er áður getur, og núgildandi lög.

Eigi þykir ástæða til að skýra frekar ákvæði þessa kafla frumvarpsins, sem að öðru leyti er í samræmi við gildandi lög.

Um II. kafla.

Ákvæði um málsskot til Hæstaréttar eru í þessum kafla frumvarpsins, lögum um meðferð opinberra mála og, að því er kæru í einkamálum varðar, í frumvarpi til laga um meðferð einkamála í héraði og ýmsum sérlögum.

Áfrýjunarfjárhæð kröfu einkaréttareðlis er samkvæmt 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins hækkuð í kr. 5000.00, en samkvæmt 16. gr. má Hæstiréttur leyfa áfrýjun mála um lægri fjárhæð, ef sérstaklega stendur á. Ákvæði laga nr. 112/1935 um áfrýjunarfjárhæð tekur til skattamála, en samkvæmt frumvarpinu má áfrýja slíkum málum án tillits til fjárhæðar dómkröfu. Samkvæmt 15. gr. frumvarpsins metur

Hæstiréttur, hvort verðmæti hagsmuna í þar greindum tilvikum nemi áfrýjunarfjárhæð. Rétt er að geta þess, að samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eru áfrýjunarheimildir miklu rýmri en í öðrum löndum. Í Danmörk nemur áfrýjunarfjárhæð t. d. 3000 dönskum krónum.

Ákvæði 3. mgr. 13. gr. er nýmæli. Eigi verður dæmt um málskostnað, nema málsefni sé kannað.

Ákvæði 2. mgr. 19. gr. er nýmæli.

20. gr. frumvarpsins kemur í stað 197. gr. laga nr. 85/1936. Hinn almenni áfrýjunarfrestur er áfram 3 mánuðir, en dómsmálaráðherra er veitt heimild til að leyfa áfrýjun næstu 4 mánuði í stað 6 mánaða eftir gildandi lögum. Þá er dómsmálaráðherra veitt heimild til að leyfa áfrýjun allt að 2 ár frá lokum dómsathafnar, svo sem verið hefur, en með því nýja skilyrði, að Hæstiréttur mæli með því. Eru þessi ákvæði við það miðuð að sporna við óhæfilegum drætti á áfrýjun mála. Það nýmæli er í greininni, að aðilja er heimilt án sérstaks leyfis að gagnáfrýja máli á næstu þremur vikum frá aðaláfrýjun, þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn.

Ákvæði 21. gr. frumvarpsins eru í samræmi við 198. gr. laga nr. 85/1936 og frumvarp til laga um meðferð einkamála í héraði.

22. gr. frumvarpsins kemur í staðinn fyrir 21. gr. laga nr. 112/1935, og er þar kveðið á um áfrýjunarstefnu og útgáfu hennar. Eru ákvæðin skýrari en í gildandi lögum. Nánar er tiltekið, hvenær stefna verði síðast gefin út, ákvæði sett til að sporna við of löngum þingfestingarfresti og nánar kveðið á um þingfestingardag.

Í 23. gr. segir um stefnufrest.

24. gr. frumvarpsins kemur í stað 27. gr. laga nr. 112/1935, en ákvæði frumvarpsgreinarinnar eru einnig látin taka til þess, er mál fellur niður vegna útivistar aðilja eða aðili fellir mál sitt niður. Í 54. gr. laga nr. 112/1935 ræðir um útivist aðilja, en í þeim lögum brestur skýr ákvæði um afleiðingar útivistar og svo um afleiðing þess, er mál er fellt niður eða fellur niður. Skýrt er tekið fram, að heimild til enduráfrýjunar verði ekki notuð nema einu sinni. Misnotkun í sambandi við heimild greinarinnar til enduráfrýjunar máls mundi varða réttarfarslegum viðurlögum.

26. gr. frumvarpsins svarar til 33. gr. laga nr. 112/1935.

Um III. kafla.

Í 27. gr. frumvarpsins er skýrar en í gildandi lögum kveðið á um komu áfrýjanda fyrir Hæstarétt og í 28. gr. um mót áfrýjanda og stefnda fyrir Hæstarétti. Sérstaklega má benda á nýmæli 2. mgr. 28. gr. um heimild Hæstaréttar til að leyfa stefnda, er eigi hefur sótt fyrri dómþing, að koma fyrir dóm og taka til varnar í máli, þegar sérstaklega stendur á. Ákvæði 29. gr. og 30. gr. frumvarpsins geyma nýmæli, er miða að því að tryggja greiða og örugga meðferð mála fyrir Hæstarétti. Fresti þá, sem veita má samkvæmt 29. gr., má samkvæmt 31. gr. stytta, ef um formhlið máls einungis er að tefla.

Í 32. gr. er eitt höfuðnýmæli frumvarpsins. Eins og meðferð mála fyrir Hæstarétti er nú háttað, vill það við brenna, að enn skorti á öflun gagna, þá er mál er tekið til munnlegs flutnings. Er þá ýmist, að máli er frestað, án þess að málflutningur sé hafinn, því er frestað, áður en málflutningi lýkur eða að honum loknum eða frests er synjað og mál dæmt án frekari gagna. Leiðir af þessu röskun á störfum Hæstaréttar og réttarspjöll málsaðilja. Samkvæmt erlendum lögum, t. d. á Norðurlöndum, er þess krafizt, að gerð sé í stefnu grein fyrir málsefni allt að því eins rækilega og mælt er fyrir um í 32. gr. frumvarpsins. Varhugavert þótti að leggja á málflytjendur hér svo ríka skyldu til útlistunar máls í áfrýjunarstefnu. Hins vegar ber brýna nauðsyn til, að þeir leiði í ljós með greinargerð, sem geymi þau atriði, er í 32. gr. segir, að málið sé hæft til flutnings fyrir Hæstarétti, þá er þeir senda dóminum ágrip málsins. Þessi meðferð virðist mega verða til hagsbóta öllum þeim, er að dómsmálum starfa. Málflutningsmaður, sem frestar könnun máls, þar

til fáir dagar eru til flutnings þess, kemst þráfaldlega að raun um, að hann vatnar mikilvæg gögn, er eigi verður aflað á þeim tíma, sem enn er til umráða. Greinargerð samkvæmt 32. gr. verður eigi samin, nema eftir ýtarlega könnun málsgagna, og stuðlar samning hennar því að rækilegri reifun máls og greiðri meðferð þess. Ætlazt er til, að greinargerð verði „samandregin og gagnorð“ og öruggur grundvöllur munnlegs málflutnings, en komi eigi að öðru leyti í hans stað. Ákvæðum greinarinnar er ætlað að sporna við því, að óþarfir frestir séu veittir, að mál séu tvíflutt í Hæstarétti, að þar verði óhæfileg sóun á starfstíma og að málsaðiljum verði réttarspjöll, eins og áður er að vikið.

33. gr. frumvarpsins kemur í stað 36. gr. laga nr. 112/1935.

Í 59. gr. frumvarps til laga um meðferð einkamála í héraði er kveðið á um, að hve miklu leyti sækjandi geti eftir þingfestingu máls aukið kröfur sínar með framhaldsstefnu. Samkvæmt 36. gr. laga nr. 112/1935 er dómsmálaráðherra rétt að veita leyfi til að bera fram nýjar kröfur, málsástæður, gögn og varnir með sama hætti og áður gilti um yfirdómsmál. Það leiðir af líkum, að takmarka verður rétt aðilja til að bera fram nýjar kröfur og málsástæður í máli, eftir að það hefur verið höfðað í héraði, sbr. áðurnefnda 59. gr., og þá eigi síður, er mál hefur verið dæmt í héraði, og því er skotið til Hæstaréttar. Mundi ótakmörkuð heimild í þessu efni leiða til öngþveitis í meðferð mála. Hins vegar getur staðið þannig á, að það sé hreint réttlætismál að veita aðilja færi á því að auka kröfur sínar og flytja fram nýjar málsástæður, enda sé eigi um það að tefla, að hann fari út fyrir grundvöll málssóknar sinnar og stofni þannig í reynd til nýs máls í miðjum klíðum. Sem dæmi um réttmæti aukinna krafna má nefna það, að leyft hefur verið að bera fram kröfu um hækkaða vexti samkvæmt lögum, er tekið hafa gildi eftir málshöfðun.

Könnun og mat á málsatvikum og málsgögnum er nauðsynleg til þess að kveða á um það, hvort leyfi skuli veitt, og er hér um einn þátt málsmeðferðar að tefla. Hníga öll rök að því, að Hæstiréttur meti, hvort leyfi skuli veitt, og má geta þess, að sú skipan er höfð á Norðurlöndum. Fellt er niður, að leyfis sé þörf til að bera fram ný gögn, og er það í samræmi við framkvæmd.

Ákvæði 34. gr. frumvarpsins er nýmæli í samræmi við 182. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961.

Ákvæði 35.—38. gr. eru að meginefni í samræmi við gildandi lög og þarfnast ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla þarfnast ekki skýringa, enda í engu, sem máli skiptir, vikið frá gildandi lögum.

Um V. kafla.

Ákvæði 46. gr. er að vísu í orði nýmæli, en hins vegar er hér einungis um að tefla lögfestingu framkvæmdar, sem höfð hefur verið. Rétt er að benda á 13. gr. frumvarpsins í þessu sambandi.

Um VI. kafla.

Í 30. gr. laga nr. 112/1935 er dómsmálaráðherra veitt heimild til að leyfa, að fengnum tillögum Hæstaréttar, að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði að nýju tekið til meðferðar, ef það hefur sannazt, að mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan myndi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi aðili eigi sjálfum sér um kenna. Í XXIII. kafla laga nr. 82/1961 eru settar rækilegar reglur um endurupptöku opinberra mála. Í XXI. kafla frumvarps um meðferð einkamála í héraði eru reglur um endurupptöku mála í héraði, sem þar hafa verið dæmd. Í VI. kafla frumvarpsins eru reglur um endurupptöku einkamála, sem dæmd hafa verið í Hæstarétti. Aðalbreytingin frá gildandi lögum, að því er einkamál varðar, er sú, að Hæstarétti er falið að taka ákvörðun um endurupptökuna. Þessi skipan er í beztu samræmi við stöðu dómsvaldsins í

þjóðfélaginu og hefur verið gerð, að því er tekur til opinberra mála. Þá er og sama skipan ráðgerð í 193. gr. frumvarps til laga um meðferð einkamála í héraði. Loks má vísa til athugasemda við 33. gr. frumvarps þessa.

Theódór B. Líndal prófessor tekur þetta fram, varðandi 32. gr. frumvarpsins:

Ég er að vísu samþykkur markmiði greinarinnar, en ég óttast, að fyrirmæli hennar leiði til þess, að málflutningur verði skriflegur um of og að hinn munnlegi málflutningur missi því marks að verulegu leyti. Það kemur að vísu skýrt fram í greinargerðinni, að hér er aðeins um undirbúning munnlegs málflutnings að ræða. Engu að síður tel ég hættu á, að hlutfallið á milli munnlegs og skriflegs málflutnings raskist til hins verra og hætta sé á tvíflutningi.

Hæstiréttur hefur í framkvæmd lítillega farið inn á þá leið, sem greinin fjallar um. T. d. hefur þess verið krafizt, að kröfur væru skriflegar, stundum að skrifleg reikningsgerð sé lögð fram og e. t. v. fleira. Þá hefur þess og verið krafizt, að fram kæmi skrá um vitni og gögn. Ég tel það til bóta, að í frumvarpinu er áfram haldið í þessa átt. Það er og einnig til bóta, að skrár þær og skýrslur, sem um ræðir, komi fram fyrr en verið hefur. Mér hafa því ekki þótt efni til ágreinings um annað í greininni en 6. lið. Ég vil fella hann niður, af ástæðum þeim, er að framan eru greindar.

Nd. 100. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Flm.: Ingi R. Helgason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Nýr stafliður (e) bætist aftan við 2. mgr. 32. gr. laganna, svo hljóðandi:

e. Íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára.

2. gr.

Ný málsgrein kemur á eftir 5. mgr. 43. gr. laganna, svo hljóðandi:

Íþróttafélög greiða ¼ af iðgjöldum fyrir íþróttafólk, en ríkissjóður ¾. Nánari ákvæði um slysatryggingar íþróttafólks og skiptingu iðgjalda skulu sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á árinu 1946 flutti Hermann Guðmundsson svipað frumvarp og hér er flutt, en það náði þá ekki fram að ganga. Í greinargerð fyrir frumvarpi því sagði flutningsmaður:

„Breytingar þær, sem gert er ráð fyrir með frumvarpi þessu á almannatryggingunum, eru þær, að allir íþróttaiðkendur komi inn undir lögin og njóti stuðnings, ef slys verður, svo sem sjúkrakostnaðar og dagpeninga.

Eins og flestum, er til þekkja, mun vera kunnugt, koma oft fyrir slys við íþróttaæfingar og íþróttakeppni, án þess að um verði kennt óaðgætni eða slæmum útbúnaði íþróttatækja. Þeir, sem íþróttir stunda, eru oftast ungt fólk og oftast félítið.

Augljóst er, hversu erfitt er fyrir þetta fólk að mæta skakkaföllum, er það verður fyrir, svo sem eins og þeim að verða lengri eða skemmri tíma frá verki vegna slyss við íþróttaiðkanir. Um sanngirni þess, að íþróttaiðkendur njóti ákvæða almannatryggingalaganna um slysabætur, ætti eigi að vera þörf að rita langt mál eða leiða fram mörg rök fyrir því. Almenningur og Alþingi hafa nú viðurkennt

hið þjóðnýta starf íþróttastarfseminnar í landinu, — almenningur með vakandi áhuga og skilningi fyrir íþróttahreyfingunni og Alþingi með því að verja allt að milljón krónum árlega úr ríkissjóði til byggingar á íþróttamannvirkjum.

Vænta má því, að frumvarp þetta mæti velvild og skilningi á nauðsyn þess, að slíkar tryggingar komist á, þar sem, eins og áður segir, flestir viðurkenna nú orðið gildi íþróttanna fyrir uppeldi og hreysti æskunnar í landinu. Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ráðin bót á öryggisleysi, sem ríkt hefur fyrir það fólk, er iðkað hefur íþróttir, og orðið við sanngjörnum og eðlilegum kröfum íþróttasamtakanna."

Óþarfi er að bæta miklu við þau rök fyrir frumvarpinu, sem fram koma í þessari greinargerð. Þau eru enn þyngri málinu til framdráttar nú heldur en þau voru fyrir 15 árum.

Það hefur um langt árabil verið forustu íþróttasamtakanna áhyggjuefni að geta ekki komið á fullkominni slysatryggingu fyrir íþróttafólk. Dæmin sanna, að þess hefði verið brýn þörf. Það hefur til þessa ekki tekizt að fá slysatryggingu íþróttafólks undir almannatryggingarnar, en við endurskoðun almannatryggingalaganna 1956 var bætt í lögin heimildarákvæði um slysatryggingar íþróttafólks undir hinum frjálsu tryggingum Tryggingastofnunarinnar. Íþróttasamtökin hafa ekki treyst sér af fjárhagsástæðum að taka kjörum Tryggingastofnunarinnar um frjálsar slysatryggingar íþróttafólks, og eru því uppi hugmyndir um að stofna sérstakan tryggingarsjóð á vegum Íþróttasambands Íslands, sem þó bersýnilega getur ekki fullnægt nema hluta af tryggingarþörfinni.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að almannatryggingarnar taki einnig til slysa trygginga íþróttafólks að fullu, þ. e. til sjúkrakostnaðar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta.

Hér er jafnframt lagt til, — og er það breyting frá frumvarpi Hermanns Guðmundssonar, — að ríkissjóður hlaupi undir bagga og greiði ¾ af iðgjöldum á móti fjórðungi frá íþróttasamtökunum til slysatryggingar íþróttafólks, enda verði tryggingarnar sambærilegar við venjulegar tryggingar launþega.

Það mælir öll sanngirni og réttsýni með því, að ríkissjóður leysi þann fjárhagsvanda, sem enn er því til hindrunar, að íþróttafólk búi hér við fullkomnar slysatryggingar. Síðastliðin 15 ár hafa sannað, að íþróttasamtökin hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til þessara hluta. Það kann hins vegar að verða í framtíðinni, og er þá sjálfsagt að endurskoða málið, en lengur geta íslenzkir íþróttamenn ekki búið við það öryggisleysi, sem raun ber vitni um.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir sérstakri reglugerð um slysatryggingar íþróttafólks og um iðgjaldagreiðslur og skiptingu þeirra. Jafnframt þarf þar að kveða á um takmörk slíkra trygginga.

Sþ. 101. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um endurskoðun girðingalaga.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Páll Þorsteinsson, Björn Pálsson, Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða girðingalög, nr. 24 1. febr. 1952. Endurskoðun þessari skal lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1956—57 flutti fyrsti flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu ásamt Sveinbirni Högnasyni frv. til l. um breyt. á girðingalögum frá 1952. Mál þetta varð þá ekki útrætt. Það var endurflutt af sömu mönnum 1957—58, en þá einnig án árangurs. Síðan hefur málið legið niðri.

Við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu teljum að athuguðu máli rétt að taka þetta mál allt til gagngerðrar endurskoðunar. Við þá athugun viljum við benda á eftirfarandi atriði, er ber að athuga meðal annarra.

Tímabært er orðið að telja vélgrafna skurði sem hluta af girðingu, þ. e. fullkominni vörzlu, og ber að meta þá samkvæmt því. Þá ber að endurskoða skyldur þær, sem á vegagerðina eru lagðar gagnvart landeiganda, þegar vegur er lagður í gegnum afgirt lönd, hvort sem þau eru ræktuð eða eigi. Ákvæði núgildandi girðingalaga um skyldur vegagerðar, þegar um óræktuð lönd er að ræða, sem vegur er lagður um, eru með öllu úrelt og ósanngjörn gagnvart landeiganda. Nú fer fram endurskoðun á lögum um opinbera vegi. Ber því brýna nauðsyn til að láta endurskoðun á girðingalögum fara fram jafnhliða, m. a. vegna þess, er á hefur verið bent. Ýmis fleiri atriði girðingalaga má benda á, sem nauðsyn ber til að endurskoða og færa til þeirrar reynslu, sem nú er fengin, og til þess viðhorfs, sem nú er í þessu máli.

Sþ. 102. Fyrirspurn [80. mál]

til ríkisstjórnarinnar um öryrkjamál.

Frá Birni Jónssyni og Eysteini Jónssyni.

Hvað líður framkvæmdum á tillögum milliþinganefndar um öryrkjamál?

Ed. 103. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á fundi með tollstjóra, hagstofustjóra og ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, er gáfu nefndinni ýmsar upplýsingar. Mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt, en þeir BjörnJ og KK telja sig að vísu samþykka frv., svo langt sem það nær, en áskilja sér rétt til þess að flytja við það brtt. og munu skila sérálitum.

Alþingi, 14. nóv. 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Nd. 104. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Flm.: Ingi R. Helgason, Einar Olgeirsson, Gunnar Jóhannsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Upphaf E-stafliðar 6. gr. laganna orðist svo:

A-lán skulu vera jafngreiðslulán með 4% ársvöxtum til allt að 25 ára.

2. gr.

Ákvæði í lánssamningum um A-lán milli veðdeildar Landsbanka Íslands og íbúðareigenda, gerðum fyrir gildistöku þessara laga, skulu breytast í samræmi við ákvæði 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Ákvæði í bankavaxtabréfum A-flokks, sem veðdeild Landsbanka Íslands hefur gefið út fyrir gildistöku þessara laga, skulu breytast í samræmi við ákvæði 1. gr. þessara laga.

4. gr.

Heimild ríkisstjórnarinnar, sbr. 32. gr. laga nr. 4/1960, til að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá byggingarsjóði ríkisins að fengnu áliti stjórnar Seðlabankans og húsnæðismálastjórnar falli niður.

5. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Íbúðareigandi, sem byrjar á byggingu íbúðar sinnar 19. febr. 1960 eða síðar, á rétt á að fá endurgreidda úr ríkissjóði aðflutningstolla og söluskatt af öllu byggingarefni, sem til íbúðarinnar hefur þurft, enda sé íbúðin eigi stærri en svo, að hún falli undir reglur húsnæðismálastofnunarinnar.

Heimilt er eftir mati húsnæðismálastjórnar að láta íbúðareiganda njóta endurgreiðslunnar eða hluta hennar, enda þótt hann hafi byrjað á byggingu íbúðar sinnar fyrir 19. febr. 1960, ef sýnt þykir, að mikill hluti byggingarkostnaðarins hefur lent á verðlagi byggingarefnis eftir 19. febr. 1960.

Endurgreiðslan skal miðuð við efni það, sem þurfti til að byggja vísitöluhúsið í okt. 1960, og skal hún reiknuð út af húsnæðismálastofnuninni í samráði við fjármálaráðuneytið, sem setur um þessi efni nánari ákvæði í reglugerð.

Endurgreiðslan skal innt af hendi í einu lagi, eftir að viðkomandi íbúð hefur verið metin að fasteignamati.

Nú er íbúð seld, meðan á byggingu stendur, og gengur þá kaupandi inn á endurgreiðslurétt seljanda.

6. gr.

Heimild ríkisstjórnarinnar, sbr. 32. gr. laga nr. 4/1960, til að ákveða ársvexti og lánstíma hjá byggingarsjóði verkamanna falli niður.

7. gr.

Lög nr. 31/1955 falli niður.

Ákvæði í lánssamningum samkv. 4. gr. laga nr. 36/1952, gerðum fyrir gildistöku þessara laga, skulu breytast í samræmi við ákvæði þeirrar lagagreinar, eins og hún var í upphafi.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Efni þessa lagafrumvarps er tvenns konar: Í fyrsta lagi er með því stefnt að verulegri vaxtalækkun íbúðarlána á vegum byggingarsjóðs ríkisins og byggingarsjóðs verkamanna. Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir endurgreiðslu tolla og söluskatts af byggingarefni til íbúðarhúsa af tiltekinni stærð.

Hvort tveggja þetta miðar að því að gera verkamönnum og millistéttarfólki kleift að halda íbúðum þeim, sem þessir aðilar hafa við illan leik undanfarin ár byggt yfir sig og sína, og losa um það kverkatak, sem of háir vextir, stórhækkaður byggingarkostnaður og of stuttur lánstími hafa verið á íbúðarhúsabyggingum hérlendis.

Í kjölfar gengislækkunarlaganna, nr. 4/1960, kom gífurleg vaxtahækkun, sem illu heilli var látin ná til beggja þeirra byggingarsjóða, sem aðallega styðja að íbúðarhúsabyggingum í landinu. Áhrif þessara vaxtahækkana eru slík, að fjöldi fólks er að sligast undir hinni miklu vaxtabyrgði og er í stórhættu með að missa íbúðir sínar.

Með frumvarpi þessu eru vextir lækkaðir að miklum mun frá því, sem nú er. Gert er ráð fyrir því, að ársvextir af A-lánum hins almenna veðlánakerfis lækki ofan í 4%. Þeir voru upphaflega 7%, en núverandi ríkisstjórn hækkaði þá í 9%, en lækkaði svo aftur ofan í 8%. Þvílíkt hringl með ársvexti fasteignalánastofnana er ámælisvert út af fyrir sig og skapar óvissu á peningamarkaðinum, sem er engum til góðs. Ef litið er til nágrannaþjóða okkar, kemur í ljós, að íbúðalánsvextir hjá okkur eru 2—3falt hærri en hjá þeim. Raunverulega þyrftu vextirnir að vera lægri en 4%, þótt að sinni sé ekki gerð tillaga um það hér. Lánsupphæð norska Húsbankans er allt að 77% byggingarkostnaðar, en 20% lánsfjárins er vaxtalaust og með vægum afborgunum, sem hefjast ekki fyrr en 10 árum eftir lántöku. Hinn hluti lánsfjárhæðarinnar er með 3% ársvöxtum.

Gert er ráð fyrir, að vextir af B-lánum hins almenna veðlánakerfis séu óbreyttir, 5½%.

Ríkisstjórnin hefur notfært sér heimild laga um efnahagsmál frá 19. febr. 1960 og hækkað vexti hjá byggingarsjóði verkamanna um helming. Með frumvarpi þessu er sú heimild felld niður og vextirnir færðir niður í það, sem þeir voru upphaflega ákveðnir: 2%.

Þá eru þau fyrirmæli í þessu lagafrumvarpi, að vaxtalækkun sú, sem í því felst, kemur eftir gildistöku laganna til framkvæmda gagnvart öllum lánssamningum þessara byggingarsjóða, líka þeim, sem gerðir voru fyrir gildistöku laganna með öðrum og hærri vöxtum. Á sama hátt mundu breytast vaxtakjör bankavaxtabréfa veðdeildar Landsbankans og byggingarsjóðs verkamanna.

Á það hefur margsinnis verið bent með réttu, að lánsfjárhæð hins almenna veðlánakerfis væri allt of lág miðað við byggingarkostnað, og í þeim efnum erum við miklir eftirbátar Norðurlandaþjóðanna. Hafa af þessum sökum jafnan verið uppi tillögur um aukið fé til byggingarsjóðs ríkisins og kröfur um hærri lánsfjárhæð miðað við byggingarkostnað. Með gengislækkuninni í febrúar 1960 jókst byggingarkostnaður hérlendis um allan helming, og útreikningar sýna, að aðflutningstollar og söluskattur af byggingarefni, sem þarf í eina íbúð af meðalstærð, nema næstum jafnmikilli fjárhæð og hæst er lánað út á íbúðina í hinu almenna veðlánakerfi.

Með greinargerð þessari er fylgiskjal, sem sýnir útreikninga og sundurliðun byggingarkostnaðar vísitöluhússins, sem byggt var í okt. 1960. Eru útreikningar þessir gerðir af Halldóri Halldórssyni arkitekt, framkvæmdastjóra húsnæðismálastofnunarinnar. Þeir eru að vísu miðaðir við verðlag í okt. 1960, en síðan hafa tollar og söluskattur hækkað gífurlega og ný gengislækkun verið gerð.

Með þessu frumvarpi er farið út á nýja braut: að **lækka byggingarkostnaðinn sem nemur tekjum ríkissjóðs af tollum og söluskatti af byggingarefni íbúðarhúsnæðis.** Inn á þessa braut hafa Norðmenn farið með góðum árangri. Er óþarfi að fjölyrða frekar um þýðingu þessara ákvæða fyrir íbúðabyggingar í landinu.

Af hagkvæmnisástæðum er gert ráð fyrir endurgreiðslu tollanna og söluskattsins í einu lagi að lokinni byggingu. Um það þarf að setja nánari ákvæði í reglugerð.

Höfuðatriðin koma fram í frumvarpinu. Endurgreiðslan nær aðeins til íbúða af þeirri stærð, sem samrýmist reglum húsnæðismálastofnunarinnar til útlána, og endurgreiðslan byggist ekki á efnisreikningum viðkomandi íbúðarbyggjanda, heldur útreikningi húsnæðismálastjórnar á grundvelli efnisnotkunar í vísitöluhúsið, og skal sá útreikningur gerður í samráði við fjármálaráðuneytið.

Fylgiskjal.

Greining á byggingarkostnaði vísitöluhússins miðað við verðlag í október lok 1960.

Íbúð	Tala herbergja	Rúmmál	Stærðarhlutfall	Gjaldeyriskostnaður	Innflutningstollur	Söluskattur	Vinnulaun	Álagning *	Flutningsgjöld, tryggingar o. fl.	Gatnagjöld	Heildarkostnaður
		m³	%	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Í kjallara ...	2	190	16.0	52817.77	21105.36	3489.06	122805.25	49622.98	15239.08	4048.80	269128.30
Á 1. hæð	4	375	31.3	103324.74	41287.36	6825.47	240237.79	97074.09	29811.43	7920.46	526482.18
Á 2. hæð	4	375	31.3	103324.74	41287.36	6825.47	240237.79	97074.09	29811.43	7920.46	526482.18
Í rishæð	4	260	21.4	70643.15	28228.42	4666.60	164252.04	66370.72	20382.26	5415.28	359959.07
		1200	100.0	330111.00	131908.50	21806.60	767532.87	310143.56	95244.20	25305.00	1682051.73
Hlutfall heildarkostnaðar				19.6%	7.8%	1.3%	45.5%	* 18.6%	5.7%	1.5%	100.0%
Kostnaður pr. m³				273.5	100.3	18.1	635.9	257.0	78.8	21.0	1393.6

* Álagningu má skipta í verzlunarálagningu og verkstjórakostnað eða meistaralaun. Verzlunarálagning er 9.0% heildarkostnaðar eða kr. 150109.56, en verkstjórn 9.6% eða kr. 160034.00. Hlutur fjögurra herbergja íbúðar á aðalhæðum í þessum kostnaðarliðum verður svo kr. 47016.00 í verzlunarálagningu, þar af kr. 9060.00 vegna álagningar á innflutningstolla. Hlutur meistaralaunanna verður kr. 50090.00. Í meistaralaununum eru innifaldar ýmsar skyldugreiðslur, svo sem slysatrygging, greiðsla til atvinnuleysistrygginga o. fl.

Ed. 105. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til laga um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frv., og telja nm., að ákvæði þessi séu til bóta, svo langt sem þau ná. Ég undirritaður hef þó valið þann kost að skila séráliti um málið, þar eð ég tel mjög skorta á, að þær lækkanir, sem frv. gerir ráð fyrir á aðflutningsgjöldum á nokkrum hátolluðum vörum, nái æskilegum tilgangi, nema samhliða frumvarpsákvæðum verði tryggt, að lækkanirnar skili sér fyllilega í endanlegu verði umræddra vara til neytenda þeirra.

Með tilkynningu sinni frá 31. ágúst 1961 ákvað verðlagsnefnd að tilhlutan ríkisstjórnarinnar og vafalaust að kröfu innflytjenda og annarra kaupsýslumanna að undanskilja vörur, sem falla samtals undir 62 tollskrárnúmer, verðlagsákvæðum. Var þetta gert samhliða mjög miklum rýmkunum á almennum verðlagsákvæðum um aðrar vörur, sem leitt hafa af sér verulegar verðhækkanir umfram þær, sem beint leiddi af gengisfellingu þeirri, sem ríkisstjórnin hafði þá skömmu áður beitt sér fyrir og framkvæmt. Með þessu frumvarpi er lagt til, að nú verði lækkuð verulega aðflutningsgjöld á þessum vörutegundum, en þó eru nokkrar þær vörur, sem verðlagshöft hafa verið afnumin af, áfram með óbreytt aðflutningsgjöld. Er þar m. a. um að ræða búsáhöld úr leir og gleri og nokkrar tegundir annarra glervara, einangraða rafmagnsþræði og skrifstofuvélar. Þessar vörur munu því að öllum líkindum hækka í verði við það, að álagning á þeim er gefin frjáls, en aðflutningsgjöld ekki lækkuð. Á móti kemur aftur, að á nokkrum vörutegundum, sem enn eru undir verðlagsákvæðum, hafa gjöld einnig verið lækkuð. Vel kann þó að vera, að síðar verði þessar vörur einnig undanþegnar verðlagsákvæðum, enda væri það í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar að gefa kaupsýslustéttinni sem mest frjálsræði um álagningu.

Af framangreindum ástæðum er það engan veginn tryggt, að þær lækkanir, sem frv. ráðgerir á aðflutningsgjöldum á einstökum hátollavörum, komi fram, nema þá að litlu leyti, í því endanlega verði, sem neytendur verða að greiða fyrir þær, þar sem einum þætti verðlagsins, þ. e. álagningunni, er gefinn laus taumurinn, um leið og þeim verðlagsþættinum, sem aðflutningsgjöldin eru, eru settar takmarkaðri skorður en áður. Virðist auðsætt, að eins og búið er hér um hnútana muni a. m. k. bróðurpartur lækkananna lenda í hlut innflytjenda og e. t. v. að einhverju leyti smásala.

Það er skoðun undirritaðs, að þar sem almennum álagningarreglum hefur nýlega verið breytt til stórhagnaðar fyrir kaupsýslustéttina og langt fram yfir það, sem nokkur tilefni eru til, þá sé hvorki nauðsynlegt, sanngjarnt né verjandi, að hún fái í sínar hendur aukinn verzlunarhagnað, sem nemur tugum milljóna króna, með þeim hætti, að henni sé gefið frjálst að taka til sín verulegan eða jafnvel mestan hluta þeirra tollalækkana, sem hér er stefnt að.

Ekki verður séð, að þetta frv. nái þeim tilgangi að draga verulega úr ólöglegum innflutningi á umræddum vörum, nema jafnframt því séu gerðar ráðstafanir til þess, að lækkanirnar komi sem mest og helzt að öllu leyti fram í hinu endanlega verði til neytenda. En til þess að svo megi verða, er nauðsynlegt að breyta frv. á þá leið að setja inn í það ákvæði um, að allar hinar umræddu vörutegundir verði háðar verðlagsákvæðum og þannig settar skorður við álagningunni. Mun ég freista þess að flytja breytingartillögu við frv. í þá átt. Yrði sú breyting gerð, væri tryggt, að lækkanir aðflutningsgjaldanna yrðu nokkur hagsbót fyrir almenning, jafnvel þótt ekki sé hér um þær vörutegundir að ræða, sem efnaminni stéttum þjóðfélagsins væri mestur hagur í og brýnust nauðsyn að lækkaðar væru í verði. Verði hins

vegar ekki á slíka breytingu fallizt af ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar, styrkist sá grunur, sem vöruvalið á lækkunarlistanum og öll forsaga málsins gefur ríkt tilefni til, að tilgangurinn með flutningi frv. sé ekki fyrst og fremst sá að lækka verðlag og hindra ólögmætan innflutning, heldur hinn að láta undan kröfum innflytjenda um stóraukinn verzlunargróða sér til handa.

Þegar á það er litið, að þær lækkanir á aðflutningsgjöldum, sem frv. gerir ráð fyrir, mundu ekki leiða af sér nema u. þ. b. hálfs stigs lækkun á framfærsluvísitölunni, **ef þær kæmu allar fram í verðlaginu,** á móti þeirri 20 stiga hækkun, sem efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í heild leiða af sér, þá er ljóst, að hagsbæturnar fyrir neytendur verða léttvægar til þess að vega á móti dýrtíðinni. Það er því algert lágmark, að tryggt verði, að gjaldalækkanirnar komi neytendum að öllu leyti til góða, en í þá átt gengur meginbreytingartill. mín við frv.

Þá mun ég einnig freista þess með flutningi brtt. við 2. gr. frv. að koma fram lækkunum á nokkrum hátt tolluðum vörutegundum, sem verulegar hagsbætur væru fyrir almenning að lækkaðar væru í verði.

Alþingi, 15. nóv. 1961.

Björn Jónsson.

Ed. 106. Breytingartillaga [74. mál]

við frv. til laga um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá Birni Jónssyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Verðlagsnefnd skal ákveða hámark álagningar í heildsölu og smásölu á öllum þeim vörutegundum, sem lög þessi taka til. Við ákvörðun um álagningu skal nefndin fylgja þeirri meginreglu, að álagningin verði ekki hærri að hundraðstölu en hún nú er eða var við síðustu verðlagsákvarðanir á viðkomandi vöru í þeim tilvikum, sem álagning hefur verið frjáls að undanförnu.

Nd. 107. Frumvarp til laga [82. mál]

um opinbera aðstoð við varanlega gatnagerð á vegum bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Ingi R. Helgason, Geir Gunnarsson, Karl Guðjónsson, Páll Kristjánsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist gatnagerðarsjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að varanlegri gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum hér á landi.

Varanleg gatnagerð telst lagning nýrra vega og gangstétta með slitlagi úr steinsteypu eða hverju öðru efni, sem metið er jafngildi hennar, svo og lagning varanlegs slitlags á eldri götur eða gangstéttir.

2. gr.

Í gatnagerðarsjóð skulu árlega renna 40 aurar af innflutningsgjaldi því af benzíni, sem ákveðið var með 17. gr. laga nr. 4 frá 19. febrúar 1960, og 20% af þungaskatti bifreiða.

3. gr.

Framlög gatnagerðarsjóðs til framkvæmda, sem ræðir í 1. gr. laga þessara, ákvarðast af sjóðsstjórn í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga og skulu miðast við rúmmetra slitlags og mega ekki nema meira en helmingi af heildarkostnaði við gatnagerðina.

Heimilt er þó að taka tillit til þess, ef aðstæður við gatnagerð eru sérstaklega slæmar, og hafa þá framlagið hærra en almennt er, allt að 60% heildarkostnaðar.

4. gr.

Stjórn gatnagerðarsjóðs skal kosin af Alþingi hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Í sjóðsstjórninni eru fimm menn, og skipar ráðherra formann sjóðsstjórnarinnar úr hópi þeirra.

5. gr.

Gatnagerðarsjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga.

6. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir, sem hyggjast njóta framlaga úr gatnagerðarsjóði, skulu fyrir 1. desember ár hvert senda sjóðsstjórn umsóknir sínar ásamt áætlunum um væntanlegar gatnagerðarframkvæmdir næsta árs, þar sem m. a. skal gerð grein fyrir því, hvernig séð verður fyrir þeim hluta heildarkostnaðarins, sem ekki er greiddur úr gatnagerðarsjóði.

Þegar sjóðsstjórnin hefur metið umsóknirnar, fjárhagslegan og tæknilegan undirbúning framkvæmdanna, skal hún ákvarða framlög úr sjóðnum fyrir 1. febrúar varðandi yfirstandandi ár og tilkynna umsækjendum það án tafar.

Framlög úr sjóðnum greiðast bæjar- og sveitarfélögunum, eftir því sem verkinu miðar áfram samkvæmt staðfestingu trúnaðarmanna sjóðsins.

7. gr.

Ef fjárhagur gatnagerðarsjóðs leyfir, er sjóðsstjórninni heimilt að lána bæjar- og sveitarfélögum fé úr sjóðnum til þess að standa undir þeim hluta kostnaðarins við hina varanlegu gatnagerð, sem þessir aðilar eiga sjálfir að greiða.

Lánskjör skulu miðast við það, að sjóðurinn sé ætíð fær um að sinna verkefnum sínum samkvæmt 1. gr. þessara laga. Ríkisstjórninni er heimilt f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast slík lán.

8. gr.

Vegamálastjóri er framkvæmdastjóri stjórnar gatnagerðarsjóðs og sér um vörzlu sjóðsins, bókhald og fjárreiður.

Í reglugerð skal samgöngumálaráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Varanleg gatnagerð er mjög skammt á veg komin hér á landi, enda þótt vegakerfið hafi lengzt og batnað á síðustu áratugum. Hvergi er þjóðvegur gerður úr varanlegu efni, þegar frá er tekinn spölurinn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Í kaupstöðum og kauptúnum eru yfirleitt malarvegir, en einmitt þar bætast óhollustuhættir við þann mikla ágalla malarveganna, sem fólginn er í kostnaðarsömu viðhaldi.

Ágallar malarveganna í kaupstöðum og kauptúnum eru löngu viðurkennd staðreynd, enda hefur orðið vart hreyfingar hjá nokkrum bæjarfélögum í þá átt að

steypa aðalgötur og umferðaræðar staðanna. Fjármagn hefur þó skort til, að hægt væri að gera þetta af nokkrum myndarskap.

Stofnkostnaður við gatnagerð úr varanlegu efni er mikill, þótt hann borgi sig vegna lítils viðhaldskostnaðar, en óhugsandi er, að hann verði greiddur jafnóðum af útsvarstekjum bæjar- og sveitarfélaganna. Sum bæjarfélög hafa þegar reyrt sér þunga fjárhagsbagga vegna þessara framkvæmda.

Hið opinbera fjárveitingarvald hefur ekki sinnt þessum málum sem skyldi. Fjárveiting í gildandi fjárlögum til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum nemur 95 þús. kr. og er beinlínis út í hött, en sú fjárhæð hefur verið á fjárlögum um nokkurt árabil.

Á hinn bóginn renna í ríkissjóð milljónatugir af bifreiða- og benzínskatti, sem eigendur farartækja og notendur greiða einir. Þegar frá sjónarmiði þeirra væri sanngjarnt, að einhver hluti þessara skatta færi til varanlegrar gatnagerðar, því að slík gatnagerð býður upp á minnkandi viðhaldskostnað farartækjanna sjálfra.

Hitt er þó aðalatriði málsins, að ríkissjóður veiti af þessum skatttekjum sínum bæjar- og sveitarfélögum aðstoð við framkvæmd þessara nauðsynjamála, en að því miðar það lagafrumvarp, sem hér er lagt fram.

Með lögum um efnahagsmál, nr. 4 frá 19. febr. 1960, var innflutningsgjald af benzíni hækkað um kr. 1.16 á hvern lítra. Reikna má með því, að hver eyrir þessa innflutningsgjalds gefi ríkissjóði um hálfa milljón króna. Lagt er til, að 40 aurar renni í sérstakan gatnagerðarsjóð, sem aðstoði bæjar- og sveitarfélögin við varanlega gatnagerð samkvæmt nánari reglum. Miðað við benzínnotkunina 1960 mundu þannig renna 20 milljónir króna til þessara hluta.

Jafnframt er lagt til, að 20% af þungaskatti bifreiða, sem er sérstök skattlagning dísilbifreiða, renni í gatnagerðarsjóð, og mundu sjóðnum þar bætast 5 millj. kr.

Að öðru leyti skýrir frumvarpið sig sjálft.

Ed. 108. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til laga um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndin öll er meðmælt samþykkt þessa frumvarps. Hins vegar á ég ekki fulla samleið með meiri hluta nefndarinnar í áliti um frumvarpið og vil gera á því nokkrar breytingar, sem ekki varð samkomulag um við meiri hlutann. Skila ég þess vegna séráliti.

Þegar núverandi stjórnarflokkar settu lögin nr. 4/1960, um efnahagsmál, og lækkuðu gengi íslenzku krónunnar stórkostlega, lögðu þeir útflutningssjóðinn niður, en létu tekjuöflun hans af innflutningi að verulegu leyti halda áfram og renna til ríkissjóðs, af því að hennar átti ekki sökum gengislækkunarinnar að þurfa með til útflutningsverðbóta. Með þessu voru álögur á þjóðfélagsþegnana stórlega þyngdar. Auk þessa bættu svo stjórnarflokkarnir 8.8% söluskatti á innflutninginn.

Með gengisfellingunni hækkaði gjaldstofn innflutningsálaganna, svo að til öfga leiddi.

Þessar öfgar hefur ríkisstjórnin síðan haldið dauðahaldi í.

Það er fyrst nú eftir margfaldar áskoranir frá stjórnarandstöðunni um leiðréttingar á tolla- og söluskattafrekjunni, að ríkisstjórnin með frumvarpi þessu stígur spor í þá átt að draga úr öfgunum.

Ekki er þó annað hægt að segja en að sporið sé höltum fæti stigið.

Auðvitað er rétt og skylt að veita viðleitninni stuðning, þó að hún sé ekki hin ákjósanlegasta, — og lyfta undir hana. Betri kosta á minni hlutinn ekki völ á þessu þingi.

Frumvarpið er því miður með allt of miklum einkennum þeirra annmarka stjórnarstefnunnar að hagræða málum þannig, að hinir raunverulega ríku geti orðið ríkari, þó að hinir fátæku verði um leið fátækari og fátækari.

Lækkanir aðflutningsgjaldanna eru — samkv. frumvarpinu — eingöngu á hátolluðum varningi eða vörum, sem bera nú 100% aðflutningsgjöld eða meira. Undir hátollana hafa — eins og sjálfsagt er — verið á liðnum árum valdar fyrst og fremst vörur, sem ekki eru brýnustu lífsnauðsynjar og fólk, sem hefur þröngan fjárhag, neitar sér um að kaupa og getur ekki keypt. Lækkanirnar eru þess vegna fyrst og fremst til hagræðis fyrir þá, sem betur mega sín að kaupgetu, þótt vitanlega sé þetta ekki án undantekninga.

Gert er að meginatriði í málsflutningi fyrir frumvarpinu, eins og það er, að lækkanir hátollanna á mestum hluta varanna, sem þar koma til greina, séu ráð til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning, þ. e. smygl, sem ekki verði með öðru móti rönd við reist.

Varlega skyldi því treyst, að hægt sé með þeim hætti að koma í veg fyrir iðkun slíkra óknytta hjá bragðvísri öld, enda af þeim ástæðum varla víkjandi frá eðlilegri gjaldheimtu, ef um hana væri að ræða, — hitt heilbrigðara og manndómlegra, að efla tollgæzlu og þar með rækilega vöruskoðun við tollafgreiðslu (þeirri skoðun mun nú vera mjög áfátt).

En um eðlilega tolla af innflutningi hefur vitanlega ekki verið að ræða, síðan gengisfellingin mikla var gerð í febrúar 1960 og álögugrundvöllur aðflutningsgjaldanna hækkaður með þeirri stökkbreytingu. Síðastliðið sumar hækkaði svo ríkisstjórnin þennan grundvöll enn um 13% með hinum illræmdu bráðabirgðalögum 3. ágúst. Ég fyrir mitt leyti hika því ekki við að mæla með þessu lækkunarfrumvarpi þrátt fyrir galla þess og vafasaman rökstuðning þess af ríkisstjórnarinnar hálfu.

Ég flyt á sérstöku þingskjali breytingartillögur til lagfæringar á frumvarpinu.

Á svo naumum tíma sem fjárhagsnefndarmönnum hefur verið veittur til athugunar málinu er ekki viðlit að endurskoða að ráði tollskrána og löggjöf, er að henni lýtur. Þar er um svo mikið bákn og margslungið að ræða. Tillögurnar eru þess vegna alls ekki nógu víðtækar. Þær fela samt í sér — það sem þær ná — mjög mikilsverðar lagfæringar á atriðum, sem almenning varða og atvinnuvegina til lands og sjávar.

Alþingi, 16. nóv. 1961.

Karl Kristjánsson.

Ed. 109. Breytingartillögur [74. mál]

við frv. til laga um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (KK).

Við 2. gr.

1. Í kafla nr. 40 komi til viðbótar:
   Skíði og skíðastafir í nr. 55 ..... 30%
   Kastkringlur, kastspjót í nr. 65a 30%
2. Kafli nr. 46 B orðist svo:
   Vefnaður úr gerviþráðum í nr. 6, 12a og 12c 50%
   Vörur úr gerviþráðum í nr. 8—9 og 11 ..... 62%
   Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar úr gerviþráðum í nr. 7 ..... 70%

3. Í stað 62% í kafla nr. 47 komi 50%
4. Í stað 70% í kafla nr. 51, í síðasta lið, komi 62%
5. Í kafla nr. 63 komi viðbót:
   Skautar í nr. 82 ..... 30%
   Kastkúlur til íþróttaiðkana, skíðabindingar og skíðastafir í nr. 104a .. 30%
6. Á eftir kafla 71 komi:
   Kafli nr. 72
   Vélar og áhöld til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu í nr. 10, 11, 12a, 12b, 13a, 13b, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 21a, 21b, 21c ..... tollfrjálst
   Bifvélar (mótorar) og hlutar til þeirra ót. a. í nr. 30 ..... tollfrjálst
7. Í kafla nr. 73 bætist við:
   Vélar og áhöld, einkum til heimilisnotkunar, í nr. 37, 38b—45 ..... 30%
8. Í kafla nr. 77 bætist við:
   Radartæki, dýptarmælar og fisksjár i nr. 16a ..... tollfrjálst

Sþ. 110. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um gufuveitu frá Krýsuvík til iðnaðarþarfa og rekstrar hitaveitna.

Flm.: Sveinn S. Einarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Matthías Á. Mathiesen, Sigurður Ingimundarson, Alfreð Gíslason bæjarstjóri.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á tæknilegum og fjárhagslegum möguleikum á byggingu og rekstri gufuveitu frá jarðgufusvæðunum við Krýsuvík til Hafnarfjarðar, Garðahrepps, Bessastaðahrepps, Kópavogs, Reykjavíkur og Seltjarnarness í samráði við stjórnendur bæjar- og sveitarfélaga þeirra, sem hlut eiga að máli.

Gufuveita þessi sé miðuð við það, að frá henni verði hægt að afhenda gufu til iðnaðarþarfa og heitt vatn til rekstrar hitaveitna í fyrrgreindum bæjar- og sveitarfélögum.

Greinargerð.

Um það er naumast ágreiningur, að stefna beri að því, að sem flestir landsmenn fái aðgang að hitaveitum. Áratugalöng reynsla hér á landi sannar, að hitaveitur eru yfirleitt góð fyrirtæki fjárhagslega, að þær geta selt neytendum hitaorku við lægra verði en fáanleg er á annan hátt og að þær spara þjóðinni mjög háar upphæðir, sem ella hefði orðið að verja til kaupa á innfluttu eldsneyti.

Þjóðhagsleg þýðing hitaveitnanna sést m. a. á því, að áætlað hefur verið, að þær hafi, miðað við árið 1960, sparað innflutning á um það bil 45000 lestum á ári af brennsluolíu[1]), eða til jafnaðar eina lest á ári á hvern íbúa, sem nýtur hitveitu.

Eðlilegt er að greina hitaveitumannvirki í tvo hluta:

a) aðveitumannvirki, þ. e. borholur og önnur mannvirki á sjálfu jarðhitasvæðinu, ásamt dælustöðvum, aðalaðveituæðum og e. t. v. jöfnunargeymum,
b) innanbæjarkerfi hitaveitnanna.

Kostnaðurinn við byggingu aðveitumannvirkjanna fer eftir eðliseigindum jarðhitasvæðisins, legu þess og ekki síst stærð mannvirkjanna. Að öðru jöfnu er þess að vænta, að stofn- og rekstrarkostnaður þeirra á hverja hitaeiningu verði þeim mun lægri sem veitan er afkastameiri og hitaverðið þá að sama skapi lægra.

Kostnaðurinn við byggingu innanbæjarkerfanna fer að mjög miklu leyti eftir þéttleika byggðarinnar á hverjum stað, og geta hin einstöku bæjar- eða sveitarfélög haft veruleg áhrif á hann til lækkunar með skynsamlegum skipulagsaðgerðum, a. m. k. í nýjum byggðarhverfum.

Að því er augljós ávinningur samkvæmt framansögðu, þegar fleiri en eitt bæjar- eða sveitarfélag geta sameinazt um virkjun jarðhitasvæðis og byggingu aðveitumannvirkja frá því. Í slíku samstarfi væri væntanlega eðlilegast, að hvert sveitarfélag ætti sitt eigið hitaveitukerfi, er keypti hitaorkuna í heildsölu frá sérstöku fyrirtæki, er annaðist byggingu og rekstur aðveitumannvirkjanna. Í þessu fyrirtæki ættu allir aðilar eignarhluti, og til greina kæmi einnig, að ríkið væri að einhverju leyti þáttakandi í því, líkt og nú á sér stað í Sogsvirkjuninni.

Á svæðinu Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðahreppur og Hafnarfjörður búa nú nær 90000 manna, eða um helmingur landsmanna. Þetta er langsamlega stærsti heillegur markaður fyrir hitaorku hérlendis, og á hann vafalítið eftir að stækka mjög mikið á næstu áratugum.

Sem stendur hafa um 40000 íbúanna afnot af Hitaveitu Reykjavíkur, og er nú unnið að því að stækka hana mjög verulega. Fyrst í stað verður lögð áherzla á að fullnýta vinnanlega hitaorku innan þessa svæðis, aðallega í bæjarlandi Reykjavíkur, en að því mun þó reka, að lengra verði að leita eftir hitaorku og þá væntanlega fyrst til Krýsuvíkursvæðisins.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, virðist rétt, að nú þegar sé stefnt að sem víðtækustu samstarfi allra bæjar- og sveitarfélaganna á umræddu svæði um undirbúning virkjunar jarðhita á Krýsuvíkusvæðinu, og með tilliti til hinnar miklu þjóðhagslegu þýðingar, sem þetta hefur, virðist eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um aðgerðir í því efni.

Hingað til hefur jarðhiti til hitaveitna nær eingöngu verið unninn úr hinum svonefndu lághitasvæðum, þar sem hitastig fer ekki yfir 100° C. Jarðhitasvæðið í Krýsuvík er hins vegar háhita- eða jarðgufusvæði, þar sem vinna má vatn og gufu með allt að 200° C hitastigi.

Þetta hefur viss tæknileg vandamál í för með sér, sem þó eru talin vel viðráðanleg, en krefjast víðtækra undirbúningsrannsókna, áður en ráðizt er í framkvæmdir. Þetta rekur enn á eftir því, að hafizt sé handa. Á hinn bóginn opnast jafnframt nýir möguleikar til fjölbreyttari nýtingar jarðhitans en nú er, t. d. sá að afhenda gufu með þrýstingi til iðnaðarnota á veitusvæðinu auk heita vatnsins. Á þetta hefur m. a. verið bent af verkfræðingunum dr. Gunnari Böðvarssyni og Jóhannesi Zoëga í ritgerðum, sem birtar voru á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um nýjar orkulindir í Róm á s. l. sumri [1]) og [2]).

Framleiðslukostnaður hverrar hitaeiningar í gufu á jarðhitasvæðunum íslenzku er mjög lágur í samanburði við verð hverrar hitaeiningar í venjulegu eldsneyti, svo sem kolum og olíu. Menn ala því þær vonir, að iðnaður, er notar mikið af orku með tiltölulega lágu hitastigi, eigi hér mikla vaxtarmöguleika. Af þessum sökum sýnist rík ástæða til þess, að kannaðir verði til hlítar þeir möguleikar, sem á því virðast vera að veita gufunni þangað, sem skilyrðin til iðnaðarframleiðslu eru ákjósanleg að öðru leyti, hvað snertir aðgang að vinnuafli, samgöngum, höfnum, raforku o. s. frv. Að þessu leyti er aðstaðan hvergi betri á landinu en í umræddum bæjar- og sveitarfélögum.

1) Gunnar Böðvarsson og Jóhannes Zoëga: **Production and Distribution of Natural Heat for Domestic and Industrial Heating in Iceland**, U.N. Conference on New Sources of Energy, Rome (1961).

2) Gunnar Böðvarsson: **Utilization of Geothermal Energy for Heating Purposes and Combined Schemes Involving Power Generation, Heating and/or By-Products, General Report**, U.N. Conference on New Sources of Energy, Rome (1961).

Ed. 111. Breytingartillögur [74. mál]

við frv. til l. um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá Birni Jónssyni.

Við 2. gr.

		Verðtollur %
1.	Á eftir kafla nr. 6 komi:	
	Kafli nr. 19	
	Ris og aðrar korntegundir, tilreiddar, í nr. 5	30
2.	Á eftir kafla nr. 31 komi:	
	Kafli nr. 32	
	Handsápa og raksápa í nr. 3a	30
3.	Í kafla nr. 59 bætist:	
	Búsáhöld úr leir í nr. 9	30
4.	Í kafla nr. 60 bætist:	
	Búsáhöld úr gleri í nr. 21	30
5.	Í kafla nr. 63 bætist:	
	Olíukyndingartæki í nr. 52a	30
6.	Í kafla nr. 73 bætist:	
	a. Heimilistæki í nr. 37—45	30
	b. Útvarpstæki í nr. 84a	30
7.	Á eftir kafla nr. 73 komi:	
	Kafli nr. 75	
	Bifreiðavarahlutir í nr. 6	30
	Barnavagnar í nr. 18	30

Nd. 112. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 17/1948, um skráningu skipa, og l. nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir samræmingu á gjöldum fyrir þjónustu Skipaskoðunar ríkisins, sem nú eru ýmist ákveðin í reglugerð eða með lögum frá mismunandi tíma.

Meiri hl., undirritaðir nefndarmenn, telur, að hér sé aðeins stefnt að nauðsynlegri og eðlilegri samræmingu á gjöldum fyrir þessa þjónustu, og mælir með því, að frumv. verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna, SkG, mun skila sérálíti.

Alþingi, 13. nóv. 1961.

Birgir Kjaran, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 113. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um hækkun lána úr byggingarsjóði sveitabæja.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Pálsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að veitt verði mun hærri lán úr byggingarsjóði sveitabæja til íbúðarhúsa í sveitum en nú er gert.

Jafnframt verði sjóðnum séð fyrir nægilegu fjármagni til útlána.

Greinargerð.

Í lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, 44. gr., 2. mgr., segir svo um lán úr byggingarsjóði sveitabæja: „Lánin mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs, að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Þó má aldrei veita hærri lán en 75% kostnaðarverðs til einstakrar byggingar. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans."

Tilgangurinn með starfsemi byggingarsjóðs sveitabæja er sá að gera bændum kleift að reisa ný íbúðarhús á ábýlisjörðum sínum án þess að þurfa að stofna til lausaskulda, sem yrðu bændum lítt viðráðanlegar og búskapnum til mikils hnekkis. Við það er miðað ákvæði laganna um, að hámarkslán nemi 75% kostnaðarverðs einstakrar byggingar.

Lán, sem veitt hafa verið úr sjóðnum til íbúðarhúsa í sveitum, frá því að hann hóf starfsemi sína, hafa verið misjafnlega há, þar sem hæð lánanna hefur tekið breytingum vegna hækkunar á byggingarkostnaði. Fyrir gengisbreytinguna í febrúar 1960 voru lán úr sjóðnum að jafnaði 75 þús. kr. út á hvert íbúðarhús.

Síðan á öndverðu ári 1960 hafa stórfelldar hækkanir átt sér stað af völdum gengisbreytingar og söluskatta. Verð á byggingarefni og þar með byggingarkostnaður hefur stórhækkað á þessu tímabili. Jafnframt eru vextir af lausaskuldum mjög háir. Og hér við bætist, að kaupgjald hefur hækkað, og enn fer verðlag hækkandi sökum nýrrar gengisfellingar á s. l. sumri.

Frá því að efnahagslögin tóku gildi í febrúar 1960, hefur stjórn Búnaðarbankans hækkað hámark lána úr byggingarsjóði sveitabæja um 15 þús. kr., og eru nú lánin í reynd yfirleitt 90 þús. kr. á hvert íbúðarhús, sem lán er veitt til úr sjóðnum.

Þessi litla hækkun byggingarlánanna er orðin alls kostar ófullnægjandi. Verður það augljóst, ef tillit er tekið til hinna stórkostlegu verðhækkana að undanförnu. Ef bændum á að vera kleift að koma upp nýjum íbúðarhúsum án þess að stofna til lítt viðráðanlegra lausaskulda, þyrftu lán úr byggingarsjóði að nema allt að 200 þús. kr. á hvert hús.

Um þessar mundir er á Alþingi fjallað um löggjöf um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Það er gott og nauðsynlegt að létta bændum þær skuldabyrðar, sem nú hvíla á þeim. En mestu varðar þó, að komið sé í veg fyrir, að miklar lausaskuldir safnist vegna ófullnægjandi stofnlána til nauðsynlegustu framkvæmda á jörðunum.

Ed. 114. Frumvarp til laga [85. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Björn Jónsson.

1. gr.

a. 2. málsgr. 4. gr. laganna falli niður.
b. Á eftir orðunum „jafnháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma" í 4. málsgr. 4. gr. bætist: og að auki 6% af kaupi því, sem þeir hafa unnið fyrir í eftir-, nætur- og helgidagavinnu hjá vinnuveitandanum næsta orlofsár á undan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um orlof er svo fyrir mælt, að þeir, sem lögin taka til og ekki eru í föstu starfi, skuli aðeins fá greitt orlofsfé af kaupi fyrir eftir-, nætur-

og helgidagavinnu sem hefði sú vinna verið unnin við venjulegu dagvinnukaupi, en föstum starfsmönnum er hins vegar ekki ætlað neitt orlofsfé fyrir slíka vinnu, heldur skulu þeir aðeins halda óskertu dagvinnukaupi yfir orlofstímann.

Með frv. þessu er lagt til, að framangreindum ákvæðum verði breytt á þá lund, að þau tryggi öllum starfsmönnum í þjónustu annarra fullt orlofsfé, 6%, af öllu kaupi. Aðrar breytingar frá gildandi lögum felur frv. ekki í sér.

Á s. l. sumri fengu flest verkalýðsfélaga, er þá sömdu um laun og kjör, þau ákvæði, sem hér er lagt til að lögfesta, inn í kjarasamninga sína. Eftir að þannig hefur fengizt almenn viðurkenning á þessum ákvæðum, þykir flm. réttmætt og eðlilegt, að þau séu fest í lögum, svo sem áður hefur verið gert varðandi önnur atriði orlofslaganna, eftir að verkalýðssamtökin hafa með samningum við atvinnurekendur aukið orlofsrétt skjólstæðinga sinna. Þá þykir flm. nauðsynlegt, að hinn aukni orlofsréttur verði látinn taka til þeirra starfshópa, sem njóta hans ekki nú þegar og suma hverja skortir lagarétt til þess að knýja rétt sinn fram með samningum, svo sem er um starfsmenn hins opinbera og iðnnema.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, yrði tryggt, að allir starfsmenn í þjónustu annarra bæru sömu laun úr býtum yfir orlofstímann eins og þeir hafa haft að meðaltali á jafnlöngum tíma næsta orlofsár á undan. Er brýn nauðsyn, að sú skipan komist almennt á, þar sem orlofstímanum fylgja að jafnaði meiri útgjöld en öðrum árstímum, ef hann er notaður svo sem tilætlunin er, til þess að starfsmenn veiti sér nauðsynlega hvíld og tilbreytingu frá daglegum önnum. Á þessa þörf hefur líka verið litið víða um lönd og ákveðin hærri laun yfir orlofstímann heldur en svara til venjulegra dagvinnulauna.

Rétturinn til eðlilegrar hvíldar er meðal mikilsverðustu og sjálfsögðustu mannréttinda. Réttur til árlegs orlofs með fullum launum er annar þáttur þeirra mannréttinda, þáttur, sem löggjafarvaldið hefur haft bein afskipti af á síðari tímum. Að áliti flm. þessa frv. ber því þess vegna lágmarksskylda til að fylgjast með þeirri þróun, sem orlofsrétturinn tekur með almennum kjarasamningum stéttarfélaganna og atvinnurekenda, enda þótt æskilegt væri, að lengra væri gengið.

Sþ. 115. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um landfundi Íslendinga í Vesturheimi.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samvinnu við ríkisstjórnir Kanada og Bandaríkjanna um rannsóknir varðandi landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur allmikið verið rætt í erlendum blöðum um landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld í tilefni af rannsóknum einstakra áhugamanna á því sviði. Hér er um mál að ræða, sem eðlilegt er að Íslendingar láti sig miklu varða. Jafnframt virðist það eðlileg framkvæmd slíkra rannsókna, að leitað sé samstarfs við stjórnarvöld þeirra landa, sem hér eiga hlut að málum.

Ed. 116. Breytingartillaga [74. mál]

við frv. til l. um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Vörur í tollskrárköflum nr. 50, nr. 51, nr. 52, nr. 54 og nr. 55, nánar tilgreindar í þessari grein, skulu háðar verðlagseftirliti, og má álagning ekki vera hærri hlutfallslega en hún var í ársbyrjun 1961.

Ed. 117. Breytingartillaga [74. mál]

við frv. til l. um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá Sigurvin Einarssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 2. gr. Á eftir kafla 71 komi:

Kafli 72		
Nr. 12a	hjóladráttarvélar:	
	vélarnar sjálfar	tollfrjálst
Nr. 12b	hjóladráttarvélar:	
	hlutar til þeirra	tollfrjálst

Nd. 118. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað málið og rætt efni þess á tveim fundum. Á öðrum fundinum mætti landbúnaðarráðherra og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna og veitti upplýsingar málinu til skýringar. Þá var og leitað til Búnaðarbanka Íslands varðandi tölu bænda, sem um lán hefðu sótt, og reyndist hún vera um 1300. Frumvarpið var einnig sent Stéttarsambandi bænda til umsagnar.

Nefndin var í heild sammála um markmið það, sem frumvarpið stefnir að, sem er að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Telur meiri hluti nefndarinnar, að með frumvarpinu og aðgerðum hins opinbera í framhaldi af þessari löggjöf verði þeim tilgangi náð. Minni hluti nefndarinnar, þeir LJós og og SkG, telur frumvarpið hins vegar ófullnægjandi, og munu þeir skila séráliti.

Megingagnrýni minni hlutans beinist að eftirfarandi atriðum:

1) Seðlabankinn eða aðrar lánastofnanir séu ekki skyldaðar með lögum til þess að taka við hinum nýja flokki bankavaxtabréfa sem greiðslum.
2) Lánin verði ekki veitt gegn veði í vélum eða tækjum.
3) Ekki sé gert ráð fyrir lánum til vinnslustöðva landbúnaðarins.
4) Af landbúnaðarlánum verði reiknaðir hærri vextir en af lánum til sjávarútvegsins.

Skoðanir meiri hlutans á þessum athugasemdum eru þessar:

1) Engar upplýsingar liggja fyrir um það, hversu hárri upphæð heildarlán til landbúnaðarins muni nema samkvæmt áðurgreindum umsóknum, sökum þess að mörgum þeirra fylgja mjög takmarkaðar og ófullnægjandi upplýsingar, svo að drjúg-

langan tíma getur tekið að vinna úr þeim og afla fyllri gagna, áður en hægt verður að telja saman heildarupphæð lánanna. Virðist það eitt út af fyrir sig fráleitt að ætla að skylda einhverjar lánastofnanir til þess samkvæmt lögum að veita algerlega ótiltekin lán. Þá er það og mikið álitamál, hvort það sé ekki almennt hæpin leið og sérstaklega vegna hagsmuna lántakenda að þvinga lánastofnun til þess að breyta stuttum lánum einhverrar atvinnugreinar eða ákveðins hóps einstaklinga í löng lán, því að vera kann, að slíkar aðgerðir mundu framvegis valda tregðu lánastofnana til þess að veita viðkomandi aðilum stutt lán, t. d. víxillán, sem oft geta þó verið þeim nauðsynleg. — Til viðbótar þessu má geta þess, að landbúnaðarráðherra upplýsti á fundi nefndarinnar, að allir ríkisbankarnir hefðu lofað að taka við þessum bankavaxtabréfum og að ríkisstjórnin mundi, þegar heildaryfirsýn fengist um málið og í ljós kæmi, hver upphæð þeirra yrði, stuðla að því, að bændur gætu losnað við bréfin til lánastofnana, svo að lánabreytingin kæmi þeim sem fyrst að sem beztu gagni.

2—3) Varðandi báða þessa liði gat landbúnaðarráðherra þess, að ríkisstjórnin hefði í undirbúningi öflun fjár til sjóða Búnaðarbankans, sem tilætlunin væri að gerði þeim fært að lána bæði gegn veði í nýjum og nýlegum vélum og sömuleiðis til vinnslufyrirtækja landbúnaðarins gegn veðhæfum eignum.

4) Um vaxtakjörin er það að segja, að ef frumvarp þetta nær fram að ganga, munu vaxtakjör landbúnaðarins sízt verða lakari en vaxtakjör sjávarútvegsins, því að vextir þessir munu að verulegu leyti ganga inn í verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða og bændur fá þá bætta í afurðaverðinu sjálfu.

Meiri hluti fjárhagsnefndar telur, að frumvarp þetta muni því geta náð tilgangi sínum um að breyta þungbærum lausaskuldum bænda í föst lán og þannig geta orðið þeim til hagsbóta. Það er því tillaga meiri hlutans, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. nóv. 1961.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Sþ. 119. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um kvikmyndun íslenzkra starfshátta.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Einar Olgeirsson, Jónas G. Rafnar, Hjörtur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það í samráði við þjóðminjavörð, að fræðslumyndasafn ríkisins og menntamálaráð Íslands skipuleggi og beiti sér fyrir kvikmyndun íslenzkra starfshátta, sem hætta er á að falli í gleymsku að öðrum kosti.

Greinargerð.

Hinn 16. nóv. 1960 barst menntamálanefndum Alþingis erindi frá nokkrum kunnum mönnum um, að hafizt yrði handa um kvikmyndun íslenzkra starfshátta, sem tíðkazt hafa í landinu, en nú hafa verið lagðir niður eða eru í þann veginn að hverfa úr sögunni eða gerbreytast. Efni þessa erindis var þó ekki gert að sérstöku þingmáli á síðasta þingi. Á því þingi voru hins vegar samþykkt lög um fræðslumyndasafn ríkisins. Í framsöguræðu í sambandi við nefndarálit um það mál skýrði framsögumaður menntamálanefndar efri deildar frá fyrrnefndu erindi og lét í ljós þá skoðun af hálfu nefndarinnar, að æskilegt væri, að væntanleg stjórn fræðslumyndasafnsins tæki það til meðferðar, sbr. 2. gr. laganna. Nú hefur það

dregizt, að stjórn safnsins yrði fullskipuð, og mun því lítið hafa gerzt í málinu, sem þó verður að telja aðkallandi með tilliti til þess, hve breytingar eru nú örar í atvinnulífi landsmanna. Með flutningi þessarar tillögu vilja flutningsmenn freista þess að efla áhuga og framkvæmdir í þessu menningarmáli.

Fylgiskjal.

Erindi til menntamálanefnda Alþingis.

Í hvert sinn, sem gengið er fram hjá eyðibýli eða staðið við bæjarrúst, grípur mann sú löngun að geta séð fólkið, sem þarna bjó, horft á kjör þess og venjur. En oftast eru fáar sagnir til af þessu fólki og því erfitt að gera sér ljósa hugmynd um ævi þess og athafnir.

Á þeim tíma, sem af er þessari öld, hefur orðið bylting í lifnaðarháttum þjóðarinnar. Flest það gamla er horfið, en nýtt er komið í staðinn.

Okkur, sem höfum séð gömul vinnubrögð og venjur þoka fyrir nýjungum, ber skylda til að kvikmynda allt, sem hægt er, af starfsháttasögu þjóðarinnar, svo langt aftur í tímann, sem tök eru á, og gefa framtíðinni þannig kost á að kynnast lífi og störfum fólksins, áður en byltingin hófst. Með því yrði framtíðinni tryggður lifandi fróðleikur um þann tíma, sem eldri kynslóðinni er enn ferskur í minni.

Byggðasöfnin, sem komið hefur verið á fót víðs vegar um landið, eru ómetanlegar heimildir, arfur til framtíðarinnar. En þegar fram líða stundir, skilur fólk ekki, hvernig unnið var með áhöldum, sem þar eru. Þess vegna verður að fá kunnáttumenn til að vinna með þeim og kvikmynda verkið. Án lifandi mynda getur t. d. enginn gert sér glögga grein fyrir gömlum heyskapar- og sjósóknaraðferðum, taðvinnu, ullarþvotti eða matargerð, eins og hún var fyrrum, þjónustubrögðum, tóskap eða kvöldvökum á sveitabæ.

Myndataka þessi er menningarleg nauðsyn, sem þolir enga bið, því að með hverjum degi, sem líður, er eitthvað að glatast, sem framtíðin má ekki missa.

Nokkuð hefur þegar verið unnið að því að kvikmynda lifnaðarháttu og vinnubrögð fyrri aldar, og hafa staðið að því bæði átthagafélög og einstakir menn. Má segja, að það starf sé unnið í alþjóðarþágu, en þess ekki að vænta, að þannig verði bjargað öllu því, sem bjarga þarf frá því að falla í gleymskunnar djúp. Má þess minnast, að þótt margt hafi verið með sama eða svipuðum hætti um land allt, þá var þó lífsbaráttan ólík í hinum ýmsu héruðum vegna staðhátta.

Hér verður ekki treyst á framtakssemi einstakra manna eða félaga, hér verður ríkið sjálft að koma til skjalanna. Ekki þarf að vinna aftur það, sem þegar hefur verið unnið, en athuga þarf nú þegar, hvað það er og hvað eftir er að gera. Virðist sjálfsagt, að það verði falið þjóðminjaverði og síðan verði hafizt handa um skipulega kvikmyndun undir hans forsjá.

Okkur er ljóst, að þetta kostar ærið fé og fyrirhöfn. En í hvorugt má horfa. Við erum líka vissir um, að allir, sem þjóðlegri menningu unna, muni fúsir til að veita þessu máli lið.

Þess vegna leyfum við okkur að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það láti þegar á næsta ári hefja kvikmyndun á þjóðháttasögu Íslendinga og veiti til þess nægilegt fé.

Erindi þetta sendum við menntamálanefndum beggja deilda **Alþingis.**

Reykjavík, 16. nóv. 1961.

Virðingarfyllst,

Þórarinn Haraldsson, Laufási.	Þóroddur Guðmundsson, rithöfundur.	Árni Óla, blaðamaður.

Steingrímur Steinþórsson,
búnaðarmálastjóri.

Nd. 120. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til laga um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum við frv.

Einn nefndarmanna, Páll Kristjánsson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 17. nóv. 1961.

Jónas G. Rafnar, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Sv. S. Einarsson.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 121. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar og kynnt sér efni þess og rætt það á einum fundi. Á fundinum voru mættir auk nefndarmanna ráðunautar ríkisstjórnarinnar um samningu frumvarpsins: tollstjóri, hagstofustjóri og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins. Svöruðu þeir fyrirspurnum nefndarmanna og gáfu ýmsar upplýsingar varðandi málið. Nefndin var í heild sammála um efni frumvarpsins, svo langt sem það nær, og mæla undirritaðir nefndarmenn, sem mynda meiri hluta nefndarinnar, með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Aðrir nefndarmenn, LJós og SkG, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við frumvarpið og munu skila sérálitum.

Alþingi, 18. nóv. 1961.

Birgir Kjaran, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Nd. 122. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frumvarps. Ég hef þó kosið að skila sérstöku nefndaráliti og gera þar grein fyrir afstöðu minni til málsins og fyrir breytingartillögum, er ég flyt.

Frumvarpið felur í sér talsverða lækkun aðflutningsgjalda á þeim vörum, sem það nær til. En gallinn er sá, að það nær til fárra vöruflokka. Þær vörur, sem ráðgert er að tollar verði lækkaðir á samkvæmt þessu frumvarpi, eru einvörðungu vörur, sem verið hafa í svonefndum hátollavöruflokki. Þær vörur hafa borið mjög há aðflutningsgjöld.

En samkvæmt þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að lækka aðflutningsgjöldin á öllum þeim vörum, sem töldust til hátollavöruflokksins. Enn verða því eftir margar vörur, sem áfram eiga að bera aðflutningsgjöld, sem eru langt fyrir ofan 100%. Þetta tel ég óeðlilegt.

Þá tel ég það mikinn galla við þetta frumvarp, að það gerir ekki ráð fyrir neinni tollalækkun á ýmsum mjög nauðsynlegum vörum, sem þó eru hátt tollaðar. Þannig eru t. d. mjög há aðflutningsgjöld á öllum heimilisrafmagnstækjum, á búsáhöldum, útvarpstækjum, varahlutum í vélar o. fl. vörutegundum. Þegar ákveðið er að lækka aðaflutningsgjöld á silkivefnaði, naglalakki, loðskinnum og skrautvörum, þá sýnist mér, að full ástæða sé til að lækka einnig hliðstæð gjöld á búsáhöldum og varahlutum í vélar.

Ég flyt því breytingartillögur um að lækka einnig aðflutningsgjöld á ýmsum öðrum vörum en frumvarpið nær til, og er þar í öllum tilfellum um að ræða vörur, sem bera há aðflutningsgjöld, en eru þó allmiklu nauðsynlegri vörur en margar þær, sem frumvarpið fjallar um.

Gert er ráð fyrir, að lækkun aðflutningsgjalda samkvæmt frumvarpinu muni nema um 46 milljónum króna, miðað við hliðstæðan innflutning og var árið 1960. Verð á þeim vörum, sem frumvarpið nær til, ætti því að lækka talsvert, komi tollalækkunin að fullu fram í útsöluverðinu. En þar sem núverandi ríkisstjórn hefur einmitt beitt sér fyrir því á s. l. sumri að afnema allt verðlagseftirlit á mörgum þeim vöruflokkum, sem frumvarp þetta nær til, þá tel ég litla tryggingu fyrir því, að tollalækkunin skili sér öll í lækkuðu vöruverði, séu ekki sérstakar ráðstafanir gerðar til þess að tryggja það. Það gefur auga leið, að um leið og verzlunin hefur óbundnar hendur um álagningu, getur hún hrifsað til sín verulegan hluta af tollalækkuninni.

Ótvíræð reynsla liggur fyrir um það, að álagningarfrelsi hefur leitt til þess, að álagning stórhækkaði. Þannig fór t. d., þegar álagningin á bátagjaldeyrisvörurnar var gefin frjáls á sínum tíma.

Mikið af þeim vörum, sem frumvarp þetta fjallar um, er þess eðlis, að erfitt er fyrir almenning að átta sig á, hvað er rétt verð á þeim. Þannig er t. d. mjög breytilegt verð á ýmiss konar silkivefnaði, á snyrtivörum, á skrautvörum og öðru þess háttar.

Ég tel því, að óhjákvæmilegt sé að ákveða, að allar þær vörur, sem frumvarpið nær til, verði settar undir verðlagsákvæði, svo að tryggt sé, að tollalækkunin komi almenningi til góða, en renni ekki til kaupmanna og heildsala. Ég flyt því breytingartillögu um það efni.

Alþingi, 18. nóv. 1961.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 123. Breytingartillaga [74. mál]

við frv. til laga um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Verðlagsnefnd skal ákveða hámark álagningar í heildsölu og smásölu á öllum þeim vörutegundum, sem lög þessi taka til. Við ákvörðun um álagningu skal nefndin fylgja þeirri meginreglu, að álagningin verði ekki hærri að hundraðstölu en hún nú er eða var við síðustu verðlagsákvarðanir á viðkomandi vöru í þeim tilvikum, sem álagning hefur verið frjáls að undanförnu.

Nd. 124. Breytingartillögur [74. mál]

við frv. til laga um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 2. gr.

		Verðtollur %
1.	Á eftir kafla nr. 6 komi:	
	Kafli nr. 19	
	Ris og aðrar korntegundir, tilreiddar, í nr. 5	30
2.	Á eftir kafla nr. 31 komi:	
	Kafli nr. 32	
	Handsápa og raksápa í nr. 3a	30
3.	Í kafla nr. 59 bætist:	
	Búsáhöld úr leir í nr. 9	30
4.	Í kafla nr. 60 bætist:	
	Búsáhöld úr gleri í nr. 21	30
5.	Í kafla nr. 63 bætist:	
	Olíukyndingartæki í nr. 52a	30
6.	Í kafla nr. 73 bætist:	
	a. Heimilistæki í nr. 37—45	30
	b. Útvarpstæki í nr. 84a	30
7.	Á eftir kafla nr. 73 komi:	
	Kafli nr. 75	
	Bifreiðavarahlutir í nr. 6	30
	Barnavagnar í nr. 18	30

Nd. 125. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til laga um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Allir fjárhagsnefndarmenn eru sammála um að mæla með því, að þetta frumvarp verði samþykkt. En vegna þess, hvað þar er ákaflega skammt gengið, vil ég gera tilraun til að fá til viðbótar tilslakanir á aðflutningsgjöldum á nokkrum vörum til almennra nota og nauðsynlegum framleiðslutækjum. Ég flyt því breytingartillögur við frv., en um þær varð ekki samkomulag í nefndinni.

Ráðstafanir núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum hafa m. a. valdið gífurlegum hækkunum á tollum og öðrum gjöldum á innfluttum varningi.

Ríkisreikningurinn fyrir 1959 sýnir, að þá voru tekjur ríkissjóðs af vörumagnstolli, verðtolli, söluskatti, innflutningsgjaldi af benzíni og gjaldi af innlendum tollvörum samtals 520 millj. kr. Svo kemur núverandi stjórn með sínar ráðstafanir, og á fyrsta ári hennar hækka þessar álögur upp í 967 millj., eða um hvorki meira né minna en 447 millj. kr., samkvæmt ríkisreikningi fyrir 1960. Í þessu sambandi skal þess getið, að 1960 var framlag úr ríkissjóði til niðurgreiðslu á vöruverði 107 millj. kr. hærra en 1959.

Tollahækkunarsaga stjórnarinnar er ekki hér með búin. Gizkað er á, að gengislækkunin s. l. sumar muni valda um 90 millj. kr. hækkun á aðflutningsgjöldum, miðað við heilt ár. Þar við bætist svo hækkun á söluskatti í smásölu, sem gengisbreytingin veldur, og er þar auðvitað um verulega fjárhæð að ræða.

Ríkisstjórnin telur, að sú lækkun á aðflutningsgjöldum, sem þetta frv. felur í sér, muni nema um 46 millj. kr. að óbreyttu innflutningsmagni. Það er aðeins brot af

þeirri hækkun á þessum gjöldum, sem stjórnin skellti á s. l. sumar, þegar hún framkvæmdi seinni gengislækkun sína. Að öðru leyti á sú hækkun að gilda áfram í ofanálag á allar tollahækkanir stjórnarinnar, sem yfir dundu í febrúar 1960.

Af þessu sést, hvað tollalækkunin samkv. frv. er ákaflega lítilfjörleg í samanburði við þær stórkostlegu aðflutningsgjaldahækkanir, sem orðið hafa í tíð núverandi stjórnar.

„Missæl er þjóðin, oss dónunum dýr
dropinn oft gjörist og varningur nýr.“

Svo kvað afi fjármálaráðherrans fyrir rúmum 100 árum. Hvað ætli gamli maðurinn segði nú, ef hann væri á meðal okkar? Ætli honum þætti ekki „varningur nýr“ nokkuð dýr, þegar sonarsonur hans og aðrir núverandi ráðherrar eru á sínum stutta valdatíma búnir að hækka tollana um öll þau milljónahundruð, sem að framan er um getið, svo að gjöld á flestum vörum eru nú orðin svo há, „að þess munu vart dæmi annars staðar í vestrænum löndum“, eins og ríkisstjórnin segir sjálf í athugasemdum með frumvarpinu?

Og hvað er að segja um dropann?

Ráðherrar og forsetar fá hann ákaflega ódýran, en aðrir verða að borga geipiverð. „Missæl er þjóðin“ enn, eins og á liðinni öld.

Ríkisstjórnin segir, að aðaltilgangurinn með flutningi þessa frv. sé að koma í veg fyrir smygl. Sú spurning er því á vörum manna, hvenær stjórnin muni segja áfengissmyglurunum stríð á hendur með því að lækka verðið hjá áfengiseinkasölunni. Hér er ekki heitið neinum stuðningi við þá ráðstöfun, en líklega væri þó rétt af fólki að fresta kaupum á vínföngum, því að hugsazt getur, að stjórnin lækki verðið.

„En ókeypis stúlkurnar fallegu fá
fyrirtaks klútana Danskinum hjá.“

Fátítt mun það nú á dögum, að fallegu stúlkurnar hér fái ókeypis klúta hjá Dönum. Hins vegar er talað um, að sumir sokkar þeirra muni ólöglega innfluttir. Vel getur verið, að svo sé. Og það getur líka verið rétt, að þetta stafi að miklu leyti af því, að núverandi ríkisstjórn hefur í sokkamálunum og fleiru búið fremur kuldalega að kvenþjóðinni Vegna ráðstafana stjórnarinnar er t. d. kostnaðarverð nælonsokka nú, að óbreyttu innkaupsverði í útlandinu, 66% hærra en það var 1958. Og ekki tekur betra við, þegar konurnar þurfa að fá sér efni í kjól. Að óbreyttu innkaupsverði ytra er kostnaðarverð á kjólaefni vegna efnahagsráðstafana núverandi stjórnar 73% hærra en 1958.

Frumvarp þetta hefur þegar hlotið afgreiðslu í efri deild. Þar flutti Karl Kristjánsson, fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd, breytingartillögur við frv., m. a. um afnám tolla á heimilisdráttarvélum, nokkrum smærri landbúnaðarvélum, bátamótorum, radartækjum, dýptarmælum og fisksjám, einnig um lækkun tolla á áhöldum til heimilisnotkunar og fáeinum nauðsynlegustu vefnaðarvöruteg undum. Tillögur þessar voru felldar í efri deild, en ég hef tekið þær til flutnings hér í deildinni.

Þegar tillaga Karls Kristjánssonar um afnám tolla á heimilisdráttarvélum var borin undir atkvæði í efri deild, komst einn af þingmönnum stjórnarflokkanna það langt inn á rétta götu, að hann sat hjá við atkvæðagreiðsluna, þó að aðrir í stjórnarliðinu greiddu atkvæði á móti. Ef fáeinir af stuðningsmönnum stjórnarinnar í neðri deild fara að dæmi hans, er von um, að þessi sjálfsagða leiðrétting fáist.

Aðflutningsgjöldin á heimilisdráttarvélunum eru svo há, að algerlega er óviðunandi. Útreikningur á verði dráttarvélar, sem keypt var til landsins í ár eftir gengislækkun stjórnarinnar númer tvö, sýnir, að af rúmlega 105 þús. kr., sem bóndinn þarf að borga fyrir vélina, fara 26850 krónur í tolla og söluskatt. Og þó að samþykkt verði tillagan, sem ég flyt hér, um að létta vörumagns- og verðtolli af vélinni, er söluskatturinn eftir, en hann er meira en helmingur af framannefndri upphæð. Lag-

færingu á honum er hins vegar ekki hægt að koma fram í sambandi við þetta frumvarp.

Blöð stjórnarflokkanna hafa notað stóra og feita letrið sitt síðustu dagana, þegar þau hafa skýrt frá þessu frumvarpi. Frásagnir þeirra eru m. a. um það, að hér sé á ferðinni „víðtæk tollalækkun", ríkisstjórnin hafi „ráðizt að rótum meinsins" og hér sé gerð alvarleg tilraun til að hverfa af braut „tollafargans".

Hér að framan hefur verið sýnt, hvað þessar tilslakanir á tollum eru ákaflega litlar í samanburði við þær gífurlegu tollahækkanir, sem núverandi ríkisstjórn hefur lagt á þjóðina. Það er því ekki ólíklegt, að þeir, sem kunna að hafa tekið mark á stóru fyrirsögnunum í stjórnarblöðunum, verði fyrir vonbrigðum, þegar þeir kynnast raunveruleikanum og sjá, hvað ríkisstjórnin er hér óskaplega stuttstíg og sorglega seinfær. Og þegar menn virða þetta trítl stjórnarinnar fyrir sér, er trúlegt, að einhverjir minnist þess, sem stundum heyrist sungið í útvarpinu um fuglinn í fjörunni:

„Ekki get ég stigið við þig,
stuttfótur minn."

En þó að ekki sé hægt að ganga í „takt" við ríkisstjórnina, vegna þess hvað hún er hér reikul í spori og framúrskarandi skrefastutt, er sjálfsagt að styðja þetta frv. hennar, því að þar er þó stefnt í rétta átt.

Og sjálfsagt er að reyna að fá endurbætur á frumvarpinu.

Breytingartillögur mínar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. nóv. 1961.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 126. Breytingartillögur [74. mál]

við frv. til laga um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG).

Við 2. gr.

		Verðtollur
1.	Kafli nr. 46 B orðist svo:	
	Vefnaður úr gerviþráðum í nr. 6, 12a og 12c	50%
	Vörur úr gerviþráðum í nr. 8—9 og 11	62%
	Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar úr gerviþráðum í nr. 7	70%
2.	Í stað 62% í kafla nr. 47 komi	50%
3.	Í stað 70% í kafla nr. 51, í síðasta lið, komi	62%
4.	Á eftir kafla 71 komi:	
	Kafli nr. 72	
	Vélar og áhöld til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu í nr. 10, 11, 12a, 12b, 13a, 13b, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 21a, 21b, 21c	tollfrjálst
	Bifvélar (mótorar) og hlutar til þeirra ót. a. í nr. 30	tollfrjálst
5.	Í kafla nr. 73 bætist við:	
	Vélar og áhöld, einkum til heimilisnotkunar, í nr. 37, 38b—45	30%
6.	Í kafla nr. 77 bætist við:	
	Radartæki, dýptarmælar og fisksjár í nr. 16a	tollfrjálst

Nd. **127. Frumvarp til laga** [88. mál]

um breyting á lögum nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

Flm.: Gísli Guðmundsson, Sigurður Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

2. málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:
Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en kr. 6,00 fyrir hvern skotinn svartbak.

2. gr.

Fyri „10—100“ í 5. gr. laganna komi: 100—1000.

3. gr.

Fyrir „50—300“ í 6. gr. laganna komi: 500—3000.

4. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Ráðherra setur reglugerð samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um breyt. á l. um eyðing svartbaks var flutt á síðasta þingi. Fólst í því hækkun skotmannslauna og sekta. Það frv. var samþykkt í neðri deild og við tvær umræður í efri deild, en varð ekki útrætt.

Árið 1936 voru sett lög um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu). Með þeim lögum var sýslunefndum og bæjarstjórnum heimilað og — ef fyrir lá áskorun a. m. k. 5 æðarvarpsnotenda — gert skylt að gera samþykktir um eyðingu svartbaks. Ábúendum jarða var jafnframt gert skylt að eyða svartbakseggjum, hverjum í sínu landi. Væri ákveðið í samþykkt að eyða svartbak með skotum, skyldi ríkissjóður greiða helming skotmannslauna, allt að 20 aurum fyrir hvern skotinn fugl, en greiðslu skotmannslauna að öðru leyti skipt jafnt milli sveitar og sýslu. Árið 1941 voru svo sett ný tímabundin lög um eyðingu svartbaks. Áttu þau fyrst að gilda um tveggja ára skeið, en voru síðar framlengd allt til ársins 1954. Þessi lög frestuðu framkvæmd laganna frá 1936, en lögin frá 1936 komu aftur til framkvæmda, þegar úti var gildistími laganna frá 1941, og eru enn í gildi. Hins vegar eru hin gömlu ákvæði frá 1936 um greiðslu skotmannslauna úr ríkissjóði löngu orðin úrelt vegna verðlagsbreytinga og sömuleiðis ákvæðin um sektir fyrir að vanrækja eyðingu svartbakseggja o. fl. og lögin því gagnslaus. Í þessu frv. er lagt til, að úr þessu verði bætt. Gert er ráð fyrir, að skotmannslaun verði 12 kr. fyrir hvern skotinn svartbak — þar af helmingur úr ríkissjóði —, og má ætla, að það nægi til þess, að lögin geti borið árangur.

Flm. þessa frv. hafa aflað sér vitneskju um dúntekju í landinu ár hvert á tímabilinu 1900—1959, eða um 60 ára skeið. Eins og sjá má á skýrslum á fylgiskjali I, hefur dúntekja farið mjög minnkandi síðustu áratugina. Hæst komst dúntekjan (hreinsaður æðardúnn) á öðrum tug aldarinnar, upp í nál. 4600 kg, en síðustu 5 árin, sem skýrslan tekur til, hefur hún verið innan við 2000 kg að meðaltali. Það

er almenn skoðun, að svartbakurinn, sem situr fyrir æðarungunum, þegar þeir byrja að fleyta sér á sjó, valdi hér miklu um, enda virðist honum hafa fjölgað til muna. Ef takast mætti að fækka svartbak svo, að um munaði, má ætla, að æðarfugli færi að fjölga og dúntekjan ykist. Og þegar á það er litið, að hvert kg af hreinsuðum æðardún var á s. l. ári talið 1300—1400 kr. virði, að frádregnum sölukostnaði, er auðsætt, að tilvinnandi er fyrir þjóðarbúið að leggja nokkuð í kostnað til að eyða vargi í nágrenni æðarvarpanna og stuðla þannig að aukningu hinnar verðmætu framleiðslu, sem hér er um að ræða, þar sem æðardúnninn er.

Samkv. skýrslu á fylgiskjali II hefur á árinu 1957 verið talinn fram æðardúnn í rúml. 70 hreppum. Hér eiga því nokkuð margir hlut að máli — og víða um landið. Ef í ljós kæmi, að eyðing svartbaks miðaði að því að auka vörpin, svo að um munaði, má gera ráð fyrir, að það yrði til þess að glæða áhuga manna almennt fyrir æðarvörpum og aukningu þeirra með öðrum aðferðum.

Í lögunum frá 1941 var gert ráð fyrir sérstöku gjaldi af æðardún í sambandi við þetta mál. Er að sjálfsögðu athugandi að lögleiða slíkt gjald, t. d. til sýslu- og sveitarsjóða, þótt tillaga um það hafi ekki verið tekin upp í þetta frv.

Fylgiskjal I.

Dúntekja í landinu árin 1900—1959 samkvæmt hlunnindaskýrslum Hagstofu Íslands.

	Kg		Kg
Árið 1900	3731.9	Árið 1930	3631.0
— 1901	3663.0	— 1931	3400.0
— 1902	2971.3	— 1932	3536.0
— 1903	3249.3	— 1933	3282.0
— 1904	3107.5	— 1934	3161.0
— 1905	3254.0	— 1935	2786.0
— 1906	3147.5	— 1936	3011.0
— 1907	3525.5	— 1937	3084.0
— 1908	3524.5	— 1938	2852.0
— 1909	3587.8	— 1939	3298.0
— 1910	3573.8	— 1940	3241.0
— 1911	3834.0	— 1941	2806.0
— 1912	2404.5	— 1942	2423.0
— 1913	4577.0	— 1943	2319.0
— 1914	3921.5	— 1944	2535.0
— 1915	4290.5	— 1945	2426.0
— 1916	4355.5	— 1946	2142.0
— 1917	3915.5	— 1947	1957.0
— 1918	3490.0	— 1948	2008.0
— 1919	3238.5	— 1949	1712.0
— 1920	3393.5	— 1950	1918.0
— 1921	3349.3	— 1951	2026.0
— 1922	3719.5	— 1952	?
— 1923	3815.4	— 1953	?
— 1924	3840.0	— 1954	1875.0
— 1925	3838.0	— 1955	1641.0
— 1926	3963.0	— 1956	1778.0
— 1927	4138.0	— 1957	2388.0
— 1928	4287.0	— 1958	2302.0
— 1929	4018.0	— 1959	1711.0

Fylgiskjal II.

Dúntekja í einstökum hreppum árið 1957 samkvæmt hlunnindaskýrslum Hagstofu Íslands.

Miðneshreppur	13.0 kg
Bessastaðahreppur	31.0 —
Kjalarneshreppur	18.0 —
Hvalfjarðarstrandarhreppur	8.0 —
Innri-Akraneshreppur	5.0 —
Borgarhreppur	2.0 —
Álftaneshreppur	39.0 —
Kolbeinsstaðahreppur	1.0 —
Miklaholtshreppur	1.0 —
Staðarsveit	1.0 —
Eyrarsveit	11.0 —
Helgafellssveit	7.0 —
Stykkishólmshreppur	55.0 —
Skógarstrandarhreppur	29.0 —
Miðdalahreppur	3.0 —
Fellsstrandarhreppur	10.0 —
Klofningshreppur	70.0 —
Skarðshreppur	30.0 —
Saurbæjarhreppur	8.0 —
Geiradalshreppur	28.0 —
Reykhólahreppur	86.0 —
Gufudalshreppur	3.0 —
Múlahreppur	67.0 —
Flateyjarhreppur	222.0 —
Barðastrandarhreppur	15.0 —
Auðkúluhreppur	6.0 —
Mýrahreppur	87.0 —
Mosvallahreppur	6.0 —
Ögurhreppur	65.0 —
Reykjarfjarðarhreppur	13.0 —
Snæfjallahreppur	120.0 —
Árneshreppur	132.0 —
Kaldrananeshreppur	19.0 —
Hólmavíkurhreppur	9.0 —
Kirkjubólshreppur	5.0 —
Fellshreppur	131.0 —
Bæjarhreppur	20.0 —
Ytri-Torfustaðahreppur	8.0 —
Hvammstangahreppur	31.0 —
Þverárhreppur	2.0 —
Vindhælishreppur	11.0 —
Höfðahreppur	3.0 —
Skagahreppur	57.0 —
Skefilsstaðahreppur	26.0 —
Skarðshreppur	4.0 —
Rípurhreppur	4.0 —
Viðvíkurhreppur	37.0 —
Hólahreppur	3.0 —
Haganeshreppur	6.0 —

Holtshreppur	32.0 kg
Grýtubakkahreppur	24.0 —
Flateyjarhreppur	5.0 —
Aðaldælahreppur	4.0 —
Reykjahreppur	40.0 —
Kelduneshreppur	22.0 —
Presthólahreppur	65.0 —
Svalbarðshreppur	4.0 —
Þórshafnarhreppur	18.0 —
Sauðaneshreppur	50.0 —
Skeggjastaðahreppur	44.0 —
Vopnafjarðarhreppur	37.0 —
Hjaltastaðahreppur	1.0 —
Borgarfjarðarhreppur	2.0 —
Loðmundarfjarðarhreppur	11.0 —
Reyðarfjarðarhreppur	82.0 —
Fáskrúðsfjarðarhreppur	60.0 —
Breiðdalshreppur	74.0 —
Beruneshreppur	125.0 —
Búlandshreppur	46.0 —
Geithellnahreppur	6.0 —
Bæjarhreppur	3.0 —
Nesjahreppur	3.0 —
Hafnarhreppur	41.0 —
Samtals	2388.0 kg

Fylgiskjal III.

Lög nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

1. gr.

Hvarvetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur.

2. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnum að gera samþykktir, er atvinnumálaráðherra staðfestir, um eyðingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 5 eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigutakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal samþykkt gerð innan árs frá því, er krafa hefur fram komið, og sendir þá sýslumaður samþykktina atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar.

3. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en í hana þykir vanta nauðsynleg ákvæði, eða hún þykir fara í bága við gildandi lög eða reglugerðir, og synjar þá ráðherra staðfestingar og endursendir frumvarpið og greinir ástæður fyrir synjuninni.

Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla, sem heima eiga eða land hafa til afnota á samþykktarsvæðinu.

4. gr.

Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá ríkissjóður helming skotmannslauna, en sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitar-

sjóður sinn fjórðung hvor. Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en 20 aura fyrir hvern skotinn svartbak.

Hreppsnefnd ræður svartbaksskyttur, hver fyrir sinn hrepp.

5. gr.

Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, eða reynir að varna því, að eyðing svartbaks megi fram fara í samræmi við staðfestar samþykktir, sæti sektum frá 10—100 krónum.

6. gr.

Skyldur er hver jarðarábúandi að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefur umráð yfir, ef þess er kostur. Vanræki jarðarábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 50—300 krónum.

7. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum skulu renna til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Mál þau, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 frá 19. febr. 1892, um eyðing svartbakseggja.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 128. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um rannsókn á aðferðum til upphitunar húsa.

Flm.: Ingi R. Helgason, Lúðvík Jósefsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til að rannsaka til hlítar stofn- og rekstrarkostnað sem og framtíðarmöguleika þeirra aðferða, sem tíðkaðar eru hérlendis við upphitun húsa, með sérstöku tilliti til þess, hvort ekki sé þjóðhagslega rétt og einnig hagkvæmast fyrir viðkomandi aðila — ekki síst í dreifbýlinu — að stefna að því í sambandi við vatnsaflsvirkjanir næstu áratugi að hita hús hérlendis með raforku.

Greinargerð.

I.

Upphitun húsa, íbúðarhúsa sem annarra, er mjög þýðingarmikið fjárhagsatriði hér norður við heimskautsbaug, bæði fyrir einstaklinga og þjóðarheildina. Mikils er um vert, að hitunaraðferðir fullnægi kröfum tímans um þægindi og byggist á skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu þeirra orkulinda, sem fyrir eru í landinu. Aðferðir þær, sem tíðkaðar eru hér á landi, eru aðallega ferns konar:

1. Upphitun með kolum.
2. **Upphitun með olíu:**
   a) svartolíu (óhreinsaðri),
   b) dísilolíu.
3. Upphitun með jarðhita (heitu vatni).
4. **Upphitun með rafmagni:**
   a) næturhitun,
   b) þilofnar,
   c) rafgeislahitun.

Alkunna er, að við hitum nú að mestu leyti hús okkar — og höfum lengi gert — með innfluttri orku, kolum og olíu. Kolin eru að mestu að hverfa af sjónarsviðinu, og liggja til þess augljósar ástæður. Um olíuna er allt aðra sögu að segja. Notkun hennar til upphitunar húsa hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum, og er hún nú mest notuð allra orkulinda hérlendis í þessu skyni. Tvær tölur staðfesta þessa þróun. Á síðasta áratug hefur innflutningur brennsluolíu aukizt um 228%:

Ár	Innfluttar brennsluolíur	Verðmæti
1950	137.9 þús. tonn	47.3 millj. kr.
1959	313.8 — —	142.5 — —

Þetta magn hefur að vísu ekki allt farið til upphitunar húsa, en aukningin sýnir, hvert stefnt hefur.

Jarðhiti er talsvert notaður og í vaxandi mæli. Hitaveitur eru í Reykjavík, Sauðárkróki, Ólafsfirði og Selfossi og víðar á einstökum bæjum.

Rafmagn er tiltölulega lítið notað til upphitunar hérlendis og hefur ekki farið vaxandi miðað við heildarraforkunotkun landsmanna á síðasta áratug, enda þótt rafhitun hafi tvöfaldazt að magni til á þeim tíma.

Fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari er um orkuneyzlu Íslendinga og skiptingu hennar á orkutegundir.

Fylgiskjal II er um raforkuneyzlu í Evrópu og Bandaríkjunum og neyzluaukninguna á tímabilinu 1952—1957. Það fylgiskjal sýnir, að raforkuneyzla okkar á íbúa hefur farið mjög vaxandi, en aðallega á fyrri hluta tímabilsins, en t. d. á árinu 1957 óx raforkuneyzlan hér minnst allra þessara landa eða aðeins um 2.3% frá árinu 1956.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu eru þeirrar skoðunar, að í framtíðinni munum við Íslendingar þurfa að byggja á innlendri orku til upphitunar húsa, en að notkun hinnar erlendu orku, aðallega olíu, fari dvínandi, bæði af því að framleiðslu hennar eru takmörk sett og af beinum fjárhags- og hagkvæmnisástæðum. Innlendu orkutegundirnar eru tvær, jarðhiti og rafmagn. Nýting jarðhitans til upphitunar hérlendis er mjög staðbundin, en órannsakað er með öllu, hversu mikill þáttur jarðhitinn gæti orðið í sambandi við framtíðarlausn þessa vandamáls á landsmælikvarða. Meðal annars er enn ósvarað þeirri spurningu, hvort ekki sé hagkvæmt að framleiða rafmagn með jarðhitanum. Um raforkuna eru menn ekki sammála. Sumir sérfræðingar halda því fram, að raforkan sé svo dýr, að útilokað sé að framleiða hana til upphitunar húsa. Þó halda aðrir fram, að slík notkun raforkunnar eigi fyllilega rétt á sér, a. m. k. að vissu marki samhliða iðnaðar- og heimilisnotkuninni, og jafnframt, að hún sé fyllilega samkeppnisfær við olíu í þessari notkun, sé miðað við svipað verð á raforkunni og til iðnaðar. En um þetta megum við ekki vera í neinum vafa. Þetta þarf að rannsaka ýtarlega með tilraunum og glöggri skýrslugerð (statistik) og samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði þessara hitunaraðferða. Að því stefnir þingsályktunartillagan.

Flutningsmönnum þykir rétt að láta koma fram í greinargerð nokkur atriði, sem þeim þykir benda til þess, að raforka hljóti í framtíðinni að verða einmitt hérlendis notuð til upphitunar húsa.

II.

Engin þjóð í heimi býr í landi með jafnmikið virkjanlegt vatnsafl miðað við íbúa og við Íslendingar. Talið er, að við gætum virkjað vatnsafl okkar til framleiðslu á rafmagni allt að tæpum 120 þús. kwst. á hvern íbúa á ári. Norðmenn koma næstir okkur í Evrópu með tæpar 30 þús. kwst. á hvern íbúa á ári. Fylgiskjal III með þingsályktunartillögu þessari er um virkjanlegt vatnsafl í Evrópu. Af vatnsafli okkar höfum við aðeins virkjað um 3%. Ef við förum út í stórvirkjanir, höfum við vegna smæðar þjóðarinnar meiri möguleika en ella til notkunar á raforku til upphitunar.

Rétt er að benda á, að Norðmenn hafa virkjað 25% af vatnsafli sínu, en hlutfall notkunar til upphitunar húsa af heildarnotkuninni þar í landi er margfalt hærra en hér.

Í Danmörku og Englandi er rafhitun að ryðja sér mjög til rúms, og er þó rafmagnið þar framleitt með olíu. Sjónvarpshúsið í Kaupmannahöfn er hitað með rafmagni, og svo er um fleiri stórhýsi, skóla og íbúðarhús. Frægt er stórhýsið í Nyropsgade, sem byggt var 1955 og hitað er með rafmagni, sem kostar 15 aura danska hver kwst., eða tæpa 1 krónu íslenzka, og fullyrt, að engin hitunaraðferð væri samkeppnisfær um verð miðað við gæði.

Nýting á afkastagetu raforkuveranna er eitt höfuðatriði þessa máls frá þjóðhagslegu sjónarmiði. En rafhitunin eykur mjög nýtinguna.

Raforka til almennra nota, þ. e. hin svokallaða forgangsorka, er seld án allra skilyrða og á tiltölulega háu verði. Þörfin fyrir forgangsorkuna er mjög breytileg. Hún er meiri vetur en sumar, að degi til en að nóttunni og ávallt langmest á tímunum frá 11—12 og 19—20. Orkuverin verður hins vegar að miða við mesta álag. Ef aðeins væri seld forgangsorka, yrði nýtingartími raforkuveranna óhæfilega stuttur og full nýting aðeins hugsanleg í tæpa tvo tíma á dag nokkra köldustu daga ársins. Meginhluta ársins væru þessi verðmætu raforkuver hálfnýtt eða ekki það og vatnið rynni óhindrað fram hjá virkjununum. Raforkusala á lægra verði en forgangsorkan byggist á því að nýta það afl, sem ekki nýtist sem forgangsorka. Hún er því venjulega háð skilyrðum um, að strauminn megi rjúfa, þegar forgangsálagið er mest, t. d. með klukkurofum. Það gefur auga leið, að slík nýting hlýtur að vera hagkvæm.

Nýting íslenzkra raforkuvera er léleg, þótt áburðarverksmiðjan sé talin með, en hún eyðir meiri raforku en öll Reykjavík með úthverfum og Kópavogi. Bezt nýting er í Írafossvirkjuninni, og var hún þó ekki nema 85% (1959). Fylgiskjal IV er yfirlit um orkuvinnslu, mesta álag og nýtingu helztu íslenzku raforkuveranna fyrri helming áranna 1958—1959. Nýting Laxárvirkjunarinnar fyrri helming ársins 1959 varð aðeins 60%, eða fullnýtt aðeins 2603 klst. af 4380 klst.

Annað mikilvægt atriði frá þjóðhagslegu sjónarmiði er nýting dreifikerfisins, en nýting þess er mun lakari en raforkuveranna.

Rafveitur sveitarfélaganna, sem kaupa raforkuna hjá raforkuverum og selja hana aftur neytendum í gegnum dreifikerfi sitt, búa við þröngan fjárhag og verða að selja orkuna háu verði vegna þess, hve nýting dreifikerfisins er slæm. Rafmagnsveita Reykjavíkur keypti 141 þús. megawattstundir árið 1958 á 21 millj. kr., en seldi 127 þús. megawattstundir á 69 millj. kr., enda nýtti hún ekki dreifingarkerfi sitt nema um liðlegan þriðjung miðið við fullnýtingu. Enn verra er þetta hjá rafveitum úti á landi, sem fara allt niður í 25% nýtingu. Fylgiskjal V er um orkukaup, orkuvinnslu og nýtingu rafveitna sveitarfélaga 1958. Samsvarandi tafla fyrir sveitarafveiturnar er ekki fyrirliggjandi, en óhætt er að fullyrða, að þar er nýtingin enn verri.

Dreifikerfið er miðað við hæsta álag, en þegar álagið fellur vegna minnkandi forgangsorku, verður flutningsgeta kerfisins illa nýtt langmestan hluta sólarhringsingsins. Betri nýting mundi auðvitað jafna kostnaðinum við dreifikerfið á miklu fleiri kwst. seldrar orku og bæta hag rafveitnanna. Sérstaklega er þetta þýðingarmikið fyrir dreifbýlið, þar sem dreifingarkostnaðurinn er mun stærri hlutur rafvæðingarkostnaðarins en í þéttbýlinu. Það sýnist því brýnt hagsmunamál dreifbýlisins og rafmagnsveitnanna, að hin blundandi orka raforkuveranna verði flutt um dreifikerfið milli álagstoppanna til upphitunar sveitabæja, með sérstöku tilliti til þess, að mesta álagið í dreifbýlinu er að sumri til, en ekki að vetri eins og í þéttbýlinu. Ef nýtingin yrði bætt með sölu raforku til upphitunar sveitabæja, mundi hagur rafveitnanna lagast, en hann er mjög bágborinn, enda þótt þeim sé ekki gert að standa undir nema 20% stofnkostnaðar.

Með vísun til tveggja síðustu atriðanna, þ. e. nýtingar orkuvera og dreifkerfis, sýnist augljóst, að rétt sé að bæta nýtingu hvors tveggja með sölu afgangsraforku til upphitunar, sem tryggja má, að hækki ekki álagshámarkið.

Hitt er svo annað mál, hvort tiltækilegt sé og svari kostnaði fjárhagslega séð að stofna til vatnsaflsvirkjana hérlendis til framleiðslu á raforku til upphitunar. Um það vilja flutningsmenn ekki tjá sig og geta raunar ekki, en vilja láta athuga það mál af nefnd þeirri, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Hins vegar eru settar hér fram eftirfarandi athugasemdir:

Raforkumálastjóri hefur tjáð sig opinberlega um það, að stórvirkjanir hér á landi verði ekki gerðar nema í sambandi við stóriðju. Má vel vera. En við hvaða verði mun og getur stóriðjan (t. d. alúmíníumverksmiðja) keypt raforkuna? Það mun álitið, að stóriðjan þyrfti að fá orkuna (forgangsorku) á 15—20 aura kwst. í hæsta lagi, og svo mikið er víst, að erlendir alúmíníumhringar mundu ekki vilja kaupa raforku hér dýrara en í Noregi eða Svíþjóð.

Stærsta iðnfyrirtæki Íslands, áburðarverksmiðjan, notar að vísu afgangsorku að mestu leyti (108.2 millj. kwst. af 142 millj. kwst í heild árið 1960), en greiðir fyrir þá orku aðeins hálfan annan eyri á kwst. Engin virkjun stendur undir slíkri stóriðju. Meðalverðið er um það bil 4 aurar.

Annað stærsta iðnfyrirtæki landsins, sementsverksmiðjan, notar miklu minni orku eða um 12 millj. kwst. á ári. Það er bæði forgangsorka og afgangsorka. Lætur nærri, að sementsverkmiðjan greiði um 20 aura meðalverð á kwst. fyrir þessa orku (1958 14 aura).

Afgangsorka til hitunar er seld á 14—18 aura kwst. (næturhitun) og 22—32 aura kwst. (daghitun).

Ein af þeim spurningum, sem nefndin þarf að leysa úr, er sú, hvort ekki sé rétt að gera ráð fyrir markaði fyrir rafhitun í sambandi við væntanlegar vatnsaflsvirkjanir (stórvirkjanir), ef stóriðjan verður svo stór kaupandi, að hægt sé að selja henni kílówattstundina á 15—20 aura.

III.

Þá er eftir sá þáttur þessa máls, er snýr að notendum. Hitunarkerfi er þáttur byggingarkostnaðar, og því veldur miklu, að stofnkostnaður hitunarkerfis sé sem lægstur.

Um stofnkostnað hitakerfanna geta flutningsmenn ekki dæmt, en nefnd sú, sem ályktunin gerir ráð fyrir, þarf að rannsaka hann og gera í því efni ýtarlegan samanburð. Þó er rétt að benda á, að við olíukyndingu er kynditæki og kyndiklefi stofnkostnaður, sem ekki er í sambandi við hitaveitu eða rafhitun. Á hinn bóginn er heimtaugargjald hitaveitu stofnkostnaður sem þátttaka í dreifikerfi heita vatnsins, en rafmagnsheimtaug þarf ekki að vera dýrari, þótt hitað sé upp með rafmagni.

Um rekstrarkostnað hafa flutningsmenn fengið eftirfarandi upplýsingar, miðað við núverandi verðlag. Upplýsingar þessar eru mjög umdeilanlegar og spurning, hvort þær eru sambærilegar. Þær eru hafðar eftir kunnáttumönnum þessara þriggja hitunaraðferða.

Olíukynding:

Bezta nýting á meðalíbúð í sambýlishúsi með 2 útveggjum og óaðfinnanlegri einangrun er 10 lítrar á hvern rúmmetra á ári. (430 rúmmetra íbúð eyðir 4300 lítrum á ári). Miðað við núverandi verð á olíu, kr. 1.55 hver lítri, kostar upphitun hvers rúmmetra íbúðar með olíukyndingu kr. 15.50 á ári.

Hitaveita:

Skýrslur eru til, sem sýna, að miðað við núverandi verðlag á heitu vatni í Reykjavík, kr. 4.93 tonnið, sé hitakostnaðurinn 65—70% af kostnaði við olíukyndingu. Miðað við lægri töluna kostar upphitun hvers rúmmetra íbúðar með jarðhita kr. 10.07 á ári.

Rafhitun:

Nákvæm skýrslugerð í eitt ár er til yfir eyðslu í tiltekinni íbúð í Reykjavík, sem er 430 rúmmetrar að stærð, vel einangruð og hefur afgangsorku (daghitun) á 22 aura hverja kwst. Eyðslan mæld af rafmagnsveitunni nam 16300 kwst. á ári eða tæpum 38 kwst. á hvern rúmmetra. Upphitun hvers rúmmetra íbúðar með rafmagni kostar kr. 8.30 á ári.

IV.

Með þingsályktunartillögu þessari er ekki kveðinn upp neinn dómur um það, hvort rafhitun sé eða geti verið hagkvæmust aðferð til upphitunar húsa eða ekki. Þó er það grunur flutningsmanna, að svo geti verið, að rafhitun húsa á Íslandi sé framtíðarlausn. Vegna mikilvægis þessa máls, bæði frá sjónarmiði einstaklinga og þjóðarheildarinnar, kveða flutningsmenn upp úr það að láta fara fram hlutlæga og gaumgæfilega rannsókn þess. Það er ekki í fyrsta sinn, sem á þetta er minnzt, og fylgir hér á fylgiskjali VI útdráttur úr grein Sigurðar Jónassonar í Tímanum 24. nóv. 1956 um þetta efni.

Er það von flutningsmanna, að tillaga þessi verði samþykkt og þess eigi langt að bíða, að hinar þýðingarmiklu niðurstöður nefndarinnar liggi fyrir.

Fylgiskjal I.

Orkuneyzla Íslendinga og skipting hennar á orkutegundir.

Hráorka	1959 Tonn	1959 GWh[1])	1959 %	1960 Tonn	1960 GWh[1])	1960 %
Innflutt orka:						
Kol	28087	225	3.6	21475	172	2.8
Koks	2218	18	0.3	2292	18	0.3
Brennsluolía ..	313894	3767	60.0	313307	3760	61.4
Benzín, alm. ..	46618	559	8.9	41285	495	8.1
Flugvélabenzín	13386	161	2.5	14794	178	2.9
Flugvélaeldsneyti: annað	18374	220	3.5	8597	103	1.7
Alls	422577	4950	78.8	401750	4726	77.2
Innlend orka:						
Vatnsorka	„	630	10.0	„	700	11.4
Jarðhiti	„	700	11.2	„	700	11.4
Alls	„	1330	21.2	„	1400	22.8
Öll orka samtals	„	6280	100.0	„	6126	100.0

Fylgiskjal II.

Virkjanlegt vatnsafl í Evrópu.

Löndum raðað eftir minnkandi neyzlueiningum á íbúa.

Land	Verg heildarneyzla 1957 GWh	Verg heildarneyzla 1957 kWh/íbúa	Aukning, % á ári 1952—57	1955—56	1956—57
Noregur	25840	7390	6.4	4.7	8.8
Svíþjóð	28515	3870	7.0	7.6	6.6
Lúxemborg	1182	3760	7.7	7.3	3.3
Sviss	15240	2980	4.7	3.1	5.1

1) Fullt hitagildi innfluttrar orku.

Land	Verg heildarneyzla 1957 GWh	kWh/íbúa	Aukning, % á ári 1952—57	1955—56	1956—57
Ísland	450	2740	14.1	7.1	2.3
Saar	2511	2500	5.9	6.3	5.2
Bretland	99977	1940	7.0	7.5	4.4
Finnland	7710	1780	10.2	÷ 2.7	16.0
V.-Þýzkaland	87392	1730	9.8	11.0	7.1
Austurríki	11222	1600	9.8	8.3	6.8
Belgía	12507	1390	6.1	7.6	4.9
Frakkland	57890	1320	7.1	9.2	6.8
Tékkóslóvakía	16223	1220	„	9.5	„
Holland	12564	1140	8.6	9.1	6.8
Sovétríkin	196250	960	11.9	12.6	9.3
Danmörk	4120	920	7.9	• 2.8	6.4
Ítalía	43175	890	7.0	7.0	5.8
Pólland	19657	700	11.9	10.0	8.6
Írland	„	„	„	5.4	„
Ungverjaland	5272	540	6.3	÷ 2.3	4.0
Spánn	14588	500	9.2	13.1	7.6
Búlgaría	2478	320	14.4	9.8	15.8
Júgóslavía	5820	320	17.9	15.9	22.3
Rúmenía	5408	300	13.6	13.8	10.3
A.-Þýzkaland	„	„	„	8.8	„
Portúgal	2169	„	„	13.6	„
Grikkland	1708	210	12.6	11.2	10.4
Tyrkland	2060	80	15.1	15.2	13.2
Evrópa, samtals	717000	1110	9.0	10.0	7.0
Bandaríkin	719380	4200	9.2	8.9	4.4
Jörðin	1781300	„	„	„	„

Fylgiskjal III.

Virkjanlegt vatnsafl í Evrópu 1957.

Löndum raðað niður eftir minnkandi stærðum virkjanlegs vatnsafls.

Land	Virkjanlegt vatnsafl GWh á ári	kWh á íbúa	Virkjað vatnsafl í % af virkjanlegu
Noregur	104500	29890	25
Tyrkland	90000	3530	1
Svíþjóð	80000	10860	34
Frakkland	76270	1730	41
Júgóslavía	66500	3690	7
Ítalía	55000	1140	58
Austurríki	40000	5720	24
Sviss	32300	6310	54
Spánn	31500	1070	31
Rúmenía	27000	1510	1
V.-Þýzkaland	25165	480	43
Ísland	20000	120000	3
Finnland	17000	3920	41
Pólland	13300	470	6
Portúgal	13200	1480	15
Tékkóslóvakía	12000	900	17

Land	Virkjanlegt vatnsafl GWh á ári	kWh á íbúa	Virkjað vatnsafl í % af virkjanlegu
Bretland	11470	220	26
Búlgaría	11100	1450	7
Albanía	5000	3420	1
Grikkland	4260	530	10
Ungverjaland	3350	3410	1
A.-Þýzkaland	2000	110	24
Írland	1050	360	65
Belgía	545	60	28
Lúxembúrg	65	210	5
Danmörk	50	10	54
Evrópa, samtals[1])	757625	1770	24

Fylgiskjal IV.

Vélaafl, orkuvinnsla og nýting helztu almenningsrafstöðva.

Heiti eða staður	Ástimplað afl 30/6 kW	Fyrri árshelmingur 1959 Orkuvinnsla	Mesta álag	Nýtingartími	Fyrri árshelmingur 1958 Orkuvinnsla	Mesta álag	Nýtingartími
Vatnsaflstöðvar:							
Írafossvirkjun	31000	117785	31900	3692	111231	32200	3423
Ljósafossvirkjun ..	14600	55046	15950	3451	53288	16050	3320
Elliðaárvirkjun	3160	5180	2960	1750	2931	3050	961
Andakílsárvirkjun .	3520	13010	3800	3420	11289	3800	2970
Rjúkandavirkjun ..	840	1657	920	1800	1595	980	1625
Mjólkárvirkjun	2400	2183	1100	1985	„	„	„
Reiðhjallavirkjun ..	400	535	388	1380	214	184	„
Fossavirkjun og Nónh.v.virkjun ...	1160	1468	„	„	765	„	„
Þverárvirkjun ...	560	593	350	1690	526	355	1482
Laxárvatnsvirkjun	464	1242	490	2535	1104	470	2350
Gönguskarðsárvirkj.	1064	1495	1020	1465	1429	890	1605
Skeiðsfossvirkjun .	3200	5078	2500	2031	3777	2650	1425
Laxárvirkjun	12560	25195	9680	2603	24286	8680	2800
Grímsárvirkjun	2800	2570	1730	1486	138	„	„
Aðrar vatnsaflsst.[1])	886	433	„	„	1191	„	„
Samtals	78654	233470	„	„	213764	„	„
Gufuaflsstöð:							
Varast. við Elliðaár	7500	1086	8200	132	339	8250	42
Dísilstöðvar:							
Vestmannaeyjar ..	2560	2739	1890	1449	2474	1700	1455
Aðrar dísilstöðvar[2])	6262	2583	„	„	6718	„	„
Allar rafst. samtals	94976	239878	„	„	223295	„	„

Klukkustundafjöldi ársins 8760 og hálfs árs 4380.

1) Sovétríkin ekki meðtalin.
1) Vatnsaflsstöðvar 7 almenningsveitna.
2) Dísilstöðvar 30 almenningsveitna.

GWh = Gigawattstund = 1 milljón kílówattstunda.
kWh = kílówattsund.

Fylgiskjal V.

Orkukaup, orkuvinnsla og orkusala rafveitna sveitarfélaga 1958

	Mesta álag kW	Orku-vinnsla MWh	Orkukaup MWh	Orkukaup 1000 kr.	Nýtingar-tími h/ári	Verð keyptrar orku aur/kWh	Íb.fj. orkuv. svæðis	Orkusala MWh	Orkusala 1000 kr.	Orku-notkun á íbúa kWh
Rafmagnsveita Reykjavíkur ..	36250	6856.3[1])	141957.0	21039.9	3920	14.8	76942	127000	69533	1660
Rafveita Hafnarfjarðar	5247	„	24330.0	3686.8	4640	15.8	7166	22380	7919	3120
— Voga- og Vatnsleysustr.hr.	230	„	694.5	234.0	3020	33.7	370	585	407	1580
— Njarðvíkur	863	„	2718.0	884.1	3150	32.5	1228	2250	884	1860
— Keflavíkur	2605	„	9598.1	2749.5	3680	28.7	4377	8448	4357	1925
— Gerðahrepps	479	„	1496.6	490.4	3120	32.8	658	1250	„	1900
— Miðneshrepps	847	„	2125.7	835.9	2510	39.3	689	1750	1303	2540
— Grindavíkur	750	„	2466.5	773.7	3290	31.3	689	2050	1210	2980
— Hveragerðis	332	„	863.0	304.5	2600	35.3	625	733	519	1170
— Selfoss	870	„	3069.4	911.3	3530	29.7	1597	2607	1791	1635
— Stokkseyrar	184	„	805.8	201.6	4360	25.0	393	635	350	1615
— Eyrarbakka	330	„	1190.8	346.9	3610	29.1	480	933	472	2065
Rafmagnsstöðin í Vík	130	350.0	„	„	2720	„	330	300	136	858
Rafveita Vestmannaeyja	1740	4702.0	„	„	2700	„	4425	3601	4161	815
— Akraness	„	„	17211.8	2408.0	„	14.0	3644	15580	4260	2340
— Borgarness	661	„	3180.0	458.0	4810	14.4	838	2521	827	3010
— Patreksfjarðar	380	826.2	25.0	10.2	2180	40.6	843	750	616	890
— Ísafjarðar	1680	4427.9	„	„	2630	„	2975	3900	2857	1310
— Sauðárkróks	573	„	1806.1	587.1	3150	32.5	1105	1571	1150	1420
— Siglufjarðar	„	8735.5	1455.3	750.0	„	51.5	2691	7926	3059	2940
— Akureyrar	7681	„	34186.0	6604.0	4450	19.7	8422	30184	10666	3585
— Húsavíkur	754	„	3553.2	841.0	4710	23.7	1411	3188	1523	2260
— Vopnafjarðar	100	210.0	„	„	2100	„	361	174	256	480
— Bakkagerðisþorps	50	100.0	„	„	2000	„	186	90	134	485
— Reyðarfjarðar	210	1000.0	5.0	3.2	4760	64.2	417	799	296	1910
— Stöðvarfjarðar	76	191.0	„	„	2515	„	173	155	171	895
— Búlandshr., Djúpavogi ...	100	275.0	„	„	2750	„	309	220	220	710
— Hafnarhr., Hornafirði ...	210	571.3	„	„	2720	„	573	504	612	995

1) Talan innifalin í orkukaupum.

Fylgiskjal VI.

Útdráttur úr erindi Sigurðar Jónassonar, sem birtist í Tímanum 24. nóv. 1956.

Eins og kunnugt er, er orka sú, sem vér notum, framleidd með fallvötnum, jarðhita, olíu og kolum. Einnig mætti telja rekavið og vindafl til orkulinda, en það er í svo smáum stíl, að varla er þörf að telja með, þótt mór og rekaviður verði ef til vill notæf efni til rekstrar á gastúrbínum til orkuframleiðslu á afskekktum stöðum hér á landi.

Þá er talið, að vinna megi úranium úr ljósgrýti (líparíti). Málmgrýti það, sem úranium er nú unnið úr, hefur svo margfalt meira inni að halda af úranium en ljósgrýtið, að varla yrði „praktiskt" að vinna úr því á næstu tímum. Þó gætu þeir tímar komið, að Baula og Móskarðshjúkar og önnur ljósgrýtisfjöll yrðu aðalorkulindir Íslands.

Orkugjafar Íslendinga.

Árið 1955 notuðu Íslendingar um 265000 tonn af olíu, um 60000 tonn af kolum, um 390 milljónir kílówattastunda af rafmagni. Mest af raforkunni var framleitt í vatnsaflsstöðvum, en dálítill hluti hennar með olíu. Um jarðhitaorkuna er erfiðara að segja, en talið er, að áætla megi, að notkun hennar samsvari 60000 kílówöttum.

Það mun láta nærri, að erlendi orkugjafinn (olía og kol) samsvari um það bil helmingi meiri orku en jarðhiti og vatnsorka, sem í notkun er nú hér á landi. Dæmi um hina afskaplega hraðvaxandi notkun á orku hér á landi síðustu árin skulu hér nefnd:

1936	var	olíunotkun	rúm	.....	17000 t
1946	—	—	—	.....	51000 t
1947	—	—	—	.....	80000 t
1949	—	—	—	.....	128000 t
1950	—	—	—	.....	163000 t
1951	—	—	—	.....	181000 t
1952	—	—	—	.....	200000 t
1953	—	—	—	.....	217000 t
1954	—	—	—	.....	241000 t
1955	—	—	—	.....	265000 t

Notkunin á olíu hefur því 15-faldazt á síðustu 20 árum, en 5-faldazt á síðustu 10 árum. Þess ber þó að gæta, að notkun steinkola hefur minnkað um rúm 100000 tonn á síðustu 10 árum.

Raforkuframleiðslan var 25 milljónir kwst. 1938, en 390 millj. 1955 (þar af 116 millj. kwst. til áburðarverksmiðjunnar).

Á síðustu 18 árum hefur því raforkuframleiðslan aukizt 16-falt, og er framleiðsla okkar þó ekki nema 2200 kwst. á mann, en Norðmenn framleiða 5150 kwst. á mann.

Stóraukin rafmagnsþörf.

Talið er, að auka þurfi raforkuframleiðsluna um a. m. k. helming á næstu tíu árum, miðað við eðlilegan vöxt. Nú eru virkjuð um 73000 vatnsorkukílówött, en 14500 kílówött í varmaorkuverum. Til þess að mæta eðlilegum vexti þurfum vér að virkja 90000 kílówött á næstu tíu árum. Í þessu sambandi má geta þess, að um 7500 kílówött eru í byggingu og áætlað að ljúka við á næstu 2 árum. Þá liggur fyrir áætlun um 27000 kílówatta virkjum í Soginu, sem allt er enn óvíst um, hvenær hafin verður.

Af því, sem að framan greinir, má auðveldlega gera sér í hugarlund, hverjar þarfir vorar verði að 10 árum og að 20 árum liðnum.

Það mætti nú segja, að vér værum ekki í mikilli hættu um að vanta orku, þar sem ekki sé annað en að flytja inn olíu og kol til að jafna metin. Því er nú fyrst við þessu að svara, að olía og kol kosta peninga. En svo kemur til greina sú geigvænlega spurning, hvort vér getum fengið keypta olíu og kol í framtíðinni, þótt vér höfum peninga til þess í höndunum. Nýjustu vísindalegar rannsóknir á þessum málum sýna að það er ekki líklegt að til sé meira af olíu í jörðu en sem svarar 20 ára notkun heimsins. Er þá reiknað með tæknilegum framförum í olíuvinnslu og notkun véla, svo sem að gastúrbínur komi að miklu leyti í stað stimpilvéla o. s. frv.

Um kolin er það að segja, að ekki er búizt við, að þau endist út öldina. Eftir það verði menn að sætta sig við verri og dýrari kol, sem þó muni endast í aðeins stuttan tíma.

Álit sérfræðinga.

Einn af helztu sérfræðingum Bandaríkjanna, Eugene Ayres, ritar í síðasta októberhefti tímaritsins „Scientific American“: „Vér getum nú séð það fyrir með fullri vissu, að framleiðsla á olíu fer að minnka í Bandaríkjunum eftir næstu 10 eða 15 ár og annars staðar í heiminum ekki löngu seinna. Það virðist öruggt, að ársframleiðsla á olíu í heiminum verði komin langt aftur úr eftirspurn árið 1965. Það er ekki hugsanlegt, að svo mikið finnist af nýjum olíulindum, að það geti lengi frestað olíuþurrð.“ Þá segir hann, að olía unnin úr olíbornum jarðlögum (shale oil) eða úr olíubornum sandi (tar sands) muni ekki endast nema stutta stund og að gaslindir Bandaríkjanna muni byrja að ganga til þurrðar árið 1970. Um kol í Bandaríkjunum segir þessi sérfræðingur, að kolanámur í Austur-Bandaríkjunum verði svo úr sér gengnar árið 1970, að Bandaríkjamenn verði annaðhvort að greiða hærra verð fyrir kol en nú eða læra að nota kol, sem séu lakari að gæðum. Að lokum segir hann: „Allt bendir til þess, að vér sjáum nú fyrir endann á notkun olíu og kola á þessum hnetti og að tæknivísindin verði að hafa hraðan á til að finna og nota aðrar orkulindir í tæka tíð.“ Enn fremur, að afar þýðingarmikið sé, að rannsóknarstofnanir og uppfinningamenn leggi sig í líma til þess að nota á sem hagkvæmastan hátt það, sem eftir sé enn þá af kolum og olíu. Í þessu sambandi er þess að geta, að stórveldin gæta að sjálfsögðu eigin hags umfram annarra, og getur því vel verið, að þau fari að skammta olíu og kol til landa, sem hvorki eiga olíulindir né kolanámur, innan t. d. 10 ára.

Mál er að hefja undirbúning.

Mér finnst þetta mál vera svo alvarlegt umhugsunarefni, að ekki dugi annað en að fara að gera ráðstafanir nú þegar til þess að búa sig undir að mæta þeim mikla vanda, sem oss verður áreiðanlega á höndum í þessu efni innan 10—20 ára.

Fyrst verður manni þá fyrir að hugsa til jarðhitans og vatnsaflsins. Raforkumálaskrifstofan gerir ráð fyrir, að unnt sé með fjárhagslega hagkvæmu móti að virkja á Íslandi vatnsafl, sem framleiðir 10—15 milljarða kílówattstunda, en aðrir hafa reiknað með 25 eða jafnvel upp í 35 milljarða kwst. mögulegri framleiðslu á raforku.

Þá kemur jarðhitinn, þar sem hagkvæmt er að virkja hann, auðvitað að miklu gagni til þess að spara kol, olíu og rafmagn til hitunar, enda þótt meira vafasamt sé, hvort borgar sig að virkja jarðhitaorku til raforkuframleiðslu. Vér virðumst því umfram ýmsar aðrar þjóðir eiga þarna yfir möguleikum að ráða til þess að bjarga okkur að nokkru leyti frá hættunni af olíu- og kolaskorti. En hvernig eigum vér þá að fara að því að koma þessu í framkvæmd? Stór lán virðist erfitt að fá nú sem stendur, og varla batna lánsmöguleikar, ef vér höldum áfram að reka mikið af aðalatvinnuvegum vorum með halla.

En hér þarf, eins og Einar Benediktsson sagði einu sinni: „Stórfé, það dugar ei minna“.

Ed. 129. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með neðangreindum breytingum, sem grein verður gerð fyrir í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr.
   a. 1. málsgr. greinarinnar orðist svo:
      Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða, að í Reykjavík skuli vera fimm til sjö borgarfógetar og sé einn þeirra yfirborgarfógeti. Starfi hver þeirra sjálfstætt og á eigin ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun yfirborgarfógeta, enda skipti hann störfum með borgarfógetum að öðru leyti og hafi yfirstjórn embættisins og fyrirsvar út á við.
   b. Í stað orðsins „kosningar“ í 2. mgr. komi: utankjörfundaratkvæðagreiðsla.
   c. Í stað „á skrifstofu“ í síðari málslið 3. málsgr. komi: í skrifstofu.
2. Við 6. gr. Í stað orðsins „ellistyrktarsjóðsgjöldum“ komi: atvinnuleysistryggingargjöldum.

Alþingi, 20. nóv. 1961.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson.
Magnús Jónsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 130. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Nú telur ríkisstjórnin þörf á fleiri tunnuverksmiðjum en þeim, sem um getur í 1. gr., og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja tvær verksmiðjur til viðbótar, aðra á Akranesi og hina á Austur- eða Norðurlandi.

2. gr.

Fyrir orðin „allt að 5 milljónum króna“ í 6. gr. laganna komi: allt að 8 milljónum króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á vegum Tunnuverksmiðja ríkisins hafa um allmörg undanfarin ár verið starfræktar tvær tunnuverksmiðjur, önnur á Siglufirði og hin á Akureyri. Hefur framleiðsla þeirra komið að góðum notum fyrir síldarsöltunina á Norður- og Austurlandi. Enn sem komið er hefur þó allmikið vantað á, að þörfinni hafi verið fullnægt.

Í gildandi lögum um Tunnuverksmiðjur ríkisins segir svo um verksvið fyrirtækisins: „Stefnt skal að því, að allar tunnur, sem síldarframleiðslan þarfnast, séu

smíðaðar í Tunnuverksmiðjum ríkisins.“ Auk þess er ráðgert, að tunnuverksmiðjurnar smíði tunnur fyrir saltkjötsframleiðsluna og aðrar framleiðsluvörur, eftir því sem henta þykir.

Svo sem fyrr segir, hefur allmikið á skort, að tunnuverksmiðjurnar hafi fullnægt þörfinni. Framleiðsla þeirra hefur s. l. 5 ár verið sem næst 130 þús. tunnur til jafnaðar á ári. Það er því í alla staði eðlilegt, að tunnuframleiðslan sé aukin og fleiri verksmiðjur stofnsettar. Vegna hins mikla dreifingarkostnaðar innanlands verður að telja eðlilegt, að verksmiðjurnar séu staðsettar þar eða sem næst því, sem aðalframleiðslumagnið er. Með það fyrir augum er lagt til, að tunnuverksmiðja fyrir Suðvesturland sé staðsett á Akranesi. Þar hafa um langan tíma verið hvað afkastamestar söltunarstöðvar, en auk þess er verstöðin þannig í sveit sett, að frá henni er nokkurn veginn jafnlangt með flutninga á tunnum til hinna ýmsu söltunarstöðva, hvort heldur er á Snæfellsnesi eða Reykjanesi.

Til þess að gera nokkra grein fyrir þörfinni á því að starfrækja tunnuverksmiðju á Suðurlandi skal hér greint frá, hver framleiðslan hefur verið s. l. 10 ár.

1950	eru	framleiddar	131 708	tunnur	Faxasíld
1951	—	—	65 214	—	—
1952	—	—	70 510	—	—
1953	—	—	56 257	—	—
1954	—	—	77 883	—	—
1955	—	—	89 406	—	—
1956	—	—	116 319	—	—
1957	—	—	50 282	—	—
1958	—	—	106 895	—	—
1959	—	—	52 065	—	—
		Samtals	816 539	tunnur	Faxasíld

Með þeirri reynslu, sem þegar er fengin um framleiðslu saltsíldar á Suðvesturlandi, má telja fullvíst, að hér sé um árvissan atvinnuveg að ræða, sem þegar er orðinn allstór þáttur í útflutningsframleiðslu þjóðarinnar.

Það er því ekki að ófyrirsynju, að frumvarp er flutt, sem heimilar ríkisstjórninni að setja á stofn tunnuverksmiðju á Akranesi með það fyrir augum að sjá fyrir þörfum síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Þá má á það benda, að mestur hluti af sykursöltuðum og grófsöltuðum hrognum, sem framleidd eru hér á landi, er framleiddur á Suðvesturlandi. Er það allmikið magn, eða sem næst 30 þús. tunnur í meðalári.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem að framan greinir, er augljóst mál, að hér er um ærið verkefni að ræða fyrir eina tunnuverksmiðju til viðbótar þeim tveim, sem fyrir eru.

Nd. 131. Lög [74. mál]

um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

(Afgreidd frá Nd. 20. nóv.)

Samhljóða þskj. 95.

Nd. 132. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin flytur þetta frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er út voru gefin 15. júlí þ. á.

Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að bæta fjárhagsaðstöðu bænda og fyrirtækja þeirra, á svipaðan hátt og gert var með lögum frá síðasta þingi fyrir útvegsmenn og þeirra fyrirtæki. Ráðstafanir í efnahagsmálum síðustu tvö árin hafa lagt miklar byrðar á bændastéttina, og svo er komið, að margir bændur geta því aðeins haldið áfram búrekstri, að þeir fái lán með viðráðanlegum vöxtum og borgunarskilmálum til greiðslu á lausaskuldum, er á þeim hvíla.

Þegar frumvarpið um lánveitingar til þess að létta lausaskuldum af útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum var til afgreiðslu á síðasta þingi, báru fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárhagsnefndum þingsins fram breytingartillögu við frumvarpið um, að í það yrði bætt ákvæði um lán til bænda og þeirra fyrirtækja í sama skyni. Var lagt til, að sömu reglur yrðu látnar gilda um þær lánveitingar, lánstíma og vexti, eins og um lánin til sjávarútvegsins. Ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar beittu sér gegn þessari breytingartillögu, og var hún felld.

Í stað þess að fallast á lagasetningu á síðasta þingi um lánveitingar til bænda, um leið og sett voru lög um lán til sjávarútvegsins, gaf ríkisstjórnin út bráðabirgðalögin, sem hér liggja fyrir. En bráðabirgðalögin eru svo ófullnægjandi og reglur um lánin þannig úr garði gerðar, að fáist þeim ekki breytt, kemur fyrirhuguð lánastarfsemi að litlum eða engum notum fyrir fjölda bænda, þó að þeir hafi brýna þörf fyrir lánsfé.

Samkvæmt bráðabirgðalögunum og þeim reglum, sem settar hafa verið um lánveitingarnar, eiga bændur að búa við miklu lakari kjör en útvegsmenn, sem á þessu ári fá lausaskuldum breytt í föst lán. Búa þó útvegsmenn síður en svo við óeðlilega hagstæð lánakjör.

Lánin til bænda eru eingöngu veitt í bankavaxtabréfum. Þau eiga að afhendast þeim kröfuhöfum, sem telja sér fært að taka slík bréf til greiðslu á lausaskuldum bænda. Ríkisbankarnir munu hafa fallizt á að taka bréfin sem greiðslu á víxilskuldum bænda, er lán taka. Í þeim héruðum, þar sem bankaútibú eru, munu allmargir bændur hafa bein viðskipti við þau, en í öðrum sýslum eru lausaskuldir bænda að langmestu leyti við aðrar stofnanir, sparisjóði og verzlanir. Sparisjóðirnir munu yfirleitt ekki geta tekið bréfin til greiðslu á víxilskuldum og öðrum lánum, er þeir hafa veitt til skamms tíma. Þeir geta ekki breytt skyndilánum í föst lán með allt að 20 ára greiðslufresti. Auk þess mundu sjóðirnir verða fyrir vaxtatapi, meðan innlánsvextir eru hærri en vextirnir af bankavaxtabréfunum. Svipaða sögu er að segja af verzlunarfyrirtækjum. Mörg þeirra búa við tilfinnanlegan rekstrarfjárskort og hafa ekki möguleika til að taka bankavaxtabréfin til greiðslu á útistandandi kröfum, m. a. vegna þess, að bankarnir telja sér ekki fært að taka bréfin upp í skuldir verzlana.

Í 2. gr. frv. segir, að lánin skuli aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda og mannvirkjum, sem á jörðunum eru. Hins vegar fá útvegsmenn lán gegn veði í vinnslustöðvum og vélum. Hví skyldu bændur þá ekki líka fá lán gegn tryggingum í vélum?

Í reglugerð um lánin til bænda, sem landbúnaðarráðuneytið hefur gefið út, er svo fyrir mælt, að ársvextir af lánunum skuli vera 8%. En vextir af skuldaskilalánum sjávarútvegsins, sem veitt eru á þessu ári, eru 6½%. Og nú spyrja menn í öllum sveitum landsins:

Hvers vegna eiga bændur að borga hærri vexti en útvegsmenn?

Engin svör hafa enn heyrzt frá ríkisstjórninni við þessari spurningu.

Með fyrirmælum stjórnarinnar um vextina eru bændur rangindum beittir. Það er alveg gagnslaust fyrir þá, sem bera ábyrgð á þessari ákvörðun, að vitna til þess, að vextir séu taldir með öðrum gjöldum við búreksturinn, þegar afurðaverðið er ákveðið. Það er ekkert sérstakt fyrir landbúnaðinn, að vextir megi teljast með rekstrarkostnaði. Svo er einnig hjá sjávarútveginum og öllum öðrum atvinnugreinum. Þar að auki má vekja athygli á því, að þeir bændur, er skulda meira en sem nemur skuld á búi að meðaltali, fá ekki í afurðaverðinu nema hluta af þeim vöxtum, er þeir þurfa að borga. Og þannig mun einmitt vera um marga þá bændur, sem sækja um lán til greiðslu á lausaskuldum.

Í frumvarpið vantar ákvæði um lán út á vinnslustöðvar landbúnaðarins, hliðstæð þeim, sem eru í lögum frá síðasta þingi um lán út á vinnslustöðvar sjávarútvegsins. Er þó brýn þörf margra fyrirtækja, sem hafa komið upp vinnslustöðvum landbúnaðarafurða á undanförnum árum, svo sem slátur- og frystihúsum og mjólkurbúum, að fá lán til langs tíma til greiðslu á lausaskuldum, er á þeim hvíla vegna slíkra framkvæmda. Eitt af því, sem veldur verulegum erfiðleikum hjá þessum fyrirtækjum, er það, að lán Seðlabankans út á landbúnaðarafurðir eru nú miklu minni en áður, miðað við magn og verðmæti framleiðslunnar.

Fjárhagsnefnd sendi stjórn Stéttarsambands bænda frumvarpið til athugunar og umsagnar. Í svarbréfi til nefndarinnar, dags. 3. þ. m., leggur stjórn Stéttarsambandsins áherzlu á, að þessar breytingar verði gerðar á frumvarpinu, til þess að það geti komið að viðunandi notum:

1. Bændur fái lán gegn veði í vélum, eins og útvegsmenn.
2. Vextir verði ekki hærri en af hliðstæðum lánum til sjávarútvegsins, þ. e. 6½%.
3. Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin með nafnverði.

Minni hluti fjárhagsnefndar flytur á sérstöku þingskjali breytingartillögur við frumvarpið um þessi atriði og einnig um lán til fyrirtækja, er eiga vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarafurðir.

Seðlabanki Íslands veitir aðstoð við lánveitingar til greiðslu á lausaskuldum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja á þessu ári með þeim hætti, að stofnlánadeild sjávarútvegsins stofnar til skuldar við bankann, sem lánveitingunum nemur. Talið er, að þau lán nemi í heild 350—400 millj. kr. Það hefði verið eðlilegt, að veðdeild Búnaðarbankans stofnaði á sama hátt til skuldar við Seðlabankann vegna lánveitinganna til bænda og þeirra fyrirtækja. En úr því að ríkisstjórnin valdi þá aðferð að láta gefa út sérstök bankavaxtabréf vegna þessara lánveitinga, ætti Seðlabankinn að kaupa bréfin fyrir nafnverð, eins og stjórn Stéttarsambands bænda leggur til. Með því móti mundi landbúnaðurinn njóta af bankans hálfu svipaðrar fyrirgreiðslu og sjávarútvegurinn í sambandi við breytingu á lausaskuldum í föst lán.

Hagstofa Íslands gerir ár hvert heildarskýrslu um skuldir bænda eftir skattaframtölum þeirra, um leið og búnaðarskýrslur eru gerðar. Skýrslan fyrir 1960 sýnir, að þá voru skuldir bænda, aðrar en veðskuldir, samtals um 196 millj. kr. Margir bændur sækja ekki um lán, þó að á þeim hvíli nokkuð af lausaskuldum, og má því gera ráð fyrir, að lánin til bænda verði miklu minni en þessari fjárhæð nemur. Og þó að þar við bætist nokkrar lánveitingar út á vinnslustöðvar landbúnaðarins, munu lánin í heild ekki nema svo mikilli upphæð, að nokkur vandkvæði séu á því, að seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin.

Þegar nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á frv., til þess að það komi að notum, þarf að taka til greina nýjar lánaumsóknir frá bændum og eigendum vinnslustöðva landbúnaðarins. Margir bændur, sem hafa þörf fyrir lán, hafa ekki enn sent umsóknir, vegna þess að þeim var ljóst, að þeir gátu ekki haft not af þessari lánastarfsemi að óbreyttum reglum um lánveitingarnar.

Bréfið frá stjórn Stéttarsambands bænda er prentað með þessu nefndaráliti. En breytingartillögur eru á sérstöku þingskjali, eins og áður segir.

Alþingi, 20. nóv. 1961.

Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 3. nóvember 1961.

Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda í dag var gerð eftirfarandi bókun:

„Fyrir fundinum lá bréf dagsett í dag frá fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar Stéttarsambands bænda um „frumvarp til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán". Stjórnin tók frumvarpið til athugunar og varð sammála um eftirfarandi:

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda í september s. l. var samþykkt tillaga þess efnis, að lausaskuldir bænda fáist yfirfærðar í bankana og verði lánaðar til langs tíma með lágum vöxtum.

Stjórn Stéttarsambandsins telur, að það séu einkum þrjú atriði, sem bæta þurfi inn í frumvarpið, til þess að það geti komið að viðunandi notum:

1. Að heimilt verði að veita lán út á landbúnaðarvélar til tíu ára.
2. Vextir af skuldabréfum verði ekki hærri en 6½%.
3. Að Seðlabankanum verði gert skylt að kaupa skuldabréfin á nafnverði.

Skulu þessi atriði rökstudd nokkru nánar.

Til eru bændur, sem ekki eiga neinar fasteignir, en eru nýbúnir að eignast dýrar landbúnaðarvélar. Sýnist sanngjarnt, að þeim verði gefinn kostur á hæfilegum lánum fyrir lausaskuldum, sem þeir hafa stofnað til vegna vélakaupa, líkt og gert er ráð fyrir um útgerðarmenn, sbr. 2. grein „frumvarps til laga um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka".

Ekki virðist sanngjarnt, að lán til landbúnaðar í þessu skyni séu með hærri vöxtum en lán til sjávarútvegsins undir svipuðum kringumstæðum. Er því gerð krafa til, að þeir verði ekki hærri.

Þriðja atriðið, sem hér að framan er nefnt, er langþýðingarmest. Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinum aðila, sem ber skylda til að kaupa skuldabréfin. Verzlanir úti um land munu yfirleitt ekki geta breytt lausaskuldum bænda í föst lán til 20 ára, enda eru þær ekki lánastofnanir. Sparisjóðir eru þannig á vegi staddir, að þeir geta ekki bundið meira fé í föstum lánum til langs tíma en þeir hafa þegar gert. Auk þess veldur það erfiðleikum úti á landsbyggðinni, að nú verður að skila Seðlabankanum 30% af árlegri sparifjáraukningu. Meðal annars af þeim sökum virðist í alla staði eðlilegast, að einmitt Seðlabankinn kaupi umrædd skuldabréf.

Stjórn Séttarsambands bænda lítur svo á, að frumvarp þetta geri ekki það gagn, sem til er ætlazt, þótt að lögum verði, nema gerðar verði á því breytingar í þá átt, sem að ofan greinir, og leggur jafnframt megináherzlu á, að löggjöf um þetta efni verði svo úr garði gerð, að hún komi bændum að fullum notum."

Virðingarfyllst,

Sverrir Gíslason. Einar Ólafsson. Bjarni Bjarnason. Bjarni Halldórsson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 133. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá Skúla Guðmundssyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist:
   og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á undanförnum árum hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en hafa ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.
2. Við 2. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, landbúnaðarvélum bænda og vinnslustöðvum landbúnaðarins.
   b. 2. málsgr. orðist svo:
      Lánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir allt að 20 ár. Lán út á vélar allt að 10 ár.
   c. Við 3. málsgr. bætist:
      en þó séu vextirnir eigi hærri en 6½% á ári.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Seðlabanki Íslands kaupir bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkv. 1. gr., fyrir nafnverð.
4. Við 6. gr. Framan við greinina komi:
   Umsóknir um lán samkv. lögum þessum skulu sendar veðdeildinni fyrir 1. jan. 1962.

Sþ. 134. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um afturköllun sjónvarpsleyfis o. fl.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir, Einar Olgeirsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afturkalla þegar í stað leyfi til sjónvarpsstarfsemi bandaríska hersins á Íslandi. Jafnframt verði haldið áfram athugunum þeim, sem Ríkisútvarpið hefur með höndum um möguleika á rekstri íslenzks sjónvarps.

Greinargerð.

Kröfur gerðar.

Vorið 1951 bárust íslenzkum stjórnarvöldum óskir frá bandaríska setuliðinu á Suðurnesjum um sérstaka útvarpsstarfsemi á vegum þess. Ekki var orðið við þessum óskum þegar í stað, enda óneitanlga steinn í götu, þar sem íslenzk lög voru, en í þeim segir ótvírætt, að ríkisstjórnin hafi ein rétt til að reka útvarp á Íslandi. Skal hún starfrækja útvarpsstöð í Reykjavík og reisa endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu, en um orkuaukningu stöðvarinnar í Reykjavík og byggingu nýrra endurvarpsstöðva skal fara eftir ákvörðunum Alþingis hverju sinni.

Það vafðist eitthvað fyrir ríkisstjórninni að verða við tilmælum setuliðsins og veita því formlega heimild til sjálfstæðrar útvarpsstarfssemi á Suðurnesjum. Setuliðið beið í nokkra mánuði, en í nóvember 1951 mun þolinmæði þess hafa brostið, því að þá hóf það eigin útvarpsrekstur í algeru heimildarleysi, að því er bezt verður séð.

Ekki hefur ríkisstjórnin verið alls kostar ánægð með þessi málalok. Í febrúar 1952 snýr menntamálaráðherra sér bréflega til útvarpsstjóra og felur honum að láta hernum í té formlegt „leyfi“ til útvarpsstarfsemi. Ekki sýnist útvarpsstjóri hafa haft hraðan á um þessa framkvæmd, enda tiltækið af ýmsum álitið ólöglegt. Seint í marz fær útvarpsstjóri annað bréf frá sama ráðherra, og eru þar ítrekuð hin fyrri fyrirmæli um útgáfu „leyfis“ til handa hernum. Enn líður rúmur mánuður, og það er ekki fyrr en 1. maí 1952, að útvarpsstjóri gefur út leyfisbréf. Mun það plagg síðan hafa hangið innrammað í húsakynnum hersins á Keflavíkurflugvelli.

Skilyrðin sniðgengin.

Með bréfi þessu veitti Ríkisútvarpið setuliðinu leyfi til að starfrækja eigin útvarpsstöð („to operate their own broadcasting station“) með vissum tilgreindum skilyrðum. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt að dómi Ríkisútvarpsins, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust, ella með eins mánaðar fyrirvara. Í dagskrá þessa útvarps skal eingöngu fjallað um efni, er snertir setuliðið sjálft. Engan pólitískan áróður má hafa hafa þar í frammi, og skal fyllsta hlutleysis gætt í öllum greinum. Auglýsingar og tilkynningar eru bannaðar í þessu útvarpi aðrar en þær, sem varða hernaðaraðgerðir og öryggi setuliðsins.

Höfuðskilyrðið fyrir leyfisveitingunni er þó það, að hið erlenda útvarp komi á engan hátt inn á áhugasvið og verksvið Ríkisútvarpsins, — að það með öðrum orðum höfði ekki til íslenzkra hlustenda. Þessu skilyrði hefur síður en svo verið fullnægt, og skiptir það þó meginmáli. Raunin hefur orðið sú, að hlustun Íslendinga á þetta erlenda herútvarp hefur aukizt stöðugt, án þess að íslenzk stjórnarvöld skipti sér ögn af. Þar sem Ríkisútvarpið reynir að vanda dagskrá sína og miða tónlistarval sitt við menningarlegt gildi, miðar ameríska stöðin sína dagskrá við frumstæðustu dægrastyttingu eina, svo sem hún kemst á lægst stig. Það má því segja, að upphafleg viðleitni löggjafarvaldsins til þess að tryggja menningarlegt hlutverk útvarpsmiðlunar í landinu hafi beðið alvarlegt afhroð í þessu efni.

Nýjar kröfur.

Lög um sjónvarp eru engin til hér á landi. Þegar íslenzk sjónvarpsstarfsemi hefst, verður hún án efa í nánum tengslum við útvarpið, enda margt sameiginlegt með þessum greinum. Það mun talið sjálfsagt, að sjónvarpið verði deild í Ríkisútvarpinu, og á þess vegum hafa þegar farið fram nokkrar athuganir á möguleikum sjónvarps hér. Því virðist réttmætt að líta svo á, að sjónvarpsstarfsemi hér á landi lúti stjórn Ríkisútvarpsins og menntamálaráðherra.

Árið 1955 gerist það á sviði herstöðvamálsins, að utanríkisráðherra með póst- og símamálastjóra sem millilið veitir bandarískа setuliðinu leyfi til sjónvarpsrekstrar á Keflavíkurflugvelli. Í það sinn virðist alveg hafa verið gengið fram hjá Ríkisútvarpinu, *að minnsta kosti kom málið aldrei fyrir útvarpsráð.* Nú eru það nýir aðilar íslenzkir, sem taka það upp á sitt eindæmi að uppfylla óskir hins erlenda hers. Útvarpsleyfið 1952 gaf útvarpsstjóri að boði menntamálaráðherra, en sjónvarpsleyfið 1955 var veitt af póst- og símamálastjóra að undirlagi utanríkisráðherra. Mætti af þessu ætla, að útvarp og sjónvarp væri af hérlendum stjórnarvöldum talið hvort öðru með öllu óskylt og að annað heyrði eðlilega undir menntamálaráðherra, en hitt undir utanríkisráðherra.

Og nýjar vanefndir.

Þegar bandaríska sjónvarpsstöðin á Keflavíkurflugvelli kom fyrst til álita, munu henni hafa verið sett samsvarandi skilyrði og útvarpinu áður, þ. e. að sendingar hennar næðu ekki inn á svið íslenzkrar viðtöku. Styrkleiki hennar var takmarkaður og sendistefnu þannig hagað, að ekki næði til Reykjavíkur eða byggðarlaganna við innanverðan Faxaflóa. Töldu margir, að meðan svo væri um búið,

gilti í rauninni ekki annað um sjónvarpið en t. d. kvikmyndahús eða aðrar skemmtistofnanir innan flugvallarins sjálfs. Brátt kom þó í ljós, að á ákveðnum stöðum í Reykjavík og nágrenni mátti sjá sjónvarpssendingarnar, og þegar sölunefnd setuliðseigna fór að selja sjónvarpstæki, — og raunar algerlega ólöglega, án skráningar og án milligöngu Viðtækjaverzlunar ríkisins, — tók sjónvarpsnotendum, sérstaklega í Reykjavík, að fjölga ört. Samkvæmt talningu, sem Ríkisútvarpið lét gera í einu hverfi bæjarins árið 1959, mun ekki ofætlað, að sjónvarpstæki séu nú á annað þúsund í Reykjavík einni.

Enda þótt viðtökuskilyrði sjónvarpssendinganna væru mjög slæm og drægju ekki til sín almenna athygli, var hér allt að einu kominn fram annar þáttur, sem braut algerlega í bága við anda útvarpslaganna og þau skilyrði, sem starfsemi þessari voru upphaflega sett. Hér var með öðrum orðum komin inn á íslenzkt menningarsvæði sú starfsemi, sem af öllum er játað að sé áhrifamesta miðlunartæki jarðar, jafnt til góðra sem mannskemmandi áhrifa, og enn án þess, að íslenzk stjórnarvöld létu málið í einu eða neinu til sín taka. Það virðist illa samrýmast, að annars vegar reyni íslenzk stjórnarvöld að miða að menningarlegu uppeldi þjóðarinnar með skólum og útvarpi, en láti hins vegar viðgangast hömlulaust erlenda starfsemi, sem miðar nánast í öfuga átt. Ber þess og að gæta, að þeim mun áhrifameira er sjónvarp en útvarp, að erlent tungumál setur því litlar eða engar skorður.

Enn er heimtað.

Þótt mál þetta hefði staðið við sama og verið hefur síðan 1955, væri ærin ástæða til þess, að Alþingi Íslendinga vaknaði af værðinni og léti það alvarlega til sín taka. En setuliðið lætur ekki standa við sama, heldur færir sig stöðugt upp á skaftið. Á s. l. vori komu fram óskir þess um stórfellda orkuaukningu sjónvarpsstöðvarinnar, og sem fyrr létu íslenzk stjórnarvöld undan síga. Hefur utanríkisráðherra staðfest það á þingfundi nýlega, að póst- og símamálastjóri og útvarpsstjóri hefðu verið á einu máli um, að veita bæri leyfi til þessarar orkuaukningar, og að utanríkisráðuneytið hefði ekkert haft við það að athuga.

Afleiðingar undanhaldsins.

Þegar nú ameríska sjónvarpsstöðin hér fimmfaldar orku sína, eins og hún hefur fengið leyfi til, og heldur auk þess sínu striki í ótakmarkaðri sendistefnu, þá blasir við í allri sinni nekt eitthvert viðsjálasta vandamál, sem að íslenzkri menningu hefur steðjað um langa hríð. Þegar er svo komið, að opinber veitingahús í Reykjavík hafa sjónvarpsskerma á veggjum sínum, og má sjá í hendi, hvert stefnir með aukningu sjónvarpsorkunnar. Veitingahús og kvöldsölustaðir, svonefndar sjoppur, munu keppast um að draga æskufólk til sín með því að hafa sjónvarpstæki uppi, og börn og unglingar á þúsundum heimila munu alast upp við þá andlegu fæðu, sem ameríska sjónvarpsstjórnir viðurkenna jafnvel sjálfar að sé undir öllu lágmarki að menningargildi, með um 80% af glæfra- og glæpamyndum af soralegasta tagi. Ef þessu færi fram, köstuðu Íslendingar frá sér allri menningarlegri ábyrgð og staðfestu þjóðernislega uppgjöf sína.

Tími til viðnáms.

Það er þannig langur vegur frá, að hér sé aðeins um tæknilegt atriði að ræða, svo sem mál þetta hefur verið túlkað á þingi. Málið snýst einfaldlega um það, hvort miða eigi menningarlíf íslenzku þjóðarinnar við frumstæðustu dægrastyttingu útlendra hermanna í leiðinlegri bækistöð. Vilja flutningsmenn þessarar tillögu ekki trúa því, fyrr en á er tekið, að Alþingi kasti frá sér í blindni því fjöreggi, sem menning og tunga þjóðarinnar er, en það gerist, ef ekkert er um það hirt að veita viðnám hinni þrálátu ásókn ómenningarinnar frá herstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Íslendingar mega ekki una því lengur að hafa í landi sínu sjónvarpsstöð, sem

eys yfir þá soranum einum úr andlegu lífi stórþjóðar. Slíka sendistöð ber að afmá, en ekki að magna, eins og nú hefur verið leyft. Það er kominn tími til, að þjóðin veiti viðnám og taki að heimta á ný þau menningarvirki, sem hún á undangengnum árum hefur verið að missa í hendur setuliðsins á Keflavíkurvelli. Eitt slíkt virki og það mikilvægt má endurheimta með afturköllun sjónvarpsleyfisins, eins og ráð er fyrir gert í þessari tillögu.

Eins og kunnugt er, hefur Ríkisútvarpið lítillega látið athuga möguleika á því að koma á fót íslenzkri sjónvarpsstarfsemi, og þykir flutningsmönnum þessarar tillögu eðlilegt, að þeirri athugun sé haldið áfram, enda þótt skoðanir manna á sjónvarpi yfirleitt séu mjög skiptar og þá ekki síður, hvort tímabært sé að stofna til þess hér á landi nú. Menn kunna að deila um, hvort Íslendingar geti staðið undir kostnaði af eigin sjónvarpi, en hitt ætti að vera ágreiningslaust, að betra sé að vera sjónvarpslaus en lúta að erlendu hermannasjónvarpi.

Ed. 135. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum, leitað um það umsagnar nokkurra aðila og samþykkt að mæla með framgangi þess óbreytts.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins í nefndinni var Kjartan J. Jóhannsson vegna veikinda.

Alþingi, 21. nóv. 1961.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm. Magnús Jónsson. Ásgeir Bjarnason.

Hermann Jónasson.

Nd. 136. Lög [12. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1962.

(Afgreidd frá Nd. 21. nóv.)

Samhljóða þskj. 12.

Sþ. 137. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um rannsókn á nýtingu hveraorku til fóðurframleiðslu.

Flm.: Páll Kristjánsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta rannsaka, hvort hagkvæmt sé að nýta hvera- og jarðhitaorku, sem fyrir hendi er í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu, til fóðurframleiðslu í sambandi við ræktanleg landssvæði, sem þar eru nálæg.

Greinargerð.

Í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu er mikið hvera- og jarðhitasvæði, sem býr yfir mikilli óbeizlaðri orku, er ekki hefur verið nýtt hingað til, svo að nokkru nemi. Umhverfis og í námunda við hverasvæðið eru geysimikil landssvæði, m. a. svonefnd Hvammsheiði, sem eru ágætlega til ræktunar fallin, en eru enn að langmestu leyti óbrotið land. Sú staðreynd, að þarna fara saman miklir ónytjaðir landkostir og jarðhitaorka, hefur leitt hugi manna að því, hvort ekki væri unnt að nýta þessi náttúrugæði samhliða, og virðist þá mjög koma til greina, að samhliða ræktun landsins verði komið upp heymjölsvinnslu eða annarri hliðstæðri framleiðslu á búfjárfóðri.

Þær tilraunir, sem hingað til hafa verið gerðar með framleiðslu slíks fóðurs, virðast gefa góðar vonir um, að hér sé um að ræða framleiðslu, sem geti sparað verulega innflutning á kornvörum til fóðurs, og trúlegt er, að hér sé einnig fundin hagkvæm leið til þess að jafna fóðuröflun milli ára og milli héraða, þegar heyöflun bregzt að meira eða minna leyti í einstökum sveitum eða landshlutum. Þá virðist einnig nauðsynlegt, að rannsakað sé, eftir því sem unnt er, hvort heymjöl, heykögglar og hliðstæð framleiðsla getur ekki orðið arðvænleg útflutningsframleiðsla, þar sem skilyrði eru hagstæð. Við tilraunir þær við framleiðslu heymjöls, sem gerðar hafa verið, hefur einvörðungu verið notuð olía til að knýja þær vélar, sem framleiðslan þarfnast, en flm. telja, að nauðsynlegt sé að rannsakað verði til hlítar, hvort nýting hveraorku og annars jarðhita komi ekki til greina við slíka framleiðslu og hvort slík orka geti ekki lækkað framleiðslukostnað mjög verulega. Yrði sú reyndin á, mun vart finnanleg heppilegri staðsetning fyrir framleiðslu af þessu tagi en í Reykjahverfi. Er þessi þáltill. flutt í þeim tilgangi að fá úr því skorið, hvort hér er ekki um þjóðhagslegt hagsmunamál að ræða.

Ed. 138. Breytingartillaga [33. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Karli Kristjánssyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýr töluliður:

Á eftir C. 72 komi nýr liður:

Ljósavatnsvegur: Af Norðurlandsvegi við Stórutjarnir, vestan og sunnan Ljósavatns, á Norðurlandsveg aftur hjá Krossi.

Nd. 139. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarp þetta til athugunar, og mælir meiri hlutinn með því, að það verði samþykkt. Tveir nefndarmenn, þeir Skúli Guðmundsson og Lúðvík Jósefsson, munu skila séráliti. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að vegna hinna nýju laga um lækkun aðflutningsgjalda verði gerð á frv. svofelld

BREYTING:

Síðari málsgr. II. töluliðar 4. gr. orðist svo:

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt I. tölulið þessarar greinar, svo og

vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 90 20. nóv. 1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Alþingi, 22. nóv. 1961.

Birgir Kjaran, form.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.	Sigurður Ingimundarson, funadskr.

Nd. 140. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um hækkun á bótum almannatryggginganna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarp þetta til athugunar og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru tveir nefndarmenn, þeir Jón Skaftason og Ingi R. Helgason.

Alþingi, 22. nóv. 1961.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Hjörtur Hjálmarsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.

Ed. 141. Frumvarp til laga [17. mál]

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed., 23. nóv.)

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti.

Forseti veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

Til veitingar lögreglustjóraembættisins er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála.

2. gr.

Í Reykjavík skulu vera fimm til sjö borgardómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgardómari. Starfar hver þeirra sjálfstætt og á eigin ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun yfirborgardómara, enda skiptir hann störfum með borgardómurum að öðru leyti og hefur yfirstjórn embættisins og fyrirsvar út á við.

Borgardómarar fara með einkamál, sbr. þó 4. gr., þar á meðal formennsku í fasteignamálum, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, svo sem tíðkazt hefur, og úrskurðun framfærslumála.

3. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða, að í Reykjavík skuli vera fimm til sjö borgarfógetar og sé einn þeirra yfirborgarfógeti. Starfi hver þeirra sjálfstætt og á eigin ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun

yfirborgarfógeta, enda skipti hann störfum með borgarfógetum að öðru leyti og hafi yfirstjórn embættisins og fyrirsvar út á við.

Borgarfógetar fara með fógetagerðir, uppboð, skiptamál, þinglýsingar, veðmálabókhald, skráning firma og félaga, mælingu og skráningu skipa, notarialgerðir, yfirfjárráð, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu búi og utankjörfundaratkvæðagreiðslu, eins og segir í lögum.

Þinglýsing sú og aflýsing, er í 7. og 13. gr. laga nr. 30 1928 getur, eru afnumdar í Reykjavík, enda hefur greinargerð um skjal í veðmálaskrám sama gildi sem þinglýsing og aflýsing höfðu eftir nefndum lagagreinum. Gera skal vikulega skrá um öll innrituð og aflýst skjöl, og skal hún liggja frammi í skrifstofu borgarfógeta næstu viku, enda getur dómsmálaráðherra ákveðið birtingu hennar vikulega í opinberu blaði.

4. gr.

Í Reykjavík skulu vera þrír til fimm sakadómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirsakadómari. Starfar hver þeirra sjálfstætt og á eigin ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun yfirsakadómara, enda skiptir hann störfum með sakadómurum að öðru leyti og hefur yfirstjórn embættisins og fyrirsvar út á við.

Sakadómarar fara með opinber mál, barnsfaðernismál og mál til sviptingar lögræðis og til brottnáms lögræðissviptingar, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhúss.

5. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn (sbr. þó 4. gr.), strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

6. gr.

Tollstjóri hefur forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, atvinnuleysistryggingargjöldum, gjöldum til Tryggingastofnunar ríkisins, þ. á m. slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

7. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglugerð um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

8. gr.

Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

9. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða og skil á innheimtufé.

10. gr.

Ofangreindir embættismenn taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum og lífeyri eftir lífeyrislögum.

Þeir skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma störf varðandi embættin, eftir því sem nauðsyn krefur.

11. gr.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

12. gr.

Þar til laun yfirborgardómara, yfirborgarfógeta og yfirsakadómara hafa verið ákveðin í launalögum taka þeir laun samkvæmt III. launaflokki laga nr. 92/1955 og borgardómarar, borgarfógetar og sakadómarar samkvæmt IV. launaflokki sömu laga.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 65 16. desember 1943, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, og 3. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1962.

Nd. 142. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja frumvarpið óbreytt, en ég og Skúli Guðmundsson teljum, að gera þurfi breytingar á frumvarpinu.

Aðalefni frumvarpsins er um að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, og því er lýst yfir af hæstv. ríkisstjórn, að ætlunin sé að veita bændum þannig hliðstæða lánafyrirgreiðslu og sjávarútvegsmönnum var veitt með lögum frá s. l. vetri.

Samkv. þessu frumvarpi er þó gert ráð fyrir að haga lánveitingum til bænda á allmikið annan veg en gert hefur verið við útvegsmenn. Samkv. frumv er gert ráð fyrir, að gefinn verði út nýr flokkur bankavaxtabréfa við veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Bréf þessi skal síðan nota til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem annars geta fallið undir ákvæði frumvarpsins. Enga tryggingu er að finna í frumv. fyrir því, að bréf þessi verði keypt af bankastofnun eða að þeir, sem skuldakröfur eiga á bændur, vilji taka þau sem greiðslu.

Í lögunum um breytingar á lausaskuldum sjávarútvegsins var þessu komið fyrir á allt annan hátt. Þar var Seðlabankanum eða stofnlánadeild hans gert að skyldu að veita lánin til langs tíma. Það sýnist því vera sanngjarnt að skylda í þessum væntanlegu lögum Seðlabankann til þess að kaupa á nafnverði umrædd bankavaxtabréf bænda.

Af lánum þeim, sem sjávarútveginum voru veitt samkv. lögunum um að breyta lausaskuldum í föst lán, eru vextir ákveðnir 6½%. Í þessu frumvarpi um lausaskuldir bænda er hins vegar gert ráð fyrir, að bændur greiði 8% vexti af bankavaxtabréfunum. Ég tel eðlilegt, að þessir vextir verði lækkaðir til jafns við það, sem er á sjávarútvegslánunum.

Það er skoðun mín, að eðlilegt sé, að lánskjör og fyrirkomulag lána séu sem líkust á lánum samkv. þessu frumvarpi til bænda og nú eru á hliðstæðum lánum til sjávarútvegsins. Ég flyt á sérstöku þingskjali ásamt Skúla Guðmundssyni nokkrar breytingartillögur, sem allar miða í þá átt, að svo verði.

Alþingi, 23. nóv. 1961.

Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 143. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]

um haf- og fiskirannsóknir á þorskvertíð 1962.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir, að fiskideild atvinnudeildar háskólans fái til sinna umráða á komandi þorskvertíð eitt af skipum landhelgisgæzlunnar eða annað hentugt skip til samfelldra og víðtækra rannsókna á hafsvæðinu við Suðvesturland, sem verði framkvæmdar bæði frá haffræðilegu og fiskifræðilegu sjónarmiði á tímabilinu febrúar—maí 1962.

Greinargerð.

Hið mikla hrygningarsvæði þorsksins fyrir Suðvesturlandi hefur verið talið svo sjálfsagt og eðlilegt fyrirbæri, að vísindalegar haf- og fiskirannsóknir hafa að mjög takmörkuðu leyti beinzt að því. Þorskurinn kemur og fer á svipuðum tíma. Innlend og erlend veiðiskip moka honum upp á skarpasta hrygningartímanum í marz—apríl. Við suðvesturströndina og Faxaflóa berst að landi undirstaðan að útflutningsverðmætum, sem nema öðru hvoru megin við 1500 milljónir íslenzkra króna. Að loknu veiðitímabili er svo rætt um góða eða lélega vertíð eftir ástæðum.

Jafnhliða bættri veiðitækni og meiri aflasókn telja menn, að um árvaxandi aflarýrnun sé að ræða. Margar tilgátur eru um ástæður fyrir því. Flestir tilgreina og margt bendir til ofveiði á stofninum. En vísindaleg þekking okkar á lífsskilyrðum og lífsafkomu fisksins á veiðisvæðinu er svo takmörkuð, að vel mætti vera, að fleiri atriði kæmu til greina, án þess að um það sé vitað.

Fiskideild atvinnudeildar háskólans hefur á að skipa færum vísindamönnum og starfsmönnum við sjó- og svifrannsóknir, þorsk-, karfa- og síldarrannsóknir, botndýra- og flatfiskrannsóknir, en allt rennur þetta nokkuð í sama farvegi og tengir hvað annað að meira eða minna leyti. Þeir hafa nú orðið ágæt vinnuskilyrði í landi til vísindalegra afreka fyrir sjávarútveg þjóðarinnar, en verkefni og verknýting hefur ávallt takmarkazt — og gerir það enn — að verulegu leyti af því, að þá skortir skip undir eigin umsjón til gagnasöfnunar og rannsókna á sjónum.

Sú tilhögun, sem verið hefur um skipakost þessarar vísindastofnunar, er veiki hlekkurinn í starfseminni. Nokkur skilningur hefur vaknað fyrir þessu í sambandi við síldarrannsóknir fyrir Norðurlandi á sumrin, og þar hafa verið gerðar skipulagsbundnar rannsóknir. Með framanritaðri tillögu er stefnt að því, að hér eftir verði lögð rík áherzla á auknar rannsóknir um lífsafkomu þorsksins hér við land. Að sjálfsögðu kemur margt til greina, og má nefna t. d. rannsóknir á hafstraumum og hitabreytingum sjávar, svifi, hrygningu þorsksins og magni á ýmsum svæðum og þá jafnframt, hvort umferð tuga og hundraða skipa ásamt lögn og tilfærslu veiðarfæra yfir og um þau svæði, þar sem fiskseiðin við þroskun koma upp undir eða í yfirborð til fæðuöflunar, gæti haft einhver áhrif á uppvaxtarmöguleika ungviðisins.

Í framhaldi af baráttu okkar fyrir stækkun landhelginnar og skilningi og viðurkenningu annarra þjóða á mikilvægi fiskveiða okkar er siðferðileg skylda okkar að sýna þeim, að við höfum sjálfir skilning á og vilja til að kynna okkur allt, sem snertir mikilvægi hrygningarstöðva nytjafiska okkar hér við land. Stórt skref í þessu efni er að hefjast nú þegar handa um víðtækar og samfelldar vísindarannsóknir fyrir Suðvesturlandi á komandi þorskvertíð.

Að í tillögunni er bent á skip frá landhelgisgæzlunni, er í fyrsta lagi vegna þess, að eitt eða tvö þeirra eru útbúin fyrir rannsóknir og skipverjar þeirra þjálfaðir í slíkum störfum. Ekki væri fráleitt að hugsa sér, að þetta skip gæti einnig stundað eftirlit með veiðisvæðum, ef af skiptingu þeirra yrði. Slík tilhögun með

skip landhelgisgæzlunnar hefur verið framkvæmd af hálfu ríkisvaldsins í sambandi við síldarrannsóknir norðanlands, meðan það ástand ríkir, að fiskideild atvinnudeildar hefur ekki fengið fullkomið rannsóknarskip til eigin umráða.

Sþ. 144. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]

um ráðstafanir til að koma á 8 stunda vinnudegi verkafólks.

Flm.: Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Hannibal Valdimarsson, Gunnar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til að rannsaka, á hvern hátt verði með mestum árangri unnið að því að koma á 8 stunda vinnudegi meðal verkafólks. Skal nefndin framkvæma athugun á lengd vinnutíma verkafólks, eins og hann er nú, og á áhrifum hans á heilsufar, vinnuþrek og afköst, svo og hag atvinnurekstrar. Skal nefndin á grundvelli þessara athugana gera tillögur um lögfestingu 8 stunda vinnudags sem hámarksvinnutíma í þeim atvinnugreinum, sem fært þykir, og endurskoða gildandi lagaákvæði um almennan lágmarkshvíldartíma verkafólks. Þá skal nefndin einnig gera tillögur um ráðstafanir til breytinga á vinnutilhögun og rekstrarfyrirkomulagi atvinnufyrirtækja, er hvort tveggja gæti stuðlað að styttingu vinnudags verkafólks án skerðingar heildarlauna og aukinni hagkvæmni í atvinnurekstri og æskilegar væru sem samningagrundvöllur milli stéttarfélaga verkafólks og samtaka atvinnurekenda.

Nefndin skal kveðja sér til ráðuneytis fulltrúa Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og aðra fulltrúa hagsmunasamtaka, eftir því sem þörf er á. Hún skal einnig hafa heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir, sem nauðsynlegar eru að mati hennar.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum 19. aldarinnar setti rísandi verkalýðshreyfing iðnaðarlandanna fram kröfu sína um 8 stunda vinnudag og háði harða baráttu henni til framgangs á mörgum næstu áratugum, sem í hönd fóru, og fram undir síðustu ár. Nú er svo komið, að 8 stunda vinnudagur er í öllum menningarlöndum viðurkenndur sem eitt af grundvallaratriðum menningarlífs, og í hinum þróaðri iðnaðarlöndum hafa fyrir löngu verið sett ný takmörk til að keppa að og verkalýðshreyfingin sækir með vaxandi þrótti að enn frekari styttingu vinnudagsins.

Tæknibylting síðustu ára hefur lagt nýjan grundvöll að mati manna á því, hver hæfileg lengd daglegs vinnutíma sé talin. Þannig er 7 stunda vinnudagur nú allvíða kominn á og enn styttri við óholl störf, en annars staðar er 40—42 stunda vinnuvika orðin að dagskrár- og baráttumáli vinnandi manna.

8 stunda vinnudagur verkafólks hefur í orði verið viðurkenndur á Íslandi um tveggja áratuga skeið á þann hátt, að kjarasamningar gera ráð fyrir, að fyrir þann vinnustundafjölda séu greidd lágmarkslaun. Hins vegar takmarka þeir ekki nema að litlu leyti yfirvinnu, sem greidd er hærra kaupi, og í sumum starfsgreinum eru vinnutíma engin önnur takmörk sett en lagaákvæði um lágmark hvíldartíma, sem bæði eru algerlega ófullnægjandi og eru auk þess alls ekki virt, þegar atvinnurekendur telja atvinnurekstri sínum þörf á öllu því vinnuafli, sem þeim er unnt að ná í þjónustu sína. Þar kemur og til, að verkalýðsfélögin eru oft hikandi við að beita rétti sínum til að banna næturvinnu, þótt þau hafi samningsbundinn rétt til þess, bæði vegna þarfa framleiðslunnar og vegna nauðsynjar verkafólks á yfirvinnu til þess að bæta upp launakjör, sem ekki svara brýnum tekjuþörfum þess.

Niðurstaðan hefur orðið sú, að þrátt fyrir stóraukna tækni síðustu tvo áratugina hefur raunverulegur vinnudagur verkafólks síður en svo stytzt. Þvert á móti hefur ásókn atvinnurekenda á annan veginn eftir vinnuafli og hins vegar vaxandi þörf verkafólks, sem nú býr við lægra kaupgjald en fyrir 15 árum, valdið því, að vinnudagur er nú allvíða lengri hérlendis en nokkru sinni áður síðustu áratugina. Ætla má, að meðaltalsvinnutími verkamanna víða um land sé nú 10—11 stundir, og algengt er í sjávarbyggðum, að mánuðum saman sé vinnutími enn lengri, eða 14—16 stundir langtímum saman og jafnvel enn lengri í miklum aflahrotum sumar sem vetur. Þannig hefur þróunin verið öfug hér á landi við það, sem nú fer fram víðast erlendis. Við höfum fremur verið að fjarlægjast það takmark um mannsæmandi vinnutíma, sem sett var fyrir síðustu aldamót, á sama tíma og aðrar þjóðir hafa, fyrst og fremst fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar, sífellt verið að stytta vinnudaginn.

Það orkar ekki tvímælis, að hinn langi vinnutími, sem oft og víða viðgengst hér á landi, er þjóðfélagslegt vandamál, sem krefst jöfnum höndum lausnar af hálfu stéttarfélaga sem samtaka atvinnurekenda og löggjafarvaldsins. Hér er í senn um að ræða velferðarmál vinnustéttanna, hagsmuni atvinnuveganna og almenn mannréttindi. Óhæfilega langur vinnudagur, þar sem jafnvel er svo langt gengið, að verkafólk vinnur sólarhringum saman án hvíldar, hefur í för með sér smánarlega sóun mannlegra verðmæta, brýtur niður vinnuþrek og heilsu verkafólks, styttir starfsævi þess og útilokar það frá möguleikum til að njóta eðlilegs heimilislífs, félagslífs og menningarlífs.

Því fer og víðs fjarri, að raunverulegum hagsmunum atvinnuveganna sé þjónað með óhæfilega löngum vinnudegi. Afköstum verkafólks, miðað við vinnutímaeiningar, hrakar, jafnvel niður að lágmarki, starfsgleði hverfur, og stærri hluti vinnunnar verður að gjaldast með hærra kaupgjaldi, sem aftur leiðir af sér aukna tregðu atvinnurekenda við að greiða mannsæmandi laun fyrir hóflegan vinnutíma. Með vaxandi tækni og hvers konar aukinni vélanotkun fer einnig vaxandi þörfin fyrir starfsfólk, sem hefur skilyrði til mikillar þjálfunar í störfum, en slíkri þjálfun er oftast samfara andleg og líkamleg áreynsla, sem krefst góðrar og fullnægjandi hvíldar og ekki samrýmist löngum vinnutíma, ef mikill starfsárangur á að nást.

Af framangreindum ástæðum verður og meira en vafasamt, að heildarafköst og verðmætasköpun í þjóðfélaginu aukist að nokkru vegna langs vinnudags verkafólks, a. m. k. þegar til lengdar lætur, né að þannig skapist betri grundvöllur fyrir eðlilegri þróun efnalegra lífskjara, heldur er hið gagnstæða líklegra. Hitt er aftur á móti auðsætt, að atvinnuvegum okkar með sínum miklu árstíðasveiflum í sambandi við aflabrögð sjávarútvegsins og harða veðráttu mikinn hluta árs er þann veg háttað, að meiri þörf er hér á margháttuðum ráðstöfunum varðandi rekstrarfyrirkomulag og hagræðingu í sumum atvinnugreinum en með öðrum þjóðum, til þess að hér verði komið á menningarlegum vinnutíma, án þess að möguleikar til verðmætasköpunar skerðist og lækka þurfi heildarlaun vinnustéttanna af þeim sökum, en það eru að sjálfsögðu grundvallarskilyrði, sem fullnægja verður.

Með flutningi þessarar tillögu til þingsályktunar er að því stefnt, að ríkisvaldið stuðli að því ásamt hagsmunasamtökum verkafólks og atvinnurekenda, að það þjóðfélagslega vandamál, sem hér ræðir um, verði krufið til mergjar betur en áður hefur verið gert og leitað úrræða, eftir því sem undangengin ráðgerð rannsókn gefur tilefni til. Því verður ekki neitað, að samningaleiðin ein fyrir sig við þau skilyrði, sem fyrir hendi hafa verið, hefur ekki megnað að halda þróuninni í þessum efnum í því horfi, að sambærilegt sé við það, sem hefur gerzt og er að gerast með öðrum þjóðum. Verður ekki betur séð en að við séum að verða einir á báti að þessu leyti meðal þjóða heims með vinnumenningu, sem ekki heyrir til á öld atómorku og mestu tæknibyltinga sögunnar, en er leifar frá löngu úreltum venjum og hugsunarhætti liðinnar aldar. Þessi tillaga er þó engan veginn flutt til þess að útiloka eða

skemma fyrir því, að hagsmunasamtökin fái ráðið við þetta mikilvæga viðfangsefni, heldur miklu fremur til þess að skapa þeim skilyrði til þess og létta þeim þá erfiðleika, sem fyrir hendi eru.

Ed. 145. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (KJJ) var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. nóv. 1961.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson. Björn Jónsson.

Nd. 146. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 17/1948, um skráningu skipa, og lögum nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég tel ekki rétt að veita ríkisstjórninni heimild til að ákveða gjöld til ríkisins með reglugerðum. Ef talið er, að breyta þurfi upphæðum þeirra gjalda, sem nefnd eru í 1. gr. frv. og nú eru fyrirmæli um í lögum, ætti Alþingi, en ekki ríkisstjórnin, að taka ákvörðun um þær breytingar.

Það er því tillaga mín, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 25. nóv. 1961.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 147. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin flytur þetta frv. Í 1.—4. grein þess eru gamalkunnar heimildir um innheimtu ýmissa gjalda til ríkissjóðs með viðauka og um niðurfellingu aðflutningsgjalda af nokkrum nauðsynjavörutegundum.

Lög um þetta efni hafa verið í gildi allmörg undanfarin ár. Má því telja, að viðaukagjöldin, sem þar eru ákveðin, séu orðin fastur tekjustofn fyrir ríkissjóð,

þó að lögin hafi ekki verið látin gilda nema eitt ár í senn. Ég get fallizt á og mælt með því, að framannefnd lagaákvæði verði einnig látin gilda árið 1962.

Eitt er nýtt í þessu frv. Það er 5. greinin. Ríkisstjórnin hefur skotið þar inn viðbótarsöluskattinum sínum. Hann er 8% af verði innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri 10% álagningu, svo að raunverulega er skattgreiðslan 8.8% af vöruverðinu.

Í tilefni af því, að ríkisstjórnin hefur gripið til þessa ráðs, er ástæða til að rekja sögu viðbótarsöluskattsins frá upphafi, en hún er einn þáttur í sögu núverandi ríkisstjórnar.

Það var 28. jan. 1960, sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1960. Í athugasemdum með frumvarpinu sagði ríkisstjórnin:

„Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi."

Þessi yfirlýsing stjórnarinnar reyndist lítils virði. Sex vikum eftir að hún var birt, lagði stjórnin fyrir þingið tillögur sínar um meira en tvöföldun söluskattsins. Það var 9. marz 1960, sem hún lagði fram frumvarp sitt um söluskatt. Í því voru ákvæði um, að á árinu 1960 skyldi greiða til viðbótar 7% söluskatti 8% af tollverði innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10%. Viðbótarskatturinn var innheimtur frá 1. apríl 1960, og frá þeim tíma til ársloka voru tekjur af honum um það bil 125 millj. kr. samkv. ríkisreikningi 1960.

Þegar leið að lokum ársins 1960, kom ríkisstjórnin til þingsins með tillögu um framlenginu á viðbótarskattinum. Þessa tillögu flutti hún í sérstöku frumvarpi um breytingu á söluskattslögunum. Frumvarpið var samþykkt, og með því var viðbótarskatturinn lögfestur „til bráðabirgða" fyrir árið 1961.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1961 er gert ráð fyrir, að viðbótarsöluskatturinn nemi 168 millj. kr. á því ári.

Enn er svo ríkisstjórnin á ferð með viðbótarskattinn, setur hann nú inn í það frv., sem hér liggur fyrir. Og í fjárlagafrumvarpinu áætlar stjórnin, að tekjur af honum muni nema 188 millj. kr. á næsta ári.

Hvað sem segja má um viðbótarsöluskattinn, tel ég, að á síðasta þingi hafi stjórnin haft að forminu til rétta aðferð við framlengingu hans. Skatturinn var þá framlengdur með breytingu á sjálfum söluskattslögunum. Þá aðferð ætti stjórnin einnig að nota nú, ef hún telur óhjákvæmilegt að heimta inn fé með þessum hætti á næsta ári. Það stóra mál kæmi þá til athugunar þingsins út af fyrir sig, en söluskattslögin í heild þarf að taka til endurskoðunar og lagfæringar. Hinu er ég mótfallinn, að skattinum verði skotið inn í frumvarpið, sem hér liggur fyrir, við hliðina á öðrum gjöldum, sem þar eru ákveðin og segja má að séu orðin fastir tekjustofnar fyrir ríkissjóð. Ég legg því til, að 5. greinin verði felld úr frumvarpinu.

Auk þessarar aðaltillögu minnar flyt ég varatillögu um, að heimilisdráttarvélar verði undanþegnar öllum söluskatti. Vitanlega þarf að gera margar fleiri breytingar á söluskattslögunum, en hér er byrjað á því að reyna að fá þessa sjálfsögðu lagfæringu á þeim. Í nefndaráliti á þingskjali 125 er skýrt frá því, að af rúml. 105 þús. kr., sem nú þarf að greiða fyrir dráttarvél, fari 26850 kr. í tolla og söluskatt. Þetta eru hneykslanlega miklar álögur á svo nauðsynleg tæki.

Við afgreiðslu frv. um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum, 20. þ. m., var felld breytingartillaga mín um að gera dráttarvélarnar tollfrjálsar. Af framangreindri heildarupphæð tolla og söluskatts, sem borga þarf af einni dráttarvél, er söluskatturinn 16377 kr. Hann þarf að fella niður. Til samanburðar má geta þess, að af innfluttum skipum og bátum, sem eru 10 tonn eða stærri, og af ýmsum nauðsynlegum tækjum til útgerðar, svo sem radartækjum, dýptarmælum og fisksjám, er ekki greiddur söluskattur.

Samkvæmt framansögðu flyt ég við frumvarpið eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

5. gr. falli burt.

Varatillaga:
Við 5. gr. bætist:
Af hjóladráttarvélum og hlutum til þeirra, nr. 12a og 12b í 72. tollskrárkafla, greiðist enginn söluskattur.

Alþingi, 26. nóv. 1961.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 148. Nefndarálit [3. mál]

um frv til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vilja samþykkja frumvarpið, en ég og Skúli Guðmundsson viljum ekki samþykkja það óbreytt.

Meginefni frumvarpsins er um framlengingu á ýmsum tollum og sköttum til ríkissjóðs, sem í gildi hafa verið um nokkurt skeið. En auk þess er svo gert ráð fyrir í 5. gr. frv. að framlengja enn bráðabirgðasöluskatt þann, 8.8% af tollverði innfluttra vara, sem lagður var á af núverandi ríkisstjórnarflokkum á öndverðu ári 1960.

Þegar söluskattur þessi var lagður á, var sagt, að hann væri aðeins til bráðabirgða, og gefið var í skyn, að skatturinn yrði aðeins innheimtur árið 1960. En vegna fjárhagserfiðleika ríkissjóðs, sem sigldu í kjölfar samdráttarstefnunnar, varð ríkisstjórnin að framlengja þennan nýja innflutningssöluskatt allt árið 1961, og enn vill ríkisstjórnin fá heimild til að innheimta þennan bráðabirgðaskatt árið 1962.

Þegar það er haft í huga, að skattheimta ríkisins var raunverulega aukin stórkostlega með gengislækkun viðreisnarinnar í febrúar 1960 og aftur með gengislækkuninni í ágúst í sumar, þar sem nær allir innflutningstollar, sem í gildi voru fyrir gengislækkanirnar, eru enn innheimtir, og nú auðvitað af miklu hærra innflutningsverði á öllum vörum, þá er augljóst, að áframhaldandi innheimta á 8.8% innflutningssöluskattinum, sem ekki átti að standa nema stuttan tíma, nær engri átt.

Ég er því andvígur þessu frumvarpi, en legg sérstaklega til, að 5. gr. þess, um 8.8% söluskattinn, verði felld niður úr frumvarpinu.

Alþingi, 28. nóv. 1961.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 149. Lög [42. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginganna.

(Afgreidd frá Nd. 27. nóv.)

Samhljóða þskj. 47.

Ed. 150. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (KJJ) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 21. nóv. 1961.

Jón Árnason, form., frsm.
Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.
Sigurvin Einarsson.
Björn Jónsson.

Ed. 151. Frumvarp til erfðalaga. [95. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

I. KAFLI
Um lögarf.

1. gr.

Lögerfingjar eru þessir:

1. Börn arfleifanda og aðrir niðjar. Óskilgetið barn erfir föður og föðurfrændur og þeir það, ef það er feðrað með þeim hætti, sem segir í löggjöf um óskilgetin börn. Um erfðarétt kjörbarns og arf eftir það fer samkvæmt 5. gr.
2. Foreldrar arfleifanda og niðjar þeirra.
3. Föðurforeldrar og móðurforeldrar arfleifanda og börn þeirra.
4. Maki arfleifanda.

2. gr.
I. erfð.

Maki erfir ⅓ hluta eigna, þegar börn eru á lífi, en ⅔ hluta erfa börnin að jöfnu. Ef maka er ekki til að dreifa, taka börn og aðrir niðjar allan arf.

Nú hefur barn andast á undan arfleifanda, og erfa börn þess þá þann hluta, er því hefði borið. Firnari niðjar taka arf með sama hætti.

3. gr.
II. erfð.

Ef arfleifandi á enga niðja á lífi, tekur maki ⅔ hluta arfs, en foreldrar hins látna ⅓ hluta að jöfnu. Nú er annað foreldri látið, og hverfur þá hlutur sá, sem því hefði borið, til hins foreldrisins. Ef báðir foreldrar eru látnir, tekur maki allan arf.

Nú er maka ekki til að dreifa, og fellur arfur þá til foreldra að jöfnu. Ef annað foreldri er látið, hverfur hlutur sá, sem því hefði borið, til barns þess eða annarra niðja með sama hætti og segir í 2. gr. Nú á hið látna foreldri enga niðja, og gengur þá hlutur þess til hins foreldrisins.

Nú eru báðir foreldrar arfleifanda látnir, og taka þá börn eða aðrir niðjar hvors foreldris um sig þann arf, sem því hefði borið. Ef annað foreldra á enga niðja á lífi, hverfur allur arfur til niðja hins.

4. gr.

III. erfð.

Ef enginn erfingi samkvæmt 2. eða 3. gr. er á lífi, taka föðurforeldrar og móðurforeldrar sinn helming arfs hvort. Nú er afi arfleifanda eða amma látin, og erfa þá börn þess, sem látið er, þann erfðahlut, sem því hefði borið. Ef móðurforeldrar arfleifanda eru dánir og börn þeirra, taka föðurforeldrar og börn þeirra allan arf og gagnkvæmt.

5. gr.

Kjörbarn og niðjar þess, þar á meðal kjörniðjar, erfa kjörforeldra og ættingja þeirra og gagnkvæmt eftir ákvæðum 2.—4. gr.

Lögerfðatengsl milli kjörbarns og ættingja þess falla niður við ættleiðingu.

6. gr.

Nú hefur það hjóna, sem lengur lifir, verið einkalögerfingi þess, sem fyrr lézt, og það andast án þess að hafa gengið í hjónaband að nýju eða látið eftir sig arfgenga niðja, og skulu þá eignir þess skiptast milli erfingja beggja hjóna að jöfnu, enda hafi maki ekki ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá á annan hátt.

Nú á sá maki, sem lengur lifir, enga erfingja á lífi, er hann andast, og ganga eigur hans þá til erfingja skammlífara makans.

Þegar rætt er um erfingja skammlífara makans í þessari grein, er átt við þá menn, sem standa til arfs eftir hann, miðað við það tímamark, er langlífari makinn féll frá.

II. KAFLI

Um óskipt bú.

7. gr.

Eftir lát annars hjóna á hitt rétt á að sitja í óskiptu búi með ófjárráða niðjum beggja, nema hið látna hafi mælt svo fyrir í erfðaskrá, að skipti skyldu fara fram.

Nú á hið látna á lífi ófjárráða niðja, sem eigi eru niðjar hins, og getur skiptaráðandi þá heimilað því hjóna, sem á lífi er, setu í óskiptu búi, enda hafi hið látna ekki meinað hinu það með erfðaskrá. Skiptaráðandi skal þá kanna og meta, hvort það muni vera börnum og maka til hagsbóta, að bú haldist óskipt.

Nú eru niðjar eða stjúpniðjar fjárráða og fallast á, að maki sitji í óskiptu búi, og ber skiptaráðanda þá að leyfa það, ef ákvæði 8. gr. eru því ekki til fyrirstöðu.

8. gr.

Nú er bú þess hjóna, sem lengur lifir, undir gjaldþrotaskiptum eða það kemur í ljós, að eignir þess hrökkva ekki fyrir skuldum, og verður því þá eigi heimiluð seta í óskiptu búi. Sama er, ef því verður ekki treyst til að hafa forræði bús vegna óreglu þess, ráðdeildarleysis eða vanhirðu um fjármál sín.

Ef það hjóna, sem lengur lifir, er svipt lögræði, verður því ekki heimiluð seta í óskiptu búi, nema yfirlögráðandi samþykki.

9. gr.

Sá, sem óskar setu í óskiptu búi, skal sem fyrst eftir lát maka síns tilkynna skiptaráðanda það. Greina skal nöfn erfingja, aldur og dvalarstað. Tilkynningu skal fylgja yfirlit yfir eignir og skuldir þess, sem óskar setu í óskiptu búi, og yfir eignir og skuldir hins látna.

Ef fjárráða erfingjar samþykkja setu í óskiptu búi, skal yfirlýsing þeirra um það fylgja tilkynningu. Að öðru leyti kannar skiptaráðandi ástæður, og má skipa ófjárráða erfingjum lögráðamann til að gæta hagsmuna þeirra út af umsókn um setu í óskiptu búi.

Nú telur skiptaráðandi, að maki fullnægi skilyrðum fyrir setu í óskiptu búi, og lætur hann honum þá í té skilríki fyrir því.

10. gr.

Til óskipts bús teljast hjúskapareignir beggja hjóna og séreign, sem samkvæmt ákvæðum laga eða kaupmála á að hlíta reglum um hjúskapareign að öðru hjóna látnu. Aflafé og annað verðmæti, sem sá eignast, er í óskiptu búi situr, rennur til búsins, nema það eigi að lögum að falla til séreignar hans.

Arfur eða gjöf, sem hinu langlífara hlotnast, rennur þó eigi inn í óskipt bú, ef það lýsir því fyrir skiptaráðanda innan tveggja mánaða frá því, er það fékk vitneskju um arf eða gjöf, að verðmæti þessi skuli ekki renna inn í óskipta búið. Verða fjármunir þessir séreign þess, sem situr í óskiptu búi. Ber að halda þeim og annarri séreign aðgreindum frá eignum búsins.

11. gr.

Maki, sem situr í óskiptu búi, hefur í lifanda lífi eignarráð á fjármunum búsins. Um dánarráðstafanir, sjá 20. gr.

12. gr.

Maki, sem situr í óskiptu búi, ber persónulega ábyrgð á skuldum hins látna. Heimilt er að birta innköllun til skuldheimtumanna hins látna með þeim hætti og réttaráhrifum, sem fyrir er mælt í skiptalögum.

13. gr.

Maki, sem situr í óskiptu búi, getur krafizt skipta, hvenær sem er.

Nú gengur maki í hjúskap að nýju, og fellur þá niður heimild hans til setu í óskiptu búi.

14. gr.

Nú situr maki í óskiptu búi með ófjárráða niðjum eða stjúpniðum, sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr., og er honum þá skylt að skipta með sér og erfingja, sem fjárráða verður og krefst skipta sér til handa.

Nú hefur fjárráða erfingi samþykkt setu í óskiptu búi, sbr. 3. mgr. 7. gr., og getur hann allt um það krafizt skipta sér til handa með eins árs fyrirvara.

15. gr.

Erfingi getur krafizt skipta sér til handa, ef hann sannar fyrir skiptaráðanda, að maki vanræki framfærsluskyldu sína gagnvart sér eða rýri efni bús með óhæfilegri fjárstjórn sinni eða veiti tilefni til, að óttast megi slíka rýrnun.

Nú hefur maki gefið gjöf úr óskiptu búi, og er gjöf óhæfilega há, miðað við efni búsins, og getur þá erfingi fengið gjöf hrundið með dómi, ef viðtakandi sá eða átti að sjá, að gefandi sat í óskiptu búi og að gjöf var úr hófi fram. Mál til riftunar verður því aðeins höfðað, að búið hafi verið tekið til skipta eða erfingi hafi krafizt skipta. Mál skal höfða, áður en ár sé liðið frá því, að erfingi eða lögráðamaður hans fékk vitneskju um gjöfina, og þó ekki síðar en innan þriggja ára frá afhendingu gjafar.

16. gr.

Erfingjar látins erfingja, aðrir en ófjárráða niðjar hans og ófjárráða systkin, sbr. 1. málsgr. 7. gr., geta krafizt skipta með sama skilorði og hinn látni erfingi.

Nú andast stjúpbarn og lætur eftir sig ófjárráða niðja eða ófjárráða systkin, sem erfðahlut eiga inni í óskipta búinu, og getur skiptaráðandi þá samþykkt, að erfðahlutir þeirra eftir stjúpbarnið verði áfram í búinu. Aðrir erfingjar látins stjúpbarns geta þegar í stað krafizt skipta sér til handa.

Skuldheimtumenn erfingja geta eigi krafizt búskipta.

17. gr.

Nú hafa efni bús rýrnað til muna vegna óhæfilegrar fjárstjórnar maka, og geta erfingjar þá við búskipti krafizt endurgjalds út af því úr búinu. Ef rýrnunin verður ekki bætt með þeim hætti, má krefja greiðslu á helmingi þess, er á vantar, úr séreign makans, en sú krafa verður þó að þoka fyrir kröfum skuldheimtumanna.

Ef endurgjaldskröfum verður ekki lokið við skipti milli maka og erfingja hins látna, er ekki unnt að hafa þær uppi síðar.

18. gr.

Hlutur erfingja í óskiptu búi er séreign hans, ef erfingi er í hjúskap eða gengur í hjúskap. Óheimilt er að breyta þessu skipulagi með kaupmála. Eftir lát erfingjans telst eign þessi þó hjúskapareign hans, nema arfleifandi hafi kveðið öðruvísi á eða kaupmáli hjóna standi til annars. Sama er, ef skipti fara fram í lifanda lífi erfingjans.

Erfingi má ekki afhenda hlut sinn í óskiptu búi né skuldfesta hann, og eigi geta heldur skuldheimtumenn hans leitað fullnustu í honum.

19. gr.

Við skipti milli maka, sem situr í óskiptu búi, og erfingja hins látna, skal deila búshluta hins látna milli þeirra, sem standa til erfða eftir hann, samkvæmt almennum reglum.

Nú fara skipti fram eftir lát beggja hjóna, og fellur þá niður lögmæltur erfðaréttur hins langlífara eftir hið skammlífara.

Nú er skipt eftir lát beggja hjóna, og leitt er í ljós, að enginn á tilkall til arfs eftir það hjóna, sem fyrr lézt, og renna eignir bús þá til erfingja þess, er síðar féll frá. Ef engir erfingjar þess, er síðar féll frá eru á lífi, hverfa eignir bús með sama hætti til erfingja þess hjóna, er fyrr lézt.

20. gr.

Maki, sem situr í óskiptu búi, getur aðeins ráðið yfir sínum hluta úr búinu með erfðaskrá. Honum er heimilt að ráðstafa einstökum munum innan þessara eignarmarka, ef það gengur ekki í berhögg við fyrirmæli hins látna maka samkvæmt 2. málsgr. 36. gr.

III. KAFLI

Almenn ákvæði um arftöku.

21. gr.

Barn, sem getið er, áður en arfleifandi fellur frá, tekur arf eftir hann, ef það fæðist lifandi.

22. gr.

Nú voru erfðatengsl milli tveggja manna, sem báðir eru látnir, en ósannað er, hvor þeirra dó fyrr, og skal þá líta svo á, að hvorugur hafi lifað hinn.

IV. KAFLI

Brottfall erfðaréttar.

23. gr.

Nú hefur maður af ásetningi framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga, sem haft hefur í för með sér dauða annars manns, og má þá ákveða með dómi, að hann hafi fyrirgert sjálfum sér til handa rétti til þess arfs, sem háður var dauða hins.

Hafi maður vísvitandi í frammi ofbeldi við foreldri sitt eða annan ættingja í beinum legg upp á við, heitist við hann eða hóti honum óförum, meiði mjög

æru hans eða gerist sekur við hann um aðrar stórfelldar mótgerðir, svo að refsivert sé, þá má dæma hann til að hafa fyrirgert erfðarétti sínum eftir þann mann, sem fyrir misgerðinni varð, ef hann krefst þess.

Nú hefur maður fyrirgert erfðarétti sínum með framangreindum hætti, og má þá veita honum erfðaréttinn aftur að öllu leyti eða nokkru með erfðaskrá.

24. gr.

Heimilt er samkvæmt kröfu ákæruvalds í opinberu máli að dæma sökunaut, sem gerzt hefur sekur um háttsemi samkvæmt 194.—201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna getnaðar barns, til þess að hafa fyrirgert rétti til arfs sér til handa eftir barnið.

25. gr.

Nú sannast það í opinberu máli, að maður hefur komið því til leiðar með nauðung, svikum eða misneytingu, að annar maður geri erfðaráðstöfun eða láti hjá líða að gera hana, og er þá heimilt að ákveða í dómi, að hann hafi glatað rétti til annars arfs en skylduarfs eftir þann mann. Sama er, ef maður af ásettu ráði rangfærir, eyðileggur eða kemur undan erfðaskrá eða öðrum erfðagerningi.

26. gr.

Erfðaréttur hjóna á milli fellur niður við skilnað að borði og sæng, við algeran hjónaskilnað og við ógildingu hjúskapar með dómi.

Nú voru þeir meinbugir á hjúskap, er annað hjóna andaðist, að hjúskapurinn var ógildanlegur, og tekur þá það hjóna, sem eftir lifir, ekki arf:

1. Ef það sannast í opinberu máli, að stofnun hjúskaparins var refsiverð athöfn af þess hendi. Þó tekur síðari maki tvíkvænings ekki arf, ef fyrri maki er á lífi og er arfgengur.
2. Ef það krefst skipta eftir 45. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39/1921.

V. KAFLI

Um ráðstöfun á arfi, sem ekki hefur tæmzt, og um erfðaafsöl.

27. gr.

Erfingja er óheimilt að ráðstafa arfi, sem hann á í vændum.

28. gr.

Heimilt er erfingja að afsala sér arftökurétti í hendur þeim, sem hann á arfsvon að, hvort sem það er gert fyrir nokkuð eða ekkert. Sá, sem afsalar sér arfi, verður að vera fjárráða. Lögráðamaður ófjárráða manns getur veitt fyrirfram greiddum arfi viðtöku fyrir hans hönd, ef samþykki yfirlögráðanda kemur til.

Ef ekki er annars getið, skuldbindur afsal niðja þess, er afsalar sér arfi, eins og hann sjálfan.

29. gr.

Nú fær sameiginlegur skylduerfingi hjóna fé sem fyrirfram greiddan arf úr hjúskapareign annars eða beggja, og skal sú greiðsla þá koma til frádráttar arfi hans eftir skammlífara makann, eftir því sem til vinnst, ef skipt er, meðan langlífari makinn er á lífi. Ekki skal þetta þó skerða lögmæta erfðaskrá, sem skammlífari makinn hefur gert. Sá fjárhluti erfingja, sem ekki kemur til frádráttar við arfskipti eftir skammlífara makann, sætir frádrætti, er erfðahluti erfingja eftir langlífari makann er ákveðinn, eftir því sem til vinnst.

Framangreindar reglur taka einnig til þess, er maki, sem situr í óskiptu búi, greiðir erfingja fyrirfram fjárhlut úr búinu.

30. gr.

Nú lætur maki stjúpbarni sínu eða niðjum þess í té fjárverðmæti úr hjúskapareign sinni, og má þá semja svo um, að fé þetta sé fyrirfram greiddur arfur eftir hinn makann, sem kemur til frádráttar við arfskipti eftir hann.

31. gr.

Verðmæti, sem 29. og 30. gr. taka til, skal virða erfingja til frádráttar eftir gangverði þess, þegar erfingi veitti því viðtöku, en þó ekki hærra verði en sanngjarnt er, svo að jöfnuður fáist með erfingjum.

32. gr.

Nú hlýtur erfingi fyrirfram meira fé frá arfleifanda en nemur erfðahluta hans eftir hann, og verður hann þá ekki skyldaður til að standa búinu skil á mismuninum, nema hann hafi sérstaklega skuldbundið sig til þess.

33. gr.

Fjárframlögum þeim upp í arf, sem 28.—30. gr. taka til, eða verðmætum þeirra, skal bæta við eigur bús að öðru leyti, þegar búshlutir maka og erfðahlutir eru ákvarðaðir. Nú nemur fyrirframgreiðsla til erfingja hærri fjárhæð en erfðahlut hans, og skal þá aðeins bæta við fjárhæð, sem erfðahlutnum nemur.

VI. KAFLI

Um erfðaskrár.

1. Arfleiðsluhæfi.

34. gr.

Hver sá, sem orðinn er fullra 18 ára eða hefur stofnað til hjúskapar, getur aldurs vegna ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá.

Erfðaskrá er því aðeins gild, að sá, sem gerir hana, sé svo heill heilsu andlega, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt.

2. Arfleiðsluheimild. Skylduarfur.

35. gr.

Þegar niðjar, þar á meðal kjörniðjar, eða maki taka arf, er arfleifanda óheimilt að ráðstafa meira en ⅓ hluta eigna sinna með erfðaskrá.

36. gr.

Arfleifanda er óheimilt að setja erfingja fyrirmæli um meðferð á skylduarfi, nema lög mæli annan veg.

Arfleifandi getur mælt svo fyrir í erfðaskrá, að tiltekinn skylduerfingi hans skuli fá í sinn hlut ákveðna muni úr séreign hans eða hjúskapareign, enda fari verð þessara muna ekki fram úr skylduerfðahluta erfingjans að viðbættum þeim eignarhluta, sem arfleifanda er heimilt að ráðstafa samkvæmt 35. gr.

3. Um ógildi erfðaskráa.

37. gr.

Erfðaákvörðun er ógild, ef arfleifandi hefur verið beittur nauðung, svikum eða misneytingu til þess að gera hana.

Nú er leitt í ljós, að erfðaskrárákvæði er annars efnis en til var ætlazt, og stafar það af misritun eða öðrum mistökum, og skal þá framkvæma ákvæðið í samræmi við það, sem raunverulega vakti fyrir arfleifanda, ef auðið er að staðreyna arfleiðsluviljann.

38. gr.

Nú stafar erfðaskrárákvæði af misskilningi hjá arfleifanda, án þess að ákvæði 37. gr. eigi við, og er það þá ógilt, ef telja má, að röng hugmynd arfleifanda hafi ráðið úrslitum um efni ákvæðisins.

39. gr.

Erfðaskrárákvæði, sem mæla fyrir um að spilla eignum arfleifanda, eru ógild, nema eðlileg og skynsamleg ástæða sé til þeirra.

4. Um form erfðaskráa.

40. gr.

Erfðaskrá skal vera skrifleg, og skal arfleifandi undirrita hana eða kannast við undirritun sína fyrir notario publico eða tveimur vottum.

Ef arfleifandi er ólæs, skal lesa erfðaskrá skilmerkilega fyrir honum.

41. gr.

Arfleiðsluvottar skulu ekki vera yngri en 18 ára. Þeir skulu vera áreiðanlegir og hvorki geðveikir né andlega sljóir. Maka arfleifanda skal ekki kveðja til að votta arfleiðslu né menn, sem eru skyldir arfleifanda að feðgatali eða niðja eða mægðir honum með slíkum hætti, eða systkin hans. Maður, sem er í hliðstæðum sifjatengslum við arfleifanda sakir ættleiðingar, er ekki heldur votthæfur.

Nú er maður í sifjatengslum samkvæmt 1. málsgrein við aðilja, sem hagsmuna hefur að gæta við erfðaskrá, og er hann þá ekki hæfur til að votta arfleiðslu. Sama er, ef erfðaskrá varðar hagsmuni hans sjálfs eða aðilja eða stofnunar, sem hann vinnur. Nú eru hagsmunir þessir lítilvægir, og valda þau atvik, sem greind eru í þessari málsgrein, þá ekki vanhæfi. Nú er manni falið í erfðaskrá að standa fyrir skiptum á búi arfleifanda, og getur hann allt að einu vottað arfleiðslu.

Um hæfi notarii publici til að votta arfleiðslu fer samkvæmt ákvæðum laga um hæfi dómara til meðferðar einkamáls, og um hæfi notarialvotta fer sem um hæfi þingvotta.

42. gr.

Arfleiðsluvottar skulu geta þess í vottorði, að arfleifandi hafi kvatt þá til að votta arfleiðslu sína, og hafi hann ritað undir erfðaskrá eða kannazt við undirritun sína að þeim báðum viðstöddum. Þá skal það koma fram í vottorði, að vottum sé kunnugt, að hinn vottfesti gerningur sé erfðaskrá. Vottarnir skulu undirrita vottorð sitt svo fljótt sem föng eru á, eftir að arfleifandi hefur kennzt við erfðaskrána.

Í arfleiðsluvottorði skal þess enn fremur getið, hvort arfleifandi hafi verið svo heill heilsu andlega, að hann hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá. Einnig er rétt að geta þar annarra atriða, sem áhrif geta haft á mat á gildi erfðaskrár.

Arfleiðsluvottar skulu staðsetja og dagsetja vottorð sitt og greina þar nákvæmlega, hvenær arfleifandi hafi ritað undir erfðaskrá eða kennzt við efni hennar. Þeir skulu og greina heimilsföng sín, svo að ekki verði um villzt.

43. gr.

Í áritun notarii publici á erfðaskrá skal geta sömu meginatriða og þeirra, sem greind eru í 42. gr.

Nú er erfðaskrá færð í notarialbók, og hefur þá endurrit úr henni sama gildi sem frumrit erfðaskrár, þótt þess sé ekki sérstaklega getið í erfðaskránni.

Í reglugerð, sem dómsmálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um umsýslu notarii í sambandi við erfðaskrár.

44. gr.

Nú verður maður skyndilega og hættulega sjúkur eða lendir í bráðri hættu, og má arfleiðsla þá fara fram af hans hendi munnlega fyrir tveimur tilkvöddum

vottum eða fyrir notario publico. Þeir skulu skrásetja efni erfðaskrár, svo fljótt sem kostur er, og staðfesta með undirritun sinni. Gæta skal hér ákvæða 40.—43. gr., eftir því sem við getur átt.

Erfðaskrá, sem gerð er að hætti 1. málsgreinar, verður ógild, ef arfleifandi hefur ekki endurnýjað hana, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, að honum varð unnt að gera erfðaskrá með venjulegum hætti.

5. Um vefengingu á erfðaskrám.

45. gr.

Nú sannast, að arfleifanda brast hæfi, sbr. 34. gr., eða að erfðaskrárákvörðun hefur orðið til með þeim hætti, sem í 37. eða 38. gr. segir, og kemur hún þá ekki til framkvæmdar, er erfingi rengir hana.

Þegar erfðaskrá, sem er undirrituð af arfleifanda og ber áritun votta, fullnægir ekki ákvæðum 40.—43. gr. að öðru leyti, og erfingi telur, að ógilda beri erfðaskrá samkvæmt 34. gr. eða 37.—38. gr., þá verður sá, sem vill byggja rétt á henni, að hrinda staðhæfingu þess, er rengir, með vættisburði arfleiðsluvotta eða öðrum sönnunargögnum.

46. gr.

Um sönnunargildi notarialvottorðs fer sem um önnur opinber skjöl, sbr. 158. gr. laga nr. 85/1936.

Nú er yfirlýsing votta í arfleiðsluvottorði fullnægjandi um atriði þau, sem greinir í 42. gr. og 1. málsgr. 44. gr., og skal hún þá talin rétt, nema sá, sem rengir, færi sönnur á hið gagnstæða.

47. gr.

Andmæli gegn gildi erfðaskrár skal bera fram við skiptaráðanda, skiptaforstjóra eða erfingja, sem skipta einkaskiptum, jafnfljótt og tilefni verður til. Andmæli, sem koma fram eftir skiptalok, skulu ekki tekin til greina, nema það sannist, að erfingi hafi ekki haft tök á að bera þau upp við skiptin eða refsiverðu misferli sé til að dreifa við gerð erfðaskrár eða við skipti erfingja.

6. Um breytingu og afturköllun á erfðaskrám.

48. gr.

Nú vill arfleifandi breyta einstökum ákvæðum erfðaskrár eða auka við þau, og skal þá gætt sömu reglna og við gerð erfðaskrár.

Nú lætur arfleifandi ótvírætt í ljós, að hann taki aftur erfðaskrá sína, og er hún þá fallin úr gildi. Ef erfðaskrá er sameiginleg eða gagnkvæm, er afturköllun því aðeins gild, að hún sé gerð kunn hinum aðiljanum, nema slíkt sé ekki unnt vegna sérstakra ástæðna.

49. gr.

Arfleifandi getur skuldbundið sig gagnvart erfingja sínum eða öðrum aðilja með yfirlýsingu um að gera ekki erfðaskrá eða taka ekki aftur eða breyta erfðaskrá, sem hann hefur þegar gert. Um slíka yfirlýsingu skal gætt reglna 34. gr. og 40.—43. gr. Nú er arfleifandi ófjárráða, og verður þá samþykki yfirfjárráðanda að koma til.

7. Um kvaðaarf.

50. gr.

Nú er sérstök hætta á, að skylduerfingi muni fara ráðleysislega með erfðahlut sinn, og er arfleifanda þá heimilt að setja ákvæði í erfðaskrá um það, hversu fari um skylduarf til einstakra niðja eða maka, svo sem að erfðahlutur lúti reglum um fé ófjárráða, að erfingja sé greidd tiltekin fjárhæð af höfuðstól með vissu millibili eða að óheimilt sé að ráðstafa eign eða leita fullnustu í henni nema með

tilteknum hætti. Slík ákvæði í erfðaskrá verða því aðeins gild, að dómsmálaráðuneytið samþykki þau.

Dómsmálaráðherra er heimilt að fella niður kvaðir á arfi að nokkru leyti eða öllu, þegar erfingi hefur náð 21 árs aldri og færir sönnur á, að þær ástæður, sem lágu til grundvallar kvöðum, eru ekki framar fyrir hendi. Ráðherra getur einnig leyft, að erfingja séu greiddar hærri fjárhæðir af arfi en erfðaskrá ákveður, ef brýn nauðsyn erfingja eða fjölskyldu hans krefur.

Kvöð á arfi fellur niður í síðasta lagi við andlát erfingja.

51. gr.

Um varðveizlu kvaðaarfs fer sem um fé ólögráða manna, sbr. 39. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði.

Nú er arfur bundinn kvöðum, og getur erfingi þá ekki ráðstafað höfuðstólnum með löggerningum, en eindöguðum greiðslum ræður hann samkvæmt almennum reglum, nema erfðaskrá mæli annan veg.

Skuldheimtumenn erfingja geta ekki leitað fullnustu í kvaðaarfi, meðan erfingi er á lífi, nema vegna skaðabóta, sem hann hefur verið dæmdur til að gjalda út af refsiverðum verknaði hans eða öðrum verknaði frömdum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

52. gr.

Binda má arf, sem ekki er skylduarfur, kvöðum með erfðaskrá. Ákvæði 2. og 3. málsgr. 50. gr. og 51. gr. eiga við um slíkan arf, nema erfðaskrá geti annars.

8. Um skýringu á erfðaskrám.

53. gr.

Nú arfleiðir arfleifandi tvo menn eða fleiri í erfðaskrá, en greinir þar hvorki um erfðahluti þeirra né röð arftaka, og fá arftakar þá allir jafnan erfðahlut.

VII. KAFLI
Um dánargjafir.

54. gr.

Framangreindar reglur um erfðaskrár skulu einnig gilda um þau gjafaloforð, sem ekki er ætlazt til, að komi til framkvæmdar, fyrr en að gefandanum látnum, og gjafir, sem gefnar eru á dánarbeði.

VIII. KAFLI
Um erfðarétt erfðafjársjóðs o. fl.

55. gr.

Nú á maður engan erfingja, og renna þá eigur hans í erfðafjársjóð. Um erfðafjársjóð er nánar mælt í lögum um hann.

Dómsmálaráðherra getur vefengt erfðaskrá fyrir hönd sjóðsins. Nú þykir ráðherra sýnt, að erfðaskrá, sem er vefengjanleg, gefi til kynna raunverulegan vilja arfleifanda, og getur hann þá látið hjá líða að rengja erfðaskrána. Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að hafna arfi fyrir hönd sjóðsins til hagsbóta fyrir vandamenn arfleifanda, þegar sérstaklega stendur á, einkum ef arfleifandi hefur ekki verið arfleiðsluhæfur eða ekki getað komið því við að gera erfðaskrá.

56. gr.

Nú er erfingi ekki látinn, svo að sannað sé, né talinn látinn samkvæmt dánarúrskurði, og vitjar hann ekki arfs, sem hann hefur þó ekki hafnað, innan 5 ára

frá því, að skorað var á erfingja með opinberri innköllun að segja til erfðaréttar síns, og skal þá skipta þeim erfðahluta, sem úthlutað var til erfingjans við erfðaskiptin, með sama hætti og vera mundi, ef erfinginn hefði ekki lifað við andlát arfleifanda.

Nú kallar erfingi til arfs eftir skipti á erfðahluta samkvæmt 1. málsgrein, en innan 10 ára frá birtingu innköllunar til erfingja, og getur hann þá endurheimt það fé, sem erfingi hefur hlotið og hann á tilkall til úr hendi hans. Sá, er arf hefur tekið, er þó ekki skyldur að skila arði af hlut eða svara vöxtum, nema viðtaka arfs af hendi hans sé refsiverð.

IX. KAFLI
Gildistaka laganna o. fl.

57. gr.

Lög þessi taka gildi 6 mánuðum eftir, að þau hafa verið birt.

58. gr.

Lögum þessum skal beita um erfðaskipti eftir þá menn, sem andast eftir gildistöku laga þessara, nema annars sé getið.

59. gr.

Nú situr maki í óskiptu búi við gildistöku laga þessara, og eiga þá ákvæði laganna við um búið upp frá því. Ákvæði þeirra laga, sem í gildi voru, þegar hið skammlífara andaðist, ráða því þó, hverjir taka arf eftir það.

60. gr.

Erfðagerninga, sem stofnað var til í tíð eldri laga og gildir voru eftir þeim lögum, skal meta gilda, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum laga þessara um hæfi arfleifanda og form gernings. Um arfleiðsluheimild og önnur atriði, er varða efni erfðagernings, skal beita ákvæðum þessara laga.

Nú reynir á erfðagerning eftir gildistöku laga þessara, en til hans er stofnað í tíð eldri laga, og skal þá meta hann gildan, þótt hann fullnægi ekki reglum eldri laga um hæfi arfleifanda og form erfðagernings, ef hann fullnægir ákvæðum laga þessara um þau efni.

61. gr.

Sérákvæði í lögum um rithöfundarétt og prentrétt og lögum um ættaróðal og erfðaábúð svo og önnur sérákvæði halda gildi sínu, þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

X. KAFLI
Brottfallin lög o. fl.

62. gr.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

1. Erfðalög nr. 42 23. maí 1949.
2. Opið bréf 15. janúar 1768 um það, hvernig farið skal með arf, sem afbrotamanni tæmist, meðan hann er að taka út hegningarvinnu.
3. Konungsbréf 9. nóvember 1825 um meðferð yfirgefins arfs á Íslandi.
4. Lög nr. 39 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar, 50. gr.
5. Lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, nr. 57 27. júní 1921, 24. og 25. gr.
6. Lög um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, VIII. kafli.
7. Almenn hegningarlög nr. 19. 12. febrúar 1940, 265. gr.
8. Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nr. 87 5. júní 1947, 17. og 20. gr.

Svo falla og úr gildi öll önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið var af þeim prófessor Ármanni Snævarr háskólarektor og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara, var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Því frumvarpi fylgdu frá höfundum frumvarpsins ýtarlegar athugasemdir við einstakar greinar þess. Frumvarpið er nú flutt óbreytt að öðru leyti en því, að leiðrétt hefur verið tilvitnun í lok 20. gr. og að upphaf 33. gr. er orðað á annan hátt, án þess þó að um efnisbreytingu sé að ræða.

Ed. 152. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3 12. apríl 1878.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Við 46. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. málsgrein, svofelld:

Nú eru í búi munir, sem hafa sérstakt minjagildi fyrir tiltekna fjölskyldu, og skulu þá erfingjar, sem teljast til þeirrar fjölskyldu, eiga forgangsrétt til muna þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við samningu frumvarps til erfðalaga kom í ljós, að heppilegt væri að gera þá breytingu á skiptalögunum, nr. 3/1878, sem felst í frumvarpi þessu.

Ed. 153. Frumvarp til laga [97. mál]

um breyting á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Með kaupmála, sem gerður er á undan hjúskap, eða meðan hjúskapur stendur, geta aðilar ákveðið, að munir, sem annað hjóna á eða eignast kann og annars yrðu hjúskapareign, skuli verða séreign þess. Í kaupmála má enn fremur ákveða, að um séreign, sem annað hjóna hlaut samkvæmt kaupmála, skuli fara sem hjúskapareign þess eftir lát þess hjóna, sem fyrr andast. Hjónum er einnig heimilt að ákveða að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við ákvarðanir arfleifanda eða gefanda, að séreign skuli vera hjúskapareign.

2. gr.

58. gr. laganna orðist svo:

Hvoru hjónanna um sig er heimilt, og sé annað dáið, þá því, sem eftir lifir, að taka af óskiptu muni, sem aðeins eru ætlaðir því til notkunar, enda sé verð þeirra eigi óhæfilega hátt, borið saman við efnahag hjónanna.

Nú er annað hjóna dáið og fjármunir búsins lítils virði, og getur þá það þeirra, sem eftir lifir, tekið af hjúskapareign beggja nauðsynleg búsgögn, verkfæri og aðra lausa muni, að svo miklu leyti sem það verður talið nauðsynlegt til þess að það geti haldið áfram atvinnu sinni. Þetta gildir, þó að verð greindra muna fari fram úr lögmæltum hluta þess í hjúskapareignunum.

Munir þeir, sem maki tekur samkvæmt 1. og 2. málsgr., eru ekki taldir með við ákvörðun bús- og erfðahluta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við samningu frumvarps til erfðalaga kom í ljós, að heppilegt mundi vera, einkum vegna ákvæða þess frumvarps um setu í óskiptu búi, að gerðar væru þær breytingar á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, sem í frv. þessu felast.

Lagt er til, að sú efnisbreyting verði gerð á 29. gr. nefndra laga, að unnt sé að gera kaupmála þess efnis, að tiltekið verðmæti verði séreign hjóna, en við andlát annars þeirra skuli fara um verðmæti þessi sem hjúskapareign. Ljóst er, að tilgangur með kaupmála er oft sá að tryggja það, að eign falli óskipt til annars hjóna, ef til hjónaskilnaðar dregur. Þegar annað hjóna er látið, er ekki framar þörf á þessum varnagla, og getur það þá verið heppileg fjármálaskipun, að eign þessi verði metin hjúskapareign. Afleiðingin af því verður sú, að verðmæti þetta rennur inn í óskipt bú, ef langlífari makinn fær leyfi til setu í óskiptu búi, og makinn á rétt til búshluta úr þessu fé, ef til skipta kemur í lifanda lífi hans, enda hafi hitt hjóna átt séreignina. Unnt er að kveða svo á í kaupamála í öndverðu, að séreign verði hjúskapareign við andlát maka. Einnig er til, að verðmæti sé lýst séreign með kaupmála, en svo sé síðar gerður sérstakur kaupmáli um, að séreign þessi skuli vera hjúskapareign við andlát annars makans. Að því er varðar 2. gr. frv., þá þótti rétt að nota þetta tækifæri til að koma ákvæðum 58. gr. laganna í betra horf en nú er.

Ed. 154. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Á eftir 24. gr. laganna komi ný grein, sem verður 24. gr. a, svofelld:

Við ákvörðun á búshluta maka og erfðahlutum erfingja skal telja óðal á því verði, sem viðtakanda þess ber að gjalda fyrir það samkvæmt 5. gr.

Ákvæði erfðalaga um skylduarf eru því ekki til fyrirstöðu, að óðalsbóndi ráðstafi óðali til eins erfingja samkvæmt því, sem nánar greinir í þessum kafla, en andvirði óðalsins samkvæmt 5. gr. rennur í búið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við samningu frumvarps til erfðalaga kom í ljós, að nauðsynlegt er að gera þá breytingu á lögum nr. 116/1943, sem felst í frumvarpi þessu. Með því eru tekin af tvímæli um það, hvernig að skuli fara, þegar skýra skal ákvæði nefndra laga í sambandi við hin almennu erfðalög.

Sþ. **155. Tillaga til þingsályktunar** [99. mál]

um raforkumál á Snæfellsnesi og í Dalasýslu.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Árnason, Pétur Pétursson,

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að hraðað verði tengingu raforkuvirkjana á Snæfellsnesi við aðalraforkukerfi landsins, og skal því lokið eigi síðar en árið 1966. Enn fremur skal hraða tengingu rafveitna í Dalasýslu við aðalorkuveitur.

Greinargerð.

Tillaga þessi er fram komin vegna þess, hve brýn nauðsyn er að sjá þeim, sem þegar hafa fengið rafmagn, fyrir nægilegri raforku, og ekki síður til þess, að fleiri njóti raforkunnar en nú á sér stað.

Á Snæfellsnesi er atvinnulíf mjög mikið, fiskimið aflasæl og ræktunarlönd víðáttumikil og góð. Þar hefur fólki fjölgað ört, enda mjög mikil og sívaxandi framleiðsla á landi og sjó.

Fossárvirkjunin í nánd við Ólafsvík, sem er eina vatnsvirkjunin á Snæfellsnesi, er ekki nægjanlega aflmikil til að veita það rafmagn, sem talið er að þurfi á næstunni á Snæfellsnesi.

Til að bæta úr þessu hafa einkum verið nefndar þrjár leiðir. Hin fyrsta er að tengja saman Andakílsárvirkjun og Fossárvirkjun. Önnur leiðin er að koma upp stórum dísilvélasamstæðum í kauptúnum á nesinu, og er það talin ódýrasta leiðin í bili, en ekki varanleg. Þriðji möguleikinn er að virkja Hraunsfjarðarvatn, en það er talið óhagstætt vegna þess kostnaðar, sem 2000 eða 3000 kw. rafvirkjun hefur í för með sér, og er því ekki, eftir upplýsingum frá raforkumálastjóra, gert ráð fyrir að ráðast í þá framkvæmd í náinni framtíð.

Þar sem í ráði er að tengja saman öll stærstu orkuver landsins til þess að nýta raforkuna betur, þá finnst okkur flm. þessarar tillögu vera hyggilegast, þegar á allt er litið, að leggja til, að hraðað verði samtengingu þeirra orkuvera, sem eru stytzt hvort frá öðru, eins og Fossárvirkjun og Andakílsárvirkjun, enda er þegar búið að tengja Andakílsárvirkjun Sogsvirkjuninni, svo að þarna yrði aðeins um framhald að ræða á því, sem gera skal og þegar er byrjað á.

Á þennan hátt er auðvelt að sjá því fólki fyrir rafveitu, sem búsett er á leiðinni frá Borgarnesi og vestur um Mýrar og á sunnanverðu Snæfellsnesi, auk þess sem íbúar Stykkishólms (sem nú hafa dísilrafstöð) og að nokkru þeir, sem byggja Helgafellsveit, mundu einnig fá varanlega raforku um leið. Það er talið, að Fossárvirkjunin ásamt þeim dísilvélum, sem nú eru notaðar, muni ekki geta veitt nægjanlega raforku fyrir nálægar sveitir nema í 3—4 ár, svo að það er tímabært að taka ákvörðun í þessum efnum, bæði fyrir þá, sem um framkvæmdina eiga að sjá, og ekki síður fyrir hina, sem orkunnar eiga að njóta, svo að þeir geti hafið nauðsynlegan undirbúning.

Í Búðardal er dísilrafstöð, sem hefur verið stækkuð fyrir skömmu, og er komin rafveita þaðan um nágrennið og fyrirhugað að halda áfram með rafveituna um sunnanverða Dali og ef til vill hluta af Skógarströnd.

Árið 1955 og áður var mjög um það talað að leiða rafveitu frá Þverá í Steingrímsfirði til Búðardals, eins og eftirfarandi lagagrein ber með sér, er var samþykkt árið 1956 og fjallaði um breytingu á lögum um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins:

„Við c-lið 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu við Þverá í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness, til þess að veita þaðan raf-

orku um nálæga hreppa og suður um Dalasýslu, enda sé tryggt, að eftir sem áður sé nægileg raforka fyrir orkusvæði Þverár í Strandasýslu."

Það heyrir til hinni svonefndu tíu ára áætlun að leggja rafmagn um mesta þéttbýlið í Dalasýlsu (Saurbæinn og suðurhluta sýslunnar). Þótt í bili að minnsta kosti hafi verið hætt við að fara með rafveituna frá Þverá nema í Saurbæ, þá er ekki útilokað, að í framtíðinni verði sú virkjun tengd aðalorkuveitu landsins, þegar suðurhluta Dalasýslu, sem nú hefur raforku frá dísilrafstöð, verður séð fyrir varanlegri raforku. Vera má, að Skógarströndin, sem er strjálbýl nú, falli þá undir raforkukerfið, þótt erfitt sé að spá um það, þar sem allt er breytilegt og ekki sízt á hinu tæknilega sviði. Með framkvæmd framangreindrar tillögu teljum við flutningsmenn, að trygging sé fengin fyrir því, að íbúar hlutaðeigandi landsvæðis fái varanlega lausn á raforkumálum sínum, jafnframt því sem fleiri munu njóta raforkunnar en ella væri.

Sþ. 156. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um jarðboranir að Lýsuhóli á Snæfellsnesi.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Sigurður Ágústsson, Ásgeir Bjarnason, Jón Árnason, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að fram fari á vegum jarðhitasjóðs borun eftir heitu vatni að Lýsuhóli í Staðarsveit á Snæfellsnesi.

Greinargerð.

Að Lýsuhóli í Staðarsveit á Snæfellsnesi er nokkur jarðhiti. Ekki er þó kunnugt um, hversu mikill hann er. Gerð hefur verið tilraun til jarðborana að Lýsuhóli, en þó með frumstæðum tækjum, svo að árangur reyndist lítill. Mikill áhugi er á því vestra, að úr því fáist skorið, hversu mikill jarðhiti er þar í jörðu. Þarf engan að undra þó að svo sé, þar sem lítið er um jarðhita á Snæfellsnesi, en hins vegar mikill áhugi á notkun hans þar sem annars staðar.

Nú er að hefjast bygging barnaskóla fyrir nokkra hreppa á Snæfellsnesi við Kolviðarneslaug í Eyjahreppi með tilliti til jarðhitunar þar, og ber að fagna þeirri framkvæmd. Hins vegar dregur það ekki úr nauðsyn þessa verks, því að verkefnin eru mörg. Gróðurhúsarækt er ekki síður nauðsyn þar vestra en annars staðar á landinu, ef framkvæmanleg væri, auk þess sem jarðhiti þessi yrði síðar notaður í þágu ýmissa annarra mála, ef hagstætt verður talið.

Ríkissjóður á jörðina Lýsuhól, og því er eðlilegt, að framkvæmd þessi fari fram á vegum jarðhitasjóðs og henni verði hraðað svo sem auðið er.

Nd. 157. Frumvarp til laga [101. mál]

um breyting á lögum nr. 43/1959, um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síðasta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki, hafnsögubátar, sjómannastofur og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá einu efnisbreytingu frá gildandi lögum, að við þau mannvirki, sem talin eru styrkhæf af hafna- og lendingarbótaframlagi ríkisins, bætast sjómannastofur.

Sú hefur verið þróun síðari ára, að hafnarmannvirkin sjálf — í þrengstu merkingu þess orðs — hafa ekki ein saman þótt veita þá aðstöðu til afgreiðslu og útgerðar skipa, sem nauðsyn krafði. Þess vegna hefur smám saman verið bætt á hafnalög sem styrkhæfum framkvæmdum ýmsu því, sem þarfirnar hafa kallað á og óhjákvæmilegt þótti að leggja í kostnað við, eftir því sem hlutverk hafnanna stækkaði og starfræksla þeirra færðist í nýtízkulegra horf.

Dráttarbrautir, bryggjukranar og hafnsögubátar voru ekki hafnargerðir eftir elztu hugmyndum. Engu að síður er allt þetta óhjákvæmilegt í hverri meiri háttar höfn nú, til þess að viðunanleg aðstaða fáist til greiðrar afgreiðslu báta og skipa og nauðsynlegs viðhalds skipanna og viðgerða.

Það hefur á hinn bóginn dregizt mjög úr hömlu, að gerðar væru af opinberri hálfu ráðstafanir til þess, að sjómennirnir á skipunum fengju sambærilega bót á sinni aðstöðu í höfnum, þar sem þeir dveljast fjarri heimilum sínum, eins og skipin sjálf og vinnan við þau hefur öðlazt.

Ef hafnaryfirvöldin á hverjum stað ættu það víst, að þau fengju þann kostnað uppi borinn að ⅖ hlutum úr ríkissjóði, sem lagður væri í það að koma upp góðum nútíma vistarverum fyrir aðkomna sjómenn, má líklegt telja, að því yrði betri gaumur gefinn en nú er að gera heimilislausum sjómönnum í fiskihöfnum landsins lífið ánægjulegra en nú er raunin á.

Úr ríkisfjárhirzlunni er stöðugt lagt fram aukið fé til löggæzlu í verstöðvunum. Þó er það flestra mál, að ekki fari löghlýðnin vaxandi með þeim ráðstöfunum.

Það er hins vegar flest, sem til þess bendir, að bætt aðbúð og aðstaða til uppbyggjandi tómstundaiðju og skemmtana — en upp á það yrðu nútíma sjómannastofur að bjóða — mundi binda endi á vöxt löggæzlukostnaðarins.

Það er því óséð, hvort lögtaka þessa frumvarps mundi hafa nokkurn kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð. En miklum mun væri það þjóðlífi okkar hollara og einstaklingunum ánægjulegra, að hinum mikla tilflutningi fólks, sem fiskveiðar okkar krefjast, væri mætt með uppbyggingu menningar- og skemmtistöðva fremur en fjölgun lögregluliðs og stækkun tugthúsa.

Nd. 158. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmenn, þeir Guðlaugur Gíslason og Hannibal Valdimarsson, voru fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 29. nóv. 1961.

Gísli Jónsson, form.	Hjörtur Hjálmarsson, fundaskr., frsm.	Jón Skaftason.

Sþ. 159. Tillaga til þingsályktunar [102. mál]

um afurðalán vegna garðávaxta.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Karl Kristjánsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að veitt verði afurðalán út á garðávexti hliðstætt því, sem gert er vegna sauðfjárafurða, enda séu garðávextir komnir í örugga geymslu, þegar afurðalán er veitt.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur Seðlabankinn veitt lán fyrir fram út á sauðfjárafurðir, allt að tveimur þriðju hlutum af áætluðu söluverði afurðanna. Þessi lán bæta að miklum mun fjárhagsaðstöðu framleiðenda og þeirra fyrirtækja, sem annast sölu afurðanna, og eru nauðsynleg, þar sem rekstrarkostnaður, svo sem áburðarkaup, fellur á verzlunarfyrirtækin og færist í reikninga bænda aðallega á fyrri hluta árs, en sauðfjárafurðir koma ekki á markað fyrr en að hausti og greiðast ekki að fullu, fyrr en jafnóðum og sala fer fram til neytenda.

Framleiðsla landbúnaðarafurða þarf að vera sem fjölbreyttust. Garðávextir eru ein af þeim tegundum matvæla, sem þjóðina má ekki skorta. En um framleiðslu þeirra og sölu gildir hið sama og sauðfjárafurðir. Þrátt fyrir það hafa ekki verið veitt afurðalán út á garðávexti. Hér er lagt til að breyta þessu þannig, að eftirleiðis verði veitt lán út á garðávexti hliðstætt því, sem gert er vegna sauðfjárafurða, enda séu garðávextir komnir í örugga geymslu, þegar afurðalán er veitt.

Nd. 160. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

3. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir orðunum „Þar sem þjóðvegur liggur um kaupstað eða kauptún“ bætist í greinina orðin: og ætla má, að umferð farartækja um hann sé að meiri hluta til í þágu íbúa viðkomandi sveitarfélags.

b. Aftan við greinina bætist:

Þar sem þjóðvegur liggur um kaupstað eða kauptún og ætla má, að umferð farartækja um hann sé að meiri hluta til í þágu annarra aðila en íbúa viðkomandi sveitarfélags, skal um kostnað við umbætur og viðhald hans gilda sama ákvæði og aðra þjóðvegi. Þegar í ljós kemur, að meðalumferð um slíka vegi er yfir 400 farartæki á dag að sumarlagi, skal á þá gera slitlag úr varanlegu efni, svo fljótt sem fé er til þess veitt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi vegalögum er fortakslaust gert ráð fyrir því, að hvar sem þjóðvegur liggur í gegnum þorp eða kaupstað, þá skuli viðkomandi sveitarfélag bera kostnað

af viðhaldi og umbótum vegarins innan þeirra takmarka, sem kaupstaðarlóðin eða verzlunarlóð þorpsins markar, en þar sem annmarkar eru á að fara eftir þessari reglu, eigi ráðherra að úrskurða endamörk þess vegar, er vegagerð ríkisins sér um.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að þessi regla haldist, þar sem umferð farartækja er að meiri hluta til í þágu þorps- eða kaupstaðarbúa sjálfra, en þar sem umferðin er á hinn bóginn að meiri hluta í þágu annarra en íbúa staðarins, sem um er ekið, skuli kostnaður af veginum greiðast með sama hætti og annar þjóðvegakostnaður.

Þá er og í þessu frumvarpi það nýmæli, að þar sem þjóðvegur liggur um þorp eða kaupstað og umferð á honum er orðin yfir 400 farartæki á dag að meðaltali aðalumferðarmánuðina, þá skuli sá þjóðvegur gerður með slitlagi úr varanlegu efni, þegar fé er til þess veitt.

Það orkar varla tvímælis, að hæpin sanngirni er að skylda sveitarfélag til að kosta þjóðveg í umdæmi sínu, ef notkun hans er aðeins að minni hluta til í þágu íbúa staðarins.

Til eru þeir staðhættir, að umferð þjóðvega í þorpum er aðeins að litlu broti þorpinu sjálfu viðkomandi. Engu að síður leggja vegalög þorpsbúum slíkra staða á herðar fjárhagsbyrðarnar af viðhaldi og endurbótum vegarins.

Með hinni sívaxandi notkun vélknúinna ökutækja sýnir reynslan, að ógerningur er að viðhalda malarvegum sómasamlega, eftir að umferð á þeim er orðin mikil. Ryk og önnur óþrif frá vondum malarvegum verða óþolandi í þéttbýli, og verður ekki umflúið öllu lengur að steypa slitlag fjölförnustu þjóðveganna í þorpum landsins.

Þess er á hinn bóginn ekki að vænta, að einstök sveitarfélög með ótal verkefni á sínum snærum og þrönga tekjuöflunaraðstöðu geti sinnt því að leysa hin kostnaðarsömustu vandamál þjóðvegakerfisins, eins og varanleg vegagerð er, einnig þótt á takmörkuðum eða smærri svæðum sé. Þá verður ekki heldur talið eðlilegt af ríkisvaldsins hálfu að láta sig það engu skipta, þótt þjóðvegur valdi verulegum óþrifum og óþægindum á fjölbyggðum stöðum. En þessi vandamál verða ekki leyst á nálægum tímum, nema hin almenna vegagerð landsmanna verði með skipulegum hætti látin glíma við lausn þeirra verkefna, er hér bíða, og ríkið leggi fram fjármuni í því skyni.

Að þessu frumvarpi samþykktu yrði það fjárlagamál að ætla fé til varanlegra þjóðvega í þorpum og kaupstöðum. En með því að telja má, að ekki yrði á örfáum árum ætlað til þeirra þarfa allt það fé, er til þyrfti, þá er hér aðeins miðað við varanlega gerð vega með yfir 400 farartækja meðalumferð á dag á sumarmánuðum, og væri þá eðlilegt að miða við það 4 mánaða tímabil, sem bezt er til samgangna, t. d. júní—september.

Á meðan aðeins væri hægt að sinna hluta þeirrar skyldu, sem vegagerðinni sköpuðust með ákvæðum þessa frumvarps, yrði að teljast eðlilegt, að verkefnunum yrði sinnt þar fyrst, sem umferðin reyndist mest, og síðan áfram í þeirri röð, sem umferðarþunginn segði til um, unz fullnægt væri skyldum, en þá væri komið að nýrri athugun á meðalumferðarmarkinu.

Sþ. **161. Tillaga til þingsályktunar** [104. mál]

um sjónvarpsmál.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jón Skaftason, Ágúst Þorvaldsson, Eysteinn Jónsson, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að gera nú þegar fullnægjandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þá stækkun sjónvarpssviðs, sem fyrirhuguð hefur verið, frá Keflavíkurstöð varnarliðsins.
2. Að ganga ríkt eftir því, að af hálfu varnarliðsins sé fullnægt þeim skilyrðum, sem sett voru árið 1954 fyrir sjónvarpsleyfi þess.
3. Að láta ríkisútvarpið hraða ýtarlegri athugun á möguleikum þess, að íslenzka ríkið komi upp vönduðu sjónvarpi, er nái til allra landshluta og sé rekið sem þjóðlegt menningartæki.

Áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað slíks sjónvarps svo og álit sitt og tillögur um þetta mál leggi stjórn ríkisútvarpsins sem fyrst fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Utanríkisráðherra Íslands hefur nýlega veitt leyfi til þess, að kraftur sjónvarpsstöðvar varnarliðsins á Reykjanesskaga verði stórlega aukinn.

Talið er, að sjónvarpið frá hinni fyrirhuguðu stöð geti náð um byggðirnar við Faxaflóa og á Suðurlandi eða til meira en helmings allra landsmanna.

Hér hefur mikil yfirsjón átt sér stað af hálfu ríkisstjórnar Íslands, sem henni er skylt að bæta úr.

Ekki er óeðlilegt, að varnarliðsmenn telji æskilegt að hafa sjónvarp í húsum sínum, eins og þeir geta haft í heimalandi sínu. En til þess verður samt að ætlast, að þeir sem gestir okkar lands búi þannig um hnúta, að sjónvarpssviðið sé einungis þeirra dvalarbyggð. Sé sú takmörkun á nothæfu sjónvarpssviði ekki tæknilega framkvæmanleg, verða þeir að taka því.

Enginn getur láð þjóð, þó að hún vilji ekki láta aðra þjóð yfirskyggja sig með útvarpi og sjónvarpi og fela henni þar með uppeldi æsku sinnar á svo áhrifaríkan hátt.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu leggja til í fyrsta lið tillögunnar, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að koma strax í veg fyrir stækkun sjónvarpsins frá því, sem það má vera samkvæmt sjónvarpsleyfi til varnarliðsins, útgefnu 1954. Það leyfi var takmarkað þannig, að nothæfar sjónvarpssendingar næðu ekki til annarra en þeirra, sem dveldust á varnarliðssvæðinu (samningssvæðinu), og leyfið afturkallanlegt, ef út af bæri.

Ekki væri sæmilegt — og skal alls ekki heldur hér gert — að gera Bandaríkjastjórn getsakir um, að hún muni ekki gefa eftir hið fengna leyfi, ef þess er óskað af íslenzku ríkisstjórninni, sem ekki hafði veitt það í samráði við Alþingi.

Flutningsmenn telja ríka ástæðu til, að Alþingi leggi fyrir ríkisstjórnina að sjá um, að skilyrðunum, sem sett voru fyrir leyfinu 1954, verði fullnægt eftirleiðis, en á því hefur verið misbrestur. Um það er 2. liður tillögunnar.

Því verður ekki að óreyndu trúað, að Bandaríkin vilji misbjóða vinveittri smáþjóð með því að setja upp vegna sinna manna, er eiga um stundarsakir dvöl í landi hennar, sjónvarpsstöð, er trufli andlegt líf hennar og sérþjóðlega menningarviðleitni.

Sú framkoma gagnvart Íslendingum mundi stórlega spilla sambúð þeirra við þessa þjóð, sem þeir virða mikils og kjósa að hafa samtsöðu með.

Að áliti flutningsmanna er engin ástæða til að gera ráð fyrir öðru en að banda-

rísk stjórnvöld bregðist vel og drengilega við þeim erindum, sem 1. og 2. liður þessarar tillögu leggja íslenzku ríkisstjórninni á herðar að reka.

Í sambandi við þá sjálfsögðu ákvörðun að leyfa ekki erlendum aðila að setja upp á Íslandi sjónvarpsstöð, er nái til Íslendinga, hlýtur að koma fram spurningin um það, hvort Íslendingar sjálfir eigi að stofna og reka sjónvarpsstarfsemi.

Ýmsir telja sjónvarp alls ekki eftirsóknarvert, — aðrir álíta það aftur á móti mjög æskilegt.

En hvort sem fólki líkar betur eða verr hugmyndin um, að ríkið stofni og reki sjónvarp, má ekki draga á langinn að gera sér, svo sem unnt er, ýtarlega grein fyrir öllum hliðum þess máls.

Verði það t. d. staðreynd innan skamms — eins og spáð er — að þær þjóðir, sem ráð hafa á því, endurvarpi frá gervihnöttum tali sínu og myndum úr háloftunum um heim allan, þá verða varla skiptar skoðanir um það meðal Íslendinga, að koma þurfi upp á Íslandi sjónvarpi, er rekið sé sem þjóðlegt menningartæki og nái til allra byggða á landinu.

Flutningsmenn leggja til í 3. lið tillögu sinnar, að ríkisútvarpinu, sem hefur að undanförnu átt að hafa athugun sjónvarpsmálsins með höndum, verði falið að gera þá athugun ýtarlega og hraða henni. Ríkisútvarpið leggi síðan niðurstöður athugunar sinnar fyrir Alþingi.

Sþ. 162. Nefndarálit [52. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi um viðurkenningu Sambandslýðveldisins Þýzkalands á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og samninginn, sem birtur er sem fylgiskjal með henni. Náðist ekki samkomulag um afgreiðslu málsins. Minni hl. (HermJ, ÞÞ og FRV) vill láta fella tillöguna, en vér undirritaðir leggjum til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. des. 1961.

Gísli Jónsson, form., frsm. | Emil Jónsson, fundaskr. | Jóhann Hafstein. | Birgir Kjaran.

Sþ. 163. Nefndarálit [53. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og samninginn, sem birtur er með henni sem fylgiskjal, og leggur einróma til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. des. 1961.

Gísli Jónsson, form., frsm. | Emil Jónsson, fundaskr. | Jóhann Hafstein. | Birgir Kjaran.

Hermann Jónasson. | Finnbogi R. Valdimarsson. | Þórarinn Þórarinnsson.

Nd. 164. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög um sveitarstjórnarkosningar, nr. 81 23. júní 1936, og lög um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959. Mörg ákvæði gildandi laga um sveitarstjórnarkosningar hafa nú verið tekin upp í hin nýju sveitarstjórnarlög.

Nefndarmenn eru á eitt sáttir um að mæla með því, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. des. 1961.

Einar Ingimundarson, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. Helgi Bergs.
Gunnar Jóhannsson. Alfreð Gíslason.

Nd. 165. Breytingartillaga [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Birni Fr. Björnssyni, Guðlaugi Gíslasyni, Ágúst Þorvaldssyni og Karli Guðjónssyni.

Framan við 1. tölulið 1. gr. komi nýr töluliður:

Aftan við A. 13 komi:

Hraunsheiðarvegur: Af Austurvegi norðan Vindheima um Hraunsheiði á Hafnarskeiðsveg á Óseyrartanga.

Sþ. 166. Nefndarálit [52. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi um viðurkenningu Sambandslýðveldisins Þýzkalands á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur athugað samninginn, sem birtur er sem fylgiskjal með tillögunni. Samkomulag hefur ekki náðst í utanríkismálanefnd um afgreiðslu málsins. Meiri hl. (GíslJ, EmJ, JóhH, BK) vill samþykkja tillöguna, en við undirritaðir getum ekki á það fallizt.

Íslendingar færðu út fiskveiðilandhelgina með reglugerð 1. sept. 1958. Sama daginn hættu togarar allra erlendra þjóða fiskveiðum innan hinnar nýju landhelgislínu — nema togarar Breta.

Landhelgin var því í verki viðurkennd þegar af öllum þjóðum nema Bretum. Þjóðverjar voru meðal þeirra, sem viðurkenndu landhelgina í framkvæmd, og það ber sannarlega að þakka.

Það hefur oft verið sýnt og sannað með rökum, að Bretum var það ófært til lengdar einum þjóða að fiska undir herskipavernd í íslenzkri landhelgi, sem allar aðrar þjóðir höfðu óbeint viðurkennt. Sigur var því unninn í landhelgismálinu,

þegar núverandi ríkisstjórn þvert ofan í gefin loforð færði inn landhelgina um þriggja ára skeið og valdi í samráði við Breta veiðisvæði, sem hún afhenti þeim til afnota. Það er mál út af fyrir sig, að margir óttast, að veiðiréttindi Breta verði framlengd, ef núverandi ríkisstjórn verður við völd, þegar þriggja ára fresturinn er útrunninn. En það er þó atriði, sem þjóðin getur komið í veg fyrir í kosningum, ef hún vill.

Það, sem er hættulegast í samningnum við Breta, er það, að með honum afsala Íslendingar sér um aldur og ævi frekari útfærslu landhelginnar nema hafa samráð um þá útfærslu við Breta — og þeim hefur tekizt að binda okkur þeim böndum, að þeir geta, ef þeir óska, skotið hinni fyrirhuguðu útfærslu undir Haagdómstólinn. Hér er því um að ræða þýðingarmikið afsal á réttindum, sem jafngildir því, að kvöð sé lögð á réttindi okkar yfir landinu. Það hefur verið föst meginregla í allri okkar sjálfstæðisbaráttu að semja aldrei af okkur rétt, afsala honum aldrei sjálfir með samningi. Frá þessari meginreglu er vikið í samningnum við Breta, og markar það tímamót.

Við undirritaðir vorum af þeim ástæðum, er nú hafa verið greindar, andstæðir samningnum við Breta. Þrátt fyrir það, þótt Vestur-Þjóðverjar hafi komið drengilega fram í landhelgismáli okkar, erum við því mótfallnir, að sams konar samningur verði við þá gerður og samningurinn við Breta. Því fleiri þjóðum sem við afsölum sjálfsákvörðunarrétti okkar um útfærslu landhelginnar, því verra. Það er nóg komið.

Þess vegna teljum við, að fella beri þingsályktunartillöguna.

Alþingi, 5. des. 1961.

Þórarinn Þórarinsson, frsm. Hermann Jónasson. Finnbogi Rútur Valdimarsson.

Nd. 167. Frumvarp til laga [3. mál]

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1962 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Gjöld samkv. lögum nr. 68 1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal á árinu 1962 innheimta þannig:

a. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e-liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1961, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1962, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en

skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1962, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.

b. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar.

Álögin á innflutningsgjöldin af hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

4. gr.

Lög nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., breytast þannig á árinu 1962:

I. Innheimta skal:

A. Vörumagnstoll með þessum hækkunum:

a. Af benzíni öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað eins eyris.

b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

B. Verðtoll með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

Innheimta skal og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkv. tollskrá og hækkunum samkv. þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1962.

II. Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A-liðar og B-lið í I. tölulið þessarar gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2, kaffi óbrennt eða brennt og malað.
—	10	nr. 1—7, korn, ómalað.
—	11	nr. 1—12, mjöl og grjón.
—	17	nr. 1—6, sykur.
—	22	nr. 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	nr. 1—9, tóbak.
—	25	nr. 10, salt.
—	27	nr. 1—4, kol.
—	27	nr. 14, steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt I. tölulið þessarar greinar, svo og vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 90 20. nóv. 1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

III. Heimilt skal að fella niður aðflutningsgjöld af:

a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.

b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.

c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.

e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

5. gr.

Gilda skulu til ársloka 1962 ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum í a-lið bráðabirgðaákvæða við lög nr. 10 1960, um söluskatt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Nd. **168. Lög** [4. mál]

um breyting á lögum nr. 17/1948, um skráningu skipa, og lögum nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 4.

Sþ. **169. Tillaga til þingsályktunar** [105. mál]

um lánveitingar vegna landþurrkunar.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Ingvar Gíslason, Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að lána vélasjóði ríkisins allt að 3 milljónum króna vaxtalaust til að endurlána búnaðarfélögum, ræktunarsamböndum og ræktunarfélögum, sem hug hafa á því að hefja skipulagða framræslu á félagssvæðum sínum.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur bændastétt landsins unnið stórvirki í því að ræsa fram land til túnræktar og beitiræktar. Mýrlendin eru geysivíðáttumikil, en ekki að sama skapi drjúg til eftirtekju, á meðan þau eru óræst. Með þurrkun votlendisins má margfalda gildi þess til fóðurframleiðslu, þótt eigi komi annað til en þurrkunin ein.

Landþurrkun til ræktunar á undanförnum árum hefur skert stærð beitilandsins, og hin stöðuga fjölgun búpenings, sem í högum gengur, þrengir að með ári hverju, og þarf því að bæta gróðurfar þess landrýmis, sem fyrir hendi er.

Tvær leiðir er hægt að fara samtímis til þess að ná því marki, þ. e.: a) Aukning gróðursins á afréttum með áburði og ísáningu eða þessu hvoru tveggja, eftir því sem hagkvæmast er á hverjum stað. b) Þurrkun votlendisins í byggð til beitar fyrir búpeninginn að vetri, vori og framan af sumri og svo að hausti, þegar fé er ekki á afrétti. Þessi tvö atriði — að auka gróður í afréttum og þurrka heimalönd — eru það samtvinnuð, að ekki er hyggilegt að sinna öðru verkefninu, en láta hitt sitja á hakanum, ef nýta á landið með hagstæðan búrekstur fyrir augum.

Þurrkun lands hefur dregizt mjög saman hin síðari ár, og á þessu ári er hún talin vera um 65% af því, sem hún var árið 1958, og hefði fallið niður í um 45%, ef ekki hefði komið til sérstök aðstoð með rekstrarfjárlánum, sem vélasjóður ríkisins þrátt fyrir takmörkuð fjárráð gat veitt, svo að fyrirhugaðar framkvæmdir þurftu ekki að falla niður.

Allt útlit er fyrir, að um áframhaldandi samdrátt á framræslu verði að ræða, en koma þarf í veg fyrir, að svo verði. Ákjósanlegast er, að land nái að standa framræst minnst 5 ár, áður en það er brotið til ræktunar, svo að samdrátturinn getur, þegar fram í sækir, valdið allt að 5 ára stöðnun í ræktun, þar sem ekki er um annað land að ræða til ræktunar en mýrlendi.

Með lánum þeim, sem veitt yrðu samkvæmt þingsályktun þessari — ef samþykkt verður — má án efa örva framræsluna mikið. Skortur á peningum, sem bændur þurfa að hafa handbæra til þessara framkvæmda, þar til þeir fá framlög ríkisins eða ræktunarsjóðslán, hindrar, að þeir geti ráðizt í þessar nauðsynlegu framkvæmdir.

Á fjárlögum yfirstandandi árs munu sparast um 1.7 millj. kr. á liðnum: til framræslu, og á frumvarpi því til fjárlaga fyrir árið 1962, sem nú liggur fyrir

Alþingi, eru áætlaðar 12 millj. kr. til framræslu, en útgjöld ríkissjóðs á því ári vegna framkvæmda ársins 1961 munu vart fara yfir 9 millj. kr., eða verða 3 millj. kr. lægri upphæð en frumvarpið gerir ráð fyrir, og er það vegna samdráttar í framkvæmdum. Því fé, sem þannig mun sparast ríkissjóði, teljum við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu bezt varið á þann hátt að lána það til stutts tíma til landþurrkunarframkvæmda, svo að ekki verði alger stöðvun á því sviði.

Sþ. 170. Þingsályktun [53. mál]

um staðfestingu á samkomulagi um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland.

(Afgreidd frá Sþ. 6. des.)

Samhljóða þskj. 69.

Ed. 171. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við 5. gr. bætist:
Af hjóladráttarvélum og hlutum til þeirra, nr. 12 a og 12 b í 72. tollskrárkafla, greiðist enginn söluskattur.

Ed. 172. Lög [3. mál]

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga

(Afgreidd frá Ed. 7. des.)

Samhljóða þskj. 167.

Ed. 173. Frumvarp til laga [106. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni hjá Alþjóðabankanum í Washington allt að 2 milljónum Bandaríkjadollara og endurlána þá fjárhæð Hitaveitu Reykjavíkur gegn ábyrgð Bæjarsjóðs Reykjavíkur og að öðru leyti með þeim skilmálum, sem ríkisstjórnin setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að leggja hitaveitu í öll skipulögð byggðahverfi bæjarins vestan Elliðaáa, á árunum 1962—1965.

Samningar hafa staðið yfir undanfarið við Alþjóðabankann í Washington um lán til greiðslu á erlendum kostnaði við þessar framkvæmdir. Er ráðgert að hafa þann hátt á að ríkissjóður taki þetta væntanlega lán og endurláni það Hitaveitu Reykjavíkur gegn ábyrgð bæjarsjóðs.

Er með frv. þessu leitað heimildar Alþingis til umræddrar lántöku.

Nd. 174. Frumvarp til laga [107. mál]

um verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

I. KAFLI
Um skipun og verkefni verðlagsráðs.

1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara. Sjávarútvegsmálaráðherra skipar í verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinna aðila þannig:

A. Af hálfu fisksöluaðila:
4 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna.
1 fulltrúi tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands.
1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:
3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
2 fulltrúar tilnefndir af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.
1 fulltrúi tilnefndur af fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S.
1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.
3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
1 fulltrúi tilnefndur af stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.
1 fulltrúi tilnefndur af samtökum síldarverksmiðja á Austur- og Norðurlandi.
2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á SV-landi.
2 fulltrúar tilnefndir af verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

Fulltrúar í verðlagsráði skulu skipaðir til 2 ára í senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt, og taka sæti í verðlagsráði í forföllum skipaðra fulltrúa. Verðlagsráð kýs sér formann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fisksöluaðila og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk, er annist dagleg störf, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Við ákvörðun um verð á sjávarafla skal verðlagsráð skipað 14 fulltrúum, jafnmörgum frá hvorum aðila skv. 1. gr.

3. gr.
Fiskideild.

Þegar ákveða skal verð á fiski, rækjum, humar og öðrum sjávarafla öðrum en síld, skal verðlagsráð skipað 7 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 7 aðilum fiskkaupenda þannig: 3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 2 frá Sölusambandi

ísl. fiskframleiðenda, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S., 1 frá Samlagi skreiðarframleiðenda.

4. gr.
Síldardeild.

Þegar ákveða skal verð á síld, sem veidd er við Norður- og Austurland, skal verðlagsráð skipað 7 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 7 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 1 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S., 3 frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, 1 frá stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og 1 frá samtökum síldarverksmiðja á Austur- og Norðurlandi.

Þegar ákveða skal verð á síld, sem veidd er við Suður- og Suðvesturland, skal verðlagsráð skipað 7 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 7 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S., 2 frá Félagi síldarsaltenda á SV-landi og 2 frá eigendum síldarverksmiðja á SV-landi.

Um skiptingu milli svæða skal ákveða með reglugerð.

5. gr.

Aðalverkefni verðlagsráðs eru:

1. að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla, sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til útflutnings óunninn;
2. að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum á hverjum tíma;
3. að safna gögnum um framleiðslukostnað hinna ýmsu framleiðslugreina sjávarútvegsins, svo og að safna öðrum þeim gögnum, sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávarafla.

6. gr.

Skylt skal öllum opinberum aðilum svo sem Fiskifélagi Íslands og Hagstofu Íslands ásamt útflutningssamtökum fiskframleiðenda, svo og öðrum þeim aðilum, sem hafa með höndum sölu og/eða vinnslu sjávarafurða, að láta verðlagsráði í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þessir aðilar geta veitt. Samtökum útvegsmanna skal á sama hátt skylt að láta verðlagsráði í té allar upplýsingar um rekstursкostnað fiskiskipa.

II. KAFLI
Um verðákvarðanir verðlagsráðs.

7. gr.

Ákvarðanir verðlagsráðs um lágmarksverð á sjávarafla skulu byggðar á markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Skal verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil. Nánari skýrgreiningu á veiðitímabilinu skal ráðherra ákveða með reglugerð.

8. gr.

Verðlagsráð skal í störfum sínum vinna að verðákvörðunum það tímanlega, að verðlagning sjávarafla liggi fyrir, áður en nýtt verðlagstímabil hefst. Um hvenær verðákvörðun skuli liggja fyrir í síðasta lagi, skal ákveða með reglugerð.

9. gr.

Nú næst ekki samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá vísa ágreiningsatriðum til

sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fisksöluaðilum í verðlagsráði, og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L. Í. Ú., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af fiskkaupendum í verðlagsráði, og skal a. m. k. annar tilnefndur af þeim aðila, sem ágreiningur er við, og einum oddamanni, sem verðlagsráð kemur sér saman um.

Nú kemur verðlagsráð sér ekki saman um skipun oddamanns í yfirnefndina innan 2 sólarhringa, frá því að ákvörðun var tekin um vísun ágreinings til yfirnefndar, og skal þá oddamaður tilnefndur af Hæstarétti.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum.

10. gr.

Ákvarðanir verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð, og má enginn selja sjávarafla undir því verði, sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra ákveður verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra, og greiðist hún úr fiskimálasjóði, ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess.

12. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum verðlagsráðs.

13. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmd þeim, skal farið sem opinber mál, og varða brot sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú tregðast aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa verðlagsráði skýrslu eða upplýsingar, að láta þær í té, og má þá beita dagsektum frá kr. 500.00—5000.00, þar til hann uppfyllir skyldur sínar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi 11. gr. l. nr. 1 frá 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins, svo og önnur þau lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsráð skal ákveða verð á sjávarafla, sem gildi fyrir fyrsta verðlagstímabil á árinu 1962, og skal hafa lokið því eigi síðar en 15. janúar 1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram er nánast óbreytt frumvarp viðræðunefndar fiskseljenda og fiskkaupenda, sem starfað hefur undanfarnar vikur, svo sem sést af eftirfarandi greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu frá nefndinni. Sem fskj. með athugasemdum er prentað bréf nefndarinnar til ráðuneytisins dags. 29. nóvember s. l., svo og sérálit Tryggva Helgasonar:

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að koma verðákvörðunum á ferskum sjávarafla í fastari skorður en verið hefur um mörg undanfarin ár, svo að komizt verði hjá ágreiningi, sem leitt getur til hins alvarlegasta ástands í útgerðarmálum þjóðarinnar.

Um verðákvörðun (lágmarksverð) á fersksíld til vinnslu hefur á undanförnum tveimur áratugum gilt sú regla, að atvinnumálaráðherra, eftir tillögum stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, hefur ákveðið verð á bræðslusíld við Norður- og Austurland skv. heimild í 11. gr. l. nr. I frá 5. janúar 1938. Á sama hátt var það viðtekin venja allt til ársins 1958, að Síldarútvegsnefnd ákvað verðið á fersksíld til söltunar og frystingar.

Um aðrar fiskafurðir hefur gilt sú regla, allt frá því í desember 1956, er útflutningssjóður var stofnaður, að lágmarksverð á þorski og öðrum fisktegundum en síld var ákveðið með lögum, fyrst með lögum nr. 86/1956 og síðar með lögum nr. 33/1958, þar sem ríkisstjórninni var heimilað að setja það skilyrði fyrir greiðslu útflutningsbóta, að fiskvinnslustöðvar greiddu útgerðinni ákveðið lágmarksverð fyrir fisk og fiskafurðir.

Á sama hátt var ríkisstjórninni heimilað að ákveða skiptaverð til sjómanna á bátum og togurum með lögum nr. 33/1958, og síðan var það ákveðið með lögum nr. 1/1959 og l. nr. 4/1960.

Af framangreindu má vera ljóst, að ákvörðun um verð á ferskum sjávarafla hefur verið í mjög lausum skorðum um mörg undanfarin ár.

Með lögunum um efnahagsmál, nr. 4/1960, var við það miðað, að frjálsir samningar yrðu upp teknir í sambandi við fiskverð milli fisksöluaðila og fiskkaupenda. Samningar um fiskverð á árinu 1960 milli útgerðarmanna og fiskkaupenda tókust þó ekki fyrr en að lokinni vetrarvertíð, og má öllum vera ljóst, hversu alvarlegt ástand getur skapazt í þessum málum þegar svo fer.

Um áramótin 1960/1961 voru kjarasamningar útvegsmanna við sjómannasamtökin í landinu endurskoðaðir í samræmi við hin breyttu viðhorf og miðað við, að sjómenn tækju hlut sinn úr því verði, sem útgerðarmenn fengju fyrir fiskinn, en ekki samið um sérstakt skiptaverð til sjómanna, eins og gert hafði verið áður.

Í þessum samningum kom fram mjög eindregin krafa frá sjómannasamtökunum, um að samtök þeirra yrðu viðurkenndir aðilar með útgerðarmönnum að samningum um fiskverð við fiskkaupendur, og urðu samninganefndirnar ásáttar um, að aðild sjómanna yrðu bezt tryggð með því, að komið yrði á fót stofnun, sem hefði með höndum ákvörðun um verð á sjávarafla, og skyldu sölusamtök fiskframleiðenda, sjómannasamtökin og Landssamband ísl. útvegsmanna eiga hlutdeild að slíkri stofnun.

Á þessu ári hafa farið fram nokkrar viðræður milli sjómannasamtakanna innan A. S. Í. og Sjómannasambands Íslands annars vegar og Landssambands ísl. útvegsmanna hins vegar um hugsanlegt fyrirkomulag á aðild sjómanna að verðsamningum, og voru fulltrúar þessara aðila ásáttir um, að þessi mál yrðu eigi til lykta leidd á farsælli hátt en þann, að komið yrði á fót slíkri verðlagsstofnun.

Málið var síðan borið undir félög fiskframleiðenda, og lýstu þeir sig samþykka slíku fyrirkomulagi, og hafa raunar gert ályktanir um þau efni.

Með hliðsjón af þeim almenna vilja, sem þannig hafði fram komið hjá þessum aðilum, skipaði sjávarútvegsmálaráðherra þann 9. nóvember s. l. eftirtalda aðila í nefnd, sem gerði tillögur um frambúðarfyrirkomulag um ákvörðun verðs á sjávarafla og er frv. þetta árangur þeirra viðræðna:

Tryggvi Helgason frá Alþýðusambandi Íslands.
Jón Sigurðsson frá Sjómannasambandi Íslands.
Guðmundur Oddsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.
Kristján Hallsson frá Sambandi ísl. samvinnufélaga.
Ingvar Vilhjálmsson frá Samlagi skreiðarframleiðenda.
Einar Sigurðsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
Helgi Þórarinsson frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.
Sverrir Júlíusson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Vegna forfalla tók Valgarð J. Ólafsson sæti í nefndinni í stað Kristjáns Hallssonar.

Lögð er áherzla á, að frumvarp þetta fái hraða afgreiðslu á Alþingi, svo að hin væntanlega stofnun geti tekið til starfa hið allra fyrsta og komizt að niðurstöðum um fiskverð, áður en verðlagstímabil það, sem nú gildir til 31. desember n. k. rennur út.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein fjallar um skipun í verðlagsráð, hverjir skuli tilnefna fulltrúa í ráðið. Samkvæmt greininni eru skipaðir 7 fulltrúar fisksöluaðila og 16 fulltrúar fiskkaupenda sem taka sæti í verðlagsráði samkvæmt nánari ákvæðum í 3. og 4. gr. Varamenn fastafulltrúa í verðlagsráði skulu tilnefndir á sama hátt. Gert er ráð fyrir, að verðlagsráð komi til með að þurfa á starfsfólki að halda til daglegra starfa og er heimild til ráðningar á því tekin upp í frv.

Um 2. gr.

Hér nánar ákveðið um skipan ráðsins við verðákvarðanir.

Um 3. gr.

Hér er kveðið nánar á um skipun ráðsins við verðákvarðanir á öðrum ferskum sjávarafla en síld. Ekki er þó gert ráð fyrir að ráðið fjalli að svo komnu máli um verð á hvalfangi. Að öðru leyti falla undir fiskideildina allar verðákvarðanir aðrar en á fersksíld, eins og verðlagsráði kann að þykja ástæða til á hverjum tíma.

Um 4. gr.

Hér ræðir um skipun ráðsins við verðákvarðanir á síld. Fyrri málsliður greinarinnar um skipun ráðsins við verðlagningu Norður- og Austurlandssíldar og síðari um skipun ráðsins við verðlagningu SV-landssíldar.

Um 5. gr.

Hér ræðir um verkefni ráðsins þ. e. verðákvarðanir (lágmarksverð) á öllum tegundum fersks sjávarafla og önnur störf, sem leggja grundvöll að verðákvörðunum ráðsins.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gefin leiðbeining um það á hverju ákvarðanir ráðsins skuli byggðar, þ. e. á markaðsverði sjávarafurða, sem framleiddar eru í landinu og seldar á erlendum mörkuðum. Enn fremur fjallar greinin um, til hve langs tíma ákvarðanir ráðsins skuli gilda. Til þess að verðákvörðun verðlagsráðs hljóti gildi þarf fullt samkomulag að nást, sjá þó 9. gr.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði hvernig með skuli farið, ef ekki næst fullt samkomulag um verðákvarðanir innan verðlagsráðs. Getur þá hvor aðilinn um sig vísað málinu til yfirnefndar, sem skipuð skal 5 mönnum, 4 kjörnum úr hópi viðkomandi verðlagsráðsmanna og einum oddamanni, sem verðlagsráð (14 manna nefndin) komi sér saman um, og kveður yfirnefndin þannig skipuð upp fullnaðar úrskurð um verð og ræður einfaldur meirihluti.

Við skipun í yfirnefndina skal þess gætt, að fulltrúar fisksöluaðila séu hvor úr sínum hópi þ. e. 1 fulltrúi sjómanna og 1 fulltrúi útgerðarmanna. Enn fremur skal þess gætt, að a. m. k. annar fulltrúi fiskkaupenda af tveimur sé úr hópi þeirra, sem ágreiningur er við, t. d. við ákvörðun á bræðslusíldarverði fyrir Norðurlandi, sé annar fulltrúi fiskkaupenda úr hópi verksmiðjueigenda.

Um 10. gr.

Hér er að finna ákvæði um, að verðákvarðanir verðlagsráðs séu bindandi lágmarksverð, sem engum er heimilt að brjóta.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði til bráðabirgða.

Með hliðsjón af þeim skamma tíma, sem til stefnu er og fyrirsjáanlegt, að verðlagsráð getur ekki gefið út verðákvarðanir fyrir vertíð 1962 fyrir þessi áramót, þykir nauðsynlegt, að setja því skamman tíma en þó nauðsynlegan til verðákvarðana fyrir árið 1962.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 29. nóvember 1961.

Með bréfi sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags 9. nóv. 1961 skipaði sjávarútvegsmálaráðherra eftirtalda fulltrúa í nefnd frá þessum aðilum:

Tryggva Helgason frá Alþýðusambandi Íslands.
Jón Sigurðsson frá Sjómannasambandi Íslands.
Guðmund Oddsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.
Kristján Hallsson frá Sambandi ísl. samvinnufélaga.
Ingvar Vilhjálmsson frá Samlagi skreiðarframleiðenda.
Einar Sigurðsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
Helga Þórarinsson frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.
Sverri Júlíusson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Vegna forfalla tók Valgarð J. Ólafsson sæti í nefndinni í stað Kristjáns Hallssonar.

Nefndin kom saman til fyrsta fundar í skrifstofu sjávarútvegsmálaráðherra í Arnarhvoli, mánudaginn 13. nóvember.

Á öðrum fundi kaus nefndin sér formann, Sverri Júlíusson og ritara Helga Þórarinsson.

Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar var hlutverk hennar:

1. að ræða og gera tillögur um frambúðarfyrirkomulag á ákvörðun fiskverðs og síldarverðs.
2. að gera tillögur um hvernig með skuli fara, ef ekki næst samkomulag með aðilum, sem hlut eiga að ákvörðun slíks verðs.
3. að gera tillögur um greiðslu kostnaðar, sem af slíkri verðákvörðun leiddi.

Til þess að vinna að þessum málum hefur nefndin haldið með sér alls 10 fundi, þar sem ákvarðanir hafa verið teknar um frambúðarfyrirkomulag þessara mála.

Nokkur ágreiningur varð í nefndinni um fyrirkomulag þessara mála og skal hér rakið í hverju ágreiningurinn er fólginn.

1. **Varðandi skipun ráðsins.**

Meiri hluti nefndarinnar, þeir Sverrir Júlíusson, Helgi Þórarinsson, Valgarð J. Ólafsson, Ingvar Vilhjálmsson og Einar Sigurðsson eru fylgjandi þeim tillögum, sem fram komu í hjálögðu frumvarpi að lögum um verðlagsráð, að fulltrúar fisksöluaðila séu 7, af hverjum útgerðarmenn ættu 4 fulltrúa en sjómenn 3.

Minni hluti nefndarinnar, Tryggvi Helgason, var hins vegar hlynntur því, að fulltrúar fisksöluaðilanna væru 8 og væru jafnmargir fulltrúar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og frá sameinuðum samtökum sjómanna þó þannig, að Alþýðusamband Íslands skipaði 2 fulltrúa og Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sinn fulltrúann hvort. Var sú tillaga felld með 5 atkv. gegn atkvæði Tryggva.

Minnihluti nefndarinnar, Guðmundur Oddsson, lagði til að fulltrúar fisksöluaðila yrðu 6, en sú tillaga var felld með 3:2.

Tillaga meirihlutans var loks samþykkt með 5:3.

2. **Varðandi yfirnefnd og endanlegan úrskurð um fiskverð.**

Meirihluti nefndarinnar, þeir Sverrir Júlíusson, Helgi Þórarinsson, Ingvar Vilhjálmsson, Einar Sigurðsson, Valgarð J. Ólafsson og Guðmundur Oddsson, eru fylgjandi þeim tillögum um skipun og vald yfirnefndar eins og það kemur fram í 9. gr. frumvarpsins.

Minnihluti nefndarinnar, Tryggvi Helgason, lagði hins vegar til, að 9. gr. frumvarpsins yrði svo hljóðandi:

„Nú næst ekki samkomulag í verðlagssráðinu um verð í einstökum atriðum eða um verð á sjávarafla í heild 10 dögum áður en nýtt verðákvörðunartímabil skal hefjast, ber þá ríkissáttasemjara að taka upp störf með verðlagsráðinu og vinna að því að samkomulag geti tekizt um verðákvörðun.

Hafi ekki náðst samkomulag um aflaverðið, þegar veiðitímabil hefjast, getur sáttasemjari borið fram miðlunartillögu um aflaverðið, er lögð verði fyrir félög kaupenda og seljenda, sem hlut eiga að máli. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu, ber honum að ráðgast um það við verðlagsráðið m. a. hvenær og hvernig atkvæðagreiðsla um miðlunartillöguna skuli fara fram. Skal við framkvæmd atkvæðagreiðslu um miðlunartillöguna farið eftir því sem við á að lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 11. júní 1938".

Var tillagan borin upp og hún felld með 6 atkv. gegn 1. Jón Sigurðsson sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

Að öðru leyti en að framan er rakið var samkomulag í nefndinni um önnur atriði.

Nefndin leitaði aðstoðar Hafsteins Baldvinssonar, hdl., við að taka saman samþykktir nefndarinnar og koma þeim fyrir í frumvarpsformi, svo og að taka saman greinargerð með því og sendist yður hjálagt, hæstvirtur ráðherra,

drög að frumvarpi að lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, sem samkomulag er um meðal nefndarmanna að öðru leyti en því, sem að framan er rakið.

Nefndarmönnum fannst rétt að fá tillögur ráðuneytisins um upphæðir sekta í frv. og skilar því ekki áliti um það atriði.

Einn nefndarmanna hefur sérstöðu um greiðslu kostnaðar við starfsemi ráðsins, sem hann mun frekar ræða við hið háa ráðuneyti.

Virðingarfyllst,

Sverrir Júlíusson, H. Þórarinsson, Ingvar Vilhjálmsson, Guðmundur H. Oddsson, Valgarð J. Ólafsson, F. h. Einars Sigurðssonar, Björn Halldórsson, Jón Sigurðsson, Tryggvi Helgason, með fyrirvara varðandi greinargerð og með skírskotun til sérstakrar greinargerðar.

Til sjávarútvegsmálaráðuneytisins,
Arnarhvoli, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Sérálit og tillögur Tryggva Helgasonar varðandi frumvarp um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Með því að ég undirritaður hafði uppi tillögur aðrar en þær, sem fram komu í drögum að frumvarpi til laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins um tvö mikilvæg atriði, leyfi ég mér að senda þær tillögur og gera nokkra grein fyrir þeim, í trausti þess að efni þeirra verði tekið til nánari athugunar áður en frumvarp til laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins kann að verða lagt fyrir Alþingi.

Fyrri tillagan er um að verðlagsráðið verði skipað eftir tilnefningu eftirtalinna aðila þannig:

A. Af hálfu fisksöluaðila:
   4 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna.
   2 fulltrúar tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands.
   1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
   1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:
   I. Þegar ákveða skal verð á fiski öðrum en síld:
      3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
      2 fulltrúar tilnefndir af Sambandi ísl. samvinnufélaga.
      2 fulltrúar tilnefndir af Sambandi ísl. fiskframleiðenda.
      1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.
   II. Þegar ákveða skal verð á síld veiddri við Norður- og Austurland:
      3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
      3 fulltrúar tilnefndir af Síldarverksmiðjueigendum á Norður- og Austurlandi.
      1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. samvinnufélaga.
      1 fulltrúi tilnefndur af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
   III. Þegar ákveða skal verð á síld veiddri við Suður- og Vesturland:
      3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
      1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. samvinnufélaga.
      2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi.
      2 fulltrúar tilnefndir af Síldarverksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

Framangreind tillaga mín var felld í nefndinni með 5 atkv. gegn 1, en tillaga Sverris Júlíussonar um þá skipun sem í drögum að frumvarpinu stendur, var samþykkt með 5 atkv. gegn 3 (fulltrúum sjómannafélaganna). Tillögu mína byggði ég m. a. á óskum miðstjórnar Alþýðusambands Íslands og vil ég nú skýra helztu ástæður fyrir henni.

Þegar fyrirhugað er nú að hverfa frá fyrri skipan um verðlagningu fiskaflans til sölu innanlands til vinnslu eða útflutnings, sem verið hefur eitt af umdeildustu ákvörðunum í viðskiptum okkar, og setja á laggirnar eina stofnun, sem hafa skuli á hendi að ákveða verðið, er við slíka skipan margs að gæta og mörg sjónarmið, sem þurfa að koma til álita. Mun því varla veita af að reynt verði í byrjun að slík stofnun fái í veganesti nokkurn trúnað sem flestra þeirra, sem hagsmuni sína eiga undir því hvernig tekst um störf hennar og ákvarðanir. Ber þá ekki sízt að hafa í huga hina 6 til 7 þúsund sjómenn, er að fiskveiðunum starfa, og sem eiga starfs síns vegna erfiðara en allir aðrir aðilar, sem hlut eiga að máli, að fylgjast með verðlagi erlendis, vinnslukostnaði í landi og öðru, sem ákvarðandi þýðingu hefur í sambandi við verðlagningu aflans.

Við þrír, sem tilnefndir vorum af samtökum þeim, sem fara með kjaramál sjómanna, vorum sammála um að rétt væri að sjómenn hefðu jafn marga fulltrúa og útgerðarmenn í væntanlegri nefnd.

Má telja að mjög fari nærri að sjómenn fái um helming alls fiskaflans í sinn hlut, þegar um er að ræða allar fiskveiðar landsmanna í heild.

Á síldveiðum hafa sjómenn rúmlega helming aflans, og á hinum mikla fjölda smábáta, sem t. d. á síðastliðnu ári öfluðu rúmlega 60 þúsund tonn eða nær 18% ársaflans (síld frátalin) fá sjómenn allmikinn meirihluta aflans í hlut sinn. Auk þess er fjöldi bátaeigenda hinna minnstu báta í félögum sjómanna og verkamanna og eiga þar hagsmuna sinna að gæta, sem sjómenn. Af hinum stærri bátum eiga útgerðarmenn hins vegar nú verulegan meirihluta aflans. Þegar þess er jafnframt gætt hvernig samtök útgerðarmanna (L. Í. Ú.) eru saman sett, ætti að vera ljóst að rétt sé og nauðsynlegt, að samtök sjómanna eigi þarna a. m. k. ekki minni en jafnan hlut við samtök útgerðarmanna.

Til frekari skýringar á þeirri tillögu minni, að Alþýðusamband Íslands eigi kost á að tilnefna tvo fulltrúa í væntanlega verðlagsnefnd, er það fyrst að segja, að á undanförnum árum í samningum við L. Í. Ú. um fiskverð o. fl. hafa félögin sem eiga beina aðild að Alþýðusambandinu haft 7 fulltrúa og félög sjómannasambandsins 3 fulltrúa, og um þá skiptingu verið fullt samkomulag. Hafa félögin á Suðurlandi á eftirtöldum stöðum beina aðild að A. S. Í.: Vestmannaeyjum, Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Sandgerði, Garði og Vogum. Frá þessum stöðum eru að jafnaði gerðir út um 160—170 þilfarsbátar á vetrarvertíðum, eða rúmlega helmingur vertíðarbáta á Suðurlandi. Þá hefur sambandið haft fulltrúa fyrir öll félögin á Austfjörðum, Norðurlandi, Vestfjörðum og við Breiðafjörð. Þegar þetta er athugað, og að viðhorf til verðlagningar aflans er all breytilegt. Á Suðurlandi er hlutfallslega mest byggt á veiðum hins stóra fisks, sem gengur á hrygningarstöðvar við Suður- og Suðvesturland. En víðast annars staðar við landið eru veiðarnar stundaðar af fjölda bátanna á öllum árstímum, og berst þar sjaldan mikill afli á land á skömmum tíma. Fiskurinn meira blandaður, bæði að tegundum og stærð. Á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum berst t. d. tiltölulega mikill hluti afla hinna minni báta á land yfir vor-, sumar- og haustmánuðina. Margvísleg viðhorf og flestum lítt skiljanleg, hafa verið með í verki við ákvarðanir um fiskverðið að undanförnu bæði hvað snertir að verðleggja fiskinn breytilega eftir veiðarfærum, sem hann er veiddur með og eftir árstímum, auk verðmismunar á stórum fiski eða smáum o. fl. Þar sem Alþýðusambandið þarf að sinna sem bezt hagsmunum sinna mörgu meðlima, sem fiskveiðar stunda í öllum landsfjórðungum, verður að telja það óviðunandi, að sambandið hafi færri fulltrúa en tvo við samninga og jafnvel ákvarðanir um verðlagningu sjávaraflans.

Tel ég að aðild allra þeirra aðila, sem hlut eiga hér að máli sé eðlilega tryggð, nema Alþýðusambands Íslands, sem þarf að gæta hagsmuna meirihluta sjómannastéttarinnar.

Önnur tillagan, er ég ber fram, er svo hljóðandi:

Tillaga um 9. gr. (að hún orðist svo efnislega):

„Nú næst ekki samkomulag í Verðlagsráðinu um verð á einstökum atriðum, eða um verð á sjávarafla í heild 10 dögum áður en nýtt verðákvörðunartímabil skal hefjast, ber þá ríkissáttasemjara að taka upp störf með Verðlagsráðinu og vinna að því, að samkomulag geti tekizt um verðákvörðun.

Hafi ekki náðst samkomulag um aflaverðið, þegar veiðitímabil skal hefjast getur sáttasemjari borið fram miðlunartillögu um aflaverðið, er lögð verði fyrir félög kaupenda og seljenda, sem hlut eiga að máli. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu, ber honum að ráðgast um það við Verðlagsráðið m. a. hvenær og hvernig atkvæðagreiðsla um miðlunartillöguna skuli fara fram. Skal við framkvæmd atkvæðagreiðslu um miðlunartillöguna farið eftir því, sem við á að lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 11. júní 1938.“

Í þeim viðræðum, sem farið hafa fram milli fulltrúa sjómannasamtakanna innan A. S. Í. og fulltrúa L. Í. Ú. um sameiginlega nefnd þessara félagssamtaka til að fjalla um eða semja við fiskkaupendur um fiskverð, og skírskotað er til í

greinargerð með frumvarpinu, hefur aldrei mér vitanlega verið minnzt á gerðardóm, slíkan sem 9. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Samkvæmt framanritaðri tillögu minni er gert ráð fyrir því, að ef ekki tekst samkomulag um verðákvörðun í Verðlagsráðinu verði þess freistað að ákveða verðið með milligöngu ríkissáttasemjara og lýðræðislegri atkvæðagreiðslu meðal allra þeirra aðila, sem hlut eiga að máli hverju sinni.

Þegar kjarasamningar sjómanna eru bundnir, en nýtt aflaverð er ákveðið, verður sú verðákvörðun í ríkum mæli ráðandi um tekjur sjómanna á viðkomandi veiðitímabili. Hlýtur því kjaramál sjómannastéttarinnar í gerðardómi eins og 9. gr. frumvarpsins kveður á um, að kalla á tíðari og almennari uppsagnir á kjarasamningum sjómanna en annars. Sjómannasamtökin höfðu hug á að eiga réttmætan hlut að samningum við hlið þeirra útgerðarmanna, sem selja afla báta sinna. Tel ég það óráðlegt svar við þessum óskum, að því máli geti verið til lykta ráðið með gerðardómi, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og lýsi mig af framangreindum ástæðum andvígan frumvarpinu.

Reykjavík, 30. nóv. 1961.

Tryggvi Helgason.

Ed. 175. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna „Engin lánveiting má nema yfir 150 000 kr.“ í 5. gr. laganna komi: Engin lánveiting má nema yfir 300 000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um fiskimálasjóð voru sett árið 1947 og hafa staðið óbreytt síðan að öllu nema því, er tekur til tekna sjóðsins. Frá upphafi hefur hámark lána úr sjóðnum verið bundið við 150000 kr. á hverja einstaka framkvæmd og þó ekki yfir 25% af stofnkostnaði hennar þrátt fyrir þær gífurlegu verðbreytingar, sem síðan hafa orðið. Er því auðsætt, að raunverulegt hámark lánanna hefur stöðugt farið lækkandi ár frá ári, og er nú svo komið, að ekki er lengur við unandi, ef vænta á líkrar gagnsemi af þeim þætti í starfsemi sjóðsins, sem lánveitingarnar eru, og til var ætlazt, er lögin voru sett fyrir 14 árum.

Mestur hluti lánveitinga fiskimálasjóðs hefur verið til bygginga og vélakaupa fiskverkunar- og fiskiðnaðarfyrirtækja, og þótt hér hafi verið um að ræða lág viðbótarlán, er ekki vafamál, að þau hafa orðið að miklu liði á þessu sviði, einkum fyrir hin smærri fyrirtæki í þessum greinum útvegsins. En þegar þess er gætt, að byggingarkostnaður hefur á umræddu tímabili, frá stofnun sjóðsins og þar til nú, margfaldazt og verðlag véla og tækja vafalaust hækkað enn meira, en hámark lána hins vegar staðið í stað, þá er ekki vandséð, að þau koma að æ minna liði og að gagnsemi þeirra hefur rýrnað stórkostlega. Er nú svo komið, að aðeins allra smæstu framkvæmdir geta náð því hámarki, 25% af stofnkostnaði, sem lögin heimila.

Með þessu frv. er lagt til, að hámark lána hækki úr 150000 kr. í 300000 kr. Þar sem heildarlánveitingar sjóðsins mundu að sjálfsögðu ekki aukast við slíka breytingu, kæmi til mat stjórnar sjóðsins á því, að hve miklu leyti bæri að nota þá heimild. Er það skoðun flm., að þótt notkun slíkrar heimildar kæmi til í verulegum mæli og lánum mundi af þeim sökum ef til vill fara fækkandi, yrðu lánveitingarnar í heild að meira liði til uppbyggingar fyrirtækja, er grundvallast á hagnýtingu sjávarafurða, en nú er með þeim ströngu hömlum, sem eru á hámarki lánanna.

Sþ. 176. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um rannsókn á skilyrðum til samgöngubóta á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta rannsaka til hlítar brúarstæði á Jökulsá á Breiðamerkursandi og gera kostnaðaráætlun um brú þar.
2. Að láta athuga — með sérstöku tilliti til samgangna á Skeiðarársandi — nýjar tegundir samgöngutækja til samgangna um torfærur á landi með hliðsjón af reynslu af slíkum tækjum erlendis. Síðan skal gera tilraunir með ný samgöngutæki á Skeiðarársandi, ef ætla má að athugun lokinni, að þau muni reynast hæf til samgöngubóta þar.
3. Að láta fylgjast sem bezt með tæknilegum nýjungum við brúargerðir, er kynnu að gera kleift að brúa jökulvötnin á Skeiðarársandi.

Greinargerð.

Góðar samgöngur eru lífæð hverrar byggðar. Atvinnulífið og aðstaða manna í lífsbaráttunni er háð samgöngum á hverjum stað. Árlega er varið verulegum fjárhæðum af hálfu ríkisins til að bæta samgöngur á landi, sjó og í lofti. Kostað er kapps um að gera þjóðvegina sem bezt úr garði og spenna vegakerfið um landið, enda er nú orðið akfært umhverfis landið, nema yfir Breiðamerkursand og Skeiðarársand. Á Breiðamerkursandi eru skilyrði til þess að ryðja hindruninni úr vegi með brúargerðum. Fyrirhugað er, að Fjallsá verði brúuð á næsta ári. Þá verður Jökulsá eini farartálminn, sem hindrar algerlega ferðir bifreiða yfir Breiðamerkursand. Nokkrar athuganir hafa þegar verið gerðar á brúarstæði þar. Tímabært er að rannsaka til hlítar brúarstæði á Jökulsá og gera kostnaðaráætlun um brú þar.

Verklegar framkvæmdir nægðu ekki til framfara á sviði samgöngumála, ef gerð samgöngutækja stæði í stað. Það hefur valdið miklu um framfarir í samgöngumálum, að ný samgöngutæki og fullkomnari en hin eldri ryðja sér til rúms. Er það nauðsynlegur þáttur til að ná góðum árangri við lausn erfiðra viðfangsefna í samgöngumálum að athuga sem bezt nýjungar í gerð tækja og hagnýta þá reynslu, er þannig fæst.

Skeiðarársandur er þröskuldur, sem erfitt er yfir að stíga, á þjóðveginum umhverfis landið. Ef litið er á þá tækni, sem Íslendingar hafa nú yfir að ráða, virðist svo, að varla séu skilyrði til að brúa jökulvötnin þar, einkum vegna hamfara jökulhlaupanna, sem brjótast fram Skeiðarársand að öllum jafnaði á 5—10 ára fresti. Því fremur ber nauðsyn til, að haft sé vakandi auga á því, hvort ný tæki ryðja sér til rúms erlendis, er ætla má að séu hæf til öruggra ferða yfir óbrúuð jökulvötn og eyðisanda. Og sé svo, þarf að gera tilraunir með slík tæki hér á landi.

Þróun á sviði tækni og verklegra framkvæmda er mjög ör. Nú eru unnin verk á sviði samgöngumála, sem ókleift hefði verið fyrir einum til tveimur áratugum að leysa af hendi. Vafalaust heldur þessi þróun áfram og verður hraðfara. Í því sambandi geta skapazt nýir möguleikar til að gera brýr yfir jökulvötnin á Skeiðarársandi. Þess vegna er hér lagt til, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að láta fylgjast sem bezt með tæknilegum nýjungum við brúargerðir.

Nd. 177. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mælir nefndin með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. des. 1961.

Hjörtur Hjálmarsson, form. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson.
Geir Gunnarsson. Pétur Sigurðsson.

Nd. 178. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mælir nefndin með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. des. 1961.

Hjörtur Hjálmarsson, form. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson.
Geir Gunnarsson. Pétur Sigurðsson.

Ed. 179. Frumvarp til laga [110. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1960 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr.	fjárlaga	kr.	1 222 300 000.00	kr. 1 188 471 042.75
2.	— — 3. — A.	—	. —	262 900 000.00	— 271 167 819.45
3.	— — 3. — B.	—	. —	10 000.00	— 184 356 35
4.	— — 4. —	—	. —	2 293 000.00	— 5 633 705.31
5.	— — 5. —	—	. —	13 700 000.00	— 22 198 942.52
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárlaga	—	600 000.00	— 113 124 783.27
				kr. 1 501 803 000.00	kr. 1 600 780 649.65

	Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt 7. gr.	fjárlaga	kr.	9 878 739.00	kr. 2 099 824.05
2.	— — 8. —	—	. —	1 473 210.00	— 1 517 206.85
3.	— — 9. —	—	. —	10 550 000.00	— 11 365 821.31
4.	— — 10. — I.	—	. —	19 577 867.00	— 19 525 610.77
5.	— — 10. — II.	—	. —	22 503 719.00	— 23 668 786.28
6.	— — 11. — A.	—	. —	76 144 631.00	— 76 023 077.13
7.	— — 11. — B.	—	. —	27 916 777.00	— 27 968 585.27
8.	— — 11. — C.	—	. —	1 750 000.00	— 1 619 639.10
9.	— — 12. —	—	. —	44 803 992.00	— 41 741 051.27
10.	— — 13. — A.	—	. —	90 964 408.00	— 92 815 430.17
11.	— — 13. — B.	—	. —	19 341 500.00	— 22 715 392.16
12.	— — 13. — C.	—	. —	26 144 921.00	— 27 035 351.11
13.	— — 13. — D.	—	. —	9 513 984.00	— 9 760 750.38
14.	— — 13. — E.	—	. —	4 481 307.00	— 4 642 873.81
15.	— — 13. — F.	—	. —	4 114 825.00	— 3 619 180.38
16.	— — 14. — A.	—	. —	166 582 572.00	— 164 867 187.13
17.	— — 14. — B.	—	. —	12 563 918.00	— 12 742 880.83
18.	— — 15. —	—	. —	13 392 206.00	— 13 192 665.43
19.	— — 16. — A.	—	. —	79 501 732.00	— 76 231 094.23
20.	— — 16. — B.	—	. —	19 748 389.00	— 24 895 714.23
21.	— — 16. — C.	—	. —	4 403 000.00	— 4 518 721.25
22.	— — 16. — D.	—	. —	36 561 664.00	— 36 516 661.08
23.	— — 16. — E.	—	. —	8 796 523.00	— 8 327 301.44
24.	— — 17. —	—	. —	320 665 129.00	— 319 818 670.78
25.	— — 18. —	—	. —	28 447 147.00	— 28 891 258.30
26.	— — 19. — 1.	—	. —	302 900 000.00	— 259 807 584.06
27.	— — 19. — 2.	—	. —	5 000 000.00	— 5 000 000.00
28.	— — 19. — 3.	—	. —	5 000 000.00	— 2 440 275.61
29.	— — 19. — 4.	—	. —	6 000 000.00	—
30.	— — 19. — 5.	—	. —	5 000 000.00	— 8 938 622.59
31.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárlaga	—	117 462 082.00	— 217 791 205.33
	Mismunur		—	618 758.00	— 50 682 227.32
				kr. 1 501 803 000.00	kr. 1 600 780 649.65

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1960, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Nd. 180. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Í nefnd þeirri, sem samið hefur frumvarp þetta og skipuð var fulltrúum verkalýðssamtakanna, útgerðarmanna og fiskkaupenda, hefur orðið samkomulag um öll atriði nema tvö: skipun verðlagsráðs og hlutverk yfirnefndar og starfssvið hennar, og er þar þó aðeins um einn fulltrúa að ræða í nefndinni, sem gat ekki myndað samstöðu um þau atriði. Þessu samkomulagi ber að fagna svo og því, að nú fá fiskimenn fulla aðild að ákvörðun um fiskverð.

Með tilliti til þessa taldi meiri hluti sjávarútvegsnefndar ekki rétt að gera verulegar breytingar á frumvarpi þessu að svo komnu máli, þar sem nefndarmenn telja eðlilegt, að lögin komi til endurskoðunar, ef þurfa þykir, eftir að reynsla hefur fengizt af framkvæmd þeirra.

Um 9. gr., sem meiri hlutinn gerir breytingartillögur við, virðist ekki hafa verið verulegur ágreiningur um annað en það, hvert hlutverk yfirdóms skuli vera. Meiri hlutinn telur þó rétt, að skýrt komi fram í greininni, annars vegar það, að um neitunarvald sé að ræða hjá einstökum aðilum í verðlagsráði, og einnig, að nefndarmaður sá, sem tilnefndur er af hálfu L. Í. Ú., hafi engra hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda. Sennilega hefur nefnd sú, sem frumvarpið samdi, talið þetta svo sjálfsögð atriði, að ekki þyrfti að taka það fram, og er þetta því aðeins sett til að koma í veg fyrir hugsanlega tortryggni.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með að samþykkja frumvarpið með svofelldri

BREYTINGU:

9. gr. orðist svo:

Nú næst ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fisksöluaðilum í verðlagsráði, og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L. Í. Ú., og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í verðlagsráðið skv. B-lið 1. gr., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af fiskkaupendum í verðlagsráði, og skal a. m. k. annar tilnefndur af þeim aðila, sem ágreiningur er við, og einum oddamanni, sem verðlagsráð kemur sér saman um.

Nú nær verðlagsráð ekki einróma samkomulagi um skipun oddamanns í yfirnefndina innan 2. sólarhringa, frá því að ákvörðun var tekin um vísun ágreinings til yfirnefndar, og skal þá oddamaður tilnefndur af hæstarétti.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

Alþingi, 9. des. 1961.

Hjörtur Hjálmarsson, form.	Matthías Á. Matthiesen, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.

Sþ. **181. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 11. gr.	A. 8. c. (Einkennisbúningar héraðsdómara). Fyrir „250 000“ kemur		350 000
2.	— 11. —	A. 10. b. 1. (Laun lögregluþjóna á Keflavíkurflugvelli). Fyrir „2 391 446“ kemur		2 091 446
3.	— 11. —	A. 14. (Fangahjálp). Fyrir „210 000“ kemur		230 000
4.	— 11. —	A. 17. (Setu- og varadómarar). Fyrir „250 000“ kemur		300 000
5.	— 11. —	A. 24. b. (Áfengisvarnaráð). Fyrir „700 000“ kemur		750 000
6.	— 12. —	IV. A. 2. (Landsspítalinn). Nýr liður: Til kaupa á röntgentæki		80 000
7.	— 12. —	V. 1. a. (Rannsóknarstofa háskólans, laun). Fyrir „1 965 418“ kemur		2 065 418
8.	— 12. —	VI. (Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa). Fyrir „4 800 000“ kemur		4 950 000
9.	— 12. —	IX. (Bygging sjúkrahúsa o. fl.). Fyrir „5 275 000“ kemur		7 000 000
10.	— 12. —	XXIV. Nýr liður: Til framhaldsnámskeiða lækna (LFÍ)		20 000
11.	— 13. —	A. I. 1. (Stjórn og undirbúningur vegagerða, laun). Fyrir „2 382 000“ kemur		2 452 117
12.	— 13. —	A. II. a. Liðurinn orðist svo: Til nýrra akvega:		
		1. Grindavíkurvegur	300 000	
		2. Kjósarskarðsvegur	160 000	
		3. Skorradalsvegur	170 000	
		4. Mófellsstaðavegur	80 000	
		5. Flókadalsvegur	100 000	
		6. Borgarfjarðarbraut	100 000	
		7. Hálsasveitarvegur	50 000	
		8. Svínadalsvegur	50 000	
		9. Melasveitarvegur	90 000	
		10. Hvalfjarðarvegur	250 000	
		11. Hvítársíðuvegur	120 000	
		12. Þverárhlíðarvegur	50 000	
		13. Króksvegur	105 000	
		14. Álftanesvegur	70 000	
		15. Þverholtavegur	250 000	
		16. Sauravegur	50 000	
		17. Staðarhraunsvegur	50 000	
		18. Kolviðarnesvegur	25 000	
		19. Skógarnesvegur	25 000	
		20. Ólafsvíkurvegur	100 000	
		21. Útnesvegur	160 000	
		22. Eyrarsveitarvegur	400 000	
		23. Borgarlandsvegur	30 000	
		24. Skógarstrandarvegur á Snæfellsnesi	330 000	

25.	Skógarstrandarvegur innan Dalasýslu	110 000
26.	Hörðudalsvegur	60 000
27.	Miðdalavegur norðan Tunguár	50 000
28.	Laxárdalsvegur	50 000
29.	Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	410 000
30.	Vesturlandsvegur	225 000
31.	Heydalsvegur	150 000
32.	Reykhólavegur	200 000
33.	Fjarðarhlíðarvegur	50 000
34.	Barðastrandarvegur	300 000
35.	Rauðasandsvegur	50 000
36.	Örlygshafnarvegur	200 000
37.	Bíldudalsvegur	500 000
38.	Hvammseyrarvegur	105 000
39.	Vestfjarðavegur	700 000
40.	Hjarðardalsvegur	50 000
41.	Núpsvegur	100 000
42.	Önundarfjarðarvegur	100 000
43.	Flateyrarvegur	100 000
44.	Suðureyrarvegur	400 000
45.	Snæfjallastrandarvegur	300 000
46.	Vatnsfjarðarvegur	100 000
47.	Reykjarfjarðarvegur	500 000
48.	Selstrandarvegur	135 000
49.	Strandavegur	400 000
50.	Vatnsnesvegur	230 000
51.	Hlíðardalsvegur	60 000
52.	Austursíðuvegur	140 000
53.	Vesturhópsvegur	30 000
54.	Fitjavegur	60 000
55.	Vatnsdalsvegur vestan ár	145 000
56.	Vatnsdalsvegur austan ár	100 000
57.	Skagastrandar- og Skagavegur	160 000
58.	Svartárdalsvegur	200 000
59.	Skagavegur	250 000
60.	Skagafjarðarvegur	120 000
61.	Hólavegur	50 000
62.	Hofsósvegur	250 000
63.	Siglufjarðarvegur	500 000
64.	Siglufjarðarvegur ytri	400 000
65.	Ólafsfjarðarvegur	150 000
66.	Múlavegur	500 000
67.	Hrísavegur	50 000
68.	Hörgárdalsvegir	130 000
69.	Fnjóskadalsvegur	350 000
70.	Bárðardalsvegir	200 000
71.	Austurhlíðarvegur	50 000
72.	Þingeyjarsýslubraut milli byggða og Tjörnesvegur	100 000
73.	Þingeyjarsýslubraut sunnan Húsavíkur ..	280 000
74.	Hólsfjallavegur	85 000
75.	Kelduhverfis-, Kópaskers- og Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar og Þistilfjarðarvegur	580 000

76.	Langanesvegur utan Heiðar	50 000
77.	Vopnafjarðarvegir	200 000
78.	Hellisheiðarvegur	300 000
79.	Jökuldalsvegur efri	100 000
80.	Jökulsárhlíðarvegur	100 000
81.	Hróarstunguvegir	100 000
82.	Fellavegur efri	105 000
83.	Úthéraðsvegur	250 000
84.	Seyðisfjarðarvegir	90 000
85.	Fjarðarheiðarvegur	150 000
86.	Austurlandsvegur	270 000
87.	Norðurbyggðarvegur í Skriðdal	50 000
88.	Skógavegur	250 000
89.	Mjóafjarðarvegur	95 000
90.	Eskifjarðarvegur	220.000
91.	Fáskrúðsfjarðarvegur	140 000
92.	Stöðvarfjarðarvegur	410.000
93.	Breiðdalsvegir	100 000
94.	Dalavegur	75 000
95.	Berufjarðarvegur	180 000
96.	Geithellnavegur	180 000
97.	Almannaskarðsvegur	145 000
98.	Mýravegur	250 000
99.	Suðursveitarvegur	80 000
100.	Öræfavegur	80 000
101.	Suðurlandsvegur í Eldhrauni	150 000
102.	Búlandsvegur	300 000
103.	Meðallandsvegur	50 000
104.	Mýrdalsvegur	110 000
105.	Suðurlandsvegur	370 000
106.	Rangárvallavegur efri	200 000
107.	Út-Landeyjavegur	50 000
108.	Heiðarvegur	200 000
109.	Ásvegur	200 000
110.	Suðurlandsvegur um Selfoss	150 000
111.	Langholtsvegur	50 000
112.	Grafningsvegur	110 000
113.	Laugarvatnsvegur	100 000
114.	Reykjavegur	140 000
115.	Gullfossvegur	150 000
116.	Þingvallavegur	500 000
		20 430 000

13. Við 13. gr. A. II. d. Liðurinn orðist svo:

Til millibyggðavega:

1.	Austurvegur	2 100 000
2.	Hvalfjarðarvegur	400 000
3.	Heydalsvegur	200 000
4.	Fróðárhreppsvegur (Búlandshöfði)	700 000
5.	Ögurvegur	100 000
6.	Vestfjarðavegur	900 000
7.	Siglufjarðarvegur ytri	300 000
8.	Múlavegur	300 000

	9. Norðurlandsvegur	400 000		
	10. Fnjóskadalsvegur	300 000		
	11. Tjörnesvegur	200 000		
	12. Raufarhafnarvegur	100 000		
	13. Hellisheiðarvegur	100 000		
	14. Austurlandsvegur vestan Lagarfljóts	300 000		
	15. Austurlandsvegur austan Lagarfljóts	600 000		
	16. Suðurlandsvegur	100 000		
				7 100 000
		÷ Vegagjald af benzíni		7 100 000
14.	Við 13. gr.	A. II. d. Nýr liður:		
		Til samgöngubóta á landi		1 200 000
15.	— 13. —	A. III. Liðurinn orðist svo:		
		Til brúargerða:		
		1. Dragá í Skorradal, Borgarfjarðarsýslu	535 000	
		2. Valshamarsá, Snæfellsnessýslu	135 000	
		3. Haukadalsá, Dalasýslu	940 000	
		4. Laugardalsá í Ögurhreppi, N.-Ísafjarðarsýslu	325 000	
		5. Þambá í Bitru, Strandasýslu	595 000	
		6. Fitjaá hjá Efri-Fitjum, V.-Húnavatnssýslu	100 000	
		7. Austurá hjá Aðalbóli, V.-Húnavatnssýslu	350 000	
		8. Hofsá í Vesturdal, Skagafjarðarsýslu	1 100 000	
		9. Sæmundarhlíðará, Skagafjarðarsýslu	215 000	
		10. Djúpadalsá í Eyjafirði, Eyjafjarðarsýslu	360 000	
		11. Laxá í Laxárdal, S.-Þingeyjarsýslu	210 000	
		12. Víðinesá á Raufarhöfn, N.-Þingeyjarsýslu	615 000	
		13. Fögruhlíðará, N.-Múlasýslu	180 000	
		14. Stöðvará í Stöðvarfirði, S.-Múlasýslu	800 000	
		15. Reyðará í Lóni, A.-Skaftafellssýslu	510 000	
		16. Skógá á Suðurlandsvegi, Rangárvallasýslu	605 000	
		17. Fullsæll í Biskupstungum, Árnessýslu	705 000	
		18. Smábrýr	3 000 000	
				11 280 000
16.	— 13. —	A. V. (Fjallvegir).		
		Fyrir „835 000“ kemur		1 000 000
17.	— 13. —	A. VIII. Nýr liður:		
		Ferjubryggjur		80 000
18.	— 13. —	A. X. Nýr liður:		
		Til tilrauna til rykbindingar á þjóðvegum með olíuborinni möl		200 000
19.	— 13. —	A. XII. (Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum).		
		Fyrir „135 000“ kemur		160 000
20.	— 13. —	A. XIII. (Fyrrv. vegaverkstjórar og vegaverkstjóraekkjur).		
		Fyrir „120 000“ kemur		313 000
21.	— 13. —	C. VII. Liðurinn orðist svo:		
		Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:		
		1. Akranes	600 000	
		2. Akureyri	400 000	
		3. Akureyri, dráttarbraut	200 000	
		4. Bakkafjörður	150 000	

5.	Blönduós	50 000
6.	Bolungarvík	600 000
7.	Búðareyri, Reyðarfirði	400 000
8.	Dalvík	400 000
9.	Eskifjörður	400 000
10.	Eyrarbakki	100 000
11.	Flatey á Skjálfanda	50 000
12.	Flateyri	100 000
13.	Gerðavör í Garði	150 000
14.	Grafarnes	250 000
15.	Hafnarfjörður	600 000
16.	Hafnir í Höfnum	150 000
17.	Hellissandur	50 000
18.	Hnífsdalur	50 000
19.	Hofsós	100 000
20.	Hólmavík	200 000
21.	Hrísey	300 000
22.	Húsavík	300 000
23.	Höfn í Hornafirði	100 000
24.	Ísafjörður	300 000
25.	Járngerðarstaðir	200 000
26.	Kópasker	50 000
27.	Kópavogur	200 000
28.	Mjóifjörður	100 000
29.	Neskaupstaður	500 000
30.	Ólafsfjörður	400 000
31.	Ólafsvík	300 000
32.	Patreksfjörður	50 000
33.	Raufarhöfn	200 000
34.	Sandgerði	200 000
35.	Sauðárkrókur	300 000
36.	Seyðisfjörður	200 000
37.	Siglufjörður	300 000
38.	Skagaströnd	200 000
39.	Stokkseyri	50 000
40.	Stykkishólmur	250 000
41.	Suðureyri	450 000
42.	Tálknafjörður	450 000
43.	Vestmannaeyjar	900 000
44.	Vopnafjörður	200 000
45.	Þorlákshöfn	700 000
46.	Þórshöfn	450 000
47.	Keflavík, landshöfn	300 000
48.	Rif, landshöfn	700 000
49.	Ýmsar hafnargerðir	150 000
		13 800 000

22.	Við	13. gr.	C. VIII. (Hafnarbótasjóður). Fyrir „3 500 000“ kemur	7 500 000
23.	—	13. —	E. 1. E. b. (Áhaldadeild veðurstofunnar, aukavinna). Fyrir „20 000“ kemur	40 000
24.	—	13. —	E. 1. F. e. Liðurinn orðist svo: Ýmsar veðurfræðilegar mælingar	60 000
25.	—	13. —	F. I. 6. (Upplýsingaskrifstofa á Akureyri). Fyrir „20 000“ kemur	30 000

26. Við 13. gr. F. VI. 1. Nýr liður:
Prentun landabréfa 200 000
27. — 13. — F. VIII. Nýr liður:
Til Flugbjörgunarsveitar Akureyrar til áhaldakaupa .. 50 000
28. — 13. — F. X. Nýr liður:
Til lagfæringa á jarðraski í Hveragerði 100 000
29. — 14. — A. IV. i. (Menntaskólinn í Reykjavík, skólastjórn).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000
30. — 14. — A. V. h. (Menntaskólinn á Akureyri, skólastjórn).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000
31. — 14. — A. VI. f. (Menntaskólinn á Laugarvatni, skólastjórn).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000
32. — 14. — A. X. 23. Liðurinn orðist svo:
Framlag til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra:
a. Skólahús og skólastjórabústaðir í smíðum:

1.	Reykjavík, Breiðagerði ..	1 155 833
2.	Keflavík, íþróttahús	41 667
3.	Kópavogur, Kársnes, 1. áf.	80 387
4.	Akureyri, Oddeyri, 1. áf. .	52 454
5.	Siglufjörður	276 167
6.	Húsavík	275 000
7.	Seyðisfjörður	33 000
8.	Njarðvík	70 548
9.	Garðaskóli	168 235
10.	Kjalarnes	34 250
11.	Kjósarskóli	23 100
12.	Varmaland	47 279
13.	Reykhólar	81 375
14.	Patreksfjörður	226 667
15.	Suðureyri	217 283
16.	Mosvallaskóli	50 000
17.	Súðavík	83 000
18.	Skagaströnd	107 838
19.	Lýtingsstaðaskóli	45 562
20.	Dalvík	39 167
21.	Svarfaðardalur	22 500
22.	Aðaldalur	10 737
23.	Keldunes	80 000
24.	Torfastaðir	16 250
25.	Eiðar, barnaskóli	230 125
26.	Egilsstaðir	38 600
27.	Breiðdalur	153 667
28.	Höfn, Hornafirði	131 333
29.	Austur-Eyjafjöll	74 833
30.	Laugaland í Holtum	500 520
31.	Biskupstungur	208 583
32.	Reykjavík, Haga- og Vogaskóli	402 500
33.	Seyðisfjörður, íþróttarhús	129 306
34.	Sandgerði	123 541
35.	Bárðardalur	251 024
36.	Reyðarfjörður	355 173
37.	Reykjavík, Hamrahlíð ...	557 000

38.	Hafnarfjörður, viðbygging	81 334	
39.	Kópavogur, Kársnes, 2. áf.	355 834	
40.	Vestmannaeyjar, við-bygging	449 875	
41.	Seltjarnarnes, 1. áf.	467 659	
42.	Kleppjárnsreykir	773 909	
43.	Grafarnes	79 793	
44.	Vopnafjörður	22 875	
45.	Nesjaskóli	539 229	
46.	Hvammstangi	661 834	
47.	Reykjavík, Laugalækur	677 500	
48.	Hafnarfjörður	264 375	
49.	Mosfellssveit, Varmárskóli	686 250	
50.	Bíldudalur	314 792	
51.	Bolungarvík	156 127	
52.	Laugaland á Þelamörk	821 458	
53.	Mývatnssveit	352 000	
54.	Hella	123 125	
55.	Þorlákshöfn	123 125	
56.	Leirárskóli	1 111 247	
57.	Bessastaðaskólahverfi	93 875	
58.	Eskifjörður	82 000	
59.	Egilsstaðir	93 875	
60.	Blönduós	93 875	
61.	Ölfusskólahverfi — skóla-bifreið	32 729	
62.	Reykjavík, Hlíðaskóli, 2. áf.	2 026 125	
63.	Ólafsvík, 2. áf., viðbygging	50 000	
64.	Laugar í Dalasýslu, 2. áf.	735 833	
65.	Tálknafjörður	345 833	
66.	Flateyri	275 000	
67.	Akureyri, Oddeyrarskóli, 2. áf.	475 000	
68.	Þórshöfn	135 500	
69.	Stöðvarfjörður	150 000	
70.	Vík í Mýrdal	26 000	
71.	Laugardalur, Árnessýslu	595 833	
72.	Skjöldólfsstaðir, skóla-stjórabústaður	100 000	
73.	Reykjavík, Vogaskóli, 3. áf.	1 069 500	
74.	Grímsey	54 250	
75.	Kolviðarnes, Snæfellsnesi	1 008 750	
76.	Hallormsstaður	992 187	
77.	Öxarfjarðarskólahverfi	263 593	
78.	Öngulsstaðaskólahverfi	55 000	
	Ýmsir skólar	150 000	
			23 361 603
b.	Ný skólahús:		
1.	Hamrahlíð, Reykjavík	1 957 280	
2.	Bolungarvík	700 000	
3.	Íþróttahús, Hafnarfirði	560 000	
			3 217 280
			26 578 883

33. Við 14. gr. A. XI. 1. j. (Eiðaskóli). Nýr liður:
Til bygginga 1 000 000

34. — 14. — A. XI. 30. Liðurinn orðist svo:
Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla:
Skólahús í smíðum:

1.	Reykjavík, Réttarholt, 1. áf.	496 667
2.	Stykkishólmur	543 583
3.	Siglufjörður	174 333
4.	Vestmannaeyjar	103 333
5.	Reykholt	210 750
6.	Núpur	161 167
7.	Reykjanes	45 875
8.	Reykir	228 666
9.	Laugar	33 917
10.	Skógar	159 000
11.	Laugarvatn	580 283
12.	Eiðar	66 666
13.	Akranes	380 550
14.	Neskaupstaður	156 741
15.	Kópavogur	673 264
16.	Keflavík	1 142 919
17.	Reykjavík, Vogaskóli	677 500
18.	Héraðsskólinn Laugum	301 250
19.	Reykjavík, Réttarholt, 2. áf.	1 388 275
20.	Reykjavík, Hagaskóli, 2. áf.	1 770 000
21.	Akureyri, 2. áf.	790 000
22.	Hafnarfjörður	366 666
23.	Héraðsskólinn Reykjanesi	1 116 666
		11 568 071

35. — 14. — A. XV. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „2 000 000“ kemur 2 250 000

36. — 14. — A. XV. 3. Nýr liður:
Til Íþróttasambands Íslands, byggingarstyrkur 150 000

37. — 14. — A. XV. 6. (Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar).
Fyrir „30 000“ kemur 40 000

38. — 14. — A. XV. 6. Nýr liður:
Til íþróttaskólans í Reykjadal í Mosfellssveit, stofnkostnaður 50 000

39. — 14. — A. XV. 9. (Utanfarir íþróttamanna).
Fyrir „200 000“ kemur 230 000

40. — 14. — B. III. 2. (Þjóðminjasafnið, aðstoð, tímavinna o. fl.).
Fyrir „195 000“ kemur 225.000

41. — 14. — B. III. 8. (Þjóðminjasafnið, til rekstrar hússins).
Fyrir „308 000“ kemur 325 000

42. — 14. — B. XIX. (Myndlistarskóli í Vestmannaeyjum).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000

43. — 14. — B. XXXVI. (Til vísindamanna og fræðimanna).
Fyrir „180 000“ kemur 200 000

44. — 14. — B. XXXVIII. 8. Nýr liður:
Til leikfélags Brynju og Grettis, Flateyri 8 000

45. — 14. — B. XXXVIII. 12. Nýr liður:
Til ungmennafélagsins Kormáks, Hvammstanga 8 000

46. — 14. — B. XXXVIII. 16. Nýr liður:
Til Leikfélags Ólafsfjarðar 8 000

47.	Við 14. gr.	B. XXXVIII. 20. Nýir liðir:		
		a. Til ungmennafélagsins Leifs heppna, Kelduhverfi .		8 000
		b. Til Leikfélags Vopnafjarðar		8 000
48.	— 14. —	B. XL. 8. (Tónlistarskóli Hafnarfjarðar).		
		Fyrir „10 000“ kemur		30 000
49.	— 14. —	B. XL. 9. (Tónlistarskóli Akraness).		
		Fyrir „20 000“ kemur		30 000
50.	— 14. —	B. XL. 15. Nýr liður:		
		Til tónlistarskóla í Húsavík		10 000
51.	— 14. —	B. XL. 17. (Samband íslenzkra lúðrasveita).		
		Fyrir „25 000“ kemur		40 000
52.	— 14. —	B. XL. 20. (Samband ísl. karlakóra).		
		Fyrir „18 000“ kemur		35 000
53.	— 14. —	B. XL. 21. (Landssamband blandaðra kóra).		
		Fyrir „18 000“ kemur		35 000
54.	— 14. —	B. XL. 23. (Kirkjukórasamband Íslands).		
		Fyrir „45 000“ kemur		60 000
55.	— 14. —	B. LXII. (Vilhjálmur Ögmundsson).		
		Fyrir „8 000“ kemur		20 000
56.	— 14. —	B. LXV. (Listaverkagjöf Ásgríms Jónssonar).		
		Fyrir „70 000“ kemur		80 000
57.	— 14. —	B. LXVIII. Nýr liður:		
		Styrkur til að reisa minnismerki Bjarna Jónssonar frá Vogi við Vog á Fellsströnd		25 000
58.	— 14. —	B. LXXIII. Liðurinn orðist svo:		
		a. Til umbóta á Þingvöllum		190 000
		b. Til umbóta á Þingvallabænum o. fl.		150 000
59.	— 14. —	B. LXXX. Nýr liður:		
		Til Ólafs Jónssonar til söngnáms		8 000
60.	— 15. —	I. 4. (Biskupsembættið, skrifstofukostnaður).		
		Fyrir „55 000“ kemur		60 000
61.	— 15. —	X. (Kirkjubyggingasjóður).		
		Fyrir „800 000“ kemur		1 000 000
62.	— 15. —	XIII. (Kristileg æskulýðsstarfsemi).		
		Fyrir „60 000“ kemur		85 000
63.	— 16. —	A. 17. (Fyrirhleðsla í Þverá og Markarfljóti).		
		Fyrir „500 000“ kemur		625 000
64.	— 16. —	A. 20. Nýir liðir:		
		a. Til fyrirhleðslu í Kirkjuá í Loðmundarfirði		10 000
		b. Til fyrirhleðslu í Keldnaá í Fljótsdal		15 000
		c. Til fyrirhleðslu í Hörðudalsá		25 000
		d. Til fyrirhleðslu við Djúpá hjá Maríubakka		30 000
65.	— 16. —	A. 21. Nýir liðir:		
		a. Til fyrirhleðslu í Skaftá við Stjórnarsand, gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að		25 000
		b. Til fyrirhleðslu við Eldvatn í Meðallandi, gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að		30 000
66.	— 16. —	A. 22. Liðurinn orðist svo:		
		Til sjóvarnargarða:		
		1. Akranes	100 000	
		2. Álftanes	50 000	
		3. Borgarnes	50 000	
		4. Borgarfjörður eystri	25 000	
		5. Búðardalur	50 000	

		6. Eyrarbakki	250 000	
		7. Flateyri	100 000	
		8. Grenivík	75 000	
		9. Ólafsvík	50 000	
		10. Seltjarnarnes	100 000	
		11. Siglufjörður	300 000	
		12. Vestmannaeyjar (Eiðið)	200 000	
				1 350 000
67.	Við 16. gr.	A. 23. b. (Sandgræðslustöðvar). Fyrir „1 680 000“ kemur		2 000 000
68.	— 16. —	A. 36. b. (Sauðfjársjúkdómavarnir, bætur). Fyrir „920 000“ kemur		1 160 000
69.	— 16. —	A. 44. a. 9. (Bændaskólinn á Hólum). Nýr liður: Til lagfæringa og endurbóta		1 500 000
70.	— 16. —	A. 45. a. 4. (Húsmæðraskólinn að Varmalandi, viðhald). Fyrir „59 000“ kemur		100 000
71.	— 16. —	A. 45. d. 4. (Löngumýrarskóli). Nýr liður: Til hitaveitu		25 000
72.	— 16. —	A. 45. f. 4. (Húsmæðraskólinn að Laugum, viðhald). Fyrir „30 000“ kemur		105 000
73.	— 16. —	A. 45. j. (Bygging húsmæðraskóla). Fyrir „600 000“ kemur		800 000
74.	— 16. —	B. 5. (Haf- og fiskirannsóknir). Fyrir „750 000“ kemur		1 000 000
75.	— 16. —	B. 8. (Leit nýrra fiskimiða). Fyrir „1 760 000“ kemur		2 760 000
76.	— 16. —	B. 14. a. 7. Nýr liður: Aukavinna sex fiskmatsmanna		90 000
77.	— 16. —	C. 7. (Iðnskólinn í Reykjavík). Fyrir „450 000“ kemur		1 000 000
78.	— 16. —	E. I. 2. a. (Fiskideild atvinnudeildar háskólans, laun). Fyrir „1 939 163“ kemur		1 969 083
79.	— 16. —	E. I. 3. b. (Búnaðardeild atvinnudeildar háskólans, annar kostnaður). Fyrir „984 000“ kemur		1 134 000
80.	— 16. —	E. IV. 1. (Verzlunarskóli Íslands). Fyrir „550 000“ kemur		905 000
81.	— 17. —	I. 3. Nýir liðir:		
		a. Til vatnsöflunar í Kelduhverfi		75 000
		b. Til vatnsöflunar á Hellnum í Breiðuvík		50 000
82.	— 17. —	V. 9. Nýir liðir:		
		a. Til dagheimilis Barnaverndarfélags Ísafjarðar, byggingarstyrkur		20 000
		b. Til barnaheimilissjóðs Hafnarfjarðar, byggingarstyrkur		20 000
83.	— 17. —	V. 10. Nýir liðir:		
		a. Til Sjálfsbjargar, félags fatlaðra og lamaðra á Akureyri, byggingarstyrkur		20 000
		b. Til elliheimilisins í Skjaldarvík, byggingarstyrkur		50 000
		c. Til Styrktarfélags vangefinna til rekstrar dagheimilis		25 000
84.	— 17. —	V. 16. Nýr liður: Til almannavarna		1 000 000
85.	— 20. —	Út. IX. (Flugvallagerð). Fyrir „8 720 000“ kemur		10 720 000

86. Við 20. gr. Út. XII. 2. (Menntaskólinn í Reykjavík).
Fyrir „1 000 000“ kemur 2 000 000
87. — 20. — Út. XII. 7. (Garðyrkjuskólinn á Reykjum).
Fyrir „200 000“ kemur 350 000
88. — 20. — Út. XII. 8. Nýr liður:
Til kaupa á kennarabústað á Hvanneyri 150 000
89. — 20. — Út. XII. 9. (Eiðaskóli).
Liðurinn fellur niður.
90. — 20. — Út. XXIV. (Embættisbústaðir dýralækna).
Fyrir „342 000“ kemur 500 000
91. — 20. — Út. XXIX. Nýir liðir:
a. Til kaupa á starfsmannabústað við tilraunastöðina á Reykhólum 200 000
b. Til byggingar íbúðarhúss fyrir ábúanda Eiða 100 000
92. — 20. — Út. XXXI. Nýr liður:
Til kaupa á Vestdalseyri við Seyðisfjörð 500 000
93. — 22. — VIII. Nýr liður:
Að gefa eftir aðflutningsgjöld af fólksflutningabifreið, sem kirkjubyggingarsjóði Kópavogs hefur verið gefin.
94. — 22. — XVIII. Nýr liður:
Að verja 100 þús. kr. til byggingar kláfferju á Tungnaá hjá Haldi.
95. — 22. — XIX. Nýr liður:
Að taka lán allt að 4 millj. kr. til byggingar eldisstöðvar fyrir lax í Kollafirði.
96. — 22. — XXI. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir Náttúrulækningafélag Íslands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.
b. Að ábyrgjast fyrir Dráttarbraut Akraness allt að 3.5 millj. kr. lán vegna smíði nýrrar dráttarbrautar, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar. (Endurveiting.)
97. — 22. — XXIII. Nýir liðir:
a. Að selja prestssetursbúsið Pólgötu 10, Ísafirði, sóknarprestinum þar.
b. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir rannsóknarstofu háskólans.
c. Að ábyrgjast lán allt að 500 þús. kr. fyrir Barðstrendingafélagið í Reykjavík.

Sþ. 182. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 2. gr. 3. (Verðtollur).
Fyrir „395 000 000“ kemur 433 600 000
2. — 2. — 5. (Gjald af innlendum tollvörum).
Fyrir „37 000 000“ kemur 39 300 000
3. — 2. — 11. a. (Söluskattur af innfluttum vörum).
Fyrir „165 000 000“ kemur 176 800 000
4. — 2. — 11. b. (Söluskattur af vörusölu og þjónustu).
Fyrir „200 000 000“ kemur 215 000 000

5, Við 2. gr. 11. (Bráðabirgðasöluskattur).
Fyrir „188 000 000“ kemur 202 000 000
6. — 2. — 11. (Jöfnunarsjóður sveitarfélaga).
Fyrir „78 000 000“ kemur 83 400 000
7. — 2. — 12. (Innflutningsgjald).
Fyrir „155 000 000“ kemur 105 000 000

Sþ. 183. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962 og við brtt. á þskj. 182.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, IG).

1. Við brtt. 182,1. (Við 2. gr. 3. — Verðtollur).
Fyrir „433 600 000“ kemur 483 600 000
2. — — 182,2. (Við 2. gr. 5. — Gjald af innlendum tollvörum).
Fyrir „39 300 000“ kemur 43 300 000
3. — — 182,3. (Við 2. gr. 11. a. — Söluskattur af innfluttum vörum).
Fyrir „176 800 000“ kemur 191 800 000
4. — — 182,4. (Við 2. gr. 11. b. — Söluskattur af vörusölu og þjónustu).
Fyrir „215 000 000“ kemur 230 000 000
5. — — 182,5. (Við 2. gr. 11. — Bráðabirgðasöluskattur).
Fyrir „202 000 000“ kemur 220 000 000
6. — — 182,6. (Við 2. gr. 11. — Jöfnunarsjóður).
Fyrir „83 400 000“ kemur 87 000 000
7. — — 182,7. (Við 2. gr. 12. — Innflutningsgjald).
Fyrir „105 000 000“ kemur 115 000 000
8. Við 10. gr. I. 2. j. (Efnahagsmálaráðuneytið).
Liðurinn fellur niður.
9. — 10. — I. 2. n. (Annar kostnaður ráðuneytanna).
Fyrir „3 300 000“ kemur 2 800 000
10. — 10. — II. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn).
Liðurinn fellur niður.
11. — 10. — II. 1. Nýr liður:
Sendiráð á Norðurlöndum 3 000 000
12. — 10. — II. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi).
Liðurinn fellur niður.
13. — 10. — II. 5. Liðurinn orðist svo:
Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC 2 630 000
14. — 10. — II. 6. (Sendiráðið í Osló).
Liðurinn fellur niður.
15. — 10. — II. 12 og 13. Í stað liðanna kemur einn liður:
Kostnaður vegna samninga við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins .. 2 623 000
16. — 11. — A. 21. Liðurinn orðist svo:
Bifreiðaeftirlit ríkisins:
a. Laun 1 384 628
b. Annar kostnaður 1 600 000
c. Kostnaður við eftirlit á vegum 311 675
3 296 303
÷ Tekjur 3 296 303

17. Við 11. gr. A. 22. (Kostnaður við eftirlit á vegum).
Liðurinn fellur niður.
18. — 13. — A. II. a. (Til nýrra akvega).
Fyrir „20 480 000“ kemur 29 480 000
19. — 13. — A. III. (Brúargerðir).
Fyrir „11 280 000“ kemur 14 280 000
20. — 13. — C. VII. (Hafnarmannvirki og lendingarbætur).
Fyrir „13 500 000“ kemur 16 500 000
21. — 14. — A. II. a. (Til styrktar íslenzkum námsmönnum).
a. Fyrir „7 278 000“ kemur 8 042 000
b. Fyrir „5 077 000“ í aths. kemur 5 525 000
22. — 16. — A. 6. b. (Jarðræktarvélar).
Fyrir „1 000 000“ kemur 2 000 000
23. — 16. — B. 10. (Síldarleit og fiskrannsóknir).
Fyrir „2 200 000“ kemur 3 200 000
24. — 17. — IV. 2. Nýr liður:
Framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs 28 500 000
25. — 19. — 1. (Niðurgreiðsla og útflutningsuppbætur).
Fyrir „300 000 000“ kemur 373 800 000
26. — 19. — 3. (Fyrningar).
Liðurinn fellur niður.
27. — 19. — 4. (Óviss útgjöld).
Fyrir „10 000 000“ kemur 5 000 000
28. — 20. — Út. IV. (Byggingar á jörðum ríkisins).
Fyrir „1 800 000“ kemur 2 600 000
29. — 20. — Út. XXII. (Til atvinnu- og framleiðsluaukningar).
Fyrir „10 000 000“ kemur 15 000 000
30. — 20. — Út. XXX. (Endurnýjun á bifreiðum ríkisstofnana).
Liðurinn fellur niður.

Sþ. 184. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (KGuðj).

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 2. I. (Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, sala).
Fyrir „427 634 000“ kemur 437 634 000
2. — 10. — II. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn).
Liðurinn fellur niður.
3. — 10. — II. 1. (Nýr liður):
Sendiráð á Norðurlöndum 2 000 000
4. — 10. — II. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi).
Liðurinn fellur niður.
5. — 10. — II. 6. (Sendiráðið í Osló).
Liðurinn fellur niður.
6. — 11. — A. 10. b. Liðurinn orðist svo:
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 2 288 623
7. — 11. — A. 11. d. (Vinnuhæli að Kvíabryggju).
Liðurinn fellur niður.

8.	Við 12. gr.	IX. (Bygging sjúkrahúsa o. fl.). Fyrir „5 275 000“ kemur		7 500 000
9.	— 13. —	A. II. a. (Til nýrra akvega). Fyrir „20 480 000“ kemur		22 650 000
10.	— 13. —	A. II. c. (Til endurbyggingar þjóðvega). Fyrir „800 000“ kemur		1 000 000
11.	— 13. —	A. III. (Til brúargerða). Fyrir „11 280 000“ kemur		12 250 000
12.	— 13. —	A. IV. (Til endurbyggingar gamalla brúa). Fyrir „1 425 000“ kemur		1 600 000
13.	— 13. —	A. X. (Til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum af bifreiðaskatti). Fyrir „95 000“ kemur		2 000 000
14.	— 13. —	C. VII. (Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta). Fyrir „13 500 000“ kemur		20 000 000
15.	— 14. —	B. XI. b. 1. Nýr liður: Til bókasafns Dagsbrúnar, Reykjavík		100 000
16.	— 14. —	B. XIII. (Til skálda, rithöfunda og listamanna). Fyrir „1 260 000“ kemur		1 435 000
17.	— 16. —	A. 27. (Til mjólkurbúa og smjörsamlaga). Fyrir „95 000“ kemur		2 000 000
18.	— 16. —	B. 8. Nýr liður: Til að hreinsa veiðisvæði bátaflotans af þorskanetaleifum		1 000 000
19.	— 16. —	C. 1. Nýr liður: Til Iðnnemasambands Íslands		50 000
20.	— 17. —	III. 7. (Orlofsheimili verkalýðssamtakanna). Fyrir „475 000“ kemur		1 000 000
21.	— 17. —	IV. 2. Nýr liður: Framlag til atvinnuleysistryggingannna samkvæmt lögum nr. 29/1956		28 500 000
22.	— 17. —	V. 10. Nýr liður: Til Sjálfsbjargar, Akureyri, byggingarstyrkur		75 000
23.	— 19. —	1. (Niðurgreiðsla á vöruverði og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir). Fyrir „300 000 000“ kemur		373 800 000

Sþ. 185. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frv. Allar tillögur um breytingar á gjaldabálki frv. eru þó fluttar af nefndinni sameiginlega, en fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins lýstu sig andvíga breytingartillögum við tekjuáætlun frv., og varðandi einstaka liði í hinum sameiginlegu tillögum nefndarinnar áskildu þessir nefndarmenn sér rétt til flytja eða styðja breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Nefndin hóf athugun á frv. 19. okt. og hefur síðan haldið 37 fundi um málið auk margvíslegra athugana utan funda.

Tekin hafa verið til meðferðar hátt á fimmta hundrað erindi frá ráðuneytum, ríkisstofnunum, félögum, félagasamböndum og einstaklingum. Þá ræddi nefndin við

forstöðumenn helztu stofnana ríkisins og allmarga aðra, er óskuðu eftir viðtali við hana. Kapp hefur verið lagt á að hraða störfum nefndarinnar, svo að unnt verði að afgreiða fjárlög endanlega fyrir áramót.

Í samræmi við þá yfirlýsingu hæstvirtrar ríkisstjórnar, að ekki væri fyrirhugað að leggja á nýja skatta, hefur meiri hluti nefndarinnar miðað afgreiðslu frv. við það að hækka gjaldaliði frv. eigi meira en svo, að það samsvari sem næst þeirri hækkun, sem talið er fært að gera á tekjuáætlun frv. samkvæmt því, sem vitað er nú um árið í ár.

Takmörkuð fjárráð valda því, að mörgum nauðsynja- og umbótamálum er ekki unnt að sinna, t. d. ekki fært að auka framlög til ýmissa framkvæmda, sem beðið er með óþolinmæði eftir að gerðar verði.

Fjárlagafrv. ber með sér, að þeirri stefnu hefur verið fylgt að gæta ýtrasta sparnaðar í rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Nefndin hefur einnig miðað tillögur sínar við það sjónarmið. Fjármálaráðherra skýrði frá því í framsöguræðu sinni með fjárlagafrumvarpinu, að enn sé unnið að athugunum á því, hvað unnt sé að gera til aukinnar hagsýni og sparnaðar í rekstri ríkisins og stofnana þess. Meiri hluti nefndarinnar fagnar því og er þess fullviss, að einmitt með vandlegum undirbúningi og athugunum muni árangur í þeim efnum verða beztur.

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir helztu breytingartillögum nefndarinnar við fjárlagafrumvarpið.

Um 11. gr. A.

Liðurinn 8. c. hækki um 100 þús. kr. vegna aukins kostnaðar. Liðurinn 10. b. 1 lækki um 300 þús. kr. vegna fyrirhugaðrar fækkunar um 3 lögregluþjóna. Liðirnir 14 og 18 hækki um samtals 70 þús. kr., og er það leiðrétting vegna aukins kostnaðar. 24. liður hækki um 50 þús. kr. vegna launahækkunar, eftir að áætlun var samin.

Um 12. gr.

IV. liður hækki um 80 þús. kr. vegna kaupa á röntgentæki. V. liður hækki um 100 þús. kr. vegna nauðsynjar á að auka starfslið stofnunarinnar. VI. liður hækki um 150 þús. kr., leiðrétting vegna fjölgunar legudaga. IX. liður hækki um 1725 þús. kr. vegna mjög brýnnar þarfar að dómi landlæknis. Loks er nýr liður, vegna framhaldsnámskeiðs fyrir lækna á vegum Læknafélags Íslands, 20 þús. kr.

Um 13. gr. A.

I. liður hækki um 70117 kr., er það leiðrétting vegna hækkunar launa, eftir að áætlun var gerð. Nýr liður er 1.2 millj. kr. til samgöngubóta á landi. V. liður, fjallvegir, hækki um 165 þús. kr. Nýir liðir eru ferjubryggjur, 80 þús. kr., og 200 þús. kr. til að gera tilraunir samkv. þingsályktun um rykbindingu á þjóðvegum, er samþykkt hefur verið á Alþingi. XII. liður hækki um 25 þús. kr. XIII. liður, til fyrrverandi vegaverkstjóra og vegaverkstjóraekkna, hækki um 193 þús. kr. Verulegur hluti hækkunarinnar hefði annars samkvæmt venju komið á 18. gr.

Um 13. gr. B.

VII. liður hækki um 300 þús. kr. VIII. liður, til hafnarbótasjóðs, hækki um 4 millj. kr. vegna skemmda, er nýlega urðu í ofviðri, og eldri skemmda.

Um 13. gr. E.

Liðurinn 1. E hækki um 20 þús. kr. til leiðréttingar, en liðurinn F um 30 þús., og er það einnig leiðrétting.

Um 13. gr. F.

Liðurinn til landmælinga hækki um 200 þús. kr. vegna kortagerðar. Nýr liður er 50 þús. kr. til flugbjörgunarsveitarinnar á Akureyri til áhaldakaupa. Nýr liður, til lagfæringar á jarðraski í Hveragerði, 100 þús. kr.

Um 14. gr. A.

Vegna kostnaðar við skólastjórn menntaskólanna í Reykjavík, á Akureyri og Laugarvatni hækki fjárveiting til hvers skóla um 10 þús. kr. Liðurinn X. 23 hækki um 5000883 kr. Við XI. 1 bætist nýr liður, 1 millj. kr. til byggingar skólans, en jafnframt er fellt niður framlag til skólans í frv. á 20. gr., 450 þús. kr., svo að hækkunin nemur 550 þús. kr. Liðurinn XI. 30 hækki um 306071 kr. Liðurinn XV. 2, til íþróttasjóðs, hækki um 250 þús. kr. 6. liður hækki um 10 þús. kr. og 9. liður um 30 þús. kr. Nýir liðir eru: Íþróttaskólinn, Reykjadal 50 þús. kr., og Íþróttasamband Íslands, byggingarstyrkur, 150 þús. kr., fyrsta greiðsla af þremur.

Um 14. gr. B.

III. liður, þjóðminjasafnið, 2. og 8. liður hækki um samtals 47 þús. kr. Þá eru nokkrar hækkanir á þessari grein vegna leikfélaga, er ekki hafa áður notið styrks, og til landssambanda kóra og lúðrasveita, einn nýr tónlistarskóli og einn nýr námsstyrkur. Auk þess er nýr liður, undirliður b við LXXII, vegna endurbóta á Þingvallabæ, 150 þús. kr.

Um 15. gr.

X. liðurinn hækki um 200 þús. kr. XII. liðurinn hækki um 25 þús. kr.

Um 16. gr. A.

Nokkrir liðir um fyrirhleðslur hækka um samtals 260 þús. kr. Er hér um algert lágmark að ræða að dómi vegamálastjóra, svo að unnt sé að forða frekara tjóni. 23. liður b hækki um 320 þús. kr. Vegna síaukinna verkefna sandgræðslunnar er þessi hækkun talin óhjákvæmileg. Sauðfjársjúkdómavarnir, b-liður, hækki um 240 þús. kr. 44. a, bændaskólinn á Hólum, við bætist nýr liður: til lagfæringa og endurbóta, 1.5 millj. kr. Liðurinn 45. a. 4, viðhaldskostnaður, hækki um 41 þús. kr. Við 45. d bætist nýr liður: til hitaveitu, 25 þús. kr. Liðurinn 45. f. 4, viðhaldskostnaður, hækki um 75 þús. kr. Liður 45. j, til byggingar skóla, hækki um 200 þús. kr.

Um 16. gr. B.

Liður 5, til haf- og fiskirannsókna, hækki um 250 þús. kr. 8. liður, til að leita nýrra fiskimiða, hækki um 1 millj. kr. Við bætist nýr liður: vegna aukavinnu matsmanna 90 þús. kr.

Um 16. gr. C.

7. liður, til byggingar iðnskóla í Reykjavík, hækki um 550 þús. kr.

Um 16. gr. E.

Liðurinn I. 2 hækki um 29920 kr. vegna leiðréttingar. Liðurinn 3. b hækki um 150 þús. kr., sem talið er óhjákvæmilegt vegna aukningar starfseminnar. IV. liður 1, til Verzlunarskóla Íslands, hækki um 355 þús. kr.

Um 17. gr.

Við bætist í lið I framlag til vatnsöflunar í Kelduhverfi og að Hellnum, samtals 125 þús. kr., en í V styrkir til nokkurra barnaheimila, elliheimilisins í Skjaldarvík og Sjálfsbjargar á Akureyri, samtals 135 þús. kr. Þá er nýr liður á þessari grein: til almannavarna, 1 millj. kr.

Um 20. gr.

IX. liður, til flugvallagerðar og flugöryggistækja, hækki um 2 millj. kr. XII. liður 2, til byggingar menntaskóla í Reykjavík, hækki um 1 millj. kr. XII. liður 7, garðyrkjuskólinn á Reykjum, hækki um 150 þús. kr. 9. liðurinn hverfi, sbr. 14. gr., en í stað hans kemur í greinina nýr liður: til byggingar bústjórahúss, 100 þús. kr. XXIV. liður, embættisbústaðir dýralækna, hækki um 158 þús. kr. Við

bætast tveir nýir liðir: tilraunastöðin að Reykhólum (kaup á húsi), 200 þús. kr., og Vestdalseyri, 500 þús. kr. vegna kaupa á eigninni.

Um 22. gr.

Við bætist:

1. Ríkisstj. er heimilt að taka að láni allt að 4 millj. kr. til byggingar eldisstöðvar fyrir lax og silung í Kollafirði.
2. Ríkisstj. er heimilt að selja Sigurði Kristjánssyni sóknarpresti á Ísafirði prestssetursbúsið við Pólgötu á Ísafirði.
3. Ríkisstj., er heimilt að verja 100 þús. kr. til byggingar kláfferju yfir Tungnaá hjá Haldi.
4. Ríkisstj. er heimilt að veita Dráttarbraut Akraness ríkisábyrgð fyrir láni allt að 3.5 millj. kr. (Endurveiting).
5. Heimild til að gefa eftir aðflutningsgjöld af bifreið kirkjubyggingarsjóðs Kópavogskirkju.
6. Ríkisstj. skal heimilt að ábyrgjast lán að upphæð 1 millj. kr. vegna rannsóknarstofu háskólans við Barónsstíg.
7. Ríkisstj skal heimilt að ábyrgjast lán að upphæð 500 þús. kr. fyrir Barðstrendingafélagið í Reykjavík (vegna gistihússbyggingar).

Um tekjuhlið frv.

Meiri hlutinn leggur til, að þessar breytingar séu gerðar með hliðsjón af reynslu ársins í ár og þeim breytingum, sem tollalækkun sú, er nýlega var samþykkt á Alþingi, virðist munu hafa á tekjur ríkissjóðs: Verðtollur hækki um 38.6 millj. kr. Gjald af innlendum tollvörum hækki um 2.3 millj. kr. Söluskattur að frádregnu framlagi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækki um 35.4 millj. kr. Innflutningsgjald lækki um 50 millj. kr. (vegna tollabreytinganna).

Samkvæmt þessu verður nettóhækkun tekjuáætlunar frv. 26.3 millj. kr., en gjaldahækkanir samkv. tillögum nefndarinnar nema samtals 26262991 kr.

Enn eru nokkur mál óafgreidd hjá nefndinni auk endurskoðunar 18. gr., sem að venju bíður 3. umr. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga.

Alþingi, 10. des. 1961.

Kjartan J. Jóhannsson, form., frsm. Hjörtur Hjálmarsson, fundaskr. Guðl. Gíslason.
Jón Árnason. Gunnar Gíslason.

Sþ. 186. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Svo sem venja hefur verið, gerir meiri hluti fjárveitinganefndar grein fyrir þeim tillögum, sem fluttar eru í umboði allrar nefndarinnar. Aðild okkar fulltrúa Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd að þeim er með þeim hætti, að við höfum óbundnar hendur um fylgi við hverja einstaka þeirra, svo sem verið hefur.

Ríkisstjórnin fylgir við afgreiðslu þessara fjárlaga sömu stefnu og hún hefur fylgt við afgreiðslu fjárlaga, síðan hún kom til valda. Meginatriði þeirrar stefnu eru þessi:

1. Síhækkandi fjárlög, þ. e. meiri álögur á þjóðina.
2. Gjaldabyrðarnar færðar af þeim efnameiri yfir á þá efnaminni.
3. Ýmis lögboðin útgjöld ríkissjóðs ekki tekin á fjárlagafrv.
4. Dregið úr framlagi til uppbyggingar í landinu.
5. Útþensla ríkisbáknsins ráðandi. Sparnaður nær enginn.

Skal nú nokkru frekar að þessum atriðum vikið.

Á valdatíma núverandi stjórnarflokka hafa fjárlög hækkað um 930 millj. kr. eða meira en tvöfaldazt á þremur árum. Hér er þó ekki allt talið, því að ýmsar ríkisstofnanir, sem höfðu áður fjárveitingu á fjárlögum, svo sem póstur og sími, hafa nú verið að láta auka svo álögur sínar á almenning, að ríkissjóður leggur þeim ekki lengur til neitt framkvæmdafé. T. d. voru útgjöld ríkissjóðs vegna pósts og síma á 20. gr. fjárlaga 1958 yfir 10 millj. kr., og þá voru tekjur þessara stofnana áætlaðar 103.6 millj. kr. Hins vegar er pósti og síma ætlað nú að annast sjálfum uppbyggingu sína, enda hafa tekjur stofnunarinnar verið auknar svo með álögum á almenning, að þær eru nú 216.9 millj., hafa meira en tvöfaldazt á þremur árum.

Á fjárlögum 1958 lagði ríkissjóður Skipaútgerð ríkisins til 15.7 millj. kr. Framlag þetta varð til þess að draga verulega úr kostnaði við vörudreifingu í landinu. Nú hefur ríkissjóður lækkað þetta framlag um rúmlega þriðja hluta eða í 10 millj. kr. Að vísu má gera ráð fyrir, að þessi áætlun sé óraunhæf og hallinn reynist meiri, en greinileg er stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli sem öðrum. að ætla hinum almenna neytanda, er þessara viðskipta nýtur, að bera uppi meira en verðhækkunina, sem orðin er síðan 1958.

Auk þess sem álögur hafa verið auknar með hækkun á farm- og fargjöldum hjá Skipaútgerðinni, hefur verið dregið úr þjónustu hennar við landsmenn og ráðgerð enn lakari þjónusta á því sviði.

Þetta frumvarp er greinilega trútt þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að færa byrðarnar af þeim efnameiri yfir á þá efnaminni. Með gengislækkuninni í sumar var enn höggvið í þann knérunn, enda eru tekjur af sölusköttum áætlaðar yfir 500 millj. kr. á þessu fjárlagafrumvarpi.

Í nefndaráliti okkar á síðasta þingi töldum við, að nokkrir útgjaldaliðir væru óraunhæft áætlaðir, gert væri ráð fyrir þeim lægri til útgjalda en þeir mundu reynast. Þar til nefndum við m. a. útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur, og t. d. var kostnaður við álagningu skatta áætlaður eftir nýju kerfi, sem ekki var vitað, hvernig yrði, og hefur ekki enn þá verið sýnt í frumvarpsformi, hvað þá meira.

Þessi stefna virðist heilla hæstv. fjármálaráðherra, því að nú er lengra gengið á þessari braut. Lögboðin útgjöld eru ekki færð á fjárlagafrv., svo sem framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs, 28.5 millj. kr. Talað er um í athugasemdum fjárlagafrv., að greiða eigi framlagið með skuldabréfum. Ekki getum við á þá stefnu fallizt, að ríkissjóður taki upp þann hátt að taka lán vegna lögbundinna rekstrarútgjalda. Þetta verður að leiðrétta, og flytjum við tillögu um það.

Niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur eru áætlaðar í fjárlagafrumvarpi 300 millj. kr. Fyrir liggur, að til þeirra þurfi á næsta ári að óbreyttum reglum 373.8 millj. kr. Fram hefur komið í fjárveitinganefnd sú skýring á þessari áætlun, að verið sé að endurskoða reglur um niðurgreiðslur og sé þessi áætlun miðuð við breyttar reglur. Ekki er fjárveitinganefnd kunnugt um þessar væntanlegu reglur, og fyrir því er slæm reynsla hjá nefndinni að afgreiða út á væntanlegar breytingar, samanber fyrirhugaða breytingu á skattalögum, sem vitnað er til hér að framan. Það er svo um þetta mál að segja, að það væri sannarlega að fara aftan að fólki að greiða niður vörur, eins og gert var í ríkum mæli t. d. 1959 af núverandi stjórnarflokkum, meðan vísitalan hafði áhrif á kaupgjald, en draga verulega úr niðurgreiðslum, þegar samband á milli kaupgjalds og verðlags er með öllu rofið og kjör almennings hafa verið skert frá því, sem var 1958. Verður því að hækka þessa

fjárhæð í fjárlagafrv. um 73.8 millj., enda verður ekki breyting gerð á útflutningsbótum til landbúnaðarvara, án þess að brugðið sé samkomulagi við bændur.

Þessar tvær fjárveitingar, sem samtals eru 102.3 millj., eru hinar veigamestu af vantöldum útgjöldum fjárlagafrv. Til viðbótar má nefna rafmagnsveitur ríkisins. Ekki er séð, hvernig þeirra fjármál verða leyst. Eftir því sem upplýst var af raforkumálastjóra, vantar verulega fjárhæð til að mæta útgjöldum þeirra. Jarðboranirnar á hins vegar að afgreiða með lántöku, að því er fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Einnig mun vanta nokkuð á fjárveitingu vegna nokkurra smærri útgjaldaliða, svo sem til eyðingar refa og minka, til að framkvæma sundskyldu í skólum o. fl., sem bundið er af lögum. Ekki er alveg ljóst, hver ástæðan fyrir þessum vanáætlunum er, þar sem svo virðist, að tekjumöguleikar séu fyrir hendi til að mæta þessum útgjöldum. Verður helzt að ætla, að ríkisstjórninni hrjósi hugur við þeirri hækkun fjárlaga, er hefur orðið í valdatíð hennar, og reyni að blekkja með þessum feluleik.

Hér að framan hefur verið að því vikið, hve gífurlegar álögur hafa verið lagðar á þjóðina og teknar í ríkissjóð samkvæmt fjárlögum. Ekki segir það þó alla söguna um álögur núverandi ríkisstjórnar á almenning, svo sem áður hefur verið gerð grein fyrir af okkur Framsóknarflokksmönnum, t. d. við fjárlagaafgreiðslu 1960. Þó voru þær álögur, er gerðar voru þá, ekki látnar nægja, því að með bráðabirgðalögum frá 3. ágúst s. l. ákvað ríkisstjórnin að taka gengishagnaðinn af útflutningsvörum landsmanna og hafði þannig náð til ríkissjóðs 75.4 millj. kr. af þessum tekjustofni 30. nóv. s. l. Þessi fjárheimta ríkissjóðs er ein sönnun þess, að gengisbreytingin s. l. sumar var ekki gerð í þágu atvinnuveganna né vegna kauphækkunarinnar, heldur vegna samdráttar- og eyðslustefnu ríkisstjórnarinnar.

Eins og að líkum lætur, varðar það almenning, hve miklar álögur eru á hann lagðar. Hitt skiptir þó ekki minna máli, til hvers varið er því fé, sem af fólkinu er tekið.

Það hefur verið almenn skoðun í þessu landi, að svo mikil nauðsyn væri þjóðinni að byggja upp og bæta land sitt, að mikið mætti að sér leggja til þess, að það mætti takast.

Núverandi ríkisstjórn er hér sem á fleiri sviðum á öðru máli. Á árunum 1950—1958, meðan Eysteinn Jónsson var fjármálaráðherra, var varið að meðaltali 28.5% af heildarútgjöldum fjárlaga til uppbyggingar og til atvinnuveganna í landinu, en af útgjöldum fjárlaga 1962 munu um 17% fara til þessa, svo ör hefur breytingin orðið á þessum árum í þágu samdráttarstefnunnar og eyðslustefnunnar.

Ef varið væri sömu hlutfallstölu fjárlaga 1962 til framkvæmda við vegi, brýr og hafnir og gert var í fjárlagafrv. 1958, ættu framlög til þeirra að hækka sem hér segir:

Til vega	16.1	millj. kr.
— brúa	12.6	— —
— hafna	10.5	— —
Samtals	39.2	millj. kr.

Ef aðeins á að halda í horfinu frá 1961, þarf að hækka fjárveitinguna á þessum liðum um allt að 15 millj. kr.

Þessi fáu dæmi sýna ljóslega, hvert stefnir í þessum efnum.

Fjárveiting ríkisins til hafna í heild er ekki meiri en svo, að það mun taka ríkissjóð tvö ár að greiða áfallinn kostnað af hafnarframkvæmdum, miðað við sömu fjárveitingu, og nærri fimm ár að ljúka áfallinni greiðslu og framkvæmdum þeim, sem ráðgerðar eru næsta sumar. Öllum ætti að vera augljóst, hvert stefnir með þetta undirstöðuatriði í atvinnuvegum okkar. Um vega- og brúargerð er sömu sögu að segja, jafnvel eru til heil héruð, þar sem búið er að vinna að mestu fyrir alla fjárveitinguna, er til vegagerða er ætluð á næsta ári. Þessi þróun er enn frá-

leitari, þegar það er haft í huga, að ríkisstjórnin tekur nú meiri skatt af umferðinni en nokkur ríkisstjórn hefur áður gert. Fleiri dæmi mætti nefna, er sanna, hvert stefnir um þær fjárveitingar ríkissjóðs, sem varið er til uppbyggingar í landinu, svo sem flugvallagerð. Enn má nefna, að fjárþörf íþróttasjóðs er yfir 20 millj. kr., en veita á til sjóðsins 2.25 millj. kr. Í raun og veru er verið að gera framkvæmd laga um þann sjóð einskis virði. Styrkur sá, er sjóðurinn getur veitt til íþróttamannvirkja, er ekki meiri en svo, að hann hrekkur til vaxtagreiðslu af þeim lánum, sem stofnað er til vegna vangreiðslu sjóðsins.

Hér eru að gerast svo alvarlegir hlutir, að ofan á miklar álögur er dregið úr þjónustu við fólkið og aðstoð við uppbyggingu í landinu. Hyggja skulu því landsmenn að því, til hvers samdráttarstefna ríkisstjórnarinnar er að leiða.

Sparnaðartal stjórnarliða hefur ekki látið á sér standa, þar til helzt nú, að farið er að draga af þeim, enda má með réttu segja, að þeir hafi gefið nægilega mörg fyrirheit um sparnað. Í fyrstu fjárlagaræðu fjármálaráðherra voru gefin 12 sparnaðarloforð og 24 í hinni næstu, og meiri hluti fjárveitinganefndar setti stjórninni fyrir 23 sparnaðaratriði við afgreiðslu síðustu fjárlaga. Þarna voru því 59 sparnaðarloforð, er stjórnin hafði til að framkvæma, og jafnvel kom fjármálaráðherra eitthvað inn á sparnaðartal á s. l. hausti, þótt með minna móti væri, enda var hann þá að tala fyrir hærri fjárlögum en meira að segja hann hafði talað fyrir áður. Sagði fjárlagafrv. síður en svo góða sögu um sparnað, enda hefur hann enginn orðið.

Hins vegar hefur ríkisbáknið þanizt út á marga vegu. Skal lítið eitt af því nefnt.

Nýtt efnahagsmálaráðuneyti hefur verið stofnað, saksóknaraembætti með tilheyrandi skrifstofuliði, sakadómurum fjölgað, og fyrirhuguð er fjölgun á borgarfógetum og borgardómurum í Reykjavík. Hagskýrslugerð ríkisstjórnarinnar kostaði um 300 þús. kr. s. l. ár, og og til þeirrar starfsemi mun verða varið mun meira fé á þessu ári. Árið 1958 voru taldar 38 launaðar nefndir á 19. gr. fjárlaga. Þeim átti að fækka, en urðu samt um 60 talsins árið 1960 og kostnaður 2 millj. eða nærri tvöfaldaður kostnaður frá árinu 1958. Þannig mætti lengi telja, en að sinni munu þessi sýnishorn látin nægja til að minna á, að fyrirheit og framkvæmdir um sparnað og samdrátt ríkisbáknsins eru sitt hvað.

Eins og fram er tekið í upphafi þessa nefndarálits, erum við aðilar að útgjaldatillögum meiri hlutans, þó að við höfum fyrirvara um fylgi við einstakar tillögur, enda eru sumar þessara tillagna hinar sömu og við höfum flutt til breytinga á fjárlögum fyrri ára, svo sem hækkun á framlagi til haf- og fiskirannsókna, leit að nýjum fiskimiðum o. fl.

Um tillögur um skólabyggingar er það að segja, að við lýstum fylgi okkar og unnum að því að leiðrétta rangar áætlanir um skólabyggingar og féllumst á, að leiðrétting á nokkrum skólum yrði ekki gerð fyrr en við undirbúning fjárlaga á næsta hausti. Í sambandi við þessar leiðréttingar á rangri áætlun skólabygginganna viljum við leggja áherzlu á, að við undirbúning skólaframkvæmda verði framvegis fylgt lögum og skipan þeirri, sem fjármálaeftirlit skóla hefur leitazt við að koma á, enda hefur reynslan sýnt, að öllum aðilum er það fyrir beztu. Við viljum hins vegar taka fram, að við höfum fyrirvara í sambandi við nýjar skólabyggingar og viljum leggja áherzlu á það, að hinar dreifðu byggðir verði þar ekki fyrir borð bornar í framtíðinni.

Sumar tillögur meiri hlutans gengu of skammt að okkar áliti, svo sem um verklegar framkvæmdir, og flytjum við breytingartillögur um að hækka framlag til þeirra.

Eins og sýnt er fram á hér að framan, er fjárlagafrv. með halla, þegar þess er gætt, að á frv. vantar lögboðna útgjaldaliði, eins og þegar hefur lýst verið. Hjá því verður ekki komizt að leiðrétta þá útgjaldaliði, svo að fjárlög sýni rétta mynd af útgjöldum ríkissjóðs. Við flytjum því breytingartillögur um, að þetta verði leiðrétt.

Við þá athugun, er við höfum gert á tekjuáætlun fjárlagafrv., eftir að ráðu-

neytisstjórinn í efnahagsmálaráðuneytinu hafði skýrt fyrir fjárveitinganefnd, hvernig tekjuáætlun fjárlagafrv. væri upp byggð, höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að ríkisstjórninni muni ekki haldast uppi að kýta þjóðarbúskapinn svo saman, að gera þurfi ráð fyrir lægri innflutningi en 3.1—3.2 milljarða króna á næsta ári. Samkvæmt því virðist mega hækka tekjur fjárlagafrv. frá tillögum meiri hlutans um 100—115 millj. kr. eða svo, að þau verði hallalaus, eftir að þessar leiðréttingar hafa verið gerðar. Um tillögugerð okkar að öðru leyti er þetta að segja:

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1961 gerðum við grein fyrir afstöðu okkar til tillöguflutnings til útgjalda. Afstaða ríkisstjórnar og þingmeirihluta til framfaramála hjá þjóðinni er enn óbreytt frá því, sem þá var. Við leyfum okkur því að prenta upp kaflann úr nefndaráliti okkar við afgreiðslu síðustu fjárlaga, er skýrir viðhorf okkar til slíkrar tillögugerðar.

„Við afgreiðslu fjárlaga í fyrra gerðum við mjög margar og ítrekaðar tilraunir til að fá hækkun á framkvæmdafé, þ. e. fjárveitingum til vega, brúa, hafna, raforkumála o. fl., enn fremur aukinn stuðning við atvinnuvegina og rannsóknir í þágu þeirra. Allar þessar tillögur voru þá felldar, þó að stjórnarliðar gerðu þá ráð fyrir verulegum greiðsluafgangi. Ástæðan til þess, að við flytjum ekki þessar tillögur nú, er ekki sú, að okkur þyki nóg að gert í þessum málum. Það er fjarri sanni. Það er vegna þess, að við fengum þá staðfest viðhorf stjórnarliða til þeirra og ekki hefur orðið vart hugarfarsbreytingar í þeim efnum. Það er því fyrir fram vitað um afdrif slíkra tillagna. Við hefðum viljað auka hlut fleiri málaflokka af fjárlagafé, ef við hefðum mátt ráða um afgreiðslu fjárlaga, eins og t. d. vísinda og lista. En auk þess sem öll slík tillögugerð er dauðadæmd fyrir fram vegna þeirrar forustu, er nú er á Alþingi, þá hefur samdráttarstefnan, sem er óskabarn þessarar ríkisstjórnar, keyrt fjármála- og athafnalíf þjóðarinnar í kút óvissu og getuleysis. Stefnubreyting í málefnum þjóðarinnar þarf að vera undanfari þess, að eðlilegt athafna- og framkvæmdatímabil geti hafizt á ný."

Eins og við afgreiðslu fjárlaga 1961 leggjum við til nokkra lækkun á útgjöldum fjárlaga, er nemur samtals 17869358 kr. Lækkunartillögur okkar eru þessar:

Um 10. gr.

Við leggjum til, að efnahagsmálaráðuneytið verði lagt niður. Höfum við áður gert grein fyrir þeirri afstöðu okkar. Sparnaður yrði 371683 kr.

Þá er það tillaga okkar að lækka annan kostnað ráðuneytanna um 0.5 millj. kr.

Einnig leggjum við til, að stofnað verði eitt sendiráð á Norðurlöndum. Mundi það leiða af sér sparnað að upphæð 1886000 kr. á næsta ári, og um 3 millj. kr. eftirleiðis, þegar breytingin er komin í framkvæmd.

Þá er það tillaga okkar, að sendiráðið í París verði eitt og sparnaður við þá sameiningu verði 0.5 millj. kr.

Þá gerum við tillögu um, að sparað verði við sendiferðir til samninga við önnur ríki um 0.5 millj. kr.

Um 11. gr.

Lagt er til, að eftirlit á vegum verði kostað af tekjum bifreiðaeftirlitsins. Sparnaður nemur 311675 kr.

Um 13. gr.

Við leggjum til, að framlag til nýbyggingar þjóðvega og til endurbyggingar þjóðvega verði hækkað um 9 millj. kr. Er þessi tillaga okkar við það miðuð, að framkvæmdir geti haldizt eins og þær voru 1960, aðeins færð upp um verðhækkunina, er síðar hefur orðið. Fjárveiting, er fór til Mýrdalssands á s. l. ári, er tekin með í þessa fjárveitingu. Hún var felld niður af fjárlagafrv., en við tökum tillit til hennar í þessari leiðréttingu. Fjárveiting til brúargerða leggjum við til að hækki um 3 millj. eða svo að framkvæmdir haldist frá 1960, en auknum kostnaði mætt.

Einnig leggjum við til, að framlag til hafna hækki um 3 millj. kr. af sömu ástæðu. Hins vegar skal það tekið fram, að hér er ekki nóg að gert að okkar dómi, aðeins reynt að stöðva það undanhald, sem verið hefur.

Um 14. gr.

Við leggjum til, að framlag til styrktar íslenzkum námsmönnum hækki um 764 þús. kr. Er þessi hækkun gerð til þess, að Lánasjóður íslenzkra námsmanna fái framlag samkvæmt lögum frá síðasta þingi.

Um 16. gr.

Enn gerum við tillögu um, að framlag til kaupa á jarðræktarvélum verði hækkað, nú um 1 millj. kr. Enn fremur leggjum við til, að framlag til síldardeildar og fiskirannsókna hækki um 1 millj. kr.

Um 17. gr.

Lagt er til, að lögboðið framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs, 28.5 millj. kr., verði tekið á þessa grein fjárlagafrv., svo sem á að vera.

Um 19. gr.

Gerð er tillaga um að taka 73.8 millj. kr. til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta, svo að hægt verði að inna þær af hendi, svo sem verið hefur. Hins vegar er lagt til að lækka óviss útgjöld um 5 millj. kr. og því treyst, að þar verði fyllstu sparsemi gætt. Enn fremur leggjum við til, að fjárveiting til fyrninga, 8 millj. kr., falli niður. Er því um sparnað að ræða á þessari grein að fjárhæð 13 millj. kr.

Um 20. gr.

Framlag til bygginga á jörðum ríkisins leggjum við til að hækki um 0.8 millj. kr. og aukið verði framlag til atvinnuaukningar um 5 millj. kr. Þá yrði sama fjárhæð veitt nú og 1957. Mun ekki af þeirri fjárhæð veita vegna atvinnuframkvæmda víðs vegar um landið.

Við leggjum svo til, að niður falli 0.8 millj. kr. á 20. gr., sem ætlaðar eru til að endurnýja bílakost ríkisstofnana.

Tillögur þær til útgjalda, er við flytjum, eru fyrst og fremst til leiðréttingar á útgjaldahlið fjárlagafrv. Þeim er mætt með því að leiðrétta tekjuáætlunina. Hins vegar mætum við útgjaldatillögum okkar að mestu með tillögum um sparnað á útgjöldum fjárlagafrv., en flytjum tillögur um breytingar á tekjuhlið fjárlagafrv. til að mæta þeim útgjöldum, sem við leggjum til umfram lækkanir.

Eins og sýnt hefur verið fram á í þessu nefndaráliti, einkennist þetta fjárlagafrumvarp af samdráttarstefnu ríkisstjórnarinnar, þar sem auknar álögur á almenning eru á aðra hlið, en aukin rekstrarútgjöld ríkissjóðs á hina. Það er ljóst, að stefnubreyting hjá ríkisstjórn er það, sem koma þarf, svo að þjóðin geti tekið aftur þá stefnu að bæta land sitt og búa í haginn fyrir þá, sem eiga að erfa landið. En til þess að svo verði, þurfa þeir stjórnarflokkar, er nú hafa meiri hluta á Alþingi, að tapa fylgi með þjóðinni. Fyrir íslenzku þjóðina verður það þeim mun betra, því fyrr sem það gerist.

Alþingi, 11. des. 1961.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Ingvar Gíslason.

Sþ. **187. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárlögin fyrir árið 1962 verða hin þriðju í röðinni, sem mótast af því efnahagskerfi, sem nefnt hefur verið Viðreisn. Síðustu fjárlögin, sem byggð voru á öðrum grunni, voru fyrir árið 1959.

Það, sem Viðreisnina einkennir öðru fremur, er lækkað verðgildi peninganna. En þrátt fyrir verðgildisrýrnun krónunnar við upphaf hins breytta efnahagskerfis var þó hið almenna kaupgjald í landinu óbreytt um langt skeið, svo að tvenn hin fyrstu Viðreisnarfjárlög miðuðust við óbreyttar launagreiðslur til launþega og óhreyfðan launaliðinn í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara.

En þótt bændur og launþegastéttir landsins yrðu þannig að taka þungann af hinu rýrða verðgildi krónunnar á sitt bak án tekjuhækkana, þá gerði ríkissjóður ósmáar ráðstafanir til þess að afla sér nýrra og aukinna tekna.

Ef gerður er samanburður á heildarupphæð fjárlaga fyrir þrjú síðastliðin ár, þ. e. árið 1959 og Viðreisnarárin tvö, lítur hann þannig út:

Fjárlög 1959	.....	1033 millj. kr.
— 1960	.....	1501 — —
— 1961	.....	1588 — —

Á Viðreisnarárunum tveimur hafa því verið teknar um 500 millj. kr. hvort árið um sig af landsfólkinu í ríkissjóð umfram það, sem dæmi voru hæst til um áður, og árleg fjárlagaupphæð hafði hækkað um nálega 54% frá árinu 1959.

Þessi mikla hækkun hefur auðvitað verið öllum þorra landsmanna mikil þolraun, enda eru nær allar tekjur ríkissjóðs teknar sem skattar eða einhvers konar álag á vöruverð.

Sú skýring, að víxlverkanir hækkaðs kaupgjalds og verðlags ættu sök á þeirri þenslu, sem hér varð á fjárlögum 1960 og 1961, kemur auðvitað ekki til greina, þótt oft hafi hún þótt nytsamleg og viðeigandi. Hér hafði kaupgjaldið hreint ekki tekið þátt í neinu kapphlaupi og dýrtíðardraugurinn náð sínum einstæða árangri öldungis keppnislaust af kaupgjaldsins hálfu.

Nú þyrfti það ekki að vera slæm þróun, þótt ríkið tæki til sín aukið fjármagn af þegnunum, ef notkun þess horfði til aukinna framfara. En þrátt fyrir alla tekjuaukninguna, sem ríkið hefur til sín tekið, er það þó deginum ljósara, að framkvæmdaliðir ríkisútgjaldanna hafa á þessu tímabili rýrnað að verðgildi. Hinir helztu þeirra hafa því sem næst staðið óbreyttir í krónutölu og þar með dregizt saman í raun í svipuðu hlutfalli og verðgildi peninganna hrakaði. Það er eyðsla ríkissjóðs til embættisrekstrar og daglegra útgjalda, sem svelgt hefur allan tekjuaukann.

Og nú er komið að setningu þriðju Viðreisnarfjárlaganna, fjárlaga fyrir árið 1962. Í einu og öllu er þar stefnt í sömu slóð og áður. Hvergi örlar á sparnaðinum, sem ráðherrar og fylgilið þeirra hafa boðað í ræðu og riti við afgreiðslu fjárlaga að undanförnu. Vegna enn nýrrar gengisfellingar, sem ríkisstjórnin framkvæmdi með bráðabirgðalögum í ágústmánuði í sumar er leið, og ráðstafana hennar í framhaldi af þeirri lagasetningu hækka fjárlögin enn. Þegar er sýnilegt, að þau koma að þessu sinni til með að verða að heildarfjárhæð fram undir 1750 millj. kr., en þá er hækkunin orðin rétt við 70% á þrem árum.

En þótt þessi hækkun sé ærin, segir hún þó ekki alla hækkunarsöguna. Af einhverjum ástæðum hefur ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar ákveðið að henda tveim stórum útgjaldaliðum út af fjárlögunum, þótt þeir eigi þar óumdeilanlega að vera, þar eð hvorki hafa verið samþykkt lög um að breyta gildandi lögum um

þá né heldur hefur stjórnin gert þinginu neina þá grein fyrir nýrri skipan reglna, er fara skuli eftir, þannig að áætlanir þær, sem hún vill láta standa í fjárlögum séu raunhæfar.

Hinn fyrri þessara liða er framlag ríkissjóðs til atvinnuleysistryggingasjóðs. Það framlag þarf að vera 28.5 millj. kr. og er lögbundið í sérstökum lögum, nr. 29/1956, og er það þar með hluti af óhjákvæmilegum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs. Í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið er þetta líka viðurkennt, en sú skýring gefin á niðurfellingu upphæðar þessarar af frumvarpinu, að þetta eigi að borgast með skuldabréfum til nokkurra ára. Enn mun ríkissjóður ekkert hafa samið um nein skuldabréfaviðskipti við sjóðstjórnina. En jafnvel þótt einhverjir slíkir samningar kynnu að takast, þá breytir það ekki því, að hér er um ótvíræð ríkisútgjöld að ræða, sem ríkissjóður verður að standa skil á, hvort sem hann aflar sér lánsfjár til þess eða greiðir af eigin fé, og því á upphæðin að standa á fjárlögum.

Að hinu leytinu er svo áætlunarupphæð fjárlagafrumvarpsins um niðurgreiðslur ríkissjóðs á vöruverði og útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 73.8 millj. kr. lægri en vitað er að hún þarf að vera, ef fara á eftir sömu reglum í þessum efnum og gert hefur verið nú um skeið. Alþingi hefur enga vitneskju fengið um, hverju áformað sé að breyta um framkvæmd þessa fjárlagaliðar. Það liggur hins vegar í augum uppi, að verði horfið frá þessum greiðslum að einhverju leyti, hækkar verðlagið á hinum nauðsynlegustu vörum að sama skapi. Alþingi hefur nýlega samþykkt lög, sem miða að tollalækkun á ýmsum hátollavörum, og það er víst flestum vel að skapi, ef einhvers staðar er hægt að hamla gegn hinum linnulausa dýrtíðarvexti, sem þjóðin býr við. En blandin ánægja hlýtur það að vera, ef í framhaldi af því verður hleypt upp verði á hinum allra nauðsynlegustu matvörum um upphæð, sem er miklu hærri en eftirgjafarupphæðin af hátollavörunum, — eða hverjum þykir það ánægjuleg ráðstöfun að lækka t. d. myndavélarnar í verði um 10 krónur, en bæta samtímis 15 krónum ofan á mjólkurverðið? Það eru vonandi rangar getsakir að ætla þingliði ríkisstjórnarinnar það, að svona eða þessu svipað verði að farið, en sú ákvörðun þess að neita að taka á fjárlagatillögur óvefengdar áætlunarupphæðir um niðurgreiðslur bendir þó til þess, að eitthvað þessu líkt sé í ráðagerðunum á hærri stöðum.

2. minni hluti fjárveitinganefndar gerir að sjálfsögðu tillögur um, að hið lögbundna tillag til atvinnuleysistryggingganna og áætlunin um óbreyttar niðurgreiðslur verði tekin inn í fjárlög. Þessar tvær tillögur nema samtals 102.3 millj. kr. Að þeirri upphæð meðtalinni á fjárlögum væru þau með greiðsluhalla, sem við 2. umræðu fjárlaga verða ekki með þessu nefndaráliti gerðar tillögur um að jafna. Hér er ekki heldur um það að ræða, að verið sé að gera tillögur um að aflaga hag ríkissjóðs á nokkurn hátt. Hagur ríkisins versnar hvorki né batnar við það, þótt reynt sé, svo sem ríkisstjórnin nú gerir með tilstyrk þingmanna sinna, að gera ritsmíðina „Fjárlög fyrir árið 1962“ sjálegri með því að láta þar vanta suma óhjákvæmilega útgjaldaliði ríkisins eða áætla suma þeirra eftir einhverju öðru en beztu vitund.

Í fjárveitinganefnd skilur um margt milli sjónarmiða stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar og 2. minni hluta nefndarinnar auk þeirra mála, sem hér hafa sérstaklega verið rakin. Engu að síður hefur þar verið góð samvinna nefndarmanna um afgreiðslu fjölmargra mála og erinda. Varðandi þær tillögur, sem nefndin flytur sem heild, er vert að taka fram, að Alþýðubandalagið styður þær flestar, en er þó óbundið um afstöðu til einstakra tillagna.

Um þær tillögur, sem þessu nefndaráliti fylgja, skal þetta tekið fram sérstaklega:

3. gr.

Óhætt þykir að hækka tekjuáætlun Áfengis- og tóbaksverzlunarinnar nokkuð, og er hér gert ráð fyrir 10 millj. kr. hækkun.

10. gr.

Það er eitt af margra ára ráðgerðum sparnaði stjórnarflokkanna að sameina íslenzku sendiráðin á Norðurlöndum. Í sömu átt hafa og gengið tillögur okkar Alþýðubandalagsmanna, enda þótt þær hafi ekki til þessa hlotið samþykki þingsins.

Lagt er til, að sendiráðin þrjú, í Kaupmannahöfn, Osló og Stokkhólmi, verði nú felld í eitt sendiráð, sem verði sendiráð Íslands á Norðurlöndum. Enda þótt því sendiráði sé ætlað allmiklu meira fé en hverju einstöku þessara þriggja sendiráða, má þó ætla, að fram undir 3 millj. kr. sparnaður mundi fást við þessa sameiningu.

11. gr.

Kostnaður við ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli er miklum mun hærri en nokkur réttlæting er finnanleg fyrir. Hér er lagt til, að hann verði lækkaður um helming, og mundi við það fást sparnaður, sem nemur 2288623 kr.

Hér er einnig lagt til, að vinnuheimilið að Kvíabryggju verði lagt niður, enda samrýmist rekstur skuldafangelsa ekki því réttarfari, sem hér á að ríkja. Fjárlagafrumvarpið ætlar fangelsi þessu 1050 þús. kr. styrk úr ríkissjóði.

12. gr.

Mörg sjúkrahús, sem í byggingu eru, fá ekki greiddan ríkissjóðshlutann af byggingarkostnaðinum fyrr en óhóflega seint, og vegna fjárskorts í þessar þarfir tregðast heilbrigðismálaráðuneytið við að samþykkja, að hafizt sé handa um nýjar sjúkrahúsbyggingar, þar sem þeirra er þó mikil þörf. Af þessum sökum er hér lagt til, að byggingarstyrkurinn til sjúkrahúsanna verði hækkaður, og nemur hækkunin samkv. tillögunni 2225 þús. kr.

13. gr.

Eins og áður er að vikið, hefur framlagi til verklegra framkvæmda stöðugt hrakað á síðustu árum, með því að framlagið til þeirra hefur ýmist staðið í stað í krónum talið eða ekki hækkað til jafns við vöxt dýrtíðarinnar. Eftir að svo hefur gengið um langt skeið, verður að telja, að í hreint óefni sé stefnt, ef þannig heldur enn áfram að því er gerð samgöngumannvirkja varðar.

Vegamálaskrifstofan hefur um langt skeið reiknað út vísitölu byggingarkostnaðar brúa og vega og áætlar hana síðan fyrir eitt ár fram í tímann. Vísitala þessi var sett 100 árið 1949.

Á yfirstandandi ári er þessi vísitala að því er vegina varðar komin upp í 367 stig, en er á næsta ári áætluð 406 stig. Brúargerðarkostnaðurinn var á sama hátt á þessu ári 393 stig, en er á næsta ári áætlaður 427 stig.

Hér eru því gerðar tillögur um nokkra heildarhækkun á fjárveitingum til nýrra akvega, endurbyggingar gamalla þjóðvega, brúargerða og endurbyggingar á brúm, einnig til steyptra eða malbikaðra vega í kaupstöðum og kauptúnum. Samtals nema þessar hækkanir á tillögunum um 13. gr. A 5420 þús. kr., og er ekki umfram, að í horfi væri haldið um framkvæmdir frá fyrra ári með samþykkt þeirra tilagna.

Þá er hér gerð tillaga um, að framlagið til hafnarmannvirkja og lendingarbóta verði hækkað um 6.5 millj. kr., og mundi það nokkuð færa ríkissjóð nær því að standa í skilum með sitt framlag til einstakra hafnargerða, en eins og nú er ástatt, hlaðast stöðugt upp vanskilaskuldir hjá ríkissjóði, þar eð fjárveitingin hefur um langt skeið verið of lág til þess, að ríkissjóður gæti leyst af hendi sínar skuldbindingar um þátttöku í hafnargerðakostnaði þeim, sem hann á að inna af hendi samkvæmt hafnarlögum.

14. gr.

Á 14. gr. fjárlaga styrkir ríkið ýmiss konar bókasöfn og lesstofur. Nú hefur verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík nýlega komið því hinu mikla og merka bóka- og blaðasafni, sem Héðinn heitinn Valdimarsson ánafnaði félaginu, fyrir í vistlegum salarkynnum og séð því fyrir vörzlu. Til þessarar starfsemi hefur félagið

nú sótt um styrk úr ríkissjóði, og er hér gerð tillaga um, að Dagsbrún verði veittur 100 þús. kr. styrkur í þessu skyni.

Þótt launaliðir í fjárlögum hafi yfirleitt verið hækkaðir um 13.8%, standa listamannalaun þar óhreyfð. Hér er lagt til, að sama hækkun verði ákveðin á þeim og öðrum launaliðum og upphæðin hækki af þessum ástæðum um 175 þús. kr.

16. gr.

Í lögunum um framleiðsluráð landbúnaðarins er ríkið skuldbundið til ákveðinnar þátttöku í byggingarkostnaði mjólkurbúa. Lengi stóðu inni í fjárlögum 100 þús. kr. í þessu skyni. Fyrir 3 árum var sú fjárveiting þó lækkuð í 95 þús. kr., enda þótt þá þegar væri um vanskil af hálfu ríkissjóðs að ræða í þessu efni. Eftir að verðlagið reis svo hátt í byggingarkostnaði og á búnaði mjólkurbúa sem nú er orðið, varð þetta framlag að dropa í hafinu, en hefur þar fyrir ekki fengizt hækkað. Hér er gerð tillaga um, að í framlag ríkisins verði á þessum fjárlögum veittar 2 millj. kr.

Eftir að þorskanet úr gerviefnum, sem fúna ekki, komu til sögunnar, hefur myndazt alvarleg hætta á því, að netaleifar, sem af ýmsum orsökum verða eftir á veiðisvæðum bátaflotans, spilli þar veiði til frambúðar. Nokkur athugun hefur verið gerð á því, hvernig net þessi verka, þegar þau fara að eldast í sjó. Þær athuganir sýna, að af slíkum „drauganetum", eins og þau eru almennt kölluð, skapast hætta á hindrunum fiskigangna. Helztu netaveiðisvæðin þyrfti því að hreinsa af netaleifum með skipulögðum hætti hverju sinni í lok veiðitímabils, og er hér lagt til, að til þess verði varið 1 millj. kr. á næsta ári.

Iðnnemasamband Íslands hefur sótt um nokkurn styrk til starfsemi sinnar. Iðnaðarmannasambandið hefur 150 þús. kr. styrk á iðnaðarmálalið fjárlaganna, og verður vart séð, að sanngjarnt sé að neita iðnnemunum um einhverja hliðstæða úrlausn sinna mála, og því er hér lagt til, að Iðnnemasambandið fái 50 þús. kr. styrk.

17. gr.

Gerð er tillaga um, að framlag til orlofsdvalarheimilis verkalýðssamtakanna hækki um 525 þús. kr. og verði 1 millj. kr. Hinn mikli vöxtur byggingarkostnaðar hin síðustu árin hefur komið í veg fyrir, að stofnun þessi gæti risið af grunni. Allir munu þó viðurkenna, að með tilliti til hins óhóflega langa vinnutíma, sem hér er hjá þorra manna flesta daga árs, er það hin mesta þörf, að komið sé á fót orlofsdvalarheimili fyrir verkamenn.

Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á Akureyri, hefur sótt um 75 þús. kr. byggingarstyrk. Fjárveitinganefnd hefur gert tillögu um 20 þús. kr. í þessu skyni, og er ég því eins og aðrir nefndarmenn samþykkur, svo langt sem það nær, en sú upphæð hrekkur auðvitað skammt til byggingar. Fjárbeiðni félagsins í umsókn þess er svo í hóf stillt, að hér er gerð tillaga um, að orðið verði við henni.

Um tillöguna um framlag til atvinnuleysistrygginganna var áður rætt.

19. gr.

Tillaga er gerð um að áætla framlag til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbótum á útfluttar landbúnaðarafurðir í samræmi við þær áætlanir, sem ráðuneytið hefur látið gera og upplýst er í fjárveitinganefnd að nemi 373.8 millj. kr. að óbreyttum reglum um greiðslur þessar, en ekki 300 millj. kr., eins og á 19. gr. frumvarpsins stendur. Greinargerð fyrir tillögu þessari er gerð hér að framan.

Þegar frá eru taldar tillögurnar um atvinnuleysistryggingarnar og niðurgreiðslurnar, sem eru sérstaks eðlis, eins og lýst hefur verið, breyta þær tillögur, sem hér hafa verið gerðar, ekki greiðslujöfnuði frumvarpsins til neinna muna.

Alþingi, 10. des. 1961.

Karl Guðjónsson.

Nd. **188. Nefndarálit** [107. mál]

um frv. til l. um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með frv. þessu er yfir lýst af hálfu núverandi ríkisstjórnar, að ríkisstjórn og Alþingi verði að láta ákvörðun verðs á sjávarafla til sín taka. Hin frjálsa verðmyndun án opinberra afskipta á þessu sviði, sem gert var ráð fyrir í „viðreisnar"-löggjöfinni, hefur ekki reynzt framkvæmanleg án tjóns fyrir atvinnulíf landsmanna, og er það þá fram komið, sem margir óttuðust í öndverðu, að svo mundi fara.

Frv. var útbýtt á Alþingi föstudaginn 8. þ. m. Sama dag var það tekið til 1. umr. og afgreitt til 2. umr. Sjávarútvegsnefnd tók það til meðferðar á fundi s. l. laugardag, 9. þ. m. Meiri hl. nefndarinnar ákvað þá að mæla með frv. með nánar tilteknum breytingum, sem grein var gerð fyrir á fundinum, en vildi ekki gera á því aðrar breytingar. Undirritaður minni hl. taldi hins vegar þörf á að gera á því mun meiri breytingar, og þegar ekki var undir það tekið af meiri hl., taldi hann sig ekki geta staðið að nefndaráliti meiri hlutans og gefur nú út sérstakt nefndarálit, þar sem hann gerir grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Athygli skal vakin á því, að æskilegt hefði verið að geta haft lengri tíma til að athuga málið og afla upplýsinga í sambandi við það. En boðað hefur verið, að afgreiðslu þess verði hraðað.

Það skal þegar tekið fram, að minni hl. telur með sérstöku tilliti til þess samkomulags, sem náðst hefur milli aðila, rétt að greiða fyrir því með löggjöf, að verð á sjávarafla verði ákveðið í tæka tíð hverju sinni, og því spor í rétta átt, að frv. þetta skuli vera komið fram. Þess verður þó að gæta, að ákvæði löggjafarinnar séu við það miðuð, að þau séu líkleg til að bera æskilegan árangur.

Átta manna stjórnskipuð nefnd samkv. tilnefningu samtaka þeirra, sem kaupa og selja sjávarafla (4 frá sjómönnum og útgerðarmönnum og 4 frá fiskkaupendum), hefur unnið að undirbúningi frv. Allir nefndarmenn virðast hafa verið sammála um, að löggjafar væri þörf um þetta efni. Þeir virðast og hafa verið sammála um stofnun verðlagsráðs, er skipað yrði annars vegar fulltrúum fiskkaupenda eða vinnslustöðva, en hins vegar fulltrúum fisksöluaðila, þ. e. sjómanna og útgerðarmanna, og einnig um það, hvaða félög eða samtök skyldu tilnefna fulltrúana. Þá voru nefndarmenn sammála um það, að sú verðákvörðun skyldi gilda, sem samkomulag yrði um milli allra þeirra fulltrúa fiskkaupenda og fisksöluaðila, sem aðild ættu að verðlagningu samkv. frv. Einnig að öðru leyti virðast nefndarmenn hafa verið sammála um ákvæði frv. að tveimur atriðum undanskildum. Þessi tvö atriði eru:

1. Hlutdeild aðila í verðlagsráði og fjöldi fulltrúa í því.
2. Skipun og úrskurðarvald yfirnefndar.

Tillaga meiri hl. nefndarinnar, sem tekin er upp í frv. um hlutdeild aðila í verðlagsráði og fjölda fulltrúa, var samþykkt í nefndinni með 5:3 atkvæðum, en minni hl. bar þó ekki fram sameiginlega tillögu. Tillaga um sáttatilraunir í stað yfirnefndar með úrskurðarvaldi var felld í nefndinni með 6:1 atkvæði, en einn nefndarmanna sat hjá við atkvæðagreiðslu.

Breytingartillögur 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar eru að verulegu leyti við það miðaðar að taka tillit til afstöðu minni hl. í undirbúningsnefndinni í því skyni að auka líkur fyrir allsherjarstuðningi við löggjöfina í framkvæmd. Hér eru því m. a. gerðar breytingartillögur, að nokkru leyti nýjar, um þau efni, er ekki varð fullt samkomulag um í undirbúningsnefndinni.

Efni þeirra breytinga, sem minni hl. sjávarútvegsnefndar telur rétt að gera á frv., er í aðalatriðum sem hér segir:

1. Fulltrúum fisksöluaðila verði fjölgað um einn, þannig að Alþýðusamband Íslands fái tvo fulltrúa í stað eins, sem gert er ráð fyrir í frv. Fulltrúar sjómanna verða þá jafnmargir og fulltrúar útgerðarmanna, en eru einum færri samkv. frv.

2. Fulltrúum fiskkaupenda verði fjölgað um einn, þannig að félög fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og á Vestfjörðum fái einn fulltrúa hvort, en fulltrúum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna jafnframt fækkað um einn. Minni hl. telur eðlilegt og æskilegt, að hin nýstofnuðu samtök norðan-, austan- og vestanlands fái þá aðstöðu, sem hér er um að ræða, til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og sérþekkingu.
3. Sett verði ákvæði, sem tryggi það, að fulltrúar í verðlagsráði eigi ekki hagsmuna að gæta, sem fari í bága við hagsmuni aðila, sem þeir eru fulltrúar fyrir.
4. Stofnun yfirnefndar með oddamanni tilnefndum af hæstarétti komi ekki til framkvæmda, nema fyrir liggi samþykki meiri hl. (5) fulltrúa fisksöluaðila og meiri hl. (5) fulltrúa fiskkaupenda. Hins vegar ætti ekkert að vera athugavert við það, að yfirnefnd með oddamanni tilnefndum með samkomulagi kveði upp úrskurð, eins og gert er ráð fyrir í frv.
5. Verðákvörðun verðlagsráðs eða yfirnefndar gildi ekki lengur en fyrir eina vertíð eða veiðitímabil í senn.
6. Kostnaður samkv. lögunum greiðist úr ríkissjóði, en ekki úr fiskimálasjóði, eins og gert er ráð fyrir í frv., enda er sú stofnun víst síður en svo aflögufær, en hefur mikilsverðu hlutverki að gegna við uppbyggingu atvinnulífs við sjávarsíðuna víðs vegar um land.

Með skírskotun til þess, sem sagt hefur verið hér að framan, leggur 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar til, að frv. verði samþykkt með breytingum, sem prentaðar eru í tillöguformi á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. des. 1961.

Gísli Guðmundsson.

Nd. 189. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til laga um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara. Sjávarútvegsmálaráðherra skipar í verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinna aðila þannig:

A. Af hálfu fisksöluaðila:
   4 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna.
   2 fulltrúar tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands.
   1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
   1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:
   2 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
   2 fulltrúar tilnefndir af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.
   1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. samvinnufélaga.
   1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.
   1 fulltrúi tilnefndur af Félagi fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi.
   1 fulltrúi tilnefndur af Félagi fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum.
   3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
   1 fulltrúi tilnefndur af stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

1 fulltrúi tilnefndur af samtökum síldarverksmiðja á Norður- og Austurlandi.
2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á SV-landi.
2 fulltrúar tilnefndir af verksmiðjueigendum á Suðvesturlandi.

Fulltrúi fisksöluaðila í verðlagsráði eða yfirnefnd samkv. þessum lögum getur sá ekki orðið, sem á eða rekur fiskkaupafyrirtæki, er hluthafi í félagi, sem á eða rekur slíkt fyrirtæki, eða meðeigandi, ef um sameignarfélag er að ræða, nema hann eigi bersýnilega meiri hagsmuna að gæta sem fiskseljandi.

Fulltrúi fiskkaupenda í verðlagsráði eða yfirnefnd samkvæmt þessum lögum getur sá ekki orðið, sem selur sjávarafla eða er þátttakandi í fyrirtæki, sem selur sjávarafla, sbr. síðustu málsgr., nema hann eigi bersýnilega meiri hagsmuna að gæta sem fiskkaupandi.

Fulltrúar í verðlagsráði skulu skipaðir til 2 ára í senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og taka sæti í verðlagsráði í forföllum skipaðra fulltrúa. Verðlagsráð kýs sér formann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fisksöluaðila og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk, er annist dagleg störf, eftir því sem þörf krefur.

2. Við 2. gr.
Í stað „14“ komi: 16.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Þegar ákveða skal verð á fiski, rækjum, humar og öðrum sjávarafla öðrum en síld, skal verðlagsráð skipað 8 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 8 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 2 frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, 1 frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 frá Samlagi skreiðarframleiðenda, 1 frá Félagi fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og 1 frá Félagi fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Þegar ákveða skal verð á síld, sem veidd er við Norður- og Austurland, skal verðlagsráð skipað 8 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 8 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 1 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 frá Félagi fiskvinnslustöðva á Norður og Austurlandi, 3 frá Félagi síldarsaltenda á Norður og Austurlandi, 1 frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins og 1 frá samtökum síldarverksmiðja á Norður og Austurlandi.

Þegar ákveða skal verð á síld, sem veidd er við Suður- og Vesturland, skal verðlagsráð skipað 8 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 8 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 frá Félagi fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum, 2 frá Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi og 2 frá eigendum síldarverksmiðja á Suðvesturlandi.

Um skiptingu milli svæða skal ákveða með reglugerð.

5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Nú næst ekki samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá skipa fimm manna yfirnefnd þannig:
1. Tveir tilnefndir af fisksöluaðilum í verðlagsráði, annar úr hópi fulltrúa L. Í. Ú., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa.
2. Tveir tilnefndir af fiskkaupendum í verðlagsráði og a. m. k. annar þeirra af þeim aðila, sem ágreiningur er við.
3. Oddamaður, sem verðlagsráð kemur sér saman um.

Nú næst ekki samkomulag í verðlagsráði um oddamann, og skal þá að fengnu samþykki meiri hluta fulltrúa fisksöluaðila og meiri hluta fulltrúa fiskkaupenda oddamaður tilnefndur af hæstarétti.

Ef yfirnefnd verður fullskipuð, fellir hún fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum.

6. Við 10. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Ákvarðanir verðlagsráðs eða yfirnefndar eru bindandi sem lágmarksverð, þó ekki lengur en eina vertíð eða veiðitímabil, og má o. s. frv.

7. Við 11. gr. Fyrir „fiskimálasjóði“ komi: ríkissjóði.

Ed. 190. Frumvarp til laga [111. mál]

um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum og starfar með því skipulagi og markmiði, sem segir í lögum þessum. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld til sjóðsins og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzk farskip eða íslenzka togara, nema yfirmenn á farskipum, sem tryggðir skulu í lífeyrissjóðum, sem útgerðarfélög farskipa eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Heimilt er þó útgerð farskipa að tryggja yfirmönnum lífeyrisréttindi í sjóði þessum.

4. gr.

Réttindi þau, er farmenn og togarasjómenn öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta samkvæmt lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins eiga sæti 5 menn, tilnefndir af: Hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Vinnuveitendasambandi Íslands.
Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal fylgjast vandlega með fjárhag, rekstri og starfsemi sjóðsins og gæta þess, að hann starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum tryggilegum hætti.

Við lánveitingar til íbúðabygginga skulu sjóðfélagar sitja fyrir. Lán úr sjóðnum skulu í engu skerða rétt sjóðfélaga til veðlána samkvæmt lögum nr. 42/1956, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl.

Fé sjóðsins, sem ekki er ráðstafað í föstum lánum eða verðbréfum, skal ávaxtað eftir því, sem við verður komið, í tryggum lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

10. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

11. gr.

Sjóðfélagar greiði 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðendur greiði 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðendur skulu halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

12. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

13. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:	Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár	10 %	16 ár	22 %
11 —	12 —	17 —	24 —
12 —	14 —	18 —	26 —
13 —	16 —	19 —	28 —
14 —	18 —	20 —	30 —
15 —	20 —	21 —	32 —

Starfstími:	Ellilífeyrir:	Starfstími:	Ellilífeyrir:
22 ár	34 %	27 ár	44 %
23 —	36 —	28 —	46 —
24 —	38 —	29 —	48 —
25 —	40 —	30 — eða lengur	50 —
26 —	42 —		

Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem undirmaður á farskipi eða togarasjómaður í 9 mánuði eða lengur á sama almanaksári.

Upphæð ellilífeyris má aldrei nema meiru en 75% af meðallaunum togarasjómanna eða undirmanna á farskipum á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af.

14. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi, er veitir aðgang að sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir metur örorkuna meiri en 35%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs þess, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 11. grein.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar sem örorka hans er metin. Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfsskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda verði aukning örorkunnar ekki rakin til annarra starfa en á farskipi eða togara.

15. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld sín til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða með vöxtum til eftirlifandi maka hans iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaunum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 0.75% af meðalárslaunum, unz hámarkinu 35% af meðalárslaunum er náð, eftir 30 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af meðaltekjum manna í sömu starfsgrein á hverjum tíma.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum

yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum, eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort hinn eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónanband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

16. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 3% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1½% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi, er veitir aðgang að sjóði þessum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru leyti en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu tíu ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

17. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 50% af meðalmeðlagi því, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, þegar hann verður öryrki.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar sem börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

18. gr.

Nú hættir sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku, störfum, er veita honum aðgang að Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 10 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins, svo og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir til eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðalárslaun síðustu 10 starfsár hans samkvæmt 13. og 15. gr. Lífeyrir barna hans skal ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 17. gr. skal margfölduð með hlutfallinu milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Aldrei getur sjóðfélagi fengið endurgreidd iðgjöld sín samkvæmt þessari grein, fyrr en níu mánuðir eru liðnir frá því hann var síðast afskráður af farskipi eða togara, nema hann eigi lögheimili erlendis.

19. gr.

Nú flyzt maður, er verið hefur í Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris og ákveðnar eru í lögum þessum.

20. gr.

Nú verður undirmaður á farskipi yfirmaður á farskipi og flyzt hann þá úr sjóðnum í lífeyrissjóð hlutaðeigandi útgerðarfélags eða í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. þó 3. gr. i. f. og skal þá sjóðurinn greiða sjóði þeim, er farmaðurinn flyzt til iðgjöld þau, sem hann hefur greitt sjóðnum og greidd hafa verið sjóðnum hans vegna, ásamt vöxtum. Hlutdeild í ágóða þeim, sem til fallið hefur vegna brottfarinna sjóðfélaga meðan þeir voru sjóðfélagar í lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum, skal og greidd við brottför úr sjóðnum sjóði þeim, sem við þeim tekur. Hlutdeild þessi skal vera samanlagður ágóðinn, deildur með tölu sjóðfélaganna við flutning.

Ákvæði 1. mgr. skulu og gilda um flutning undirmanna þeirra, sem verið hafa félagar í lífeyrissjóði útgerðarfélaganna, en flytjast nú við gildistöku laga þessara til lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Uppgjöri samkvæmt þessari mgr. skal að fullu lokið innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara.

21. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er ráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

22. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

23. gr.

Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum skal taka við öllum eignum lífeyrissjóðs togarasjómanna, eins og þær eru við gildistöku laga þessara. Jafnframt verða allir sjóðfélagar lífeyrissjóðs togarasjómanna félagar í lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum og skulu réttindi þeirra í sjóðnum m. a. miðuð við iðgjöld þau, er þeir höfðu til hans greitt.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 49, 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna svo og lög nr. 24 30. maí 1960, um breyting á þeim lögum.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Skylt er sjóðnum að veita viðtöku iðgjöldum, sem haldið hefur verið eftir vegna skipverja á farskipum, frá 1. janúar 1959, svo og hluta útgerðarmanns, og veita þeim réttindi sjóðfélaga í samræmi við það.

2. Skipverji á togara eða undirmaður á farskipi sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skal við 65 ára aldur eiga rétt til lífeyris og annarra bóta og réttinda, eins og sá, sem greitt hefur til sjóðsins í 10 ár og náð hefur 65 ára aldri. Haldi hann áfram iðgjaldagreiðslu eftir að hafa náð þeim aldri, fær hann aukin réttindi samkvæmt ákvæðum laganna.

Sá, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn 65 ára, var enn á togara eða undirmaður á farskipi og hafði verið það minnst 10 ár, skal eiga réttindi í sjóðnum þannig miðað við framangreindan tíma, að sá sem var 65 ára fær rétt eins og sá, sem greitt hefur í 10 ár, 66 ára eins og sá, sem greitt hefur í 11 ár, 67 ára í 12 ár o. s.frv. Haldi hann áfram iðgjaldagreiðslu fær hann aukin réttindi, eins og að framan greinir. Starfsár á farskipi eða togara telst í þessu tilfelli það sama og ákveðið er í 13. gr. laganna.

Ríkissjóður endurgreiði sjóðnum árlega þann kostnað, sem af þessu bráðabirgðaákvæði leiðir. Sama gildir þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að Lífeyrissjóður togarasjómanna, samkvæmt lögum nr. 49/1958 verði framvegis sameiginlegur fyrir þá og undirmenn á farskipum og að nafni sjóðsins verði breytt til samræmis við þetta og hann nefndur Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir því, að yfirmenn farskipa verði áfram, sem hingað til, tryggðir í lífeyrissjóðum á vegum útgerðarfélaganna, yfirmenn á strandferðaskipum ríkisins og varðskipunum þó í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 49/1958 um lífeyrissjóð togarasjómanna og yfirleitt aðeins um þær breytingar að ræða, sem beint leiða af því, að aðilar að sjóðnum verða undirmenn á farskipum ásamt togarasjómönnunum.

Rétt er að minna á önnur nýmæli, sem í frumvarpinu felast:

1. Lagt er til að bætt verði tveim mönnum í stjórn sjóðsins. Annar þeirra skal tilnefndur af Sjómannasambandinu, en hinn af Vinnuveitendasambandinu.

2. Sérreglur eru í 20. gr., sem er ný grein, um flutning undirmanna á farskipum, í aðra lífeyrissjóði, þegar þeir verða yfirmenn á farskipum. Ákvæðin um endurgreiðslu iðgjalda með vöxtum eru ekki nýmæli. Hins vegar eru ákvæði greinarinnar um hlutdeild í ágóða þeim, sem til verður þegar sjóðfélagi segir sig úr sjóðnum nýmæli. Hann fær þá endurgreidd þau iðgjöld, sem hann sjálfur hefur greitt, þ. e. 4% af launum sínum, en sjóðurinn heldur þeim 6%, sem atvinnurekandinn hefur greitt. Það er hlutdeild í þessum ágóða, sem greinin fjallar um. Við gildistöku þessara laga, eiga undirmenn þeir, sem verið hafa tryggðir í lífeyrissjóðum skipafélaganna að flytjast í lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum og er þá svo fyrir mælt í 2. mgr., að ákvæði 1. mgr. um yfirmennina skuli og gilda um þann flutning undirmanna. Lífeyrissjóðum skipafélaganna er þó áskilinn nokkur frestur til fullnaðaruppgjörs í sambandi við flutning undirmannanna.

3. Í 7. gr. frumvarpsins er ákvæði um verksvið stjórnarinnar á þá leið, að hún skuli fylgjast vandlega með fjárhag, rekstri og starfsemi sjóðsins og gæta þess, að hann starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Ákvæði um þetta er ekki í lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna.

4. Í frumvarpinu, 11. gr., er lagt til, að þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falli iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur

launagreiðanda hans vegna. Í lögunum er svo ákveðið, að greiðslur þessar falli ekki niður, fyrr en eftir 35 ár.

5. Ákvæði frumvarpsins, 23. gr., leiða beint af breytingu þeirri, sem gert er ráð fyrir með því, að undirmenn á farskipum verða ásamt togarasjómönnum aðilar að sjóðnum.

6. Þá er í bráðabirgðaákvæðum gert ráð fyrir hluttöku ríkissjóðs vegna lífeyris til aldraðra sjóðfélaga, svo sem nánar greinir í 2. bráðabirgðaákvæðinu. Til viðbótar þessu er lagt til, að sama gildi um yfirmenn, ef þeir hljóta sams konar hlunnindi og hér um ræðir hjá lífeyrissjóðum þeim, er þá tryggja.

Nd. 191. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til laga um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi hinn 8. þ. m., og 1. umr. um það fór fram á aukafundi samdægurs. Sjávarútvegsnefnd ræddi frumvarpið á fundi daginn eftir, en með engu móti fékkst frestur til þess að athuga frumvarpið lengur og ræða það frekar í nefndinni, heldur var þá þegar sýnt, að frumvarpið skyldi tekið til 2. umræðu á næsta þingfundi.

Er því naumast unnt að segja, að nefndin hafi athugað frumvarpið sameiginlega, svo viðhlítandi sé. Ljóst var þó, að meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, vill samþykkja frumvarpið svo til óbreytt, en minni hlutinn vill gera á því veigameiri breytingar.

Verður að átelja, að ekki skuli gefast lengri tími til þess að athuga gaumgæfilega svo mikilsvert mál sem hér er um að ræða, en þessar starfsaðferðir eru mjög í samræmi við þá reglu, sem er að verða ríkjandi í þinginu, að sá tími, sem veittur er til afgreiðslu mála, stendur í öfugu hlutfalli við mikilvægi þeirra.

Í athugasemdum við frumvarpið er þess getið, að það sé flutt í þeim tilgangi „að koma verðákvörðunum á ferskum sjávarafla í fastari skorður en verið hefur um mörg undanfarin ár, svo að komizt verði hjá ágreiningi, sem leitt getur til hins alvarlegasta ástands í útgerðarmálum þjóðarinnar."

Svo sem allri þjóðinni er kunnugt af dýrri reynslu, hefur ágreiningur um ferskfiskverð margsinnis valdið róðrarstöðvunum og aflatapi. Um skeið var jafnvel svo komið, að heita mátti föst regla, að róðrar hæfust eigi í stærstu verstöðvum landsins fyrr en í febrúar ár hvert eða síðar, m. a. vegna ágreinings um fiskverð. Á tímum vinstri sjórnarinnar voru þessu mál farsællega leyst án stöðvunar, og öll stjórnarár hennar var bátaflotinn gerður út án nokkurrar stöðvunar, en eftir að núv. ríkisstjórn tók við völdum, sótti fljótt í sama horfið og fyrir tíma vinstri stjórnarinnar.

Þegar núv. ríkisstj. hóf göngu sína, lýsti hún því sem einu mesta hugsjónamáli sínu, að lögmál „frjálsra viðskipta" fengju að njóta sín og aðilar að kjara- og verðlagsmálum leystu mál sín án afskipta ríkisvaldsins eða opinberra stofnana. Sú staðreynd, að nú er farið að sækja í sama horfið og fyrir daga vinstri stjórnarinnar um róðrarstöðvanir, sýnir ljóslega, að reglur hinna „frjálsu viðskipta", sem ríkisvaldið hefur tekið að sér að innleiða á sem flestum sviðum, hafa ekki reynzt fullnægjandi til þess að tryggja truflanalausan rekstur fiskiflotans, að því er tekur til verðlags- og kjaramála. Sýnilegt er, að þeim, sem nú fara með stjórn sjávarútvegsmála, er um megn að haga svo málum sjávarútvegsins, að verðlags- og kjarmál þessarar atvinnugreinar leysist án sérstakra aðgerða opinberra aðila, svo andstætt sem það er upphaflegum yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar, að sá háttur skuli upp tekinn.

Með frumvarpi þessu, sem í veigamiklum atriðum er byggt á meirihlutaákvörðunum innan nefndar útgerðarmanna, sjómanna og fiskkaupenda og að öðru leyti á samkomulagi sömu aðila, er lagt til, að sérstök stofnun, verðlagsráð sjávarútvegsins, ákvarði verð á sjávarafla. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að sjómenn fái 3 af fulltrúum fisksöluaðila í verðlagsráði, en útgerðarmenn 4. Þar sem helmingur aflaverðmætisins er að jafnaði eign sjómanna skv. kjarasamningum, verður að telja sjálfsagt, að þeir eigi jafnmarga fulltrúa í verðlagsráði og útgerðarmenn. Legg ég því til, að fulltrúum fiskseljenda í verðlagsráði og fulltrúum fiskkaupenda við verðlagsákvarðanir verði fjölgað úr 7 í 8, þannig að fulltrúar sjómanna verði 4 og fulltrúar ASÍ 2 í stað eins. Breytingartillögu þess efnis ásamt nokkrum fleiri, er getið verður hér á eftir, mun ég flytja á sérstöku þingskjali. Eigi lög um verðlagsráð að koma að fullum notum, þarf það eigi síst að njóta trausts þeirra, sem eiga launakjör sín að miklu leyti undir ákvörðunum þess. Sjómenn geta ekki treyst því, að þeirra hlutur sé ekki fyrir borð borinn, ef fulltrúatala þeirra í verðlagsráði er í engu samræmi við eignarhluta þeirra í aflanum, sem ráðið verðleggur.

Ekki er síst réttmæt ástæða til þess, að sjómenn haldi fast við kröfu sína um jafnmarga fulltrúa í verðlagsráði og útgerðarmenn, þegar þess er gætt, að útgerðarmenn, meiri hluti fisksöluaðila í verðlagsráði skv. frumv., eru margir hverjir að meira eða minna leyti fiskkaupendur, jafnhliða því sem þeir selja fisk. Ég tel því fullkomna nauðsyn á því, að þannig sé gengið frá hnútunum, að fulltrúar útgerðarmanna í verðlagsráði séu ekki félagsmenn í samtökum fiskkaupenda og hafi engra hagsmuna að gæta varðandi fiskkaup, andstæðra hagsmunum fiskseljenda, og flyt breytingartillögu þess efnis. Að vísu mun í framkvæmd reynast erfitt að tryggja, að fyrrnefndum skilyrðum sé fullnægt, og styður það enn frekar kröfur sjómanna um, að þeir fái 4 fulltrúa í verðlagsráði.

Þar sem mikilsvert er, að verðlagsráð njóti trausts þeirra aðila, sem eiga hagsmuni sína undir ákvörðunum þess, legg ég til, að verðlagsráði og yfirnefnd sé þegar að lokinni verðákvörðun skylt að birta opinberlega sundurliðaða útreikninga þá, sem lagðir eru til grundvallar verðákvörðun hverju sinni.

Í frumvarpinu er miðað við, að verðákvarðanir verðlagsráðs og yfirnefndar gildi eitt ár í senn og aldrei skemur en eitt veiðitímabil. Samkvæmt því virðist ekki vera gert ráð fyrir því, að breyting á gengi ísl. krónu hafi áhrif á verð sjávarafla fyrr en í fyrsta lagi í lok veiðitímabils. Þetta tel ég óeðlilegt og legg til, að aflaverð breytist í réttu hlutfalli við breytingu á gengi ísl. krónu, um leið og gengisbreyting fer fram.

Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að yfirnefnd ákvarði um verðlagningu sjávarafurða, ef samkomulag næst ekki í verðlagsráði, og oddamaður nefndarinnar verði tilnefndur af hæstarétti, ef ekki næst fullt samkomulag innan yfirnefndar um tilnefningu hans, og felli yfirnefnd, þannig skipuð bindandi fullnaðarúrskurð.

Þessu ákvæði er ég andvígur og legg til í aðaltillögu, að lögin verði í samræmi við tillögu fulltrúa ASÍ í viðræðunefnd þeirri, er undirbjó frumvarpið, þ. e. að náist ekki fullt samkomulag í verðlagsráði tímanlega fyrir vertíð, þá skuli ríkissáttasemjari taka upp störf með ráðinu og hafa heimild til að bera fram miðlunartillögu, sem lögð verði fyrir viðkomandi félög fiskkaupenda og fiskseljenda. Er hér lagt til, að úrslit í verðlagningu sjávarafurða verði ráðin í félögum viðkomandi aðila, ef ekki næst fullt samkomulag í verðlagsráði, í stað þess að þau séu skylduð til þess að hlíta úrskurði gerðardóms.

Líkur eru til þess, að ákvæði um gerðardóm, ekki síst með tilliti til þess, hvernig í frumv. er gert ráð fyrir, að hann verði skipaður, valdi því, að sjómannafélögin tryggi aðstöðu sína með því að hafa jafnan lausa kjarasamninga, þegar ákvarðanir um fiskverð eru teknar, til þess að geta tekið upp baráttu fyrir hækkun aflaprósentu skipverja, ef þau telja verðlagningu aflans ekki viðhlítandi.

Fáist ofangreind breytingartillaga um aðild ríkissáttasemjara og atkvæðagreiðslur í stéttarfélögum í stað gerðardóms ekki samþykkt, flyt ég til vara breyt-

ingartillögu við 9. gr., þess efnis, að fulltrúi ASÍ í verðlagsráði skuli vera fulltrúi sjómanna í yfirnefnd. Þar sem aðeins einn fulltrúi sjómanna í verðlagsráði getur átt sæti í yfirnefnd, tel ég eðlilegt, að í lögunum sé ákveðið, að þar sé um að ræða fulltrúa ASÍ. Sé það ekki tryggt, getur svo farið, að við ákvörðun yfirnefndar um verð á afla á sérstökum svæðum eigi viðkomandi sjómannafélög enga aðild að fulltrúa í yfirnefndinni. Hins vegar eiga öll félög í Sjómannasambandi Íslands aðild að ASÍ, svo að ASÍ getur jafnan komið fram fyrir þeirra hönd.

Verði frumvarpið samþykkt með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, tel ég, að lögin gætu orðið til að bæta það ástand, sem nú ríkir um ákvörðun fiskverðs. Það er jafnt sjómönnum, útgerðarmönnum, fiskkaupendum sem landsmönnum öðrum til hagsbóta, að aflaverð hafi verið ákveðið, áður en vertíð hefst, svo að róðrar þurfi ekki að falla niður sökum ágreinings um verðlag. Hvort tveggja þarf að koma í veg fyrir, að flotinn liggi í höfn á vertíð vegna ágreinings um aflaverð og hitt, að róið sé án þess að verð hafi verið ákveðið. Þess vegna gætu lög um verðlagningu sjávarafurða verið til bóta, ef þau eru þannig byggð upp, að þau þjóni þeim tilgangi, „að komizt verði hjá ágreiningi, sem getur leitt til hins alvarlegasta ástands í útgerðarmálum þjóðarinnar," svo sem segir í athugasemdum við frumvarp þetta, að ætlunin sé að gera. Óbreytt tel ég frumvarpið ekki ná þessum tilgangi. Til þess þurfa lögin að byggjast á jöfnum rétti þeirra, sem verið er að forðast að deili. Ég tel, að frumvarpið tryggi ekki jafnan rétt viðsemjenda, heldur sé stórlega á sjómenn hallað. Sjómenn hafa erfiða aðstöðu til þess að kynna sér þau atriði, sem lögð verða til grundvallar verðlagningu aflans, sem þeir eiga að hálfu. Þeir verða því a. m. k. að geta treyst því, að við samninga um fiskverð sé aðstaða samtaka þeirra ekki lakari en fiskkaupenda, sem öndverðra hagsmuna gæta. Ákvörðun um endanlegt fiskverð, ef samkomulag næst ekki í verðlagsráði, á að byggjast á ákvörðun einstakra stéttarfélaga í lýðræðislegum kosningum, en ekki gerðardómi. Gerðardómur tryggir ekki, „að komizt verði hjá ágreiningi", og stuðlar síður en svo að því, að lögin nái þeim tilgangi. Ágreiningur jafnast ekki með valdboði.

Ég legg til, að frumvarpið verði samþ. með þeim breytingum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, en fellt, ef þær ná ekki fram að ganga.

Alþingi, 11. des. 1961.

Geir Gunnarsson.

Nd. 192. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til laga um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar (GeirG).

1. Við 1. gr.
   a. A-liður orðist svo:
      Af hálfu fisksöluaðila:
      4 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna.
      2 fulltrúar tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands.
      1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
      1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.
   b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, er orðist svo:
      Fulltrúar í verðlagsráði tilnefndir af fisksöluaðilum mega ekki vera félagsbundnir í samtökum fiskkaupenda eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta varðandi fiskkaup andstæðra hagsmunum fiskseljenda.

2. Við 2. gr. Í stað „14 fulltrúum“ komi: 16 fulltrúum.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Fiskideild.

Þegar ákveða skal verð á fiski, rækjum, humar og öðrum sjávarafla öðrum en síld, skal verðlagsráð skipað 8 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 8 aðilum fiskkaupenda þannig: 3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 2 frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, 2 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S. og 1 frá Samlagi skreiðarframleiðenda.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Síldardeild.

Þegar ákveða skal verð á síld, sem veidd er við Norður- og Austurland, skal verðlagsráð skipað 8 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 8 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, 3 frá síldarverksmiðjueigendum á Norður- og Austurlandi, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S. og 1 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Þegar ákveða skal verð á síld, sem veidd er við Suður- og Suðvesturland, skal verðlagsráð skipað 8 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 8 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 2 frá síldarverksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi, 2 frá Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi og 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S.

Um skiptingu milli svæða skal ákveða með reglugerð.

5. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist: Skylt skal verðlagsráði að birta opinberlega þegar að lokinni verðákvörðun hverju sinni sundurliðaða útreikninga þá, sem verðlagningin er byggð á.
6. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist: Nú er breytt gengi íslenzkrar krónu, og skal þá verðlag sjávarafla breytast um leið í réttu hlutfalli við breytingu á gengi krónunnar.
7. Við 9. gr. Greinin orðist svo: Nú næst ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða um verð á sjávarafla í heild 10 dögum áður en nýtt verðákvörðunartímabil skal hefjast, og ber þá ríkissáttasemjara að að taka upp störf með verðlagsráði og vinna að því, að samkomulag geti tekizt um verðákvörðun.

Hafi ekki náðst samkomulag um aflaverð, þegar veiðitímabil hefjast, getur sáttasemjari borið fram miðlunartillögu um aflaverðið, er lögð verði fyrir félög kaupenda og seljenda, sem hlut eiga að máli. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu, ber honum að ráðgast um það við verðlagsráð m. a., hvenær og hvernig atkvæðagreiðsla um miðlunartillöguna skuli fram fara. Skal við framkvæmd atkvæðagreiðslu um miðlunartillöguna farið eftir því, sem við á að lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 11. júní 1938.

Nd. 193. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um skipun nefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka fjárfestingu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna erlendis og fleira.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Deildin ályktar að kjósa með hlutfallskosningu 5 manna nefnd innandeildarþingmanna samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka eftirfarandi og gefa deildinni skýrslu um það:

1. Hve mikið fé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur dregið út úr rekstri sjávarútvegsins á Íslandi og sett fast í fyrirtækjum í Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi og hvernig háttað er um stjórn, afrakstur og eign þeirra fyrirtækja.

2. Hve mikið fé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur lánað út erlendis í sambandi við þennan rekstur, hefur tapað þar eða á útistandandi.
3. Hvernig háttað er um veð ríkisbankanna og tryggingu fyrir þeim veðlánum, sem þeir hafa veitt út á fisk þann, sem fluttur er út og átti að greiðast við afskipun.

Nefndin hefur rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi flutti ég þingsályktunartillögu um svipað efni og þessa, en þó víðtækari. Við þær umræður, er fram fóru um hana, komu fram ýmsar upplýsingar um lánveitingar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fjárfestingu innanlands og utan.

Það var upplýst, að Sölumiðstöðin hafði stofnað hlutfélög innanlands og utan, sem hér segir:

1. Jöklar h/f, skipafélag, stofnað 1945 með 500 þús. kr. hlutafé. Allmargir, sem þá voru í SH, urðu þá hluthafar. SH lánaði því hlutafélagi 800 þús. kr., sem nú er greitt, og félagið á nú 3 skip.
2. Miðstöðin h/f, verzlunarfélag með 300 þús. kr. hlutafé. SH mun hafa lánað því 4½ millj. kr.
3. Tryggingamiðstöðin h/f, tryggingarfélag með 1 millj. kr. hlutafé. Ýmsir aðilar SH eru hluthafar. SH hefur lánað því 4½ milljón kr.
4. Coldwater Seafood Corporation í Bandaríkjunum. Hlutafé 459300 dollarar (eða 17½ millj. ísl. kr. eftir gamla genginu). Talið, að SH eigi hlutaféð, en óvíst, hvernig um þá eign er búið, og stjórn mun vera Jón Gunnarson framkvæmdastjóri SH og amerískur borgari eða borgarar. Við umræður á síðasta Alþingi var upplýst, að birgðir þessa hlutafélags væru 54 millj. kr. virði í ársbyrjun 1961, útistandandi skuldir, sem þó eru sagðar venjulega greiðast fljótt, 1,674 millj. dollarar eða 63½ millj. ísl. króna eftir gamla genginu, og fiskbirgðir í verksmiðjum 600 þús. dollara virði eða tæpra 23 millj. ísl. kr. eftir gamla genginu.
5. Frosen Fresh Ltd., London. Hlutafé 60 þúsund sterlingspund eða rúmar 6 millj. ísl. kr. eftir gamla genginu. SH hefur þá lánað því fyrirtæki 87 þús. pund eða rúmlega 9 millj. ísl. kr., og fiskbirgðir voru í ársbyrjun 41 þús. sterlingspunda virði eða rúmlega 4 millj. ísl. kr., hvort tveggja upphæðir eftir gamla genginu.
6. Snacks Ross Ltd., London. Hlutafé 10 þús. sterlingspund eða rúmlega 1 millj. ísl. kr. SH hafði þá lánað þessu fyrirtæki 5300 sterlingspund eða 5½ millj. ísl. kr. eftir gamla genginu. — Staðhæft var, að bæði þessi síðastnefndu fyrirtæki væru eign SH.

Samkvæmt þessum upplýsingum, er Einar Sigurðsson, 3. (vara)þingmaður Austfirðinga, meðlimur í stjórn SH, veitti á síðasta Alþingi, hafði SH fjárfest eða lánað á einn eða annan hátt yfir 150 millj. kr.

Þar eð rannsóknartillagan var ekki samþykkt á síðasta þingi, hefur ekkert verið í þessu máli gert. Mun erlend fjárfesting SH hafa vaxið, og er jafnvel staðhæft, að nú séu í veltu erlendis á vegum þessa fyrirtækis fjárhæðir, sem nema jafnvel 300—400 millj. kr., ýmist í verksmiðjum, birgðum, eða útistandandi skuldum.

Nú er Sölumiðstöðin eingöngu hugsuð sem sölusamtök freðfiskframleiðenda. Ríkisbankarnir veita fé að láni út á freðfisk hraðfrystihúsanna, og ber að greiða þau lán við afskipun freðfisksins. Þetta hefur Sölumiðstöðin ekki annazt. Á hennar vegum er fluttur út fiskur, án þess að hann sé greiddur eins og vera ber, og eiga bankar ríkisins stórfé hjá hraðfrystihúsunum fram yfir það, sem nemur veðbundnum fiski hér heima.

Þá hafa og eigendur freðfisks eigi fengið reikningsskil fyrir fiski sínum við afskipun, svo sem vera ber, heldur eiga mikið fé inni hjá Sölumiðstöðinni, sem hún hefur fest í fyrirtækjum sínum erlendis.

Vegna hagsmuna ríkisins, þjóðarheildarinnar og einstaklinga er þörf á, að rannsakað sé til fullnustu, hversu mikil brögð eru nú orðin að þessari fjárfestingu SH erlendis, hversu tryggt þar er um hnútana búið, hvert öryggi er fyrir því fé ríkisbankanna, sem er í vörzlu þessa fyrirtækis, og fyrir innstæðum freðfiskeigenda hjá því. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Sþ. 194. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um útflutning á dilkakjöti.

Flm.: Jónas Pétursson, Bjartmar Guðmundsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir, að tilraunir verði gerðar með útflutning á dilkakjöti, þar sem reyndar verði nýjar aðferðir með pökkun og verkun á kjötinu. Verði kannaðir til þrautar hugsanlegir markaðsmöguleikar fyrir dilkakjötið í hverju því formi, sem gefur hagstæðast verð.

Greinargerð.

Á síðasta búnaðarþingi var samþykkt með samhljóða atkvæðum svo hljóðandi ályktun:

„Búnaðarþing skorar á framleiðsluráð landbúnaðarins og Samband ísl. samvinnufélaga að hefja markaðsleit erlendis fyrir íslenzkt dilkakjöt á víðari grundvelli en verið hefur.

Jafnframt skorar þingið á landbúnaðarráðuneytið að styrkja markaðsleitina með framlögum."

Þessi samþykkt búnaðarþings, ásamt mörgum öðrum samþykktum frá fundum bænda og samtökum þeirra víðs vegar af landinu á síðari árum, er ótvíræður vottur um áhuga bændastéttarinnar á málinu og að aðgerða er þörf.

Dilkakjötsframleiðsla Íslendinga fer ört vaxandi hin síðustu ár og hefur aldrei verið meiri en á síðastliðnu hausti. Og þótt slátrun s. l. haust muni hafa verið meiri en eðlilegt má teljast vegna óhagstæðrar veðráttu á sumrinu, hefur verið jöfn og sígandi framleiðsluaukning um mörg ár. Flutt er úr landi verulegt magn af dilkakjöti árlega. Áætlað er, að af framleiðslu þessa árs verði flutt út um 3000 tonn.

En allt frá því er útflutningur hófst á frosnu kjöti, hefur sömu aðferðum verið beitt um meðferð kjötsins, þ. e. flutt hefur verið út í heilum dilkaföllum. Á sama tíma hefur orðið stórfelld breyting á meðferð og pökkun á fiski og fiskafurðum með fjölbreyttum vinnsluaðferðum og umbúðum. Leikur enginn vafi á því, að sú viðleitni og þær framfarir hafa bætt afkomu sjávarútvegsins og aukið verðmæti fiskframleiðslunnar stórkostlega.

Samband ísl. samvinnufélaga hefur að heita má til þessa haft allan útflutning kjöts á sinni hendi. Það skal játað, að nokkrar tilraunir hafa verið gerðar með nýjar aðferðir við söluna, bæði í Ameríku og nokkrum Evrópulöndum, en hafa ekki þótt bera tilætlaðan árangur. En bændur landsins eiga erfitt með að sætta sig við það, sbr. samþykkt síðasta búnaðarþings, að á sama tíma, sem gjörbylting verður á sviði fisksölunnar, skuli kjötsalan erlendis sitja í sama fari.

Kjöt mun nú yfirleitt selt á mun hærra verði til neyzlu í nágrannalöndunum en hér. Þrátt fyrir það mun það aðeins vera sala á söltuðu dilkakjöti til Noregs,

sem gefur hagstæðara verð til bænda en innanlandsmarkaðurinn, og er merkileg staðreynd, þar sem um er að ræða frumstæðustu verkunaraðferð, sem tíðkuð hefur verið hér.

Íslenzka dilkakjötið er viðurkennt fyrir bragðgæði og ekki sízt af þeim dilkum, er ganga á heiðalöndunum og til fjalla og nærast á ilmgrösum, sem vaxin eru í langdeginu, og sauðamjólkinni, sem eitt sinn var að verulegu leyti lífgjafi þjóðarinnar. Þessa kosti vörunnar verður að leitast við að hagnýta betur en hingað til. Það verður að ganga í það með oddi og egg að leita markaða bæði í Evrópu og Ameríku, þar sem dilkakjötið er verkað, pakkað og tilreitt á þann hátt, sem verzlunar- og neyzluhættir nútímans krefjast. Þar, sem bragðgæði þess og kostir eru kynntir af krafti.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt af því, að okkur virðist, að nýja krafta þurfi að kalla fram í þessu máli. Margendurteknar áskoranir undanfarin ár og umræður í þessum málum hafa lítinn árangur borið.

Eins og bændurnir kalla á aðgerðir við markaðsmál dilkakjötsins erlendis vegna óviðunandi verðs fyrir fryst kjöt í heilum skrokkum þrátt fyrir rétta gengisskráningu, þannig getur þjóðfélagið ekki heldur leyft sér tómlæti í þessum málum. Það mætti ályktа svo, að þar sem bændum er með framleiðsluráðslögunum tryggt grundvallarverð fyrir útflutt dilkakjöt, brenni þetta mál ekki fyrst og fremst á þeim. En þeir hafa ekki minni áhuga en aðrir þjóðfélagsþegnar á fyllstu nýtingu allra okkar markaðsvara.

Íslenzka sauðkindin er samhæfð íslenzkri náttúru, íslenzkri veðráttu, íslenzkum búskap. En búskapur mun um alla framtíð verða einn af hyrningarsteinum þjóðfélagsins. Þess vegna er skylt nú og ævinlega að standa á verði um mál hans. Í dag er sala dilkakjötsins á erlendum markaði mál, sem þarfnast úrbóta.

Sþ. 195. Frumvarp til fjáraukalaga [114. mál]

fyrir árið 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1960, eru veittar kr. 72 694 450.72 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstmál	kr.	1 406 491.56
	af kr. 8 128 820.87 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
2.	Síminn	—	13 003 797.50
	af kr. 13 531 295.92 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
3.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	150 307.79
	af kr. 4 590 823.99 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
4.	Ríkisútvarpið	—	4 546 904.80
	af kr. 6 415 997.25 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	444 716.21
	en tekjur fóru kr. 422 883.25 fram úr fjárlagaáætlun.		
6.	Áburðarsala ríkisins	—	170 343.81
	af kr. 195 814.06 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Landsmiðjan	—	259 050.29
	af kr. 287 195.03 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		

8.	Tunnuverksmiðjur ..... af kr. 842 590.93 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	842 590.93
9.	Innkaupastofnun ríkisins ..... af kr. 1 661 497.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	641 904.36
10.	Bessastaðabú ..... en tekjur fóru kr. 254 303.35 fram úr fjárlagaáætlun.	—	326 034.69
11.	Kópavogsbú ..... af kr. 44 108.79 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	41 335.85
12.	Skólabúið á Hólum ..... en tekjur fóru kr. 244 021.90 fram úr fjárlagaáætlun.	—	324 168.88
13.	Skólabúið á Hvanneyri ..... en tekjur fóru kr. 361 584.30 fram úr fjárlagaáætlun.	—	399 570.50
		kr.	22 557 217.17

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr.	eru veittar	kr.	43 996.85
— — — — - 10. — II.	— —	—	1 165 067.28
— — — — - 11. — B.	— —	—	51 808.27
— — — — - 13. — A.	— —	—	1 851 022.17
— — — — - 13. — B.	— —	—	3 373 892.16
— — — — - 13. — C.	— —	—	890 430.11
— — — — - 13. — D.	— —	—	246 766.38
— — — — - 13. — E.	— —	—	161 566.81
— — — — - 14. — B.	— —	—	178 962.83
— — — — - 16. — B.	— —	—	5 147 325.23
— — — — - 16. — C.	— —	—	115 721.25
— — — — - 18. —	— —	—	444 111.30
— — — — - 19. — 5.	— —	—	3 938 622.59
		kr.	40 166 510.40
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar		—	32 527 940.32
Inn fóru kr. 112 524 783.27 fram úr fjárlagaáætlun.			
		Samtals kr.	72 694 450.72

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1960. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1960 sýnir. Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1960.

Ed. 196. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til erfðalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt, en þó hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um að flytja breytingartillögur

eða greiða atkvæði með breytingartillögum við það, sem fram kunna að koma frá öðrum.

Alþingi, 11. des. 1961.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson, frsm.
Magnús Jónsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 197. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3 12. apríl 1878.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 11. des. 1961.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson, frsm.
Magnús Jónsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 198. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 11. des. 1961.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson, frsm.
Magnús Jónsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 199. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það sé samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1961.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson, frsm.
Magnús Jónsson. Alfreð Gíslason.

Nd. **200. Frumvarp til laga** [115. mál]

um stuðning við atvinnuvegina.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Í þeim tilgangi að hækka fiskverð til sjómanna og útgerðarmanna og kaupgjald þeirra, sem vinna að framleiðslustörfum, skulu gerðar þær ráðstafanir til stuðnings atvinnuvegunum, sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Frá 1. janúar 1962 skulu vextir Seðlabanka Íslands af afurðalánum eigi vera hærri en 2% og útlánsvextir viðskiptabankanna á þeim lánum eigi hærri en 2½% fyrstu 6 mánuði lánstímans, en mega hækka úr því um ½%.

Seðlabankinn skal veita afurðalán, sem nema ⅔ af áætluðu útflutningsverði vörunnar.

3. gr.

Frá 1. janúar 1962 skulu almennir innláns- og útlánsvextir banka og sparisjóða og vextir af öllum föstum lánum færast í það, sem þeir voru, áður en efnahagslögin frá 20. febrúar 1960 voru sett.

4. gr.

Frá 1. janúar 1962 skal Seðlabanka Íslands skylt að greiða útflytjendum fullt verð útfluttra íslenzkra framleiðsluvara eigi síðar en einum mánuði eftir að varan hefur verið flutt úr landi, enda sé frá þeim tíma óheimilt að flytja úr landi óseldar framleiðsluvörur.

Þá er Seðlabankanum einnig skylt að greiða framleiðendum fullt útflutningsverð þeirrar vöru, sem þeir sanna með vottorði matsmanns eða á annan fullnægjandi hátt að tilbúin hafi verið til útflutnings í einn mánuð og sölusamningur hefur verið gerður um.

5. gr.

Frá 1. janúar 1962 skulu öll útflutningsgjöld sjávarafurða, þar með talin gjöld til hlutatryggingasjóðs, lækka í það, sem þau voru fyrir setningu bráðabirgðalaga nr. 80 frá 3. ágúst 1961.

6. gr.

Frá 1. janúar til 1. júlí 1962 skal ríkissjóður sjá um vátryggingu allra íslenzkra fiskiskipa, og skal iðgjaldsgreiðsla (hundraðshluti iðgjalds) hvers skips vera sem svarar helmingi þess iðgjalds, sem greitt var fyrir það árið 1961. Iðgjöld nýrra skipa skulu ákveðin tilsvarandi.

Fyrir 1. júlí 1962 skal ríkisstjórnin hafa stofnsett nýtt vátryggingarfélag fiskiskipa, sem tryggi sem hagkvæmust vátryggingarkjör.

Eigendur fiskiskipa skulu hafa rétt til þess að segja upp gildandi tryggingarsamningum við íslenzk tryggingarfélög með tveggja mánaða fyrirvara.

7. gr.

Árið 1962 skal öllum íslenzkum vátryggingarfélögum skylt að lækka gildandi vátryggingariðgjöld sín á íslenzkum framleiðsluvörum um 25%.

8. gr.

Árið 1962 skulu flutningsgjöld íslenzkra skipa á útflutningsafurðum lækka um 20% frá því, sem var árið 1961.

9. gr.

Frá 1. janúar 1962 skal útflutningsfélögum framleiðenda og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum umboðssölu á íslenzkum framleiðsluvörum, óheimilt að taka hærri þóknun fyrir störf sín við söluna en 1% af fob-verði. Óheimilt er að greiða erlendum umboðsaðilum hærri umboðslaun vegna sölu útfluttra vara en 2%.

10. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með reglugerð ákveðið nánar um allt, sem varðar framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felld öll lagaákvæði, sem fara í bága við þau.

Greinargerð.

Enginn hugsandi maður getur lengur verið í nokkrum vafa um það, að stefna núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum leiðir út í beint öngþveiti. Síðan ríkisstjórnin tók við völdum, eða á tæpum tveimur árum, hefur allt verðlag í landinu farið stórhækkandi og lífskjör vinnandi fólks að sama skapi versnandi. Þannig hefur verð á kjötvörum hækkað um 18%, á mjólk og feitmeti um 22%, á fiskmeti um 30%, á mjölvöru um 66%, brauðum um 35%, og meðaltalsverðhækkun á matvörum nemur 27%. Hiti og rafmagn hafa hækkað í verði um 34% og fatnaður um 28%. Meðaltalshækkun á vörum og þjónustu nemur 29% á tæpum tveimur árum. Allar eru tölur þessar samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Og enn heldur dýrtíðaraukningin áfram, því að vitað er um verðhækkanir, sem tilkynntar verða á næstunni.

Það var hin sífellda dýrtíðaraukning, sem leiddi til verkfallanna á s. l. sumri. Launþegar gátu ekki tekið á sig verðhækkanirnar bótalaust. En svo skilningslaus var ríkisstjórnin á hag launþega, að hún þoldi ekki að horfa á það, að þeir fengju laun sín hækkuð um 10—12% s. l. sumar. Sú launahækkun var þó augljóslega ekki nægilega mikil til þess að bæta launamönnum upp þá dýrtíð, sem núverandi ríkisstjórn hafði leitt yfir þá.

Eins og öllum er kunnugt, greip ríkisstjórnin til þess óyndisúrræðis að lækka gengi íslenzkrar krónu aftur í sumar. Sú gengislækkun hefur þegar leitt til þess, að öll kauphækkunin, sem samið var um í sumar, hefur étizt upp í nýrri verðlagshækkun. Launþegasamtökin hafa á ný sagt upp samningum, og enn má búast við verkföllum og framleiðslustöðvunum.

Með gengislækkuninni í sumar var kaup sjómanna raunverulega lækkað eins og annars vinnandi fólks. Þeir krefjast því í dag hækkaðs fiskverðs eins og verkamenn og aðrir launþegar hækkaðs kaups. Hagur útgerðarmanna versnaði líka við gengislækkunina í sumar. Fiskverð bátanna hefur ekki hækkað um einn einasta eyri, og síldarverðið hækkaði ekki þrátt fyrir gengislækkunina. En nauðsynjar útgerðarinnar hafa hækkað í verði vegna gengisbreytingarinnar.

Það má því öllum vera ljóst, sem um þessi mál hugsa, að ekki verður undan því vikizt að hækka kaup verkafólks og fiskverð til sjómanna og útgerðarmanna. Að neita slíku er að berja höfðinu við steininn og þverskallast við staðreyndum.

Stefna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum er söm og áður. Hún segir, að ekki sé hægt að hækka kaupið og að enginn grundvöllur sé fyrir hækkað fiskverð. Það er stefna stjórnarinnar, að verkafólk og sjómenn og útvegsmenn taki á sig dýrtíðaröldu gengislækkunarinnar bótalaust.

Það hefur löngum verið leikur núverandi ríkisstjórnar að halda því fram við verkamenn, að ekki sé hægt að hækka kaup þeirra af því, að útgerðin þoli það ekki. Útgerðinni er aftur sagt, að hennar hagur sé þröngur af því, að sjómenn taki of stóran hlut af aflanum. Og frystihúsin geta ekki hækkað fiskverðið til sjómanna og útgerðar-

manna af því, að kaup verkafólks er talið vera of hátt. Þannig er hverjum stefnt gegn öðrum og þar með sannað, að ekkert sé hægt að gera við vandanum.

En samanburður á kaupgjaldi og fiskverði í Noregi og hér hefur brugðið nokkru ljósi á þessa svikamyllu ríkisstjórnarinnar. Í Noregi er kaupgjald verkafólks hærra en hér. Þar er fiskverð miklu hærra en hér, og þar virðist afkoma fiskkaupenda einnig vera miklu betri en hér. Íslenzki fiskurinn er þó seldur á eins háu og jafnvel hærra verði á heimsmörkuðum en sá norski.

Hvað er það þá, sem veldur? Málið er augljóst, þegar betur er að gáð.

Í Noregi eru útflutningsgjöld á sjávarafurðum svo að segja engin, eða um 0.075%, en hér eru þau orðin samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 7.4%. Slík útflutningsgjöld þekkjast hvergi hjá nokkurri annarri þjóð. Núverandi ríkisstjórn hefur hækkað þessi gjöld úr 2.9% í 7.4%. Í Noregi býr sjávarútvegurinn og atvinnuvegir landsins almennt við lága vexti, 2—3%, en hér á landi eru vextirnir hærri en í nokkru öðru landi í Evrópu. Hér eru vextir nú 7—9½% og á föstum lánum 6½—8½%. Vaxtabyrðin hér er tvisvar til þrisvar sinnum meiri en í Noregi. Vátryggingargjöld fiskiskipa eru tvisvar til þrisvar sinnum hærri hér á landi en í Noregi. Flutningsgjöld vöruflutningaskipa eru hér miklu hærri en í Noregi fyrir sambærilega flutninga. Hér á landi skattleggja bæði ýmsir milliliðir og ríkisvaldið sjálft útflutningsframleiðsluna miklum mun meir en gert er í Noregi. Og hér á landi er kostnaður við fisksölusamtök fiskframleiðenda og söluumboð miklum mun hærri en almennt þekkist annars staðar. Það eru þessir og fleiri aðilar, sem hér á landi taka svo stóran hluta af útflutningsverðmætinu, að hér þarf að greiða verkafólkinu lægra kaup og sjómönnum og útgerðarmönnum lægra fiskverð en sömu aðilum er greitt t. d. í Noregi.

Það, sem hér þarf að gera og við Alþýðubandalagsmenn höfum margsinnis bent á, er að ráðast að rótum meinsins og létta vaxtaokrinu af framleiðslunni, að létta milliliðaokrinu af útflutningnum, lækka vátryggingar, lækka flutningsgjöld og stórlækka álögur þær, sem ríkisstjórnin hefur lagt á framleiðsluna í formi útflutningsgjalda.

Með þessu frumvarpi bendum við á nokkur atriði, sem gera þarf útflutningsatvinnuvegunum til stuðnings. Væru þessi atriði framkvæmd, mætti hækka kaup verkafólks, sem við framleiðsluna vinnur, um 20% og fiskverðið um 25—30% og bæta þó hag fiskvinnslustöðvanna frá því, sem nú er.

Hér skal nú gerð nokkru nánari grein fyrir því, hvað samþykkt þessa frumvarps mundi létta miklum útgjöldum af sjávarútveginum.

Vaxtalækkun.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til, að vextir á afurðalánum lækki um 4.5% frá því, sem nú er. Jafnframt er gert ráð fyrir að lækka vexti af öðrum rekstrarlánum útgerðarinnar um 2% og vexti af öllum öðrum lánum um 2%.

Telja má víst, að þessi vaxtalækkun nemi á ári fyrir sjávarútveginn sem heild að minnsta kosti *100 milljónum króna.*

Lækkun vátryggingargjalda.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að eigendum fiskiskipa verði gert mögulegt að fá vátryggingu skipa sinna fyrir helmingi lægra gjald en þeir hafa þurft að greiða. Árleg iðgjaldagreiðsla fiskiskipaflotans er um 120 milljónir króna. Væri hér því um að ræða útgjaldalækkun, sem næmi um *60 milljónum króna.*

Lækkun útflutningsgjalda.

Samkvæmt frumv. er lagt til, að útflutningsgjöld af sjávarafurðum verði lækkuð úr 7.4% í 2.9%, eða í það sama og þau voru, áður en ríkisstjórnin setti bráðabirgðalögin um sérstakar ráðstafanir vegna gengislækkunarinnar í sumar. Lækkun þessi á útflutningsgjöldunum mundi nema um *135 milljónum króna á ári.*

Lækkun flutningsgjalda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að flutningsgjöld íslenzkra skipa á útflutningsvörum verði lækkuð um 20% árið 1962. Sú lækkun mundi sennilega nema um *20 milljónum króna.*

Aðrar ráðstafanir.

Þá er lagt til í frumvarpinu að lækka nokkuð önnur vátryggingargjöld, sem hvíla á framleiðslunni, og umboðslaun sölufélaga og umboðsaðila.

Einnig er lagt til, að gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja framleiðendum greiðslu á útflutningsvörum hraðar en nú á sér stað. Slík skipan mundi spara framleiðendum mikil og margvísleg útgjöld.

Talið er líklegt, að þessi atriði mundu létta beinum útgjöldum af sjávarútveginum, sem nema um *50 milljónum króna á ári.*

Lækkun útgjalda sjávarútvegsins yrði því að minnsta kosti um 365 milljónir króna á ári, ef frumvarp þetta yrði samþykkt. Slík lækkun heildarútgjalda sjávarútvegsins gerði mögulegt að hækka fiskverðið innanlands um 25—30%, og væri þá hægt að tryggja fiskiskipunum meðaltalsfiskverð, sem næmi um kr. 3.50 á kg af þorski, 165 kr. fyrir síldarmál af Norðurlandssíld og 250 kr. fyrir uppmælda tunnu af síld til söltunar. Jafnframt væri svo hægt að hækka kaup þess fólks, sem við fiskvinnslustörfin vinnur í landi, um 20%.

Enginn vafi getur leikið á því, að auðvelt væri að framkvæma öll þau atriði, sem frumvarp þetta fjallar um.

Lækkun vaxtanna er sjálfsagt mál, sem flestir landsmenn viðurkenna að framkvæma eigi sem fyrst. Seðlabankinn mundi að vísu missa nokkurn hluta af sínum mikla gróða, en slíkt er eðlilegt, því að seðlabönkum er ekki ætlað það hlutverk að græða á atvinnuvegunum.

Lækkun vátryggingargjalda er möguleg, og hefur samanburður á vátryggingargjöldum fiskiskipa í Noregi og hér á landi leitt í ljós, að unnt ætti að vera að lækka gjöldin hér um helming, ef rétt er að farið.

Útflutningsgjöld sjávarafurða má auðveldlega lækka í það, sem þau voru fyrr á yfirstandandi ári. Hækkun ríkisstjórnarinnar á þeim gjöldum var ákveðin af skammsýni og skilningsleysi á þörfum sjávarútvegsins.

Lækkun flutningsgjalda íslenzkra skipa er auðveld, þar sem vitað er, að þau hafa grætt mikið að undanförnu. Flutningsgjöld erlendra skipa á íslenzkum afurðum mundu fljótlega lækka á eftir, þar sem vitað er, að það eru taxtar íslenzku skipanna, sem ráða um flutningstaxtana hér við land.

Í frumv. er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn verði skyldaður til þess að greiða útflytjendum, einum mánuði eftir að útflutningsvara er flutt úr landi, fullnaðarverð vörunnar, enda er þá við það miðað, að útflutningsvörur séu ekki fluttar úr landi, nema þær séu fyrir fram seldar.

Ákvæði þetta er nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir þá óhæfu, sem viðgengizt hefur í þessum efnum. Þannig mun t. d. orðið algengt, að framleiðendur verði að bíða í 8—10 mánuði, frá því að frystur fiskur er fluttur út, þar til greiðsla berst fyrir hann í banka. Sérstaklega hefur dráttur í þessum efnum orðið tilfinnanlegur og langur í sambandi við fisksöluna til Bandaríkjanna. Slíkt sölufyrirkomulag verður að stöðva, og er eðlilegast, að Seðlabankinn sjái um, að útfluttar vörur séu greiddar framleiðendum eigi síðar en einum mánuði eftir, að varan er flutt út.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í frumv., að Seðlabankinn greiði framleiðendum fullt verð þeirrar útflutningsvöru, sem legið hefur tilbúin til afskipunar í heilan mánuð og fastur sölusamningur hefur verið gerður um. Seðlabankinn tekur allan erlendan gjaldeyri fyrir útfluttar vörur, og er þá ekki óeðlilegt, að hann hafi nokkrar skyldur varðandi þau gjaldeyrisverðmæti, sem þannig eru tilbúin til útflutnings og sala er tryggð á.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að lækka nokkuð þóknun þá, sem sölufélög framleiðenda og íslenzkir umboðssalar taka fyrir umboðsstörf sín. Félögin taka nú yfirleitt 2% þóknun. Enginn vafi er á að þau gætu unnið nauðsynleg umboðssölustörf fyrir 1%, og er það því sett sem hámark í frumv.

Sala á íslenzkum framleiðsluvörum erlendis fer að verulegu leyti fram á vegum erlendra umboðssala. Ýmis dæmi eru um það, að þeir taki orðið 4% í umboðslaun. Rétt hefur því þótt að girða fyrir slíka okurstarfsemi með því að banna hærri greiðslu til erlendra umboðssala en 2%.

Í greinargerð þessari hefur aðallega verið vikið að þeim hagsbótum, sem sjávarútvegurinn hefði af samþykkt frumvarpsins. En augljóst er þó, að aðrir atvinnuvegir landsins mundu einnig njóta góðs af samþykkt þess. Þannig mundi almenna vaxtalækkunin ná til allra, Og lækkun vaxta á afurðalánum mundi einnig koma landbúnaðinum til góða. Ýmis önnur ákvæði frumvarpsins, sem varða útflutning, mundu koma öllum útflutningsgreinum til hagsbóta.

En eins og verðlagsmyndunin er í landinu, skiptir mestu máli, að þannig sé búið að sjávarútveginum, sem algerlega er háður erlendu verðlagi, að hann geti starfað með eðlilegum hætti.

Ed. 201. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1961.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Karl Kristjánsson. Björn Jónsson.

Nd. 202. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddur við afgreiðslu málsins í nefndinni var Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi, 7. des. 1961.

Jónas Rafnar, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Sveinn S. Einarsson, frsm.
Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 203. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á viðskiptum fjármálaráðuneytisins við Axel Kristjánsson og h/f Ásfjall.

Flm.: Geir Gunnarsson, Karl Guðjónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka viðskipti fjármálaráðuneytisins og Axels Kristjánssonar, Hafnarfirði, og hlutafélagsins Ásfjalls í sambandi við ríkisábyrgð, sem heimiluð var á 22. gr. fjárlaga 1959, svo og útgerð Axels Kristjánssonar í ábyrgð ríkissjóðs á togaranum Brimnesi.

Nefndin skal hafa rétt til að heimta skýrslur, skriflegar og munnlegar, bæði af embættismönnum og einstökum aðilum.

Greinargerð.

Á 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959 er ríkisstjórninni heimilað, svo sem þar segir: „Að ábyrgjast fyrir Axel Kristjánsson eða væntanlegt hlutafélag í Hafnarfirði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 4320000 kr. lán til kaupa á togara frá Vestur-Þýzkalandi, þó ekki yfir 80% af kaupverði skipsins.“

Axel Kristjánsson stofnaði síðan fyrirtækið Ásfjall h/f, sem hafði yfir að ráða innborguðu hlutafé að upphæð 100 þús. kr. Það félag flutti inn togarann Keili, sem smíðaður var árið 1950. Ábyrgð ríkissjóðs fyrir 4320000 kr. var síðan veitt í árslok 1959 og gengið út frá því, að endanlegt kaupverð togarans næmi nákvæmlega því, að 80% þess svaraði til hámarksupphæðarinnar, sem þannig var notuð að fullu.

Samkvæmt upplýsingum forsvarsmanns fyrirtækisins í Alþýðublaðinu 19. jan. 1960 nam kaupverðið þó eigi nema nál. 2880000 kr., en viðgerðir fóru fram á skipinu erlendis, og virðast þær hafa kostað álíka mikið og skipið sjálft, eða nál. 2520000 kr., og ríkisábyrgð einnig verið veitt vegna þeirra.

Þegar fyrstu greiðslur vegna láns þessa féllu í gjalddaga, varð ríkissjóður að annast þær, og lauk útgerð togarans Keilis í janúar 1961, er honum var lagt vegna greiðslubrots fyrirtækisins Ásfjalls h/f.

Ríkissjóður yfirtók skipið og seldi það síðar fyrir 2 millj. kr. Útgjöld ríkissjóðs vegna afborgana og vaxta af láni með ríkisábyrgð, er Ásfjalli h/f var veitt, munu, þegar greiðslu lánsins lýkur, nema um 9 millj. kr., svo að hreint tjón ríkissjóðs vegna ábyrgðarinnar verður, miðað við núverandi gengi, um 7 millj. kr., eða 70-falt hlutafé fyrirtækisins.

Samkvæmt samþykkt Alþingis náði heimild til ríkisábyrgðar vegna Ásfjalls h/f aðeins til 4320000 ísl. kr., en engin heimild hefur verið veitt til ríkisábyrgðar á hugsanlegum gengismun við gengislækkanir. Veitt ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt núverandi gengi nemur nál. tvöfaldri heimilaðri ábyrgð, en bankar hafa krafizt af öðrum aðilum sérstakrar ábyrgðar vegna gengismunar.

Verður að telja mál þetta allt þannig vaxið, að fullkomin ástæða sé til þess, að það sé rannsakað náið og leitt í ljós m. a., hvernig raunverulegt kaupverð hefur verið sannreynt, þegar haft er í huga ástand skipsins eftir ársnotkun.

Fullkomin ástæða er til þess, að rannsakað verði, á hvern hátt veðhæfni skipsins hefur verið könnuð, áður en ríkisábyrgðin var veitt, m. a. hver hafa verið vottorð skipaeftirlitsins um ástand þessa 10 ára gamla togara, þegar þess er gætt, að eftir að veitt er ríkisábyrgð fyrir 7.4 millj. kr. samkvæmt núverandi gengi á 80% af uppgefnu verði skipsins, er skipið selt fyrir 2 millj. kr. eftir ársnotkun.

Í lagaheimildinni fyrir ríkisábyrgðinni til Axels Kristjánssonar eða hlutafélags hans er ráðuneytinu falið að láta ábyrgðina aðeins af hendi gegn gildum trygg-

ingum. Nú kemur í ljós aðeins rúmu ári eftir veitingu ríkisábyrgðarinnar, að ríkið hlýtur margra milljóna króna tjón af viðskiptum þessum við Axel Kristjánsson eða hlutafélag hans, enda þótt ætla megi, að aðili þessi hafi haft öll ráð á að setja tryggingar, sem firrt hefðu ríkissjóð skaða.

Í þessu sambandi má geta þess, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar varð ekki við beiðni sama aðila um ábyrgð bæjarsjóðs Hafnarfjarðar fyrir láni til kaupa þessa skips, þar eð tryggingar í skipinu einu saman voru ekki taldar fullnægjandi fyrir slíkri ábyrgð.

Það verður því að ætla, að ekki muni við því verða amazt, að þjóðin fái fulla greinargerð um það, á hverjum rökum þáverandi fjármálaráðherra, Guðmundur Í. Guðmundsson, gaf út fyrrgreinda ríkisábyrgð, þar sem fyrir liggur, að því fer víðs fjarri, að gildar tryggingar hafi verið fyrir henni settar.

Snemma á árinu 1959 var togarinn Brimnes, sem verið hafði í eigu Seyðisfjarðarkaupstaðar, tekinn af kaupstaðnum vegna vanskila á ríkistryggðum lánum. Ríkissjóður tók skipið í sína vörzlu og ákvað að fela Axel Kristjánssyni forstjóra í Hafnarfirði að hafa með höndum rekstur skipsins.

Í þessu sambandi aflaði ríkisstjórnin sér heimildar Alþingis á fjárlögum fyrir árið 1959, þar sem henni var heimilað: „Að annast og ábyrgjast rekstur togarans Brimness fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til 1. sept. n. k. með það fyrir augum, að afla skipsins verði landað sem mest á Seyðisfirði, þó þannig, að rekstrarafkomu þess sé ekki stefnt í hættu með löndun aflans þar. Enn fremur að innleysa gegn veði í skipinu áhvílandi sjóðveðs- og fjárnámskröfur."

Ráðstafanir þessar voru gerðar af stjórn Alþýðuflokksins, sem sat árið 1959, og voru framkvæmdar í aðalatriðum á eftirfarandi hátt:

Fjármálaráðherra, Guðmundur Í. Guðmundsson, fól Axel Kristjánssyni rekstur skipsins, og mun engin sérstök rekstrarstjórn hafa unnið með honum. Ríkissjóður mun í upphafi rekstrarins hafa lagt fram 2.5 millj. kr. Rekstur skipsins var með þeim hætti, að það lagði aldrei upp neinn afla í heimahöfn sinni, Seyðisfirði, eins og Alþingi hafði þó gert ráð fyrir. Hins vegar mun talsverður hluti afla skipsins hafa verið lagður upp í vinnslu í frystihúsi Axels Kristjánssonar.

Axel Kristjánsson stjórnaði rekstri skipsins allt árið 1959 og nokkuð fram á árið 1960, þótt heimild Alþingis, sem ríkisstjórninni var veitt, gerði ekki ráð fyrir því, að ríkissjóður hefði með höndum rekstur togarans lengur en til 1. sept. 1959. Verður því ekki séð, samkvæmt hvaða heimild Axel Kristjánsson hefur rekið togarann Brimnes á ábyrgð ríkissjóðs eftir 1. sept. 1959.

Nálægt miðju ári 1960 stöðvaðist útgerð togarans Brimness vegna taprekstrar, og hefur skipið síðan legið í Reykjavíkurhöfn. Engar upplýsingar hafa opinberlega komið fram um það, hve mikið tap ríkissjóður hefur haft af þessum rekstri togarans Brimness undir stjórn Axels Kristjánssonar.

Þessi rekstur togarans Brimness á ábyrgð ríkissjóðs fór að verulegu leyti fram á sama tíma og Axel Kristjánsson hafði sjálfur með höndum rekstur togarans Keilis, sem áður er minnzt á.

Þar sem nú er svo komið, að rekstur beggja þessara togara hefur stöðvazt og ríkissjóður orðið fyrir verulegum töpum, sýnist full ástæða til þess, að samskipti ríkissjóðs og Axels Kristjánssonar varðandi rekstur þessara skipa og fjárhagslegar skuldbindingar séu teknar til gaumgæfilegrar athugunar og Alþingi fái glögga skýrslu um málið.

Í athugasemdum endurskoðenda ríkisreikninga við ríkisreikninginn 1960, sem lagður var fram á Alþingi í dag (11. des.) eru rakin nokkuð viðskipti ríkissjóðs og Axels Kristjánssonar vegna togarans Brimness, og fer sá kafli athugasemdanna hér á eftir:

„Á 22. gr. RR er færð greiðsla vegna rekstrar togarans Brimness kr. 414 614.33
Þá er og fært á RR greiðslur vegna ábyrgðarlána 1960 vegna þessa togara ..... — 457 001.41

Vegna viðskipta þessa togara við ríkissjóð og m. a. vegna þess, hvernig þeim viðskiptum er háttað, skal vikið nánar að þessu máli:

Fyrri hluta árs 1959 var útgerð bæjarsjóðs Seyðisfjarðar á b/v Brimnesi fyrir löngu komin í þrot og skipið búið að liggja umhirðulítið á Seyðisfirði veturinn 1958—1959. Skipið var þá orðið bæjarsjóðnum mikil byrði.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar bar þá upp vandræði sín við ríkisstjórnina, og voru þessi útgerðarmál tekin til nokkurrar athugunar á vegum ráðuneytisins.

Í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959 var ríkisstjórninni heimilað að gera b/v Brimnes út til 1. sept. þessa árs. Ákvað ríkisstjórnin að fela Axel Kristjánssyni, framkvæmdastjóra í Hafnarfirði, útgerð skipsins fyrst um sinn. Mun þetta hafa verið gert að beiðni bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Um þessa útgerð munu engir skriflegir samningar hafa verið gerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar um, hvernig útgerðinni skyldi háttað.

Jafnframt þessu voru Axel Kristjánssyni greiddar 2.5 millj. króna, sem varið skyldi til að gera við skipið, losa af því sjóveðs- og lögveðskröfur, sem útgerðin hafði safnað þá undanfarið, meðan entist. Fé þessu er varið, samkvæmt skýrslu G. M. endurskoðanda í Hafnarfirði, sem hér segir:

Gamlar skuldir:

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði	kr.	900 000.00	(sjóveð, dómar)
Olíufélagið h/f	—	305 000.00	
Lífeyris- og dánarbótasjóður F.Í.B.	—	26 329.30	
Stofnlánadeild sjávarútvegsins	—	231 737.01	
Hall & Barton Ropery Co.	—	69 624.92	
Hampiðjan h/f	—	30 921.50	
Lloyd & Register of Shipping	—	3 040.00	
Gunnþór Björnsson vegna kostnaðar á Seyðisfirði	—	29 859.93	
Olíufélagið h/f vegna olíuúttektar 16. apríl 1959	—	17 207.68	
Vinnulaun á Seyðisfirði, áður en skipið fór suður	—	41 380.93	
			kr. 1 655 101.27
Lántökukostnaður			— 30 675.00
Vinnulaun og kostnaður við viðgerð í Reykjavík			— 68 902.27
Vélsmiðjan Héðinn h/f	kr.	434 436.37	
Slippfélagið í Reykjavík	—	125 426.90	
Stálsmiðjan h/f	—	77 264.27	
Segull h/f	—	53 744.12	
Ýmsir	—	80 661.74	
			— 771 533.40
			Kr. 2 526 211.94

Í maímánuði 1959 var b/v Brimnes tilbúið á veiðar, og hélt Axel Kristjánsson síðan skipinu úti án nokkurs hlés þar til í maílok 1960 eða rétt ár.

Eins og fyrr segir, var ríkisstjórninni heimilt að gera b/v Brimnes út til 1. sept. 1959, en ekki mun hafa þótt gerlegt að stöðva skipið þá. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar skoraði um þetta leyti mjög eindregið á ríkisstjórnina að halda útgerð skipsins áfram.

Útgerð b/v Brimness lauk með þeim hætti, að það fór í sína síðustu veiðiferð 12. maí 1960, en þegar skipið var að koma á Nýfundnalandsmið, varð b/v Keilir, eign Ásfjalls h/f (Axel Kristjánsson), fyrir svo alvarlegri öxulbilun, að skipið varð ósjálfbjarga vestur í Grænlandshafi. Sá Axel Kristjánsson svo um, að b/v Brimnes var snúið b/v Keili til hjálpar, og dró Brimnes skipið til Reykjavíkur. Síðan er nær 1½ ár, og hefur b/v Brimnes legið í Reykjavíkurhöfn þann tíma. Fyrir björgun

b/v Keilis fékk útgerð b/v Brimness borgaðar kr. 829 519.12 í björgunarlaun, sem greidd voru í ríkissjóð.

Axel Kristjánsson hafði með bréfi, dags. 25. maí 1960, tilkynnt fjármálaráðuneytinu, að útgerð hans á skipinu væri lokið, fól ráðuneytisstjóri, Sigtryggur Klemenzson, Sigurði Ólasyni og Jóni Sigurðssyni að ganga eftir uppgjöri af hálfu Axels Kristjánssonar vegna útgerðarinnar. Þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni var ekki fyrr en í ágústbyrjun, að Axel Kristjánsson skilaði efnahags- og rekstrarreikningum. Jón Sigurðsson, sem tók við reikningum þessum, tjáði Axel Kristjánssyni þá þegar, að ráðuneytið þyrfti að fá bókhald útgerðarinnar allt til endurskoðunar, og tók Axel Kristjánsson því vel og sagði til um, hvar það væri niður komið. Næstu daga fékk Jón Sigurðsson bókhaldið allt í sínar hendur.

Skömmu síðar skipaði fjármálaráðuneytið skilanefnd til að sjá um endurskoðunina og jafnframt sjá um greiðslur skulda og innheimtu útistandandi krafna. Í skilanefnd eiga sæti Sigurður Ólason, Jón Sigurðsson og Jónas Jónsson framkvæmdastjóri.

Guðmundur Magnússon endurskoðandi og Jón Ólafsson fulltrúi, báðir úr ríkisendurskoðuninni, voru fengnir til að framkvæma endurskoðunina, og luku þeir aðallega því verki síðari hluta septembermánaðar og skiluðu itarlegum athugasemdum.

Strax og unnt var, eftir að endurskoðendur höfðu skilað athugasemdum sínum, hélt skilanefndin fund með Axel Kristjánssyni og kynnti honum athugasemdirnar. Á fundi þessum fékk Axel Kristjánsson eintak af athugasemdum endurskoðenda, og var honum gefið tækifæri til að skila skriflegum svörum og leiðrétta það, sem aflaga hafði farið.

Axel Kristjánsson skilaði svörum í lok október, en án þess að nokkuð upplýstist um þau atriði, sem mestu máli skipta í athugasemdunum.

Þessu næst tók skilanefndin til meðferðar athugasemdirnar, og úrskurðaði hún minni háttar atriði, þótt þau einatt bæru vott um harla litla reglu á útgerðinni og bókhaldinu. Að því loknu tók skilanefndin saman bréf til fjármálaráðuneytisins, dags. 3. des. 1960, þar sem skýrt er frá nokkrum þeirra atriða, sem nefndin taldi sér ekki fært að úrskurða og taldi sérstaka þörf fyrirmæla um frá ráðuneytinu.

Jafnframt þessu lét skilanefndin fram fara allsherjar endurskoðun á öllum launaútreikningum útgerðarinnar og greiddi þær kröfur, sem staðreyndar urðu.

Þegar þessu verki var að mestu lokið, sendi nefndin fjármálaráðuneytinu bréf, dags. 25. marz, ásamt bráðabirgðauppgjöri fyrir útgerðina og benti á, að nefndin teldi sig ekki geta frekar að málinu unnið að svo stöddu.

Í maí og ágúst s. l. ritaði Axel Kristjánsson bréf, þar sem upplýst var um tvö atriði, sem skilanefndin hafði sérstaklega bent á í bréfi sínu til fjármálaráðuneytisins, dags. 3. des. 1960. Skal hér drepið á óumdeilanlegar skuldir Axels Kristjánssonar í sambandi við nefnt uppgjör, svo og óúrskurðuð atriði, sem Axel Kristjánsson ekki hefur gert nægilega grein fyrir:

I. Óumdeilanlegar skuldir Axels Kristjánssonar.

Skuld á viðskiptareikningi Axels Kristjánssonar ..... kr. 21 723.86

(Skuld þessi var ekki til í uppgjöri A. K., en hefur orðið til við leiðréttingar endurskoðenda.)

Skuld Ásfjalls h/f ..... — 68 112.47

(Skuld þessi er orðin til með þeim hætti, að inneign í sjóði, sem bókhaldið leiddi í ljós við uppgjör A. K., var færð sem peningagreiðsla til Ásfjalls h/f, án nokkurra fylgiskjala. Það er viðurkennt af hálfu A. K., að hér hafi ekki verið um að ræða raunverulega greiðslu, heldur einungis færslu til bókhaldslega að tæma sjóðinn, sem enginn var fyrir.)

Skuld Sigurðar L. Eiríkssonar	kr.	3 934.40
Vextir á hlaupareikningi nr. 528 í Iðnaðarbankanum (einkareikn. A. K., en voru færðir til gjalda hjá b/v Brimnes)	—	2 358.70
Eftirstöðvar af aflasölu hjá Peter Hein, Cuxhaven, DM 2.744,36	—	25 074.15
(Eftirstöðvar þessar voru ekki greiddar inn til útgerðarinnar, en munu hafa blandazt uppgjöri vegna b/v Keilis.)		
Ábyrgðarþóknun vegna Gerexim, Bremerhaven	—	245.40
	Kr.	121 448.98

II. Ágreiningsatriði:

Skuld Reynis Kristjánssonar DM 480 — ísl. kr. 300.00	kr.	2 738.40
Reikningur frá Pierpoint & Bayant Ltd. fyrir 40 stk. húðir vegna b/v Keilis	—	22 377.60
Vanreiknaður afli Gúanófiskjar 20 070 kg kr. 12 042.00		
Mismunur á löndun 27. júlí 1959 — 4 165.00		
	—	16 207.00
Reikningur frá Gerexim skv. meðf. sundurliðun á fskj. 1 DM 18.363.65	—	71 618.24
Greiðslur til Jóns Eiríkssonar fyrir umsjón og viðhald veiðarfæra (A. K. reiknar sér kr. 36 000.00 fyrir vörzlu á veiðarfærum og viðhald.)	—	12 054.31
Greiðslur til A. K. fyrir eftirtalið:		
1. Framkvæmdastjórn, skrifstofukostnað, ljós, hita o. fl. kr. 214 000.00		
2. Leigu fyrir geymslu í 12 mánuði — 24 000.00		
3. Akstur vegna b/v Brimness — 18 000.00		
4. Vörzlu á veiðarfærum í 12 mánuði og viðhald — 36 000.00		
	—	292 000.00
Samtals	kr.	538 444.53
Talið er, að hér komi til frádráttar þrír liðir, sem möguleiki er á, að úrskurðist A. K. í vil	—	17 610.18
	Kr.	520 834.35

Þá er þess að geta, að þegar A. K. skilaði svörum við athugasemdum endurskoðenda í lok október 1960, lagði hann fram ýmsa reikninga frá firmanu Gerexim í Bremerhaven, sem var umboðsfirma hans þar og fleiri þar eystra, samtals að fjárhæð DM 14.693,29 eða kr. 88 821.54 á gengi því, sem í gildi var á þeim tíma, að viðbættu yfirfærslugjaldi, er viðskipti eiga að hafa farið fram.

Löngu síðar hafa einnig verið lagðir fram reikningar, en ekki sýnist ástæða til að fjölyrða frekar um þá, en auðvitað koma þeir til athugunar og afgreiðslu við framhald málsins.

Á einu fskj. (211) er ritað á pappírsblað:

„Contant:

Sept. 16. An. 1 stk. Koparskrúfa kr. 135 000.00."

Ekki hefur fengizt skýring á þessum lið, sem nokkurs virði er.

Hér hafa verið gerð að umtalsefni þau helztu atriði þessara reikninga, er máli skipta. En fjölda athugasemda og leiðréttinga umfram þetta hefur umboðslega endurskoðunin gert.

Hafa yfirskoðunarmenn stuðzt í athugunum sínum við álit endurskoðendanna, þeirra G. M. og J. Ó., og enn fremur við álit og skýrslur skilanefndarinnar, þeirra J. J. og S. Ó. og J. S.

Alþt. 1961. A. (82. löggjafarþing).

Samkvæmt skýrslu frá ríkisbókhaldinu var skuld Fiskiðjuvers Seyðisfjarðar vegna b/v Brimness 31/12 1960 ..... kr. 1 293 612.56
En 31. október þ. á. nam skuldin ..... — 2 302 323.96

Loks skal þess getið, að 5. nóv. f. á. var í fógetarétti Seyðisfjarðar lagður Ríkissjóði Íslands út til eignar togarinn Brimnes fyrir kr. 7 000 000.00.

Yfirskoðunarmenn álíta, að ekki sé viðunandi, að þessu máli sé ekki ráðið til lykta, svo fljótt sem verða má, og það rannsakað til fulls.

Frekari dráttur á afgreiðslu málsins getur ekki orðið til gagns eða neinum til góðs.“

Sþ. 204. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 181 [Fjárlög 1962].

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við brtt. 12. (Við 13. gr. A. II. a.).
   a. Við 39. (Vestfjarðavegur).
   Liðurinn fellur niður.
   b. Við 46. Nýr liður:
   Ögurvegur 700 000
2. — — 14. (Við 13. gr. A. II. d. — Samgöngubætur á landi).
   Fyrir „1 200 000“ kemur 1 400 000

Sþ. 205. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962 og við brtt. á þskj. 181.

I. Frá *Ágúst Þorvaldssyni, Birni Fr. Björnssyni* og *Karli Guðjónssyni.*
Við 11. gr. A. 10. l. Nýr liður:
Til löggæzlu á Selfossi 70 000

II. Frá *Finnboga R. Valdimarssyni* og *Jóni Skaftasyni.*
Við brtt. 181, 21. 27. (Við 13. gr. C. VII. — Kópavogur).
Fyrir „200 000“ kemur 250 000

III. Frá *Jóni Skaftasyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við brtt. 181, 21. 34. (Við 13. gr. C. VII. — Sandgerði).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000

IV. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XXIII. Nýr liður:
Til Jochums Eggertssonar til ritstarfa og skóggræðslu að Skógum 10 000

V. Frá *Matthíasi Á. Mathiesen.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að gefa eftir aðflutningsgjöld af byggingarefni vegna stækkunar klausturs Karmelsystra í Hafnarfirði.

VI. Frá *Karli Guðjónssyni, Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni.*
Við 22. gr. XXII. Nýr liður:
Að taka allt að 25 millj. kr. lán til að ljúka undirbúningi og hefja brúargerð yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

VII. Frá *Ágúst Þorvaldssyni, Birni Fr. Björnssyni* og *Karli Guðjónssyni.*
Við 22. gr. XXII. Nýr liður:
Að greiða allt að 100 þús. kr. til uppbyggingar Kolviðarhóls í Árnessýslu.

Nd. 206. Frumvarp til laga [107. mál]

um verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. des.).

I. KAFLI
Um skipun og verkefni verðlagsráðs.

1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara. Sjávarútvegsmálaráðherra skipar í verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinna aðila þannig:

A. Af hálfu fisksöluaðila:
4 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna.
1 fulltrúi tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands.
1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:
3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
2 fulltrúar tilnefndir af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.
1 fulltrúi tilnefndur af fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S.
1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.
3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
1 fulltrúi tilnefndur af stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.
1 fulltrúi tilnefndur af samtökum síldarverksmiðja á Austur- og Norðurlandi.
2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á SV-landi.
2 fulltrúar tilnefndir af verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

Fulltrúar í verðlagsráði skulu skipaðir til 2 ára í senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og taka sæti í verðlagsráði í forföllum skipaðra fulltrúa. Verðlagsráð kýs sér formann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fisksöluaðila og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk, er annist dagleg störf, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Við ákvörðun um verð á sjávarafla skal verðlagsráð skipað 14 fulltrúum, jafnmörgum frá hvorum aðila skv. 1. gr.

3. gr.
Fiskideild.

Þegar ákveða skal verð á fiski, rækjum, humar og öðrum sjávarafla öðrum en síld, skal verðlagsráð skipað 7 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 7 aðilum

fiskkaupenda þannig: 3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 2 frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S., 1 frá Samlagi skreiðarframleiðenda.

4. gr.

Síldardeild.

Þegar ákveða skal verð á síld, sem veidd er við Norður- og Austurland, skal verðlagsráð skipað 7 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 7 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 1 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S., 3 frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, 1 frá stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og 1 frá samtökum síldarverksmiðja á Austur- og Norðurlandi.

Þegar ákveða skal verð á síld, sem veidd er við Suður- og Suðvesturland, skal verðlagsráð skipað 7 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 7 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S., 2 frá Félagi síldarsaltenda á SV-landi og 2 frá eigendum síldarverksmiðja á SV-landi.

Um skiptingu milli svæða skal ákveða með reglugerð.

5. gr.

Aðalverkefni verðlagsráðs eru:

1. að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla, sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til útflutnings óunninn;
2. að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum á hverjum tíma;
3. að safna gögnum um framleiðslukostnað hinna ýmsu framleiðslugreina sjávarútvegsins, svo og að safna öðrum þeim gögnum, sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávarafla.

6. gr.

Skylt skal öllum opinberum aðilum, svo sem Fiskifélagi Íslands og Hagstofu Íslands, ásamt útflutningssamtökum fiskframleiðenda, svo og öðrum þeim aðilum, sem hafa með höndum sölu og/eða vinnslu sjávarafurða, að láta verðlagsráði í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þessir aðilar geta veitt. Samtökum útvegsmanna skal á sama hátt skylt að láta verðlagsráði í té allar upplýsingar um reksturskostnað fiskiskipa.

II. KAFLI

Um verðákvarðanir verðlagsráðs.

7. gr.

Ákvarðanir verðlagsráðs um lágmarksverð á sjávarafla skulu byggðar á markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Skal verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil. Nánari skýrgreiningu á veiðitímabilinu skal ráðherra ákveða með reglugerð.

8. gr.

Verðlagsráð skal í störfum sínum vinna að verðákvörðunum það tímanlega, að verðlagning sjávarafla liggi fyrir, áður en nýtt verðlagstímabil hefst. Um hvenær verðákvörðun skuli liggja fyrir í síðasta lagi, skal ákveða með reglugerð.

9. gr.

Nú næst ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fisksöluaðilum í verðlagsráði, og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L. Í. Ú., og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í verðlagsráðið skv. B-lið 1. gr., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af fiskkaupendum í verðlagsráði, og skal a. m. k. annar tilnefndur af þeim aðila, sem ágreiningur er við, og einum oddamanni, sem verðlagsráð kemur sér saman um.

Nú nær verðlagsráð ekki einróma samkomulagi um skipun oddamanns í yfirnefndina innan 2 sólarhringa, frá því að ákvörðun var tekin um vísun ágreinings til yfirnefndar, og skal þá oddamaður tilnefndur af hæstarétti.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

10. gr.

Ákvarðanir verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð, og má enginn selja sjávarafla undir því verði, sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra ákveður verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra, og greiðist hún úr fiskimálasjóði, ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess.

12. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum verðlagsráðs.

13. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber mál, og varða brot sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú tregðast aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa verðlagsráði skýrslu eða upplýsingar, að láta þær í té, og má þá beita dagsektum frá kr. 500.00—5000.00, þar til hann uppfyllir skyldur sínar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi 11. gr. l. nr. 1 frá 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins, svo og önnur þau lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsráð skal ákveða verð á sjávarafla, sem gildi fyrir fyrsta verðlagstímabil árinu 1962, og skal hafa lokið því eigi síðar en 15. janúar 1962.

Nd. 207. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til l. um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðunum „4 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna“ komi: þar af einn búsettur í hverjum landsfjórðungi.
   b. Í stað „3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna“ komi:
      2 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
      1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af félögum fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og á Vestfjörðum.
2. Við 3. gr. Í stað „3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna“ komi: 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá félögum fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og á Vestfjörðum.
3. Við 11. gr. Í stað orðanna „úr fiskimálasjóði“ komi: að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr fiskimálasjóði.

Sþ. 208. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

Frá Ingvari Gíslasyni og Gísla Guðmundssyni.

Við 14. gr. B. XL. 4. (Tónlistarskóli á Akureyri).
Fyrir „40 000“ kemur 80 000

Sþ. 209. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

Frá Einari Olgeirssyni og Geir Gunnarssyni.

Við 14. gr. B. XIII. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
Fyrir „1 260 000“ kemur 2 000 000

Sþ. 210. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 181 [Fjárlög].

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við brtt. 12,44. (Við 13. gr. A. II. a). Nýr liður:
   Fjarðavegur 300 000
2. — — 15,4. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir). Nýir liðir:
   a. Mórilla í Kaldalóni 1 000 000
   b. Kaldbaksós í Strandasýslu 300 000
3. — — 21,8. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki). Nýr liður:
   Drangsnes 250 000

Sþ. **211. Frumvarp til fjárlaga** [1. mál]

fyrir árið 1962.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1962 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.
1.	Tekju- og eignarskattur	95 000 000
2.	Vörumagnstollur	33 000 000
3.	Verðtollur	433 600 000
4.	Innflutningsgjald af benzíni	58 000 000
5.	Gjald af innlendum tollvörum	39 300 000
6.	Lestagjald af skipum	1 000 000
7.	Bifreiðaskattur	20 000 000
8.	Aukatekjur	26 000 000
9.	Stimpilgjald	43 000 000
10.	Vitagjald	3 000 000
11.	Söluskattur:	
	a. Af innfluttum vörum (7%)	176 800 000
	b. Af vörusölu og þjónustu innanlands 215000000	
	Bráðabirgðasöluskattur af innflutningi (8%) 202000000	
	Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 83400000	
		333 600 000
12.	Innflutningsgjald	105 000 000
13.	Gjald af bifreiðum og bifhjólum, samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960	45 000 000
Verðlagsráð skal ákveða verð á sjávarafla, sem gildi fyrir fyrsta verðlagstímabil á árinu 1962, og skal hafa lokið því eigi síðar en 15. janúar 1962.

Nd. **220. Lög** [10. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.)

Samhljóða þskj. 10.

Nd. **221. Lög** [9. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.)

Samhljóða þskj. 9.

Nd. **222. Nefndarálit** [106. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „og endurlána ... ríkisstjórnin setur" komi: og endurlána þá fjárhæð Reykjavíkurborg til stækkunar hitaveitu gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Alþingi, 15. des. 1961.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.

Gísli Jónsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. **223. Frumvarp til laga** [118. mál]

um breyting á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands h/f.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögmætur hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutafé, og skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að aukningunni í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hafi hluthafi eigi neytt forkaupsréttar síns innan þriggja mánaða frá auglýsingu bankaráðs um hlutafjárauka, skal heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutafjárauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands h/f 3. júní s. l. var samþykkt svofelld tillaga:

„Aðalfundur Iðnaðarbanka Íslands h/f, haldinn í Reykjavík 3. júní 1961, beinir þeirri áskorun til Félags ísl. iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna að athuga í samráði við iðnaðarmálaráðherra og stjórn bankans fyrir næsta aðalfund möguleika á því að auka hlutafé bankans og gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar teljast til þess að aukning hlutafjárins geti farið fram í samræmi við álit ofangreindra félagssamtaka iðnaðarins."

Voru þeir Guðmundur Halldórsson, *forseti Landssambands* iðnaðarmanna, Sveinn B. Valfells, formaður Félags ísl. iðnrekenda, og Guðmundur Ólafs, bankastjóri, kjörnir í nefnd til þess að undirbúa málið. Sneru þeir sér til iðnaðarmálaráðherra með ósk um, að hann hlutaðist til um flutning framangreinds frumvarps.

Í gildandi lögum um Iðnaðarbanka Íslands h/f er ákveðið, að hlutafé hans skuli vera allt að 6½ millj. króna. Hér er lagt til, að þetta hámark verði fellt niður, þannig að hluthafafundur bankans geti samþykkt aukningu hlutafjár og eflt þannig bankann, auk þess sem trygging innistæðueigenda vex að sama skapi.

Breytingar þær á samþykktum bankans og reglugerð, er leiðir af samþykkt þessa frumvarps, eru háðar samþykki iðnaðarmálaráðherra, sbr. 7. gr. laga nr. 113/1951, um Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Nd. 224. Frumvarp til laga [119. mál]

um Hjúkrunarskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

I. KAFLI
Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Ríkið rekur heimavistarskóla, er hefur það hlutverk að veita nemendum hjúkrunarfræðslu. Kennslan skal veitt ókeypis.

2. gr.

Skólinn heitir Hjúkrunarskóli Íslands. Hann starfar undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

3. gr.

Stjórn skólans annast 5 manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: Landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, forstöðukona Landsspítalans og þrír aðrir, sem ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Hjúkrunarfélags Íslands, annan samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands og hinn þriðja án tilnefningar, og skal hann vera sérfróður um skólamál. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólanefndar.

II. KAFLI
Um kennara skólans.

4. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru starfsmenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Til þess að geta orðið settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við skólann þarf sérmenntun hjúkrunarkennara samkvæmt nánari

ákvæðum í reglugerð. Ráðherra setur og skipar skólastjóra og fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans í samráði við skólanefnd og eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Eigi skal skipa kennara fyrr en eftir 2—3 ára reynslutíma. Um starfstíma fastra kennara og starfstilhögun skulu sett ákvæði í reglugerð. Ráðherra setur skólastjóra og kennurum erindisbréf að fengnum tillögum skólanefndar.

6. gr.

Um orlof kennara frá störfum eftir 10 ára kennslu skulu gilda sömu reglur og í öðrum skólum, sem þeirra réttinda njóta.

III. KAFLI
Inntökuskilyrði.

7. gr.

Þessi eru aðalinntökuskilyrði í skólann:

1. Að umsækjandi sé fullra 18 ára og eigi eldri en 30 ára. Þó getur skólanefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.
2. Að umsækjandi hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti stafað hætta af eða orðið honum til trafala í námi og starfi.
3. Að umsækjandi hafi góða framkomu og óspillt siðferði.
4. Að umsækjandi hafi lokið landsprófi miðskóla, gagnfræðaprófi eða hlotið hliðstæða menntun. Umsækjendur, sem hlotið hafa frekari menntun, skulu ganga fyrir að öðru jöfnu.
5. Skólanum skal heimilt að láta umsækjendur ganga undir inntökupróf samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

IV. KAFLI
Um námstíma og námsefni.

8. gr.

Námstími skólans skal vera 3 ár, og hefst hann með námskeiði, sem má taka allt að 16 vikna tíma. Að því loknu skal ákveða, hvort nemandi telst hæfur til að hefja verklegt hjúkrunarnám. Eigi síðar en eftir 4 mánaða reynslutíma í verklegu hjúkrunarnámi í sjúkrahúsi skal fundur fastra kennara skólans, að fengnu áliti viðkomandi yfir- eða deildarhjúkrunarkvenna, skera úr því, hvort nemandi sé hæfur til að halda námi áfram.

9. gr.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóklega námið fer fram í námskeiðum, en hið verklega í Landsspítalanum, svo og í öðrum stofnunum samkvæmt ákvörðun skólanefndar.

10. gr.

Í skólanum skal kenna þessar aðalnámsgreinar: Hjúkrunarfræði og ágrip almennrar heilsufræði og heilsuverndar, líffæra- og lífeðlisfræði, sjúkdóma- og sýklafræði, lyfjafræði, lyflæknisfræði, handlæknisfræði, sálarfræði og geðfræði. Í reglugerð skal ákveða undirgreinar og aukagreinar, enn fremur kennslustundafjölda í hverri námsgrein og tilhögun kennslu að öðru leyti.

V. KAFLI
Próf og einkunnir.

11. gr.

Próf skulu haldin í lok hvers námstímabils eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Kennarar skólans prófa, en landlæknir skipar prófdómara. Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum og tíundu hlutum frá 0 upp í 10.

VI. KAFLI
Framhaldsnám og námskeið.

12. gr.

Skólanum skal heimilt að fenginni sérstakri fjárveitingu að veita framhaldsnám í hjúkrunarfræðum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig má ákveða í reglugerð, að skólinn haldi uppi sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, t. d. fyrir ljósmæður, í því skyni að gera þær færari um að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum, ásamt ljósmóðurstörfum.

VII. KAFLI
Um fjármál og fleira.

13. gr.

Um fjárreiður skólans skal fara eftir ákvæðum í reglugerð.

14. gr.

Samningsaðilar um laun og hlunnindi hjúkrunarnemenda skulu vera: Skólanefnd H. S. Í. annars vegar og hins vegar fulltrúar stjórnarnefndar ríkisspítalanna og stjórnar bæjarsjúkrahússins í Reykjavík.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla þá jafnframt úr gildi lög um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands nr. 76 frá 20. desember 1944.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af skólanefnd Hjúkrunarskóla Íslands og fylgir frumvarpinu frá skólanefndinni svohljóðandi:

Greinargerð.

Um 1. gr.

Skólanefndin telur nauðsynlegt, að skólinn sé rekinn sem heimavistarskóli. Er það í samræmi við þá reynslu, að langflestir umsækjanda óska eftir heimavist þegar í forskóla, þótt ekki sé gert ráð fyrir slíku.

Dvöl nemenda í heimavist ætti að auka félagslegan þroska og þjálfa þá í umgengni við aðra.

Heimavist veitir kennurum og öðrum leiðbeinendum betri tækifæri til að kynnast skapgerðareiginleikum nemenda, en það auðveldar þeim hins vegar að vinza úr nemendur, sem ekki þykja æskilegir til hjúkrunarstarfa, og hefur reynslan sýnt gagnsemi þess. Ljóst er mikilvægi þess að fá valið lið til hjúkrunarstarfa.

Þegar skólabyggingin var staðsett svo nálægt Landsspítalanum, var það gert með tilliti til þess, að nemendur H. S. Í., sem eru um 50% af hjúkrunarliði hans,

gætu búið sem allra næst þeirri stofnun, er veitir aðalhluta verklega námsins. Eins og allir vita, eru hjúkrunarstörf bundin vaktaskiptum, og þeim, sem búa í úthverfum eða lengra frá, getur verið ókleift að nota strætisvagnaferðir til að komast til vinnu nægilega snemma morguns eða frá störfum seint að kvöldi. Margir, sem búa úti í bæ, hafa ekki aðgang að síma, og er það bagalegt, ef kalla þarf hjúkrunarnema skyndilega til starfa, en nauðsynlegt getur verið að bæta við hjúkrunarliði og breyta starfstíma þess, þegar komið er með mjög veikt fólk fyrirvaralaust í sjúkrahús. Árekstrar af ofannefndum orsökum hafa eigi sjaldan orðið í þeim fáu tilfellum, þar sem nemendur hafa búið utan heimavistar.

Um 2. gr.

Meðan skólinn var aðeins ætlaður konum, fór vel á að kalla hann Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, en þar sem karlmenn stunda nú einnig nám í þessum skóla (síðan 1956), þykir sjálfsagt að breyta nafninu í Hjúkrunarskóla Íslands, enda hefur það nafn verið notað í daglegu tali síðast liðin 4 ár.

Þá virðist það og eðlilegt, að málum skólans sé bezt skipað undir stjórn menntamálaráðherra, að þar sé betri aðstaða fyrir hendi til þess að búa svo að skólanum, að hann geti orðið við sívaxandi kröfum tímans sem menntastofnun, en ástæðan til þess, að hann hefur heyrt undir heilbrigðismálaráðuneytið, mun vera sú, að skólinn var fyrstu árin rekinn á vegum Landsspítalans og í húsakynnum hans og tilheyrði þá að sjálfsögðu sama ráðuneyti. Í þessu sambandi má benda á, að háskólinn, og þar með læknadeildin, er undir stjórn menntamálaráðherra.

Um 3. gr.

Breytingar frá núgildandi lögum eru hér óverulegar. Breytt er heiti Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, sem hér nefnist Hjúkrunarfélag Íslands. Þá virðist og eðlilegt, að Læknafélag Íslands tilnefni þann skólanefndarmann, er áður var valinn af sjúkrahúsum, sem vistuðu nemendur við verklegt nám. Þau eru nú orðin mörg, og gæti því verið erfitt fyrir þau að koma sér saman um hann.

Um 4. gr.

Í samræmi við það, að karlmenn útskrifast nú frá skólanum, fer vel á því að nota stöðutitilinn skólastjóri, sem hæfir jafnt konum sem körlum, enda hefur sá titill verið notaður árum saman, þó að skólastýra standi í núgildandi lögum.

Ákvæði í eldri lögum um kennara skólans eru úrelt vegna mikillar fjölgunar nemenda og breytinga á tilhögun kennslunnar.

Í eldri lögum var ekki kveðið á um annað starfsfólk við skólann en skólastýru og kennara, enda sá Landsspítalinn skólanum fyrir öðru starfsfólki, meðan skólinn var starfræktur í húsakynnum hans.

Um 5. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru í samræmi við ákvæði um ýmsa skóla hérlendis.

Um 6. gr.

Þessi grein þarfnast engra skýringa. Er í samræmi við aðra skóla.

Um 7. gr.

Í eldri lögum er vísað til reglugerðar um inntökuskilyrði. Nú þykir tilhlýðilegt að hafa þetta ákvæði í lögum í samræmi við aðra skóla.

Um 8. gr.

Með þeirri breytingu að stytta heildarnámstímann er reynt að nokkru leyti að bæta úr þeim mikla skorti á hjúkrunarliði, sem nú er í landinu, því að ljóst er, að skemmri tími líður þá milli þess, er skólinn útskrifar nemendur. En jafnframt

yrði að koma í veg fyrir, að af styttingu námstímans leiddi lélegri námsárangur. Það mætti m. a. takast með því að skipuleggja kennslu á sjúkradeildunum, því að stytting námstímans bitnaði vitanlega á verklega náminu. Jafnframt þarf skólinn að hafa heimild til að lengja smám saman byrjunarnámskeiðið frá því sem nú er, því að nauðsynlegt er að auka bæði verklega og bóklega kennslu, þar eð stöðugt eru gerðar auknar kröfur til menntunar þeirra, sem starfa að hjúkrun.

Um 9.—11. gr.

Þarfnast engra skýringa.

Um 12. gr.

Í eldri lögum (6.—7. gr.) var veitt heimild til að halda uppi framhaldsnámi, bæði almennu og sérnámi, og þykir sjálfsagt að halda þeirri leið opinni, jafnvel þótt erfiðar aðstæður húsnæðis og kennslukrafta hafi hindrað skólann í að veita slíkt framhaldsnám fram að þessu.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Laun og hlunnindi fara eftir samningum, sem nefndir aðilar gera á hverjum tíma.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 225. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að kjósa í sameinuðu þingi á hverju reglulegu Alþingi — í fyrsta sinn nú þegar — úr hópi þingmanna 5 fulltrúa og 5 varafulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin hverju sinni þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Greinargerð.

Samkvæmt þingsályktun um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð frá 29. janúar 1953 hafa fulltrúar og varafulltrúar í Norðurlandaráð fram að þessu verið kosnir í deildum, 2 í Ed. og 3 í Nd. Flestar kosningar fara nú fram í sameinuðu Alþingi. Rétt þykir, að sama regla gildi um fulltrúa í Norðurlandaráð. Hér er því lagt til, að þeir verði framvegis kosnir í sameinuðu þingi. Kjörtími er eins og áður.

Sþ. 226. Nefndarálit [94. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til að koma á 8 stunda vinnudegi verkafólks.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á tveim fundum og orðið sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til að rannsaka, á hvern hátt verði með mestum árangri komið á 8 stunda vinnudegi meðal verkafólks. Skal nefndin

framkvæma athugun á lengd vinnutíma verkafólks, eins og hann er nú, og áhrifum hans á heilsufar, vinnuþrek og afköst, svo og hag atvinnurekstrar. Á grundvelli þessara athugana skal nefndin gera tillögur um ráðstafanir til breytinga á vinnutilhögun og rekstrarfyrirkomulagi atvinnufyrirtækja, er gætu stuðlað að styttingu vinnudags verkafólks án skerðingar heildarlauna og að aukinni hagkvæmni í atvinnurekstri. Skulu tillögurnar miðast við að verða æskilegur samningagrundvöllur milli stéttarfélaga verkafólks og samtaka atvinnurekenda. Nefndin skal enn fremur gera tillögur um, hvernig löggjafinn geti stuðlað að ákvörðun um eðlilegan hámarksvinnutíma.

Nefndin skal kveðja sér til ráðuneytis fulltrúa Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og aðra fulltrúa hagsmunasamtaka, eftir því sem þörf er á. Hún skal einnig hafa heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir, sem nauðsynlegar eru að mati hennar.

Alþingi, 15. des. 1961.

Benedikt Gröndal, form.	Geir Gunnarsson, frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.
Gísli Jónsson.	Björn Pálsson.	Gísli Guðmundsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Ed. 227. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum í dag. — Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en tveir nefndarmenn (BjörnJ og SE) munu flytja breytingartillögur við frumvarpið og skila sérstökum nefndarálitum.

Alþingi, 15. des. 1961.

Jón Árnason, form., frsm.	Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.	Kjartan J. Jóhannsson.

Nd. 228. Frumvarp til laga [106. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni hjá Alþjóðabankanum í Washington allt að 2 milljónum Bandaríkjadollara og endurlána þá fjárhæð Reykjavíkurborg til stækkunar hitaveitu gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **229. Lög** [11. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 11.

Nd. **230. Lög** [17. mál]

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 141.

Nd. **231. Frumvarp til laga** [121. mál]

um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Flm.: Alfreð Gíslason bæjarstjóri.

4. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: þrír kosnir af sameinuðu Alþingi og tveir kosnir hlutfallskosningu af bæjarstjórn Keflavíkur og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál, skipar formann hafnarstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Hafnarstjóri skal ráðinn sem fastur starfsmaður hafnarinnar og skipaður í starfið af áðurnefndum ráðherra. Hafnarstjóri skal hafa framkvæmdastjórn og daglegan rekstur hafnarinnar með höndum. Hann situr fundi hafnarstjórnar og hefur þar tillögurétt.

Greinargerð.

Með lögum nr. 25 23. apríl 1946 var svo ákveðið, að ríkisstjórnin skyldi gera og starfrækja hafnarmannvirki í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum. Var þar með stofnað til fyrstu landshafnar á Íslandi. Meginmál þessara laga var fellt inn í lög nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Í 4. gr. nefndra laga segir, að stjórn hafnarinnar skipi 5 menn: „Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og fjórir meðstjórnendur, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi og einn af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps."

Með því að ekkert fordæmi var fyrir hendi við stofnun fyrirtækisins um skipan slíkrar stjórnar, mun þessi tilhögun á stjórn hennar hafa verið ákveðin, þar til séð yrði, hvort önnur skipan væri heppilegri.

Í bæjarstjórn Keflavíkur eru 7 bæjarfulltrúar, en 5 menn skipa hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Vegna meirihlutaaðstöðu sinnar hefur bæjarstjórnin ætíð haft það á valdi sínu að kjósa Keflvíking í hafnarstjórnina. Lengst af hefur eining og samkomulag ríkt milli bæjarstjórnar og hreppsnefndar um kosningu þessa eina manns, sem þeim var leyft að kjósa í hafnarstjórnina. Lengst af tímanum, frá því að landshöfnin var stofnuð, varð Njarðvíkingur kosinn, enda var hann eini Njarðvíkingurinn í hafnarstjórn. Hefur bæjarstjórn Keflavíkur sýnt lofsverða sanngirni með

þessu. Óánægja ríkti hins vegar meðal almennings í báðum byggðarlögunum með það fyrirkomulag á skipan hafnarstjórnar, að byggðarlögin réðu aðeins 1 manni af 5. Hefur þetta fyrirkomulag skapað nokkurn rig og togstreitu um hafnarmálin milli þessara nágrannabæja, ekki sízt eftir að bæjarstjórnin hætti stuðningi sínum við kosningu Njarðvíkings árið 1958. Hafnarmálin hafa ætíð verið viðkvæm mál í þessum byggðarlögum. Fyrir 1942 voru þau eitt sveitarfélag, en slitu það ár samfélagi, aðallega vegna hafnarmálanna.

Landshafnarstjórn hefur rætt þetta mál á fundum sínum og einróma mælzt til þess við flm., að frumvarp verði flutt á Alþingi um breytingu á skipun hafnarstjórnar á þá leið, sem hér er fram komin.

Hafnarstjóri hefur jafnan verið skipaður til fjögurra ára í senn og jafnframt verið formaður hafnarstjórnar. Slík atvinna er ótrygg og hætt við, að hæfir og góðir menn haldist ekki við í svo tímabundnu starfi. Telur flm. eðlilegast, að hafnarstjóri verði fastráðinn starfsmaður hafnarinnar, en hafi fullkominn tillögurétt á fundum hafnarstjórnar.

Sþ. 232. Þingsályktun [117. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 15. des.)

Samhljóða þskj. 215.

Sþ. 233. Þingsályktun [120. mál]

um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð.

(Afgreidd frá Sþ. 15. des.)

Samhljóða þskj. 225.

Ed. 234. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hafði frumv. til athugunar á einum fundi sínum, er stóð þó stutta stund.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar leitaði eftir fylgi nefndarmanna við sams konar breytingartillögur við frumv. og fluttar voru af 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar Nd., en þær náðu þar ekki fram að ganga. Meiri hl. nefndarinnar gat ekki fallizt á þessar tillögur, og var þá sýnt, að 1. minni hl. nefndarinnar gat ekki átt samleið með meiri hl. nefndarinnar um nefndarálit.

Að undanförnu hafa orðið framleiðslustöðvanir hjá sjávarútveginum vegna ósamkomulags um fiskverð milli fiskseljenda og fiskkaupenda. Ríkisstjórnin mun hafa séð fram á, að slíkar framleiðslustöðvanir gætu endurtekið sig og það jafnvel þegar á þessum vetri, ef ekki væri að gert. Er frumv. þetta flutt í þeim tilgangi, eins og segir í athugasemdum ríkisstjórnarinnar með frumv.: „svo að komizt verði hjá ágreiningi, sem leitt getur til hins alvarlegasta ástands í útgerðarmálum þjóðarinnar.“

Frumv. er undirbúið af nefnd, sem skipuð var fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna annars vegar sem fiskseljendum og fulltrúum fiskkaupmanna hins vegar.

Þessir aðilar virðast vera sammála um það, að þörf sé á löggjöf þess efnis, er frumv. tekur til. Hins vegar urðu þeir ekki sammála um hlutdeild aðila í verðlagsráði né um skipun og úrskurðarvald yfirnefndar. Nú hefur frumv. verið breytt í Nd. um skipun verðlagsráðs, en um yfirnefnd er það óbreytt frá því, er það var frá hendi ríkisstjórnarinnar.

Þrátt fyrir þann ágreining, sem varð um frumv. í undirbúningsnefndinni, voru þó fulltrúar frá meiri hluta fiskseljenda, svo og allir fulltrúar fiskkaupenda, samþykkir frumv. í aðalatriðum.

1. minni hl. nefndarinnar lítur svo á, að eins og komið er í þessum málum, beri nauðsyn til að setja með löggjöf reglur um það, með hvaða hætti skuli leita samkomulags fiskseljenda og fiskkaupenda um fiskverðið. Takist vel til um þær starfsreglur, má vænta þess, að komizt verði hjá útgerðarstöðvunum vegna ágreinings um verðið. Mikilsverðustu ákvæði frumv. eru því um verðlagsráðið. Hið sama má segja um það ákvæði frumv., að leita skuli eftir samkomulagi aðila um oddamann í yfirnefndina. En ýmsir ágallar eru á frumv., einkum þessir:

að félagssamtökum fiskkaupenda á Vestfjörðum og á Norður- og Austurlandi er ekki ætlað að eiga fulltrúa í verðlagsráði þrátt fyrir þá sérstöðu, sem fiskvinnslustöðvar í þessum landshlutum hafa og þrátt fyrir óskir um það efni, sem fram hafa komið bréflega til Alþingis;

að skilyrði um kjörgengi í yfirnefnd eru ekki látin gilda um kjörgengi í verðlagsráð, þótt þessara skilyrða sé engu síður þörf þar;

að oddamaður í yfirnefnd, skipaður af opinberri stofnun, eigi að hafa úrskurðarvald um lágmarksverð á fiski, þótt annar eða báðir aðilar, er um verðlagið deila, eigi engan hlut að skipun hans;

að ekkert ákvæði er um það í frumv., hversu lengi skuli óbreytt standa það fiskverð, sem verðlagsráð eða yfirnefnd ákveður;

að kostnaður af störfum verðlagsráðs eigi að greiðast úr fiskimálasjóði, en það hlýtur að hafa þær afleiðingar, að sú aðstoð, sem fiskimálasjóður veitir við uppbyggingu í þágu sjávarútvegsins víðs vegar um land, verður nákvæmlega þeim mun minni, sem þessum kostnaði nemur.

Í samræmi við það, sem hér hefur verið nefnt, mun 1. minni hl. nefndarinnar flytja breytingartillögur við frumv. á sérstöku þingskjali í því trausti, að þingdeildin geti fallizt á þær. Fari það á annan veg, mun 1. minni hl. nefndarinnar þó fylgja frumv. óbreyttu, því að betra er að fá þá gölluðu löggjöf, sem kostur er á í þessu þýðingarmikla máli, heldur en enga, þar sem með henni er þó gerð tilraun til að draga úr þeirri óvissu, sem nú ríkir í þessum málum.

Alþingi, 16. des. 1961.

Sigurvin Einarsson.

Ed. 235. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til l. um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar (SE).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara. Sjávarútvegsmálaráðherra skipar í verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinna aðila þannig:

A. Af hálfu fisksöluaðila:

3 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna.

1 fulltrúi tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:
3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þar af 1 sérstaklega tilnefndur sameiginlega af félögum fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og á Vestfjörðum.
1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.
1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. samvinnufélaga.
1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.
2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
1 fulltrúi tilnefndur af stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.
1 fulltrúi tilnefndur af samtökum síldarverksmiðja á Austur- og Norðurlandi.
2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á SV-landi.
1 fulltrúi tilnefndur af síldarverksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

Fulltrúi fisksöluaðila í verðlagsráði eða yfirnefnd samkvæmt þessum lögum getur sá ekki orðið, sem á eða rekur fiskkaupafyrirtæki, er hluthafi í félagi, sem á eða rekur slíkt fyrirtæki, eða meðeigandi, ef um sameignarfélag er að ræða, nema hann eigi bersýnilega meiri hagsmuna að gæta sem fiskseljandi.

Fulltrúi fiskkaupenda í verðlagsráði eða yfirnefnd samkv. þessum lögum getur sá ekki orðið, sem selur sjávarafla eða er þátttakandi í fyrirtæki, sem selur sjávarafla, sbr. síðustu málsgr., nema hann eigi bersýnilega meiri hagsmuna að gæta sem fiskkaupandi.

Fulltrúar í verðlagsráði skulu skipaðir til 2 ára í senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og taka sæti í verðlagsráði í forföllum skipaðra fulltrúa. Verðlagsráð kýs sér formann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fisksöluaðila og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

Heimilt er aðilum þeim, sem tilnefna eiga aðila af hálfu fisksölu- og fiskkaupaaðila samkv. þessari grein, að skipta um fulltrúa sína í verðlagsráði, eftir því sem þeim þykir rétt, til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og fiskkaupenda, sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun, komi sem bezt fram.

Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk, er annist dagleg störf, eftir því, sem þurfa þykir.

2. Við 3. gr. Á eftir orðunum „3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna“ komi: þar af 1 sérstaklega tilnefndur sameiginlega af félögum fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og á Vestfjörðum.

3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Nú næst ekki samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá skipa 5 manna yfirnefnd þannig:

a. Tveir tilnefndir af fisksöluaðilum í verðlagsráði, annar úr hópi L. Í. Ú., og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í verðlagsráðið skv. B-lið 1. gr., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa.
b. Tveir tilnefndir af fiskkaupendum í verðlagsráði og a. m. k. annar þeirra af þeim aðila, sem ágreiningur er við.
c. Oddamaður, sem verðlagsráð kemur sér saman um.

Nú næst ekki samkomulag í verðlagsráði um oddamann, og skal þá að fengnu samþykki meiri hluta fulltrúa fisksöluaðila og meiri hluta fulltrúa fiskkaupenda oddamaður tilnefndur af hæstarétti.

Ef yfirnefnd verður fullskipuð, fellir hún fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum.

4. Við 10. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Ákvarðanir verðlagsráðs eða yfirnefndar eru bindandi sem lágmarksverð, þó ekki lengur en eina vertíð eða veiðitímabil, og má enginn o. s. frv.
5. Við 11. gr. Fyrir „fiskimálasjóði“ komi: ríkissjóði.

Ed. 236. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur ekki orðið sammála um afstöðu til þessa frv. Leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt, eins og það liggur fyrir, en undirritaður leggur til, að á því verði gerðar veigamiklar breytingar.

Frv. gerir ráð fyrir, að sett verði á stofn verðlagsráð sjávarútvegsins skipað fulltrúum fisksöluaðila annars vegar og hins vegar fulltrúum fiskkaupenda. Verkefni ráðs þessa skal vera að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla, sem seldur er til vinnslu eða selja skal í skip og flytja óunninn úr landi. Náist ekki samkomulag í verðlagsráði, ber að vísa ágreiningi til yfirnefndar, sem skipuð er 2 fulltrúum frá hvorum aðila og oddamanni, sem þeir koma sér saman um, en náist ekki samkomulag um oddamanninn, skal hann tilnefndur af hæstarétti. Yfirnefndin, svo skipuð, hefur þá endanlegt úrskurðarvald um að ákveða lágmark verðs þeirra sjávarafurða, sem um ræðir hverju sinni.

Þannig er horfið að því ráði að skylda alla þá, sem beinna hagsmuna hafa að gæta varðandi verðlag á ferskum fiski og þ. á m. sjómenn, til að hlíta úrskurði gerðardóms, ef þeir ná ekki fullu samkomulagi í verðlagsráði. Þetta ákvæði ásamt ákvæðunum um skipun verðlagsráðsins og yfirnefndarinnar er meginefni frv.

Kjör sjómanna á veiðiflotanum ákvarðast bæði af almennum kjarasamningum við útvegsmenn, þar sem kveðið er á um hlutdeild þeirra í afla, kauptryggingu og önnur kjaraatriði, og svo einnig af sjálfu fiskverðinu. Samtök sjómanna hafa því raunverulega ekki fullan samningsrétt um kaup og kjör skjólstæðinga sinna á sama hátt og önnur stéttarfélög, nema sá réttur nái til samninga um fiskverðið, sem raunverulega er eitt grundvallaratriðið, sem kjörunum ræður. Verður því ekki séð, að réttmætt sé, að um fiskverðssamninga af hálfu sjómanna skuli gilda reglur, sem ekki samrýmast að öllu leyti lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Ákvæði frv. um, að gerðardómur skuli hafa úrslitavald um þetta mikilvæga kjaraatriði sjómanna, er því alvarleg réttindaskerðing fyrir þá og kippir að verulegu leyti stoðunum undan því, að samtök þeirra fái unnið að kjaramálum sínum með sama hætti og önnur stéttarfélög eiga rétt til. Sú staðreynd, að samtök sjómanna hafa ekki nema að nokkru leyti haft réttmæta aðild að fiskverðssamningum á undanförnum árum, breytir hér engu um. Slík aðild hefur verið eindregin krafa sjómannastéttarinnar og hefur verið studd fullum lagarétti.

Ákvæðin um sjálfa skipun verðlagsráðsins og yfirnefndarinnar verða að teljast mjög óréttlát í garð mikils meiri hluta sjómannastéttarinnar, þar sem svo er um hnútana búið, að engin trygging er fyrir og jafnvel sáralitlar líkur á, að Alþýðusamband Íslands, sem eitt getur á þessum vettvangi talizt gildur fulltrúi hennar, fái nokkra aðild að yfirnefndinni, sem fella á bindandi úrskurð um fiskverðið, og aðeins einn fulltrúa af 12, sem skipa sjálft verðlagsráðið.

Eins og frv. liggur fyrir, gengur það þannig mjög á hlut sjómannastéttarinnar og gat því ekki hlotið meðmæli fulltrúa Alþýðusambands Íslands í undirbúningsnefndinni og ekki heldur fulltrúa Sjómannasambands Íslands hvað snerti gerðardóminn, sem er aðalatriði þess. Fulltrúi Alþýðusambandsins lýsti sig andvígan

frv. í heild, eins og frá því var gengið af undirbúningsnefndinni, og lagði fram sérstakar tillögur um meginatriði þess í samræmi við hagsmuni sjómannastéttarinnar. Þessar tillögur gengu í þá átt að fella niður ákvæðin um gerðardóminn, en taka í þeirra stað upp ákvæði um forgöngu ríkissáttasemjara um samkomulagsumleitanir í sambandi við ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur, ef samningar næðust ekki í verðlagsráðinu, og í annan stað um aukna aðild Alþýðusambandsins að verðlagsráðinu.

Ég mun bera fram á sérstöku þskj. breytingartillögur við frv., og eru þær efnislega í samræmi við álit fulltrúa Alþýðusambandsins í undirbúningsnefndinni. Næðu þær till. fram að ganga, væri lagður grundvöllur að frjálsum samningum þeirra, sem ríkastra hagsmuna hafa að gæta um verðlagningu sjávarafla, og mjög auknar líkur fyrir því, að forða mætti því tjóni, sem oft hefur orðið vegna þess öngþveitis, sem í þessum efnum hefur ríkt. En valdboð það og augljós rangsleitni í garð sjómannastéttarinnar, sem frv. stefnir að, er næsta ólíklegt til að skapa æskilegan og nauðsynlegan frið um þessi mikilsverðu mál. Verði breytingartillögur mínar felldar, lýsi ég mig því andvígan frv. og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1961.

Björn Jónsson.

Ed. 237. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til laga um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „3 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna“ komi: 4 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna.
   b. Í stað orðanna „1 fulltrúi tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands“ komi: 2 fulltrúar tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands.
   c. Í stað orðanna „1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda“ komi: 2 fulltrúar tilnefndir af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.
   d. Í stað orðanna „1 fulltrúi tilnefndur af fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S.“ komi: 2 fulltrúar frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S.
2. Við 2. gr. Í stað „12 fulltrúum“ komi: 16 fulltrúum.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Fiskideild.

Þegar ákveða skal verð á fiski, rækjum, humar og öðrum sjávarafla öðrum en síld, skal verðlagsráð skipað 8 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 8 aðilum fiskkaupenda þannig: 3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 2 frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, 2 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S. og 1 frá Samlagi skreiðarframleiðenda.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Síldardeild.

Þegar ákveða skal verð á síld, sem veidd er við Norður- og Austurland, skal verðlagsráð skipað 8 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 8 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, 3 frá síldarverksmiðjueigendum á Norður- og Austurlandi, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S. og 1 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Þegar ákveða skal verð á síld, sem veidd er við Suður- og Suðvesturland, skal verðlagsráð skipað 8 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 8 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 2 frá síldarverksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi, 2 frá Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi og 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S.

Um skiptingu milli svæða skal ákveða með reglugerð.

5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Nú næst ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða um verð á sjávarafla í heild 10 dögum áður en nýtt verðákvörðunartímabil skal hefjast, og ber þá ríkissáttasemjara að taka upp störf með verðlagsráði og vinna að því, að samkomulag geti tekizt um verðákvörðun.

Hafi ekki náðst samkomulag um aflaverð, þegar veiðitímabil hefjast, getur sáttasemjari borið fram miðlunartillögu um aflaverðið, er lögð verði fyrir félög kaupenda og seljenda, sem hlut eiga að máli. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu, ber honum að ráðgast um það við verðlagsráð m. a., hvenær og hvernig atkvæðagreiðsla um miðlunartillöguna skuli fram fara. Skal við framkvæmd atkvæðagreiðslu um miðlunartillöguna farið eftir því, sem við á að lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 11. júní 1938.

Sþ. 238. Tillaga til þingsályktunar [122. mál]

um rannsókn á hlutdeild hinna einstöku atvinnugreina í þjóðarframleiðslunni.

Flm.: Jónas Pétursson, Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um rannsókn á eftirtöldum atriðum:

1. Hluta hverrar atvinnugreinar í þjóðartekjunum, svo sem landbúnaðar, fiskveiða, iðnaðar og þjónustustarfa alls konar.
2. Skiptingu þjóðarinnar eftir atvinnu, þ. e. mannfjölda, sem starfar við hverja atvinnugrein og framfæri hefur af henni og hvers konar þjónustustörfum.
3. Heildarfjármagni, sem bundið er í atvinnuvegunum hverjum um sig, notkun rekstrarfjár, þætti ríkis og lánastofnana í verðmætasköpuninni.

Rannsókn þessi verði falin Framkvæmdabanka Íslands á grundvelli gagna frá Hagstofu Íslands. Verði rannsókn þessari hraðað eftir föngum og niðurstöður hennar birtar þjóðinni í ljósu og aðgengilegu formi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga sama efnis var flutt á síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Í greinargerð till. þá var komizt svo að orði:

„Við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu teljum það mikið nauðsynjamál, að framkvæmd verði gagnger og nákvæm rannsókn á því, hvern hlut atvinnuvegir landsmanna í heild eiga í framfærslu og lífsafkomu þjóðarinnar. Nauðsynlegt er, að fólkið í landinu fái réttar hugmyndir um það, hverjar þær stoðir eru, sem efnahagsafkoma þess og þjóðarinnar hvílir á. Þess er ekki að dyljast, að sumt í þeirri rannsókn, sem hér er lagt til að framkvæmd verði, er vandasamt verkefni og flókið, annað auðveldara og liggur að verulegu leyti fyrir í hagskýrslum. En hagskýrslur eru ekki aðgengilegur fróðleikur, auk þess sem þær svara ekki öllum þeim spurningum, sem vikið er að í tillögu okkar. Teljum við því rétt og nauðsynlegt, að niðurstöður þessarar rannsóknar séu birtar fólkinu í svo ljósu og aðgengilegu formi sem kostur er, með skýrslugerð og umsögn og þó ekki sízt með línuritum, stuðlum og myndagerð. Á þessu ári fer fram aðalmanntal

með þjóðinni (þ. e. 1960). Er því nú hentugt tækifæri til þess að fá fram nákvæmar upplýsingar samkvæmt 2. tölulið tillögunnar. Vafalaust má eitthvað deila um skiptingu atvinnunnar og þá einkum að því er tekur til ýmissa þjónustustarfa og einnig um hlut iðnaðarins, sem tengdur er undirstöðuatvinnuvegunum, fiskveiðum og landbúnaði. En við treystum því, að öll vandamál, sem fylgja þessari rannsókn, verði leyst rökrænt og sanngjarnlega — —".

Síðasta búnaðarþing samþykkti svo hljóðandi ályktun:

„Búnaðarþing beinir þeirri áskorun til Stéttarsambands bænda, að það láti gera rannsókn á hlutdeild landbúnaðarins í þjóðarframleiðslunni samanborið við aðra atvinnuvegi. Niðurstöður þessarar rannsóknar verði birtar almenningi.

Verði m. a. athuguð eftirfarandi atriði:

1. Hvað landbúnaðarframleiðslan er mikil að verðgildi og hve mörg % hún er af heildarframleiðslu þjóðarinnar.
2. Hvað gjaldeyriseyðsla landbúnaðarins er mörg % af innflutningi þjóðarinnar.
3. Hvernig áfallnar ríkisábyrgðir skiptast milli atvinnuveganna síðustu ár.
4. Hvað framleiðsla landbúnaðarins er mikil miðað við fólkstölu í samanburði við aðrar framleiðslugreinar."

Þessi ályktun búnaðarþings gengur í sömu átt og þáltill. sú, er hér er flutt, enda fram komin nokkru eftir flutning okkar þáltill. á Alþingi í fyrra. En hún gengur skemmra og biður ekki um svör við nema sumum þeim spurningum, sem svara þarf. Ljóst er, að þau svör fást ekki, nema rannsóknin sé alger og í því formi, sem hér er lagt til. En ályktun búnaðarþings er hér tilfærð til að sýna, að mál þetta á að baki sér mikinn áhuga þeirra, er landbúnað hafa efst í huga.

Við flutningsmenn höfum leitað álits hagfróðra manna um þetta mál. Telja þeir sumt, er tillagan fjallar um, mjög örðugt viðfangs, en viðurkenna jafnframt nauðsyn þess, að það komi til framkvæmda. En annað í þessari rannsókn er hins vegar að þeirra áliti auðveldara, sumt þegar til staðar í hagskýrslum eða verið að vinna að, t. d. í sambandi við áætlunargerð hinna norsku hagfræðinga, er hér hafa verið á vegum ríkisstjórnarinnar.

Í niðurlagi greinargerðar þeirrar, er við birtum með þáltill., er lá fyrir síðasta þingi, segir svo:

„Við leggjum á það ríka áherzlu, að sú rannsókn, er við viljum að gerð verði, geti farið fram sem fyrst. Niðurstöður hennar skapa grundvöll fyrir réttu mati á efnahagslegu gildi atvinnuveganna, eiga að fyrirbyggja sleggjudóma, vanmat eða ofmat, kryt og ofsjónir. Hún á að styðja að því, að gagnkvæmur skilningur ríki meðal fólksins í landinu, hvaða störf eða verkefni sem það hefur með höndum."

Þessi niðurlagsorð fela í sér þau meginrök, er við höfum í huga. Það ætti að vera grundvallaratriði allrar fræðslu í landinu að gera ungu fólki ljóst, hvar það leggst í lífsstarfi sínu þyngst á ár til aukinnar hagsældar í þjóðfélaginu. Sú fræðsla verður ekki veitt án þess að grundvallast á þekkingu um efnahagslegt gildi atvinnuveganna, sem framkvæmd þessarar þáltill. á að skapa.

Nd. 239. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyting á lögum nr. 56 21. apríl 1954, um síldarleit úr lofti.

Flm.: Einar Ingimundarson, Jónas G. Rafnar.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Halda skal uppi síldarleit úr lofti og á sjó fyrir Norður- og Austurlandi vor- og sumarmánuðina. Skal við það miðað, að svo margar flugvélar og leitarskip sem

þurfa þykir hverju sinni haldi uppi daglegri og skipulagsbundinni leit að síld, þegar þurfa þykir á tímabilinu 20. maí til 10. sept., eftir því sem nánar verður ákveðið af síldarleitarnefnd og síldarleitarstjóra.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra skipar sex manna nefnd til 3 ára í senn, sem skal hafa yfirstjórn síldarleitarinnar með höndum. Skal einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu stjórnar Samtaka síldarverksmiðja á Norður- og Austurlandi, þriðji samkvæmt tilnefningu síldarútvegsnefndar, fjórði samkvæmt tilnefningu stjórnar fiskimálasjóðs, fimmti samkvæmt tilnefningu stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og sjötti samkvæmt tilnefningu fiskideildar atvinnudeildar Háskóla Íslands. Ráðherra skipar einn þeirra formann nefndarinnar. Verði ágreiningur í nefndinni, sker atkvæði formanns úr. Hún ber nafnið síldarleitarnefnd, og ákveður ráðherra laun nefndarmanna. Laun nefndarmanna greiðast af síldarleitarkostnaði.

3. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Síldarleitarnefnd ræður síldarleitarstjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf. Má hann ekki hafa með höndum önnur störf á tímabilinu, sem síldarleitin stendur yfir.

Síldarleitarstjóri ræður starfsmenn síldarleitarinnar, ræður flugvélar og skip til leitarinnar, að fengnu leyfi atvinnumálaráðherra, og annast daglega stjórn leitarinnar, allt í samráði við síldarleitarnefnd. Síldarleitin skal hafa talstöðvar á Siglufirði, Raufarhöfn og Seyðisfirði um síldveiðitímann til að afla og dreifa fréttum til síldveiðiflotans.

4. gr.

Upphaf 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist þannig:

Kostnað vegna síldarleitar á sjó greiðir ríkissjóður, en kostnaður vegna leitar úr lofti greiðist samkvæmt eftirfarandi reglum: Fyrir 20. maí ár hvert skulu Síldarverksmiðjur ríkisins, síldarútvegsnefnd og fiskimálasjóður leggja fram hver um sig 150 þús. kr. til þess að standa straum af kostnaði af síldarleit úr lofti á síldarvertíð þeirri o. s. frv.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 56 1954 og gefa þau út svo breytt, með fyrirsögninni: Lög um síldarleit.

Ákvæði til bráðabirgða:

Síldarleitarnefnd samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn skipuð fyrir 1. maí 1962.

Greinargerð.

Um margra ára skeið hefur verið haldið uppi síldarleit úr lofti fyrir Norður- og Austurlandi um síldveiðitímann, og hin síðari ár hefur einnig í vaxandi mæli verið stunduð síldarleit á sjó á sömu miðum og á sama tíma. Er enginn ágreiningur um, að báðir þessir þættir síldarleitarinnar hafa verið til hins mesta hagræðis fyrir síldveiðiflotann og alla þá, sem hagsmuna eiga að gæta við síldveiðar, þar á meðal þjóðarbúið í heild.

Um síldarleit úr lofti eru til lög nr. 56 frá 21. apríl 1954. Er þar kveðið á um stjórn leitarinnar, hverjir skuli bera kostnað af henni, í hvaða hlutföllum kostnað-

urinn skuli skiptast milli þeirra o. s. frv. Þykir ekki ástæða til að breyta í aðalatriðum þeim ákvæðum, sem gilda um síldarleit úr lofti samkvæmt fyrrnefndum lögum.

Um síldarleit á sjó eru hins vegar engin bein lagaákvæði til. Hefur slíkri leit á undanförnum sumrum verið haldið uppi af varðskipinu Ægi og m/s Fanney.

Fiskifræðingar, starfsmenn atvinnudeildar háskólans og aðstoðarmenn þeirra hafa verið um borð í leitarskipum þessum, öðru hvoru eða báðum, og stjórnað leitinni, en jafnframt haft með höndum rannsóknir á göngum og öðrum háttum síldarinnar. Því fer fjarri, að flm. þessa frumv. telji ástæðu til að finna á nokkurn hátt að starfsemi og stjórn fiskifræðinganna á síldarleitar- og rannsóknarskipunum, enda er hér um að ræða hina lærðustu menn á sínu sviði. Einungis telja flm. eðlilegt, að síldarleitin fyrir Norður- og Austurlandi á sumrum lúti einni og sömu stjórn, hvort sem um er að ræða leit úr lofti eða á hafinu, enda hljóta þessar tvær greinar síldarleitar að vera svo samtvinnaðar, að þar verði ekki skilið á milli.

Ríkissjóður hefur frá upphafi greitt kostnað af síldarleit á sjó, og er ekki með frv. þessu lagt til, að á því verði nein breyting. Hins vegar telja flm. eðlilegt, að bætt verði við þremur mönnum í síldarleitarnefnd, er starfssvið hennar hefur verið aukið þannig, að hún hafi einnig með höndum yfirstjórn síldarleitar á sjó. Verði einn þeirra manna, sem bæta á við í nefndina, sérstakur fulltrúi fiskimanna, annar fulltrúi ríkisvaldsins og hinn þriðji fulltrúi Samtaka síldarverksmiðja á Norður- og Austurlandi.

Augljóst er nú orðið, að síldarleit á hafinu verður ekki haldið uppi með aðeins tveim leitarskipum, eins og verið hefur. Er óhjákvæmilegt að fjölga skipunum, sem leitina stunda. Ekki telja flm. þessa frv. þó rétt að binda þá fjölgun leitarskipa við neina ákveðna tölu, en telja það verkefni síldarleitarnefndar að samræma leit flugvéla og skipa og ákveða tölu leitarskipa og flugvéla með það fyrir augum, að haldið verði uppi skipulagsbundinni leit að síld á síldarmiðunum fyrir Norður- og Austurlandi á tímabilinu 20. maí til 10. sept. ár hvert.

Ed. 240. Lög [106. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.)

Samhljóða þskj. 228.

Ed. 241. Lög [107. mál]

um verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.)

Samhljóða þskj. 219.

Sþ. **242. Nefndarálit** [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Nefndin hefur nú eins og undanfarin ár annazt undirbúning tillagna um framlög til flóabáta og vöruflutninga. Í þessu starfi hefur hún aflað sér upplýsinga um rekstrarafkomu og efnahag þessara samgöngutækja og notið aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins eins og undanfarin ár.

Mikið hefur verið rætt um það á undanförnum þingum, að þörf væri á að endurskoða þessi samgöngumál með það í huga, að þau mættu koma strjálbýlinu að sem mestum notum með bættri og hagkvæmari þjónustu. Má fullyrða, að einhugur er meðal þingmanna um, að þetta megi takast. Þó að samgöngur á landi hafi á síðari árum verið mjög bættar, eru þó ýmsar byggðir okkar lands þannig settar, eins og t. d. nokkur hluti Austfjarða og Vestfjarða, að nauðsyn er á hentugum sjóferðum, ef það fólk, sem þar býr, á að fá sæmilega þjónustu að því er varðar fólks- og vöruflutninga. Nefndin er sammála um það, að til að koma þessum samgöngumálum í viðunandi horf sé aðkallandi, að nefnd verði skipuð, sem taki þessi samgöngumál til rækilegrar yfirvegunar, þar sem framtíðarskipan verði komið á um fólks- og vöruflutninga.

Um rekstur einstakra flóabáta og framlög til þeirra skal þetta tekið fram:

Norðurlandssamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag til „Drangs“ verði 700 þús. kr., sem er sama fjárhæð og í ár. Framlag til Strandabáts verði 160 þús. kr. eins og á yfirstandandi ári og rekstrartími bátsins nái yfir 8 mánaða tímabil.

Þá leggur nefndin til, að Haganesvíkurbátur fái framlag að upphæð 20 þús. kr., sem er 11500 kr. hækkun frá því, sem er á þessu ári, Hríseyjarbátur 30 þús. kr. og Flateyjarbátur á Skjálfanda 48 þús. kr., en það eru sömu rekstrarframlög og þessir bátar njóta á fjárlögum yfirstandandi árs.

Austfjarðasamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag til Loðmundarfjarðarbáts verði hækkað í 50 þús. kr., um 8 þús. kr., og að framlag til Mjóafjarðarbáts verði hækkað um 20 þús. kr., í 110 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að báturinn sé í ferðum milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar með líkum hætti og á undanförnum árum. Til þess er ætlazt, að af framlaginu til Mjóafjarðarbáts renni 30 þús. kr. til snjóbílsferða frá Seyðisfirði til Héraðs, en sú venja hefur skapazt síðustu árin.

Suðurlands- og Vestmannaeyjasamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu verði 270 þús. kr. eins og á yfirstandandi ári og framlag vegna vöruflutninga til Öræfa 108 þús. kr., en það er 12 þús. kr. lægri upphæð en á þessu ári, með því að framlag til bátaferða fellur niður, þar sem þeirra er ekki þörf, eftir að Hornafjarðarfljót hefur verið brúað. Þá leggur nefndin til, að veittar verði til Vestmannaeyjabáts 150 þús. kr. vegna mjólkurflutninga.

Faxaflóasamgöngur:

Skallagrímur h/f nýtur framlags úr ríkissjóði á yfirstandandi ári að fjárhæð 850 þús. kr. vegna rekstrar „Akraborgar“. Leggur nefndin til, að framlagið verði hið sama á næsta ári. Einnig leggur nefndin til, að framlag til Mýrabáts verði 4500 kr. eins og á þessu ári.

Breiðafjarðarsamgöngur:

Nefndin leggur til, að veitt verði 230 þús. kr. framlag til Flateyjarbáts, en það er 30 þús. kr. hærri upphæð en báturinn fær á þessu ári. Er gert ráð fyrir, að 20 þús. kr. af framlaginu renni til snjóbílsferða milli Fjarðar í Austur-Barðastrandarsýslu og Patreksfjarðar. Í sambandi við rekstur Stykkishólmsbáts leggur nefndin til, að eigendur hans njóti sama framlags og í ár eða 660 þús. kr. — Þá leggur nefndin til, að framlag til Langeyjarnesbáts verði 40 þús. kr., en það er 10 þús. kr. hærra en rekstrarframlag hans nemur á þessu ári.

Vestfjarðasamgöngur:

Nefndin leggur til, að rekstrarframlag til Djúpbátsins verði 660 þús. kr. eins og á yfirstandandi ári og að framlög til Dýrafjarðarbáts og Patreksfjarðarbáts verði hin sömu og í ár, eða 10 þús. kr. fyrir hvorn bát. Þá leggur nefndin til, að veittar verði 10 þús. kr. til Skutulsfjarðarbáts, sem annist ferðir frá Hvítanesi um Skutulsfjörð í sambandi við Djúpbátinn.

Nefndinni hafa borizt nokkrar umsóknir frá eigendum flóabáta, um framlög vegna kostnaðar þeirra við endurbyggingar á bátunum eða vélakaup. Nefndin hefur ekki séð sér fært að verða við þessum beiðnum, en hefur hins vegar bætt smáupphæðum við rekstrarframlög einstakra báta vegna slíkra framkvæmda, eins og að framan greinir.

Samkvæmt framangreindum tillögum samvinnunefndar samgöngumála nema framlög til flóabáta og vöruflutninga í heild 4120500 kr. Eins og að framan greinir, leggur nefndin til, að fjárhæðin skiptist þannig:

Norðurlandsbátur — „Drangur“	kr.	700 000
Strandabátur	—	160 000
Haganesvíkurbátur	—	20 000
Hríseyjarbátur	—	30 000
Flateyjarbátur á Skjálfanda	—	48 000
Loðmundarfjarðarbátur	—	50 000
Mjóafjarðarbátur	—	110 000
Vöruflutningar á Suðurlandi	—	270 000
Vöruflutningar til Öræfa	—	108 000
Vestmannaeyjabátur vegna mjólkurflutninga	—	150 000
H/f Skallagrímur — „Akraborg“	—	850 000
Mýrabátur	—	4 500
Flateyjarbátur á Breiðafirði	—	230 000
Stykkishólmsbátur — „Baldur“	—	660 000
Langeyjarnesbátur	—	40 000
Djúpbátur — „Fagranes“	—	660 000
Dýrafjarðarbátur	—	10 000
Patreksfjarðarbátur	—	10 000
Skutulsfjarðarbátur	—	10 000
Samtals	kr.	4 120 500

Alþingi, 15. des. 1961.

Sigurður Ágústsson, form. Nd.-nefndar, frsm.
Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar.
Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.
Jónas Pétursson.
Bjartmar Guðmundsson.
Sigurvin Einarsson.
Ólafur Jóhannesson.
Hannibal Valdimarsson.
Björn Pálsson.

Sþ. **243. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 10. gr.	I. 2. e. b. (Fálkaorðan).		
		Fyrir „50 000“ kemur		70 000
2.	— 11. —	A. 10. q. (Annar lögreglukostnaður).		
		Fyrir „1 100 000“ kemur		1 250 000
3.	— 11. —	A. 10. r. (Löggæzla í sveitum).		
		Fyrir „470 000“ kemur		650 000
4.	— 11. —	A. 23. ÷ Tekjur. (Húsameistari ríkisins).		
		Fyrir „500 000“ kemur (leiðrétting)		300 000
5.	— 12. —	VII. Liðurinn orðist svo:		
		Rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík, 20 kr. á legudag, og til St. Jósefsspítalans í Hafnarfirði og Franciskussjúkrahússins í Stykkishólmi, 10 kr. á legudag, allt að		1 625 000
6.	— 13. —	A. II. a. 72. (Þingeyjarsýslubraut og Tjörnesvegur).		
		Fyrir „100 000“ kemur (leiðrétting)		150 000
7.	— 13. —	D. IV. 6. (Ísafjarðarflugvöllur).		
		Fyrir „220 000“ kemur		340 000
8.	— 13. —	F. I. 2. (Ferðaskrifstofan, landkynning).		
		Fyrir „500 000“ kemur		750 000
9.	— 14. —	A. I. 23. (Háskólinn).		
		Nýr liður:		
		Vegna 50 ára afmælis		150 000
10.	— 14. —	A. II. a. (Til styrktar íslenzkum námsmönnum).		
		a. Við a. Fyrir „7 278 000“ kemur		8 053 000
		b. Við aths. Fyrir „5 077 000“ kemur		5 533 000
11.	— 14. —	A. X. 22. (Sundskylda í skólum).		
		Fyrir „1 850 000“ kemur		2 126 000
12.	— 14. —	A. X. 23. b. 2. Nýr liður:		
		Reykdælaskólahverfi í S.-Þing.		144 000
13.	— 14. —	A. XI. 37. Nýr liður:		
		Til námskeiða fyrir gagnfræðaskólakennara		25 000
14.	— 14. —	A. XV. 1. (Íþróttakennaraskólinn).		
		a. Við e. (Íþróttatæki og bókasafn).		
		Fyrir „18 000“ kemur		25 000
		b. Við g. (Lagfæring íþróttavalla).		
		Fyrir „100 000“ kemur		125 000
15.	— 14. —	A. XV. 11. Nýr liður:		
		Til yfirbyggingar sundlaugar á Siglufirði (fyrsta greiðsla af fimm)		300 000
16.	— 14. —	B. XIII. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).		
		Fyrir „1 260 000“ kemur		1 550 000
17.	— 14. —	B. XIX. Nýr liður:		
		Til íslenzkrar listsýningar í Danmörku		100 000
18.	— 14. —	B. XXIV. Nýir liðir:		
		a. Til Lúðvígs Guðmundssonar til ritstarfa		10 000
		b. Til Lúðvíks Kristjánssonar til ritstarfa		25 000
		c. Til Magnúsar Björnssonar til ritstarfa		10 000

19.	Við 14. gr.		B. XXXVI. (Til vísindamanna og fræðimanna). Fyrir „200 000“ kemur	216 000
20.	— 14.	—	B. XXXVIII. 1. (Leikfélag Reykjavíkur). Fyrir „100 000“ kemur	150 000
21.	— 14.	—	B. XXXVIII. 35. Nýr liður: Til leikfélagsins Stakks, Keflavík	8 000
22.	— 14.	—	B. LXXII. Liðurinn orðist svo: Til Þorfinns Kristjánssonar vegna útgáfustarfsemi	20 000
23.	— 16.	—	A. 27. Nýr liður: Til fyrirhleðslu í Fjarðará í Borgarfirði, gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að	20 000
24.	— 16.	—	A. 33. (Mjólkurbú og smjörsamlög). Fyrir „95 000“ kemur	400 000
25.	— 16.	—	A. 41. Nýr liður: Til sóttvarnastöðva vegna ræktunar holdanauta	500 000
26.	— 16.	—	B. 1. (Fiskifélag Íslands). Fyrir „4 479 800“ kemur	4 600 000
27.	— 16.	—	D. XI. Nýr liður: Til jarðborana á Lýsuhóli í Staðarsveit	75 000
28.	— 16.	—	E. I. 4. (÷ Tekjur frá Happdrætti háskólans). Fyrir „500 000“ kemur	250 000
29.	— 16.	—	E. VI. Nýr liður: Til rannsóknar á kísilgúr úr Mývatni	350 000
30.	— 17.	—	I. 4. Nýr liður: Til vatnsöflunar í Kelduhverfi	125 000
31.	— 17.	—	I. 6. Nýr liður: Skipulag Reykjavíkur (vegna samkeppni)	350 000
32.	— 17.	—	III. 6. Nýir liðir: a. Til Iðnnemasambands Íslands	15 000
			b. Til Landssambands verzlunarmanna	25 000
33.	— 17.	—	V. 8. b. (Starfskvennaskóli Sumargjafar). Fyrir „40 000“ kemur	75 000
34.	— 18.	—	II. a.	
			a. Við bætast í stafrófsröð:	
			1. Árni Árnason, fyrrv. símritari	7 000.00
			2. Árni Jónsson, fyrrv. ullarmatsmaður	15 000.00
			3. Arnór Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustjóri	30 000.00
			4. Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	12 000.00
			5. Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	12 000.00
			6. Björn Jóhannsson, fyrrv. skólastjóri	4 000.00
			7. Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	12 000.00
			8. Egill Jónsson, fyrrv. héraðslæknir	12 000.00
			9. Eiríkur Brynjólfsson, fyrrv. sóknarprestur	30 000.00
			10. Elías Pálsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	15 000.00
			11. Freyja Antonsdóttir, fyrrv. kennslukona	12 000.00
			12. Friðrik Steinsson, fyrrv. húsvörður	12 000.00
			13. Guðjóna Brynhildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6 000.00
			14. Guðrún Jóhannsdóttir, fyrrv. kennari	5 000.00
			15. Gunnlaugur Blöndal, listmálari	12 000.00
			16. Hansína Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6 000.00
			17. Helga Sigurðardóttir, fyrrv. skólastjóri	15 000.00
			18. Hermann Jónasson, fyrrv. forsætisráðherra	44 660.00
			19. Jóhann J. Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir	11 000.00
			20. Jón Þ. Björnsson, fyrrv. skólastjóri	12 000.00

21. Jón Ívarsson, fyrrv. forstjóri 12 000.00
22. Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæzlumaður 12 000.00
23. Jón Pálsson, fyrrv. dýralæknir 4 000.00
24. Jón Sumarliðason 7 000.00
25. Lúðvíg Guðmundsson, fyrrv. skólastjóri 12 000.00
26. Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir 6 000.00
27. Magnús Guðmundsson, fyrrv. þingvörður 7 000.00
28. Magnús Jakobsson, fyrrv. kennari 15 000.00
29. Magnús Jochumsson, fyrrv. póstmeistari 4 000.00
30. Magnús Stefánsson, fyrrv. dyravörður 9 000.00
31. Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður 6 000.00
32. Ólafur Jónsson, fyrrv. símstjóri 6 000.00
33. Óskar Bjartmarz, fyrrv. forstöðumaður 4 000.00
34. Páll Pálmason, fyrrv. ráðuneytisstjóri 4 000.00
35. Ragnar H. Ragnar, fyrrv. söngkennari 15 000.00
36. Sigursteinn Steinþórsson 15 000.00
37. Snorri Lárusson, fyrrv. fulltrúi 7 000.00
38. Stanley Melax, fyrrv. sóknarprestur 6 000.00
39. Steindór Gunnlaugsson, fyrrv. fulltrúi 6 000.00
40. Steingrímur Guðmundsson, fyrrv. prentsmiðjustjóri 14 000.00
41. Steinn Emilsson, fyrrv. skólastjóri 12 000.00
42. Sveinn Gunnlaugsson, fyrrv. skólastjóri 4 000.00
43. Vigfús Ingvar Sigurðsson, fyrrv. sóknarprestur 4 000.00
44. Þórína Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir 6 000.00
45. Þorsteinn Gíslason, fyrrv. símstjóri 4 000.00
46. Þorsteinn Jóhannesson, fyrrv. prófastur 11 000.00

b. Eftirfarandi liðir breytast:
1. Aðalheiður Albertsdóttir, fyrrv. kennslukona. Fyrir „7 811.00“ kemur 11 811.00
2. Jónas Eyvindsson, fyrrv. símaverkstjóri. Fyrir „6 792.00“ kemur 10 000.00
3. Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. símstjóri. Fyrir „14 000.00“ kemur 5 500.00

c. Niður falla þessir liðir:
1. Hallgrímur Jónsson, fyrrv. barnaskólastjóri.
2. Hólmgeir Jensson, fyrrv. dýralæknir.
3. Jes Á. Gíslason, fyrrv. sóknarprestur.
4. Jóhannes Guðmundsson, fyrrv. póstur.
5. Ólafur Sigurðsson, fyrrv. ráðunautur.

35. Við 18. gr. II. b.

a. Við bætast í stafrófsröð:
1. Ása Ásgeirsdóttir 5 000.00
2. Ástríður Eggertsdóttir, ekkja Þórarins Víkings 10 000.00
3. Dagmar Eyvindsdóttir 19 000.00
4. Guðfinna Ármannsdóttir 9 000.00
5. Guðrún Guðnadóttir 10 000.00
6. Hólmfríður Guðmundsdóttir 24 000.00
7. Ingunn Bjarnadóttir 15 000.00
8. Karítas Guðmundsdóttir 12 000.00
9. Oddný Guðmundsdóttir 10 000.00
10. Rannveig Einarsdóttir 30 000.00
11. Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórhalls Vilhjálmssonar 12 000.00

12. Stefanía Snævarr 13 000.00
13. Steinunn Sigurðardóttir 12 000.00

b. Eftirfarandi liðir breytast:
1. Sólveig Árnadóttir.
Fyrir „3 828.00“ kemur 8 000.00
2. Unnur Guðjónsdóttir.
Fyrir „20 029.00“ kemur 25 029.00

c. Niður falla þessir liðir:
1. Anna Kl. Jónsson.
2. Guðríður Eiríksdóttir.
3. Jakobína Sigr. Torfadóttir.
4. Ragnheiður Bjarnadóttir.
5. Þórunn Hafstein.

36. Við 20. gr. Út. IV. (Til bygginga á jörðum ríkisins).
Fyrir „1 800 000“ kemur 2 000 000

37. — 20. — Út. XXVII. (Starfsmannahús að Bessastöðum).
Fyrir „330 000“ kemur 460 000

38. — 22. — IV. (Lóða- og jarðaleigur úr Vestmannaeyjum).
Liðurinn fellur niður.

39. — 22. — IX. Nýr liður:
Að gefa eftir aðflutningsgjöld af hljóðfæri, sem Slysavarnafélagi Íslands hefur verið gefið.

40. — 22. — XIII. Nýr liður:
Að endurgreiða aðflutningsgjöld af asdictækjum, sem sett voru í m/b Mími.

41. — 22. — XIV. (Hlustunarskilyrði ríkisútvarpsins).
Á eftir „á Austfjörðum“ kemur: og Norðausturlandi.

42. — 22. — XXIV. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast lán fyrir síldarverksmiðjuna Rauðku að upphæð 1 millj. kr., gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.
b. Að ábyrgjast lán að upphæð allt að 35 millj. kr. til byggingar og endurbóta síldarverksmiðja og síldarumhleðslustöðva á Austurlandi, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, hjá öðrum aðilum en ríkisfyrirtækjum.
c. Að ábyrgjast lán allt að upphæð 650 þús. kr. fyrir síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri til greiðslu kostnaðar við síldarflutninga, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

43. — 22. — XXVII. Nýir liðir:
a. Að taka að láni allt að 25 millj. kr. og endurlána Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja.
b. Að taka lán að upphæð allt að 2 millj. kr. vegna bruna skólans á Eiðum.

44. — 22. — XXXI. Liðurinn orðist svo:
Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir Barðstrendingafélagið í Reykjavík til gistihúsbyggingar í Bjarkalundi, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

Sþ. **244. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962 og við brtt. á þskj. 243.

I. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
Við 2. gr. 3. (Verðtollur).
Fyrir „433 600 000“ kemur 438 100 000

II. Frá *Ólafi Jóhannessyni, Birni Pálssyni* og *Skúla Guðmundssyni.*
Við 11. gr. A. 10. k. Nýr liður:
Til sumarlöggæzlu á Sauðárkróki 30 000

III. Frá *Birni Pálssyni, Ólafi Jóhannessyni* og *Skúla Guðmundssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 55. (Vatnsdalsvegur vestan ár).
Fyrir „145 000“ kemur 250 000

IV. Frá *Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni* og *Ingvari Gíslasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 71. (Austurhlíðarvegur).
Fyrir „50 000“ kemur 150 000

V. Frá *Skúla Guðmundssyni, Birni Pálssyni* og *Ólafi Jóhannessyni.*
Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir).
1. Við 6. (Fitjaá).
Fyrir „100 000‘ kemur 450 000
2. Við 7. Nýr liður:
Reyðarlækur í Vesturhópi 390 000

VI. Frá *Birni Pálssyni, Ólafi Jóhannessyni* og *Skúla Guðmundssyni.*
Við 13. gr. A. III. 7. (Brúargerðir). Nýr liður:
Svartá hjá Steiná, A.-Húnavatnssýslu 300 000

VII. Frá *Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni* og *Ingvari Gíslasyni.*
1. Við 13. gr. A. III. 11. (Laxá í S.-Þingeyjarsýslu).
Fyrir „210 000“ kemur 570 000
2. Við 13. gr. C. VII. 14. (Hafnarmannvirki). Nýr liður:
Grenivík 100 000
3. Við 14. gr. A. X. 23. a. 53. (Mývatnssveit, barnaskóli).
Fyrir „352 000“ kemur 600 000
4. Við brtt. 243, 12. (Við 14. gr. A. X. 23. b. 2. — Reykdælaskólahverfi).
Fyrir „144 000“ kemur 240 000

VIII. Frá *Gísla Jónssyni.*
1. Við 14. gr. B. XXIII. Nýr liður:
Til Jochums Eggertssonar til ritstarfa og skóggræðslu að Skógum 10 000
2. Við 22. gr. XXIII. Nýir liðir:
a. Að gefa Grótta h/f og Sindra h/f á Patreksfirði eftir 1. veðrétt í eignum þeirra að upphæð kr. 4 789 250.26 auk áfallinna vaxta, allt vegna kaupa á togaranum „Gylfa“, enda verði jafnframt samið um það við viðskiptabanka fyrirtækjanna, að atvinnurekstur þeirra geti haldið áfram með eðlilegum hætti.

b Að ábyrgjast fyrir Suðurfjarðahrepp nauðsynlegan kostnað við umbætur á m/s „Pétri Thorsteinsson“ vegna smíðagalla, sem komið hefur fram á skipinu, þó eigi yfir 100 þús. kr., enda framselji eigendur ríkissjóði skaðabótakröfuna á hendur byggjendum skipsins.

c. Að ábyrgjast fyrir Togarafélag Ísfirðinga h/f 175 þús. kr. skuld við Rafveitu Ísafjarðar vegna gjaldfallinnar greiðslu fyrir rafmagn til að afstýra rekstrarstöðvun frystihússins, sem nýlega hefur tekið til starfa.

Sþ. 245. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1960.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1960 og borið tölurnar saman við framlagðan ríkisreikning fyrir sama ár.

Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1961.

Kjartan J. Jóhannsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Ingvar Gíslason.

Halldór Ásgrímsson. Halldór E. Sigurðsson. Karl Guðjónsson.

Jón Árnason. Gunnar Gíslason. Guðl. Gíslason.

Sþ. 246. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, IG).

1.	Við	2. gr.	3. (Verðtollur).	
			Fyrir „433 600 000“ kemur	460 000 000
2.	—	14. —	A. XV. 2. (Íþróttasjóður).	
			Fyrir „2 250 000“ kemur	3 000 000
			Til vara	2 750 000
3.	—	16. —	A. 6. b. (Jarðræktarvélar).	
			Fyrir „1 000 000“ kemur	1 500 000
4.	—	16. —	A. 33. (Mjólkurbú og smjörsamlög).	
			Fyrir „95 000“ kemur	1 000 000
			Til vara	750 000

Sþ. **247. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

I. Frá *Ingvari Gíslasyni, Karli Kristjánssyni* og *Gísla Guðmundssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 65. (Ólafsfjarðarvegur).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 66. (Múlavegur).
Fyrir „500 000“ kemur 650 000
3. Við 13. gr. A. II. a. 68. (Hörgárdalsvegur).
Fyrir „130 000“ kemur 160 000

II. Frá *Gísla Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni* og *Ingvari Gíslasyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 74. (Hólsfjallavegur).
Fyrir „85 000“ kemur 100 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 75. (Kelduhverfisvegur o. fl.).
Fyrir „580 000“ kemur 800 000
3. Við 13. gr. A. II. a. 76. (Langanesvegur utan Heiðar).
Fyrir „50 000“ kemur 65 000
4. Við 13. gr. A. III. 12. (Brúargerðir).
Nýir liðir:
a. Gilsbakkaá í Öxarfirði 125 000
b. Þorvaldsstaðaá í Þistilfirði 75 000

III. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 13. gr. B. II. (Flóabátar).
Fyrir „4 058 000“ kemur 4 120 500

IV. Frá *Ingvari Gíslasyni, Karli Kristjánssyni* og *Gísla Guðmundssyni.*
Við 13. gr. C. VII. 21. (Hafnarmannvirki, Hrísey).
Fyrir „300 000“ kemur 500 000

V. Frá *Gísla Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni* og *Ingvari Gíslasyni.*
Við 13. gr. C. VII. 46. (Hafnarmannvirki, Þórshöfn).
Fyrir „450 00“ kemur 500 000

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. A. X. 23. b. 1. (Hamrahlíðarskóli).
a. Fyrir „1 957 280“ kemur 520 000
b. Nýr liður:
Álftamýrarskóli 700 000

VII. Frá *Gísla Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni* og *Ingvari Gíslasyni.*
Við 14. gr. A. X. 23. b. 2. (Ný skólahús). Nýr liður:
Raufarhöfn 640 000

VIII. Frá *Ingvari Gíslasyni, Karli Kristjánssyni* og *Gísla Guðmundssyni.*
Við 14. gr. A. X. 23. b. 3. Nýr liður:
Árskógsskólahverfi, íbúð skólastjóra 75 000

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. A. XI. 30. 23. (Bygging gagnfræðaskóla). Nýir liðir:
1. Gagnfræðaskóli verknáms, Reykjavík, 1. áf. 700 000
2. Langholtsskóli, Reykjavík, 1. áf. 620 000

X. Frá *Ingvari Gíslasyni, Karli Kristjánssyni* og *Gísla Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. XL. 4. (Tónlistarskóli á Akureyri).
Fyrir „40 000“ kemur 80 000
Til vara 60 000

Sþ. 248. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

I. Frá *Ásgeiri Bjarnasyni* og *Halldóri E. Sigurðssyni.*
Við 11. gr. A. 10. n. Nýr liður:
Til löggæzlu á vetrarvertíð í Ólafsvík 50 000

II. Frá *Ágúst Þorvaldssyni, Birni Fr. Björnssyni* og *Karli Guðjónssyni.*
Við 12. gr. IX. (Bygging sjúkrahúsa og læknisbústaða).
1. Fyrir „7 000 000“ kemur 7 750 000
2. Aftan við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:
Þar af 250 þús. kr. til sjúkrahússins á Selfossi og 500 þús. kr. til sjúkrahúss í Vestmannaeyjum.

III. Frá *Jóni Skaftasyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 1. Nýr liður:
Kjalarnesvegur innri 100 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 2. (Kjósarskarðsvegur).
Fyrir „160 000“ kemur 300 000

IV. Frá *Ásgeiri Bjarnasyni* og *Halldóri E. Sigurðssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 10. (Hvalfjarðarvegur).
Fyrir „250 000“ kemur 750 000
Til vara 550 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 22. Nýr liður:
Fróðárhreppsvegur (Búlandshöfði). 500 000
Til vara 300 000
3. Við 13. gr. A. II. a. 30. (Vesturlandsvegur).
Fyrir „225 000“ kemur 725 000
Til vara 525 000
4. Við 13. gr. A. II. a. 31. (Heydalsvegur).
Fyrir „150 000“ kemur 650 000
Til vara 450 000

V. Frá *Hermanni Jónassyni* og *Sigurvin Einarssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 32. Nýir liðir:
a. Gufudalsvegur 100 000
b. Bæjar- og Svínanesvegur 100 000

2. Við 13. gr. A. II. a. 38. Nýir liðir:
   a. Tálknafjarðarvegur 100 000
   b. Ketildalavegur 100 000
   c. Suðurfjarðavegur 300 000
3. Við 13. gr. A. II. a. 43. Nýir liðir:
   a. Ísafjarðarvegur (Breiðadalsheiði) 300 000
   b. Fjarðavegur 200 000
4. Við 13. gr. A. II. a. 47. (Reykjarfjarðarvegur).
   Fyrir „500 000“ kemur 600 000
5. Við 13. gr. A. II. a. 49. (Strandavegur).
   Fyrir „400 000“ kemur 500 000

VI. Frá *Gunnari Jóhannssyni* og *Ólafi Jóhannessyni*.
Við 13. gr. A. II. a. 64. (Siglufjarðarvegur ytri).
Fyrir „400 000“ kemur 500 000

VII. Frá *Jóni Skaftasyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni*.
Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir).
Nýr liður (verður 1. liður):
Brynjudalsá 300 000

VIII. Frá *Ágúst Þorvaldssyni, Birni Fr. Björnssyni* og *Karli Guðjónssyni*.
Við 13. gr. A. III. 16. (Brúargerðir).
Nýir liðir:
1. Affall, Rangárvallasýslu 500 000
2. Kálfá í Gnúpverjahreppi 350 000

IX. Frá *Hermanni Jónassyni* og *Sigurvin Einarssyni*.
1. Við 13. gr. A. IX. Liðurinn orðist svo:
   Ferjubryggjur 120 000
   Þar af 40 þús. kr. til Gemlufallsbryggju í Dýrafirði.
2. Við 13. gr. C. VII. 8. (Hafnarmannvirki). Nýr liður:
   Drangsnes 200 000
3. Við 13. gr. C. VII. 25. (Hafnarmannvirki). Nýr liður:
   Kaldrananes 100 000

X. Frá *Finnboga R. Valdimarssyni* og *Jóni Skaftasyni*.
Við 13. gr. C. VII. 27. (Hafnarmannvirki, Kópavogur).
Fyrir „200 000“ kemur 250 000

XI. Frá *Jóni Skaftasyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni*.
Við 13. gr. C. VII. 34. (Hafnarmannvirki, Sandgerði).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000

XII. Frá *Hermanni Jónassyni* og *Sigurvin Einarssyni*.
Við 13. gr. D. IV. 6. Nýir liðir:
1. Hólmavíkurflugvöllur 400 000
2. Til flugvallar í Patreksfirði 300 000

XIII. Frá *Birni Pálssyni, Skúla Guðmundssyni* og *Ólafi Jóhannessyni*.
Við 14. gr. A. X. 23. b. 2. (Ný skólahús). Nýr liður:
Blönduós 160 000

XIV. Frá *Ágúst Þorvaldssyni, Birni Fr. Björnssyni* og *Karli Guðjónssyni.*
Við 14. gr. A. X. 23. b. 2. Nýir liðir:

1. Hrunamannaskólahverfi, heimavistarskóli	960 000
2. Þykkvabæjarskólahverfi, skólastjóraíbúð	120 000
3. Hvamms- og Dyrhólahreppsskóli	224 000

XV. Frá *Hermanni Jónassyni* og *Sigurvin Einarssyni.*
Við 14. gr. A. XI. 3. f. (Núpsskóli, viðhaldskostnaður).
Fyrir „138 600“ kemur 438 600

XVI. Frá *Ágúst Þorvaldssyni, Birni Fr. Björnssyni* og *Karli Guðjónssyni.*
Við 14. gr. A. XI. 30. 23. Nýr liður:
Skógaskóli, heimavist og skólastjóraíbúð 350 000

XVII. Frá *Eðvarð Sigurðssyni.*
Við 14. gr. B. XI. b. 1. Nýr liður:
Til bókasafns Dagsbrúnar, Reykjavík 50 000

XVIII. Frá *Jóni Skaftasyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 14. gr. B. XXXVIII. 37. (Leikfélag Kópavogs).
Fyrir „8 000“ kemur 30 000

XIX. Frá *Hermanni Jónassyni* og *Sigurvin Einarssyni.*
Við 22. gr. XXIV. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán fyrir flugfélag eða einstaklinga, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, til að kaupa hentuga flugvél, er taki upp áætlunarflug milli Reykjavíkur og Vestfjarða.

Ed. 249. Frumvarp til laga [124. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

2. málsgrein 10. greinar laganna falli niður, en í stað hennar komi svo hljóðandi:

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer sem hér segir:

1. Embættislaun héraðslækna skulu greidd fyrir embættisstörf, en til slíkra starfa telst einkum: Samfelld gegningarskylda læknis í héraði, öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisaðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðiseftirlit, svo sem með vatnsbólum, fráræslu, húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðum, og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna.

2. Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir samningum, er stéttarfélög lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkrasamlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar.

3. Fyrir störf, önnur en embættisstörf, í þágu ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir sömu reglum og þá er sjúkrasamlög eða aðrar greinar almannatrygginga eiga í hlut.

4. Fyrir störf í þágu annarra en almannatrygginga, ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir reglum, er stéttarfélög lækna setja og birta almenningi. Nú eru slíkar reglur ekki birtar, og mega þá læknar, er í hlut eiga, ekki krefjast hærri greiðslu en þá er almannatryggingar eiga í hlut.

5. Ef samkomulag næst ekki um greiðslur samkvæmt liðum 2—4, semur landlæknir héraðslæknum gjaldskrá fyrir læknisverk, er ráðherra staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er sú breyting lögð til, að embættislaun héraðslækna greiðist fyrir embættisstörf og fyrir gegningarskyldu. Fyrir lækningar beri þeim því greiðsla, sem miðuð sé við greiðslu til starfandi lækna, sem ekki eru sérfræðingar. Með embættisstörfum sé þá átt við hvers konar heilsuverndarþjónustu, enda tíðkast nú hvarvetna í menningarlöndum að takmarka verksvið embættislækna sem mest við þá þjónustu, svo mikilsverð sem hún er fyrir þjóðfélagið, með því auk heldur að hún verður æ umsvifameiri með hverju ári. Í annan stað er tillit til hlífðarlausrar gegningarskyldu héraðslækna í samræmi við þróun launakjara margra fastráðinna lækna, er starfa í öðrum greinum, svo sem t. d. á sjúkrahúsum. Auk fastra launa hafa sjúkrahúslæknar fengið á síðari árum greiðslur fyrir vaktir, þ. e. fyrir að vera stöðugt til taks, ef þeirra skyldi þurfa við. Þessi skylda hvílir að sjálfsögðu stöðugt á héraðslæknum, án þess að fyrir hana hafi komið nokkur sérstök umbun. Er þó vitanlegt, að hún á þátt í að gera starfið ófýsilegra, þar eð hún skammtar læknunum oftast mjög nauman og óvissan hvíldartíma. Er gert ráð fyrir, að um sjúkrasamlagsstörf þeirra verði samið við Tryggingastofnun ríkisins, annaðhvort með föstu númeragjaldi eða gjaldskrá fyrir unnin verk eða hvorutveggja, en það fer eðlilega eftir staðháttum. Greiðslur þessar munu eðlilega hækka verulega fyrir unnin læknisstörf, enda hefur gjaldskrá héraðslækna, sem nú er unnið eftir, aðeins verið sexfölduð síðan árið 1933.

Frv. þessu fylgir skýrsla landlæknis um ráðstafanir vegna héraðslæknaskorts. Frv. þetta er flutt samkvæmt tillögum hans, og einnig frv. um breyting á lögum um almannatryggingar, en hins vegar eru önnur atriði í skýrslu landlæknis, sem ríkisstjórnin hefur enn ekki tekið afstöðu til.

Fylgiskjal.

SKÝRSLA

landlæknis um ráðstafanir vegna héraðslæknaskorts.

Með bréfi, dags. 24. maí s. l., sendi ráðherra mér, til athugunar og eftir atvikum aðgerða, þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi þ. 29. marz s. l., um ráðstafanir vegna læknaskorts. Var mér jafnframt falið að gera tillögur um þær ráðstafanir, er ég teldi vænlegastar til úrbóta í þeim efnum, sem um er rætt í þingsályktuninni, og heimilað að hafa samráð við aðila, er lagt gætu lið við einstaka liði þingsályktunarinnar, svo sem félagsmálaráðuneytið, Tryggingastofnun ríkisins og stjórn Læknafélags Íslands. Um tillöguna til þingsályktunar þessarar ritaði ég á sínum tíma Alþingi greinargerð, dags. í marz s. l., og er hún prentuð sem fylgiskjal I með 577. nefndaráliti á 81. löggjafarþingi (1960—61), 160. mál. Við álit mitt og tillögur, sem hér fara á eftir, varðandi hina ýmsu liði þingsályktunarinnar, er á margan hátt stuðzt við þessa greinargerð, og leyfi ég mér því jafnframt að vísa til hennar.

Læknaskorturinn nú.

Er fyrrnefnd greinargerð var samin í marzmánuði s. l., hafði enginn umsækjandi fengizt um 10 læknishéruð. Var þá 6 þeirra gegnt af nágrannahéraðslæknum, en 4 af læknum eða læknakandídötum til bráðabirgða. Nú, hálfu ári síðar, hefur enn sigið á ógæfuhliðina í þessu efni. Enginn umsækjandi hefur fengizt um 14 læknishéruð. Er 11 þeirra gegnt til bráðabirgða, aðallega af læknakandídötum, en 3 af nágrannahéraðslæknum. Fæ ég eigi annað séð en hér stefni í fullkomið óefni, ef ekki fæst skjótlega bót á ráðin.

Fullvíst er, að þessi læknaskortur í strjálbýlinu stafar ekki af því, að of fáir séu brautskráðir árlega frá læknadeild háskólans eða að almennur skortur sé íslenzkra lækna. Öllum læknum er vel kunnugt, að orsakanna er annars staðar að leita.

Ungir læknar munu nú vera betur menntaðir og betur þjálfaðir undir starf sitt en nokkru sinni fyrr, enda hafa aldrei verið gerðar slíkar kröfur til þeirra sem nú. Lætur að líkum, að kröfur þeirra til starfsskilyrða eru eftir því afdráttarlausar. Að loknu embættisprófi eiga þeir yfirleitt um tvo kosti að velja. Annar er sá, að fara út í hérað og gegna þar erfiðu, erilsömu og ábyrgðarmiklu starfi við aðstæður, sem víða eru langt fyrir neðan það, sem annars staðar er talið sæmandi, og við kjör, sem eru ekki aðeins lakari en í nágrannalöndunum tíðkast, heldur einnig mun verri en yfirleitt tíðkast hjá stéttarbræðrum þeirra í Reykjavík. Hinn kosturinn er sá, að þeir leiti til annarra landa til sérnáms, er geri þá samkeppnisfæra á þeim vinnumarkaði, sem býður eftirsóknarverð kjör og tækifæri til vísindaframa. Kunnugt er, að æ fleiri taka nú síðari kostinn.

Hætt er við, að haldi svo fram, sem nú horfir, veljist þeir einir í héruð, sem skortir hæfni og dáð til að skipa sér í vaxtarbrodd íslenzkrar læknastéttar.

Um það verður ekki deilt, að héraðslæknar gegna mikilsverðu hlutverki í þjóðlífinu, svo mikilsverðu, að niðurlæging þeirrar stéttar mundi að sjálfsögðu svipta þjóðina öllum rétti til að teljast meðal menningarþjóða og baka henni ómetanlegt tjón. Hníga að því augljós rök.

Það verður því að leitast við að tryggja, að þessi stétt sé skipuð einvalaliði hverju sinni, ekki aðeins til að veita skjóta og örugga læknishjálp, heldur einnig og ekki síður til að stuðla að því, að upp vaxi heilbrigður og þróttmikill kynstofn. Fámenn og fátæk þjóð má þar ekkert missa.

Elli- og örorkuheimili.

Fyrsti liður þingsályktunarinnar fjallar um það, hvort tiltækilegt þyki eða líklegt til árangurs, að komið verði upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, er gegni jafnframt störfum héraðslæknis.

Fram til þessa hefur eigi verið talið nauðsynlegt, að læknar væru fastráðnir að elli- eða örorkuheimilum heldur miklu fremur að hjúkrunarheimilum, er vista sjúk örvasa gamalmenni. Þingskipuð nefnd mun sem stendur, í samráði við félagsmálaráðuneytið, vinna að álitsgerð um nauðsyn og staðsetningu elliheimila. Tel ég víst, að ef tiltækilegt þykir að koma þeim almennt á fót í strjálbýlinu, muni það oftast verða á stöðum, sem þegar hafa verið valdir sem læknissetur, þar sem margt fer saman um slíkt staðarval. En þó að slíkar stofnanir komist á fót á nokkrum stöðum í landinu á næstu áratugum, tel ég það ekki munu breyta miklu um lausn þess vanda, sem nú er á því að útvega lækna til að sinna héraðslæknisstörfum í landinu.

Breytingar á launakjörum héraðslækna.

Í fyrrnefndri greinargerð minni um skort héraðslækna og héraðslæknaskipan ræddi ég bæði breytingar á læknaskipuninni og launakjörum lækna og lagði fram

tillögur um hvorutveggja. Vísast til þess þar. Samkvæmt því leyfi ég mér nú að leggja til, að svofelld breyting verði gerð á læknaskipunarlögunum, l. nr. 16/1955, á næsta Alþingi: Önnur málsgrein 10. gr. falli niður, en í stað hennar komi: „Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer sem hér segir:

1. Embættislaun héraðslækna skulu greidd fyrir embættisstörf eingöngu, en til slíkra starfa telst einkum: Samfelld gegningarskylda læknis í héraði, öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisaðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðiseftirlit, svo sem með vatnsbólum, fráræslu, húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðum, og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna (sjá auglýsingu nr. 84 1934).

2. Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir samningum, er stéttarfélög lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkrasamlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar.

3. Fyrir störf, önnur en embættisstörf, í þágu ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir sömu reglum og þá er sjúkrasamlög eða aðrar greinir almannatrygginga eiga í hlut.

4. Fyrir störf í þágu annarra en almannatrygginga, ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir reglum, er stéttarfélög lækna setja og birta almenningi. Nú eru slíkar reglur ekki birtar, og mega þá læknar, er í hlut eiga, ekki krefjast hærri greiðslu en þá er almannatryggingar eiga í hlut.

5. Ef samkomulag næst ekki um greiðslur samkvæmt liðum 2—4, semur landlæknir héraðslæknum gjaldskrá fyrir læknisverk, er ráðherra staðfestir."

Hér er sú breyting lögð til, að embættislaun héraðslækna greiðist fyrir embættisstörf eingöngu og fyrir gegningarskyldu. **Fyrir lækningar beri þeim því greiðsla til jafns við starfandi lækna, sem ekki eru sérfræðingar.** Með embættisstörfum sé þá átt við hvers konar **heilsuverndarþjónustu**, enda tíðkast nú hvarvetna í menningarlöndum að takmarka verksvið embættislækna sem mest við þá þjónustu, svo mikilsverð sem hún er fyrir þjóðfélagið, með því auk heldur að hún verður æ umsvifameiri með hverju ári. Í annan stað er tillit til hlífðarlausrar gegningarskyldu héraðslækna í samræmi við þróun launakjara margra fastráðinna lækna, er starfa í öðrum greinum, svo sem t. d. á sjúkrahúsum. Auk fastra launa hafa sjúkrahúslæknar fengið á síðari árum greiðslur fyrir vaktir, þ. e. fyrir að vera stöðugt til taks, ef þeirra skyldi þurfa við. Þessi skylda hvílir að sjálfsögðu stöðugt á héraðslæknum, án þess að fyrir hana hafi komið nokkur sérstök umbun. Er þó vitanlegt, að hún á þátt í að gera starfið ófýsilegra, þar eð hún skammtar læknunum oftast mjög nauman og óvissan hvíldartíma. Er gert ráð fyrir, að um sjúkrasamlagsstörf þeirra verði samið við Tryggingastofnun ríkisins, annaðhvort með föstu númeragjaldi eða gjaldskrá fyrir unnin verk eða hvorutveggja, en það fer eðlilega eftir staðháttum. Greiðslur þessar munu eðlilega hækka verulega fyrir unnin læknisstörf, enda hefur gjaldskrá héraðslækna, sem nú er unnið eftir, aðeins verið sexfölduð síðan árið 1933.

Þó að þannig sé gert ráð fyrir samningum um þessi atriði milli Tryggingastofnunar ríkisins annars vegar og Læknafélags Íslands hins vegar, hefi ég leyft mér að gera drög að nýrri gjaldskrá héraðslækna, er annaðhvort má, ef fallizt verður á hana, hafa til hliðsjónar við væntanlega samninga eða leggja fram til staðfestingar ráðherra, ef samkomulag tekst ekki. Leyfi ég mér að láta gjaldskrárdrög þessi fylgja hér með, jafnframt því sem ég hef sent þau Tryggingastofnun ríkisins.

Hina svo nefndu staðaruppbót tel ég **óhjákvæmilegt að taka upp**, á meðan ekki verður fallizt á tillögu um að steypa saman minni læknishéruðum og gera embættin á þann hátt lífvænlegri. Leyfi ég mér því að leggja til, að á næsta Alþingi verði eftirfarandi breyting gerð á lögum um laun starfsmanna ríkisins (l. nr. 92/1955).

Á eftir 12. gr. III, 6. lið komi ný svo hljóðandi viðbótargrein: „Í mannfæstu læknishéruðunum skal greiða álag á föst laun, er nefnist staðaruppbót, samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Héraðslæknar í héruðum með færri en 600 íbúa hljóti staðaruppbót, er nemi 50% fastra launa.
b. Héraðslæknar í héruðum með 600—800 íbúa hljóti staðaruppbót, er nemi 33⅓% fastra launa.

Gegni héraðslæknir í héraði, er staðaruppbótar nýtur, öðru héraði ásamt sínu, fellur staðaruppbót niður.“

Undir a-flokkinn mundu nú falla eftirtalin 7 læknishéruð: Flateyjar, Djúpavíkur, Reykhóla, Suðureyrar, Raufarhafnar, Bakkagerðis og Bíldudals. Aðeins tvö þessara héraða eru nú skipuð læknum. Aukinn kostnaður á mánuði mundi hér nema kr. 25 989.18.

Undir b-flokkinn mundu nú falla eftirtalin 9 læknishéruð: Grenivíkur, Súðavíkur, Flateyrar, Þingeyrar, Kirkjubæjar, Vopnafjarðar, Kópaskers, A.-Egilsstaða og Höfða. Fimm þessara héraða eru nú skipuð læknum. Aukinn kostnaður á mánuði mundi vegna þessa flokks nema kr. 22 276.35. Kostnaður alls á mánuði yrði því kr. 48 265.53, eða heildarkostnaður á ári kr. 579 186.36 vegna þessarar breytingar, ef öll læknishéruðin eru skipuð. Er þá miðað við manntal 1. desember 1960. 9 þessara 16 héraða eru nú óskipuð. Ef sparnaður við að leggja niður Flateyjarhérað, sem nú hefur innan við 140 íbúa, er dreginn frá, verður heildarkostnaðurinn kr. 445 527.84.

Um að hraða byggingu læknisbústaða.

Halda þarf áfram og herða á byggingu læknisbústaða, þar sem þeir eru gamlir og úr sér gengnir. Fjöldi þeirra og staðsetning fer vitanlega eftir því, hvort héruðum verður fækkað eða ekki. Leikur ekki vafi á, að líkurnar fyrir því að fá lækna til að setjast að úti í héruðum vaxa mjög með bættum húsakynnum.

Meðfylgjandi skrá sýnir í stórum dráttum ástand læknisbústaðanna í læknishéruðunum, eins og þau eru nú. Eru héruðin greind í 6 flokka á skránni með tilliti til ástands bústaðanna og einnig héraðanna sjálfra, þar sem vafi getur leikið á því, hvort bústaðir verði reistir í þeim öllum (sjá skrá á bls. 704).

Í fyrsta flokknum eru 4 læknishéruð, þar sem læknisbústaðir eru nú í byggingu. Eru byggingarnar á Suðureyri og á Djúpavogi langt komnar, en rétt hafnar á Þórshöfn og Vopnafirði. Í öðrum flokki eru talin 22 héruð, þar sem læknisbústaðir hafa annaðhvort verið byggðir nýlega eða eru taldir viðunandi. Í þriðja flokknum eru 6 héruð, þar sem læknisbústaðirnir þarfnast annaðhvort endurnýjunnar eða viðgerða. Í fjórða flokki eru 8 héruð, þar sem vafi leikur á, hvort bústaðir verði byggðir. Þrjú þessara héraða eru svo fámenn, að vafasamt má telja, hvort þeim verður lengi haldið sem sérstökum læknishéruðum (Flateyjar, Djúpavíkur og Bakkagerðis). Í einu er nokkur ágreiningur um staðsetningu læknisbústaðarins (Súðavíkur). Í öðru (Laugarás) þarf að fara fram á húsinu rannsókn til að kanna, hvort hyggilegra sé að byggja nýtt hús eða láta endurnýjun á því gamla nægja. Í Borgarnesi býr núverandi héraðslæknir í einkahúsi, en á Selfossi og í Höfðakaupstað eru héraðslæknarnir báðir í leiguhúsnæði. Má telja öruggt, að í nokkrum þessara héraða verði að reisa læknisbústaði þegar á næstu árum. Í fimmta flokki eru talin 4 læknishéruð, þar sem óhjákvæmilegt verður að byggja læknisbústaði sem allra fyrst, og verður nauðsynin að teljast um það bil jöfn á öllum þessum stöðum. Í sjötta og síðasta flokknum eru 13 læknishéruð, allt kaupstaðahéruð, og hafa læknisbústaðir í þeim enn þá eigi verið styrktir af ríkisfé. Á það skal þó minnt, að íbúafjöldinn í Seyðisfjarðarlæknishéraði var við síðasta manntal aðeins 820. Eru því sölumöguleikar héraðslæknis á húseign þar tæpast meiri en í mörgum þeim læknishéruðum, þar sem læknisbústaðir hafa verið reistir af opinberu fé.

Nú eru á fjárlögum veittar kr. 5 275 000.00 til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (fjárlög 1961, 12. gr. IX. liður). Áfallin, en ógreidd gjöld, er greiða ber af þessum fjárlagalið, munu um síðustu áramót hafa numið um það bil kr. 15 000 000.00. Láta mun nærri, að hver læknisbústaður kosti nú um kr. 1 800 000.00—2 000 000.00. Má af þessu ráða, hver nauðsyn er á því að fá fjárveitingu hér aukna, ef á slíku skyldi vera nokkur kostur, þar sem allt getur oltið á því um setu læknis í héraði, hvort húsakynni eru þar góð eða ekki.

Leyfi ég mér því enn fremur að leggja til, að á næsta Alþingi verði sá háttur tekinn upp að áætla framlagið til læknisbústaða á sérstökum fjárlagalið og á öðrum lið fjárveitingu þá, sem nota á til sjúkrahúsa og stærri sjúkraskýla.

Virðist mér, að fjárframlagið til læknisbústaða megi eigi minna vera en svo, að takast megi að ljúka **einum bústað til fulls á hverju ári.**

Um útvegun lækningatækja, lyfjaforða og einföldustu húsgagna í fámennustu héruðin.

Líklegt má telja, að staðaruppbót á héraðslæknalaun í fámennustu héruðunum nái að talsverðu leyti tilgangi sínum, ef samþykkt verður. Víst er þó, að nokkur hinna allra fámennustu héraða verða ekki skipuð að staðaldri, þó að hún komi til. Breytt héraðaskipan er að mínum dómi hið eina, sem dugir hér. Að héraðaskipaninni óbreyttri verður að gera ráð fyrir, að alltaf verði nokkur hinna fámennustu útkjálkahéraða óskipuð. Hljóta þau því að verða að sæta þeirri læknisþjónustu, sem læknakandídötum ber að inna af hendi um sex mánaða skeið til þess að hljóta lækningaleyfi. Hins vegar vex kandídötum eðlilega í augum að fara í hérað til svo stuttrar dvalar og verða að hafa með sér öll nauðsynleg lyf og lækningatæki og auk þess húsgögn í læknisbústað. Veldur þetta því, að kandídatar sniðganga þessi auðu héruð eftir megni, en reyna í þess stað að koma sér að sem aðstoðarlæknar héraðslækna, ef ekki er völ sæmilegra héraða, og tekst það oft, eins og reynsla er fengin fyrir. Þessi nauðstöddu héruð fara því jafnvel oft á mis við þá bráðabirgðaþjónustu, sem ætlazt er til, að þau eigi að geta notið. Úr þessu verður ekki bætt, nema læknishéruðin eigi sjálf lækningatæki og helztu húsgögn í læknisbústað. Yrði þá vitanlega að búa þannig um, að ekkert færi í súginn við læknaskipti, þ. e. að tæki yrðu talin og verðlögð við hver skipti. Þótt héruðum yrði steypt saman, þyrfti eigi að síður að sjá fyrir lækningatækjum og húsgögnum á stöðum, þar sem aðstoðarlæknum væri ætlað að sitja um stundarsakir, en hlutaðeigandi héraðslæknir mundi sjá fyrir lyfjum.

Varðandi þessi atriði leyfi ég mér því að bera fram eftirfarandi tillögu:

1. Að fámennustu og einangruðustu læknishéruðin útvegi og kaupi nauðsynlegustu lækningatæki, er héraðslæknir þarfnast í starfi sínu. Skal slík útvegun tækja gerð í samráði við heilbrigðisstjórn hverju sinni.
2. Enn fremur kaupi sömu héruð húsgögn í lækningastofu og í sem svarar 2ja—3ja herbergja íbúð. Húsgögnin skulu vera af einföldustu gerð og valin þannig, að auðvelt sé að geyma þau tímum saman án skemmda.
3. Lyfjaforði í héruðin verði alltaf útvegaður og keyptur af héraðslækni og eign hans, en Lyfjaverzlun ríkisins verði heimilað að veita ungum læknum, er setjast í hin fámennustu læknishéruð, allt að 4 mánaða greiðslufrest.

Hefi ég þegar leyft mér að gera skrá yfir lækningatæki þau, er ég tel, að óhjákvæmileg séu í hverju héraði, og hefur Lyfjaverzlun ríkisins gert lauslegt yfirlit yfir verð þeirra. Fylgir skrá þessi hér með. Ekki virðist óeðlilegt, að ríkið veiti styrk til slíkra tækjakaupa, og ætti sá styrkur að miðast við tollálagningu lækningatækjanna. Kaup húsgagna tel ég ekki nauðsynlegt að styrkja af ríkisfé.

Ástand læknisbústaða á landinu.

1. flokkur Eru í byggingu	2. flokkur Nýlega byggðir eða viðunandi	3. flokkur Þarfnast endurnýjunar eða viðgerðar	4. flokkur Vafasamt hvort byggja skuli	5. flokkur Nauðsynlegt að byggja	6. flokkur Verða væntanlega ekki byggðir með styrk úr ríkissjóði
Suðureyrar	Kleppjárnsreyja	Stykkishólms	Flateyjar	Álafoss	Reykjavíkur
Þórshafnar	Búðardals	Reykhóla	Súðavíkur	Ólafsvíkur	Akranes
Vopnafjarðar	Patreksfjarðar	Ólafsfjarðar	Djúpavíkur	Eskifjarðar	Ísafjarðar
Djúpavogs	Bíldudals	Grenivíkur	Höfða	Víkur	Sauðárkróks
	Þingeyrar	Búða	Bakkagerðis		Siglufjarðar
	Flateyrar	Hveragerðis	Laugarás		Akureyrar
	Bolungarvíkur		Selfoss		Húsavíkur
	Hólmavíkur		Borgarnes		Seyðisfjarðar
	Blönduóss				Nes
	Hofsóss				Vestmannaeyja
	Dalvíkur				Keflavíkur
	Breiðumýrar				Hafnarfjarðar
	Kópaskers				Kópavogs
	Raufarhafnar				
	N.-Egilsstaða				
	A.-Egilsstaða				
	Hafnar				
	Kirkjubæjar				
	Hvols				
	Hellu				
	Eyrarbakka				
	Hvammstanga				

Um breytta héraðslæknaskipan.

Í fyrrnefndri greinargerð minni um þingsályktunartillöguna ræddi ég nokkuð héraðslæknaskipanina. Lagði ég þar áherzlu á, að vegna bættra samgangna bæri að stækka læknishéruðin, steypa saman minni héruðum og draga þannig nokkuð úr óhóflegum lækniskostnaði. Lagði ég til í bráð, að fjögur læknishéruð yrðu lögð niður: Flateyjarhérað, Súðavíkurhérað, Djúpavíkurhérað og Bakkagerðishérað. Gerði ég með nokkrum orðum grein fyrir þessum breytingum. Ég hefi síðan átt þess kost að kynna mér nánara skoðanir íbúa þessara héraða á málinu og orðið þess yfirleitt var, að þeir eru þessu **mjög mótfallnir.** Séu forráðamenn þjóðarinnar á Alþingi sömu skoðunar, sem ég hefi ástæðu til að ætla, get ég fyrir mitt leyti vel fallizt á, ef tillaga mín um staðaruppbót á laun lækna í hinum fámennustu héruðum verður samþykkt, að séð verði til, fyrst um sinn, hvern árangur slíkt ber, í þá átt að læknar setjist að í þessum fámennu héruðum.

Ég tel þó, að eigi verði hjá því komizt, að Flateyjarhérað verði lagt niður. Þar eru nú tæplega 140 manns, og þarf ekki að láta sér til hugar koma, að þangað fáist læknir framar, og auk þess verður ekki gengið fram hjá kostnaðinum við að halda uppi sérstöku læknishéraði með svo sárafáum íbúum. Þá tel ég og, að rétt sé að sinna óskum íbúa Hjaltastaðahrepps um að sameinast aftur Egilsstaðahéraði norður, enda hefur sameining þessa hrepps við Bakkagerðishérað enga raunhæfa þýðingu, þar sem læknis yrði sárasjaldan vitjað þangað, þó að á staðnum væri.

Leyfi ég mér þess vegna að leggja til, að á næsta Alþingi verði svofelld breyting gerð á læknaskipunarlögunum, l. nr. 16/1955, 1. gr.: 7. liður falli niður, en nýr liður komi í hans stað, er hljóði svo: „7. Stykkishólmshérað: Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Flateyjarhreppur. Læknissetur í Stykkishólmi.“ Enn fremur falli 9. liður niður, eins og hann er nú, en í stað hans komi: „9. Reykhólahérað: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur og Múlahreppur. Læknissetur á Reykhólum.“ 10. liður falli niður, og eftirfarandi töluröð héraða breytist samkvæmt því. 35. liður, sem verður 34. liður, falli niður, en í stað þess komi: „Norður-Egilsstaðahérað: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellnahreppur, Hjaltastaðahreppur og Fljótsdalshreppur. Læknissetur í Egilsstaðaþorpi.“ Og að lokum falli niður 37. liður, sem verður 36., en í stað hans komi: „36. Bakkagerðishérað: Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi.“

Nái hins vegar tillaga mín um staðaruppbót eigi samþykki, tel ég viðtækar breytingar á héraðaskipuninni sjálfsagðar og óhjákvæmilegar.

Lokaorð.

Við álitsgjörð þá, er hér liggur fyrir, hefi ég haft samráð við eftirtalda aðila: Um 1. tölulið þál.: Ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins og alþingismennina Ragnhildi Helgadóttur og Alfreð Gíslason lækni. Um 2., 4. og 5. tölulið þál. og enn fremur gjaldskráruppkastið og skrána um lækningatæki: Pál Sigurðsson tryggingayfirlækni (tilnefndur af Tryggingastofnun ríkisins) og Ólaf Björnsson héraðslækni að Hellu (tilnefndur af stjórn Læknafélags Íslands). Eru allir þessir aðilar sammála mér um ofangreindar tillögur, hver um sitt atriði.

30. sept. 1961.

Nd. 250. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 24/1956, sbr. l. nr. 28/1959.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Niður falli b-liður 52. gr. laganna, en í hans stað komi:

Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings. Samlagsmenn á báðum verðlagssvæðum, samkv. 10. gr., greiða fyrir viðtöl og vitjanir, svo og önnur læknisverk unnin samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, gjald, sem nánar er ákveðið í reglugerð, ef samlagsmaður er í sjúkrasamlagsréttindum, og innheimtir þá læknir hjá sjúkrasamlagi það, sem honum ber að auki samkvæmt samningi eða gjaldskrá. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Sé sjúklingur ekki í réttindum í sjúkrasamlagi, greiðir hann lækni að fullu, og sama máli gegnir um utanhéraðssjúklinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um breytingu á almannatryggingalögum er háð því, að samþykkt verði frumvarp um breytingu á 2. málsgrein 10. greinar læknaskipunarlaga, nr. 16/1955. Er gert ráð fyrir því, að á 2. verðlagssvæði verði einnig tekið ákveðið gjald af sjúklingum, sem svari til gjalds þess, sem greitt er á 1. verðlagssvæði, sbr. lög nr. 28/1959.

Nd. 251. Frumvarp til laga [126. mál]

um lántöku vegna Landsspítalans.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 30 millj. kr. lán til að fullgera sem fyrst þær viðbyggingar Landsspítalans, sem nú er verið að koma upp.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mjög tilfinnanlegur skortur er á spítalarúmi í Reykjavík, enda eru spítalarnir þar reknir meira og minna fyrir landið allt.

Við Landsspítalann eru nú í smíðum allmiklar viðbyggingar í þremur álmum. Þegar þær verða komnar upp, munu bætast við um 225 sjúkrarúm í 9 sjúkradeildum. Þetta mundi bæta talsvert úr brýnustu þörfum. Til þess að ljúka þessum viðbyggingum mun þurfa 35—40 millj. kr., en ekki er gert ráð fyrir að veita til þessara bygginga nema um 9 millj. kr. á næsta ári. Miðað við svipaða fjárveitingu mun taka 4—5 ár að fullgera þessar byggingar.

Slík bið er vissulega allt of löng. Því er lagt til, að ríkið taki lán, sem nægi til þess að fullgera þessar byggingar sem fyrst, og ætti að vera hægt að gera það fyrir árslok 1962, ef ekki stæði á fjármagni. Hér gæti verið um að ræða stutt lán, sem væri endurgreitt á næstu 4—5 árum, og ætti því að vera mun auðveldara að afla þess en ella.

Sþ. **252. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

I. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*

1. Við 12. gr. XVI. Nýr liður:
   Styrkur til sjúkraflutninga, þegar slíkur kostnaður verður einstaklingum ofviða 100 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 37. Nýir liðir:
   a. Dalahreppsvegur 100 000
   b. Suðurfjarðavegur (til tengingar við Vestfjarðaveg) 450 000
3. Við 13. gr. A. II. a. 46. Nýir liðir:
   a. Hnífsdals- og Bolungarvíkurvegur 300 000
   b. Ísafjarðarvegur (endurlagning í Breiðadal) 250 000

II. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*

1. Við 13. gr. A. II. a. 80. Nýir liðir:
   a. Jökuldalsvegur eystri 100 000
   b. Hróarstunguvegur eystri (austan Lagarfljóts) 150 000
   c. Hjaltastaðavegur 50 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 89. Nýir liðir:
   a. Viðfjarðarvegur í Helgustaðahreppi 100 000
   b. Vattarnesvegur 50 000
3. Við 13. gr. A. II. a. 92. (Stöðvarfjarðarvegur).
   Fyrir „410 000“ kemur 700 000
4. Við 13. gr. A. II. a. 93. (Breiðdalsvegir).
   Fyrir „100 000“ kemur 150 000
5. Við 13. gr. A. II. a. 95. (Berufjarðarvegur).
   Fyrir „180 000“ kemur 350 000
6. Við 13. gr. A. II. a. 96. (Geithellnavegur).
   Fyrir „180 000“ kemur 350 000
7. Við 13. gr. A. II. a. 100. (Öræfavegur).
   Fyrir „80 000“ kemur 150 000
8. Við 13. gr. A. III. 13. (Brúargerðir, Fögruhlíðará).
   Fyrir „180 000“ kemur 360 000
9. Við 13. gr. A. III. 15. (Brúargerðir).
   Nýir liðir:
   a. Selá í Álftafirði 300 000
   b. Kotá í Öræfum 500 000

III. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*

1. Við 13. gr. C. VII. 12. (Hafnarmannvirki, Flateyri).
   Fyrir „100 000“ kemur 250 000
2. Við 13. gr. C. VII. 18. (Hafnarmannvirki, Hnífsdalur).
   Fyrir „50 000“ kemur 200 000
3. Við 13. gr. C. VII. 20. (Hafnarmannvirki, Hólmavík).
   Fyrir „200 000“ kemur 325 000
4. Við 13. gr. C. VII. 32. (Hafnarmannvirki, Patreksfjörður).
   Fyrir „50 000“ kemur 500 000

IV. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*

1. Við 16. gr. A. 20. (Fyrirhleðsla í Kotá).
   Fyrir „40 000“ kemur 70 000

2. Við 20. gr. Út. IX. (Flugvallagerðir).
   a. Fyrir „10 720 000“ kemur 12 720 000
   b. Aftan við liðinn bætist:
      Þar af:
      1. Norðfjörður 1 000 000
      2. Egilsstaðir 700 000
      3. Hornafjörður 700 000
      4. Vopnafjörður 200 000

V. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 20. gr. Út. IX. (Flugvallagerð). Aftan við liðinn bætist:
Þar af til flugvallar á Hólmavík 700 þús. kr. og til Þingeyrarflugvallar 500 þús. kr.

VI. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrimssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Lúðvik Jósefssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að gefa eftir aðflutningsgjöld af bifreið, sem keypt hefur verið vegna happdrættis til stuðnings vegagerð yfir Öxi.

VII. Frá *Hannibal Valdimarssyni, Einari Olgeirssyni, Birni Jónssyni, Gunnari Jóhannssyni, Geir Gunnarssyni* og *Eðvarð Sigurðssyni.*
Við 22. gr. XX. Nýr liður:
Að taka lán allt að 50 millj. kr. vegna Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Lánsfé þetta skal húsnæðismálastjórn endurlána þeim húseigendum, sem vegna fjárhagsörðugleika eiga á hættu að missa íbúðir sínar. Lánin veitist eftir nánari reglum, sem húsnæðismálastjórn setur í samráði við ríkisstjórnina.

Sþ. 253. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1962 og við brtt. á þskj. 243.

I. Frá *Skúla Guðmundssyni.*
Við 2. gr. 11. (Söluskattur).
Aftan við liðinn komi þannig athugasemd:
Skýrslur um álagðan söluskatt af vörusölu og þjónustu innanlands skulu liggja frammi almenningi til sýnis eftir sömu reglum og gilda um skrár yfir álagðan tekjuskatt og eignarskatt.

II. Frá *Ágúst Þorvaldssyni, Birni Fr. Björnssyni* og *Karli Guðjónssyni.*
Við 11. gr. A. 10. l. Nýr liður:
Til löggæslu á Selfossi 70 000

III. Frá *Pétri Sigurðssyni, Eggert G. Þorsteinssyni* og *Eðvarð Sigurðssyni.*
Við 14. gr. B. XI. b. 1. Nýr liður (varatillaga):
Til bókasafns Dagsbrúnar, Reykjavík 25 000

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. II. b. Nýr liður í stafrófsröð:
Hildur Blöndal 20 000.00

V. Frá *Sigurði Ágústssyni* og *Benedikt Gröndal.*
Við 18. gr. II. b. Nýr liður í stafrófsröð:
Sveindís Hansdóttir 6 000.00

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við brtt. 243, 35. a. 1. (Við 18. gr. II. b.). Liðurinn orðist svo:
Ása Ásgrímsdóttir 5 000.00
2. Við 18. gr. II. b. Eftirfarandi liðir breytast:
a. Agnete Kamban.
Fyrir „9 373.00“ kemur 14 373.00
Fela skal áætlunarráði þau verkefni, sem Framkvæmdabanki Íslands nú hefur að lögum um áætlanir í fjárfestingarmálum og ráðleggingar til ríkisstjórnar í efnahagsmálum.

Fela má áætlunarráði starf þeirra milliþinganefnda, sem nú eru starfandi að svipuðum verkefnum: atvinnumálanefndar ríkisins og rannsóknarnefndar á milliliðagróða, og skulu þá nefndir þessar lagðar niður.

Menn þeir, sem Alþingi kýs í ráðið, skulu vera fastir starfsmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi.

Kostnaður við störf áætlunarráðs greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Nánari fyrirmæli um starf áætlunarráðs skal setja í reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. svipað þessu hef ég lagt fyrir Alþingi ár eftir ár í hálfan annan áratug, án þess að samþykkt hafi verið, og legg ég það nú fram í dálítið breyttri mynd.

Samþykkt þess er nú orðin brýnni en nokkru sinni fyrr, því að óhætt er að fullyrða, að nú verðum vér Íslendingar annaðhvort að koma á áætlunarbúskap eða eiga á hættu að missa efnahagslegt sjálfstæði vort og verða innlimaðir í annað ríki.

Eins og málum nú er stillt á Íslandi, virðumst vér aðeins eiga tveggja kosta völ:

Annar kosturinn er sá að koma á heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, fyrst og fremst á fjárfestingunni, en helzt á öllum þjóðarbúskapnum, samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum til 5 og 10 ára, svo og eins árs áætlunum. Þetta er sá háttur, sem nú er að ryðja sér til rúms í gervöllum heimi, fyrst og fremst í þeim löndum, er komið hafa á hjá sér sósíalisma, — og þar er auðveldast og öruggast að skapa skjótar efnahagslegar framfarir með áætlunarbúskapnum, — en einnig þær þjóðir, sem nú eru að öðlast frelsi og hingað til hafa fyrst og fremst verið hráefnaframleiðendur, hefja nú margar hverjar áætlunarbúskap til þess að koma upp hjá sér afkastamiklum iðnaði og tryggja efnahagslegt sjálfstæði sitt.

Ef vér Íslendingar leggjumst á eitt, þá getum vér unnið stórvirki í krafti áætlunarbúskapar, en ef vér ætlum að dreifa kröftunum í stjórnleysi og skipulagsleysi, þá miðar oss illa áfram og eigum á hættu að verða að lokum erlendum auðhringum að bráð. Vér erum það fáir, Íslendingar, að vér megum ekki við glundroðanum. Allir íslenzkir verkamenn til samans eru ekki fleiri en þeir verkamenn, sem vinna hjá stærsta fyrirtæki Svíþjóðar, rafmagnsfyrirtækinu ASEA. Ef vér ætlum að halda sjálfstæði voru á þessari öld hinna miklu samsteypna, þá verðum vér Íslendingar sjálfir að vera sameinaðir um einn áætlunarbúskap Íslands. En innan þeirrar heildar geta þrifizt hin ýmsu form atvinnurekstrar: einstaklinga, samvinnufélaga, hlutafélaga, bæjarfélaga og ríkisins. Og mér er nær að halda, að það frelsi og öryggi, sem smáir atvinnurekendur (og það eru þeir flestir á Íslandi á alþjóðlegan mælikvarða) yfirleitt geta fengið í auðvaldsþjóðfélagi, gætu þeir fyrst og fremst fengið í íslenzkum áætlunarbúskap, því að væri landið innlimað í stærri heild, þá yrðu þeir brátt troðkaðir niður undir járnhæl auðhringanna.

Hinn kosturinn er að gefast upp við að stjórna Íslandi sem sjálfstæðu ríki og innlima land vort sem nokkurs konar dreifbýlishrepp í Efnahagsbandalag Evrópu. Þá verður það fyrst og fremst komið undir geðþótta og gróðafíkn auðhringanna í Vestur-Evrópu, hvort hér verða reist fyrirtæki og hvers konar, — og þá munu þeir setja skilyrðin. Skal þessi kostur eigi ræddur frekar, enda hefur Alþingi Íslendinga stofnað lýðveldi á Íslandi til þess að halda sjálfstæðinu eftir 600 ára nýlendukúgun, en ekki til að farga því.

Skulu nú rædd nokkur einstök atriði varðandi þetta frumvarp.

Það er lagt til, að sérstakt áætlunarráð, kosið af Alþingi, vinni að áætlanagerðinni, auðvitað í samráði við ríkisstjórn, sem og ýmsa aðra aðila. Ástæðan til þess, að lagt er til, að Alþingi kjósi áætlunarráðið, er sú, að með því að allir þingflokkar hefðu menn í því, yrði samhengið í starfi og stefnu áætlunarráðs betur tryggt, og slíkt er hin brýnasta nauðsyn. Það er ekki hægt að ráðast í t. d. að reisa mikið stóriðjufyrirtæki eða mörg við mikið raforkuver, sem áætlað væri að byggja, og eiga svo á hættu, að við næstu stjórnarskipti væri þessu gerbreytt og miklum fjármunum ef til vill kastað á glæ. Þess vegna er nauðsynlegt, að stjórnarandstaða eins kjörtímabils, er verða kann ríkisstjórn þess næsta, sé sem mest með í áætlanagerð hverrar ríkisstjórnar.

Það kæmi mjög til mála að láta áætlunarráðið um leið vera hina eiginlegu bankastjórn Seðlabankans og jafnvel afnema bæði bankaráð og bankastjórn þess banka, eins og þær stofnanir eru samkvæmt lögum nú. Ég lagði það til 1957 í tillögum til þáverandi ríkisstjórnar, að svipaður háttur yrði hafður á, en því var þá ekki sinnt. Kosturinn við slíkt fyrirkomulag væri sá að tryggja hiklausa framkvæmd áætlananna eftir á og koma í veg fyrir allan reipdrátt milli slíks áætlunarráðs og Seðlabankans, en einmitt slík andstaða seðladeildar Landsbankans gegn fyrirætlunum nýbyggingarráðs tafði fyrir nýsköpun atvinnulífsins 1945—46 og skemmdi ýmsar góðar fyrirætlanir í framkvæmd.

Framkvæmdabankinn ætti, að öllu öðru leyti en hvað lánveitingastarfið snertir, að falla undir þá stofnun, sem áætlunarráð yrði, því að einmitt þar starfar mikið af þeim sérfræðingum, sem áætlunarráð þarf, enda eru ýmis af þeim verkefnum, sem þeim banka voru falin í lögum, skyld því hlutverki, sem áætlunarráð á að vinna, þótt tilgangur með honum hafi verið allur annar en með áætlunarráði.

Í frv. er sett fram í aðaldráttum, hvað Alþingi ætlast til að áætlunarráð — og þar með þjóðin og ríkisstjórnin — setji sér sem takmark og lágmark. Er þar talað um 10% aukningu þjóðarframleiðslunnar á ári. Þetta er sæmilega hátt mark og þó vel fært, ef allir leggjast á eitt. (Fylgiskjal III sýnir, hvað aðrar þjóðir hafa komizt í þessum efnum á síðasta áratug.)

Slík framleiðsluaukning, sem hér er lögð til, mundi með svipaðri skiptingu milli fjárfestingar og neyzlu og verið hefur veita neyzluaukningu, er næmi 7.8% á mann á ári.

Ísland á að hafa góða möguleika til þess að ná þessu marki, ef vel er stjórnað og allir leggjast á eitt. Vér erum nú fyrst og fremst hráefna- og matvöruframleiðendur, og ef vér leggjum höfuðáherzlu á að koma upp iðnaði, sem fullvinnur úr hráefnum vorum og matvöru, þá er reynslan sú, að stökkin, sem þjóð, er þróast frá hráefnaframleiðslu til iðnaðarþjóðar, tekur, eru mjög stór. Ef að þessu ráði yrði horfið, mundu margar niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjur, ullarverksmiðjur o. s. frv. rísa upp á næstu fimm árum og verðmæti útflutningsins margfaldast. Sama yrði á síðara fimm ára tímabilinu, ef íslenzk stóriðja yrði undirbúin á því fyrra og framkvæmd á því síðara. Það yrðu líka gífurleg stökk fram á við í framleiðslu. Og með uppkomu slíks fullvinnsluiðnaðar og íslenzkrar stóriðju hyrfi um leið að miklu leyti hin gífurlega óvissa, er fylgir allri þróun þjóðarbúskapar, sem á allt sitt undir afla og gæftum, „sól og regni". Þáttur iðnaðar (líka sjávarútvegs- og landbúnaðariðnaðar) yrði þá miklu meiri hluti þjóðarframleiðslunnar en nú og þar með kæmi miklu meiri festa í alla framleiðsluna, ef menn kunna þá list að forðast þær kreppur og sveiflur, sem auðvaldsþjóðfélagið veldur.

Til þess að tryggja örugga þróun þjóðarframleiðslunnar er hin brýnasta þörf á að tryggja markaði til langs tíma. Undirstaða slíks öryggis er mikil viðskipti við lönd sósíalismans, sem hægt er að semja við um ákveðið magn til margra ára. Reynslan sýndi, að meðan Ísland hafði þriðjung allra utanríkisviðskipta sinna við þau lönd, þá var full atvinna handa öllum og framleiðsla freðfisks fór sívaxandi, en freðfiskflökin nálgast það mest að vera fullunnin vara af okkar höfuðútflutningsvörum nú. (Ársframleiðsla freðfisks mun hafa vaxið úr ca. 30 þús. smálestum 1952 upp í 85 þús. 1958, en minnkað svo, síðan farið var að brjóta niður viðskiptin við lönd sósíalismans.)

Þá verður og að gera sér vel ljóst, að til þess að íslenzk stóriðja væri rækilega og örugglega undirbúin og gæfi þjóðinni aukna neyzlumöguleika, þá þarf m. a. að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Vanda hinn tæknilega undirbúning mjög, svo að siglt verði fram hjá þeim mörgu skerjum, sem vér höfum rekið oss á við stofnun ýmissa nýrra allstórra iðnfyrirtækja á undanförnum áratug.
2. Tryggja afkomu íslenzkrar stóriðju fram í tímann með sölusamningum til margra ára og geta m. a. greitt upp andvirði raforku- og iðnaðarvéla, svo og erlends hráefnis, þegar þess þarf, með afrakstri verksmiðjanna.
3. Tryggja, að það fjármagn, er að láni yrði tekið, fengist með eigi hærri en 2½% vöxtum, því að það gerir allan mun á því, hvers afraksturs þjóðin sjálf nýtur af slíkum fyrirtækjum, hve háa vexti þarf að greiða út úr landinu.

Tilgangurinn með öllum áætlunarbúskap, með allri framleiðsluaukningu, á auðvitað að vera sá að bæta lífskjör þjóðarinnar, létta af henni þeim mikla vinnuþrældómi, sem hún nú býr við, en tryggja hana um leið gegn vágesti atvinnuleysisins. Af því leiðir, að auðvitað verður að stjórna svo, að eigi verði verðbólga, heldur aukist í sífellu kaupgeta launa eða þau hækki (nema hvort tveggja sé) og samtímis vaxi einnig sá þáttur tekna almennings, sem fram kemur í auknum þjóðfélags-

fríðindum. Undanfarna áratugi hefur hins vegar hluti af atvinnurekendastéttinni og verðbólguflokkarnir legið á því lúalagi að svipta með síaukinni verðbólgu launþega hluta þeirra kauphækkana, er þeir áunnu sér með baráttu sinni. Þess vegna hefur kaupgeta tímakaups í 18 ár hjakkað í sama farinu og svo lækkað að lokum nú niður í það lægsta, sem hún hefur komizt. (Var 100 árið 1945 og 100 aftur nóv.—des. 1958, en nú í des. 1961 83 stig). Þetta hefur yfirstéttin og flokkar hennar getað gert, af því að þeir höfðu ríkisvaldið í sínum höndum. Á sama tíma sem alþýða varð að bæta sér upp minnkaða kaupgetu dagkaups með þrotlausum eftirvinnuþrældómi, ef hann fékkst, eða skorta ella, hefur verðbólgugróðinn safnazt fyrir í höndum sérréttindamanna til bankalána. Það leiðir því af sjálfu sér, að eigi það, sem þjóðarbúinu áskotnast í auðlegð og auknum afköstum með áætlunarbúskap, að verða launþegum og alþýðu manna til aukinnar hagsældar, þá verða eigi aðeins samtök alþýðu að verða enn sterkari og samhentari en hingað til, heldur verða og áhrif alþýðu á ríkisvaldið að verða nógu sterk til þess að fá áorkað beitingu þess í almenningsþágu.

Þróun kaupgetu tímakaupsins er sýnd á fskj. II, og gefur hún til kynna, hvílík óvissa launþega er, þegar þeir hafa ekki úrslitaáhrif á ríkisvaldið, heldur atvinnurekendur og jafnvel beinir verðbólgubraskarar.

Saga þessa máls, baráttunnar fyrir áætlunarbúskap á Íslandi, er rakin að nokkru í fskj. I, en þetta mál hefur verið eitt brýnasta úrlausnarefni íslenzks þjóðfélags, allt frá því að auðvaldsskipulagið ruddi sér til rúms á Íslandi, en þó sérstaklega síðan hin ægilega kreppa þess eftir 1930 sýndi og sannaði almenningi hræðilegar afleiðingar þess: atvinnuleysi, afturför í atvinnulífi og öryggisleysi þjóðarheildarinnar.

Nú er hins vegar svo komið um þetta mál, að svo virðist sem annaðhvort taki þjóðin upp áætlunarbúskap og sameinist um hann eða Ísland verði innlimað í stórveldi það, sem nú rís upp undir nafni Efnahagsbandalagins, og missi sjálfstæði sitt. Þriðji kosturinn: að Ísland reyni að halda sjálfstæði sínu með því, að íslenzkir auðmenn braski hver sem betur getur í stjórnleysi og með afskiptaleysi ríkisvaldsins, virðist útilokaður, því að þeir, sem fyrir þremur árum boðuðu slíkt ófremdarástand sem fagnaðarboðskap „frelsisins", virðast ekki einu sinni lengur hafa trú á því úrræði, heldur halda sér að innlimun.

Að öðru leyti verður mál þetta nánar skýrt í framsögu.

Fylgiskjal I.

Saga þessa máls, sniðin upp úr eldri greinargerð um málið.

Frumvarpið um áætlunarráð felur í sér ákvörðun um að stíga eitt spor áfram til að koma á heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum. Og til þess að það skiljist til fulls, hvað við er átt með þeirri skipulagsbreytingu, er rétt að líta nokkuð aftur í tímann til þess að sjá, hvernig efnahagsmálin hafa þróazt til þessa dags, einkum að því er varðar afstöðu ríkisins til atvinnulífsins — og þá fyrst og fremst afskiptin af sjávarútvegi og gjaldeyrisverzlun.

1. Kreppa auðvaldsskipulagsins knýr fram höftin.

Afskipti ríkisins af gjaldeyris- og atvinnumálunum byrja fyrir alvöru, eftir að öldur heimskreppunnar bárust til Íslands eftir 1930. Kreppan mikla leiddi í ljós, hve ófært auðvaldsskipulagið var að sjá fólkinu fyrir öruggri atvinnu og sæmilegri afkomu. Verkamenn gengu hundruðum saman atvinnulausir, bændur og útvegsmenn fengu ekki selt afurðir sínar og söfnuðu stórskuldum, heilum atvinnustéttum lá við gjaldþroti, markaðirnir hrundu, vöruverð útflutningsvaranna féll, útflutningurinn minnkaði stórum, og gjaldeyrisvandræðin margföldust.

Yfirvöldin gripu til hafta, því að gjaldeyrisframleiðslan varð miklu minni en eftirspurnin, og samtímis var gripið til þess ráðs að lögskipa útflytjendum að skila ríkinu gjaldeyrinum. Samtímis gripu bankar og ríkisstjórn til þess ráðs að veita stærstu útflutningsfyrirtækjunum eins konar ríkisverndaða einokun á saltfisksútflutningnum til þess að verja þau gjaldþroti.

Þessi „þjóðnýting" gjaldeyrisins hefur staðið síðan og stendur enn þrátt fyrir talið um viðskiptafrelsi. Það var gripið til hennar og gjaldeyrishaftanna sem neyðarráðstafana af borgaralegum yfirvöldum, þegar kreppan leiddi allt gjaldþrot auðvaldsskipulagsins í ljós og hin svokallaða „frjálsa samkeppni" hafði beðið sitt endanlega skipbrot. Höftin voru neikvæð ríkisafskipti, neyðarrúrræði til að bjarga að einhverju leyti úr öngþveiti og hruni samkeppniskerfis auðvaldsskipulagsins. Hins vegar hafði verzlunarauðmagnið í landinu hagsmuni af að viðhalda þessum höftum, því að í framkvæmdinni þýddu þau að „þjóðnýta" gjaldeyrinn, er tekinn var af sjávarútveginum, fyrst og fremst í þágu verzlunarauðvaldsins.

2. Alþýðan krefst heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum.

Þegar þessi haftastefna var kerfisbundin frá 1934, reyndi Alþýðuflokkurinn, sem þá var stjórnarflokkur, að hafa áhrif í þá átt að stíga sporið til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum. Í „4 ára áætlun" hans 1934—39, stefnuskrá hans í kosningunum 1934, var höfuðtillaga hans og stefna þessi:

„Að hrundið verði þegar í stað í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu *eftir nákvæmri áætlun,* er gerð sé til ákveðins tíma (4 ára) og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innanlands.

Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, *hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn,* jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi).

Smáatvinnurekstur í framleiðslu, iðnaði og verzlun, sem starfar á samkeppnisgrundvelli eða með samvinnusniði og eigendur starfa að sjálfir, skal verndaður gegn einokunarhringum og að honum hlúð, enda sé haft með honum nauðsynlegt eftirlit."

Þótt sú nefnd, er skipuð var til að gera tillögur um skipulag atvinnulífsins — „Rauðka", ynni mjög merkilegt starf um skýrslusöfnun, varð ekkert úr framkvæmd áætlunarbúskapar. Framsóknarflokkurinn mun ekki hafa haft mikinn áhuga fyrir þessu höfuðmáli Alþýðuflokksins, sem þá var.

„Þjóðnýtingin" á gjaldeyrinum, þessum afrakstri sjávarútvegsins, hefði eðlilega átt að leiða til þess, að ráðamönnum þjóðfélagsins skildist, að nú varð framtak þjóðarheildarinnar um eflingu sjávarútvegsins, útvegum nýrra skipa, að taka við af því „framtaki" útvegsmanna, er kreppan hafði drepið niður og gjaldeyrishöftin síðan lamað á sinn hátt. Slíku framtaki hins opinbera var hins vegar ekki að fagna.

Það er ekki fyrr en með „nýsköpun" atvinnulífsins 1944, að ráðamenn þjóðfélagsins sýna það í verki, að þegar þjóðfélagið sjálft tekur til sín gjaldeyrinn af sjávarútveginum, þá verður líka þjóðfélagið sjálft að hafa fyrirhyggju og framtak um eflingu sjávarútvegsins, sem allt atvinnulífið byggist á.

Með lögum um nýbyggingarráð 27. nóv. 1944 var svo ákveðið í 2. gr. laganna: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð. — Hlut-

verk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins. — Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi. Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska."

Með þessu framtaki hins opinbera var þeim ríkisafskiptum af atvinnulífinu, sem áður voru neikvæð, beitt á jákvæðan, skapandi hátt. Það var stigið skref til þess að reyna að tryggja öllum Íslendingum vinnu við sem arðbærastan rekstur, þjóðfélagið sjálft gert ábyrgt fyrir útvegun framleiðslutækja og fyrsta spor stigið til þess að koma heildarstjórn á íslenzkan þjóðarbúskap. Og þótt þessi tilraun stæði aðeins tæp þrjú ár, tókst á þeim tíma að kaupa mestallan togaraflotann, bátana og millilandaskipin, sem enn eru aðalundirstaða íslenzks atvinnulífs. — Jafnvel eftir að nýbyggingarráð var afnumið, voru sett inn í lögin um fjárhagsráð ákvæði um, að stefnt skyldi að áætlunarbúskap á Íslandi, en þau ákvæði urðu einungis pappírsákvæði, þegar áhrif ameríkskrar auðvaldsstefnu uxu á landi voru næstu árin.

Allar tillögur Sósialistaflokksins veturinn og vorið 1946—47 um, að undirbúa skyldi 10 ára áætlun um þróun atvinnulífsins, voru felldar. Í þeim fólst að fullkomna nýsköpun sjávarútvegs og iðnaðar á grundvelli hans á næstu 5 árum, en undirbúa samtímis fimm ára áætlun um íslenzka stóriðju, er framkvæma skyldi á síðari hluta 10 ára áætlunarinnar. Ef þessum tillögum hefði verið sinnt, hefði verið búið að vinna mikið af því verki, sem nú er óunnið, árið 1957. En afturhald og þröngsýni varð þá ofan á í skjóli ameríkskra auðvaldsáhrifa.

Síðan nýsköpunin var stöðvuð og hugmyndin um áætlunarbúskap á Íslandi drepin í framkvæmd, hefur þó enginn árætt aftur það glapræði að ætla að sleppa að öllu leyti eftirliti og afskiptum ríkisins af gjaldeyrismálum. Í áratug var búið við það millibilsástand, að ríkið tók að vísu til sín allan gjaldeyri af sjávarútveginum og neyddist því til þess að ábyrgjast rekstur hans að meira eða minna leyti, en hins vegar hafði lengst af verið vanrækt að efla svo sjávarútveginn eins og þjóðarnauðsyn bauð. Þvert á móti var farið að gera tilraunir með að láta framboð og eftirspurn, hin blindu, „eðlilegu lögmál viðskiptalífsins", ráða, hvaða tæki Íslendingar keyptu, með þeim afleiðingum, að á 8 árum (1948—56) voru keyptir 5000 bílar, en enginn togari.

Það hefur allan þennan tíma verið höfuðkrafa verkalýðshreyfingarinnar, að atvinna væri tryggð handa öllum Íslendingum með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum.

3. Krafan um áætlunarbúskap á tímum vinstri stjórnarinnar.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 24. júlí 1956, var svo ákveðið í stjórnarsáttmálanum:

„Ríkisstjórnin mun láta gera heildaráætlun um framkvæmdir á næstu árum og nýmæli í því sambandi og birta hana þjóðinni."

Var í því sambandi ákveðið að kaupa 15 nýja togara. — Hvorugt var efnt. Þrátt fyrir sífellda baráttu Alþýðubandalagsins og verkalýðshreyfingarinnar fyrir þessu hvoru tveggja fékkst hvorugt framkvæmt.

25. þing Alþýðusambands Íslands samþykkti í nóvember 1956 einróma eftirfarandi ákvörðun:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega séð er nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

1. Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil.“

Vorið 1957 lagði Einar Olgeirsson til, að við endurskipulagningu bankamálanna yrði áætlunarbúskapur tekinn upp og stjórn Seðlabankans yrði um leið áætlunarráð. Því var ekki sint.

Vorið 1958 var því heitið í sambandi við þau lög, er þá voru samþykkt um efnahagsmál, að koma á áætlunarráði. Það heit var ekki efnt.

Vinstri stjórnin sat að völdum frá 24. júlí 1956 til 4. des. 1958. Alþýðubandalagið og verkalýðshreyfingin höfðu lagt á það áherzlu að koma upp áætlunarráði, er gerði heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap, en það fékkst ekki fram. — Nýsköpunarstjórnin hafði setið frá 21. okt. 1944 til 5. okt. 1946, en framkvæmt ákvörðunina um nýbyggingarráð mánuði eftir valdatöku sína og unnið síðan að nýsköpun atvinnulífsins þannig, að tímamótum olli í Íslandssögunni.

1958—59 stóð þjóðin enn á vegamótum í atvinnusögu sinni.

Það hafði tekizt með baráttu og verkum Alþýðubandalagsins í vinstri stjórnarsamvinnunni að afnema atvinnuleysið að mestu um land allt, eins og sakir stóðu þá. En til þess að tryggja atvinnu handa öllum Íslendingum til frambúðar og það atvinnu, sem væri sam hagnýtust fyrir þjóðfélagið, þurfti að skipuleggja fjárfestingu þjóðarinnar í framtíðinni á grundvelli ýtarlegra rannsókna.

Af 4900 millj. kr. framleiðslutekjum þjóðarinnar var á árinu 1957 varið 1600 millj. kr. til fjárfestingar, og 700 mill. kr. fóru til rekstrar ríkis og bæja. Aðeins 2600 millj. kr. voru eftir til neyzlu landsmanna. Það er lægra hlutfall en víðast hvar annars staðar. Og skýrslur sýna, að fjárfestingin í hlutfalli við þjóðarframleiðslu hefur farið vaxandi, en neyzla í hlutfalli við þjóðarframleiðslu farið minnkandi:

Neyzla í hlutf. við þjóðarframl.	1948	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957
(einstakl. og stjórnarvalda)	79.3	80.6	86.0	81.7	77.4	74.0	71.6	72.9	70.4
Myndun fastra fjármuna í hlutfalli við þjóðarframl.	24.3	23.9	22.6	22.9	25.8	26.9	29.1	32.0	34.3

Og hið hörmulega var, að þessi fjárfesting var tilviljanakennd og stjórnlaus, óhugsuð og laus við að vera skipulögð frá því sjónarmiði að bæta lífskjör þjóðarheildarinnar sem mest með því að auka hagnýta framleiðslu hennar og vann því ekki nema að nokkru leyti það verk, sem er höfuðtilgangur fjárfestingar: að bæta og tryggja lífskjörin til frambúðar.

Hér fer á eftir skýrsla um ráðstöfun á þjóðarframleiðslu Íslendinga í krónum á hvern íbúa landsins á verðlagi 1957:

	1948	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957
Neyzla einstakl.	16640	14030	14470	13350	14730	15300	16100	16780	15590
Neyzla stjórnarvalda ..	3490	3770	3380	3160	3390	3510	3660	4030	4290
Fjármunamyndun	6160	5290	4700	4720	6150	6780	8860	8770	9630

Það er jafnnauðsynlegt fyrir þjóðina að ákveða fyrir fram á grundvelli ýtarlegra rannsókna, hvernig hún ver þeim fjármunum, sem hún festir í framleiðslutækjum og framkvæmdum, eins og að setja sér fjárlög um ríkisbúskap sinn.

4. Sporin aftur á bak 1959 til 1961.

Þegar ekki hafði tekizt að koma á áætlunarbúskap í tíð vinstri stjórnarinnar, notuðu afturhaldsöflin sér óþolinmæði og óánægju meðal þjóðarinnar með ríkisafskipti án jákvæðrar skipulagningar og lofuðu „frelsi“ á öllum sviðum efnahagslífsins.

Reynzlan af því varð sú á árunum 1959—61, að að vísu varð nokkurt frelsi um innflutning vara — í krafti útlendra lána, sem urðu þjóðinni dýr, en einokunin á

útflutningnum hélzt, — „þjóðnýtingin“ á gjaldeyri útvegsins hélzt, — og harðstjórn og kúgun var tekin upp gagnvart launþegum, ríkisvaldinu beitt með tveim gengislækkunum til þess að ræna verkamenn og aðra launþega, með þeim árangri, að kaupgeta tímakaups var í desember 1961 83 stig (miðað við 100 árið 1945), eða hin lægsta, sem hún hefur verið í 20 ár.

Slík stjórnarstefna dæmir sig sjálf, enda virðist nú svo komið, að ýmsir fyrri formælendur hennar séu að gefast upp við að reyna að stjórna sjálfstæðu Íslandi samkvæmt henni og ætli sér nú að innlima Ísland sem hrepp í hið rísandi stórveldi auðhringanna í Vestur-Evrópu.

Það er ótvírætt, að stjórn eða stjórnleysi á fjárfestingu landsmanna hefur úrslitaáhrif jafnt á launakjör allra launþega sem á verðbólguna í landinu.

Skýrslur um launakjör verkamanna sýna, að kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarverkamanns er minni en hann hefur verið nokkru sinni síðan 1945 (sbr. fylgiskjal II). Það þýðir, að þrátt fyrir alla baráttu verkalýðsins frá 1948 til þessa dags hefur verkamaðurinn ekki megnað nema rétt að verjast áföllum að miklu leyti, en ekki getað bætt kaupmátt tímakaups síns. Það er þrennt, sem veldur þessu: Í fyrsta lagi lætur auðvaldið aldrei neitt af sínum gróða, hvernig sem barizt er, — það bara veltir af sér afleiðingum kauphækkana yfir á þjóðfélagið með því að hækka verð framleiðslunnar og auka þannig verðbólgu. Í öðru lagi þjarmar of mikil og oft röng og óhagsýn fjárfesting að lífskjörum launþega. Tafla sú, sem birt er hér að framan, sýnir, hvernig fjárfestingin hefur vaxið á kostnað neyzlu allra landsmanna. Í þriðja lagi hefur svo á löngum tímabilum verið vanrækt að kaupa framleiðslutæki til atvinnuaukningar, og er svo einnig nú.

Jafnt ráðstafanir atvinnurekenda til þess að velta af sér kauphækkunum yfir á almenning í hækkuðu vöruverði sem og ráðstafanir ríkisvalds og bæjarfélaga undanfarinn áratug til að auka í sífellu álögur á almenning, bæði til aukinnar eyðslu og fjárfestingar (taflan hér að framan sýnir, hvernig álögur ríkis og bæja vaxa á kostnað neyzlunnar) — eru höfuðundirrót verðbólgunnar á Íslandi.

Til þess að kjör alþýðu fari raunverulega að batna og verðbólgan sé stöðvuð, þarf samfara baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir bættum kjörum að fara skynsamleg heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, fyrst og fremst að því er varðar fjárfestingarstefnuna, þannig að af framsýni sé ákveðið, hvaða atvinnugreinar skuli efla, í hvaða hlutfalli og hvernig.

Fylgiskjal II.

Hér birtist tafla yfir kaupmátt tímakaups 1945—1959, miðað við kaupmáttinn 1945. (Þess skal getið út af kaupgjaldi 1944, að í rannsókn þeirra hagfræðinganna Jónasar Haraldz og Ólafs Björnssonar prófessors 1948 er kaupmáttur tímakaups (miðað við okt. 1938 = 100) 156 í des. 1947 og 155 í des. 1944):

Kaupmáttur tímakaupsins.

Ár	Meðal-tímakaup dagvinna kr.	Vísitala neyzluvöru (1945 = 100)	Vísitala tímakaups (1945 = 100)	Kaupmáttur tímakaups (1945 = 100)
1945	7.04	100.0	100.0	100.0
1946	7.92	112.5	112.0	100.0
1947	8.88	122.8	126.1	102.7
1948	8.74	125.9	124.1	98.6
1949	9.17	129.0	130.3	101.0
1950	10.39	159.8	147.6	92.4
1951	12.59	211.1	178.8	84.7

Ár	Meðal-tímakaup dagvinna kr.	Vísitala neyzluvöru (1945 = 100)	Vísitala tímakaups (1945 = 100)	Kaupmáttur tímakaups (1945 = 100)
1952	14.30	239.1	203.1	84.9
1953	15.26	236.8	216.8	91.6
1954	15.34	239.7	217.9	90.0
1955	17.19	250.9	244.2	97.3
1956	19.11	279.3	271.4	97.2
1957	19.67	291.6	279.4	95.8
1958	21.30	312.5	302.5	96.8
1959	22.19	315.8	315.2	99.8
1960				90.9
1961				85.3

Meðaltímakaup: Miðað er við Dagsbrúnartaxta. Reiknað er meðaltal af tímakaupi, sem gilti hvern mánuð viðkomandi ár. Mánuðir lagðir að jöfnu. Sjúkrapeningar og orlofsfé innifalið.

Vísitala neyzluvöru: Miðað er við gömlu vísitöluna til marz 1959, eftir þann tíma við hina nýju. Húsnæðisliður vísitalnanna er ekki tekinn með, og ekki er heldur tekið tilit til breytinga á fjölskyldubótum né breytinga á tekjuskatti og útsvari „vísitölufjölskyldunnar".

Kaupmáttur tímakaupsins: Þegar miðað er við ársmeðaltal, verður árið 1947 hæst með vísitöluna 102.7. Á árinu urðu töluverðar breytingar, bæði á kaupi og verðlagi. Kaupmáttur varð hæstur í júlí 1947, og vísitala kaupmáttar var þá 107.1 eða um 4.3% hærri en ársmeðaltalið.

Enn fremur birtist hér tafla um mánaðarlega breytingu kaupmáttar tímakaups á árunum 1947, 1955, 1958 og 1959:

Mánaðarlegar breytingar kaupmáttar tímakaups miðað við vísitölu neysluvöru árin 1947, 1955, 1958, 1959, 1960 og 1961.

(Kaupmáttur árið 1945 = 100).

Mánuður	1947	1955	1958	1959	1960	1961
Janúar	100	90	97	109	99	85
Febrúar	99	90	97	97	99	85
Marz	103	91	96	99	98	84.5
Apríl	101	102	96	100	93	84
Maí	101	102	96	100	92	84
Júní	101	101	100	100	89	
Júlí	107	100	97	99	88	91.5
Ágúst	106	100	95	99	88	91.2
September	107	102	95	99	88 (87.5)	88.6
Október	103	97	97	99	86.2	84.4
Nóvember	105	96	96	99	86 (85.5)	83.3
Desember	104	100	104	99	85 (85.1)	83.0

Töflur þessar hefur gert Torfi Ásgeirsson hagfræðingur, fulltrúi Alþýðusambands Íslands í kauplagsnefnd.

Fylgiskjal III.

Vöxtur iðnaðarframleiðslu í nokkrum löndum.

Árlegur meðalvöxtur *iðnaðar* á árunum 1951—1959, hjá sumum til 1960, var þessi (Heimild: International Affairs, 6. hefti 1961):

Bretland, Sviþjóð	3.0	Tékkóslóvakía	10.9
Belgía	3.1	Austur-Þýzkaland	11.4
Bandaríkin	3.8	Sovétríkin	11.7
Kanada	4.6	Pólland	12.9
Noregur	5.1	Rúmenía	13.1
Indland	5.0	Mongólía (frá 1953)	14.7
Holland	6.0	Búlgaría	14.8
Frakkland	6.6	Albanía	19.7
Grikkland	8.8	Norður-Kórea	22.6
Ítalía	9.0	Norður-Vietnam	24.5
Vestur-Þýzkaland	9.5	Kína (frá 1957 til 1959)	28.4
Ungverjaland	10.3		

Meðalvöxtur samkvæmt þessu var á þessu tímabili 4.9% á ári í auðvaldslöndum, en 13.6% á ári í löndum sósíalismans.

Nd. 257. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð eigi lægri upphæð en kr. 1000000.00 á ári næstu 20 ár.

2. gr.

Á eftir 1. málsgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að hækka lánsupphæðir þær, er um ræðir í 1. málsgr., til samræmis við það, sem vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað hverju sinni frá vísitölu tímabilsins 1. október 1953 til 30. september 1954.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samþykkt á síðasta kirkjuþingi og er flutt nú að beiðni biskups.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 43 14. apríl 1954 er hámark lánsupphæðar til nýrrar kirkjubyggingar ákveðið kr. 1000.00 á hvern fermetra gólfflatar. Vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa á verðlagi síðan 1954, er svo komið, að heildarlánsupphæð hverrar nýrrar kirkjubyggingar svarar engan veginn til þess hluta byggingarkostnaðar, sem ætlazt var til, er lögin voru samþykkt. Þykir því eðlilegt að miða upphæð lánveitingar hverju sinni við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar til þess að ganga sanngjarnlega til móts við þarfir á hverjum tíma og svara þeirri úrlausn, sem lögunum var ætlað að veita.

Til þess að hlutföll haldist hin sömu milli byggingarkostnaðar og lánsupphæðar, eru hinar nýju úthlutunarreglur nauðsynlegar. Virðist þetta eðlileg og sanngjörn breyting.

Kr. 1000.00 í byggingarkostnaði 1954 svara til liðlega kr. 2000.00 samkvæmt núgildandi vísitölu byggingarkostnaðar. Má af því sjá, hve mjög skortir á, að Kirkjubyggingasjóður veiti nú hlutfallslega sömu aðstoð og honum var upphaflega ætlað.

Hefðu úthlutunarupphæðir verið ákveðnar með tilliti til vísitölu ársins 1961, hefði tvöfaldazt upphæð lána til nýbygginga, en lán til endurbygginga og umbóta að sjálfsögðu staðið óbreytt. Hefði því þurft kr. 1600000.00 fyrir úthlutun ársins. Árleg lágmarksþörf Kirkjubyggingasjóðs má því teljast hálf önnur milljón.

Nd. 258. Frumvarp til laga [129. mál]

um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Framselja má eftir ákvæðum laga þessara menn, sem staddir eru innan lögsögu íslenzka ríkisins, en grunaðir eru, ákærðir eða dæmdir í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð fyrir refsiverða háttsemi.

2. gr.

Íslenzkur ríkisborgari verður því aðeins framseldur 1) að hann hafi verið búsettur tvö síðustu árin, áður en brot var framið, í því landi, sem framsals óskar, eða 2) að þyngri refsing en 4 ára fangelsi liggi við brotinu eða samsvarandi broti eftir íslenzkum lögum.

Íslenzkur ríkisborgari verður ekki framseldur vegna verknaðar, sem að öllu leyti er framinn innan íslenzka ríkisins, nema háttsemin sé hlutdeild í broti, sem framið hefur verið erlendis, eða framsalsbeiðnin taki jafnframt til brots, sem erlendis hefur verið framið.

3. gr.

Ekki verður maður framseldur til saksóknar, nema þyngri refsing en fésektir liggi við brotinu í því landi, sem framsals óskar.

Ekki verður maður framseldur til að þola fullnægju dóms, nema dæmd hafi verið refsivist eða vistun á hæli hafi verið dæmd eða ákveðin samkvæmt heimild í dómi.

Þegar framsalsbeiðni varðar fleiri brot en eitt, er framsal til saksóknar eða fullnægju dóms þó heimilt, enda þótt skilyrði samkvæmt 1. eða 2. málgsr. séu aðeins fyrir hendi um eitt brotið.

4. gr.

Framsal vegna stjórnmálaafbrota er því aðeins heimilt, að samsvarandi verknaður sé refsiverður sem stjórnmálaafbrot eftir íslenzkum lögum. Ekki má framselja íslenzka ríkisborgara vegna stjórnmálaafbrota.

5. gr.

Framsal er óheimilt, ef hér á landi hefur gengið dómur um verknaðinn, dómsátt verið gerð eða ákæru frestað skilorðsbundið.

Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni ekki leitt til ákæru á hendur honum, og verður hann þá ekki framseldur fyrir þann verknað, sem rannsókn tók til nema skilyrði séu fyrir hendi um upptöku máls samkvæmt 1. málsgr. 119. gr., sbr. 2. málsgr. 42. gr. laga nr. 82/1961.

6. gr.

Nú er óskað framsals á manni, sem vegna annars brots en í framsalsbeiðni greinir hefur verið dæmd refsivist hér á landi, eða vistun hans á hæli hefur verið ákveðin í dómi eða samkvæmt heimild í dómi, og verður hann þá ekki framseldur, fyrr en refsivist hans eða hælisvist lýkur. Ekki verður maður heldur framseldur, ef hann er undir saksókn hér á landi vegna annars brots en framsalsbeiðni varðar, enda liggi 2 ára refsivist hið minnsta við því broti. Sama gildir, ef maður er hafður í gæzlu eða frelsi hans takmarkað samkvæmt réttarfarslögum vegna annars afbrots en í framsalsbeiðni greinir.

Um framsal til saksóknar má þó víkja frá ákvæðum 1. málsgr., enda sé það skilyrði sett fyrir framsali, að viðkomandi maður sé að saksókn lokinni sendur aftur réttum stjórnvöldum hér á landi, svo fljótt sem við verður komið.

7. gr.

Jafnan skal setja eftirgreind skilyrði fyrir framsali:

1. Að hinn framseldi maður verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir nokkurn annan verknað, framinn fyrir framsalið, en þann, sem hann er framseldur fyrir, nema svo standi á, sem hér segir:
   a) að fyrir liggi samþykki dómsmálaráðuneytisins samkvæmt 17. gr., eða
   b) að hinn framseldi maður hafi sjálfur samþykkt það á dómþingi, eða
   c) að hinn framseldi maður hafi ekki horfið úr landi því, sem hann var framseldur til, enda þótt hann hafi átt þess kost í einn mánuð hið skemmsta að að fara þaðan óhindraður, eða
   d) að hann hafi horfið aftur til lands þess, sem hann var framseldur til, eftir að hann hafði farið úr landi.
2. Að hinn framseldi maður verði ekki án samþykkis dómsmálaráðuneytisins framseldur áfram til neins annars ríkis fyrir refsiverðan verknað, framinn fyrir framsalið.

Ávallt er heimilt að setja fleiri skilyrði fyrir framsali, eftir því sem ástæða þykir til.

8. gr.

Þegar fleiri en eitt ríkja þeirra, sem í 1. gr. getur, æskja framsals sama manns, skal við ákvörðun þess, hvort og til hvaða ríkis framsal komi til greina, höfð hliðsjón af tegund brotsins eða brotanna, hvar og hvenær það eða þau voru framin, hvenær beiðni um framsal var gerð og svo þess, hvar viðkomandi maður á ríkisfang og heimilisfang.

Ef framsalsbeiðnirnar lúta að fleiri brotum en einu, má setja viðtökuríkinu það skilyrði fyrir framsali, að viðkomandi maður verði, að lokinni saksókn og afplánun refsingar eða annarra viðurlaga, framseldur til annars tiltekins ríkis, sem í 1. gr. getur.

9. gr.

Framsalsbeiðni, sem koma verður frá þar til bæru stjórnvaldi í viðkomandi ríki, skal send dómsmálaráðuneytinu.

Í beiðninni skal greina ríkisfang manns þess, sem óskast framseldur, dvalarstað hans hér á landi, sé um hann vitað, tegund hins refsiverða verknaðar og hvar og hvenær hann var framinn. Gefa skal lýsingu á manninum, ef unnt er og þörf krefur. Einnig skal frá því skýrt, hvaða refsiákvæði muni að líkindum koma til greina um verknaðinn.

Nú hefur viðkomandi maður ekki sjálfur á dómþingi annað hvort samþykkt framsalið eða játað sig sekan um brot það, sem framsalsbeiðni varðar, og skal þá til grundvallar framsalsbeiðni liggja áfallsdómur eða dómsákvörðun um, að rökstudd ástæða sé til að gruna manninn um að hafa framið brotið. Framselja má til sak-

sóknar út af fleiri en einu broti, þó að játning eða dómsákvörðun liggi aðeins fyrir um eitt þeirra.

10. gr.

Dómsmálaráðuneytið sendir saksóknara ríkisins framsalsbeiðnina, og ber honum að sjá til þess, að nauðsynleg rannsókn fari þegar fram.

Nú samþykkir viðkomandi maður á dómþingi framsalið eða játar sig sekan um brot það, sem í framsalsbeiðni greinir, og er þá ekki þörf frekari rannsóknar, nema dómsmálaráðuneytið æski hennar sérstaklega.

Ef ekki er annars getið í lögum þessum, skal um framkvæmd rannsóknar og annað, sem framsalsbeiðni varðar, beita reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

11. gr.

Maður sá, sem óskast framseldur, getur krafizt úrskurðar sakadóms í Reykjavík um, hvort skilyrði laga fyrir framsali séu fyrir hendi. Saksóknari skal, jafnframt því sem hann tilkynnir manninum framsalsbeiðnina og rök fyrir henni, láta hann vita um heimild þessa og að hann eigi þess kost að fá skipaðan verjanda samkvæmt 13. gr. Úrskurð sakadóms má kæra til hæstaréttar.

12. gr.

Við rannsókn út af framsalsbeiðninni má beita þeim þvingunaraðgerðum, sem lög um meðferð opinberra mála heimila í sambandi við rannsókn samsvarandi sakamála. Við ákvörðun um beitingu þvinunaraðgerða má leggja til grundvallar dómsákvarðanir þær, sem framsalsbeiðni fylgja, án frekari rannsóknar um sönnun fyrir sök viðkomandi manns.

Framangreindum þvingunaraðgerðum má beita, unz úr því er skorið, hvort framsal skuli fram fara, og þangað til framsal er framkvæmt, sé það heimilað. Ef kveðinn er upp úrskurður um gæzluvarðhald, skal því ekki markaður lengri tími en 3 vikur. Þyki nauðsyn bera til að lengja varðhaldstímann, skal það gert með úrskurði á dómþingi, þar sem gæzlufanginn er viðstaddur. Ekki má framlengja varðhaldstímann um meira en 2 vikur í senn.

13. gr.

Jafnan skal dómari skipa viðkomandi manni verjanda, ef hann eða saksóknari æskja þess. Dómari getur og af sjálfsdáðum skipað verjanda, ef honum þykir ástæða til.

Laun verjanda og annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Dómari getur þó, þegar sérstaklega stendur á, gert viðkomandi manni að greiða kostnaðinn.

14. gr.

Að rannsókn lokinni sendir saksóknari dómsmálaráðuneytinu öll gögn málsins ásamt álitsgerð um það. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um, hvort framsal skuli heimilað.

15. gr.

Þegar dómsmálaráðuneytið verður við beiðni um framsal, skal það framkvæmt svo fljótt, sem unnt er.

Ef viðkomandi maður er ekki í haldi, má handtaka hann og gæta hans, unz hann er afhentur, eða takmarka frelsi hans með öðrum hætti, eftir því sem segir í 71. og 72. gr. laga nr. 82/1961.

Þegar maður er framseldur, má ákveða, að munir eða verðmæti, sem hald hefur verið lagt á í sambandi við málið, séu afhentir stjórnvaldi því, sem framsals óskaði, enda sé um afhendingu gerður fyrirvari, ef ástæða er til, til verndar rétti þriðja manns.

16. gr.

Nú er í einhverju þeirra ríkja, sem í 1. gr. getur, lýst eftir manni, sökuðum um afbrot, sem orðið gæti grundvöllur framsals eftir lögum þessum, og má þá beita hann þvingunaraðgerðum laga nr. 82/1961 með sama hætti og væri hann sakaður um samsvarandi afbrot hér á landi.

Ef þvingunaraðgerðum er beitt, skal það þegar í stað tilkynnt lögregluyfirvöldum eða saksóknara í því landi, þar sem lýst var eftir viðkomandi manni. Ef framsalsbeiðni berst ekki dómsmálaráðuneytinu innan 2 vikna frá því, að slík tilkynning var send, skulu þvingunaraðgerðir falla niður.

17. gr.

Nú hefur maður verið framseldur samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins vegna tiltekins afbrots eða afbrota, og getur ráðuneytið þá, ef þess er óskað, veitt samþykki til, að hann sæti saksókn, sé látinn taka út refsingu eða framseldur áfram til annars lands, sem í 1. gr. getur, fyrir annað eða önnur afbrot, framin fyrir framsalið.

Samþykki samkvæmt 1. málsgr. verður þó því aðeins veitt, að brot, sem ekki var framselt fyrir, hefði út af fyrir sig getað orðið grundvöllur framsals eftir lögum þessum.

Hinn framseldi maður á rétt til, að framangreint málefni sé lagt undir úrskurð sakadóms í Reykjavík. Gilda um það ákvæði 11. gr. og 13. gr., eftir því sem við á.

Tilmælum um saksókn, fullnægju refsingar eða framsal til annars ríkis, sem um getur í 1. málsgr., skal fylgja greinargerð um tegund brotsins, hvenær og hvar það var framið og hvaða refsiákvæði muni koma til greina. Einnig skulu fylgja fullnægjandi gögn um það, að viðkomandi manni hafi verið gert kunnugt um rétt sinn samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar og hvort hann hefur æskt dómsúrskurðar.

18. gr.

Nú er maður framseldur frá ríki, sem getur í 1. gr., til annars ríkis, sem þar getur einnig, og má þá án sérstaks samþykkis flytja hann um íslenzkt yfirráðasvæði.

19. gr.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi koma til framkvæmdar, gagnvart hverju einstöku ríki, sem í 1. gr. getur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árunum 1959—1961 hafa verið sett í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð lög um framsal sakamanna milli þessara ríkja innbyrðis og milli þeirra og Íslands. Eru lögin að mestu samhljóða, enda var náin samvinna milli ríkjanna um samningu þeirra, og voru frumvörp að lögunum m. a. rædd í laganefnd Norðurlandaráðsins. Þess var vænzt, að sams konar lög yrðu sett á Íslandi, enda er gert ráð fyrir í norrænu lögunum, að þau komi, hver fyrir sig, ekki til framkvæmdar gagnvart neinu öðru ríki, fyrr en sams konar lög hafa verið sett þar. Ríkisstjórnin telur rétt, að Ísland gerist aðili að hinu norræna samstarfi á þessu sviði löggjafarinnar. Hefur frumvarp þetta því verið samið, og er það að efni til samhljóða hinni nýju löggjöf Norðurlandaþjóðanna, sem að framan er getið.

Ed. 259. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

3. töluliður 46. gr. laganna orðist svo:

Að dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál, sem höfðuð eru út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.

2. gr.

a. 5. mgr. 47. gr. laganna orðist svo:

Öll sjópróf fara fram að hætti opinberra mála.

b. 7. mgr. sömu greinar orðist svo:

Áður en saksóknari ákveður málshöfðun fyrir siglingadómi, skal hann jafnan leita umsagnar skipaskoðunarstjóra. Ber skipaskoðunarstjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur svo fljótt sem verða má.

c. 8. mgr. sömu greinar orðist svo:

Nú er refsimál höfðað fyrir siglingadómi, og fer þá um meðferð þess að hætti opinberra mála, þó þannig, að mál skal jafnan sæta sókn og vörn samkvæmt 131.—136. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við breytingu þá á skipun ákæruvaldsins, sem gerð var á síðasta Alþingi, hefur þótt nauðsynlegt að gera breytingu á lögum nr. 50 1959, um eftirlit með skipum, svo að ljóst sé, að ákæruvald í málum samkvæmt þeim lögum sé hjá saksóknara ríkisins. Jafnframt hefur þótt rétt að samræma ákvæði laganna lögum um meðferð opinberra mála (nú lög nr. 82 21. ágúst 1961).

Ed. 260. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á lögum nr. 57 10. apríl 1956, um prentrétt.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 26. gr. komi: Saksóknari ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um stofnun embættis saksóknara ríkisins. Í sambandi við þá breytingu þykir nauðsynlegt að gera þá breytingu á lögum nr. 57/1956, um prentrétt, sem í frumvarpi þessu greinir.

Ed. 261. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1955, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Um heimild dómsmálaráðherra til að ákveða, að saksókn skuli niður falla, fer eftir ákvæðum 24. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

2. gr.

56. gr. laganna breytist þannig:

a Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. komi: saksóknara ríkisins.
b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. og 6. mgr. komi: saksóknari.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 5. mgr. komi: saksóknara.

3. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ á þremur stöðum í 58. gr. laganna komi: saksóknari.

4. gr.

59. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. komi: saksóknari.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. og 3. mgr. komi: saksóknara.

5. gr.

2. mgr. 61. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum frá síðasta Alþingi var gerð sú breyting á skipun opinbera ákæruvaldsins, að dómsmálaráðherra fer ekki lengur almennt með það vald, heldur saksóknari ríkisins. Ákvæði um frestun ákæru og skilorðsdóma eru í almennum hegningarlögum. Þeim ákvæðum var ekki breytt um leið og ákæruvaldið var flutt til saksóknara. Hefur dómsmálaráðherra því eftir sem áður tekið ákvörðun um það, hvort ákæru skuli frestað. Efni 1.—4. gr. frumvarps þessa er að flytja ákvörðunarvald varðandi skilorðsbundna frestun ákæru og atriði, sem snerta skilorðsdóma, til saksóknara, enda eðlilegast, að hann taki ákvörðun um þessi atriði, þar sem hann vegna starfs síns að rannsókn mála er sérstaklega kunnugur þeim málefnum.

Í nokkrum ákvæðum hegningarlaga er dómsmálaráðherra fengið sérstakt vald í sambandi við ákvörðun um málshöfðun (1. töluliður 4. gr., 2. mgr. 81. gr., 97. gr. og 105. gr.). Þessum ákvæðum er ætlað að standa óbreyttum, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt 5. gr. frv. er lagt til, að 2. mgr. 61. gr. laganna falli brott. Réttindasvipting, sem þar getur, verður ekki lengur dæmd, sbr. lög nr. 31 24. marz 1961, sbr. og lög nr. 45 29. marz 1961. Hefur ákvæðið því ekkert gildi lengur.

Ed. 262. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Orðin „samningar við önnur ríki“ í 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Á eftir efnismálsgrein 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í C-deild Stjórnartíðinda skal birta samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal birta í C-deild Stjórnartíðinda efni samkvæmt 2. gr. hér að framan frá 1. janúar 1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni utanríkisráðuneytisins. Á vegum þess er nú unnið að heildarútgáfu samninga Íslands við erlend ríki. Mun fyrirhugað, að sú útgáfa nái til ársloka 1961, og þykir hagræði að því, að frá þeim tíma verði unnt að hafa slíka samninga á einum stað sér í Stjórnartíðindum, en þetta efni hefur verið birt í A-deild Stjórnartíðinda, og þá eins og að líkum lætur á víð og dreif innan um annað efni.

Ed. 263. Frumvarp til laga [134. mál]

um Ríkisábyrgðasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Koma skal á fót sérstökum sjóði, sem nefnist Ríkisábyrgðasjóður. Hann er eign ríkisins og lýtur stjórn fjármálaráðherra, og ber ríkissjóður ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins.

2. gr.

Stofnfé Ríkisábyrgðasjóðs er sem hér segir:

1. Gengishagnaður, sem samkvæmt 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 80 3. ágúst 1961 á að renna til ríkissjóðs.

2. Áhættugjald samkvæmt 4. gr. laga nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir, það sem goldizt hefur, er lög þessi taka gildi.

3. Afhenda skal sjóðnum framkröfur, sem ríkissjóður á, vegna þess að hann hefur sem ábyrgðaraðili orðið að svara til kröfu, svo og kröfur, sem stafa af því, að ríkissjóður hefur sjálfur tekið lán og endurlánað lánsfé, en vanskil hafa orðið af hálfu lántaka. Fjármálaráðherra er einnig heimilt að afhenda sjóðnum kröfur, er af því stafa, að vanskil hafa orðið á lánum, sem veitt hafa verið beint úr ríkissjóði.

3. gr.

Tekjur Ríkisábyrgðasjóðs eru:

1. Áhættugjald fyrir ríkisábyrgðir samkv. 4. gr. laga nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir, það er goldið verður eftir gildistöku laga þessara.

2. Fé það, sem endurgreiðist samkvæmt kröfum þeim, er greinir í 3. tölulið 2. gr., svo og fé, sem greiðist upp í kröfur Ríkisábyrgðasjóðs samkv. 2. málsgr. 4. gr.
3. Framlög, sem ákveðin verða í fjárlögum hverju sinni, eftir því sem sjóðurinn þarf á að halda.

4. gr.

Úr Ríkisábyrgðasjóði skal greiða kröfur, sem fallið hafa á ríkissjóð eftir 1. janúar 1961 vegna ábyrgðar, er hann hefur tekizt á hendur. Sama gildir um kröfur, sem fallið hafa á ríkissjóð eftir 1. janúar 1961 fyrir vanskil á lánum, sem ríkissjóður hefur tekið að láni og endurlánað.
Ríkisábyrgðasjóður eignast framkröfur, er myndast samkv. 1. málsgr.

5. gr.

Ríkissjóði er heimilt að semja við einhvern ríkisbankanna um, að sá banki taki að sér umsjá Ríkisábyrgðasjóðs eftir nánari reglum, er ráðherra setur.

6. gr.

Kostnað við framkvæmd laga þessara skal greiða af fé Ríkisábyrgðasjóðs.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um starfshætti sjóðsins og um heimtu krafna þeirra, er sjóðnum tilheyra.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, hafa á undanförnum árum fallið verulegar fjárhæðir á ríkissjóð vegna ábyrgða, sem hann hefur tekið á lánum til margvíslegra framkvæmda, svo og vegna lána, sem hann hefur tekið og endurlánað í sama skyni. Er nú svo komið, að kröfur ríkissjóðs af þessum sökum nema hundruðum milljóna króna. Eru þessi skuldaskipti orðin svo viðamikil, að nauðsyn þykir til bera að losa þau mál úr tengslum við sjálfan ríkissjóð, og virðist þá hagkvæmast að stofna sérstakan sjóð, er sé ætlað það hlutverk að svara til ábyrgðarskuldbindinga, sem falla á ríkissjóð, enda fái sjóðurinn þá jafnframt sem stofnfé það mikið fjármagn, að telja megi, að það geri honum kleift að rækja þetta hlutverk sitt.
Með stofnun sérstaks sjóðs í þessu skyni, sem falin sé umsjá ríkisbanka, má telja, að horfur aukist verulega á því, að kröfur þær, er lent hafa í vanskilum, innheimtist miklum mun betur en raun hefur orðið á undanfarið. Með þessari nýskipan ættu að vera miklar líkur til þess, að þessi mál komist smám saman í það horf, að ekki þurfi að grípa til beinna framlaga úr ríkissjóði í stórum stíl, ekki sízt eftir að horfið var að meginstefnu til að einfaldri ábyrgð ríkissjóðs á lánum, svo sem lögfest var með lögum nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir.
Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um stofnun Ríkisábyrgðasjóðs, réttarstöðu hans og stjórn. Þar sem sjóðurinn er eign ríkisins, nýtur hann sama hagræðis við heimtu krafna, sem ríkissjóði er búið að lögum, enda fer um greiðslu gjalda eftir sömu reglum og gilda um ríkissjóð. Í 7. gr. frumv. er heimilað að setja í reglugerð nánari ákvæði um starfshætti sjóðsins og um heimtu krafna, er sjóðnum tilheyra. Þá er sett það ákvæði í 5. gr. frv., að heimilt sé að semja við ríkisbanka um að taka að

sér umsjá sjóðsins, sbr. og 7. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, þar sem gert er ráð fyrir, að samið verði svo um við ríkisbanka, að hann sé til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um stofnfé Ríkisábyrgðasjóðs. Er þar um þrjá meginstofna að ræða. Í fyrsta lagi skal renna til sjóðsins gengishagnaður samkv. 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 80/1961. Í öðru lagi á að renna til sjóðsins áhættugjald það, er goldizt hefur samkv. 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, er lög þessi taka gildi. Í þriðja lagi má afhenda sjóðnum ýmsar kröfur ríkissjóðs á hendur lántökum. Þau viðskipti, sem hvíla að baki þessum kröfum, geta verið mismunandi, svo sem lýst er í ákvæðinu. Stundum er hér um hreina ábyrgð af hendi ríkissjóðs að ræða á láni, sem síðar hefur lent í vanskilum. Í annan tíma hefur ríkissjóður tekið lán gagngert í því skyni að endurlána það til tiltekinna framkvæmda eða kaupa á atvinnutækjum og vanskil hafa orðið af hendi lántaka, en ríkissjóður hefur að sjálfsögðu orðið að svara til hins upphaflega láns. Í þriðja lagi getur verið, að um sé að ræða lán beint úr ríkissjóði, en vanskil hafa orðið á þessum lánum síðar. Í þessu síðasta tilviki þykir rétt að heimila fjármálaráðherra að afhenda sjóðnum kröfur á hendur lántökunum.

Um 3. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um tekjur Ríkisábyrgðasjóðs, og eru þær þríþættar.

Samkv. 1. tölulið rennur áhættugjald samkv. 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, til frambúðar í sjóðinn, sjá og 2. tölulið 2. gr. frv., um slíkt áhættugjald, er goldizt hefur fyrir gildistöku laganna.

Samkvæmt 2. tölulið rennur til sjóðsins fé, sem endurgreiðist samkvæmt framkröfum 3. töluliðs 2. gr. og 2. málsgr. 4. gr. frv.

Samkvæmt 3. tölulið er gert ráð fyrir framlögum til sjóðsins á fjárlögum árlega. Verður reynslan að leiða í ljós, hve há þau framlög þurfa að vera.

Um 4. gr.

Samkv. 2. gr. frv. fær Ríkisábyrgðasjóður m. a. sem stofnframlag fé, sem goldizt hefur að verulegu leyti á árinu 1961. Þykir því eðlilegt, að sjóðurinn svari til krafna, sem fallið hafa á ríkissjóð eftir 1. janúar 1961 vegna ábyrgða, sem ríkissjóður hefur tekizt á hendur, og gegni hinu sama um kröfur, sem lent hafa í vanskilum og þannig eru tilkomnar, að ríkissjóður hefur tekið lán gagngert í því skyni að endurlána það.

Ríkisábyrgðasjóður eignast framkröfur á hendur lántökum, sem myndast vegna ákvæða 1. málsgr.

Um 5. gr.

Sjá athugasemdir við 1. gr.

Um 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, er mælt fyrir um það, að áhættugjald samkv. 1. og 2. málsgr. þeirrar greinar renni í ríkissjóð, og enn fremur er þar kveðið svo á, að fé þessu skuli varið til að greiða ábyrgðarkröfur, sem á ríkissjóð kunni að falla, svo og kostnað við framkvæmd laganna. Ef skuld endurgreiðist, sem greidd hefur verið af reikningi þessum, skal hið endurgreidda fé lagt á reikninginn. Samkvæmt ákvæðum frv. þessa á áhættugjald samkv. 4. gr. laga nr. 37/1961 að renna til Ríkisábyrgðasjóðs, og tekur sjóðurinn við öllum kröfum ríkissjóðs, er af þessu efni kunna að rísa, og ber að verja fé, er innheimtist, til að greiða ábyrgðarskuldir. Ákvæði 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 37/1961 er því fellt niður með 8. gr. frv.

Ed. 264. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með neðangreindum breytingum. Einn nefndarmanna (ÓB) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 12. gr. Aftan við 2. mgr. greinarinnar bætist: nema kosning varamanna hafi farið fram samtímis kosningu aðalmanna, samkvæmt 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 29. marz 1961.
2. Við 17. gr. Fyrri málsliður greinarinnar orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Alþingi, 5. febr. 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Jóhannesson. Magnús Jónsson.

Alfreð Gíslason.

Sþ. 265. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um rannsókn á iðnaði fyrir kauptún og þorp, sem byggja ekki afkomu sína á sjávarútvegi.

Flm.: Bergþór Finnbogason, Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd í sameinuðu þingi til þess að rannsaka og gera tillögur um, á hvern hátt ríkisvaldið getur bezt stuðlað að auknum, hagkvæmum iðnaði í kauptúnum og þorpum, sem byggja ekki afkomu sína á sjávarútvegi.

Nefndin skal skila áliti og leggja tillögur sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Allur nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum hafa orðið miklar breytingar á atvinnu- og lifnaðarháttum þjóðarinnar. Þessar breytingar hafa haft í för með sér fólksflutninga frá einum stað til annars og oft skapað mikil þjóðfélagsvandamál, sem reynt hefur verið að leysa með aðstoð af almannafé.

Fyrst í stað lá fólksstraumurinn úr sveitunum eingöngu til kaupstaðanna og sjávarþorpanna, sem byggðu afkomu sína á verzlun, iðnaði og sjávarútvegi með margvíslegum stuðningi hins opinbera. En síðustu tvo til þrjá áratugina hefur orðið breyting á þessu. Þegar akvegir teygðust út um byggðir landsins, fór verzlun og viðskipti ört vaxandi. Þessi auknu viðskipti kölluðu á fleiri verzlunarstaði. Og í skjóli nýrra vega og ökutækja gátu þeir vaxið og blómgazt í miðri byggð. Nú var ekki lengur vogur og vík, bryggja eða hafnargarður skilyrði fyrir nýjum verzlunarstað. Verzlunin dreifðist um landið. Þorp og kauptún mynduðust á krossgötum og meðfram þjóðvegum.

Atvinnuvegir þessara nýju kauptúna voru ekki margbrotnir. Oftast voru þeir tengdir verzlunum staðarins og flutningum á vörum og afurðum bænda til og frá. En eigi að síður fjölgaði fólkinu stöðugt á þessum nýju verzlunarstöðum. Nú er svo komið, að íbúatala sumra þeirra er mun hærri en margra gömlu sjávarþorpanna. Og dæmi eru til þess, að íbúatala þeirra sé hærri en smæstu kaupstaðanna. Þessi öra íbúafjölgun sveitaþorpanna er nú að skapa nýtt þjóðfélagsvandamál.

Fólkinu fjölgar svo ört, að atvinnumöguleikarnir, sem kauptúnin hafa að bjóða, eru ekki fullnægjandi. Og þegar hin unga kynslóð kemst á legg, verður hún að leita sér atvinnu á fjarlægum stöðum. En það skapar oft mikla erfiðleika á heimilunum og er ekki heldur þjóðfélaginu hættulaust, að unglingar skuli þurfa að slíta fjölskyldutengslin svo fljótt.

Fjárhagsgeta kauptúnanna til að koma á fót nýjum atvinnugreinum er ekki mikil og vart hugsanleg, nema til komi aðstoð annars staðar að.

Það virðist því liggja beinast við, að hið opinbera rétti hér hjálparhönd, ekki sízt þegar litið er til þess, að sjávarþorp og útgerðarbæir hafa notið nokkurs stuðnings af hálfu hins opinbera til ýmissa framkvæmda, bæði með beinum fjárframlögum og ríkisábyrgðum. Þessi stuðningur hefur orðið mörgum sjávarþorpum mikil lyftistöng og raunverulega ákvarðað vöxt þeirra og velgengni. Sameiginlegur sjóður skattþegnanna hefur þannig verið notaður til þess að létta fólkinu lífsbaráttuna á þessum stöðum. Slíkrar náðar hafa sveitakauptúnin ekki enn orðið aðnjótandi. Það er því ekki óeðlilegt, að þau vænti einhvers stuðnings, þegar þörfin kallar hjá þeim. Þá er það ekki síður mikilvægt, að iðnaður þessara kauptúna sé skipulagður af einum og sama aðila, svo að hann megi nýtast þjóðarheildinni sem bezt. Það virðist því allra hluta eðlilegast, að hið opinbera leggi hér hönd að verki.

Með flutningi þessarar tillögu til þingsályktunar er ætlazt til þess, að Alþingi kjósi 5 manna nefnd, sem rannsaki möguleika fyrir auknum iðnaði í kauptúnum sveitanna. Nefndin skal að rannsókn lokinni gera tillögur um það, hvernig eðlilegast væri að leysa þetta mál með hagsmuni viðkomandi staða og þjóðarheildarinnar fyrir augum og á hvern hátt ríkisvaldið getur létt byrjunarörðugleikana, hvort heldur er með beinum fjárframlögum eða ríkisábyrgðum — eða hvoru tveggja.

Ed. 266. Frumvarp til laga [136. mál]

um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Flm.: Hermann Jónasson, Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Á árunum 1963—1967, að báðum árum meðtöldum, skal verja árlega 10 milljónum króna umfram fjárveitingar á fjárlögum til nýbyggingar þjóðvega á Vestfjörðum og Austurlandi.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til vegargerðar samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Vegafé samkvæmt 1. gr. skal varið til þeirra byggðarlaga á Vestfjörðum og Austurlandi, sem lakast vegakerfi hafa að dómi vegamálastjóra.

4. gr.

Alþingi skiptir fjárframlögum samkvæmt 1. gr. milli einstakra þjóðvega að fengnum tillögum vegamálastjóra og þingmanna hlutaðeigandi kjördæma.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frumv. hafa á tveimur undanförnum þingum flutt frumvörp sama efnis í meginatriðum og hér er flutt. Þau frumv. hafa ekki orðið útrædd. Verður þess enn freistað að koma þessu máli í höfn.

Ekki er þörf á miklum skýringum á því, hvers virði vegakerfið er byggðum þessa lands. Sjón er sögu ríkari um það, hversu einstakar bújarðir og jafnvel hálf eða heil sveitarfélög hafa lagzt í auðn, einkum vegna vegaleysis. Ýmis byggðarlög eru enn þá einangruð frá vegakerfi landsins, en önnur hafa aðeins ófullnægjandi bráðabirgðavegi.

Um langt skeið hafa fjárveitingar til hinna gömlu kjördæma tekið litlum breytingum og hlutföllunum milli héraðanna í þessum efnum ekki verið breytt að neinu ráði. Af þessu hefur leitt það, að byggðarlög, sem illa voru á vegi stödd með samgöngur á landi, eru það áfram í samanburði við önnur byggðarlög. Sýnilegt er, að ekki verður ráðin bót á þessu með venjulegum fjárveitingum.

Á árinu 1959 lét vegamálastjóri gera ýtarlega skýrslu yfir vegakerfi landsins, eins og það var í árslok 1958. Sú skýrsla er fróðleg til samanburðar á vegakerfinu í einstökum landshlutum, og munu þau hlutföll, er þar koma fram, ekki hafa breytzt síðan.

Samkv. þessari skýrslu kom í ljós, að tvö núverandi kjördæmi skáru sig úr í vegamálum. Voru það Vestfjarðakjördæmi og Austurlandskjördæmi. Nefnd skulu hér nokkur dæmi úr fyrrnefndri skýrslu.

Vegunum er skipt í þrjá flokka: lagðir vegir (þ. e. fullgerðir vegir), ruddir vegir (þ. e. bráðabirgðavegir) og óbílfærir vegir (þ. e. veglaust).

1. Af þjóðvegunum í Vestfjarðakjördæmi voru 22.2% óbílfærir, í Austurlandskjördæmi voru 10% þjóðveganna óbílfærir, en í öðrum kjördæmum voru það 1.9—5.9%.

2. Fullgerðir þjóðvegir voru í Austurlandskjördæmi 37.2% af þjóðvegunum þar, í Vestfjarðakjördæmi voru það 46.6%, en í öðrum kjördæmum 67.4—82.9%.

3. Óbílfærir þjóðvegir í Austurlands- og Vestfjarðakjördæmum báðum voru samtals 479.3 km, en í hinum 5 kjördæmunum (utan Reykjavíkur) voru þeir ekki nema 251.2 km samtals.

4. Ruddir þjóðvegir voru í Austurlands- og Vestfjarðakjördæmum samtals 1304.4 km, en í hinum 5 kjördæmunum (utan Reykjavíkur) voru þeir samtals 1179.5 km.

Af þeim dæmum, sem hér hafa verið nefnd, ætti að vera ljóst, hversu mikill munur er á vegasamgöngum í tveimur kjördæmum landsins borið saman við öll hin kjördæmin.

Á síðastliðnu ári var ný stefna upp tekin til þess að hraða vegagerð. Þá tók ríkisstjórnin 10 millj. kr. erlent lán til að leggja steinsteyptan veg milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Þessi upphæð er þó ekki nema brot af því, sem áætlað er að sá vegur kosti. Þessi lántaka er viðurkenning á því, að réttmætt sé að afla lánsfjár til að hraða vegagerð, eins og flm. þessa frumv. lögðu til fyrir tveimur árum að gert yrði til að hraða vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi. Má því ætla, að þessi viðurkenning greiði fyrir því, að þetta frumv. fái jákvæða afgreiðslu á þessu þingi. Fyrst réttmætt þykir að leggja steinsteyptan veg fyrir erlent lánsfé til viðbótar vegi, sem fyrir er á sömu leið, verður að telja enn nauðsynlegra að leggja vegi fyrir lánsfé til þeirra byggðarlaga, sem enga eða algerlega óviðunandi vegi hafa.

Sþ. 267. Fyrirspurnir. [137. mál]

I. Til fjármálaráðherra um vörukaupalán í Bandaríkjunum.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hve mikil vörukaupalán (PL 480) voru tekin í Bandaríkjunum árið 1961?
Hve mikil slík lán hafa nú verið tekin samtals og hve mikið á hverju ári?
Hve mikið af því fé kemur til útlána innanlands?
Hve mikið hefur nú verið samþykkt að lána út innanlands af þessu fé og í hvaða framkvæmdir?
Hvað er áætlað, að við þessi vörukaupalán bætist á árinu 1962?

II. Til fjármálaráðherra um ráðstöfun 6 milljón dollara lánsins.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hve mikið er búið að borga inn til íslenzkra banka af 6 milljón dollara láni frá Bandaríkjunum, sem tekið var samkvæmt heimild í 22. gr. fjárlaga 1959, og hve miklu nemur sú fjárhæð í íslenzkum krónum?
Hefur ríkisstjórnin ráðstafað af þessu lánsfé umfram það, sem Alþingi ákvað í 22. gr. fjárlaga 1959, og ef svo er, hvernig?

III. Til fjármálaráðherra um ríkislántökur 1961.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hverjar voru lántökur ríkisins og ríkisstofnana árið 1961, með hvaða kjörum voru lánin, hvernig varið lánsfénu og hverjar lánsheimildir Alþingis notaðar við lántökurnar?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar um síldariðnað á Vestfjörðum.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til framkvæmdar á tillögu til þingsályktunar, sem samþykkt var á Alþingi 27. maí 1960, um síldariðnað á Vestfjörðum?

Nd. 268. Frumvarp til laga [138. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1962.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1962 skal koma saman miðvikudaginn 10. október 1962, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði eigi annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1962 koma saman eigi síðar en 15. febrúar.

Þar sem Alþingi því, er nú situr, mun eigi verða lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Lagt er til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi 10. október 1962.

Ed. 269. Frumvarp til laga [139. mál]

um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

I. KAFLI
Um skattskyldu.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum og eignum.

Nú dvelst maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldist að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér fasteignir og hefur tekjur af þeim eða af atvinnu eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefur aðsetur hér á landi, en hefur laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, eða tekjur frá öðrum innlendum aðilum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, er um ræðir í þessari grein. Reiknast skattur einstaklinga samkvæmt reglunum í 26. gr. I. Eignarskattur útlendra félaga reiknast samkv. 26. gr. II.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra erlendra og íslenzkra skattaðilja, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

3. gr.

Tekjur hjóna, sem samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna. Ábyrgjast þau bæði skattgreiðslu og undirrita skattframtalið. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, og eiga þá hjónin rétt á því, að dregin séu 50% frá þeim tekjum hennar,

áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti. Nú telja hjónin sér hagfelldara, að tekjur konunnar séu sérstaklega skattlagðar, og geta þau þá krafizt þess, að skattgjald sé sett á þau sitt í hvoru lagi samkv. 25. gr. Ómagafrádráttur allur skiptist þá til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

Þegar gift kona gengur til verka að atvinnurekstri með manni sínum og atvinnureksturinn er að verulegu leyti eign þeirra, annars hvors eða beggja, eða ófjárráða barna þeirra, eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna. Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 15000 kr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

4. gr.

Börn innan 16 ára aldurs eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra og fósturforeldra). Ef árstekjur þeirra nema meira en 10000 krónum, er þó heimilt að ákveða þeim skatt sem sjálfstæðum skattþegnum, enda komi fram tilmæli um það.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

Eignir barna innan 16 ára aldurs teljast með eignum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra og fósturforeldra). Heimilt er þó að ákveða börnum sérstaklega eignarskatt, ef tilmæli koma fram um það.

5. gr.

Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir:

A. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
B. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög.
C. Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna.

Sameignarfélög, þar með talin samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, greiða ekki skatt af þeim tekjum, sem skipt er milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu félagsins og skattlagðar eru hjá þeim.

Nú eru ekki fleiri en þrír félagar í sameignarfélagi með persónulegri ábyrgð, og er þá skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur á hvern einstakan félagsmann, nema tilmæli komi fram um það frá félaginu einu ári áður en tekjur eru taldar fram. Að því er varðar skattákvarðanir á árinu 1962 er þó nægilegt, að slík tilmæli komi fram fyrir 1. maí það ár.

D. Sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 6. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Félög og stofnanir, sem um ræðir í grein þessari, þar með talin sameignarfélög þau, er um ræðir í C-lið, og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum sem önnur félög.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um skattskyldu þeirra, sem erlendis eru búsettir.

6. gr.

Þessir aðilar eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti: Forseti Íslands, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir

umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og fyrirtæki, er þau reka og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og enn fremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti sem þeir njóta tekna frá innlendum aðilum, eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki hérlendis. Aðilar þeir, er greinir í þessari málsgrein, eru einnig undanþegnir eignarskatti í samræmi við reglur þær, sem settar eru í málsgreininni.

II. KAFLI
Um skattskyldar tekjur.

7. gr.

Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, alls konar arður, laun og gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

A. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, enn fremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta eða fyrir hvers konar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látin eru í té í kaupgjaldsskyni.

B. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 11. gr. C). Enn fremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og styrktarfé. Til skattskyldra gjafa telst meðal annars: Gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, beinar gjafir í peningum eða öðrum skattskyldum verðmætum, sem nokkru nemur, þar með talin afhending slíkra eigna í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, sbr. 10. gr. B. Komi endurgjald fyrir þessar eignir að einhverju leyti, skal meta til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar gefnu eignar. Undanskildar skulu þó tækifærisgjafir, nema arðberandi eignir séu gefnar.

C. Landskuld af leigujörðum og arður af alls konar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigendur nota sjálfir eða láta öðrum í té til afnota án endurgjalds, enn fremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.

D. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu, þó ekki vextir af skattfrjálsri innstæðu, sbr. 21. gr.

Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðsútborgunar sérhver afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Ekki telst þó til arðs úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem ekki hefur í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki til skattskyldra tekna hluthafans, enda sé útgáfa bréfanna byggð á raunverulegum verðmætum í sjóðum, öðrum en skattfrjálsum varasjóði, eða öðrum eignum félagsins, er verið hafa í eigu þess minnst þrjú ár og sé samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, ekki hærra en svarar til almennrar verðhækkunar frá stofnun félags eða frá innborgun hlutafjár. Fjár-

málaráðherra ákveður hvernig reikna skal hina almennu verðhækkun. Til arðs telst úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, og skiptir því ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð þau hafa verið seld og keypt. Arður af eigin hlutabréfum félags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og víxlum) teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans, ef afborgunartíminn er skemmri en fimm ár, en ef afborgunartíminn er fimm ár eða lengri, skulu afföllin talin til tekna með jöfnum fjárhæðum í fimm ár.

E. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlazt hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða, eða hún hefur verið í eign hans skemur en fimm ár, ef um fasteign er að ræða, annars skemur en þrjú ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á sams konar sölu á árinu. Ákvæði þessi taka ekki til þess, er skattþegn hefur eignazt hið selda við arftöku, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, en þá telst söluhagnaður, miðað við upphaflegt kostnaðarverð, til skattskyldra tekna, ef hið selda hefur verið í eign arfleifanda og erfingja skemur en fimm ár samanlagt, ef um fasteign er að ræða, en ella skemur en þrjú ár.

Nú selur skattþegn fasteign, sem verið hefur í eigu hans skemur en fimm ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en þrjú ár eru liðin frá söludegi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda. En ef það er lægra að mati, skal sölugróði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða eða að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum laganna um skattgreiðslu, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúða.

F. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku, nema skattfrjálst sé samkv. sérstökum lögum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefur þær sér og skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

8. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem um ræðir í 5. gr., teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til eignaaukningar, yfirfærslu til næsta árs, óvenjulegra fyrninga og safnað er í tryggingasjóði, aðra en varasjóð, heldur og þær tekjur, sem varið er til þess að greiða hluthöfum og félagsmönnum arð eða vexti af innborguðu fé og til myndunar eða aukningar varasjóðs, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir.

Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess.

9. gr.

Ef félag, sem hefur varasjóð, myndaðan af skattfrjálsum framlögum, ráðstafar honum til annars en þess að mæta rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum tuttugu af hundraði (20%) til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

A. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins.
B. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
C. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattayfirvalds. Skal þá meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs telst ráðstafað úr varasjóði og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð samkv. 2. málsgr. 17. gr., ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í A—C-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbættri þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru stofnaðir með skattfrjálsum framlögum, má ekki telja sem varasjóð.

10. gr.

Til tekna telst ekki:

A. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði. Hins vegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt fjármunir lækki í verði, ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda, að meðtöldum verðbréfum, nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða að hún falli undir ákvæði í 7. gr. E. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið af sams konar sölu á árinu.
B. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, örorkubóta eða þess háttar.
C. Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannazt hefur um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir. Eftirgjöf skulda telst þó til tekna, ef uppgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi.
D. Endurgreiðsla, er skattgreiðandi fær, ef hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.
E. Eignaauki, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. E-lið 7. gr. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.
F. Jarðræktarframlag ríkisins samkv. 2. kafla jarðræktarlaganna, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29/1955.
G. Fæði sjómanns, er hann fær hjá atvinnurekanda.
H. Beinar launagreiðslur erlendis frá fyrir störf í þágu þeirra alþjóðastofnana eða ríkjasamtaka, sem íslenzka ríkið er aðili að, enda njóti starfsmenn hlutaðeigandi stofnana skattfrelsis af launum fyrir hliðstæð störf. Starfræki slíkir aðilar stofnanir hérlendis, ákveður ráðherra um skattaðstöðu þeirra.

11. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

A. Rekstrarkostnað, það er þau gjöld, sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er beinlínis

stafa af atvinnu eða öflun tekna, svo og fyrningu, sbr. 15. gr., og aðstöðugjald eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur launauppbót greidd starfsmönnum og verkamönnum, hvort sem hún er goldin í reiðufé eða hlutabréfum. Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefur varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann hefur sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingafé, og ekki má færa til gjalda greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.

B. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. Það árið kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún sé töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð, að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, sem greiðsla átti sér stað.

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið fyrir ráðstafanir hins opinbera.

C. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefur í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættinu hvíla.

12. gr.

Frá tekjum skal og draga, áður en skattur er á þær lagður:

A. Vexti af skuldum gjaldanda öðrum en þeim, er um ræðir í A-lið 11. gr. Afföll af seldum verðbréfum skal færa til gjalda samkv. reglunum í síðustu málsgr. D-liðar 7. gr.

B. Eignarskatt, sem greiddur hefur verið á árinu.

C. Ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, eftir mati skattayfirvalda. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.

D. Einstakar gjafir til menningarmála, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattskyldum tekjum gefanda, enda sé hver gjöf ekki undir 300 kr. Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð, hvaða málaflokkar og stofnanir komi til greina samkvæmt þessum staflið.

E. Kostnað við öflun bóka, tímarita og áhalda til vísindalegra og sérfræðilegra starfa, enda sé þessi kostnaðarliður studdur fullnægjandi gögnum.

F. Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi, má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis koma við þessum tekjum.

13. gr.

Frá tekjum skal enn draga, áður en skattur er á þær lagður:

A. Kostnað við stofnun heimilis. Skal hann dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjúskap, og skal sá frádráttur nema 20000 kr. Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.

B. Helming af björgunarlaunum, er áhafnir skipa hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir þeirra skipa, sem eingöngu eru björgunarskip.

C. Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, atvinnuleysissjóða, þó ekki umfram 5% — fimm af hundraði — af hreinum tekjum einstaklinga. Enn fremur félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5‰ — fimm af þúsundi — af veltu fyrirtækjanna.

D. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærri upphæð en 7000 kr. á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslu til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi, sem því nemur, og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árabil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár (annuitetstrygging).

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkv. lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyristryggingu dragist frá tekjum samkv. framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar meðal annars fyrirmæli um vörzlu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki hærra iðgjald en 4000 kr.

E. Afborganir námsskulda, sem stofnað er til eftir tuttugu ára aldur, má eftir mati skattayfirvalda og eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu 5 ár, eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir skuldunum.

14. gr.

Frá tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, skal draga 500 kr. á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn.

Ef sjómenn á íslenzkum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattayfirvalda.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 3000 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á nefndum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu. Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 1. málsgr. og þessari málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

15. gr.

Um fyrningu, sbr. A-lið 11. gr., fer sem hér segir:

A. Sömu reglum um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hundraðstölu af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra. Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Reikna

skal fyrningu, sem fastan hundraðshluta af kostnaðarverði eigna, sem keyptar eru 1962 eða síðar. Fyrningu eldri eigna skal reikna með ákveðnum hundraðshluta af matsverði skv. 22. gr. miðað við þann árafjölda, sem eftir er af áætluðum endingartíma.

B. Eftirtaldar eignir má í stað venjulegra fyrningarafskrifta afskrifa um 20% á ári í 3 ár, frá því er þær eru teknar í notkun: Fiskiskip og önnur veiðiskip, flutningaskip, flugvélar til farþega- og vöruflutninga, síldarverksmiðjur, drátt-arbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þó skulu þau fyrirtæki, er njóta styrks úr ríkissjóði, ekki njóta þessara sérstöku afskrifta, svo fremi að styrkurinn sé jafnhár eða hærri en afskriftum þessum nemur.

Skattayfirvöld skulu ákveða heildar-afskriftarupphæð hverrar eignar. Nú gengur slík eign kaupum og sölum, og skal þá síðari eigandi aldrei njóta hærri afskrifta en hinn fyrsti hefði notið.

Tap, sem orsakast kann af afskriftunum, má flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz það er að fullu greitt. Ákveða skal með reglugerð, hver skuli vera fyrningarhundraðshluti þeirra eigna, sem afskrifaðir eru samkvæmt 1. málsgr. B-lið, eftir að þeim afskriftum hefur verið lokið.

16. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, má draga 10000 kr. fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar samkv. 1. málsgr. upphæð, er nemur 10000 kr. að viðbættum 2000 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 53. gr.

17. gr.

Félög þau, sem um ræðir í 5. gr. A, mega draga frá tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10% af hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði félaga skv. 5. gr. A—D er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur ¼ af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkv. lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og enn fremur vexti af stofnsjóði, og telst það eigi til skattskyldra tekna hjá félaginu. Á sama hátt mega félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna.

Ef kaupfélag selur einnig öðrum vörur en félagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu skattskyldur hjá félaginu. Geti félagið ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til þess að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til þess að inna af hendi skyldu sína gagnvart vátryggðum.

18. gr.

Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefur myndazt krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

Að loknum frádrætti samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 100. Af þeirri tekjuhæð, sem þá er eftir, reiknast skattgjaldið samkv. 25. gr.

III. KAFLI
Um skattskyldar eignir.

19. gr.

Skattskyldar eignir teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 2. gr. 3. málsgr. og 21. gr., fasteignir og lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar, verðbréf, útistandandi skuldir, aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi. Þegar skattur greiðist samkvæmt 2. gr. 3. málsgr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

20. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

A. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
B. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarrar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
C. Réttur til leigulauss bústaðar eða önnur afnotaréttindi.
D. Bækur og fatnaður til einkaafnota, húsgögn, aðrir húsmunir og persónulegir gripir.

21. gr.

Undanþegnar framtalsskyldu og eignarskatti eru innstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo sem hér segir:

A. Innstæður skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.
B. Innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldar meira en 200 þús. kr. samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær. Ákvæði þetta um frávik vegna fasteignaveðskulda nær ekki til félaga, sjóða eða stofnana.
C. Sá hluti innstæðu hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir. Innborgað hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga í þessu sambandi.

Undanþegnir framtalsskyldu og tekjuskatti eru allir vextir af eignarskattfrjálsum innstæðum.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru, en njóta undanþágunnar, skulu með venjulegum hætti færa allar innstæður sínar og vexti af þeim í bækur sínar og ársreikninga.

Komi í ljós í framtölum gjaldenda ósamræmi milli ára, sem stafað getur af því, að innstæða hefur ekki verið fram talin vegna framangreindrar undanþágu, ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld, þegar þess er krafizt, yfirlit frá innlánsstofnunum um allar innstæður sínar á tímabili því, sem um er að ræða, og einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja þörf fyrir í þessu sambandi.

22. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

A. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati, eða áætluðu matsverði, ef fasteignamat er ekki fyrir hendi.

B. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með verðlagi, er ríkisskattanefnd ákveður til 5 ára í senn, í fyrsta sinn með hliðsjón af matsverði til skatts næstliðin 5 ár.

C. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.

D. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.

E. Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.

F. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.

G. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau, þegar skatturinn er lagður á. Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

H. Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1962—63 að láta meta áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna og breyta bókfærðu verði á eignum samkvæmt því, enda telst verðhækkunin ekki til skattskyldra tekna. Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd matsins.

23. gr.

Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en eignarskattur er á lagður.

24. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Krónutala sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100. Því, sem fram yfir er, skal sleppt.

IV. KAFLI
Skattstigar.

A. Tekjuskattur.

25. gr.

I. Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. og 4. gr. og 6. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:

Enginn skattur greiðist af hreinum tekjum einstaklinga undir 50 þús. kr., hjóna, sem skattlögð eru sameiginlega, undir 70 þús. kr., og hjóna, sem telja fram sitt í hvoru lagi, undir 35 þús. kr. hjá hvoru.

Af fyrstu 10000 kr. skattgjaldstekna greiðist						5%		
— 10000—30000 kr. greiðist	500	kr. af	10000	kr.	og	10%	af	afgangi
— 30000—50000 — —	2500	— —	30000	—	—	15%	—	—
— 50000—70000 — —	5500	— —	50000	—	—	20%	—	—
— 70000—90000 — —	9500	— —	70000	—	—	25%	—	—
— 90000 kr. og þar yfir —	14500	— —	90000	—	—	30%	—	—

Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

II. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í A-, B-, C- og D-liðum 5. gr., skal vera 20% af skattskyldum tekjum.

B. Eignarskattur.

26. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir:

I. Af eign einstaklinga reiknast skatturinn þannig: Af eign, sem er yfir 100 þús. kr. allt að 500 þús. kr., greiðist 5‰ — fimm af þúsundi —, af eign yfir 500 þús. kr., allt að 1 millj. kr., greiðist 9‰ — níu af þúsundi, og 12‰ — tólf af þúsundi af eign, sem umfram er.

II. Af eign félaga og annarra skattskyldra aðila, sem taldir eru í 5. gr., greiðist 7‰ — sjö af þúsundi.

V. KAFLI
Um skattumdæmi, skattstjóra, ríkisskattanefnd o. fl.

27. gr.

Tekju- og eignarskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjórum, en þeir eru einn í hverju skattumdæmi, sbr. 28. gr.

28. gr.

Á landinu skulu vera þessi skattumdæmi:

1. Reykjavík.
2. Vesturlandsumdæmi, sem nær yfir Akraneskaupstað, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
3. Vestfjarðaumdæmi, sem nær yfir Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstað svo og Strandasýslu.
4. Norðurlandsumdæmi vestra, sem nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
5. Norðurlandsumdæmi eystra, sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað.
6. Austurlandsumdæmi, sem nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
7. Suðurlandsumdæmi, sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Vestmannaeyjakaupstað.
8. Reykjanesumdæmi, sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Kópavogskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað og Keflavíkurflugvöll.

Fjármálaráðherra ákveður aðsetur skattstjóra í hverju umdæmi. Þá getur og fjármálaráðherra, ef sérstaklega stendur á, ákveðið önnur mörk milli einstakra skattumdæma en í 1. málsgr. segir.

29. gr.

Fjármálaráðherra skipar skattstjóra og varaskattstjóra í hverju skattumdæmi.

Engan má skipa skattstjóra eða varaskattstjóra, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.
2. sé 25 ára gamall,
3. sé lögráða og hafi forræði fjár síns,
4. sé íslenzkur ríkisborgari,
5. hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, sé löggiltur endurskoðandi eða hafi aflað sér sérmenntunar á skattalöggjöf og framkvæmd hennar. Víkja má þó frá þessu, ef maður hefur áður gegnt skattstjórastarfi.

Varaskattstjóri gegnir störfum í forföllum skattstjóra eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur.

Skattstjóri hefur umboðsmann í bæjar- og sveitarfélögum í skattumdæmi sínu, sem eru utan aðseturs hans.

30. gr.

Í hreppum eru hreppstjórar umboðsmenn skattstjóra, en í bæjarfélögum skipar fjármálaráðherra umboðsmanninn til 6 ára í senn. Nú forfallast hreppstjóri eða skorast undan þessum starfa, og skipar þá fjármálaráðherra annan umboðsmann.

Umboðsmenn veita viðtöku framtalsskýrslum, aðstoða við framtöl, ef þess er óskað, afla þeirra upplýsinga, sem skattstjóri telur sér nauðsynlegar við skattálagninguna, og láta fylgja til skattstjóra athugasemdir sínar um framtölin.

31. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisskattstjóra, er hefur aðsetur í Reykjavík.

Engan má skipa í það embætti, nema hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í 29. gr. um embættisgengi skattstjóra.

Þá skipar og fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra. Fullnægja skal hann hinum sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

32. gr.

Fjármálaráðherra skipar 2 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn til 6 ára í senn. Ríkisskattstjóri á einnig sæti í nefndinni, og er hann formaður hennar. Vararíkisskattstjóri tekur sæti í nefndinni í forföllum ríkisskattstjóra eða þegar hann getur ekki tekið þátt í úrlausn máls samkv. 34. gr.

33. gr.

Laun skattstjóra skulu ákveðin í launalögum. Fjármálaráðherra ákveður þóknun ríkisskattanefndar, varaskattstjóra og umboðsmanna skattstjóra.

34. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef það mál varðar hann sjálfan, konu hans, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini, fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti eigi litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í ríkisskattanefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við, og varaskattstjóri sæti skattstjóra.

VI. KAFLI
Um framtöl tekna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.

35. gr.

Gjaldendur skulu skattlagðir þar, sem þeir eiga lögheimili samkvæmt þjóðskrá hinn 1. desember á viðkomandi skattári. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu skattlögð þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda bera téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiða skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ríkisskattstjóri sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli skattlagður.

36. gr.

Allir þeir, sem hafa tekjur samkv. II. kafla eða eignir samkv. III. kafla laga þessara, skulu afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefur á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráða, og einnig á skiptaráðendum dánar- og þrotabúa, skiptaforstjórum dánarbúa, erfingjum, er skipta einkaskiptum, og maka, er situr í óskiptu búi. Skýrslur þessar skulu komnar til skattstjóra eða umboðsmanns hans fyrir lok janúarmánaðar. Þeir, sem hafa atvinnurekstur með höndum, þurfa þó eigi að hafa skilað framtalsskýrslu fyrr en fyrir lok febrúarmánaðar. Ef sérstaklega stendur á, getur skattstjóri eða umboðsmaður hans veitt frest til framtals til 15. febrúar. Þeim, sem stunda atvinnurekstur, má þó veita frest til 15. marz. Vátryggingarfélög þurfa eigi að skila framtali fyrr en 30. apríl.

Nú er framteljandi sjálfur ófær að rita framtalsskýrslu, og er þá skattstjóri eða umboðsmaður hans skyldur að veita honum aðstoð til þess, en skylt er framteljanda að láta í té allar upplýsingar og gögn, til þess að framtalið verði rétt.

37. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annarra félaga og stofnana, eru skyldir að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, um vaxtabréf í bönkum, sparisjóðum og annað því um líkt.

Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá því, ókeypis og í umbeðnu formi, hvert kaup þeir greiða hverjum manni, þar með talin stjórnarlaun, ágóðaþóknun, gjafir o. þ. h. Nú eru laun greidd fyrir milligöngu annars manns og vinnuveitandi því eigi fær um að láta framangreindar upplýsingar í té, og hvílir þá skyldan á milligöngumanni.

Hvenær sem skattstjóri eða umboðsmaður hans telur þess þörf, getur hann krafizt þess, að framteljendur leggi fram bókhaldsgögn sín til athugunar, er framtal er sannreynt eða endurskoðað. Ríkisskattstjóri hefur og ætíð aðgang að bókum banka, sparisjóða og annarra peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hann felur að rannsaka skuldir, inneignir, verðbréfaeign og annað, sem lýtur að efnahag gjaldþegns.

38. gr.

Þegar framtalsfrestur er liðinn, skal skattstjóri leggja tekjuskatt og/eða eignarskatt á gjaldanda samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar

reikningsskekkjur í framtali svo og einstaka liði, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Enn fremur er skattstjóra heimilt að leiðrétta einstaka liði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattþegni strax viðvart um slíkar breytingar. Nú er framtalsskýrsla eða einstakir liðir hennar ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg eða skattstjóri telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hann þá skora á framteljanda að láta í té skýringar eða gögn, er á skortir, innan ákveðins tíma, og er framteljanda skylt að verða við áskorun skattstjóra. Ef skattstjóri fær fullnægjandi svar, leggur hann skatt á samkvæmt framtali og framkomnum skýringum. Fáist eigi fullnægjandi svar, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattþegns eftir beztu vitund og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun. Niðurstöðu skal jafnan tilkynna skattþegni skriflega. Enn fremur skal skattstjóri láta fylgja greinargerð um málið, er hann sendir ríkisskattstjóra framtal skattþegns þess, er í hlut á, sbr. 41. gr. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað framteljanda eða umboðsmanns hans, má skattstjóri, ef svo er ástatt sem í 3. málslið þessarar málsgreinar segir, áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá skattstjóri áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri.

39. gr.

Hver sá, sem skýrt hefur frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera ber og því greitt minni skatt en honum ber skylda til, skal greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin. Þó skal eigi reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár.

Nú hefur skattþegn eigi talið fram til skatts og skattar því áætlaðir, en síðar kemur í ljós, að áætlun hefur verið of lág, svo og ef skattþegni hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, og skal þá reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra aftur í tímann en 4 ár. Sama gildir, ef skattþegn vantar á skrá, nema um sé að ræða brot þau, sem um ræðir í 49. gr., en þá skal reikna skatt hans að nýju eins og í 1. málsgr. þessarar greinar segir.

Þegar skattur er reiknaður að nýju, skal tilkynna það gjaldendum og veita þeim færi á að kæra skattálagninguna. Um kærufresti fer samkv. ákvæðum 41. gr. og 42. gr.

40. gr.

Fyrir lok maímánaðar skulu skattstjórar hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skattskrá fyrir hvert bæjar- og sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda. Skattskrá skal lögð fram eigi síðar en 1. júní. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur á hentugum stað í hverju bæjar- og sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð, hvar skattskrá liggur frammi.

41. gr.

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn, og getur hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til skattstjóra, í Reykjavík innan 15 daga, en í öðrum skattumdæmum innan 30 daga, frá því er skattskrá er lögð fram. Innan mánaðar frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur og leiðrétt skattskrá samkvæmt úrskurðum þeim, er hann hefur fellt, og tilkynnt kærendum úrslitin. Að því búnu sendir hann skrána til ríkisskattstjóra ásamt öllum framtölum úr umdæminu. Skattstjóri skal enn fremur, er hann hefur úrskurðað kærur, senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá, er gjalda eiga tekju- og eignarskatt í því lögsagnarumdæmi.

42. gr.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera í Reykjavík 15 dagar frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra, en í öðrum skattumdæmum 30 dagar.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Kærur skulu vera bréflegar og studdar nauðsynlegum gögnum.

Skattþegni eða umboðsmanni hans er heimilt að flytja mál sitt munnlega eða skriflega fyrir ríkisskattanefnd á þeim tíma, er nefndin tekur til, áður en úrskurður gengur um kæruatriði.

Úrskurðir ríkisskattanefndar skulu vera rökstuddir. Nefndin skal leggja úrskurð á kærur fyrir októberlok og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslit tafarlaust.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má bera undir dómstóla.

Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur yfir úrskurðum á útsvörum samkvæmt fyrirmælum laga um útsvör.

43. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem bezt samræmi sé í skattákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að skattákvörðun og skattaframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af þeim úrskurðum ríkisskattanefndar, sem almennt gildi hafa.

Þá skal og ríkisskattstjóri yfirfara skattskrár og skattaframtöl úr einstökum skattumdæmum.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, sem framkvæmd laga þessara varðar, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra, lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 37. gr. greinir.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skattákvörðun, og getur hann þá, þótt eigi hafi verið kært, lagt málið fyrir ríkisskattanefnd, sem breyta má ákvörðun skattstjóra og gera gjaldþegni skatt að nýju. Ætíð skal nefndin gera gjaldþegni viðvart, áður en hún breytir skattgjaldi hans, án þess að yfir hafi verið kært.

44. gr.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekju- eða eignarskatts né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans. En ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi eða niður felldur, skal endurgreiðsla þegar fara fram. Víkja má frá ákvæði 1. málsliðs, ef sérstaklega stendur á, samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

45. gr.

Skattstjórar og ríkisskattanefnd skulu halda gerðabækur í því formi, er fjármálaráðherra fyrirskipar. Þá skulu og skattstjórar gefa Hagstofu Íslands skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um framtaldar eignir og tekjur, álagða skatta og önnur atriði, sem tilgreind eru í framtölum.

46. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að skattstjórar og ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefur það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa ríkisskattanefndar og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

47. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót, eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra. Um ábyrgð atvinnuveitenda á skattgreiðslu útlendinga, sem þeir hafa í þjónustu sinni, fer svo sem segir í 5. gr. laga nr. 22/1956.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar.

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess, fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins.

VII. KAFLI

Refsiákvæði.

48. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattstjóra, skal með fara sem hér segir: Ef áætlun skattstjóra er kærð innan tilskilins frests, má því aðeins lækka hana, að hún sé hærri en raunverulegar tekjur og eign skattþegns að viðbættum 25%, og má aldrei miða skatta gjaldþegns við lægra skattmat en raunverulegar tekjur hans og eign að viðbættum 25%. Nú er áætlun skattstjóra eigi kærð innan tilskilins frests, og skal þá hækka hið fyrra mat um 15%. Ef sú ákvörðun er kærð, má þó aldrei miða skatta gjaldþegns við lægra skattmat en raunverulegar tekjur hans og eign að viðbættum 25%. Nú hefur framtalsskýrsla borizt, eftir að framtalsfrestur er liðinn, en áður en gengið er frá skattskrá, og skal þá miða skattmat við raunverulegar tekjur og eign að viðbættum 25%.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef skattþegn sýnir fram á, að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því, að hann gæti gert framtalsskýrslu, bætt úr göllum á framtali eða sent framtalsskýrslu í tæka tíð.

49. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó

aldrei miða við meira en 6 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattstjóra skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meira en 10000 kr.

50. gr.

Skattstjórum, ríkisskattanefnd og umboðsmönnum skattstjóra er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er um þá, er veita skattstjórum og ríkisskattanefnd aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

51. gr.

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni samkvæmt 37. gr. eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

52. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför.

Með mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

53. gr.

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef veikindi, slys eða mannslát hefur skert gjaldþol skattþegns verulega.
2. Ef skattþegn hefur veruleg útgjöld haft vegna menntunar barna sinna, eldri en 16 ára.
3. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað. Nú fellst skattstjóri á umsókn framfæranda, og skal hann þá eiga rétt á tvöföldum barnafrádrætti vegna barna þessara, sbr. 16. gr.
4. Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu, má veita sama frádrátt og fyrir börn.

Áður en beitt er heimildum þessarar greinar, skal skattstjóri athuga sérstaklega, hvort um óvenjumikla eyðslu sé að ræða hjá umsækjanda. Skattstjóri getur af eigin hvötum veitt lækkun samkvæmt þessari grein. Ríkisskattstjóri skal fylgjast sérstaklega með lækkunum samkvæmt þessari grein og sjá til þess, að samræmis sé gætt.

54. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í VI. kafla, eftir því sem þörf krefur.

55. gr.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd og skilning þessara laga, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattstjóra og ríkisskattanefndar.

56. gr.

Ákvæði I., II., III., IV. og VIII. kafla laga þessara, svo og 31. gr., taka gildi þegar í stað, að fráskildum ákvæðum 53. og 54. gr., og skal ákveða skatta af tekjum og eignum ársins 1961 samkvæmt því. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði I., II., III., VII. og VIII. kafla laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, að fráskildri 62. gr., ásamt breytingarlögum nr. 36/1958, 40/1959 og 18/1960, og einnig falla þá úr gildi lög nr. 59/1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, og lög nr. 33/1960, um breyting á þeim lögum. Enn fremur falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 96 23. júní 1936, að því er varðar tekju- og eignarskattfrelsi Mjólkursamsölunnar í Reykjavík og Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við greind ákvæði laga þessara.

Ákvæði V., VI. og VII. kafla svo og ákvæði 53. og 54. gr. laga þessara taka gildi 1. okt. 1962, og frá sama tíma falla úr gildi ákvæði IV., V. og VI. kafla og 62. gr. laga nr. 46/1954, svo og öll önnur lagafyrirmæli, sem fara í bága við greind ákvæði laga þessara.

Reglugerðir um tekju- og eignarskatt, sem settar hafa verið samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu, eftir því sem við getur átt, unz ný reglugerðarákvæði hafa verið sett.

Nú hafa undirskattanefndum eða yfirskattanefndum verið falin sérstök störf samkvæmt lögum eða reglugerðum, og skulu þá skattstjórar þeir, sem skipaðir verða eftir lögum þessum, leysa þau störf af hendi, unz öðruvísi verður ákveðið.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ríkisskattstjóri, er skipa skal samkv. 31. gr. laganna, skal hafa það hlutverk að vera ríkisstjórninni til aðstoðar í skattamálum, unz lög þessi hafa tekið gildi að fullu.

2. Þeir skattgreiðendur, sem hafa orðið fyrir tapi vegna atvinnurekstrar síns síðast liðin fimm ár fyrir gildistöku laga þessara og ekki hafa unnið upp tapið, mega færa það milli ára í allt að fimm ár frá 1. janúar 1961, unz tapið er að fullu greitt.

3. Nú hafa yfirskattanefndir eigi lokið störfum þeim, sem um getur í 36. og 39. gr. laga nr. 46/1954, fyrir 1. október 1962, og er þá ráðherra heimilt að setja þeim lengri frest til að ljúka störfum í samræmi við ákvæði nefndra lagagreina.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd þeirri, sem fjármálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 8. jan. 1960, til að endurskoða gildandi lög um tekju- og eignarskatt.

Í nefndinni voru þessir menn:

Björn Ólafsson, fyrrv. ráðherra, formaður.
Gísli Jónsson, alþingismaður.
Jón Þorsteinsson, alþingismaður.
Ólafur Björnsson, alþingismaður.
Sigurður Ingimundarson, alþingismaður.
Svavar Pálsson, endurskoðandi.

Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri, tók sæti í nefndinni, er fjallað var um þá þætti frv., er varða framkvæmd skattamála.

Á Alþingi 1960 voru samþykkt lög, sem byggð voru á tillögum nefndarinnar um breytingu á tekjuskatti einstaklinga, um ómagafrádrátt o. fl. Síðan starfaði

nefndin að heildarendurskoðun laganna. Felur frv. það, sem hér er flutt í sér þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á gildandi skattalögum, m. a. varðandi framkvæmd laganna og fáeinar breytingar aðrar. Nokkuð er umliðið síðan nefndin samdi greinargerð sína, og gætir þess á stöku stað, en efnislega skiptir það ekki máli.

Nefndin taldi rétt að semja heildarfrumvarp til skattalaga í stað þess að semja sundurliðaðar breytingartillögur. Ber þar hvort tveggja til, að nauðsynlegt er að fella breytingar þær, sem gerðar hafa verið á skattalögunum síðan 1954, inn í þau með heillegum hætti, og hitt, að með þessu frv. eru enn fyrirhugaðar verulegar efnisbreytingar á lögunum. Efnisröðun í I. kafla laganna er orðin mjög óskipuleg vegna breytinga þeirra, sem gerðar hafa verið á kaflanum undanfarin ár, og er óhjákvæmilegt að semja hann um. Þótti þá einnig sjálfsagt að taka til endurskoðunar skipulag og efnisröð í lögunum í heild sinni. Við þá endurskoðun hefur verið byggt á þeim grundvallarsjónarmiðum, að hentast væri og gleggst til yfirlits, að öllum ákvæðum laganna, sem varða skattskyldu og það, hverjir séu skattaðilar, verði skipað saman í kafla, sbr. I. kafla frv., og síðan verði ákvæðin um skattskyldar tekjur felld í kafla sér, sbr. II. kafla frv. Með sama hætti myndi ákvæðin um skattskyldar eignir samfelldan kafla, sbr. III. kafla frv., og síðan ákvæðin um skattstigana, tekjuskattstiga og eignarskattstiga, sbr. IV. kafla frv. Þá taki við kafli um skattstjórnaryfirvöld, sbr. V. kafla, og um framtöl tekna, fresti, úrskurði og innheimtu o. fl., sbr. VI. kafla frv. Loks verði svo kafli um refsiákvæði og viðurlög, sbr. VII. kafla frv., og ýmis ákvæði verði í kafla sér, sbr. VIII. kafla frv. Efnisskipun verður samkv. þessu með nokkuð ólíkum hætti í I.—IV. kafla frv. en er í hliðstæðum ákvæðum gildandi laga. Leiðir það til nokkurrar riðlunar ákvæða í gildandi lögum. Er gerð nánari grein fyrir því í athugasemdum við hverja einstaka grein, en auk þess er birt sem fylgiskjal A með frv. þessu yfirlit yfir það, hvaðan hvert einstakt ákvæði frv. sé tekið og hver ákvæði þess séu nýmæli. Annað yfirlit er og birt sem fylgiskjal B, þar sem sýnt er, hvar einstökum ákvæðum tekju- og eignarskattslaganna núgildandi sé skipað í frv. þessu.

Í frv. þessu felast allmörg efnisleg nýmæli auk breytinga þeirra á kerfisháttum, sem reifaðar eru að framan. Skal hinna helztu getið hér:

1. Í 5. gr. frv., sem samsvarar 3. gr. gildandi laga, er tekinn upp C-liður um skatt félaga með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð, en sá liður féll niður úr lögunum með lögum nr. 40/1959.

2. Í 7. gr. D-lið frv. er nýmæli um jöfnunarhlutabréf, sem nánari grein er gerð fyrir í athugasemdum við þá grein.

3. Í 10. gr. H-lið er nýmæli um launagreiðslur erlendis frá fyrir störf í þágu alþjóðastofnana eða ríkjasamtaka, sem Ísland er aðili að.

4. Í 11. gr. B-lið frv. er heimilað að flytja tap á milli ára um fimm áramót í stað tveggja eftir gildandi lögum.

5. Í 12. gr. D- og E-liðum frv. er lagt til, að lögfestir verði tveir nýir frádráttarliðir, er varða gjafir til menningarmála, líknarstarfsemi og kirkjufélaga (D-liður) og kostnað við öflun bóka, tímarita og áhalda til vísindalegra og sérfræðilegra starfa (E-liður). Í F-lið greinarinnar er frádráttarliður, sem er í 10. gr. gildandi laga, en rétt þótti að flytja hann í 12. gr. frv.

6. Í 13. gr. C-lið er bætt inn sem frádráttarlið ákvæði um félagsgjöld til atvinnurekendafélaga. E-liður 13. gr. er og nýmæli, en þar er leyft að draga frá tekjum afborganir af námsskuldum, sem menn hafa stofnað til eftir tvítugsaldur.

7. Í 15. gr. frv. eru efnisleg nýmæli um fyrningar.

8. Ákvæði 16. gr . frv., sem fjallar um persónufrádrátt, er að mestu óbreytt, svo sem það var ákveðið með lögum 18/1960, en 2. málsgr. greinarinnar er þó að nokkru nýmæli. Fellt er niður ákvæði um frádrátt vegna framfærslu annarra en barna, en um það atriði eru ákvæði í 53. gr. frv.

9. Í 17. gr. frv. er heimild félaga til að draga frá útborgaðan arð hækkað úr

8% í 10% af hlutafé eða stofnfé. Þá er mælt fyrir um það í greininni, að félög sem vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, megi draga frá það, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum, án tillits til þess, í hvaða félagsformi slík félög eru rekin. Hefur greinin þótt orka tvímælis í framkvæmd. Þá er lagt til, að reglunum um varasjóðstillög sé breytt þannig, að öllum félögum, sem leggja í varasjóð, sé heimilt að leggja í slíkan sjóð allt að ¼ af hreinum tekjum, og skulu þau tillög koma til frádráttar við ákvörðun tekjuskatts. Er því lagt til, að horfið sé frá þeirri tilhögun, að hlutafélög og önnur félög, sem stunda útgerð, svo og samvinnufélög hafi hér sérstöðu, en þau fá að draga frá varasjóðstillag, sem nemur ⅓ af tekjum.

10. Í 19. gr. frv. er sú breyting gerð á eign sem skattstofni, að húsgögn, aðrir innanstokksmunir og persónulegir munir eru ekki talin með skattskyldum eignum. Eru þessi verðmæti ekki greind í eignatali 19. gr. og berlega undanþegin skatti í D-lið 20. gr. frv.

11. Tekjuskattstiginn, sbr. 25. gr., er óbreyttur að öðru en því, að skattgjaldi félaga er breytt úr 25% í 20%. Skattfrjáls hámarkseign er hækkuð úr 30 þús. kr. í 100 þús. kr. Auk þess er eignarskattstiginn gerður miklu einfaldari en nú er. Skattur einstaklinga reiknast samkv. frv. í þremur stigum, 5‰, 9‰ og 12‰ í stað níu stiga eftir gildandi lögum, 3‰ til 15‰. Ekki er gert ráð fyrir, að þetta valdi breytingu á tekjum ríkissjóðs af eignarskatti.

12. Í V. kafla frv. er lagt til, að víðtækar breytingar verði gerðar á skattstjórn og ákvörðun skatta svo og um úrskurði í sambandi við skattákvarðanir. Er lagt til, að undirskattanefndir og yfirskattanefndir verði afnumdar, en landinu verði í þess stað skipt í átta skattumdæmi. Fyrir hverju skattumdæmi er skattstjóri, er ákvarðar skatta og úrskurðar kærur út af skattákvörðunum, en þeim úrskurðum má síðan skjóta til ríkisskattanefndar. Skattstjóri hefur umboðsmenn í hverju sveitarfélagi og bæjarfélagi utan aðseturs síns. Skipa skal ríkisskattstjóra, er verði formaður ríkisskattanefndar, og hafi hann víðtækt eftirlits-, leiðbeiningar- og rannsóknarvald í skattamálum. Skattstjórar skulu fullnægja nánar greindum þekkingarskilyrðum og er það nýmæli.

13. Í VI. kafla frv. um framtöl tekna, úrskurði, innheimtu o. fl. er það nýmæli umfram það, sem þegar var greint um úrskurðun skattakæru, að í 42. gr. segir, að málflutningur, munnlegur eða skriflegur, fari fram fyrir ríkisskattanefnd, og mælir ákvæðið fyrir um það, að úrskurðir ríkisskattanefndar skuli rökstuddir. Ákvæði 44. gr. frv. er og nýmæli.

14. Í VII. kafla frv. um refsingar og önnur viðurlög við brotum eru fá nýmæli, en helzt gætir þeirra í 49. gr.

15. Í VIII. kafla frv. kemur 53. gr. í stað 36. gr. núgildandi laga, en er miklum mun víðtækari en það ákvæði.

Í frumvarpi þessu er stefnt að því að tryggja atvinnurekstrinum í landinu, ekki síður en einstaklingunum, hóflega skattálagningu. Tekið hefur verið tillit til brýnnar nauðsynjar atvinnuveganna að geta safnað sjóðum til öryggis rekstrinum og endurnýjunar atvinnutækjunum. Auk þess sem sköttum hefur verið létt af lægri tekjum, er á ýmsan hátt reynt að taka sanngjarnt tillit til mismunandi aðstöðu einstaklinganna með því að létta byrði þeirra, sem erfitt eiga uppdráttar.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, má vafalaust telja, að skattalögin séu þá eftir atvikum orðin vel viðunandi fyrir gjaldþegnana og að atvinnuvegirnir, að svo miklu leyti sem afkoma þeirra er háð beinum sköttum til ríkisins, hafi nú möguleika til þess í framtíðinni að koma rekstri sínum á heilbrigðan fjárhagslegan grundvöll. En þessar nauðsynlegu breytingar, sem gerðar hafa verið, ná því aðeins tilgangi sínum, að jafnframt verði sett útsvarslög, er tryggi hóflegar og skynsamlegar álögur bæjar- og sveitarfélaga gagnvart einstaklingum og félögum.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við einstaka kafla og greinar frumvarpsins (þar sem vísað er til „laganna“, er átt við gildandi skattalög):

I. KAFLI

Hér er safnað ákvæðum, er varða skattskyldu, bæði í sambandi við tekjuskatt og eignarskatt. Eru því tekin hér með ýmis ákvæði, sem nú eru í II. kafla laganna.

Um 1. gr.

Þessi grein er sama efnis og 1. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því, að ákvæðið er látið taka til bæði tekju- og eignarskatts, sbr. orðin „og eignum“ í lok 1. málsgr.

Um 2. gr.

1., 2. og 4. málsgr. eru hliðstæðar málsgreinar óbreyttar í 2. gr. laganna. 3. málsgr. 2. gr. er 2. málsgr. 15. gr. laganna lítið breytt og er flutt í þessa grein, með því að henni er nú ætlað að ná bæði til tekju- og eignarskatts.

Um 3. gr.

Efni 1.—3. málsgr. þessarar greinar er tekið úr 10. og 11. gr. laganna. Nokkur orðabreyting hefur verið gerð á málsgreinum, en engin efnisbreyting. 4. málsgr., er varðar eignarskatt, er samhljóða 20. gr. laganna.

Um 4. gr.

1. og 2. málsgr. eru að efni til sams konar og 2. og 3. málsgr. 11. gr. laganna. 3. málsgr. er nýmæli, sem fjallar um eignarskatt á eignum barna innan 16 ára aldurs. Er lagt til, að lögfest verði berlega hliðstæð regla um það efni sem um tekjur barna, sbr. 1. málsgr. þessarar greinar.

Um 5. gr.

Í þessa grein er tekin upp 3. gr. laganna, þó svo, að ákvæðið fjallar bæði um tekjuskatt og eignarskatt. Bætt er við C-lið um sameignarfélög, þar með talin samlög, en það ákvæði var numið úr lögunum 1959. Er hann í nokkuð breyttu formi.

Um 6. gr.

Hér er safnað í eina grein ákvæðunum um þá, sem njóta undanþágu frá greiðslu tekju- og eignarskatta. 1. málsgr. er úr 4. gr. laganna, 2. málsgr. er 3. málsgr. 2. gr. laganna óbreytt, en 3. málsgr. er úr 5. gr. laganna.

II. KAFLI

Hér er skipað í einn kafla ákvæðunum um skattskyldar tekjur, en þau ákvæði eru einn hluti af efni I. kafla laganna, en sá kafli fjallar einnig um skattskylduna. Ákvæðin um tekjuskattstiga eru í IV. kafla frv.

Um 7. gr.

Efni þessarar greinar er tekið úr 7. gr. laganna, en lokamálsgreinin úr síðustu málsgr. 10. gr. þeirra. Breyting er gerð undir D-lið um það, að úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem ekki hefur í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi og miðast við almenna verðhækkun frá útgáfu hlutabréfa, skuli ekki teljast til skattskyldra tekna hluthafans, enda sé samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, ekki hærra en svarar til almennrar verðhækkunar frá stofnun hlutafélags eða frá innborgun hlutafjár.

Víðast hvar er nú heimilað, að hlutafélög gefi út jöfnunarhlutabréf til hluthafa, án þess að það sé talið skattskylt hjá félaginu eða hluthöfum. Að sjálfsögðu byggist sú úthlutun á því, að verðmæti sé til fyrir henni í sjóðum félagsins eða öðrum eignum umfram skráð hlutafé, þegar úthlutun fer fram. Með þessu móti er ekki verið að gefa hluthöfum nokkur verðmæti. Sérhver hluthafi á ná-

kvæmlega jafnmikinn hlut í fyrirtækinu eftir sem áður. Eini munurinn er sá, að eignum félagsins er skipt niður á fleiri bréf. Samanlagt verðmæti hlutabréfanna eftir hækkunina er jafnmikið og verðmæti þeirra fyrir hækkunina. Raunhæft verðmæti hvers einasta bréfs hefur því lækkað. Fái hluthafinn hærri arðsúthlutun á bréf sín en áður, eru þær tekjur skattskyldar. Samkvæmt 9. gr. skattalaganna telst ekki til tekna sá eignaauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði. Þetta er gild regla um allar eignir skattþegns, fasteignir, bifreiðar, skrautmuni o. s. frv., nema um eign í hlutafélagi. Þótt eign í hlutafélagi hækki í verði, er öll ráðstöfun á slíkri eign skattskyld, nema um sé að ræða sölu á hlutabréfum. Hluthafinn getur því ekki á nokkurn hátt notið verðhækkunar, sem verður á hlutareigninni, nema með því að ganga úr félaginu að nokkru eða öllu leyti. Sú breyting, sem hér er gerð er að vísu takmörkunum bundin en hún á að bæta að nokkru úr þessu misrétti og vega á móti rýrnun, sem áratuga verðbólga hefur valdið. Rétt þótti að ákveða, að ekki mætti gefa út jöfnunarhlutabréf á þá eign, sem bundin er í skattfrjálsum varasjóði, og ekki gefa út jöfnunarhlutabréf fyrir verðmætum, sem verið hafa í eign félagsins skemur en 3 ár.

Önnur breyting á 7. gr. laganna er sú, að síðasta málsgrein e-liðar er felld burt, en sú málsgrein hljóðar svo: „Nú er eign önnur en fasteign, skip og flugvél, sem verið hefur í eign skattgreiðanda í 3 ár eða lengur og fyrning hefur verið reiknuð af, seld hærra verði heldur en nemur óafskrifuðum hluta hennar, og skal þá það, sem umfram er, teljast skattskyldar tekjur, þó ekki hærri fjárhæð en nemur öllum veittum fyrningarafskriftum. Skiptast tekjur þessar við útreikninga skatts á jafnmörg ár aftur í tímann og afskriftirnar hafa farið fram á, þó ekki fleiri en 10 ár. Skatturinn greiðist í einu lagi.“ Engin endurgreiðslukvöð er á fyrningum af fasteignum, skipum eða flugvélum, og er því ekki sanngjarnt eða eðlilegt, að iðnrekstur eða önnur atvinnufyrirtæki endurgreiði fyrningu á vélum og öðrum tækjum, sem rekstrinum eru nauðsynleg. Þessar eignir skattgreiðanda eiga því að njóta sömu friðinda vegna fyrninga eins og aðrar eignir hans. Gert er ráð fyrir, að ofangreind breyting gildi um eignasölu, sem fram hefur farið á árinu 1961.

Um 8. gr.

Efni þessarar greinar er tekið úr tveimur fyrstu málsgreinum 8. gr. laganna, að öllu leyti óbreytt.

Um 9. gr.

Efni þessarar greinar er tekið úr 8. gr. laganna. Greininni er nokkuð breytt að orðalagi, en um efnisbreytingu er ekki að ræða. Sjálfsagt þótti að nema burt þá tvískiptingu, sem nú er um sektarákvæði varasjóða, eftir því, hvort þeir eru myndaðir fyrir eða eftir 1. janúar 1941.

Um 10. gr.

Efni þessarar greinar er 9. gr. laganna, og er hún óbreytt að því fráskildu, að nýjum lið, H-lið er bætt við. Þykir eðlilegt, að greiðslur þær frá alþjóðastofnunum, sem um er fjallað í liðnum, séu undanþegnar skatti.

Um 11. gr.

Í 10. gr. laganna eru greindir ýmsir frádráttarliðir, en þeim hefur að nokkru verið breytt, og að öðrum þræði hefur þeim verið fjölgað með lögum nr. 36/1958, 40/1959 og 18/1960. Er enn fyrirhuguð fjölgun frádráttarliðanna í tillögum nefndarinnar. Er greinin orðin óhæfilega löng, og auk þess eru þau tilvik, er í henni greinir, næsta sundurleit. Hefur efni 10. gr. ásamt þeim breytingum og viðaukum, sem nú er lagt til að á henni verði gerðir, verið hlutað niður í fjórar greinar, 11., 12., 13. og 14. gr. Að auki er svo lagt til, að efnislegu fyrningarreglurnar verði numdar úr þessum almennu ákvæðum um frádráttarliði, og er um þær fjallað í sérstakri grein, 15. gr. frv.

Frádráttarliðum 10. gr. laganna og breytingarlaganna hefur verið skipt svo niður á greinar, að í 11. gr. er einkum fjallað um frádrátt, er varðar rekstrarkostnað og tap á skuldum, í 12. gr. eru ýmsir frádráttarliðir, er geta varðað jafnt einstaklinga og fyrirtæki, í 13. gr. eru frádráttarliðir, sem eru fyrst og fremst reistir á tillitinu til einstaklinga, og í 14. gr. eru ákvæðin um frádrátt á tekjum sjómanna.

A-liður 11. gr. er óbreyttur a-liður 10. gr. laganna, að því er varðar sjálfan rekstrarkostnaðinn, en efnisreglurnar um fyrningu eru teknar út úr liðnum, og eru þær greindar í 15. gr. frv.

B-liður 11. gr. er tekinn úr b-lið 10. gr. laganna. 2. málsgr. B-liðar hefur verið breytt að því leyti, að heimilað er, að tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, megi flytja milli ára um fimm áramót í staðinn fyrir tvö áramót, eins og nú er í lögunum. Öll sanngirni mælir með því, að þeir, sem verða fyrir taprekstri, fái að draga tapið frá tekjum á hæfilega löngum tíma, eftir því sem ástæður leyfa, en heimildin er þó bundin við 5 ára tímabil. Eðlilegt þykir, að þessi breyting nái til taprekstrar, sem félög og einstaklingar hafa orðið að þola síðastliðin 5 ár, ef tapið hefur ekki enn verið unnið upp. Þess vegna er svo fyrir mælt í ákvæði til bráðabirgða, C-lið, að þeir skattgreiðendur, sem hafa orðið fyrir tapi vegna atvinnurekstrar síns síðastliðin 5 ár fyrir gildistöku laga þessara og ekki hafa unnið upp tapið, megi færa það milli 5 ára, þangað til tapið er að fullu greitt.

C-liður er óbreyttur c-liður 10. gr. laganna.

Um 12. gr.

A-liður er f-liður 10. gr. laganna. Fellt er niður ákvæðið um vexti af skuldum stofnuðum vegna húsbygginga.

B-liður er óbreyttur g-liður 10. gr. laganna.

C-liður er óbreyttur i-liður 10. gr. laganna.

D- og E-liðir eru nýir. Þykir eðlilegt, að slíkir frádráttarliðir séu lögfestir, enda eru svipuð ákvæði í skattalögum mjög margra ríkja.

F-liður er tekinn úr 10. gr. næstsíðustu málsgr., en þykir eftir efni sínu eiga betur heima í þessu ákvæði.

Um 13. gr.

A- og B-liðir eru óbreyttir k- og l-liðir 10. gr. laganna.

C-liður er e-liður 10. gr. laganna, en við hann er bætt ákvæði um, að félagsgjöld til atvinnurekendafélaga séu frádráttarbær, þó ekki yfir fimm af þúsundi af veltu fyrirtækis.

D-liður er d-liður 10. gr. laganna, en í síðustu málsgr. hans hefur verið breytt krónutölu úr tveim þúsundum í fjögur þúsund.

E-liður um frádrátt vegna afborgana á námsskuldum er nýmæli. Þótt námsskuldir séu ekki goldnar að fullu á fimm ára tímabilinu, sbr. t. d. lög nr. 52/1961, um lánasjóð íslenzkra námsmanna, þá ber allt að einu að draga þær frá tekjum á greindu tímabili, og fæst frádráttur ekki síðar.

Í sambandi við þessa grein er rétt að taka fram, að m-liður 10. gr. laganna hefur verið felldur niður, en hann hljóðar svo: „Nú færir leigutaki í íbúðarhúsnæði sönnur á, að hann borgi hærri húsaleigu en því nemur, sem afnot húsnæðisins mundu talin til tekna, ef það væri sjálfsíbúð, og er honum þá heimilt að telja hálfan muninn til frádráttar tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Frádráttarheimild þessi gildir þó ekki fyrir einhleypa, og húsaleigufrádrátturinn má ekki nema meira en 600.00 kr. á ári á hvern mann, sem framteljandi hefur bæði á framfæri og í heimili.“ Nefndin telur, að vegna mikillar hækkunar á persónufrádrætti, sem gerð hefur verið, síðan grein þessi var tekin í lög, sé rétt að fella greinina úr gildi. Almennt mun talið, að ákvæði þessarar greinar hafi komið að mjög litlum raunverulegum notum.

Um 14. gr.

Efni þessarar greinar er tekið úr h-lið 10. gr. laganna, sbr. lög nr. 40/1959, 2. gr. Lítils háttar orðabreyting hefur verið gerð á 1. og 2. málsgr., en 3. málsgr. hefur verið breytt þannig, að í stað 1500 kr. koma 3000 kr. og í stað 3 mánaða koma 6 mánuðir.

Um 15. gr.

A-liður þessarar greinar er tekinn úr a-lið 10. gr. laganna, en við fyrningarreglur þær, sem þar greinir, er bætt svofelldu ákvæði:

„Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Reikna skal fyrningu, sem fastan hundraðshluta af kostnaðarverði eigna, sem keyptar eru 1962 eða síðar. Fyrningu eldri eigna skal reikna með ákveðnum hundraðshluta af matsverði skv. 22. gr. miðað við þann árafjölda, sem eftir er af áætluðum endingartíma."

Það er nú óðum að koma í ljós, að vegna hinnar öru verðbólgu, sem hér hefur verið síðustu 10—15 árin, standa atvinnufyrirtæki, sérstaklega iðnaðarfyrirtæki, mjög illa að vígi vegna fyrninga á vélum. Vélar, sem keyptar hafa verið fyrir 6—10 árum og eiga nú að vera að mestu fyrntar, þurfa að standa undir endurnýjun á vélakosti. En fyrningar hafa aðeins verið reiknaðar af hinu upphaflega kaupverði, sem nú er í mörgum tilfellum aðeins 1/10 hluti af því, sem nýjar vélar eða tæki kosta. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir, að slíkt geti endurtekið sig, því að augljóst er, að mjög miklir erfiðleikar hljóta að verða á því að endurnýja vélakost í landinu til iðnaðar og annarra þarfa, ef fyrirtækin geta ekki lagt til hliðar í fyrningum þá fjárhæð, sem þarf til þess að kaupa nýjar vélar og tæki.

B-liður þessarar greinar er nýr og að mestu samhljóða lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, sbr. lög nr. 33 27. maí 1960. Þessi lög hafa verið framlengd óbreytt frá ári til árs, og þar sem telja má, að hér sé nú orðið um fastar fyrningarreglur að ræða, taldi nefndin rétt, að ákvæði laganna með lítils háttar breytingu séu tekin í skattalögin.

Um 16. gr.

1. málsgr. þessarar greinar er tekin úr 12. gr. 1. málsgr. laganna, sbr. lög nr. 18/1960, 4. gr. Sleppt er þó ákvæðinu um frádrátt vegna annarra skylduómaga en barna, sem skattþegn hefur á framfæri sínu. Um það efni og ýmislegt fleira, sem skylt er reglunum í þessari grein, eru ákvæði í 53. gr. frv.

2. málsgr. er að mestu nýmæli, sem eðlilegt þykir að lögfesta.

3. málsgr. er tekin úr 10. gr. j-lið lokamálsgr. laganna.

4. málsgr. er tekin úr 12. gr. 4. málsgr. laganna.

5. málsgr. er tilvísunargrein.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um frádráttarheimild félaga og stofnana.

1. og 2. málsgr. eru teknar úr 7. og 8. málsgr. 8. gr. laganna.

3. og 4. málsgr. eru teknar úr 4., 5. og 6. málsgr. 8. gr. laganna.

5. málsgr. er 3. málsgr. 8. gr. laganna.

Um 1. málsgr. Sú breyting hefur verið gerð á þessari málsgr., að félög, sem um ræðir í 5. gr. A, mega draga frá tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10% í staðinn fyrir 8%, eins og nú er, af hlutafé eða stofnfé. Þykir hæfilegt, að félög hafi leyfi til að draga frá tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10%.

Um 2. málsgr. VII. kafli, ákvæði til bráðabirgða í lögunum, sem er aðallega um nýbyggingarsjóð, hefur ekki verið tekinn upp í frumvarpið, þar eð nefndin telur, að ákvæði þessa kafla hafi ekki lengur nokkurt gildi.

Samkvæmt gildandi lögum mega hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, draga frá tekjum sínum varasjóðstillag, er nemur ⅓ af hreinum tekjum (sbr. 8. gr. laganna). En jafnframt er

sú kvöð á þau lögð, að 50% af því fé, sem þau leggja í varasjóð, skal geymt í sérstökum reikningi í banka, og nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður (sbr. 55. gr. laganna). Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega leggja 20% af hreinum árstekjum í nýbyggingarsjóð (sbr. 60. gr. laganna). Samkvæmt 8. gr. laganna mega aðeins útgerðarfélög og samvinnufélög draga frá tekjunum ⅓ af því, sem lagt er í varasjóð, en ekki er lögð sú kvöð á þau síðartöldu, að þau bindi nokkuð af tillaginu í nýbyggingarsjóði.

Í öndverðu var nýbyggingarsjóði ætlað það hlutverk að tryggja endurnýjun skipastóls útgerðarinnar. Þeim tilgangi var aldrei náð, og mun talið, að lögin um nýbyggingarsjóð hafi að mestu verið dauður bókstafur. Sum ákvæðin eru fyrir löngu úrelt. Virðist því eðlilegast að fella niður 55.—61. gr. laganna.

Útgerðarfélög án tillits til félagsforms mega skv. 17. gr. frumvarpsins leggja 25% af hreinum tekjum í skattfrjálsan varasjóð, án þess að nokkuð af því sé bundið í nýbyggingarsjóði, enda hefur reynslan sýnt, að slíkt er óþarft til endurnýjunar skipastólnum. Þótt skattfrjálst varasjóðstillag útgerðarfélaga með takmarkaðri ábyrgð sé lækkað lítið eitt í frv., er þess að gæta, að sérstakar fyrningarafskriftir skv. lögum nr. 59/1946 eru nú til frambúðar settar í skattalögin, sbr. 15. gr. frv., og eru ákvæðin um fyrningu fiskiskipa og vinnslustöðva mikil fríðindi fyrir alla, er hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur.

Um 3. málsgr. Sú breyting ein er hér gerð, að tekin eru af tvímæli um það, að 2. málsl. málsgreinarinnar tekur ekki eingöngu til samvinnufélaga, heldur og annarra félaga, er hafa um hönd þá starfsemi, sem lýst er í málsgreininni.

Um 4. málsgr. Hún er tekin úr 3. málsgr. 8. gr. laganna og þykir eiga hér betur heima.

Um 18. gr.

1. málsgr. er tekin úr 13. gr. 1. málsgr. og 2. málsgr. úr lokamálsgr. 7. gr. laganna, en þau ákvæði þykja hafa samstöðu sakir skyldleika.

3. málsgr. er tekin úr 3. málsgr. 12. gr. laganna, en deilitala er hækkuð úr 50 í 100.

III. KAFLI

Hér eru ákvæðin um skattskyldar eignir. Þau ákvæði II. kafla laganna, sem varða skattskylduna, eru flutt í I. kafla frv., eins og að framan er greint. Ákvæði 14. gr. laganna um eignarskattstiga eru nú í IV. kafla frv.

Um 19 gr.

Hún er samhljóða 17. gr. laganna að öðru leyti en því, að „húsgögn og aðrir innanstokksmunir og skartgripir“ er fellt úr greininni, sbr. einnig 20. gr. frv.

Um 20. gr.

Efni hennar er hið sama og 18. gr. laganna, en þó er bætt við D-lið hennar, að „húsgögn, aðrir húsmunir og persónulegir gripir“ sé eigi talið til skattskyldra eigna.

Um 21. gr.

Hún er óbreytt 22. gr. laganna að því fráskildu að skuldamarkið samkv. B-lið er hækkað úr 120 þús. kr. í 200 þús. kr.

Um 22. gr.

Hún er 19. gr. laganna óbreytt, að öðru leyti en því, að bætt er við H-lið um heimild atvinnufyrirtækja að láta meta á árunum 1962—63 endurkaupsverð fasteigna-fjármuna sinna, í sambandi við fyrningu eldri eigna.

Um 23. gr.

Hér er tekin upp 15. gr. 1. málsgr. 2. málsl. laganna óbreytt að efni.

Um 24. gr.

Hún er sama efnis og 21. gr. laganna.

IV. KAFLI

Rétt þykir að fella í einn kafla skattstigana, bæði um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 25. gr.

Skattstigarnir eru óbreyttir frá því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 18/1960, að öðru leyti en því, að skattgjald félaga er lækkað úr 25% í 20% af skattskyldum tekjum.

Um 26. gr.

Þessi grein kemur í stað 14. gr. laganna. Skattfrjáls hámarkseign er hækkuð úr 30 þús. kr. í 100 þús. kr. og sú breyting gerð, að skattur af eign einstaklinga skuli reiknaður í þremur stigum, 5‰, 9‰ og 12‰ í stað níu stiga áður, frá 3‰ upp í 15‰. Ekki er talið, að tekjur ríkissjóðs af eignarskatti lækki við þessa breytingu.

V. KAFLI

Í þessum kafla eru ákvæðin um skattumdæmi, skattstjóra, ríkisskattanefnd o. fl., og svara ákvæði hans að flestu leyti til ákvæða IV. kafla laganna, en tilhögun þeirra mála, sem kaflinn fjallar um, er gagnbreytt, svo sem áður hefur verið vikið að og nánari grein er gerð fyrir í athugasemdum hér á eftir.

Um 27. og 28. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er tekju- og eignarskattur ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Eru undirskattanefndir nú 219 að tölu og í hverri 3 menn, eða samtals 657 menn, en skattstjórar eru nú 10 í kaupstöðum. Hér er lagt til, að þessu kerfi verði gerbreytt: Landinu sé skipt í 8 skattumdæmi og í hverju þeirra verði einn skattstjóri, sem fer þar með skattálagningu og leysir af hólmi skattanefndir þær, sem nú fara með þessi störf. Með þessu á m. a. að vinnast tvennt: Nokkur lækkun útgjalda og meira samræmi um skattálagningu og betra eftirlit með framtölum.

Samkvæmt fjárlögum 1960 er kostnaður við undirskattanefndir, yfirskattanefndir og skattstofur utan Reykjavíkur áætlaður rúml. 3 millj. kr. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að skattstjórum fækki um 2 frá því, sem nú er. Á hinn bóginn verður að gera ráð fyrir einhverri fjölgun starfsliðs hjá skattstjórum utan Reykjavíkur, er umdæmin stækka, og þóknun til umboðsmanna skattstjóra, sbr. 28. gr. frv. Þegar allt þetta er virt svo og það, að gert er ráð fyrir, að núverandi yfirskattanefndir, 24 að tölu, verði einnig lagðar niður og skattstjórar taki við störfum þeirra, þá fer ekki hjá því, að hér verði um talsverðan sparnað að ræða.

Það leikur ekki á tveim tungum, að skattstjórar með æfðu starfsliði munu ná miklu betri árangri í störfum en menn, sem verða að vinna slík störf í hjáverkum, en sú hefur raunin orðið á um skattanefndirnar. Er þó á engan hátt verið að vanmeta störf þeirra, þótt á þetta sé bent, heldur einungis drepið á staðreynd, sem hlaut að verða afleiðing af kerfinu sjálfu og því, hvernig að nefndunum var búið. — Er ekki neinn vafi á því, að sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði, mun hafa í för með sér bætta og réttlátari skattheimtu.

Lagt er til, að skipting landsins í skattumdæmi falli saman við núverandi kjördæmi. Í fljótu bragði mætti ætla, að með þessu móti væru umdæmin of stór og því ofviða einum manni að fara með skattálagningu í svo víðlendu umdæmi. Þegar nánar er að gáð, ætti ekki að þurfa að óttast, að svo sé, og kemur þar ýmislegt til. Er þar fyrst að nefna gerbreytingu þá, sem orðið hefur á samgöngumálum landsins síðustu áratugi. Þótt vitanlega sé nauðsynlegt að yfirfara öll framtöl, þá hefur sú breyting, er 1960 var gerð á skattalögunum, haft í för með sér, að

þeim, sem gjalda tekjuskatt, fækkar stórlega. Samkvæmt skýrslum var tala gjaldenda 1959 á öllu landinu 63 496, en 1960 einungis 16 643.

Tala tekjuskattsgjaldenda á árinu 1960 skiptist þannig á skattumdæmi þau, sem lagt er til, að upp verði tekin skv. 28. gr. frv.:

1.	Reykjavík	9127
2.	Vesturlandsumdæmi	987
3.	Vestfjarðaumdæmi	628
4.	Norðurlandsumdæmi vestra	496
5.	Norðurlandsumdæmi eystra	1117
6.	Austurlandsumdæmi	573
7.	Suðurlandsumdæmi	1325
8.	Reykjanesumdæmi	2390

Þá kynni því að vera haldið fram, að erfitt sé um samband við skattstjóra í svo víðlendum umdæmum. Því er til að svara, að skv. 30. gr. er gert ráð fyrir því, að skattstjóri hafi umboðsmann í hverju sveitarfélagi í umdæmi sínu, og verður hann tengiliður milli skattþegna og skattstjóra og lætur í té hvers konar upplýsingar, er skattstjóra kunna að vera nauðsynlegar um hagi manna í því sveitarfélagi. — Enn fremur geta skattþegnar komið á framfæri við skattstjóra um hendur umboðsmanns hverjum þeim athugasemdum og upplýsingum, sem þeir kunna að óska.

Ekki hefur þótt rétt að rígbinda skiptingu landsins í skattumdæmi við kjördæmin, og er því ráðherra í síðustu mgr. 28. gr. veitt heimild til frávika, ef sérstaklega stendur á.

Um 29. gr.

Þær breytingar, sem greinin felur í sér frá núgildandi lögum, eru tvær.

Önnur er sú, að skipunartími skattstjóra verður eigi lengur bundinn við 6 ár í senn. Þykir eðlilegt, að hér sé sami háttur hafður á og um aðrar fastar stöður hjá ríkinu.

Hin breytingin er í því fólgin, að skattstjóri skuli fullnægja tilteknum þekkingarskilyrðum, sem þykja nauðsynleg, til þess að slíkt starf verði rækt með góðum árangri. Sanngjarnt verður að telja, að víkja megi frá þessu um þá, sem gegnt hafa skattstjórastarfi, þegar lögin öðlast gildi, og því fengið hagnýta reynslu í þessum málum.

Um 30. gr.

Störf þeirra umboðsmanna, sem um ræðir í greininni, eru í meginatriðum hin sömu og núverandi undirskattanefnda, að því fráteknu, að þeir hafa ekki skattálagningu með höndum.

Hreppstjórar eru nú formenn undirskattanefnda í sínu umdæmi lögum samkvæmt. Hefur því þótt sjálfsagt að leggja til, að lögfest væri sú regla, að þeir yrðu umboðsmenn skattstjóra, þegar hin nýja skipan um framkvæmd skattamála er upp tekin. Vera má, að hreppstjóri forfallist eða skorist undan þessum starfa, og þykir þá rétt að fjármálaráðherra skipi annan umboðsmann. Á hinn bóginn þykir ekki rétt að skylda bæjarstjóra til slíkrar umboðsmennsku í kaupstöðum, því að þeir gegna margir hverjir mjög umfangsmiklum störfum. Er talið heppilegast, að ráðherra skipi þar umboðsmanninn.

Um 31. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. — Er ekki vafi á því, að það stuðlar mjög að bættri framkvæmd skattamála og meira samræmi í skattákvörðunum að fela einum embættismanni yfirumsjón og eftirlit með þessum málum.

Um 32. gr.

Gert er ráð fyrir, að ríkisskattanefnd sé skipuð 3 mönnum, eins og nú er. Heppilegt verður að telja, að ríkisskattstjóri eigi sæti í nefndinni, og er þá sjálf-

sagt, að hann gegni þar formennsku. — Felld eru niður núgildandi ákvæði um, að einn nefndarmanna skuli hafa þekkingu á landbúnaði, en annar á sjávarútvegi og viðskiptum. Þykir eigi rétt að binda hendur ráðherra í þessu efni, því að auðvitað kemur ýmislegt fleira til greina, ef gera á ákveðnar kröfur um þekkingu til þeirra manna, sem sæti eiga í ríkisskattanefnd.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Þessi grein er að efni til eins og 30. gr. laganna.

VI. KAFLI

Í þessum kafla eru ákvæði um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl., og svara þau til ákvæða V. kafla laganna, þótt hér sé ýmsu öðruvísi skipað en þar.

Um 35. gr.

Þessi grein er samhljóða þremur fyrstu málsgr. 32. gr. laganna, að því einu undanskildu, að hér er gert ráð fyrir, að ríkisskattstjóri, en ekki ráðherra, skeri úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli skattlagður. Síðasta málsgr. núgildandi laga þykir eiga betur heima þar, sem fjallað er um innheimtuna, og er því í frv. skeytt við 47. gr.

Um 36. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 33. gr. núgildandi laga.

Nú eru ákvæði um framtalsfrest á þá leið, að skýrslur skulu komnar í kaupstöðum fyrir janúarlok, en annars staðar á landinu fyrir febrúarlok. Skattstjóri eða skattanefnd getur veitt frest til 15. marz, ef sérstaklega stendur á. Þeir, sem reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, þurfa ekki að skila framtölum fyrr en 31. marz í Reykjavík og 20. marz annars staðar á landinu og vátryggingarfélög eigi fyrr en 30. júní.

Lagt er til, að þessu verði breytt á þá lund, að skýrslur verði komnar til skattstjóra eða umboðsmanns hans fyrir janúarlok, hvar sem er á landinu. Þeir, sem hafa atvinnurekstur með höndum, þurfa þó eigi að skila framtali fyrr en fyrir lok febrúarmánaðar. Ef sérstaklega stendur á, getur skattstjóri veitt frest til 15. febrúar og atvinnurekendum til 15. marz.

Vátryggingarfélög eru talin hafa sérstöðu og þurfa eigi að skila framtali fyrr en 30. apríl.

Þá eru gerðar smávægilegar orðalagsbreytingar á 3. málsgr. 33. gr. laganna, sem fjallar um aðstoð við framteljendur.

Rétt þykir að flytja 4. málsgr. 33. gr., um skyldu til að leggja fram bókhald, í næstu grein á eftir, sem fjallar um upplýsingaskyldu.

Um 37. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 34. gr. laganna, sbr. þó það, sem segir síðast í aths. við næstu grein hér á undan.

Í fyrsta málslið greinarinnar er skotið inn orðunum „nauðsynlegar upplýsingar“ til þess að kveða skýrar á um það, að þeim aðilum, sem um ræðir í greininni, sé ekki valdið óþarfri fyrirhöfn.

Þá er og í síðasta málslið 2. málsgr. nýtt ákvæði um það tilvik, að séu laun greidd fyrir milligöngu annars manns og vinnuveitandi því eigi fær um að láta upplýsingar í té, þá hvíli skyldan á milligöngumanni. Hefur stundum valdið vandkvæðum í framkvæmd undanfarið, að ákvæði um þetta efni hefur vantað í skattalögin.

Um 38. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 35. gr. núgildandi laga.

Orðalagi er vikið við og nokkrar efnisbreytingar gerðar. Í upphafi greinarinnar er svo fyrir mælt, að þegar framtalsfrestur er liðinn, skuli skattstjóri leggja tekjuskatt og/eða eignarskatt á gjaldanda samkvæmt framtali hans. Þetta er annað orðalag en í núgildandi lögum. Þykir rétt að láta koma fram, að framtalið sé grundvöllur skattálagningar, ef ekki er að því fundið eða það rengt. — Heimildir skattstjóra til leiðréttinga á framtali og til þess að krefjast nánari skýringa, ef það er óglöggt eða tortryggilegt, eru hinar sömu og í núgildandi lögum. Sú breyting er gerð, ef skattstjóri fær eigi fullnægjandi skýringar eða gögn og áætlar því skatta gjaldanda, að þá er skylt að senda ríkisskattstjóra skýrslu um málið. Þykir rétt, að ríkisskattstjóri eigi þess kost að fjalla um slík mál, þar sem verulega kann að hafa borið á milli skattþegns og skattstjóra eða skattþegn hefur látið hjá líða að gefa nauðsynlegar upplýsingar. — Að vísu er skattþegni ætíð heimilt að kæra áætlun skattstjóra innan tiltekins frests. Má því gera ráð fyrir, að allmörg þeirra tilvika, sem rætt er um hér, mundu á þann hátt koma til aðgerða ríkisskattstjóra. Það er þó engan veginn víst, að svo yrði ætíð, og því er þetta ákvæði sett.

2. málsgr. greinarinnar svarar til 1. málsliðs 2. málsgr. 35. gr. núgildandi laga, þó svo, að fellt hefur verið niður það ákvæði, að áætlun skuli vera að minnsta kosti 10% hærri en skattmat næst á undan o. s. frv. Þetta ákvæði sýnist ástæðulaust, þegar litið er til viðurlaga þeirra, sem beita skal samkv. 48. gr.

Síðasti málsliður 35. gr. þykir eiga betur heima í næstu grein hér á eftir.

Um 39. gr.

Þetta er ný grein. Eru hér færð saman á einn stað ákvæði um svokallaðan „eftirreikning“ á skatti. Ákvæði þessi er nú að finna í eftirtöldum greinum skattalaganna: 2. málsgr. 35. gr., síðasta málslið 48. gr. og 49. gr. Sú breyting er gerð, að eigi er heimilt að reikna skatt lengra aftur í tímann en 6 ár í stað 10 nú, ef skattþegn hefur skýrt rangt frá tekjum sínum, og 4 ár í stað 5, ef áætlun hefur reynzt of lág hjá skattþegni, sem eigi hefur talið fram.

Um 40. gr.

Í greininni er ákveðið, að skattstjórar skuli hafa lokið skattálagningu fyrir mailok alls staðar á landinu. Samkv. núgildandi lögum á skattálagningu að vera lokið innan marzmánaðarloka, nema í Reykjavík, þar er miðað við 24. maí. Í framkvæmd mun þessu eigi hafa verið fylgt, og liggja til þess ýmsar ástæður. Hefur stundum dregizt fram yfir mitt ár, að skattskrár væru fram lagðar. Nú, þegar gjaldendum hefur fækkað svo sem áður er á drepið, ætti að mega vænta þess, að eigi þyrfti lengri frest en lagt er til í greininni. Þá má og búast við, að hinar fljótvirku IBM-vélar verði í vaxandi mæli notaðar í sambandi við skattálagningu, jafnvel á öllu landinu, og ætti það að stuðla að því, að skattskrár verði fyrr tilbúnar en raun hefur orðið á undanfarið.

Um 41. gr.

Kærufrestir eru óbreyttir frá núgildandi lögum, eftir því sem við á.

Fellt er niður ákvæði 2. málsl. 38. gr. núgildandi laga um heimild gjaldenda til þess að kæra út af því, að tekjur og eign annarra gjaldenda sé of lágt ákveðin o. s. frv. Þessu ákvæði mun sjaldan eða aldrei hafa verið beitt, og verður því að teljast óþarft. Auðvitað getur hver gjaldþegn eftir sem áður komið á framfæri við skattstjóra eða umboðsmann hans hverjum þeim upplýsingum og ábendingum, sem hann telur ástæðu til.

Um 42. gr.

Þar eð gert er ráð fyrir, að yfirskattanefndir séu lagðar niður, ganga kærur út af úrskurðum skattstjóra nú beint til ríkisskattanefndar. Er kærufrestur ákveðinn

15 dagar frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra í Reykjavík, en annars staðar á landinu 30 dagar. Ákvæðið í 2. málsgr. greinarinnar er nú að finna í 44. gr. skattalaga, en þykir eiga betur heima hér.

Rétt þykir að kveða sérstaklega á um það, að úrskurðir ríkisskattanefndar skuli vera rökstuddir.

Ákvæði 4. málsgr. er nýmæli. Úrskurðir ríkisskattanefndar geta oft skipt skattþegn miklu máli fjárhagslega. Verður því að telja sanngjarnt að gefa honum eða umboðsmanni hans kost á að flytja mál sitt fyrir nefndinni.

Í 5. málsgr. greinarinnar er svo ákveðið, að ríkisskattanefnd skuli leggja úrskurð á kærur fyrir októberlok. Í 41. gr. núgildandi laga er frestur til að úrskurða kærur úr Reykjavík til septemberloka, en annars staðar á landinu til nóvemberloka. Hér er því farið bil beggja.

Ákvæði 6. málsgr. greinarinnar er nú að finna í 2. málsgr. 42. gr. skattalaga og ákvæði 7. málsgr. í 3. málsgr. sömu greinar.

Um 43. gr.

Grein þessi er að efni til í megindráttum samhljóða 42. gr. núgildandi laga. Þó leiðir af því, að lagt er til, að komið verði á fót embætti ríkisskattstjóra, að eðlilegt þykir að fela honum ýmis eftirlits- og leiðbeiningarstörf, sem ríkisskattanefnd hefur nú með höndum.

Starfssvið ríkisskattanefndar verður samkv. frv. það eitt að fjalla um kærur og kveða upp úrskurði svo og að ákveða verðlag búpenings.

Um 44. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli og er samhljóða 5. málsgr. 13. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt.

Um 45. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 43. gr. núgildandi laga, en orðalagi breytt og efni þjappað saman.

Um 46. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við 1. málsgr. 44. gr. núgildandi laga.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 45. gr. núgildandi laga, sbr. þó aths. við 35. gr. frv.

VII. KAFLI

Efni þessa kafla svarar til VI. kafla laganna.

Um 48. gr.

Í þessari grein er að finna hliðstæð ákvæði þeim, er nú eru í 46. gr. gildandi laga. Þó er orðalagi vikið við og sú efnisbreyting gerð, að hækka skal mat skattstjóra um 15%, ef áætlun skattstjóra er eigi kærð innan tilskilins frests. Á með þessu að stuðla að því, að skattþegn geti eigi haft hag af því að láta hjá líða að senda framtalsskýrslu.

Um 49. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því, að í stað „10 ár“ kemur 6 ár.

Um 50. gr.

Þessi grein er að efni til eins og 50. gr. núgildandi laga.

Um 51. gr.

Greinin er samhljóða 51. gr. núgildandi laga.

Um 52. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 53. og 54. gr. núgildandi laga.

VIII. KAFLI

Um 53. gr.

Stofninn í þessari grein er 36. gr. laganna og öðrum þræði 12. gr. 1. málsgr., en hún er þó nokkru víðtækari. Sbr. einnig athugasemdir við 16. gr. frv.

Um 54. gr.

Þessi grein er samhljóða 62. gr. laganna.

Um 55. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Sýnilegt er, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, getur ekki tekið gildi, fyrr en nokkru eftir að framtalsfrestur um skil á skattskýrslum er liðinn. Skiptir miklu fyrir greiða skattaframkvæmd, að þegar í stað sé farið að vinna að skattaákvörðunum eftir að framtalsfrestur er liðinn. Þá verður og aðdragandi að því, að skattstjórar geti orðið skipaðir eftir lögum þessum. Fyrir þessa sök þykir óhjákvæmilegt, að þeir aðilar, sem ákveða skatta eftir gildandi lögum, gegni því verkefni einnig um skatta af tekjum og eignum ársins 1961 og um starfshætti þeirra svo og framtöl tekna, fresti og úrskurðun kæra fari eftir lögunum nr. 46/1954.

Í 1. og 2. málsgr. 56. gr. er gert ráð fyrir, að ákvæði V., VI. og VII. kafla laganna svo og 53. og 54. gr. taki ekki gildi, fyrr en 1. okt. 1962, en þá má ætla, að skattaákvörðunum sé lokið og úrlausn kæra af hendi yfirskattanefnda að mestu leyti. Að sínu leyti er gert ráð fyrir, að hliðstæð ákvæði laga nr. 46/1954, IV., V. og VI. kafla og 62. gr. haldi gildi sínu til sama tíma. Ákvæði frumvarps þessa um skattskyldu (I. kafla), um skattskyldar tekjur (II. kafla), um skattskyldar eignir (III. kafla) og skattstiga (IV. kafla) eiga að gilda um ákvarðanir á sköttum af tekjum og eignum ársins 1961, og taka þau ákvæði gildi þegar í stað svo og 31. gr. um ríkisskattstjóra, er síðar verður vikið að. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði I., II., III., VII. og VIII. kafla laga nr. 46/1954 svo og breytingarlaga við þau lög, og enn fremur lög 59/1946, sbr. lög 33/1960 og lög 96/1936 um skattfrelsi Mjólkursamsölunnar í Reykjavík og Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda.

Í 3. málsgr. greinarinnar segir um áframhaldandi gildi reglugerða, er settar hafa verið með stoð í eldri lögum, og gildir hið sama um aðrar stjórnarvaldsreglur en reglugerðir, er almennt gildi hafa um skattákvarðanir.

Í 4. málsgr. er vikið að því, að í einstökum lögum og reglugerðum er undirskattanefndum og yfirskattanefndum falin einstök störf, er ekki varða sýslu þeirra samkv. skattalögum sem slíka. Þar sem gert er ráð fyrir því, að nefndir þessar verði lagðar niður, þykir eðlilegast að mæla svo fyrir, að skattstjórar, sem skipaðir verða samkv. lögum þessum taki við þessum störfum. Sem dæmi um slík störf má nefna:

1. Í 22. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er yfirskattanefndum falið mat á hlunnindum, þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu.
2. Í lögum nr. 27/1954, um verðlagsskrár, er yfirskattanefndum falið að semja verðlagsskrár og setja verðlag á búpening.
3. Með lögum nr. 10/1960, um söluskatt, er skattanefndum falið að leggja á söluskatt.
4. Samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 24/1956, má kæra til yfirskattanefnda út af gjaldskrá skv. 72. og 73. gr. laganna. Hliðstæð ákvæði eru í lögum nr. 29/1956, 8. gr., um atvinnuleysistryggingar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 56. gr. frv. tekur 31. gr. frv. gildi þegar í stað, enda er mjög mikilvægt, að unnt sé að skipa ríkisskattstjóra fljótlega eftir gildistöku laganna, bæði fyrir þann mann, sem skipaður verður, svo og fyrir ríkisstjórnina vegna undirbúnings að framkvæmd laga þessara. Nú er hins vegar á það að líta, að flestum ákvæðum, er varða störf hans og starfshætti er frestað til 1. okt. 1962, og þykir því rétt að mæla sérstaklega svo fyrir í 1. tölulið í ákvæðum til bráðabirgða, að hlutverk hans sé það fram til 1. okt. 1962 að vera ríkisstjórninni til aðstoðar í skattamálum.

Ákvæði 3. töluliðs veita fjármálaráðherra heimild til að framlengja umboð yfirskattanefnda fram yfir 1. okt. 1962 til afgreiðslu mála, enda kann svo að fara í sumum skattumdæmum, að nefndirnar hafi eigi að fullu lokið störfum samkv. 36. og 39. gr. laga nr. 46/1954 á því tímamarki.

Fylgiskjal A.

Yfirlit, er sýnir, hvaðan úr gildandi skattalögum einstakar greinar frumvarpsins eru teknar og hverjar greinar eru nýmæli.

Þar sem rætt er um lögin er átt við gildandi skattalög.

1. gr. frv. er 1. gr. laga 46/1954 óbreytt, nema orðunum „og eignum“ er skotið inn í lok 1. málsgr.

2. gr. frv. 1., 2. og 4. málsgr. eru sambærilegar málsgreinar 2. gr. laganna. 3. málsgr. 2. gr. er 2. málsgr. 15. gr. laganna lítið breytt. 3. málsgr. 2. gr. laga 46/1954 er nú í 2. málsgr. 6. gr. frv.

3. gr. frv. 1.—3 málsgr. eru 11. gr. 1. og 4. málsgr. laga 46/1954, sbr. l. 36/1958, 5. gr. a, og l. 18/1960, 3. og 4. gr. og að nokkru leyti 10. gr. j-liður laga 46/1954, sbr. l. 18/1960, 2. gr. 4. málsgr. 3. gr., er varðar eignarskatt, er 20. gr. laga 46/1954.

4. gr. frv. er 11. gr. 2. og 3. málsgr. laga 46/1954. Ákvæði 3. málsgr. er nýmæli.

5. gr. frv. er tekin úr 3. gr. laganna, en nær þó bæði til tekjuskatts og eignarskatts.

A- og B-liðir eru óbreyttir frá því, sem nú er í 3. gr. laganna, sbr. l. 36/1958, 1. gr. a.

C-liður svarar til samnefnds liðar 3. gr., svo sem hann var orðaður í lögum 36/1958, en nokkru er þó breytt.

D-liður er nýmæli.

6. gr. frv. 1. og 3. málsgr. eru að efni til óbreyttar 4. og 5. gr. laganna, en 2. málsgr. er tekin úr 3. málsgr. 2. gr. laganna.

7. gr. frv. er 7. gr. laganna, en nýmæli er í D-lið um jöfnunarhlutabréf. Lokamálsgr. er tekin úr 10. gr. lokamálsgr. laganna.

8. gr. frv. er 8. gr. laganna 1. og 2. málsgr.

9. gr. frv. 1. málsgr. er tekin úr 10. málsgr. 8. gr. laganna, 2. málsgr. er tekin úr 11. málsgr. 8. gr. laganna, 3. málsgr. er tekin úr 13. málsgr. 8. gr. laganna og 4. málsgr. úr 9. málsgr. 8. gr. laganna.

10. gr. frv. er 9. gr. laganna. H-liður er þó nýmæli.

11. gr. frv. A-liður er tekinn úr a-lið 10. gr. laganna, en numin eru úr þeim lið ákvæði um fyrningar.

B-liður er tekinn úr b-lið 10. gr. laganna.

C-liður er sama efnis og c-liður 10. gr. laganna.

12. gr. frv. A-liður er f-liður 10. gr. laganna.

B-liður er g-liður 10. gr. laganna.

C-liður er i-liður 10. gr. laganna.

D-liður er nýmæli.
E-liður er nýmæli.
F-liður er tekinn úr 10. gr. næstsíðustu málsgr.

13. gr. frv. A-liður er úr k-lið 10. gr., sbr. l. 18/1960, 2. gr.
B-liður er l-liður 10. gr. laganna.
C-liður er e-liður 10. gr. laganna.
D-liður er d-liður 10. gr. laganna.
E-liður er nýmæli.

14. gr. frv. er tekin úr h-lið 10. gr. laganna, sbr. l. 40/1959, 2. gr.

15. gr. frv. 1. efnismálsgr. er tekin að nokkru úr a-lið 10. gr. laganna, en efnislega þó breytt. 2.—4. málsgr. eru úr lögum 59/1946, sbr. l. 33/1960.

16. gr. frv. 1. málsgr. er tekin úr 12. gr. laganna 1. málsgr., sbr. l. 18/1960, 4. gr. 2. málsgr. er að mestu nýmæli. 3. málsgr. er tekin úr 10. gr. j-lið laganna og 4. málsgr. úr 12. gr. 4. málsgr. þeirra. 5. málsgr. er tilvísunargrein.

17. gr. frv. 1.—2. málsgr. eru teknar úr 7. og 8. málsgr. 8. gr. laganna. 3. og 4. málsgr. eru teknar úr 4., 5. og 6. málsgr. 8. gr. laganna. 5. málsgr. er 3. málsgr. 8. gr. laganna.

18. gr. frv. 1. málsgr. er 13. gr. laganna. 2. málsgr. er 7. gr. lokamálsgr. 3. málsgr. er 3. málsgr. 12. gr. lítið breytt.

19. gr. frv. er 17. gr. laganna lítið breytt.

20. gr. frv. er 18. gr. laganna.

21. gr. frv. er III. kafli laganna, 22. gr.

22. gr. frv. er 19. gr. laganna.

23. gr. frv. er 15. gr. 1. málsgr. 2. málsl. laganna.

24. gr. frv. er 21. gr. laganna.

25. gr., tekjuskattstigar, er 6. gr. laganna, sbr. l. 18/1960, 1. gr.

26. gr. frv. er 14. gr. laganna, sbr. l. 36/1958, 7. gr.

V. kafli um skattaumdæmi, skattstjóra, ríkisskattanefnd o. fl. Ákvæði þess kafla eru að ýmsu leyti ný að stofni til, en koma í stað ákvæða IV. kafla laganna.

32. gr. frv. er hliðstæð 26. gr. laganna.

34. gr. frv. er sama efnis og 30. gr. laganna.

VI. kafli. Um framtöl tekna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.

35. gr. frv. er tekin úr 32. gr. laganna.

36. gr. frv. er tekin úr 33. gr. laganna.

37. gr. frv. er tekin úr 34. gr. laganna.

38. gr. frv. er tekin úr 35. gr. laganna.

39. gr. frv. 1. málsgr. er tekin úr 35. gr. 2. málsgr. laganna. 2. málsgr. er tekin úr 48. gr. laganna. 3. málsgr. er tekin úr 49. gr. laganna.

40. gr. frv. er tekin úr 37. gr. laganna.

41. gr. frv. er tekin úr 38. gr. laganna.

42. gr. frv. er tekin úr 41. og 42. gr. laganna, en 2. málsgr. er í 44. gr. laganna.

43. gr. frv. er nýmæli, en hliðstætt efni er að nokkru í ákvæðum um ríkisskattanefnd í lögunum, sbr. 42. gr.

44. gr. frv. er nýmæli.

45. gr. frv. er tekin úr 43. gr. laganna.

46. gr. frv. er tekin úr 1. málsgr. 44. gr. laganna.

47. gr. frv. er tekin úr 45. gr. laganna, en 2. málsgr. þó úr 20. gr. þeirra.

VII. kafli. Refsiákvæði.

48. gr. frv. er tekin úr 46. gr. laganna.

49. gr. frv. er tekin úr 47. gr. laganna.

50. gr. frv. er tekin úr 50. gr. laganna.

51. gr. frv. er tekin úr 51. gr. laganna.

52. gr. frv. er tekin úr 53. og 54. gr. laganna.

53. gr. frv. er tekin að nokkru úr 36. gr. og 12. gr. 1. málsgr. laganna.

54. gr. frv. er tekin úr 62. gr. laganna.
55. gr. frv. er tekin úr 64. gr. laganna, sbr. l. 36/1958, 13. gr.

Fylgiskjal B.

Yfirlit, er sýnir, hvar einstökum ákvæðum laga nr. 46/1954 ásamt breytingarlögum er skipað í frv. og hver ákvæði gert er ráð fyrir, að felld verði niður.

1. gr. er 1. gr. frv.
2. gr. 1., 2. og 4. málsgr. eru sambærilegar málsgr. 2. gr. frv. 3. málsgr. 2. gr. er nú í 2. málsgr. 6. gr. frv.
3. gr. er 5. gr. frv.
4. og 5. gr. eru í 6. gr. frv.
6. gr. er í 25. gr. frv.
7. gr. er í 7. gr. frv., en lokamálsgr. er þó í 2. málsgr. 18. gr. frv.
8. gr. 1.—2. málsgr. eru í 8. gr. frv. 3. málsgr. er í lokamálsgr. 17. gr. frv. 4.—8. málsgr. eru í 17. gr. frv. 9. málsgr. er í 9. gr. lokamálsgr. frv. 10.—11. og 13. málsgr. eru í 9. gr. frv. 12. málsgr. er ekki í frv.
9. gr. er í 10. gr. frv.
10. gr. a-liður er í 11. gr. A-lið og 15. gr. A-lið frv.
b- og c-liðir eru í 11. gr. B- og C-lið frv.
d-liður er í 13. gr. D-lið.
e-liður er í C-lið 13. gr. frv.
f-liður er í 12. gr. A-lið frv.
g-liður er í 12. gr. B-lið frv.
h-liður er í 14. gr. frv.
i-liður er í 12. gr. C-lið frv.
j-liður er í 3. gr. frv.
k-liður er í 13. gr. A-lið frv.
l-liður er í 13. gr. B-lið frv.
m-liður er ekki í frv.
Næstsíðasta málsgr. er í 12. gr. F-lið frv. Síðasta málsgr. er í lokamálsgr. 7. gr. frv.
11. gr. er í 3. gr. frv. og að nokkru í 4. gr. þess, sbr. og 53. gr. frv.
12. gr. 1. málsgr. er í 16. gr. frv. 2. málsgr. er í 16. gr. frv. 3. málsgr. er í 18. gr. 3. málsgr. frv. 4. málsgr. er 4. málsgr. 16. gr. frv. 5. málsgr. er 3. málsgr. 18. gr. frv.
13. gr. er í 18. gr. frv.
14. gr. er í 26. gr. frv.
15. gr. 1. málsgr. er í 1. gr. frv., en 2. málsl. í 23. gr. þess.
16. gr. er í 6. gr. frv.
17. gr. er í 19. gr. frv.
18. gr. er í 20. gr. frv.
19. gr. er í 22. gr. frv.
20. gr. fyrri málsl. er í 4. málsgr. 3. gr. frv. og síðari málsl. er í 47. gr. 2. málsgr. frv.
21. gr. er í 24. gr. frv.
22. gr. er í 21. gr. frv.
IV. kafli er að nokkru í V. kafla frv.
32. gr. er í 35. gr. frv.
33. gr. er í 36. gr. frv.
34. gr. er í 37. gr. frv.
35. gr. er í 38. gr. og 39. gr. frv.
36. gr. er í 53. gr. frv.
37. gr. er í 40. gr. frv.
38.—40. gr. eru í 41. gr. frv.

41. gr. er í 42. gr. frv.
42. gr. er í 42. gr. frv.
43. gr. er í 45. gr. frv.
44. gr. er í 46. gr. frv.
45. gr. er í 47. gr. frv.
46. gr. er í 48. gr. frv.
47. gr. er í 49. gr. frv.
48. gr. er í 39. gr. frv.
49. gr. er í 39. gr. frv.
50. gr. er í 50. gr. frv.
51. gr. er í 51. gr. frv.
52. gr. er ekki í frv.
53. gr. er í 52. gr. frv.
54. gr. er í 52. gr. frv.
55.—61. gr. eru ekki í frv., sjá athugasemdir við 17. gr. 2. málsgr. frv.
62. gr. er í 54. gr. frv.
63. gr. er tímabundin.
64. gr. er í 55. gr. frv.

Ed. 270. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (AGl) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 7. febr. 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson.
Magnús Jónsson.

Ed. 271. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 10. apríl 1956, um prentrétt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (AGl) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 7. febr. 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson.
Magnús Jónsson.

Ed. 272. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1955, um breyting á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (AGl) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 7. febr. 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson.
Magnús Jónsson.

Nd. 273. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1962).

1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveður, hversu háa fjárhæð Samábyrgðin tekur í eigin áhættu í hverju skipi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er með þeim úr gildi numin 2. gr. laga nr. 52 17. maí 1947.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að unnt muni vera að lækka endurtryggingarkostnað Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum með því að breyta endurtryggingarsamningunum og auka hlutdeild Samábyrgðarinnar í tryggingunni, og að slíkar breytingar sé hægt að gera án þess að hagsmunum hinna tryggðu sé stefnt í tvísýnu. Hins vegar séu ákvæði núgildandi laga um takmörkun á áhættu Samábyrgðarinnar til fyrirstöðu áðurnefndum breytingum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveður, hversu háa fjárhæð Samábyrgðin tekur í eigin áhættu í hverju skipi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962, og er með þeim úr gildi numin 2. gr. laga nr. 52 17. maí 1947.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

Ed. 274. Frumvarp til laga [141. mál]

um breyting á lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykkt eða fyrirmælum gefnum samkvæmt henni varðar sektum, allt að 5000 krónum, er renna í bæjar- eða hreppssjóð.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að 1000 krónum, þar til úr er bætt. Dagsektir renna í bæjar- eða hreppssjóð. Einnig getur heilbrigðisnefnd látið vinna verk, er hún hefur lagt fyrir, að unnið skyldi, á kostnað þess, er vanrækt hefur að vinna verkið.

Kostnað og dagsektir skv. 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt af heilbrigðis- og félagsmálanefnd að ósk borgarráðs Reykjavíkur, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Stórbætt heilsufar þjóðarinnar síðustu árin er einn gleggsti votturinn um vaxandi menningu þjóðarinnar.

Starfsemi heilbrigðisnefnda og starfsliðs þeirra á sinn þátt í þessu, þótt þess sé sjaldan getið eða það metið sem vert er.

Þótt allir séu sammála um, að auka beri almennt hreinlæti og bæta hollustuhætti, svo sem frekast er unnt, kemur oft annað hljóð í strokkinn, þegar einstaklingi eða fyrirtæki er fyrirskipað af heilbrigðisnefnd að láta framkvæma óhjákvæmilegar endurbætur á starfsemi sinni.

Ef aðili lætur undir höfuð leggjast að sinna fyrirmælum heilbrigðisnefndar, eru þrjár leiðir fyrir hendi. Ein er sú að kæra hann til refsingar. Sú leið er mjög seinfarin, og þar sem sektir eru ekki mjög háar, getur sá, sem hlut á að máli, haft hreinan fjárhagslegan ávinning af óhlýðni sinni. Lokun er hægt að beita í sumum tilvikum, en alls ekki um öll brot á heilbrigðissamþykktum. Þriðja leiðin er sú, að heilbrigðisnefndin láti vinna verkið á kostnað aðila. Þessi leið er mjög sjaldan notuð, enda mjög þung í vöfum.

Af þessu er ljóst, að samkvæmt gildandi lagaákvæðum getur verið allerfitt að koma fram nauðsynlegum ráðstöfunum í heilbrigðismálum. Má enn nefna sem dæmi, að mjög erfitt mundi að koma fram nokkurri ábyrgð, sem heitið getur, á hendur húseiganda, er bryti bann heilbrigðisnefndar með því að leigja út heilsuspillandi íbúð, sem bönnuð hefur verið af heilbrigðisnefnd, eða halda uppi slíku banni.

Í þessu sambandi hefur helzt komið til álita, að dagsektir mundu reynast heppileg aðferð til að knýja fram samþykktir heilbrigðisnefndar, án þess þó að sektaleiðin væri á nokkurn hátt útilokuð, þar sem hún á við. Er lagt til, að sú breyting verði tekin í lög og jafnframt verði lögtaksheimild veitt til að auðvelda innheimtu.

Að öðru leyti þarfnast frumvarpið varla skýringa.

Nd. 275. Frumvarp til laga [142. mál]

um sjúkraþjálfun.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

1. gr.

Rétt til að kalla sig sjúkraþjálfara hér á landi hafa þeir einir, sem hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra. Sjúkraþjálfarar skulu hafa lokið námi í sjúkraþjálfun (fysiotherapi) við skóla í þeirri grein, sem viðurkenndur er sem fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í, og af landlækni, eða hafa menntun, sem því jafngildir að dómi ráðherra. Einnig má ráðherra löggilda þá, sem starfað hafa í þessari grein, þegar lög þessi öðlast gildi. Um ofangreind þrjú atriði tekur ráðherra ákvarðanir að fengnum meðmælum landlæknis og umsögn formanns Félags íslenzkra sjúkraþjálfara.

2. gr.

Sjúkraþjálfun er meðferð, sem sjúkum er veitt í lækningaskyni með nuddi, æfingum, ljósum, hita, rafmagni og á ýmsan annan hátt eftir fyrirmælum læknis.

3. gr.

Sjúkraþjálfara ber að meðhöndla sjúklinga einungis samkvæmt fyrirmælum lækna.

4. gr.

Ekki mega læknar hafa í þjónustu sinni annað fólk til að framkvæma sjúkraþjálfun en sjúkraþjálfara, nema með samþykki landlæknis.

5. gr.

Óheimilt er að ráða aðra en þá, sem eru fullgildir sjúkraþjálfarar samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra starfa við sjúkrahús, elliheimili, hressingarhæli, barnahæli og aðrar þess háttar stofnanir eða að skólum til starfa við sjúkraleikfimi. Ráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Um sjúkraþjálfara gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota sjúkraþjálfara, um sviptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu löggildingar.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. sama efnis var flutt á síðasta þingi. Nú er það endurflutt með nokkkrum breytingum í samræmi við ábendingar læknadeildar Háskóla Íslands, landlæknis og stjórnar Læknafélags Íslands. Frv. fylgdi í fyrra svo hljóðandi greinargerð:

Frv. þetta er flutt að beiðni Félags íslenzkra sjúkraþjálfara. Í þeim félagsskap eru aðeins þeir sjúkraþjálfarar, sem stundað hafa nám í grein sinni við viðurkennda skóla erlendis og lokið þaðan tilskildum prófum. Hér á landi starfar enginn skóli í þessari grein.

Tilgangur þessa frv. er tvíþættur. Annars vegar lýtur það að því að tryggja þeim sjúkraþjálfurum, sem lokið hafa námi í sérgrein sinni, rétt til að starfa við sjúkraþjálfun fram yfir þá, sem ekki hafa til starfsins lært. Hins vegar lýtur það að öryggi þeirra sjúklinga, er á sjúkraþjálfun þurfa að halda. Á miklu veltur fyrir heilsu þeirra, að sú meðferð sé framkvæmd á réttan hátt, og því þeirra hagur, að þeir einir hafi heimild til að stunda þetta starf, sem til þess hafa kunnáttu.

Í lögum nr. 47 frá 1932 eru ákvæði um svokallað takmarkað lækningaleyfi. Samkvæmt þeim er það veitt tannlæknum, nuddurum, sem tekið hafa upp starfsheitið sjúkraþjálfarar, og öðrum að fullnægðum nánar greindum skilyrðum í lögunum. Felur það í sér heimild til að stunda sjúklinga undir eftirliti læknis.

Ákvæði skortir í lögum til að vernda rétt lærðra sjúkraþjálfara til starfa. Á meðan svo stendur, er félagsskapur þeirra hér á landi ekki viðurkenndur sem þátttakandi í alþjóðasamtökum sjúkraþjálfara, og hlýzt vitanlega af því ýmiss konar óhagræði.

Sérstök lög gilda hér á landi um tannlækna, ljósmæður og hjúkrunarkonur. Má segja, að sá flokkur heilbrigðisstarfsmanna, sem frv. þetta fjallar um, hafi orðið afskiptur og fyllsta ástæða sé til að bæta þar um.

Fylgiskjal.

Greinargerð frá formanni Félags íslenzkra sjúkraþjálfara, frú Vivian Svavarsson.

Nudd og sjúkraæfingar, „fysiotherapi“, eða sjúkraþjálfun eru gömul lækningaaðferð, þó að hún hafi ekki lengi verið almennt notuð á Íslandi. Í nágrannalöndum og um allan heim hafa kröfur aukizt um hæfni og menntun þeirra, sem starfa í þessari grein, og ákveðnar reglur verið settar þar að lútandi. Hér á landi er enginn skóli starfandi, sem veitir nauðsynlega menntun til þessa starfa, og því hefur orðið að leita þeirrar menntunar til annarra landa. Hins vegar hefur komið fyrir, að lítið menntaðar eða jafnvel ómenntaðar stúlkur hafa fengizt við þetta starf. Þar sem nudd og sjúkraæfingar, „fysiurgi“, eru talin sérgrein í lækningum, er mjög óheppilegt, að það fái lengur viðgengizt, að ólærðu fólki leyfist að starfa í þessari grein, þó að það gerist að nafninu til undir eftirliti læknis, þar sem slíkt eftirlit getur aldrei verið fullnægjandi. Þær kröfur verður einnig að gera til menntunar þeirra, sem við þetta starfa, að þeir séu í engu eftirbátar starfsfélaga sinna í öðrum löndum.

Samtök þeirra löggiltra „nuddkvenna“, sem lokið hafa prófi frá löggiltum skólum erlendis, hafa verið starfandi í 20 ár. En félag þeirra, Félag íslenzkra sjúkraþjálfara, getur ekki án stuðnings laga haft eftirlit með því, að ólært fólk starfi ekki í þessari grein. Þar sem hér er fyrst og fremst um heill og öryggi sjúklinga að ræða, er bæði sjálfsagt og nauðsynlegt, að svipuð lög verði sett um nuddkonur og á sínum tíma voru sett um hjúkrunarkonur.

Ed. 276. Lög [138. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1962.

(Afgreidd frá Ed. 8. febr.).

Samhljóða þskj. 268.

Sþ. 277. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um rannsókn á því, hvernig jafna megi aðstöðu bænda til ræktunarframkvæmda.

Flm.: Bergþór Finnbogason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 3 manna nefnd til að rannsaka og gera tillögur um, hvernig jafna megi aðstöðu bænda til ræktunarframkvæmda. Nefndin skal skipuð þannig: einn eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, annar eftir tilnefningu nýbýlastjórnar ríkisins og sá þriðji án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Allur nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Allt frá því á landnámsöld hefur bithaginn, eins og hann kom frá náttúrunnar hendi, verið matarbúr íslenzka búfénaðarins og er það að miklu leyti enn í dag. Þó hafa síðustu áratugirnir þokað því nokkuð í aðra átt, og mun nú láta nærri, að mestallt heyfóður sé tekið á ræktuðu landi. En eigi að síður verður þó stærsti hluti búpeningsins enn í dag að leita út í bithagann óræktaðan þann tíma ársins, sem hann er ekki á gjöf.

Það er nú vaknaður almennur áhugi og skilningur á því, að slíkur búrekstur sé ekki lengur æskilegur og þurfi því breyting á að verða til þess að auka framleiðni búanna. Sú krafa verður því stöðugt áleitnari með hverju ári, sem líður, að bóndinn rækti beitiland fyrir búpening sinn. Allmargir bændur hafa nú þegar nokkuð ræktað land til beitar, en það er þó eigi nógu almennt og ekki líklegt, að ræktun stóraukist á næstunni. Þó að nokkur aukning sé árlega, þá er þess að gæta, að búpeningi fjölgar ár frá ári, enda þarf svo að verða í ríkari mæli á komandi árum hjá svo ört vaxandi þjóð. Það er því augljóst, að herða þarf róðurinn og efla þau samtök, sem stuðla að ræktun landsins, og gera þeim einstaklingum hægara um vik, sem erfiðasta hafa aðstöðuna.

Það er hverjum manni ljóst, sem um þessi mál hugsar, að eftir gróðurfari og jarðvegi er landið ákaflega misjafnt til ræktunar.

Við vitum ekki, hvort menn hafa almennt gert sér ljósa grein fyrir því, hve mikill munur getur verið á ræktunarkostnaði á mýrlendi annars vegar og harðvellismóum hins vegar. Við teljum því rétt að sýna hér tölulega, hvernig reynslan í þessum efnum hefur orðið hjá Landnámi ríkisins árið 1961. Þá var ræktunarkostnaður þessi:

Framræst land fyrir utan skurðgröft	kr.	11500.00 á ha.
harðvelli og móar	—	7510.00 – —
melar og sendin jörð	—	8016.00 – —

Hér munar hvorki meira né minna en nær 4000 kr. á ha., sem þýðir það, að þegar bóndinn í mýrinni ræktar einn ha., getur bóndinn í móunum ræktað rúmlega 1½ ha. fyrir sama fjármagn. Hér hefur að eins verið miðið við framræst land, og er þá ótalinn kostnaðurinn við framræsluna sjálfa. En það er mjög erfitt að ákvarða hann vegna breytilegs rúmmáls skurðanna, sem þurrka landið, en láta mun nærri, að það liggi einhvers staðar á milli 450 og 700 m^3 á ha.

Framræslukostnaður á vegum vélasjóðs mun vera um kr. 5.00 á m^3. Af þeim

kostnaði er greitt sem styrkur 65%, en 3% af þeirri upphæð renna til vélasjóðs. Er því ekki fjarri lagi, að beinn kostnaður bóndans af framræslunni sé 37%. En við það má svo raunverulega bæta þeim kostnaðarauka, sem fer til þess að dreifa uppmokstrinum úr skurðunum, áður en landið er unnið, og er hann varlega áætlaður jafn kostnaðarhluta bænda í framræslunni, því að ef vel á að vera, þarf að kýfa landið þannig, að hæst beri í miðju, en halli að skurðum, svo að yfirborðsvatnið eigi greiðan gang að þeim. Auk alls þessa, sem nefnt hefur verið, bætist það við, að land það, sem tekið er til þurrkunar, er ekki vinnsluhæft fyrr en eftir langan tíma. Það er því langur aðdragandi að því, að það fjármagn, sem þar er fest, skili arði. Að öllu þessu samanlögðu lætur nærri, að ræktunarkostnaður á framræstu landi sé helmingi hærri en á harðvelli og móum. Er því mjög mikill og greinilegur aðstöðumunur bænda til jarðræktarframkvæmda.

Með flutningi þessarar tillögu til þingsályktunar er ætlazt til þess, að ríkisstjórnin skipi 3 manna nefnd, sem rannsaki og geri tillögur um, hvernig jafna megi aðstöðu bænda til jarðræktarframkvæmda. Það vakir þó ekki fyrir flutningsmönnum þessarar tillögu, að skertur sé hlutur þeirra bænda, sem beztar hafa aðstæður til ræktunar, heldur hitt, að hlutur þeirra, sem erfiðari hafa aðstöðu, sé bættur verulega af hálfu hins opinbera frá því, sem nú er.

Það getur alltaf orðið deiluefni, hversu langt eigi að ganga til móts við bændur í ræktunarframkvæmdum af ríkisins hálfu. En það er þó staðreynd, sem ekki má líta fram hjá, að sú kynslóð, sem nú fæst við ræktun jarðarinnar, skilar henni margfalt verðmætari til næstu kynslóðar, og þess vegna stendur öll þjóðin í mikilli þakkarskuld við þá bændur, sem nú brjóta nýtt land til ræktunar.

Það kann að vera, að í náinni framtíð verði farið inn á nýjar brautir og reynt að framleiða fóður í stórum stíl á þeim stöðum, þar sem ræktunarskilyrði eru bezt. En til þess að góður árangur megi nást í því, verður framleiðslukostnaður að vera mjög hagstæður, og finna verður ráð til þess að þjappa fóðrinu saman að minnsta kosti um 50%. Þó að lítils háttar sé byrjað á slíkum tilraunum, er langur tími, þar til þær leysa fóðurþörfina að verulegum hluta.

Þó að ræktunarkostnaður hafi farið stöðugt hækkandi síðustu árin, hafa bændur reynt eftir megni að færa út túnin, en eigi að síður eru þó alvarleg teikn á lofti, þegar litið er til framræslunnar.

Árið 1960 voru grafnir á vegum vélasjóðs 3.3 millj. m³, en síðastliðið ár aðeins 2.8 millj. og hefði farið niður í 1.8 millj. m³, ef vélasjóður hefði ekki gert sérstakar ráðstafanir til að halda uppi þessum framkvæmdum. Þetta er mikið fall frá því, er mest var grafið, en þá voru grafnir 4 millj. m³.

Ef þessi þróun heldur áfram, er hætt við, að komi til stöðnunar í ræktunarframkvæmdum innan tíðar, þar sem landið þarf alllangan tíma til að þorna, áður en því er bylt. Það er þjóðarnauðsyn, að komið sé í veg fyrir slíkt með skjótum aðgerðum, svo að landbúnaðurinn geti tekið við sínum hluta af fjölgun þjóðarinnar til aukins öryggis og jafnvægis fyrir þjóðina í heild.

Nd. 278. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947, og við brtt. á þskj. 83.

Frá Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Jónasi Péturssyni, og Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr.

a. Við greinina bætist nýir töluliðir:

1. Á eftir D. 5 komi nýr liður:
   Hlíðarvegur: Af Strandavegi hjá Torfastöðum um Ljótsstaði, Vakursstaði og Hlíðarbæi og þaðan á Vesturdalsveg sunnan ár.

2. D. 7 orðist svo:
   Sunnudalsvegur: Af Strandavegi austan við Hofsá að Síreksstöðum, þaðan yfir Hofsborgartungu um Þorbrandsstaði að Einarsstöðum.
3. Á eftir D. 28 komi nýr liður:
   Jaðarsvegur: Af Skógavegi í Víkingsstaðarblá að Jaðri.
4. D. 29 orðist svo:
   Skriðdalsvegur: Af Skógavegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg, með álmu vestan Geitdalsárbrúar að Geitdal. Frá Múlaárbrú um Múlastekk, Birkihlíð og Borg að Hjarðarhlíð.
5. Á eftir D. 38 komi nýir liðir:
   a. *Kambsnesvegur:* Af Stöðvarfjarðarvegi að Heyklifi á Kambsnesi.
   b. *Hofsvegur:* Af Austurlandsvegi við Hofsárbrú í Álftafirði að Hofi.
   c. *Þvottárvegur:* Af Austurlandsvegi við Starmýri að Þvottá.

b. Við brtt. 83. Meginmál b. 10 orðist svo:
Skógargerðisvegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatnsfæti um Urriðavatn, Skógargerði, Rangá og á Hróarstunguveg eystri.

Sþ. 279. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um aukin afköst og bættar geymsluaðferðir síldarverksmiðja á Suðvesturlandi.

Flm.: Alfreð Gíslason bæjarstjóri, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Fiskifélagi Íslands að athuga og gera tillögur um, á hvern hátt megi auka afköst þeirra síldarverksmiðja, sem starfræktar eru á Suðvesturlandi.

Jafnframt fari fram athugun á því á hvern hátt auka megi geymslurými síldarverksmiðjanna svo og hvaða aðferðir skuli notaðar til geymslu síldarinnar til þess að tryggja gæði framleiðsluvörunnar.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur síldveiði við Suðvesturland stóraukizt síðustu tvö árin með tilkomu hinna fullkomnu veiðitækja, sem nú eru notuð. Hefur afli síldveiðiflotans oft orðið svo geysimikill, að verksmiðjurnar hafa engan veginn haft skilyrði til þess að taka á móti til úrvinnslu og geymslu því magni, sem borizt hefur að landi. Var svo komið s. l. haust, að sakir ónógs geymslurýmis varð hluti síldarflotans að stöðva veiðar um tíma.

Á haust- og vetrarsíldarvertíðinni er veðráttu þannig háttað, að oft koma langir kaflar, sem ekki er hægt að stunda veiðar, og gætu þá verksmiðjurnar, ef nægjanlegt geymslurými væri fyrir hendi, þegar mikill afli berst að landi, lengt vinnslutíma sinn mjög mikið og með því stóraukið heildarafköst sín.

Á síldarvertíðinni nú í vetur hafa komið fram hjá síldarverksmiðjunum ýmsir örðugleikar við geymslu síldarinnar, sem torveldað hafa mjög vinnslu hennar og rýrt verðgildi framleiðslunnar.

Reynd hafa verið ýmis geymsluefni, en þar sem þau eru mjög vandmeðfarin, er nauðsynlegt, að vísindaleg rannsókn fari fram á tegund og magni þeirra efna, sem nota beri til þess að koma í veg fyrir, að skaðleg framleiðsla berist á markaðinn, en slíkt gæti haft hinar alvarlegustu afleiðingar.

Rannsóknarstofa Fiskifélags Íslands hefur öll skilyrði til rannsókna og athugana á þessu sviði, og er eðlilegt, að Fiskifélagi Íslands verði falin sú athugun, sem tillagan gerir ráð fyrir, í samráði við forustumenn síldarverksmiðjanna á Suðvesturlandi.

Nánar í framsögu.

Ed. 280. Frumvarp til laga [36. mál]

um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. febr.)

1. gr.

Lög um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, skulu gilda um kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda, eftir því sem við á, með þeim frávikum, sem lög þessi ákveða.

Við sveitarstjórnarkosningar gildir eigi 3. tl. 1. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 2. tl. 15. gr. sömu laga.

2. gr.

Í hverju sveitarfélagi, sem skipt er í kjördeildir, skal vera yfirkjörstjórn, skipuð þrem mönnum. Sveitarstjórn kýs að viðhöfðum hlutfallskosningum yfirkjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda sveitarfélagsins og jafnmarga til vara.

Þar sem sveitarfélagi er ekki skipt í kjördeildir, skal ekki kosin yfirkjörstjórn, en undirkjörstjórn annast þá störf yfirkjörstjórnar.

Kjörstjórnir kjósa sér oddvita úr sínum hópi og skipta með sér störfum.

3. gr.

Við kosningar í hreppum mega frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hreppsnefndinni.

4. gr.

Nú ber nauðsyn til, að sveitarstjórnarkosningar, aðrar en almennar sveitarstjórnarkosningar, fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er ráð gert fyrir, og má þá sveitarstjórn stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

5. gr.

Meðmælendur framboðs mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40 og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má áfrýja til sveitarstjórnar. Úrskurði sveitarstjórnar má áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 15. gr., ef úrskurður fellur um, að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

6. gr.

Sveitarstjórnir láta kjörstjórnum í té gerðabækur, sem skulu vera gegnumdregnar og löggiltar af sýslumönnum eða bæjarfógetum (í Reykjavík borgarfógeta).

7. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi.

Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn: **Kjörseðill við bæjarstjórnar (hreppsnefndar) kosningar í ..... kaupstað (hreppi)** með dagsetningu og ártali.

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, skal kjörseðill vera hæfilega stór og úr haldgóðum pappír, sem skrift sést ekki í gegnum.

8. gr.

Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórnmálaflokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð, eftir því sem þeir hafa borizt henni, eða eftir samkomulagi við umboðsmenn, með bókstöfum næst á eftir bókstöfum stjórnmálaflokkanna.

9. gr.

Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin, gerir hún þau kunn almenningi með auglýsingu, sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

10. gr.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notuð eru við kosningar til Alþingis, er heimilt að nota við sveitarstjórnarkosningar.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar kosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandinn gengur inn í kjörklefann og skrifar á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra manna, sem hann vill kjósa.

Brýtur kjósandi síðan seðilinn saman, þannig, að það, sem á hann var ritað, veit inn, og stingur honum niður í atkvæðakassann.

12. gr.

Þegar kosning er óhlutbundin, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp nöfnin, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir skrá atkvæðin jafnóðum. Þeir, sem flest atkvæði fá, eru rétt kjörnir. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri, ræður hlutkesti.

Þegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt, nema kosning varamanna hafi farið fram samtímis kosningu aðalmanna, samkvæmt 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 29. marz 1961.

13. gr.

Nú eru framboð viðhöfð í kosningu sýslunefndarmanna, og skal þá kjörseðill þannig gerður, að prenta skal nöfn frambjóðenda og heimilisföng í stafrófsröð, hvert niður af öðru, á kjörseðilinn.

Kosning fer fram með þeim hætti, að kjósandinn setur kross með ritblýi framan við nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa.

14. gr.

Sveitarstjórnarkosningar má kæra skriflega fyrir sveitarstjórn, og skal kæra komin í hendur sveitarstjórnar innan 14 daga frá því, er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku, frá því að hún fékk kæruna, og sveitarstjórn kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðuneytisins, og skal tilkynning um áfrýjunina komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Kosningu sýslunefndarmanns má kæra innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

15. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar, hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Sýslunefnd úrskurðar þessi atriði, ef sýslunefndarmaður á í hlut. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar og sýslunefndar til félagsmálaráðuneytisins.

Skjóta má úrskurði ráðuneytisins, samkvæmt grein þessari, til dómstólanna.

16. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar og kosningu sýslunefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 281. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. febrúar 1962.

Jón Pálmason, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Alfreð Gíslason, frsm.
Björn Fr. Björnsson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 282. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til erfðalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, sem gengið hefur ágreiningslaust gegnum efri deild. Mælir nefndin með því einróma, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. febrúar 1962.

Jón Pálmason, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.
Gunnar Jóhannsson. Alfreð Gíslason.

Nd. 283. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3 12. apríl 1878.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því einróma, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. febrúar 1962.

Jón Pálmason, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.
Gunnar Jóhannsson. Alfreð Gíslason.

Nd. 284. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frumvarp og mælir með því einróma, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. febrúar 1962.

Jón Pálmason, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.
Gunnar Jóhannsson. Alfreð Gíslason.

Nd. 285. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því einróma, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. febrúar 1962.

Jón Pálmason, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.
Gunnar Jóhannsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 286. Frumvarp til laga [145. mál]

um, að ríkissjóður taki að sér að greiða gengistöp Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja.

Flm.: Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Ríkissjóður skal greiða hækkun þá, sem orðið hefur vegna breyttrar skráningar íslenzkrar krónu eftir 1. janúar 1960 á þeim erlendu lánum, sem hvíla á Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði Íslands.

Greiðsluskylda ríkissjóðs nái til afborgana og vaxta sjóðanna af lánunum árin 1960 og 1961 og gildi síðan áfram, þar til lánunum er lokið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um, að ríkissjóður tæki á sig tiltekin erlend lán, sem hvíla á Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja, fluttu í fyrra sömu menn og þetta frumvarp flytja.

Það frumvarp fékkst ekki afgreitt.

Allir þingmenn, sem um það frumvarp ræddu, viðurkenndu þó, að starfsemi umræddra sjóða landbúnaðarins væri í hættu fyrir farg hinna erlendu lána, sem á þeim hvíla með miklu meiri þunga en áður sökum verðfellingar íslenzku krónunnar.

Nú hafa flutningsmenn breytt formi tillögu sinnar. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að ríkissjóður greiði gengisskráningartap sjóðanna klippt og skorið. Ríkissjóður þarf þó ekki að leggja heildarupphæð gengistapsins út í einu lagi. Hann getur greitt gengistapið árlega í réttu hlutfalli við lánin og gjöld þau, er greiða þarf ár hvert til hinna erlendu lánardrottna.

Mun láta nærri, að hluti ríkissjóðs af árgjöldunum verði ár hvert:

1. Vegna Ræktunarsjóðs Íslands 8.5 millj. kr.
2. Vegna Byggingarsjóðs sveitabæja 2 millj. kr.

Lagt er til, að ríkissjóður greiði sinn hluta árgjaldanna 1960 og 1961 og svo eftirleiðis. Fjárlög gerðu að vísu ekki ráð fyrir þessum útgjöldum 1960 og 1961, og þau voru ekki heldur tekin á fjárlög líðandi árs. Þessu verður vitanlega ekki

breytt. Hrökkvi tekjuafgangur þessara ára ekki til greiðslu árgjaldanna 1960—1962, benda flutningsmenn á þann vaxtalausa reikning, sem stofnaður var í nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum samkv. 5. gr. efnahagslaganna frá 19. febr. 1960, þar sem færa skal gengistöp ýmiss konar, sem ríkissjóður er ábyrgur fyrir.

Hvers vegna ætti ekki, ef með þarf, að nota þann reikning í þessu sambandi?

Samkvæmt efnahagsreikningi Seðlabankans 31. des. 1960 var skuld í þessum reikningi, sem nefndur er þar „Gengisreikningur ríkissjóðs", kr. 191 242 306.53 í lok þess árs. Ýmislegt, sem greitt hefur verið úr þessum reikningi, er hliðstætt gengismun þeim, sem hækkaði við gengisfellingarnar 1960 og 1961 skuldir stofnlánasjóða Búnaðarbankans.

Frá sjónarmiði flutningsmanna skiptir ekki höfuðmáli, hvaða greiðsluleiðir kunna að þykja hentugastar, þegar til framkvæmda kemur. Aðalatriði er, að létta verður tafarlaust fargi gengisfellinganna af Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja.

Nd. 287. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 28 30. apríl 1959, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Í stað upphæðanna „5 krónur" og „10 krónur" í b-lið 52. gr. komi: „10 krónur" og „25 krónur".

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í sambandi við samninga, sem gerðir hafa verið milli ýmissa sjúkrasamlaga og læknasamtakanna.

Ed. 288. Frumvarp til laga [147. mál]

um breyting á lögum nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Í stað orðanna í 1. gr. laganna „í næstu 5 ár" komi: „í næstu 10 ár", og í stað orðanna „10 aurar" komi: „30 aurar".

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til skamms tíma var talið, að lítið væri hægt að gera fyrir vangefin börn og fávita annað en að sjá þeim fyrir daglegum þörfum. Menn trúðu ekki á að fræðsla og þjálfun kæmi þeim að gagni, og þau hafa því áður fyrr farið á mis við sjálfsögð mannréttindi.

Menn hafa nú fundið ýmsar orsakir til fávitaháttar og má í vissum tilfellum koma í veg fyrir hann. Jafnframt er mönnum orðið ljóst, að fávitaháttur er ekki bara vitsskortur á mismunandi stigi, stundum er hann aðeins einkenni margbreytilegs sjúklegs ástands, og verður að hafa hliðsjón af þessu, þegar vangefinn sjúklingur er tekinn í meðferð.

Fávitaháttur verður ekki læknaður, en þó má hjá ýmsum börnum, sem talin eru vangefin, eyða vissum sjúkdómseinkennum, ef í tíma er tekið, þannig að börnin síðar meir verða ekki talin til vangefinna. Einnig má með kennslu og þjálfun gera börn, sem verr eru á vegi stödd, fær um að inna af hendi ýmis vandalítil störf og verða með því sjálfbjarga í stað þess að vera þjóðfélaginu til byrði. Nýjar aðferðir í hjúkrun, umönnun og meðferð vangefinna hafa gert þeim lífið léttbærara og bjartara en það áður var.

Síðustu tvo áratugina hefur markverð og mikil þróun átt sér stað í meðferð fávita. Menn hafa komið auga á, að mikið er hægt að gera fyrir þessa illa stöddu sjúklinga, sem ekki geta talað fyrir sínu máli, og mönnum er að verða ljóst, að þjóðfélagið hefur víðast hvar vanrækt illa helgar skyldur sínar við þessa þegna sína.

Erfitt er að gera sér grein fyrir tölu vangefinna hér á landi. Í Vestur-Evrópu er talið, að ½% af íbúum landanna séu vangefnir, aðeins helmingur þeirra er þó talinn þurfa á stöðugri aðstoð af hálfu hins opinbera að halda. Í Danmörku t. d. er þessi aðstoð veitt um 20000 vangefnum, eða tæplega ½% af þjóðinni. Helmingi þessara sjúklinga er komið fyrir hjá fjölskyldum (í familiepleje), en um 9000 (þ. e. um 2‰ af þjóðinni) þurfa rúm á stofnunum, þar sem þeir geta dvalizt allan sólarhringinn. Rúmin eru til handa þessum sjúklingum, en stofnanirnar margar hverjar úreltar, og nú stendur fyrir dyrum endurnýjun þeirra, sem ætlað er að kosti 150 millj. danskar krónur, og sem ljúka á fyrir árslok 1963, og ráðagerðir eru um að byggja fyrir aðra eins upphæð von bráðar.

Gera verður ráð fyrir að hlutfallið hér á landi sé mjög svipað og í Danmörku. Meiri eða minni aðstoð af hálfu hins opinbera þyrftu þá 850—900 manns, þar af verulegur hluti á hælum. Nú eru hælisvistarrúm fyrir 147 vistmenn, sem þó eru sum alveg ófullnægjandi. Geta má þess, að talið er, að stofnkostnaður hvers hælisrúms sé að meðaltali ca. 250 þús. kr.

Hækkun sú, sem hér er lagt til, að lögtekin verði á tekjum styrktarsjóðs vangefinna er því sízt um of mikil, ef koma á málum þessum í viðunandi horf í fyrirsjáanlegri framtíð.

Sþ. 289. Breytingartillögur [55. mál]

við till. til þál. um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði.

Frá Skúla Guðmundssyni, Gunnari Gíslasyni, Ólafi Jóhannessyni, Gunnari Jóhannssyni, Jóni Þorsteinssyni, Jóni Pálmasyni og Birni Pálssyni.

1. Við tillögugr. bætist:
   Enn fremur að láta framkvæma sem fyrst borun eftir heitu vatni í Skútudal í Siglufirði í því skyni að afla vatns til hitaveitu á Siglufirði.
2. Fyrirsögn till. verði:
   Till. til þál. um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði og Skútudal í Siglufirði.

Nd. 290. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. febr. 1962.

Birgir Finnsson, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Pétur Sigurðsson.
Gísli Guðmundsson. Geir Gunnarsson.

Ed. 291. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til laga um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 13. febr. 1962.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Hermann Jónasson.
Ásgeir Bjarnason. Magnús Jónsson.

Sþ. 292. Fyrirspurn [148. mál]

til ríkisstjórnarinnar um framkvæmdaáætlun til 5 ára.

Frá Gísla Guðmundssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Halldóri E. Sigurðssyni.

1. Hvenær verður lokið 5 ára framkvæmdaáætlun þeirri, sem forsætisráðherra gerði að umræðuefni á Alþingi 25. okt. s. l.?
2. Verður áætlunin lögð fyrir Alþingi og þá hvenær?

Nd. 293. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, og lögum nr. 13 31. marz 1960, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsgr. 5. gr. laga nr. 13/1960 komi:
Fjölskyldubætur skulu greiddar með öllum börnum innan 16 ára aldurs. Fjölskyldubætur greiðist foreldrum barnsins, en séu þau ekki samvistum, þá því foreldri, sem foreldraréttinn hefur.

2. gr.

a-liður 59. gr. laga nr. 24/1956 orðist svo:
Fjölskyldubætur og hvers konar aðrar bætur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. þessu var flutt á síðasta þingi af Margréti Sigurðardóttur, sem þá átti sæti á Alþingi sem varaþingmaður Alþýðubandalagsins.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu þá:

Þær bætur, sem greiddar eru af almannatryggingunum vegna barna, skiptast í 3. flokka.

Í fyrsta lagi er um að ræða *barnalífeyri,* sem greiðist barni látins föður eða ef annað hvort foreldranna er elli- eða örorkulífeyrisþegi. Þó er aðeins um heimild, en ekki skyldu að ræða, ef það er móðirin, sem er öryrki. Barnalífeyrir er trygging, sem faðirinn hefur keypt handa barni sínu eða börnum og greiðist þegar hans nýtur ekki lengur við eða hann er orðinn óvinnufær.

Barnalífeyrir er nú 600 kr. mánaðarleg greiðsla eða 7200 kr. á ári á fyrsta verðlagssvæði.

Í annan stað eru það *mæðralaunin.* Þau greiðast einstæðum mæðrum, sem hafa börn á framfæri sínu. Þetta eru laun, sem þjóðfélagið greiðir móðurinni fyrir hennar tvöfalda uppeldishlutverk og ábyrgð á börnunum gagnvart þjóðfélaginu, þar sem hún verður að vera því bæði faðir og móðir, að svo miklu leyti sem það er unnt, og með tilliti til þess, hve möguleikar hennar til tekjuöflunar eru heftir. „Bundinn er sá, er barnið geymir," segir gamalt máltæki, og er það sannmæli.

Mæðralaun eru nú á ári með einu barni 1400 kr., með tveimur börnum 7200 kr. og með 3 börnum og fleiri 14400 kr. á fyrsta verðlagssvæði.

Í þriðja lagi eru það *fjölskyldubætur.* Þær greiðast „eðlilegri" fjölskyldu, eins og það er stundum kallað, og þá átt við hjón, sem búa saman og ala sameiginlega upp börn sín.

Fjölskyldubætur eru nú 2600 kr. árlega með hverju barni og eru ekki háðar skiptingu landsins í verðlagssvæði.

Þetta eru þær bætur, sem greiddar eru samkv. lögum um almannatryggingar vegna barna hér á landi. Þó er ekki hér getið fæðingarstyrks, vissra tegunda ekknastyrks og vissra bóta vegna örorku og slysa, þar sem þær bætur skýra ekki það mál, sem hér liggur fyrir. Þess skal getið, að bæturnar eru ekki háðar vísitölu, en fjölskyldubætur hafa hins vegar áhrif við útreikning framfærslukostnaðar.

Þegar við athugum þessar bætur og gerum okkur grein fyrir, hver rök liggja til þeirra, verður ljóst, að barnalífeyrir og mæðralaun greiðast sem bætur vegna þess, að þriðja aðilann í fullmótaðri fjölskyldu, föðurinn, vantar til að inna framfærsluskyldu sína af höndum.

Það er þannig ljóst, að fyrst að fengnum þessum bótum stendur hin einstæða móðir á sama fjárhagslega grunni og hin „eðlilega" fjölskylda, þar sem bæði faðir og móðir vinna að framfærslu barna sinna. Að vísu mun enginn telja, að bætur þessar komi fyllilega í stað framfærslu fullvinnandi föður. Út frá því má vissulega ganga sem meginreglu, að fjárhagsafkoma móður og barns, sem ekki nýtur framfærslu og forsjár eiginmanns og föður, er að öðru jöfnu talsvert lakari en hinnar „eðlilegu" fjölskyldu. En það skiptir ekki höfuðmáli í þessu sambandi. Hér er verið að sýna fram á, að bætur til hinnar einstæðu móður og barns hennar eða barna byggjast eingöngu á því, að þau njóta ekki fyrirvinnu föðurins, eins og konan og börnin í „eðlilegri" fjölskyldu gera. Hafi menn þetta í huga, hlýtur að verða ljóst, að eðlilegt og sjálfsagt er, að fjölskyldubætur séu greiddar vegna allra barna. Þær

eru greiddar til að létta fjárhagslega undir það þjóðhagslega mikilsverða hlutverk að koma börnum til manns. Þær eiga því að greiðast til þeirra, sem annast það hlutverk, til þeirra, sem ala börnin upp, án tillits til þess, hvort faðirinn og móðirin vinna sameiginlega að framfærslunni eða móðirin ein hefur það á hendi með fjárhagslegum stuðningi þeirra bóta, sem samkv. almannatryggingum eru greiddar vegna látins föður eða óvinnufærs. Að láta fjölskyldubætur einungis koma til góða hinni „eðlilegu“ fjölskyldu, sem að öðru jöfnu er langtum betur sett í lífsbaráttunni heldur en hin einstæða móðir eða elli- og örorkulífeyrisþegar, sem hafa börn á framfæri, getur ekki talizt annað en þjóðfélagslegt ranglæti, sem Alþingi ætti sem fyrst að sjá sóma sinn í að leiðrétta. Til þess er sú breyting á tryggingalöggjöfinni, sem hér liggur fyrir, fram komin.

Þar er lagt til í fyrsta lagi, að breytt sé tveim fyrstu málsgr. 5. gr. laga nr. 13/1960 og inn komi ákvæði um, að fjölskyldubætur *séu greiddar vegna allra íslenzkra barna undantekningarlaust,* og í öðru lagi, að burt séu numin úr tryggingalögum ákvæði 59. gr. laga nr. 24/1956, sem kveða á um það, að fjölskyldubætur megi aðeins fara saman með dagpeningum, en engum öðrum bótum. Er hér lagt til, að fjölskyldubætur megi fara saman með hvers konar öðrum bótum. Yrðu þessar breytingar gerðar á tryggingalögunum, mundu fjölskyldubætur falla í hlut þessara aðila, auk þeirra, sem áður hafa notið þeirra: *einstæðra mæðra, ekkna og annarra, þar sem faðir barna þeirra er látinn, mæðra ófeðraðra barna, elli- og örorkulífeyrisþega,* sem taka barnalífeyri, og að lokum þeirra mæðra, sem *taka endurkræfan barnalífeyri,* en endurkræfur barnalífeyrir nefnist það, þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir mæðrum barnalífeyrinn, en á endurkröfurétt á hendur barnsföður eða framfærslusveit hans, ef faðirinn stendur ekki í skilum. Um þennan síðasttalda hóp mæðra — þær, sem taka endurkræfan barnalífeyri — er ástæða til að ræða nokkuð sérstaklega.

Það hefur þegar verið tekið fram, en skal þó endurtekið og undirstrikað, að *endurkræfur barnalífeyrir getur á engan hátt skoðazt bætur frá almannatryggingum,* enda þótt Tryggingastofnun ríkisins annist milligöngu um greiðslu hans til mæðranna. Þær bætur, sem greiddar eru vegna þessara barna, eru einungis mæðralaunin. En mæðralaunin eru háð tekjuhámarki. Sé móðir að dómi Tryggingastofnunarinnar vel sett fjárhagslega, t. d. hafi hún milli 60 og 70 þús. kr. árslaun, eru henni ekki greidd mæðralaun.

Þessir foreldrar annast þá framfærslu síns barns eða barna án nokkurs tilstyrks almannatryggingannna, en hjón, sem samvistum dveljast, fá sínar árlegu fjölskyldubætur, — þar kemur ekkert tekjuhámark til skerðingar. Að vísu mun reyndin sú, að þessu skerðingarákvæði á mæðralaun sé ekki mikið beitt, en það mun fyrst og fremst byggjast á því, að konur hafa yfirleitt lágar tekjur, og þær fáu konur, sem eru raunverulega tekjuháar eða búa við allgóðar fjárhagslegar ástæður, vita um þessi skerðingarákvæði og sækja þar af leiðandi ekki um mæðralaun. Hins vegar mun þessum skerðingarákvæðum vera beitt skilyrðislaust, ef ástæður konunnar eru þannig, að hún er gift eða býr með karlmanni eða barn hennar eða börn eru stjúpbörn hans. Með þessum börnum eru engar bætur greiddar frá tryggingunum. Barnið nýtur áfram hins tilskilda meðlags föður síns, en það er látið útiloka fjölskyldubætur vegna þessara barna, enda þótt, eins og áður er fram tekið, þar sé ekki um að ræða bætur frá almannatryggingunum, heldur aðeins hið eðlilega og sjálfsagða meðlag föðurins með barni sínu. Gegnir furðu, að svo augljós rangsleitni skuli vera látin viðgangast og samþykkt af löggjafarþingi þjóðarinnar, ekki einu sinni, heldur oft. En jafnvel þótt mæðralaun séu greidd, gætir harla undarlegs viðhorfs löggjafans til aðstöðu hinnar einstæðu móður annars vegar og hinnar „eðlilegu“ fjölskyldu hins vegar, sem bezt sést af einföldu dæmi. Hugsum okkur, að kona búi ásamt barni sínu. Hún fær til framfærslu þess 600 kr. mánaðarlega frá barnsföður sínum, en hún annast sitt barn, býr því heimili og verður auk þess að vinna fyrir framfæri sínu og þess. Sem stuðning þjóðfélagsins í sinni hörðu lífsbaráttu fær hún mæðralaun.

Í sama húsi búa hjón með eitt barn. Faðirinn er fullvinnufær og umhyggjusamur heimilisfaðir, móðirin annast barnið, býr fjölskyldu sinni heimili og vinnur því það, sem hún má. Hvort barnið þykir mönnum líklegt að búi við betri kjör? Löggjafinn virðist ekki vera í neinum vafa um það. Hann ætlar fjölskyldunni 2600 kr. árlegar bætur frá almannatryggingum, en hinni einstæðu móður 1400 kr.

Á næstliðnum vetri, fyrri hluta árs 1960, þegar gerðar voru ýmsar breytingar á tryggingalöggjöfinni, voru fjölskyldubæturnar stórauknar, sérstaklega á þann hátt, að þær voru látnar ná til langtum fleiri barna en áður, þar sem þær eru nú greiddar strax með fyrsta barni. Því var þá mjög á lofti haldið af málgögnum ríkisstjórnarinnar svo og af henni sjálfri, að þessar auknu bætur ættu að létta þær byrðar, sem efnahagsráðstafanir þær, sem ríkisstjórnin var að lögfesta um þær mundir, bundu landsmönnum. Voru fjölskyldubæturnar túlkaðar sem hreinar dýrtíðarbætur, og mun ekki fjarri sanni að líta á þær sem slíkar.

En fyrst svo er að mönnum þrengt af stóraukinni dýrtíð og minnkandi tekjum, að full ástæða er til að greiða bætur þegar með fyrsta barni hjá „eðlilegri" fjölskyldu, mundi þá ekki enn fyllri ástæða til að afnema þau ákvæði tryggingalaganna, sem útiloka þá hópa barnafólks, sem hér hefur verið rætt um, frá að njóta þessara bóta.

Það kann að vera álitamál, þótt hér verði ekki tekin afstaða til þess, hvort ástæða sé til að borga skilyrðislaust bætur með fyrsta og jafnvel öðru barni. Hitt er greinilegt, að væri sá háttur hafður á greiðslu fjölskyldubóta, að þeirra nytu einungis þær fjölskyldur, sem ættu við sérstaklega erfiða fjárhagsafkomu að stríða, væri allt annað viðhorf í þessum málum. En eins og málum er nú skipað, er um svo greinilega misskiptingu að ræða, að alþingismenn ættu að geta sameinazt um að leiðrétta þá rangsleitni, sem á sér stað í veitingu fjölskyldubóta.

Sumum kann að sýnast, að þegar faðirinn innir af höndum sitt lögboðna meðlag til framfærslu barnsins, beri honum hlutdeild fjölskyldubótanna, eða með öðrum orðum, að rétt væri að skipta þeim milli foreldranna, þegar þau eru ekki samvistum.

Það væri líka sanngjarnt, ef hér væri um raunveruleg helmingaskipti á framfærslu barnsins að ræða. Það er hins vegar skoðun flutningsmanns, að svo sé ekki, hlutur móður, sem barnið dvelst hjá, sé svo langtum erfiðari fjárhagslega og ábyrgðarmeiri siðferðilega, og væri auðvelt að styðja þá skoðun sterkum rökum, að bæði sé eðlilegt og réttlátt, að fjölskyldubætur falli óskertar í hlut móður eða þess aðila, *sem annast uppeldi barnsins*. Þannig megi þær líka koma barninu að sem beztum notum. Hækki framlag föðurins hins vegar svo í framtíðinni, að hann greiði raunverulega hálfan framfærslueyri barnsins, hljóta viðhorfin að breytast í þessu efni, og hann ætti þá fullan rétt á helmingi fjölskyldubótanna.

Ed. 294. Breytingartillaga [36. mál]

við frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Fyrri mgr. 13. gr. orðist svo:

Nú eru framboð viðhöfð í kosningu sýslunefndarmanna, og er þá heimilt að kjósa varamenn samtímis, enda sé þá nafn varamanns skráð með nafni aðalmanns á kjörseðil.

Sþ. 295. Tillaga til þingsályktunar [150. mál]

um endurskoðun skiptalaganna.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lögum nr. 3 frá 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

Greinargerð.

Lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. eru frá árinu 1878. Á þeim rúmum 8 áratugum, sem liðnir eru frá gildistöku laganna, hafa orðið margvíslegar breytingar á fjölmörgum sviðum hér á landi. Það er því augljóst mál, að margvísleg atvik hafa komið fyrir við framkvæmd þessarar löggjafar, sem hinir framsýnu lagasmiðir sáu ekki fyrir á s. l. öld. Það er því skiljanlegt, að sum ákvæði þessarar löggjafar séu orðin úrelt, bæði vegna breyttra aðstæðna og breyttrar löggjafar á öðrum sviðum. Á það ekki sízt við um rétt konunnar, sem áður fyrr hafði mjög takmörkuð þjóðfélagsréttindi, sem hafa breytzt á þann veg, að nú njóta þær á flestum eða öllum sviðum sömu réttinda og karlmenn.

Fyrir Alþingi liggur nú frv. til erfðalaga, og er það samið af mjög hæfum mönnum. Það frv. er sniðið eftir erfðalöggjöf Norðurlanda, að svo miklu leyti sem hentar íslenzkum staðháttum. Hafa verið tekin inn í erfðalagafrv. fyrirmæli um setu í óskiptu búi, sem verið hafa í öðrum lögum. Milli erfðalaga og skiptalaga eru náin tengsl, þar sem hlutverk skiptalaganna er m. a. það að setja ákvæði um skipti bús milli erfingja.

Við flm. þessarar tillögu erum þeirrar skoðunar, að endurskoðun skiptalaganna eigi að sigla í kjölfar nýrra erfðalaga, sem sennilega verða afgreidd á Alþingi því, er nú situr.

Sþ. 296. Fjáraukalög [114. mál]

fyrir árið 1960.

(Afgreidd frá Sþ. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 195.

Nd. 297. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum. Var frv. sent til umsagnar 22. nóv. s. l. til Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Seðlabanka Íslands. Hafa umsagnir aðeins borizt frá Húsnæðismálastofnuninni og Seðlabankanum, og leggja báðir aðilar til, að frv. verði fellt.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl., þeir Hannibal Valdimarsson og Jón Skaftason, leggur til, að frv. verði samþykkt, og munu þeir því skila minnihlutaáliti. Meiri hl. leggur hins vegar til, að frv. verði fellt, og færir fyrir því eftirfarandi rök:

1. Með ákvæðum 1.—4. gr. og 6.—7. gr., ef frv. yrði að lögum óbreytt, mundi löggjafinn fyrirskipa, að A-lánaskuldabréf til þeirra íbúðabygginga, sem hér um ræðir, bæru aðeins 4% vexti eða tæplega helming þeirra vaxta, sem nú

verður að greiða á hinum almenna peningamarkaði. Ljóst er, að slík lagafyrirmæli mundu fella skuldabréfin svo í verði, að þau mundu óseljanleg á almennum markaði nema fyrir sáralítið verð og kæmu því byggjendum að engum notum. Þá yrði það og lögfest að lækka jafnframt vaxtatekjur af þeim bréfum, sem þegar eru seld, og er enginn vafi á því, að ákvæði stjórnarskrárinnar vernda þegnana gegn slíkri fjártöku bótalaust. Þessi ákvæði frv. eru því óraunhæf, nema jafnframt sé tryggt, að tjón, sem af því leiðir, verði bætt að fullu, en um það er ekkert ákvæði í frv.

2. 5. gr. kveður hins vegar svo á, að endurgreiða skuli byggjendum innflutningstolla og söluskatt, sem greiddir hafa verið af byggingarefni til þeirra byggjinga, sem hér um ræðir, með þeim takmörkunum þó, sem greinin ákveður. Um þetta atriði út af fyrir sig er löggjafinn óbundinn, bæði að því er varðar ákvæði stjórnarskrár og samninga, sem gerðir hafa verið. Hitt verður þó að hafa hugfast, að miklu þyngri rök verður að færa fyrir slíkum aðgerðum en færð eru fram í greinargerð frv., áður en þær yrðu lögfestar. Í þessu sambandi þykir rétt að benda á, að með lögfestingu þessarar greinar væri þegnum þjóðfélagsins veitt mjög misjöfn aðstaða til þess að standa undir þeim kostnaði, sem bygging íbúða hefur í för með sér, og það þarf engu um það að spá, að slíkt hlyti að framkalla margvíslegar jafnréttháar kröfur á ríkissjóð um endurgreiðslu tolla og söluskatts frá sama tímabili og skapa hróplegt ranglæti, ef hafnað væri, en margvíslega fjárhagslega örðugleika fyrir ríkissjóð, ef samþykkt yrði, löngu eftir að gengið hefur verið frá fjárlögum og því fé, sem hér er um rætt, löngu ráðstafað til annarra þarfa, enda sýnilegt, að þá yrði að afla ríkissjóði nýrra tekna til að mæta þessum tekjumissi og þeim útgjöldum, sem því yrðu samfara.

Þá þykir rétt að benda á, að lög þau, sem hér er lagt til að breytt verði, eru í endurskoðun hjá stjórnskipaðri nefnd, og væri það fjarstæða að gera á þeim eins róttækar breytingar og frv. gerir ráð fyrir, áður en vitað er, hvað sú nefnd leggur til um breytingar á þeim lögum.

Með tilvísun til þessa leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. á þskj. 104 verði fellt.

Alþingi, 15. febr. 1962.

Gísli Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason.

Ed. 298. Lög [5. mál]

um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 16. febr.)

Samhljóða þskj. 5.

Ed. 299. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 16. des. 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 16. febr. 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson, frsm.

Alfreð Gíslason. Magnús Jónsson.

Sþ. 300. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar og samgangna á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að festa kaup á tveimur þyrilvængjum til aðstoðar við landhelgisgæzluna. Skal önnur þyrlan að jafnaði staðsett á Vestfjörðum og annast þar farþegaflug, póstflutning og sjúkraflug, að svo miklu leyti sem samrýmzt getur starfi hennar fyrir landhelgisgæzluna, er jafnan skal sitja í fyrirrúmi. Hin þyrlan skal vera staðsett á Austfjörðum og annast sömu þjónustu á Austurlandi, auk höfuðhlutverks síns í þarfir landhelgisgæzlunnar.

Greinargerð.

Flutningsmaður þessarar tillögu hefur áður borið fram tillögu svipaðs efnis á Alþingi. En nú er lagt til, að ríkisstjórnin festi kaup á tveimur þyrilvængjum til aðstoðar við landhelgisgæzluna.

Þegar varðskipið Óðinn var smíðað, var frá öndverðu gert ráð fyrir því, að þyrilvængja gæti haft lendingarstað á þilfari skipsins. Þetta sýnir, að mönnum var þá þegar ljóst, að þyrilvængjur gætu verið ómetanleg og enda sjálfsögð hjálpartæki til tryggingar góðri gæzlu landhelginnar. Nú fyrir skemmstu voru gerðar tilraunir með lendingu þyrilvængju á þilfari Óðins, og er talið, að sú tilraun hafi tekizt ágætlega vel. Það er því bert, að enn þá hafa menn það í huga að taka þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar. Þessi tilraun var gerð með þyrilvængju, sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli lánaði góðfúslega til þessarar tilraunar.

Oftar en einu sinni hefur það komið fyrir, að leita hefur orðið til varnarliðsins í alvarlegum sjúkdóms- eða slysatilfellum um lán á þyrilvængju til að sækja fárveika sjúklinga á staði, þar sem venjulegum flugvélum varð eigi við komið. Er þessa skemmst að minnast, og er talið, að aðrar leiðir hafi eigi verið færar til að koma hinum sjúka manni nógu fljótt á sjúkrahús undir hendur færustu lækna.

Það getur naumast talizt vansalaust, að Íslendingar skuli ekki eiga a. m. k. eina þyrilvængju og þannig geta verið sjálfum sér nógir í slíkum neyðartilfellum.

Hér er lagt til, að tvær þyrilvængjur verði keyptar og sé aðalhlutverk þeirra gæzla landhelginnar í samstarfi við varðskipin. Vitað er, að slíkar vélar hljóta að verða staðsettar í landi, og virðist þá eðlilegt, að það sé í þeim landshlutum, þar sem samgöngur eru erfiðastar og þær gætu því haft brýnustu verkefni að gegna um farþegaflug, póstflutninga og sjúkraflug milli einangraðra staða og hafna í þessum landshlutum eða aðalflugvalla, eins og Ísafjarðarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar.

Rætt hefur verið um að leysa þörf landhelgisgæzlunnar fyrir flugvélaaðstoð með kaupum á tveimur Dakota-flugvélum. En sé sú leið farin, eru samgöngumál Austfjarða og Vestfjarða jafnóleyst sem áður. Þyrilvængjurnar leysa hins vegar báða þætti þessa máls.

Fyrir nokkrum árum nutu allmargir staðir á Vestfjörðum flugsamgangna. Nú hefur flug lagzt niður til Patreksfjarðar, Bíldudals, Þingeyrar, Flateyrar og Hólmavíkur. Sem stendur er aðeins einn staður á Vestfjörðum, nefnilega Ísafjörður, í beinu flugsambandi við Reykjavík.

Þessari afturför í samgöngumálum una Vestfirðingar að vonum illa. Ef fullgerðar væru flugbrautirnar við Hólmavík og Þingeyri, gætu flugsamgöngur að vísu hafizt fljótlega við þrjá staði á Vestfjörðum. En vafalaust verður enn að bíða þess um mörg ár, að flugvellir séu fullgerðir á Patreksfirði, Bíldudal og í

Önundarfirði, en þá fyrst væru flugsamgöngur Vestfirðinga þó komnar í svipað horf og áður var. En þar við bætist, að fjölmörg byggðarlög á Vestfjörðum eiga þess enga von sökum landþrengsla, að flugvellir verði nokkurn tíma byggðir í nágrenni þeirra. Þeirra þörf fyrir flugsamgöngur verður því aldrei leyst með öðru móti en með þyrilvængju.

Það, sem hér hefur verið sagt um Vestfirði, á í flestum tilfellum einnig við um Austfirði.

Nú kynni einhverjum að þykja það óþarflega stórt í sniðum að kaupa tvær þyrilvængjur — ein mætti duga til að gera slíka tilraun. Og verður því ekki neitað, að víst væri það til bóta og spor í rétta átt. Eftir það værum vér Íslendingar þó ekki á slíku bónbjargarstigi á þessu sviði gagnvart setuliðinu sem vér höfum verið á til þessa.

Annars er slík reynsla þegar fengin utanlands og innan af þyrilvængjum, að tilrauna er ekki lengur þörf með þessi farartæki. Þeirra miklu yfirburðir eru í því fólgnir að þurfa enga flugvelli. Og þeir yfirburðir eru nær ómetanlegir í okkar strjálbýla fjallalandi. Takmörkun þeirra er hins vegar minni hraði en annarra flugvéla.

Þó verða þyrlurnar nú óðfluga miklu hraðfleygari en verið hefur til þessa. Til dæmis keypti danska landhelgisgæzlan nýlega tvær þotu-þyrlur (Jet-helikopter), og eru þær sagðar miklu hraðfleygari en venjulegar þyrlur.

Hraðinn skiptir þó ekki mestu máli fyrir okkur. Hitt er aðalatriðið, að þyrlur koma að gagni við ýmisleg skilyrði, þar sem engum öðrum flugvélum verður við komið. Þess vegna geta Íslendingar raunar ekki án þess verið að eiga þyrilvængjur. Og þó að ein væri stórum betri en engin, þá er sannleikurinn sá, að helzt þyrfti að kaupa þrjár þyrilvængjur samtímis: eina staðsetta á Vestfjörðum, aðra á Austfjörðum og hina þriðju staðsetta sér suðvestanlands. Með því væri stórt skref stigið í öryggismálum vorum, landhelgisgæzlan efld og þær umbætur orðnar í samgöngumálum dreifbýlisins, sem geta ekki orðið að veruleika með neinum öðrum hætti.

Ed. 301. Breytingartillaga [36. mál]

við frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Við sveitarstjórnarkosningar gilda eigi 3. og 4. tl. 1. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. 2 tl. 15. gr. sömu laga.

Nd. 302. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. var tekið fyrir og rætt á 2 fundum í nefndinni. Var það sent til umsagnar 5. des. s. l. til Húsnæðismálastofnunar ríkisins og til þeirrar nefndar, er falið hefur verið að endurskoða lög um húsnæðismál. Hafði Húsnæðismálastofnunin fengið málið til umsagnar og tekur ekki afstöðu til frumvarpsins, með því að endurskoðun á lögum um húsnæðismál er enn eigi lokið.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Vildi minni hl., þeir Jón Skaftason og Hannibal Valdimarsson, leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en á það gat meiri hl. ekki fallizt, þar eð lög um húsnæðismál eru enn í endurskoðun og ekki vitað, hvaða tillögur koma til breytinga á lögunum frá endurskoðunarnefndinni. Enn fremur er vitað, að Húsnæðismálastofnunin hefur engan veginn getað orðið við öllum þeim lánbeiðnum, sem fyrir liggja, og mundi samþykkt frv. alls ekki leysa þann vanda, sem því er ætlað að leysa, þar sem það gerir ekki ráð fyrir tekjum á móti hækkuðu hámarki lána. Telur meiri hl. nefndarinnar af þessum ástæðum þýðingarlaust að samþykkja frv. og leggur því til, að það verði fellt.

Alþingi, 16. febr. 1962.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.

Sþ. 303. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um löggjöf um útflutningssamtök.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Sigurður Ingimundarson, Jón Þorsteinsson, Birgir Finnsson, Friðjón Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að semja frumvarp til laga um útflutningssamtök. Nefndin skal hafa samráð við félagssamtök sjómanna og útvegsmanna og starfandi sölustofnanir, en ljúka störfum svo snemma, að frumvarpið verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Undanfarið hafa verið miklar deilur um ýmis atriði varðandi útflutning sjávarafurða, bæði á opinberum vettvangi og innan samtaka, sem útflutning annast. Íslendingar byggja afkomu sína að meira leyti á utanríkisverzlun en flestar aðrar þjóðir, og skiptir meginmáli fyrir afkomu einstaklinga og fyrirtækja í landinu, að sala afurða til annarra landa sé sem greiðust og verðlag eins hátt og unnt er að fá. Til að ná því marki er nauðsynlegt að eyða tortryggni, lagfæra mistök og skapa útflutningsfyrirtækjum frið til starfa.

Skipan útflutnings fiskafurða er byggð á margra áratuga reynslu þjóðarinnar. Fimm stórar stofnanir annast um 70% af þessum útflutningi, en þær eru Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Samlag skreiðarframleiðenda og síldarútvegsnefnd.

Af þessum samtökum starfar aðeins síldarútvegsnefnd samkvæmt sérstökum lögum. Er það skoðun margra, sem til þekkja, að eðlilegt og nauðsynlegt sé að setja heildarlöggjöf um starfsemi allra slíkra samtaka. Meðal þeirra er hinn norski sérfræðingur, Gerhard Meidell Gerhardsen prófessor, sem gert hefur ítarlega athugun á öllum sjávarútvegi Íslendinga, eindregið þeirrar skoðunar, að slíkrar löggjafar sé brýn þörf.

Í skýrslu sinni nefnir Gerhardsen eftirtalin atriði, sem hann telur nauðsynlegt að taka afstöðu til í slíkri löggjöf:

„1. Á Íslandi er ekki til löggjöf um einokun (antitrust lov). Þetta gerir löggjöf um útflutningsfyrirtækin sérstaklega æskilega. Skylda ríkisins til að hafa eftirlit með starfsemi, sem hefur tilhneigingu til einokunaraðstöðu, er viðurkennd í fjölda landa og mun ekki dregin í efa á Íslandi.

2. Í slíkum lögum ber að staðfesta, beint eða óbeint, að viðurkenna beri áfram regluna um verkaskiptingu. Ríkið verður því að ákveða, hvort sölusamtök megi

stofna dótturfélög til siglinga, trygginga, innflutnings, umbúðaframleiðslu o. s. frv. Við núverandi aðstæður getur þetta þýtt, þar sem grundvöllurinn er ekki nægilega sterkur, að til greina komi að leggja niður hluta af aukastarfsgreinum, sem hafa þróazt. Rannsókn á hagkvæmni í siglingum getur leitt í ljós, að það sé ekki í samræmi við beztu hagsmuni þjóðarinnar, að sölusamtökin eigi sérstök skipafélög.

3. Aðalatriði sölusamtakanna er að gæta söluhagsmuna fiskframleiðenda (og þar með sjómanna). Hér ættu að koma til greina tvær starfsaðferðir: Annaðhvort geta sölusamtökin sjálf selt (eins og S. H., S. Í. F., S. Í. S. og fleiri nú gera) eða þau geta leyft einstökum aðilum að selja á sérstökum mörkuðum eða sérstakar vörutegundir á vegum samtakanna og undir stjórn þeirra. Þetta er ekki stæling á norsku útflutningsnefndunum, en sækir vissan sveigjanleika frá hinu „norska" kerfi. Á hinn bóginn væri óhugsandi að leggja niður sölukerfi S. H. í Bandaríkjunum, meðan annað betra er ekki til.

Segja má almennt, að sterk þörf sé að skapa frið um starfsemi sölusamtakanna. Ég tel einnig, að það sé almenn ósk. Hinn algengi misskilningur og hinar tíðu opinberu umræður um tilverurétt og einstakar aðgerðir samtakanna getur hvorki verið í hag samtakanna né þjóðfélagsins. Hinir einstöku meðlimir samtakanna hljóta einnig að líta á það sem tryggingu, að skýr og ljós lagaákvæði séu um starfsemi samtakanna, ekki sízt ef þeir eru félagar í mörgum samtökum."

Í skýrslu Gerhardsens eru nánari tillögur um hugsanlega löggjöf um sölusamtökin, sem ekki er ástæða til að ræða á þessu stigi málsins.

Virðist augljóst, að rík þörf sé fyrir slíka löggjöf, en hins vegar rétt að vanda undirbúning hennar sem mest.

Nd. 304. Breytingartillaga [140. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Framan við 1. gr. bætist:
5. gr. laganna orðist svo:

Nd. 305. Frumvarp til laga [36. mál]

um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. febr.)

1. gr.

Lög um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, skulu gilda um kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda, eftir því sem við á, með þeim frávikum, sem lög þessi ákveða.

Við sveitarstjórnarkosningar gilda eigi 3. og 4. tl. 1. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. 2. tl. 15. gr. sömu laga.

2. gr.

Í hverju sveitarfélagi, sem skipt er í kjördeildir, skal vera yfirkjörstjórn, skipuð þrem mönnum. Sveitarstjórn kýs að viðhöfðum hlutfallskosningum yfirkjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda sveitarfélagsins og jafnmarga til vara.

Þar sem sveitarfélagi er ekki skipt í kjördeildir, skal ekki kosin yfirkjörstjórn, en undirkjörstjórn annast þá störf yfirkjörstjórnar.

Kjörstjórnir kjósa sér oddvita úr sínum hópi og skipta með sér störfum.

3. gr.

Við kosningar í hreppum mega frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hreppsnefndinni.

4. gr.

Nú ber nauðsyn til, að sveitarstjórnarkosningar, aðrar en almennar sveitarstjórnarkosningar, fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er ráð gert fyrir, og má þá sveitarstjórn stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

5. gr.

Meðmælendur framboðs mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40 og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má áfrýja til sveitarstjórnar. Úrskurði sveitarstjórnar má áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 15. gr., ef úrskurður fellur um, að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

6. gr.

Sveitarstjórnir láta kjörstjórnum í té gerðabækur, sem skulu vera gegnumdregnar og löggiltar af sýslumönnum eða bæjarfógetum (í Reykjavík borgarfógeta).

7. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi.

Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn: **Kjörseðill við bæjarstjórnar (hreppsnefndar) kosningar í ..... kaupstað (hreppi)** með dagsetningu og ártali.

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, skal kjörseðill vera hæfilega stór og úr haldgóðum pappír, sem skrift sést ekki í gegnum.

8. gr.

Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórnmálaflokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð, eftir því sem þeir hafa borizt henni, eða eftir samkomulagi við umboðsmenn, með bókstöfum næst á eftir bókstöfum stjórnmálaflokkanna.

9. gr.

Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin, gerir hún þau kunn almenningi með auglýsingu, sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

10. gr.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notuð eru við kosningar til Alþingis, er heimilt að nota við sveitarstjórnarkosningar.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar kosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandinn gengur inn í kjörklefann og skrifar á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra manna, sem hann vill kjósa.

Brýtur kjósandi síðan seðilinn saman, þannig, að það, sem á hann var ritað, veit inn, og stingur honum niður í atkvæðakassann.

12. gr.

Þegar kosning er óhlutbundin, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp nöfnin, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir skrá atkvæðin jafnóðum. Þeir, sem flest atkvæði fá, eru rétt kjörnir. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri, ræður hlutkesti.

Þegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt, nema kosning varamanna hafi farið fram samtímis kosningu aðalmanna, samkvæmt 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 29. marz 1961.

13. gr.

Nú eru framboð viðhöfð í kosningu sýslunefndarmanna, og er þá heimilt að kjósa varamenn samtímis, enda sé þá nafn varamanns skráð með nafni aðalmanns á kjörseðil.

Kosning fer fram með þeim hætti, að kjósandinn setur kross með ritblýi framan við nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa.

14. gr.

Sveitarstjórnarkosningar má kæra skriflega fyrir sveitarstjórn, og skal kæra komin í hendur sveitarstjórnar innan 14 daga frá því, er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku, frá því að hún fékk kæruna, og sveitarstjórn kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðuneytisins, og skal tilkynning um áfrýjunina komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Kosningu sýslunefndarmanns má kæra innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

15. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar, hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Sýslunefnd úrskurðar þessi atriði, ef sýslunefndarmaður á í hlut. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar og sýslunefndar til félagsmálaráðuneytisins.

Skjóta má úrskurði ráðuneytisins, samkvæmt grein þessari, til dómstólanna.

16. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar og kosningu sýslunefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 306. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Eftir 3. umr í Nd., 20. febr.)

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveður, hversu háa fjárhæð Samábyrgðin tekur í eigin áhættu í hverju skipi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er með þeim úr gildi numin 2. gr. laga nr. 52 17. maí 1947.

Nd. 307. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum nr. 37 1961, um ríkisábyrgðir.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „ganga í sjálfskuldarábyrgð“ í 2. gr. laganna komi: fyrir aðra aðila en sveitarfélög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1961 voru sett lög um ríkisábyrgðir (lög nr. 37 1961). Í 2. gr. þeirra laga segir svo:

„Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.“

Á það var bent, er frv. um ríkisábyrgðir var til afgreiðslu hér á Alþingi, að þetta ákvæði laganna mundi raunverulega þýða það, að þau ákvæði í lögum, svo sem lögum um vatnsveitur, hitaveitur, rafmagnsveitur og víðar, þar sem talað er um ríkisábyrgð án skilgreiningar, svo sem þar er gert, yrðu gerð að mestu þýðingarlaus með þessari lagagrein, sérstaklega mundi þetta bitna hart á sveitarfélögum, þar sem ekki væri hægt að ganga að þeim, einföld ábyrgð yrði þeim því lítils eða einskis virði. Það hefur komið í ljós, að þetta hefur reynzt rétt. Sveitarfélögum verður einföld ríkisábyrgð ekki að notum.

Með frv. þessu er lagt til, að það ákvæði laganna um ríkisábyrgðir, er kveður á um, að eingöngu skuli gefin út einföld ábyrgð, nema öðruvísi sé ákveðið í heimildarlögunum sjálfum, nái ekki til sveitarfélaga. Ef þetta frv. yrði að lögum, mundu sveitarfélög geta hagnýtt sér ákvæði laga um vatnsveitur, hitaveitur o. fl. laga um ríkisábyrgð og aðstoð ríkisvaldsins við uppbyggingu sveitarfélaga með eðlilegum hætti.

Sþ. 308. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um endurskoðun laga um stýrimannaskóla Íslands og athugun á stofnun sjóvinnuskóla o. fl.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög og reglugerðir um stýrimannaskóla Íslands og inntökuskilyrði í hann. Við endurskoðun þessa skal sérstaklega hafa í huga, hvernig auka megi þekkingu væntanlegra nemenda í meðferð og notkun nýrra siglinga- og fiskileitartækja, sjóvinnu, fiskverkun og meðferð sjávarafurða.

Jafnframt láti ríkisstjórnin fara fram athugun á, hvort ekki sé tímabært og þá hvernig:

1. að auka og taka upp kennslu í síðasttöldu greinunum við verknám gagnfræðastigsins,
2. að stofnsettur verði sérstakur sjóvinnuskóli, þar sem væntanlegir nemendur stýrimannaskólans og aðrir fái m. a. kennslu í sjóvinnu, fiskverkun, meðferð sjávarafurða, fiskmati og verkstjórn.

Greinargerð.

Lög um stýrimannaskólann í Reykjavík eru frá 12. apríl 1945, nr. 69. Síðan þau voru sett, hafa verið gerðar nokkrar breytingar á þeim. Flm. þessarar tillögu finnst nú tímabært, að þessi lög verði endurskoðuð, vegna þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa á búnaði skipa, svo sem siglingatækjum og fiskleitartækjum, og meðfram vegna laga þeirra, sem sett voru um ferskfiskeftirlit þann 31. maí 1960, en í þeim lögum var nokkuð komið inn á þau mál, sem þessi þáltill. fjallar um. Í lögum þessum kveður á um, hvaða verkefni skuli falin fiskmatsráði, en þar segir m. a., „að það skuli endurskoða á næstu tveimur árum lög og reglugerðir um fiskmat“, og í skýringum segir: „Að undanförnu hafa verið uppi meðal manna, sem stunda fiskvinnslu og verzlun með fiskafurðir, mjög háværar raddir um, að gagnger endurskoðun þurfi að fara fram á gildandi lögum og reglugerðum um fiskmat.“

Frumvarpið um ferskfiskeftirlit var byggt á starfi og tillögum nefndar, sem skipuð var 15. sept. 1958, en samið af sjávarútvegsmálaráðuneytinu. Þessi nefnd lét greinilega í ljós þá skoðun sína, að meðalgæðum framleiðsluvaranna hafi í mörgum greinum hrakað undanfarin ár, og hún taldi jafnframt, að ástæðnanna væri einkum að leita í hrakandi gæðum hráefnis, sem til vinnslunnar fer, en ekki í göllum á vinnslunni sjálfri.

Nefndin setti fram ákveðnar tillögur í þessu efni um, að fiskmatsráð „vinni að aukinni fræðslu um fiskverkun og meðferð aflans, enn fremur skipuleggi það og framkvæmi hvers kyns áróður til þess auka skilning og tilfinningu fyrir vöruvöndun. — Það hlutist og til um, að kennsla í fiskvinnslu verði hafin nú þegar í sjómannaskólanum og hún verði síðar gerð að skyldunámsgrein.“

Þessir nefndarmenn virtust gera sér fulla grein fyrir þýðingu þess, að yfirmenn og verðandi yfirmenn á skipaflota okkar hafi kunnáttu og þekkingu auk ómetanlegrar reynslu í þessum málum. Sjávarútvegsnefndir Alþingis og aðrir alþingismenn komu svo á móti skoðunum undirbúningsnefndarinnar í þessu máli.

Á síðustu árum hefur tvisvar verið flutt þáltill. þess efnis, að ríkisstjórnin beitti sér fyrir setningu löggjafar um sérstakan skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun. Í grg. fyrir tillögu þessari sagði m. a.:

„Ef Íslendingar ætla að verða fyrirmyndar fiskiðnaðarþjóð, verður það ekki betur gert en með því að sérmennta fólk í þessari iðngrein. Undirstaða allrar iðnþróunar eru vel menntir starfsmenn og sérfræðingar í hverri þeirri grein, er að iðnaðinum lýtur. Þörf þjóðfélagsins fyrir sérfræðilega þekkingu eykst og stöðugt á öllum sviðum og þá ekki síður í fiskiðnaði en öðru.“

Þá er og minnzt á í grg. þessarar tillögu, hve mikill voði sé á ferðum, ef á bresti, að ævinlega sé vandað til framleiðslunnar eins og unnt er, og bent á einstök dæmi þar um, bæði til lands og sjávar. Engum dylst, hversu alvarlegt vandamál er þarna drepið á.

Enginn vafi leikur á, að grundvöllur fjárhagslegrar afkomu þjóðarinnar í nútíð og næstu framtíð eru fiskveiðarnar og fiskiðnaðurinn. Það, að vel og skynsamlega sé á haldið og að vel takist til um framkvæmd allra þeirra mála, sem varða aðalútflutningsvöru okkar, — allt frá því að undirbúningur undir veiðarnar er hafinn og þar til fiskurinn er kominn í hendur neytandans, — er ekki aðeins hagsmunamál einstakra hópa eða stétta í þjóðfélaginu, heldur lífshagsmunamál íslenzku þjóðarinnar.

Í áðurnefndri greinargerð er minnzt á hin miklu og góðu áhrif, sem búnaðarskólarnir hafa haft fyrir íslenzkan landbúnað.

Áhugamönnum á því sviði þykir þó ekki nóg að gert, því að fyrir Alþingi hefur legið frv. um stofnun búnaðarháskóla.

Enginn skóli sambærilegur við búnaðarskólana er til í okkar höfuð-framleiðslu-

grein, enginn skóli, sem sérmenntar menn í fiskiðnaðinum, engin kennsla um meðferð afla og vinnslu í þeim skóla, er sérmenntar þá skipstjórnarmenn, er veiða og flytja fiskinn að landi.

Allir hljóta að vera sammála því, að æskilegasta lausnin væri sú, ef leysa mætti þau vandamál, sem hér hefur verið á drepið, sameiginlega og jafnframt fyndist úrbót á enn einu vandamáli, sem Alþingi hefur oft glímt við, en það er fólkseklan á fiskiskipunum og þá í þessu sambandi sérstaklega hvað viðvíkur þeim mönnum, sem við skipstjórn fást.

Sú staðreynd hefur verið ljós, a. m. k. fram að síðasta skólaári stýrimannaskólans, að fjöldi þeirra, sem lokið hafa prófi frá fiskimannadeild hans, hefur farið minnkandi með vaxandi skipastól landsmanna. Fyrir þá, sem til þekkja, þarf vart að lýsa þessu vandamáli. En ekki þarf að fara mörg ár aftur í tímann til að minnast þess, að t. d. á mörgum togaranna voru hinir svokölluðu prófmenn meðal kjarnans í skipshöfninni, þótt eigi teldust til yfirmanna. Í þessum hópi voru framsæknir áhugamenn, sem urðu að sýna í starfi yfirburði sína til að teljast hlutgengir í hinni hörðu samkeppni þeirra á milli um mannaforráð. Nú hefur þetta gerbreytzt.

Á móti hinni alhliða þróun mannekluvandamálsins á fiskiskipunum hefur ekki verið hamlað — fyrr en nú í seinni tíð með bættum kjörum fiskimannanna og aukinni aflasæld vélbátaflotans, þótt sorglega seint reynist unnt að færa hinn höfuðþátt útgerðarinnar þar til jafns.

En á móti skorti þeirra, sem hugðust leggja út í harða samkeppni um mannaforráð á skipaflota okkar, hefur ekki verið gengið af raunsæi, heldur gefið eftir og stuðlað að því á annan hátt, að af þessari öfugþróun yrði. Þótt allt það bezta megi segja um tilganginn, má þó fullyrða, að á þessu sviði sem svo mörgum öðrum hjá okkar þjóð hefur það, sem til bjargar átti að verða, beinzt að afleiðingum ríkjandi ástands, en ekki orsökum, og því verið leyst úr tímabundnu vandamáli, en framtíðarvandamál skapað í staðinn.

Flutningsmenn benda á þetta vegna þess, að Alþingi hefur beitt sér fyrir því að draga úr námskröfum og námstíma þessara manna, og mun stýrimannaskólinn vera eini skóli landsins, sem átt hefur þessa þróun á undanförnum árum, þótt hins vegar megi fullyrða, að í fáum skólum hefur verið meiri ástæða til hins gagnstæða, eins og æ fleiri mönnum er nú að verða ljóst.

Þessi þróun á sér stað á sama tíma og skólamál iðnaðarins taka stórstígum framförum og aðalágreiningur framámanna þriðja höfuðatvinnuvegarins í sínum skólamálum er um það, hvar háskóli þeirra eigi að vera staðsettur. Þessi þróun á sér stað á sama tíma og verðmæti skipa og tækja, sem skipstjórnarmenn bera ábyrgð á, þurfa að læra ekki aðeins að nota, heldur einnig að fara með, margfaldast að verðmæti og skiptir í öllum tilfellum milljónum króna og allt að milljónatugum.

Á sviði menntunar yfirmanna á fiskiskipum hefur verið látið undan síauknum kröfum útgerðarmanna um undanþágur vegna skorts á mönnum með réttindi stýrimanna og skipstjóra og ekki síður vegna óska mannanna sjálfra, sem eðlilega hafa ekki viljað eyða nema lágmarkstíma í nám, sem er svo algerlega sérhæft, að það er til lítilla nota sem sérnám, eftir að í land er komið, og gefur engin réttindi til vinnu þar fram yfir þann, sem engrar framhaldsskólamenntunar hefur notið. Allir aðrir skólar, sem sérmennta menn undir störf á skipum okkar, eiga því láni að fagna að geta veitt nemendum sínum menntun, sem þeir hafa sömu not af, hvort sem er á sjó eða landi. Má þar nefna vélstjóra, loftskeytamenn, matsveina og bryta. Benda má á, að dæmi finnast um það, að meginhluti sumra hópa, er útskrifazt hafa frá stýrimannaskólanum, er horfinn í land til annarra starfa, frá sjómennskunni til hinna margvíslegustu fastra starfa — og hafa jafnvel lagt í nýtt, langt nám og þar með kastað á glæ þeim starfsárum, sem fóru í hið fyrra nám.

Þegar grennslazt er eftir, af hverju þetta stafi, er að vísu oftast minnzt á þá

staðreynd, að störfin í landi séu betur launuð, miðað við vinnutíma, heldur en sjóstörfin, eða svo hafi a. m. k. verið. En veigamesta ástæðan kemur alltaf fram fyrr en síðar, sú, að í landi er um að ræða fast, öruggt starf án fjarvista frá heimilum sínum, minni efnalegar áhyggjur eða erfiði og vosbúð, starf, sem þeir geta stundað fram á elliár og verið vel hlutgengir til. Þeir vita vel, að tækifæri til að hljóta slík störf gefast ekki, eftir að komið er fram yfir miðjan aldur og starfsorkan jafnvel farin að bila.

Ef kennsla í fiskvinnslu og fiskmeðferð verður tekin upp við stýrimannaskólann, eins og lög mæla þegar fyrir um, vilja flm. þessarar þáltill., að athugað verði, hvort eigi megi leysa um leið þau vandamál, sem hér hefur verið drepið á, með stofnun sérstaks sjóvinnuskóla, sem hver og einn gæti fengið aðgang að, en kannske þó frekast þeir, er lokið hefðu undirbúningsnámi frá gagnfræðaskólum í sjóvinnu, fiskverkun og meðferð sjávarafurða. Í sjóvinnuskóla þessum væri kennd alls konar sjóvinna, fiskverkun, meðferð sjávarafurða, fiskmat og verkstjórn og fengju nemendur, er prófi lykju, réttindi í síðasttöldu námsgreinunum. Skóli þessi væri skylduáfangi undir stýrimannaskóla, en á móti yrði felldur niður hluti af þeim siglingatíma, er skila verður, áður en í stýrimannaskólann er komið, og ætlaður er til verklegs náms.

Hér er minnzt á verkstjórn vegna þeirrar viðurkenningar, sem starf verkstjórnenda hefur fengið á seinni tímum sem einn af höfuðþáttum aukinnar hagkvæmni í rekstri og aukinnar framleiðni, en starf yfirmanns á skipi, bæði farskipi og fiskiskipi, er í mörgum tilfellum ekki annað en verkstjórn, sem að auki felur í sér ábyrgð marga mannslífa og mikilla verðmæta.

Þótt í stýrimannaskólanum sé einnig farmannadeild, er veitir mönnum rétt til stjórnar farskipa og varðskipa, er ekkert því til fyrirstöðu, að þeir ljúki slíkri skólagöngu fyrst á kostnað siglingatímans. Einnig má hugsa sér aðrar námsgreinar, þótt sjóvinna alls konar, verkstjórn, viðhald og umhirða skipa auk allrar meðferðar á farmi, bæði um borð og frá borði, væri sjálfsagt.

Að í tillögunni er getið um verknám gagnfræðaskólanna, kemur til af því, að sjálfsagt er að taka slíka kennslu upp vegna þess, að fjöldi unglinga kynnist þá störfum þessa stóra atvinnuvegar, en yrði án hans ella. Margir fá við slíkt unglinganám slíkan áhuga á starfinu, að þeir leggja þetta nytjastarf fyrir sig. Og síðast, en ekki sízt, er hið almenna uppeldisgildi.

Nú um alllangt skeið hafa farið fram á vegum áhugaaðila prófanir á sjóvinnunámskeiðum. Þessar prófanir hafa nú þróazt í föst sjóvinnunámskeið, sem haldin hafa verið 4 s. l. ár undir forustu sjóvinnunefndar Æskulýðsráðs.

Aðrir aðilar að þessari sjóvinnunefnd eru nú Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, Sjómannasamband Íslands og Vinnuskóli Reykjavíkur.

Kennarar þessara námskeiða, skipstjórnarmennirnir Ásgrímur Björnsson, Einar Guðmundsson og Hörður Þorsteinsson, hafa við mjög ófullkomnar aðstæður sýnt frábæran dugnað og þrautseigju, sem bezt lýsir sér í hinni stöðugt auknu aðsókn að námskeiðum þessum. Fyrir tveimur árum voru þátttakendur 85, s. l. ár voru þeir 100, en eru nú 140, er hljóta tilsögn 2 daga í viku 2 klst. í senn.

Með öðrum þjóðum, sem mun minna eiga undir sjósókn komið, annast fastar stofnanir slíka fræðslu og eru þá ávallt starfandi við sjó, þannig að það, sem kennt er í landi, er með stuttum fyrirvara prófað við raunhæfar aðstæður, úti á sjó, á skipum, sem slíkar stofnanir hafa yfir að ráða.

Óþarft er að fjölyrða um þessi mál umfram það, sem þegar er sagt í greinargerð þessari. Öllum landsmönnum ætti að vera augljós þörf á fastri og skipulagðri starfsemi um að glæða áhuga unglinga og annarra á nytsömum störfum við þann atvinnuveg, er nú skilar um 90% af útflutningsverðmætum þjóðarinnar, og er vart vansalaust, að þessi mál skuli ekki þegar hafa verið tekin fastari tökum.

Af þessum ástæðum er 2. töluliður þingsályktunartillögunnar til kominn.

Nd. 309. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Mál þetta var rætt á tveimur fundum heilbrigðis- og félagsmálanefndar, og varð brátt ljóst, að ekki mundi fást samkomulag um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar stjórnarflokkanna, þeir Gísli Jónsson, Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason, leggur til, að frumvarpið verði fellt, en minni hlutinn, Jón Skaftason og undirritaður, leggur til, að það verði samþykkt.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til, að ársvextir af A-lánum hins almenna veðlánakerfis verði lækkaðir úr 8% í 4% og að lánstíminn lengist úr 20 árum í 25 ár. Væri húsbyggjendum mikill léttir að svo mikilli vaxtalækkun, og einnig væri þeim nokkurt hagræði að lengingu lánstímans.

Annað efnisatriði frumvarpsins er það að lækka ársvexti af lánum til verkamannabústaða um helming, eða í 2%, eins og þeir voru upphaflega ákveðnir. En núverandi ríkisstjórn hækkaði vexti af þessum lánum um helming samkvæmt heimild í lögum um efnahagsmál frá 19. febr. 1960.

Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir, að vextir af B-lánum hins almenna veðlánakerfis haldist óbreyttir, 5½%.

Í frumvarpi þessu er til þess ætlazt, að vaxtalækkun sú, sem í því felst, nái til allra lánssamninga byggingarsjóðanna, einnig þeirra, sem gerðir voru fyrir gildistöku laganna með öðrum og hærri vöxtum. Á sama hátt skulu lækka vaxtakjör bankavaxtabréfa veðdeildar Landsbankans og byggingarsjóðs verkamanna.

Það er viðurkennt af öllum, að lán þau, sem hér eru veitt til íbúðabygginga, eru allt of lág. Miðað við núverandi byggingarkostnað eru þau oftast innan við 20% af byggingarkostnaðinum og vissulega mun lægri en skattlagningu ríkissjóðs á byggingarefni nemur. Það er ótrúlegt, en satt, að innflutningstollar og söluskattar eru nú orðnir mun hærri af meðalíbúð en þau lán, sem til hennar fást frá opinberum sjóðum.

Til þess að ráða bót á þessu er um tvær leiðir að ræða: annaðhvort að auka fjármagn byggingarsjóðanna og hækka lánveitingar til hverrar íbúðar eða — eins og hér er lagt til, — að lækka byggingarkostnaðinn sem nemur tekjum ríkissjóðs af tollum og söluskatti af byggingarefni til íbúðarhúsnæðis.

Í þessu frumvarpi er til þess ætlazt, að tollar og söluskattar verði endurgreiddir í einu lagi, þegar byggingu er lokið, — ekki samkvæmt efnisreikningi húseiganda, heldur eftir útreikningi húsnæðismálastjórnar á grundvelli þess efnismagns, sem fer í vísitöluhúsið. Uppgjör þetta og endurgreiðsla skal fram fara í samráði við fjármálaráðuneytið hverju sinni.

Fyrir flutningsmönnum þessa frumvarps vakir að létta nokkuð drápsbyrðar hárra vaxta, of stuttra lánstíma og stórhækkaðs byggingarkostnaðar á herðum þess fólks, sem lagt hefur út í þá þrekraun að reyna að koma upp viðunandi íbúðarhúsnæði yfir sig og sína.

Það er þjónusta við framtíðina að reyna nú þegar með skynsamlegum lagabreytingum að koma í veg fyrir, að bygging íbúðarhúsnæðis stöðvist að mestu. Og það er líka fyllsta ástæða til, að því fólki, sem staðið hefur í byggingum að undanförnu og fengið í bakið áhrif tveggja gengislækkana og mjög þyngdra söluskatta, sé hjálpað til að geta haldið íbúðum sínum, svo að erfiðislaunin verði ekki þau eftir allt saman að missa þær undir hamarinn.

Rök þeirra háttvirtra þingmanna, sem leggja til, að frumvarp þetta verði fellt, eru ekki sterk, og því síður er það þjóðholl afstaða, þegar ekki er þá heldur bent á nein önnur úrræði.

Við undirritaðir teljum fyllstu þörf á þeirri auknu þjóðfélagsaðstoð, sem hér er gert ráð fyrir við húsbyggjendur, og leggjum því eindregið til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 20. febr. 1962.

Hannibal Valdimarsson, frsm.
Jón Skaftason, með fyrirvara.

Nd. 310. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta hefur verið rætt á nokkrum fundum í nefndinni, og hefur hún klofnað í afstöðu sinni til þess. Meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til, að frv. verði fellt, en minni hlutinn, sem undirritaðir þingmenn skipa, leggur til, að frv. verði samþykkt.

Um nauðsyn á hækkun lána hjá byggingarsjóði ríkisins getur ekki verið neinn ágreiningur. Allir vita, hversu gífurlega byggingarkostnaður hefur hækkað frá árinu 1955, er 100 þús. kr. hámarkið á lánum sjóðsins var ákveðið. Húsbyggingavísitalan var þá 93 stig, en í okt. 1961 var hún komin upp í 168 stig. En auk þess er á fleira að líta. Lánstími lána sjóðsins hefur verið styttur, vextir hækkaðir og fleiri aðgerðir framkvæmdar í efnahagsmálum, er torvelda almenningi að geta ráðizt í að byggja yfir sig og sína.

Meiri hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur áherzlu á, að þar sem löggjöfin um húsnæðismálastofnun ríkisins sé nú í endurskoðun og ekki sé vitað, hvaða niðurstaða fáist við þá endurskoðun, þá sé rétt að fella þetta frumvarp.

Ekki verða þessi rök talin mikils virði.

Heyrzt hefur, að sú endurskoðun, sem nú á sér stað á húsnæðismálalöggjöfinni, beinist fyrst og fremst að skipulagsmálum húsnæðismálastofnunarinnar. Tvöföldun á lánum byggingarsjóðsins þarf ekki á nokkurn hátt að torvelda þá endurskoðun. Hækkun lágmarkslána byggingarsjóðs ríkisins er eingöngu spurning um það, hvort Alþingi vilji beita sér fyrir aukinni tekjuöflun í byggingarsjóð ríkisins eða ekki, og það er ekki á færi nokkurs annars aðila en Alþingis að segja til um það. Það verður líka að telja það sanngirnismál, að sú ríkisstjórn og sá þingmeirihluti, er hún styðst við, sem hefur með tvennum gengisfellingum og margs kyns annarri skattlagningu á byggingarefni og byggingarvinnu stórhækkað byggingarkostnaðinn í landinu, taki sig fram um það strax að létta að einhverju þær byrðar, sem á húsbyggjendur hafa verið lagðar með þeim ráðstöfunum.

Því hefur verið haldið mjög á loft í málgögnum ríkisstjórnarflokkanna, að mikill vöxtur hafi orðið í lánastofnunum landsins á spariinnlögum tvö undanfarin ár. Það er fullkomið réttlætismál, að tryggt verði með löggjöf eða samningum við þessar lánastofnanir, að verulegur hluti þessarar innlánaaukningar gangi til íbúðarlána á vegum byggingarsjóðs ríkisins. Fleiri leiðir mætti og fara til þess að auka tekjur sjóðsins, og er bent á þær í greinargerð með frumvarpinu.

Af framangreindum ástæðum leggur minni hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 21. febr. 1962.

Jón Skaftason, frsm.
Hannibal Valdimarsson.

Nd. 311. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá Skúla Guðmundssyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „1960“ í 2. málsgr. komi: 1961.
2. Við 6. gr. Framan við greinina komi:
   Umsóknir um lán samkvæmt lögum þessum skal senda veðdeildinni fyrir 1. maí 1962.

Ed. 312. Frumvarp til laga [155. mál]

um verkamannabústaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1962).

1. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að bæta úr húsnæðisþörf þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem ekki hafa tekjur né eiga eignir yfir það hámark, er greinir í 4. tölulið 6. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

2. gr.

Byggingarsjóður verkamanna lánar til bygginga skv. skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst 15 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið land, að talizt geti lögbýli.

3. gr.

Byggingarsjóður verkamanna skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Frá og með árinu 1962 greiði sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., í sjóðinn árlega upphæð, sem nemi eigi minna en 40 kr. og eigi meira en 60 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt. Ef sveitarfélag vanrækir að greiða framlag sitt til Byggingarsjóðs, er heimilt að krefja sveitarfélagið um dráttarvexti, svo sem nánar er ákveðið í reglugerð.
2. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þess krónufjölda á íbúa kaupstaðar eða kauptúns, er sveitarstjórn þar hefur ákveðið með samþykkt þeirri, er í 1. tölulið segir, að leggja fram til sjóðsins, þegar sýnt er, að þörf er fyrir starfsemi Byggingarsjóðs, sbr. 2. gr.
3. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður, en hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu af lánsfé sjóðsins.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til Byggingarsjóðs jafnað niður á þá íbúa kauptúnsins, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

4. gr.

Byggingarsjóður verkamanna veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Lán þessi skulu vera tryggð með 1. veðrétti í húsum og lóðarréttindum. Lánin séu affallalaus og endurborgist með jöfnum árlegum greiðslum á 42—75 árum. Lánsfjárhæð má vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, en þó ekki yfir 300 þúsund krónur. Seðlabankinn ákveður vexti á lánunum í samráði við ríkisstjórnina.

Stjórn byggingarsjóðs ákveður, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og stjórnar byggingarfélags, hvers konar lánskjör eru hverju sinni veitt.

Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu hvenær sem þeir óska þess, en ekki skal það hafa áhrif á söluverð íbúða samkvæmt 8. tl. 6. gr.

5. gr.

Lausafé Byggingarsjóðs verkamanna skal jafnan ávaxta í peningastofnunum með ríkissjóðsábyrgð.

6. gr.

Byggingarfélög hafa rétt á að fá lán úr Byggingarsjóði skv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn Byggingarfélagsins sé skipuð 5 mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðar þessarar greinar.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
3. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með eins til fjögra herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútíma þægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna, þar á meðal stærð íbúðanna, samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.
4. Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, hafi ekki átt viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína síðast liðin tvö ár og hafi eigi haft yfir 60 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 5 þúsund krónum fyrir hvern ómaga á framfæri né yfir 150 þúsund króna skuldlausa eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.
5. Að íbúðir séu hagkvæmar og teikningar samþykktar af stjórn Byggingarsjóðs.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru skv. 4. gr. Skal gerður sérstakur kaupsamningur um hverja íbúð við þann, er íbúðina fær, og eru þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau löglegir félagar byggingarfélagsins.
7. Að byggingarnar séu reistar á skipulögðum leigulóðum sveitarfélaga eða ríkisins eða skipulögðum eignarlóðum byggingarfélaga. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignahlutföllum í byggingunni. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, er sveitarfélaginu heimilt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið skv. lögum nr. 61 frá 14. nóvember 1917.
8. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja, nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættri verðhækkun, sem skv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega

fyrningu, hvort tveggja skv. mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda skv. mati á íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er. Ef íbúðin er að dómi borgarlæknis í Reykjavík eða héraðslæknis utan Reykjavíkur orðin heilsuspillandi vegna fjölskyldustærðar, er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar um verðhækkun íbúðar með samþykki félagsstjórnar og félagsmálaráðherra.

9. Að ákveðið sé með reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðar jafnað niður á eigendur eftir eignahlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal notandi hennar greiða. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
10. Að stjórn Byggingarsjóðs hafi fallizt á samþykktir félagsins og ráðuneytið staðfest þær.

7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingu eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlun, dagheimili, leikskóla fyrir börn og mötuneyti. Ákvæði skulu sett í reglugerð um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

8. gr.

Í stjórn Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera 5 menn kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann sjóðsstjórnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum skv. reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins til bráðabirgða milli deilda, ef það þykir henta.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík og nágrenni, en sér til aðstoðar meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna skv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn einn eða fleiri í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild Byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi sveitarfélag hefur rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélagsins og hefur rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

9. gr.

Ársreikningar byggingarfélagsins skulu ætíð lagðir fyrir stjórn Byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af því láni, er veitt hefur verið til bygginganna. Ef stjórn Byggingarsjóðs hefur ekki borizt í hendur reikningur byggingarfélags fyrir síðasta ár fyrir 1. september ár hvert, er óheimilt að halda áfram lánveitingum til byggingarfélagsins fyrr en reikningurinn berst sjóðsstjórn í hendur.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga Byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, skv. lögum þessum, og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög skv. lögum þessum.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti af húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún í samráði við stjórn Byggingarsjóðs og hlutaðeigandi sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa skv. lögum þssum.

12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn I. kafli laga nr. 36 frá 16. febrúar 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

14. gr.

Lög þessa öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kosning fyrstu stjórnar Byggingarsjóðs verkamanna og endurskoðenda fer fram á Alþingi því, er setur þessi lög, eftir gildistöku laganna, og fellur þá niður umboð stjórnar og endurskoðenda Byggingarsjóðs skv. lögum nr. 36 frá 16. febrúar 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna verið ýmsum annmörkum háð. Hefur því ríkisstjórnin talið nauðsynlegt að láta fara fram heildarendurskoðun laga um verkamannabústaði. Hinn 9. september 1960 skipaði félagsmálaráðherra 5 menn í nefnd til að endurskoða lög um húsnæðismálastofnun, lög um verkamannabústaði o. fl. varðandi húsnæðimál. Í nefndina voru þessir menn skipaðir: Eggert G. Þorsteinsson, alþingismaður, formaður nefndarinnar, Jóhann Hafstein, bankastjóri, Ragnar Lárusson, forstjóri, Tómas Vigfússon, húsasmíðameistari og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, lögfræðingur. Hinn 20. sept. 1960 var bætt í nefndina fulltrúa frá Veðdeild Landsbanka Íslands, Hauki Vigfússyni, bankafulltrúa.

Nefndin hefur nú lokið endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um verkamannabústaði, sem eru í I. kafla laga nr. 36 frá 16. febrúar 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, sbr. 5. kafla laga nr. 42 frá 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóð ríkisins o. fl. Hefur nefndin samið frumvarp það til nýrra laga um verkamannabústaði, sem hér liggur fyrir, og skilað álitsgerð þeirri, sem hér fer á eftir:

„Nefndin vill gera grein fyrir helztu athugunum sínum og hugmyndum varðandi endurskoðunina á lögum um verkamannabústaði.

Skal þetta nú gert með því að geta helztu atriða í þróun Byggingarsjóðs verkamanna og stöðu hans í dag og skýra hugmyndir nefndarinnar um hlutverk hans í framtíðinni, og hvað gera þurfi nú til þess, að sjóðurinn geti innt hlutverk sitt af hendi.

Fjármál Byggingarsjóðs verkamanna.

Til þess að skýra fjármál Byggingarsjóðs verkamanna verður hér fyrst og fremst gerð grein fyrir fjármagni því, sem sjóðurinn hefur haft yfir að ráða, hvaðan það hefur komið, og hvernig því hefur verið varið og skýrð staða sjóðsins samkvæmt síðustu ársreikningum hans.

Tekjur sjóðsins.

Þegar lögin um verkamannabústaði voru sett í upphafi árið 1929, var þegar tekin upp sú leið til fjáröflunar, sem síðan hefur verið undirstaða Byggingarsjóðs verkamanna. Ríkissjóði var gert að greiða óafturkræft framlag til sjóðsins gegn jafnháu framlagi frá viðkomandi sveitarfélagi. Upphaflega var framlag sveitarfélaganna miðað við 1 krónu á hvern íbúa þeirra, en brátt (1931) við 2 krónur. Árið 1946 var framlagið miðað við 4 krónur lágmark og 6 krónur hámark á hvern íbúa sveitarfélagsins, auk þess sem greiða skyldi verðlagsuppbót á framlögin. Var svo óbreytt þar til árið 1957, að framlagið var miðað við 24 krónur lágmark og 36 krónur hámark á hvern íbúa. Af þessum ástæðum svo og vegna fjölgunar sveitarfélaga, sem innt hafa af hendi framlög, hafa heildarframlög sveitarfélaganna stórlega aukizt eftir því sem tímar hafa liðið. Þannig voru framlög sveitarfélaganna á fyrstu 5 árum Byggingarsjóðsins að meðaltali 78 þús. kr. á ári, en síðustu 5 árin 2.5 millj. kr. Á síðastliðnu ári námu framlög sveitarfélaganna kr. 3 217 777.00. Á fylgiskjali nr. 1 má sjá yfirlit yfir framlög sveitarfélaganna 1930—1960, er námu samtals á þessu tímabili kr. 31 147 371.16. Þar er og að finna yfirlit yfir framlög Reykjavíkurbæjar, sem eru nær ⅔ af heildarframlögum sveitarfélaganna.

Auk framlaga sveitarfélaga og ríkissjóðs var Byggingarsjóðnum með lögum um Tóbakseinkasölu ríkisins árið 1931 veittur hluti af tekjum einkasölunnar. Var svo fram til 1941, að þessu var breytt á þá lund, að ríkissjóður legði árlega í Byggingarsjóðinn 150 þús. kr. og jafnframt var þá fellt niður að greiða framlag af tekjum Tóbakseinkasölunnar. Þetta ríkisframlag ásamt framlaginu frá Tóbakseinkasölunni nam samtals í árslok 1960 í tekjum fyrir Byggingarsjóðinn 2.7 millj. kr.

Þá veitti ríkissjóður Byggingarsjóðnum lán af gengishagnaði 1950 og annað lán samkvæmt lögum nr. 14/1952, en með lögum nr. 37/1953 var lánum þessum, samtals 9.3 millj. kr., breytt í óafturkræft framlag. Árið 1957 hlaut svo Byggingarsjóður hluta af stóreignaskatti að upphæð 5.9 millj. kr.

Fyrir utan tekjur þær, sem tilgreindar eru hér að framan, hefur Byggingarsjóður aflað fjár með sölu vaxtabréfa að upphæð 12.4 millj. kr.

Annað fjármagn, sem Byggingarsjóður hefur haft til umráða frá stofnun hans til ársloka 1960, er vaxtatekjur 20.5 millj. kr. og afborganir af lánum 10.5 millj. kr. og ýmislegt 0.5 millj. kr., og má sjá sundurliðun þessarar upphæðar á fylgiskjali nr. II.

Útlán sjóðsins.

Fjármagni því, sem til Byggingarsjóðs hefur fallið frá stofnun hans til ársloka 1960, 124.3 millj. kr., hefur verið varið til útlána að upphæð 104.1 millj. kr. Útborgaðir vextir sjóðsins hafa á tímabilinu numið 9.3 millj. kr. og ógreidd framlög voru 10.9 millj. kr., sbr. fylgiskjal nr. II.

Útlán Byggingarsjóðs hafa aukizt eftir því, sem tímar hafa liðið. Þannig voru útlánin á fyrstu 5 árum sjóðsins að meðaltali 231.7 þús. kr. á ári, en síðustu 5 árin 9.5 millj. kr. Á síðasta ári námu útlán Byggingarsjóðs kr. 17 023 455.82. Á fylgiskjali nr. III. má sjá yfirlit yfir lánveitingar Byggingarsjóðs 1930—1960. Þar er og að finna yfirlit yfir lánveitingar til Reykjavíkur.

Frá stofnun Byggingarsjóðs til ársloka 1959 hefur sjóðurinn veitt lán út á samtals 1108 íbúðir. Þessar íbúðir skiptast á milli 34 sveitarfélaga. Á fylgiskjali nr. IV. er gerð sundurliðun á íbúðafjölda og lánveitingum Byggingarsjóðs til hvers sveitarfélags frá byrjun til 1959 svo og árið 1960.

Staða sjóðsins.

Í árslok 1960 nam fjármagn sjóðsdeilda 107.1 millj. kr. Var þar fólgið 75.7 millj. kr. eigið fé og 31.1 millj. kr. skuld við aðalsjóðinn. Af þessu fjármagni var bundið í lánum til félagsmanna 973.7 millj. kr. Nánari sundurliðun á efnahag sjóðsdeilda pr. 31/12 1960 er að sjá á fylgiskjali nr. V. Efnahag aðalsjóðsins er hins vegar að sjá á fylgiskjali nr. VI.

Hlutverk Byggingarsjóðs.

Þegar lögin um verkamannabústaðina voru sett árið 1929 var því lýst í greinargerð með frumvarpi að lögunum, að tilgangurinn með lagasetningu þessari væri að gera verkalýð bæjanna kleift að fá hollar og ódýrar íbúðir með þægindum nútímans. Því var haldið fram, að þetta myndi seint takast, eins og efnum fjöldans var þá háttað, nema með aðstoð hins opinbera. Í framkvæmd hafa lögin á síðustu þrem áratugum veitt mikilvæga aðstoð til að ná þessu marki, eins og sjá má af því, sem rakið hefur verið hér að framan um starfsemi Byggingarsjóðs. Hins vegar eru það aðrar ástæður, sem mestu hafa valdið á þessum tíma um þá gerbreytingu, sem orðið hefur á húsakosti þjóðarinnar. Þar um veldur hin mikla aukning, sem orðið hefur á framleiðsluafköstum og þjóðartekjum. Þannig hafa um 16000 íbúðir verið byggðar í bæjum og kauptúnum á tímabilinu 1930—1959, en þar af eru íbúðir verkamannabústaða aðeins 1108. Á þessu tímabili, einkum síðari helmingi þess, hefur þjóðin haft efni á að bæta húsakost sinn stórlega. Þar hafa allar stéttir fylgzt að, verkalýðurinn sem aðrar stéttir. Verkin sýna merkin. Þjóðin hefur raunverulega haft efni á þessu. Það sýna framkvæmdirnar, sem orðið hafa. Vandinn hefur hins vegar verið fólginn í lánsfjárskorti til húsbygginga. Sá vandi verður rakinn til efnahagskerfisins og þróunar peningamálanna almennt. Á undanförnum árum hafa verið gerðar tilraunir til að leysa þennan vanda. En þrátt fyrir það, hefur ekki enn náðst það takmark, sem nefndin telur að setja verði, þ. e. að hægt sé að fullnægja eftirspurninni eftir íbúðarlánum. Hins vegar gefur stefna núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum og peningamálum fyrirheit um, að svo geti orðið. Telur nefndin, að þegar komið er á jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á þessum lánamarkaði, þá megi ætla að hægt sé að tryggja eðlilegar lánveitingar, svo að almenningur geti búið við svo góðan húsakost, sem efnahagur landsins frekast leyfir.

En þá er eftir sá þáttur húsnæðisvandamálsins, sem liggur í því að tryggja, að enginn þjóðfélagsþegn þurfi að búa við húsakost, sem ekki svarar ákveðnum lágmarkskröfum um gæði og rými. Gera verður ráðstafanir til að veita sérstaka aðstoð af opinberri hálfu þeim þegnum þjóðfélagsins, sem búa við erfiðastar aðstæður eða vegna ómegðar og sjúkdóma nægir ekki sú fyrirgreiðsla, sem hið almenna lánakerfi veitir. Telur nefndin, að í þessum tilgangi eigi að starfrækja Byggingarsjóð verkamanna. Hann á að nota til hjálpar þeim, sem verst eru settir í þjóðfélaginu.

Þegar lögin um verkamannabústaði voru sett, var verkalýðsstéttin í heild flokkuð hér undir. Sem betur fer er svo ekki lengur, enda viðurkennt af öllum, að þessari fjölmennustu stétt þjóðfélagsins verði að búa þau kjör, sem geri henni yfirleitt mögulegt að koma sér upp viðunandi íbúðum. En þegar svo er ástatt, ætti að geta orðið þeim mun hægara að aðstoða þá þegnana, sem raunverulega eru verst settir. En til þess að svo geti orðið er tvennt nauðsynlegt:

1. Takmarka fyrirgreiðsluna við ákveðið tekju- og eignahámark þeirra, sem hennar geta notið.
2. Veita nægilega mikla aðstoð, svo að hún komi að fullu gagni þeim, sem njóta eiga.

Meginatriði í endurskoðuninni.

Þessi tvö skilyrði hljóta að fara saman og vera hvort öðru háð. Hugsunin er sú að hjálpa einungis þeim, sem hjálpar eru þurfi, en veita þeim næga hjálp. Segja má, að þessi hugsun hafi legið til grundvallar, þegar lögin um verkamannabústaði

voru fyrst sett. Þessu sjónarmiði var lengi framfylgt, en á hinum síðari árum hefur framkvæmd laganna stöðugt fjarlægzt þessa stefnu og í þeirri staðreynd felast fyrst og fremst þeir ágallar, sem nefndin telur þörf á að bæta nú úr. Að áliti nefndarinnar koma því fyrst og fremst til athugunar við endurskoðun laga um verkamannabústaði þessi atriði:

1. Ákvæðin um tekju- og eignahámark, þeirra sem fyrirgreiðslu geta notið skv. lögunum.
2. Lánsupphæð og lánskjör Byggingarsjóðs verkamanna.
3. Tekjuöflun Byggingarsjóðs verkamanna.

Skulu nú þess atriði athuguð nánar.

1. Þegar lögin um verkamannabústaði voru fyrst sett árið 1929 var svo kveðið á, að þeir einir gætu notið fyrirgreiðslu þeirra, er eigi hafi haft yfir 4000 króna árstekjur miðað við meðaltal 3 síðustu ára, er þeir gerðust félagsmenn, né yfir 4000 króna eign. Árið 1931 varð sú breyting á, að miðað var við 4000 króna árstekjur að viðbættum 300 krónum fyrir hvern ómaga, þó ekki samtals yfir 5500 króna árstekjur, né yfir 5000 króna eignir. Frá 1941 var miðað við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við kaupgjaldsvísitölu. En árið 1946 voru upphæðir þessar enn hækkaðar upp í 7000 króna árstekjur að viðbættum 1000 krónum á hvern ómaga og 10000 króna eign, allt með vísitöluhækkun. Stóð svo allt til ársins 1957, þegar ákveðið var að miða við 50 þúsund króna árstekjur að viðbættum 5 þúsund krónum fyrir hvern ómaga og 75 þúsund króna skuldlausa eign. Þá var ákveðið, að tölur þessar skyldu breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar. Um leið var gerð sú breyting, að hér var miðað við meðaltal þriggja síðustu ára fyrir lánveitingu í stað meðaltals þriggja ára fyrir inngöngu í byggingafélag. Nefndinni virðist að þær tölur, sem miðað er við frá 1957, hafi ekki verið fjarri réttu lagi. Hér er hins vegar um svo mikil grundvallaratriði að ræða, hvar setja skuli takmörkin fyrir því, að mega njóta þeirra fríðinda, sem lögin veita, að nefndin hefur talið æskilegt, að endanleg ákvörðun um þetta atriði sé byggð á sem traustastri undirstöðu. Í því skyni hefur nefndin látið fara fram hagfræðilega athugun á grundvelli árlegrar úrtaksathugunar á atvinnutekjum launþega, hvernig launþegar skiptast eftir upphæð atvinnutekna og ómagafjölda. Þessa athugun hefur Framkvæmdabanki Íslands annazt og liggur hún fyrir á fylgiskjali nr. VIII. Þar er um að ræða athugun á atvinnutekjum launþega árið 1959. Kemur þar í ljós, að 9.3% launþeganna hafa 50 þúsund krónur eða minna í tekjur á árinu. Hér er aðeins reiknað með atvinnutekjum og fjölskyldubætur ekki meðtaldar. Nú hafa fjölskyldubætur hækkað svo mikið að taka verður tillit til þeirra, þegar hámark árstekna er ákveðið. Með tilliti til þessa leggur nefndin til, að tekjuhámarkið verði hækkað úr 50 þúsund króna árstekjum í 60 þúsund krónur. Reiknar nefndin þá með, að fyrirgreiðsla Byggingarsjóðsins geti náð til um 10% launþega í kaupstöðum og kauptúnum. Einnig leggur nefndin til, að eignahámark laganna verði hækkað úr 75 þúsund krónur upp í 150 þúsund krónur.
2. Eins og nú er ástatt eru megin vandkvæðin á framkvæmd laga um verkamannabústaði þau, að þeim, sem verst eru settir fjárhagslega og ótvíræðast fullnægja því ákvæðum laganna um efnahag og tekjur, hafa ekki bolmagn til að byggja með þeim lánum, sem nú eru veitt. Úr þessu verður að bæta með því að hækka lánin og bæta lánskjörin.

   Í fyrstu lögunum um verkamannabústaði var ákveðið, að árlegt gjald af lánum þeim, er veitt yrðu skyldi vera 6% af allri lánsupphæðinni í 42 ár, og svarar það til 5.3% árlegrar vaxtagreiðslu. Á árinu 1933 var gjald þetta lækkað í 5% og svarar það til 4.06% ársvaxta. Árið 1941 var gjald þetta enn lækkað, í 4%, og jafngildir það 2.686% vöxtum á ári. Árið 1946 var svo vaxtaákvæðunum enn breytt og ákveðið, að þeir skyldu vera 2% ársvextir. Helzt svo til ársins

1955, þegar teknir voru upp 3½% ársvextir, er stóðu til síðastliðins árs, þegar þeir voru hækkaðir upp í 6%.

Þá var í upphafi svo ákveðið, að lánsupphæðin skyldi nema 85% af byggingarkostnaðinum. Var svo í framkvæmd fram um 1940. Á næsta áratug lækka lánin smám saman úr 85% byggingarkostnaðar niður í um 75%. Þessi þróun hélt svo áfram síðasta áratuginn með auknum hraða, þannig, að árið 1959 eru lánin komin niður í um 50% byggingarkostnaðar, og á síðastliðnu ári gekk þróunin enn niður á við. Til frekari skýringa á þróun þessari eru upplýsingar á fylgiskjali VII. um byggingarframkvæmdir Byggingarfélags verkamanna í Reykjavík. Þar er að finna sundurliðun á hinum ýmsu byggingarflokkum félagsins, þar sem tilgreindur er byggingarkostnaður hverrar íbúðar, lán Byggingarsjóðs verkamanna út á íbúðirnar, tölulega og í hlutfalli við byggingarkostnað, afborganir og vextir af lánum Byggingarsjóðs og önnur fastagjöld af hverri íbúð ásamt árlegri og mánaðarlegri greiðslubyrði hinna tilgreindu útgjalda.

Nefndin telur, að þessi þróun í lánveitingum Byggingarsjóðs hafi smám saman gert lánin algerlega ónóg til þess að gera þeim mönnum kleift að byggja íbúð, sem fjárhagslega voru svo settir, að eiga rétt á þessari fyrirgreiðslu. Þær hugmyndir eru því uppi hjá nefndinni, að lánin þurfi að vera álíka stór hluti byggingarkostnaðar og í upphafi var eða að minnsta kosti 75% byggingarkostnaðar.

En ekki er nægilegt að veita þetta há lán því fólki, sem býr við þær fjárhagsástæður, er tilskilið er til að geta notið aðstoðar byggingarsjóðs. Sjá þarf um, að lánskjörin séu það hagstæð, að þetta fólk geti staðið undir árlegum afborgunum og vöxtum. Þess vegna ber að líta á þessi lán sem sérstök styrktarlán og vextir og lánstími að ákvarðast samkvæmt því.

3. En til þess að gera þetta mögulegt þarf að tryggja Byggingarsjóði aukin framlög frá því sem verið hefur. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir tekjum Byggingarsjóðs frá upphafi til þessa tíma. Af því má marka, að hin föstu framlög ríkis og sveitarfélaga hafa verið megin tekjustofninn, eins og lögin hafa alla tíð gert ráð fyrir. Að vísu hefur verið heimild fyrir sjóðina til að taka lán til starfsemi sinnar og hefur hann gert það, svo sem áður greinir. En nefndin vekur athygli á þeim vandkvæðum, sem þeirri tekjuöflun fylgja vegna óhjákvæmilegs vaxtataps, sem fylgir því að fá fjármagn með hærri vöxtum en það er svo aftur lánað út fyrir. Sér því nefndin engin betri úrræði en að reisa tekjuöflun Byggingarsjóðs á hinum föstu framlögum ríkis og sveitarfélaga, eins og alla tíð hefur aðallega verið gert.

En til að mæta þeim þörfum, sem nefndin telur eðlilegt, að Byggingarsjóður verkamanna geri, þá telur nefndin nauðsynlegt að auka hið fasta framlag stórlega. Leggur nefndin því til, að lágmarksframlag sveitarfélaga sé aukið úr 24 krónum á íbúa, sem það nú er í, í 40 krónur og hámarkið úr 36 krónum í 60 krónur.

Nefndin bendir á, að hyggilegt sé að veita sveitarfélögunum nokkuð svigrúm til að ákveða, hvað þau leggi af mörkum. Ýms sveitarfélög hafa með höndum byggingarframkvæmdir til að aðstoða fólk, sem býr við verst húsnæðisástand. Þau sveitarfélög, sem vilja halda þeirri starfsemi áfram myndu þá að öðru jöfnu frekar kjósa að ákveða framlag sitt til Byggingarsjóðsins nær lágmarkinu. Hin sveitarfélögin, sem frekar kynnu að vilja minnka sínar eigin framkvæmdir, en telja heppilegra að auka starfsemi byggingarfélaga, myndu geta stuðlað að því með því að ákveða sem hæst framlag til Byggingarsjóðsins. Hefðu sveitarfélögin þannig nokkurt valfrelsi í þessum efnum.

Mannfjöldi í þeim sveitarfélögum, þar sem nú eru starfandi byggingarfélög verkamanna er um 130 þúsundir. Miðað við það framlag á íbúa, sem hér er lagt til að gangi til Byggingarsjóðsins gætu tekjur sjóðsins af framlögum

minnst orðið 10.4 millj. kr. á ári, ef öll sveitarfélögin væru raunhæfir þátttakendur, og náð allt að 15.6 millj. kr. upphæð.“

Hér á eftir fara athugasemdir við hinar einstöku greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hlutverk byggingarsjóðsins er hér orðað svo, að það skuli vera að bæta úr húsnæðisþörf þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem fullnægja tilgreindum skilyrðum. Í gildandi lögum er talað um verkamenn og aðra þá íbúa kaupstaða og kauptúna, sem lögin ná til. Hér er aðeins gerð breyting á orðalagi en ekki að efni til. Menn hafa orðið að fullnægja vissum skilyrðum til þess að geta notið aðstoðar Byggingarsjóðsins, hvort sem þeir eru verkamenn eða ekki. Þykir því ekki ástæða til að tilgreina í þessu sambandi sérstaklega verkamenn frekar en aðrar stéttir.

Í gildandi lögum um verkamannabústaði er hvergi talað um „Byggingarsjóð verkamanna“, en hins vegar hefur sjóðurinn verið svo nefndur. Rétt þykir að lögbinda nafn þetta og er það því tekið upp í frumvarp þetta.

Um 2. gr.

Grein þess er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Í grein þessari er sú breyting frá gildandi lögum, að framlag sveitarsjóðs er ákveðið eigi minna en 40 krónur og eigi meira en 60 krónur fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins í stað 24 króna lágmarks og 36 króna hámarks, sem nú er lögfest. Þá er í þessari grein tekið upp það nýmæli, að Byggingarsjóði er heimilt að krefja sveitarfélögin um dráttarvexti af vangoldnum framlögum til sjóðsins.

Þá er fellt niður ákvæði um heimild til stofnunar innlánsdeildar í sambandi við Byggingarsjóðinn. Þótti ekki ástæða til að halda því ákvæði, þar sem reynslan hefur sýnt, að það hefur enga raunhæfa þýðingu.

Enn fremur er fellt niður ákvæði um, að ríkissjóður leggi árlega til Byggingarsjóðsins 150 þúsund krónur. Þetta tillag var upphaflega ákveðið, þegar fellt var niður tillag til sjóðsins af tekjuafgangi Tóbakseinkasölu ríkisins, og hafði þá meiri þýðingu en nú.

Að öðru leyti er grein þessi efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Í upphafi þessarar greinar er ákveðið, að Byggingarsjóður verkamanna geti aðeins veitt lán til þeirra byggingarfélaga, sem fullnægja skilyrðum laganna. Í gildandi lögum er talað um, að byggingarfélögin skuli reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum laganna. Ekki þótti rétt að halda þessu orðalagi, þar sem þessi lög kveða tæmandi á um rétt og skyldur þessara byggingarfélaga, en um byggingarsamvinnufélög fer nú samkvæmt öðrum lögum.

Í grein þessari eru ákvæði um lánskjör Byggingarsjóðsins. Gildandi lög gera ráð fyrir þrem lánaflokkum, A-, B- og C-flokki, með mismunandi lánsupphæð og lánstíma. Ákvæðin um lánaflokka þessa eru felld niður í frumvarpi þessu, þar sem þessi flokkun hefur enga raunhæfa þýðingu haft, því að láveitingar Byggingarsjóðsins hafa ekki verið greindar í sundur eftir flokkun þessari. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að lánsupphæðin megi vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, svo sem hámark er í lögum nú, þó ekki yfir 300 þúsund krónur, en það er eins og nú standa sakir það mark, sem nefndin telur æskilegt að náð verði. Lánstíminn er ákveðinn hér 42—75 ár, og er það sama lágmark og hámark, sem er í núgildandi lögum. Aftur á móti er svo ákveðið að Seðlabankinn ákveði vexti af lánunum í samráði við ríkisstjórnina.

Í grein þessari eru ákvæði um heimild lántakenda til að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska. Þetta er svo í lögum nú, en sú hætta hefur verið talin fylgja þessari heimild, að menn neyttu hennar beinlínis til að geta fengið hærra söluverð fyrir íbúð sína samkvæmt matsreglum laganna. Til að taka af tvímæli og koma í veg fyrir slíka misnotkun er hér í frumvarpinu nýtt ákvæði, er kveður svo á, að ekki megi greiðsla lánsins fyrir gjalddaga hafa áhrif á söluverð íbúðar samkvæmt 8. tl. 6. gr.

Að öðru leyti er grein þessi efnislega samhljóða gildandi lögum, nema felld er niður heimild til að stofna deildir innan hvers einstaks byggingarfélags, þar sem það ákvæði hefur enga raunhæfa þýðingu haft.

Um 5. gr.

Grein þessi er efnislega óbreytt frá því sem nú er í lögum.

Um 6. gr.

Í 4. tl. þessarar greinar frumvarpsins er sú breyting á ákvæðum um tekju- og eignahámark, að lántakendur mega eigi hafa yfir 60 þúsund króna árstekjur í stað 50 þúsund, sem nú er, og mega eigi hafa yfir 150 þúsund kr. eign í stað 75 þúsund króna, sem nú er.

5. tl. er umorðaður frá gildandi lögum, en efnislega óbreyttur, nema fellt er niður ákvæði um, að bygging íbúðanna skuli jafnan boðin út.

Í 1. mgr. 7. tl. er gert ráð fyrir, að byggingar geti verið reistar á eignarlóðum byggingarfélagsins, en svo er ekki samkvæmt orðalagi gildandi laga.

Í 3. mgr. 7. tl. segir, að sveitarfélagi sé heimilt að taka eignarnámi land, ef það fæst ekki með öðrum hætti undir byggingar. Hér er breyting frá gildandi lögum, þar sem segir, að sveitarfélagi sé skylt að taka eignarnámi, ef þörf krefur.

Í 8. tl. eru reglur um mat á söluverði íbúða óbreyttar frá gildandi lögum, nema hér er sett inn nýtt ákvæði um undanþágu frá þessum reglum, svo að taka megi tillit til sérstakra ástæðna vegna fjölskyldustærðar. Að öðru leyti er grein þessi samhljóða gildandi lögum.

Um 7. gr.

Grein þessi er samhljóða gildandi lögum.

Um 8. gr.

Í grein þessari er ákveðið, að stjórn Byggingarsjóðs verkamanna skuli kosin til fjögurra ára í senn. Hér er breyting frá gildandi lögum, sem binda kosningar við þrjú ár.

Þá er sú breyting hér gerð, að kveðið er svo á, að stjórn Byggingarsjóðs skuli vera búsett í Reykjavík og nágrenni, en í gildandi lögum er búseta bundin við Reykjavík eina.

Að öðru leyti er greinin óbreytt frá gildandi lögum.

Um 9. gr.

Í grein þessari segir, að endurskoðendur sjóðsins skuli kosnir til fjögurra ára í senn. Hér er breyting frá gildandi lögum, sem ákveða, að kjör endurskoðenda gildi til þriggja ára.

Að öðru leyti er greinin óbreytt frá gildandi lögum.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða gildandi lögum.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Framlög, er bæjar- og sveitarfélög hafa átt að greiða til Byggingarsjóðs verkamanna, eru sem hér segir:

				Þar af Rvk.
1930—1935	7 staðir	kr. 389 895.00	kr.	294 710.00
1936—1940	5 —	— 474 440.00	—	352 084.00
1941—1945	16 —	— 1 673 122.30	—	1 026 210.08
1946—1950	26 —	— 7 388 291.86	—	4 614 112.80
1951—1955	29 —	— 8 624 856.00	—	5 302 962.00
1956—1959	30 —	— 9 378 989.00	—	5 609 466.00
		Kr. 27 929 594.16	Kr.	17 199 544.88
1960	30 staðir	kr. 3 217 777.00	kr.	1 704 888.00

Fylgiskjal II.

Inn- og útborganir pr. 31. des. 1960 í Byggingarsjóð verkamanna.

INNBORGANIR:

Framl. bæjarfélaga	kr.	31,1 millj.
— ríkissjóðs	—	31,1 —
— Tóbakseinkas.	—	2,7 —
Lán ríkissj. óafturk.	—	9,3 —
Skuldabréfalán	—	12,4 —
Vaxtatekjur	—	20,5 —
Afborganir af lánum	—	10,5 —
Stóreignaskattshluti	—	5,9 —
Ýmislegt	—	0,8 —
	Kr.	124,3 millj.

ÚTBORGAÐ:

Lán til byggingarfélaga	kr.	104,1 millj.
Ógreidd framlög	—	10,9 —
Útborgaðir vextir	—	9,3 —
	Kr.	124,3 millj.

Fylgiskjal III.

Skipting lána Byggingarsjóðs verkamanna á tímabil er þannig:

LÁNVEITINGAR:

				Þar af Rvk.
1930—1935	kr.	1 158 260.63 á 4 staði	kr.	913 825.03
1936—1940	—	1 470 471.92 á 4 —	—	1 266 877.62
1941—1945	—	8 556 097.89 á 10 —	—	3 878 856.07

					Þar af Rvk.
1946—1950	kr.	23 130 143.04	á 21	staði	kr. 6 432 273.90
1951—1955	—	22 538 602.03	á 23	—	— 13 762 511.67
1956—1960	—	47 270 097.53	á 29	—	— 17 512 174.98
		Kr. 104 123 673.04			Kr. 43 766 819.27

Fylgiskjal IV.

Skipting lánveitinga Byggingarsjóðs verkamanna.

	Íbúðat.	pr. 31. des. 1959	1960
Akranes	32	kr. 1 800 000.00	kr 1 410 079.55
Akureyri	67	— 6 380 540.00	— 1 700 000.00
Bolungarvík	18	— 1 687 782.22	— 630 352.22
Borgarnes	11	— 1 163 252.23	— 214 038.22
Búðareyri	4	— 308 088.03	— 255 683.39
Búðir	9	— 868 265.42	— 302 560.44
Dalvík	117	— 1 447 803.48	— 221 433.20
Djúpivogur	10	— 956 369.21	— 82 696.44
Egilsstaðir	2		— 170 472.22
Hafnarfjörður	126	— 8 613 023.86	— 1 374 629.58
Hnífsdalur	7	— 822 606.56	— 192 354.67
Hólmavík	4	— 182 806.88	
Húsavík	18	— 1 716 994.14	— 229 175.59
Höfn í Hornafirði	2		— 277 533.21
Ísafjörður	46	— 4 065 763.93	— 879 657.71
Keflavík	44	— 3 395 205.98	— 679 839.90
Kópavogur	22	— 1 862 702.70	— 1 050 608.54
Neskaupstaður	23	— 2 125 544.27	— 470 992.62
Njarðvíkur	4	— 416 186.45	— 254 142.67
Ólafsfjörður	17	— 1 565 450.19	
Ólafsvík	5	— 344 446.25	
Patreksfjörður	4	— 392 000.00	
Reykjavík	501	— 39 213 641.98	— 4 553 177.29
Sandgerði	6	— 726 403.55	— 30 372.00
Sauðárkrókur	13	— 1 019 511.98	— 101 247.95
Seyðisfjörður	4	— 573 281.15	
Siglufjörður	43	— 2 194 000.00	— 10 515.16
Skagaströnd	7	— 366 730.31	— 263 349.87
Stokkseyri	8	— 738 659.21	— 210 668.13
Stykkishólmur	8	— 706 093.66	— 350 824.75
Súðavík	2		— 232 466.67
Súgandafjörður	2		— 280 000.00
Vestmannaeyjar	18	— 1 609 979.04	— 506 991.83
Þórshöfn	4	— 222 695.56	— 89 592.00
	1108	Kr. 87 485 833.25	Kr. 17 023 455.82

Fylgiskjal V.

Efnahagur hinna ýmsu sjóðdeilda Byggingarsjóðs verkamanna pr. 31/12 1960.

(Samandreginn).

Eignir:

Lán til félagsmanna	kr.	93 651 533.38
Innstæða í sparisjóði	—	553 063.36
Ógreidd framlög	—	11 443 970.64
Inneign hjá aðalsjóði	—	1 430 311.16
Vaxtamismunur	—	246.62
	Kr.	107 079 125.16

Skuldir:

Lán hjá aðalsjóði	kr.	31 054 366.09
Lán hjá vátryggingarfél.	—	271 667.89
Ógreiddur kostnaður	—	3 792.67
Höfuðstólsreikningur	—	75 749 298.51
	Kr.	107 079 125.16

Fylgiskjal VI.

Efnahagur aðalsjóðs Byggingarsjóðs verkamanna pr. 31/12 1960.

(Samandreginn).

Eignir:

Lán til deilda sjóðsins	kr.	31 054 366.09
Innst. á hlaupareikn.	—	2 811 703.05
Verðbréfaeign 8 stóreignask.	—	3 508 326.16
Áhöld (Peningagskápur)	—	5 977.55
	Kr.	37 380 372.85

Skuldir:

Skuldabréf í umferð	kr.	3 527 500.00
Samningsbundin lán	—	8 241 666.66
Óskipt til sjóðsdeilda:		
Tóbakseinkasalan	—	2 668 648.65
Gengislán 1950	—	5 170 224.62
Ríkissjóðslán 1952	—	4 144 888.83
Stóreignaskattshluti	—	5 912 851.04
Ógreitt mótframlag ríkissjóðs til sjóðsdeilda	—	6 040 841.84
Inneign sjóðsdeilda	—	1 430 311.16
Vaxtayfirfærsla	—	243 440.00
	Kr.	37 380 372.85

Fylgiskjal VII.

Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík.

Byggingarflokkur Byggingu lokið Íbúðastærð	Byggingar-kostnaður	Lán Byggingar-sjóðs	% lán	Afborgun	Vextir	Varasjóðs-tillag	Stofn-sjóðs-tillag	Fasteignagj. viðh. utan-húss o. fl.	Greiðslur á ári	Greiðslur á mánuði
I. flokkur:										
Lokið í ágúst 1940.										
2 herbergja íbúðir ..	15955.77	13562.40	85.00	329.62	393.06	6.78	20.34	3030.20	3780.00	315.00
3 herbergja íbúðir ..	18805.02	15984.27	85.00	368.48	463.25	7.99	23.98	3676.30	456.000	380.00
II. flokkur:										
Lokið í september 1943.										
2 herbergja íbúðir ..	36902.23	28882.23	78.27	567.28	591.88	11.59	34.79	2454.46	3660.00	305.00
3 herbergja íbúðir ..	46262.51	36212.51	78.27	708.72	739.45	14.48	43.44	3053.91	4560.00	380.00
III. flokkur:										
Lokið haustið 1944.										
2 herbergja íbúðir ..	59008.53	46978.53	79.61	917.25	957.02	18.74	56.21	2790.78	4740.00	395.00
3 herbergja íbúðir ..	73976.10	58896.10	79.61	1153.30	1203.31	23.57	70.70	3459.12	5940.00	495.00
IV. flokkur:										
Lokið í september 1948.										
3 herbergja íbúðir ..	107472.10	82472.10	76.74	1550.78	1370.16	29.21	57.63	3202.22	6240.00	520.00
V. flokkur:										
Lokið um áramót 1951—52.										
3 herbergja íbúðir ..	169000.00	129000.00	76.33	2284.54	2204.29	45.69	137.07	2808.41	7360.00	630.00
VI: flokkur:										
Lokið í nóvember 1953.										
3 herbergja íbúðir ..	228450.00	172250.00	75.40	3049.70	271.93	57.91	173.72	2806.74	9360.00	780.00

VII. flokkur:

Lokið í ársbyrjun 1956.

3 herbergja íbúðir ..	194116.85	139800.00	72.02	2287.26	664.08	49.51	148.54	2290.61	7440.00	620.00
4 herbergja íbúðir ..	269581.38	179742.86	72.02	2940.76	425.24	63.66	190.98	2979.36	9600.00	800.00

VIII. flokkur:

Lokið í árslok 1957.

2 herbergja íbúðir ..	205762.54	123262.54	59.90	1377.61	267.60	56.45	169.35	2348.99	8220.00	685.00
									hitav.	55.00
3 herbergja íbúðir ..	286676.78	171676.78	59.90	1918.69	43.80	78.63	235.89	3222.99	11400.00	950.00
									hitav.	80.00

IX. flokkur:

Lokið í árslok 1959.

2 herbergja íbúðir ..	252167.54	123262.54	48.88	5645.21		56.45	169.35	2348.99	8220.00	685.00
									hitav.	55.00
3 herbergja íbúðir ..	354026.78	171676.78	48.49	7862.49		78.63	235.89	3223.99	11400.00	950.00
									hitav.	80.00

Fylgiskjal VIII.

Nefnd til endurskoðunar laga um byggingarsjóð verkamanna.

Samkvæmt beiðni yðar hefur hagdeildin látið fara fram athugun á atvinnutekjum launþega í kaupstöðum og kauptúnum árið 1959 og ennfremur á ómagafjölskyldu þeirra í árslok 1959.

Hjálögð tafla sýnir heildarniðurstöður þeirrar athugunar, er gerð hefur verið fyrir yður.

Hlutfallsleg skipting þessara launþega eftir tekjum og barnafjölda er sýnd hér:

	Fjölskyldustærð (barnafjöldi)				
Tekjur í þús. kr.	Ekkert	1 eða 2	3 eða 4	5 o. fl.	Allar
Að 50	3,4	4,0	1,4	0,5	9,3
51—75	9,3	18,3	11,2	2,5	41,3
76—100	2,9	16,4	12,0	3,3	34,6
100 og m.	0,9	6,2	5,9	1,8	14,8
Samtals	16,5	44,9	30,5	8,1	100,0

Á þessu yfirliti sést, að tæplega tíundi hver kvæntur launþegi (9,3%) hafði minna en kr. 50 000.00 í atvinnutekjur árið 1959 og að „algengustu" fjölskyldurnar eru:

1—2 barnafjölskyldur, tekjur frá 50— 75 þús. kr.
1—2 barnafjölskyldur, tekjur frá 76—100 þús. kr.
3—4 barnafjölskyldur, tekjur frá 76—100 þús. kr.
3—4 barnafjölskyldur, tekjur frá 50— 75 þús. kr.

Þessar fjórar „fjölskyldutegundir" eru alls 57,9% af úrtakinu, sé miðað við allar fjölskyldur, bæði barnafjölskyldur og barnlausar. Sé hins vegar miðað við barnafjölskyldur eingöngu eru þessar fjórar 69,3% þeirra.

Bankinn vill benda nefndinni á, að fjölskyldustærð sú, sem tilfærð er í töflunni, er: Launþegi, kona hans og börn þeirra á aldrinum 0—16 ára. Börn er dvelja á heimili foreldra sinna eftir þann aldur, ættingjar hjóna, leigjendur o. s. frv. eru ekki taldir.

Bankinn vonar að þessar upplýsingar komi nefndinni að tilætluðum notum.

FRAMKVÆMDABANKI ÍSLANDS
— Hagdeild —

Torfi Ásgeirsson
(sign.).

Fylgiskjal IX.

Úrtaks-athugun á tekjum kvæntra karla árið 1959 og fjölskyldustærð þeirra í árslok 1959.

13 kaupstaðir og 18 kauptún. Alls 1 608 kvæntir karlar, 1 608 konur þeirra, 3 468 börn þeirra 0—16 ára, 6 684 einstaklingar alls.

Tekjur í þús. kr.	Tala fjölskyldna með 1—9 börn:										Alls	Tala einst.
allt að:	Ekkert	Eitt	Tvö	Þrjú	Fjögur	Fimm	Sex	Sjö	Átta	Níu	launþ.	alls:
35	17	11	3	2	1						34	95
40	9	6	4	9	1			1			30	112
45	12	10	5	2		1		1			31	100
50	17	10	15	3	5	3	1	1			55	207
55	23	21	14	11	7	3	1	1		1	82	311

Tekjur í þús. kr. allt að:	Tala fjölskyldna með 1—9 börn: Ekkert	Eitt	Tvö	Þrjú	Fjögur	Fimm	Sex	Sjö	Átta	Níu	Alls launþ.	Tala einst. alls:
60	20	25	24	15	8	4	1	1			98	379
65	36	40	39	33	10	5	2		1		166	634
70	39	33	34	28	12	6	2				154	583
75	31	30	34	37	18	4	5	2	1	1	163	688
80	8	26	37	28	16	7	1	1			124	544
85	16	21	43	35	19	6	1	4			145	642
90	12	34	27	19	10	10	2	1			115	484
95	4	20	21	26	16	5	4	1			97	454
100	7	8	27	16	8	4	6				76	350
110	8	27	18	27	14	7	4	1			106	478
120	2	6	10	15	8	4		1			46	222
130		9	7	7	4	5					32	149
140	1	6	6	5	2	2	1	1			24	112
yfir 140	3	4	7	5	2	3					30	140
Alls fjölsk.	265	347	375	323	167	79	31	17	2	2	1608	
Alls einst.	530	1041	1500	1615	1002	553	248	153	20	22		6684

Nd. 313. Lög [36. mál]

um sveitarstjórnarkosningar.

(Afgreidd frá Nd. 22. febr.)

Samhljóða þskj. 305.

Nd. 314. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um heyrnarleysingjaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv., fengið umsögn skólastjóra Málleysingjaskólans og heimsótt skólann til að kynnast starfsemi hans. Nefndin telur nauðsynlegt að búa sem bezt að þessari stofnun, enda er unnið þar mikið mannúðarstarf. Er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „Heyrnarleysingjaskólinn“ komi: Heyrnleysingjaskólinn.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „Heyrnarleysingjaskólann“ og „Heyrnarleysingjaskólans“ komi: Heyrnleysingjaskólann, Heyrnleysingjaskólans.
3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

   Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um réttindi til orlofs fyrir kennara Heyrnleysingjaskólans, og skal þar tekið tillit til þeirra sérstöku krafna, sem gerðar eru til kennara skólans, auk þess sem þeir njóti sömu réttinda og kennarar við aðra skóla, er annast kennslu nemenda á fræðsluskyldualdri.

4. Við 14. gr. Í stað orðsins „Heyrnarleysingjaskólanum“ komi: Heyrnleysingjaskólanum.
5. Við 15. gr. Í stað orðsins „Heyrnarleysingjaskólanum“ komi: Heyrnleysingjaskólanum.
6. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um Heyrnleysingjaskóla.

Alþingi, 22. febr. 1962.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Björn Fr. Björnsson. Alfreð Gíslason.

Nd. 315. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1957 um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til húsbygginga o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Þriðja málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn veitir húsnæðismálastofnuninni forstöðu. Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Auk þess skipar félagsmálaráðherra einn mann í húsnæðismálastjórn samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands, og skal hann eigi hafa atkvæðisrétt um lánveitingar. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

2. gr.

Í stað orðanna „allt að 100 milljónum króna árlega næstu 10 ár“ í 2. mgr. 4. gr. laganna, komi: allt að 150 milljónum króna árlega næstu 10 ár.

3. gr.

Í stað orðanna „100 þúsund krónur“ í staflið B í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: 150 þúsund krónur.

4. gr.

Fyrsta málsgrein 16. gr. laganna orðist svo:

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annað hvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti. Lán ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði sé tekið úr notkun um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert, en þó er heimilt að afgreiða til viðkomandi sveitarfélags helming lánsupphæðar, þegar nýbygging er fokheld. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánum ríkissjóðs í þessu skyni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Umboð núverandi stjórnar og varastjórnar húsnæðismálastofnunar ríkisins fellur niður við gildistöku laga þessara, og skal þá Alþingi kjósa menn í stjórn og varastjórn og ráðherra skipa mann í stjórnina og varamann samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd þeirri, sem starfað hefur undanfarið að endurskoðun laga um húsnæðismál.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á gildandi löggjöf, eru þessar:

1. Fjölgað verði um einn mann í húsnæðismálastjórn. Samkvæmt gildandi lögum kýs Alþingi 4 menn í stjórnina, en hér er lagt til, að Alþingi kjósi 5 menn í stjórnina.

2. Samkvæmt gildandi lögum er kjörtímabil húsnæðismálastjórnarmanna 3 ár, en hér er lagt til, að kjörtímabilið verði lengt um eitt ár og verði 4 ár.

3. Í gildandi lögum hefur Landsbanki Íslands heimild til þess að gefa út bankavaxtabréf, sem nema allt að 100 millj. króna árlega næstu tíu ár. Lagt er til, að upphæð þessi verði hækkuð í 150 millj. króna á ári.

4. Þá er lagt til, að hámark lána, sem nú er 100 þús. krónur út á hverja íbúð, verði hækkað í 150 þús. krónur.

5. Loks er lagt til, að ákvæði núgildandi laga um framlag ríkissjóðs til heilsuspillandi íbúða, sem vera skal allt að 4 millj. króna á ári, verði breytt á þann veg, að ríkissjóður leggi fram jafnháa fjárhæð í þessu skyni og sveitarfélögin leggja fram.

Nd. 316. Frumvarp til laga [157. mál]

um aðstoð við fatlaða.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Af þeim innlendum tollvörutegundum, sem taldar eru í lögum nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, 1. kafla nr. 1—7 og 2. kafla nr. 2—5, skal í næstu 10 ár greiða gjald, að upphæð kr. 3.00 af kg, og rennur gjald þetta í Styrktarsjóð fatlaðra, er vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins.

Fé sjóðsins skal ætíð vera handbært til framkvæmda samkvæmt 4. gr. Um stjórn sjóðsins skal nánar ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Sælgætisframleiðendur skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á sælgæti, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka, sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi því, sem milliþinganefnd um atvinnu- og félagsmál öryrkja, sem skipuð var á Alþingi 1959, samdi, með þeirri breytingu, að hér er gert ráð fyrir því, að gjaldið, sem lagt er til að lögboðið verði, skuli

renna í Styrktarsjóð fatlaðra, sem vera skuli í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, en ekki renna beint til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, sem þá var gert ráð fyrir, að væri einráð um ráðstöfun fjárins.

Verði frumvarp þetta að lögum mun verða sett reglugerð um sjóðinn þar sem Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, verður áskilinn tillöguréttur um ráðstöfun fjárins.

Greinargerð sú, er fylgdi tillögum nefndarinnar er svo hljóðandi:

Milliþinganefnd um atvinnu- og félagsmál öryrkja, sem skipuð var á vorþingi 1959, hefur kynnt sér það, sem unnið hefur verið að málefnum öryrkja til þessa og er það skoðun nefndarinnar að stórfelldur árangur hafi orðið af því starfi.

Á þetta við margt af því, sem aðhafzt hefur verið af opinberri hálfu í málum þessum og þó enn frekar við það feikna starf, sem ýmis félög hafa áorkað til úrlausnar málum öryrkjanna.

Það er stefna nefndarinnar að byggja beri hiklaust á þeim grundvelli, sem þegar er lagður hér á landi og hann telur nefndin vera þann, að lækning og þjálfun sé sem mest á vegum þess opinbera, en önnur fyrirgreiðsla sem mest á vegum félagssamtaka öryrkjanna sjálfra og stuðningsmanna þeirra.

Sé þessi félagsskapur efldur sem mest með því að veita honum aðgang að fjáröflunarleiðum og á annan hátt eftir því, sem nauðsyn krefur.

Eitt þessara samtaka er Sjálfsbjörg, félag fatlaðra, en þau stofnuðu með sér landssamband vorið 1959, er nefndist Sjálfsbjörg — landssamband fatlaðra.

Meginverkefni þessara samtaka í næstu framtíð eru þessi samkv. greinargerð stjórnar landssambandsins:

1. Landssamband og Reykjavíkurdeild þess áforma að byggja í félagi vinnuheimili í Reykjavík. Þar á að vera rúm fyrir vinnustofur félagsins og félagslega og menningarlega starfsemi þess, ásamt húsnæði fyrir alla starfsemi sambandsins. Einnig þurfa að vera í byggingunni íbúðarherbergi fyrir það fólk frá félögunum úti um land, sem þarfnast dvalar í Reykjavík vegna náms eða læknishjálpar.

   Undirbúningur þessara framkvæmda hefst svo fljótt, sem fjárhagsástæður leyfa.
2. Sjálfsbjargarfélögin starfa sjálfstætt hvert á sínu félagssvæði í tengslum við sambandið og með stuðningi þess. Takmark hvers félags er að koma upp vinnustöðvum, hvert í sínu byggðarlagi, sem jafnframt verði miðstöðvar fyrir starfsemi félaganna.

   Hafinn er undirbúningur og byrjunarframkvæmdir að vinnustöðvum í þrem bæjum, Akureyri, Ísafirði og Siglufirði. En til þessara framkvæmda vantar alveg fjármagn og þá einnig til að hefjast handa annars staðar.

   Það er annað meginverkefni landssambandsins að veita hverju félagi innan samtakanna allan þann stuðning, sem í þess valdi stendur.
3. Meginverkefni landssambandsins framvegis verði þessi:
   a. Fyrirgreiðsla um útvegun atvinnu fyrir fatlað fólk á almennum vinnumarkaði.
   b. Leiðbeiningar og hjálparstarf, til þess að hver einstaklingur fái notið þess réttar, sem honum ber að lögum.
   c. Hvers konar fyrirgreiðsla og leiðbeiningarstörf fyrir sambandsfélögin vegna vinnuheimila, félagsmála og útvegun dvalar fyrir einstaklinga, sem þess þurfa vegna náms eða lækningar o. fl.
   d. Hjálp til fólks úr röðum samtakanna, sem leggja vill stund á nám sem félagsmálaráðunautar (Social Workers) og sjúkrakennarar (Therapeut).
   e. Fjárhagslegur stuðningur við vinnustöðvar sambandsdeildanna.

En þessi samtök fatlaðs fólks geta því aðeins valdið þessum verkefnum og öðrum, sem miða til hagsbóta og menningarauka fyrir fatlað fólk, að þau geti fengið til umráða þá fjármuni, sem til þess eru nauðsynlegir.

Það er því einn liðurinn í tillögum milliþinganefndarinnar að Sjálfsbjörg — landssambandi fatlaðra, verði veitt sú fjárhagsaðstoð, sem felst í meðfylgjandi frumvarpi.

Samkvæmt hagskýrslu fyrir 1959 um framleiðslu innlendra tollvörutegunda, mundi þetta gjald hafa gefið um 1.250 þús. kr. í tekjur það ár, eftir því, sem nefndinni telst til.

Smásöluverð á sælgæti mundi sáralítið hækka vegna þessa gjalds.

Nd. 317. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, sbr. l. nr. 28 30. apríl 1959, um breyt. á þeim lögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frumvarp þetta á tveim fundum og samþykkti síðan að mæla með því efnislega, en í breyttu formi og að því viðbættu, að ákvæði núgildandi b-liðar 52. gr. laganna um vísitöluuppbætur á þóknun þá, sem um er að ræða, falli niður.

Nefndarmennirnir Gísli Jónsson og Hannibal Valdimarsson höfðu fyrirvara um afstöðu sína til málsins.

Formbreytingin, sem getið er hér að framan, er um það eitt, að í stað þess að breyta l. nr. 28 30. apríl 1959, sem er aðeins um breytingu á b-lið 52. gr. laganna, verði b-liðnum sjálfum breytt og l. nr. 28/1959 felld niður.

Samkvæmt þessu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist þannig:
   b-liður 52. gr. laganna orðist svo:
   Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn á 1. verðlagssvæði, samkv. 10. gr., greiða þó 10 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 25 kr. fyrir hverja vitjun. Sama gildir í kaupstöðum og kauptúnum á 2. verðlagssvæði, þar sem læknir starfar auk héraðslæknis, ef sjúkrasamlagsstjórn ákveður, að fengnu samþykki tryggingaráðs.
2. Aftan við 2. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 30. apríl 1959.
3. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Alþingi, 23. febr. 1962.

Gísli Jónsson, form., með fyrirvara.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara.
Guðlaugur Gíslason.	Jón Skaftason.	

Nd. 318. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Flm : Halldór E. Sigurðsson, Benedikt Gröndal, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Þó skal ríkissjóður greiða jafnóðum ársfjórðungslega áætlað rekstrarframlag sitt, miðað við rekstrarkostnað næsta ár á undan, til þeirra heimavistarbarnaskóla, sem fleiri en eitt sveitarfélag stendur að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á seinustu árum hefur mikið verið að því unnið að sameina skólahverfi í sveitum um heimavistarbarnaskóla. Rísa nú fleiri og fleiri skólar, þar sem jafnvel mörg sveitarfélög eru aðilar að hverjum einum. Ekki verður um það deilt, að þetta mun hið heppilegasta skólaform fyrir sveitir, þar sem því verður við komið. Það gefur góðar aðstæður til náms og þroska nemendanna og verður auk þess ríkissjóði ódýrt skólaform.

Við rekstur þessara skóla hafa komið fram þeir örðugleikar, að heima í héraði er enginn einn aðili, sem telur sér skylt að leggja fram rekstrarfé, jafnóðum og þess er þörf. Enginn einn sveitarsjóður fæst til að taka að sér allar greiðslur vegna þessara skóla, en hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði greiðist ekki samkvæmt lögum fyrr en eftir á, þegar ársreikningum hefur verið skilað. Reikningshaldari hvers skóla á til einskis að sækja um daglegt rekstrarfé fram yfir það, er hver sveitarsjóður kann að greiða upp í áætlaðan kostnaðarhluta sinn. Skapast af þessu vandræði og jafnvel öngþveiti, sem örðugt hefur reynzt að leysa. Verða menn því ófúsir til að taka að sér reikningshald þessara stofnana.

Með þeim breytingum, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum nr. 41/1955, leysist þetta mál. Ríkissjóður greiðir þá jafnóðum, ársfjórðungslega, áætlað rekstrarframlag sitt, miðað við rekstrarkostnað næsta ár á undan. Greiðsluform þetta skal aðeins ná til barnaskóla, þar sem fleiri en eitt sveitarfélag stendur að rekstrinum. Hér er ekki um ný eða aukin fjárútlát að ræða fyrir ríkissjóð, heldur einungis tilfærslu á greiðslum, og ætti það ekki að valda neinum örðugleikum.

Nd. 319. Frumvarp til laga [159. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu.

Flm.: Jónas Pétursson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Jökuldalshreppi í Norður-Múlasýslu, svonefndar Merkur, ekkjunni Lilju Magnúsdóttur, Hvanná í sömu sveit.

Kaupverðið skal vera eins og um semst, eða ef samkomulag verður ekki, þá samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Hofteigur í Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu, er kirkjujörð og var prestssetur fram til 1952. Þá var prestssetur lagt þar niður. Í árslok 1955 er samþykkt stofnun nýbýlis á hluta jarðarinnar, og var henni þá skipt. Nokkru áður, eða árið 1948, hafði ábúendum nágrannajarðarinnar Hvannár verið leigt til 20 ára afnota land það, svonefndar Merkur, sem hér er farið fram á að heimilað verði að selja ekkjunni Lilju Magnúsdóttur. En hún er ekkja annars þess bónda, er landið fékk til leigunota til 20 ára 1948.

Nú er leitað eftir kaupum á þessu landi, þar sem einn af sonum ekkjunnar hefur hug á nýbýlastofnun, annaðhvort á Mörkunum eða heimajörðinni, og þá er þörf á þessu landi til að tryggja viðunandi búrekstraraðstöðu. Þetta land, Merkurnar, liggur meðfram landi Hvannár, takmarkast að neðan af Jökulsá á Dal, en að suðvestan af Svelgsá. Vísast um landamerki Markanna til leigusamnings frá 1948.

Hreppsnefnd Jökuldalshrepps hefur lýst sig samþykka því, að Merkurnar verði seldar Lilju Magnúsdóttur, Hvanná. Er þess að vænta, að Alþingi geti fallizt á að heimila söluna.

Nánar verður málið skýrt í framsögu.

Nd. 320. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til laga um atvinnubótasjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. hefur verið rætt á nokkrum fundum í nefndinni og borið saman við þáltill. og frv., sem flutt hafa verið áður um sama efni. Lítur nefndin svo á, að verði a-lið 1. gr. frv. breytt svo sem lagt er til í brtt., sem hún flytur, hafi öll meginatriði þeirra þingskjala, sem að framan greinir, verið tekin upp í frv. Þó tekur einn nefndarmanna (SkG) fram, að hann teldi, að æskilegra væri, að það kæmi skýrar fram í sjálfu frv. en nú er, að megintilgangur laganna væri að vinna að jafnvægi í byggð landsins og breytt væri þá nafni sjóðsins í „jafnvægissjóð". Væri þetta í fullu samræmi við þáltill., sem samþykkt var á síðasta þingi um þetta mál. Áskilur hann sér rétt til að bera fram brtt. Aðrir nefndarmenn telja, að frv. í heild tryggi að fullu það, sem fram er tekið í þál. frá 29. marz s. l., verði brtt. sú samþykkt, sem nefndin ber fram.

Tveir nefndarmenn (SkG og LJós) vilja láta hækka hið árlega framlag úr ríkissjóði til atvinnubótasjóðsins og áskilja sér rétt til að bera fram brtt. um það efni svo og að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma frá öðrum.

Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. a-liður greinarinnar orðist svo:

að veita lán eða styrki til þess að auka framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin er brýnust, og stuðla þannig að aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins.

Alþingi, 26. febr. 1962.

Birgir Kjaran, form.	Gísli Jónsson, frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Skúli Guðmundsson.	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 321. Frumvarp til laga [14. mál]

um heyrnleysingjaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. febr.)

I. Skólinn og hlutverk hans.

1. gr.

Í Reykjavík skal vera skóli fyrir heyrnarleysingja. Nefnist hann Heyrnleysingjaskólinn. Við skólann skal starfrækt heimavist.

Hlutverk skólans er að kenna heyrnarlausum eða heyrnarlitlum börnum að skilja mál og tala. Skal skólinn leitast við að haga störfum sínum í samræmi við eðli og sérstakar þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim til þess að öðlast heilbrigt lífsviðhorf og gæta andlegrar og líkamlegrar heilsu þeirra. Enn fremur að veita þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum nemenda á fræðsluskyldualdri, hverjum eftir getu og þroska.

2. gr.

Skylt er læknum að tilkynna skrifstofu landlæknis á þar til gerðu eyðublaði jafnskjótt og þeir komast að raun um, að barn innan 7 ára aldurs hafi svo litla heyrn, að lítil líkindi séu til þess, að það læri málið, eða hætta sé á, að það missi málið vegna heyrnarleysis.

3. gr.

Foreldrum og forráðamönnum þeirra barna, sem annaðhvort eru fædd með svo litla heyrn eða heyrn þeirra hefur skemmzt svo af sjúkdómum, slysum eða öðrum orsökum, að þau læra ekki málið á eðlilegan hátt, er skylt að senda þau til náms í Heyrnleysingjaskólann, þegar þau eru 4 ára gömul.

Verði líkur færðar fyrir því, að barn hljóti jafngóða kennslu og uppeldi á annan hátt, getur fræðslumálastjóri, að fengnum tillögum skólastjóra Heyrnleysingjaskólans, veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

Börn skulu stunda nám í skólanum til 16 ára aldurs, nema þau hafi lokið námi þar fyrr eða rétt þyki af öðrum ástæðum að láta þau fara fyrr úr skólanum. Það skal að jafnaði gert, reynist barnið algerlega óhæft til náms. Taki barn svo miklum framförum, að það verði hæft til að njóta kennslu í almennum skólum, skal skólastjóri hlutast til um, að það hljóti skólavist með venjulegum hætti.

Missi barn heyrn, eftir að það er orðið talandi og áður en það er orðið 16 ára, gilda framangreind ákvæði einnig um það. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að taka megi til náms í skólanum fólk eldra en 16 ára, hafi það misst heyrnina og skilji af þeim sökum eigi mælt mál.

4. gr.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur fræðslumálastjóri, í samráði við skólastjóra, veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. 3. gr. um það, hvenær barni skuli komið til náms í skólanum.

II. Kennarar og starfsfólk.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara við skólann. Skólastjóri og fastir kennarar eru opinberir starfsmenn og taka laun samkv. launalögum.

Skólastjóri ræður stundakennara, eftir því sem þörf krefur, í samráði við fræðslumálastjóra.

6. gr.

Eigi má aðra skipa skólastjóra eða kennara við skólann en þá, sem lokið hafa kennaraprófi við Kennaraskóla Íslands og prófi í kennslu heyrnarleysingja frá stofnun, sem fræðslumálastjórn viðurkennir. Skólastjóri og kennarar skulu ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma.

Kennarar, sem eigi hafa lokið sérnámi í kennslu heyrnarleysingja, skulu því aðeins settir við skólann, að eigi sé völ á öðrum.

7. gr.

Skólastjóri og kennarar, sem settir eru eða skipaðir til starfs, skulu gegna því samkvæmt erindisbréfi, sem menntamálaráðherra setur.

8. gr.

Skylt er kennara að kenna að jafnaði 30 klukkustundir á viku, en fækka má þeim niður í 25, er hann verður 55 ára, og í 20, þegar hann verður 60 ára. Kennarinn skal starfa utan kennslustunda með nemendum sínum í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ákveðið verður í erindisbréfi.

Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

9. gr.

Skólastjóri ræður annað starfsfólk skólans en fasta kennara, en um tölu þess og laun skal leita samþykkis menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um réttindi til orlofs fyrir kennara Heyrnleysingjaskólans, og skal þar tekið tillit til þeirra sérstöku krafna, sem gerðar eru til kennara skólans, auk þess sem þeir njóti sömu réttinda og kennarar við aðra skóla, er annast kennslu nemenda á fræðsluskyldualdri.

III. Fjármál.

11. gr.

Kostnaður við skólann greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði. Áætlanir um fjárþörf skólans skulu árlega lagðar fyrir menntamálaráðuneytið, og eru allar greiðslur kostnaðar bundnar samþykki þess.

IV. Stjórn skólans, skýrslur o. fl.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn skólans. Skólastjóri fer í skólanum með umboð fræðslumálastjórnar gagnvart kennurum skólans og nemendum og forráðamönnum þeirra. Hann stjórnar starfi skólans eftir gildandi lögum og ber ábyrgð á því gagnvart fræðslumálastjórn.

13. gr.

Skólastjóri skal árlega senda fræðslumálastjóra skýrslu um hæfni og framfarir nemenda og annað, er að kennslunni lýtur.

14. gr.

Skólastjóri skal í samráði við foreldra barns eða forráðamenn þess, leitast við að útvega því vinnu eða koma því til náms við þess hæfi, er það hverfur úr Heyrnleysingjaskólanum. Til þess er skólanum heimilt að styrkja það, ef með þarf, en samþykki fræðslumálastjórnar þarf til hverju sinni, og skal nánar kveðið á um þetta í reglugerð.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um tilhögun kennslunnar í Heyrnleysingjaskólanum, svo og um önnur atriði, er skólann varða.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 19. júní 1922, um kennslu heyrnar- og málleysingja.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 322. Frumvarp til laga [160. mál]

um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Allir kirkjugarðar landsins og heimagrafreitir eru friðhelgir og skulu vígðir vera af presti. Þar má ekki hafa í nánd leikvelli né önnur mannvirki, sem stafar frá ys og hávaði eða eru til lýta.

2. gr.

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt síðast lögheimili eða óskað legs. Drukknaðir menn eiga legstað þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar, er þeir eru fluttir til byggða. Heimilt er sóknarnefnd að taka legkaup fyrir þá, er teljast til annars trúfélags en þjóðkirkjunnar eða eiga heimili utan sóknar, hafi þeir eigi áður tryggt sér leg (sbr. 11. gr.). Engan má jarða í óvígðum reit.

3. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd eða þar til kjörin nefnd hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er hér á eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

4. gr.

Skylt er sveitarfélagi því (en sveitarfélag í lögum þessum er jafnframt haft um bæjarfélög), er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og hleðslu- og steypuefni — sand og möl — í girðingu, þó þannig, að óbreyttar haldist kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa.

Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis, skal sveitarfélag kosta framræslu og uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og ekki standi vatn í þeim.

Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum. Enn fremur leggur sveitarfélag til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.

Í kaupstöðum eða kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garðs, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af stafað.

Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Rétt er kirkjugarðsstjórn, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2.—4. málsgr. þessarar greinar, að taka sjálf að sér framkvæmd að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu, og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Greiða skal reikninginn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins innan mánaðar frá því, er hann er felldur.

5. gr.

Kirkjugarðar skulu girtir smekklegri, fjárheldri girðingu með vönduðu sáluhliði, grind á hjörum og læsingu. Þegar girða þarf kirkjugarð, skal leita um það tillagna umsjónarmanns kirkjugarða (sbr. 36. gr.). Að fengnum þessum tillögum gerir safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ályktun um gerð girðingarinnar. Náist eigi samkomulag um hana við umsjónarmann kirkjugarða, ræður úrskurður skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða. Í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju, og skal þá vera klukka í sáluhliði, stöpli eða líkhúsi.

6. gr.

Lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveður, hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan.

Nú er þetta vanrækt, og getur þá skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða skipað fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, enda liggi fyrir álit héraðsprófasts um nauðsyn þess.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal liggja fyrir vottorð héraðslæknis um það, að garðsstæði sé valið í samræmi við heilbrigðisreglur. Vottorð þetta sendist síðan ásamt uppdrætti að fyrirhuguðum kirkjugarði umsjónarmanni kirkjugarða, er hann leggur ásamt umsögn sinni fyrir skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða til fullnaðarúrskurðar.

7. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins, bæði þeim, sem í notkun eru, og hinum, sem hætt er að nota, en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa sé markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum, sem menn vita deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði, sem menn vita, hverjir hvíla undir, ásamt nöfnum þeirra og dánarári.

Að því búnu lætur umsjónarmaður kirkjugarða í samráði við skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða gera uppdrátt að skipulagi garðanna, stækkun, ef með þarf, girðingum og sáluhliði.

Umsjónarmaður kirkjugarða gerir tillögur um niðurlagða kirkjugarða, hvernig með skuli fara.

8. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur legstaðaskrá í því formi, sem umsjónarmaður kirkjugarða ákveður. Þar skal rita nöfn, stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer þeirra, sem jarðsettir eru, jafnóðum og greftrað er, enn fremur nöfn þeirra, er fyrr hafa verið jarðaðir í garðinum, ef leiði þeirra þekkjast. Uppdráttur af kirkjugarðinum fylgi hverri legstaðaskrá, og séu mörkuð á hann leiði allra þeirra, sem standa í skránni. Skrá þessi skal gerð í tveimur eintökum, og geymist annað hjá sóknarpresti, og skal það afhent honum ársfjórðungslega. Geta skal þess í legstaðaskrá, ef lík er jarðað í málmkistu.

9. gr.

Kirkjugarðsstjórn ber að sjá um, að grefti sé hagað skipulega og samkvæmt uppdrætti, enda óheimilt að taka gröf annars staðar en þar, sem hún leyfir eða umboðsmaður hennar.

Bannað er að taka gröf innan kirkju eða nær grunni hennar en einn metra.

10. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar, að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Sé ætlunin að tvígrafa í sömu gröf, skal grafardýpt fyrra sinn vera 2½ metri. Sá, sem gröf lætur taka, er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum svo fljótt sem við verður komið og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.

Beinum, sem upp kunna að koma, þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröfinni á ný, þannig að sem minnst beri á þeim. Sé bálstofa fyrir hendi, er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf.

11. gr.

Hjón eiga, ef kostur er, rétt á allt að fjórum grafarstæðum í sóknarkirkjugarði sínum og geta fengið þau mæld út og leyfisbréf fyrir þeim hjá kirkjugarðsstjóra gegn 150 króna gjaldi á grafarstæði. Heimilt er að tvígrafa, enda sé það tekið fram í leyfisbréfi og legstaðaskrá. Réttur til grafarstæðanna gildir í 75 ár.

Rétt til grafarstæða samkvæmt framansögðu erfir eftirlifandi maki, en eftir hann börn hjónanna og kjörbörn, á meðan búsett eru í sókninni. Rétt til legs í slíkum reit hafa auk hjóna börn þeirra og kjörbörn, foreldrar, fósturforeldrar og barnabörn, í þeirri röð, sem þau andast, nema samkomulag verði um annað.

Stærð grafarstæða í kirkjugörðum og heimagrafreitum skal vera 2.50×1.25 metrar.

12. gr.

Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun, ef þess er óskað, gegn 1 kr. gjaldi fyrir hvert ár, sem friðun á að vara. Gjald greiðist við afhendingu leyfisbréfs. Heimilt er og kirkjugarðsstjórn að friða leiði, ef þar eru smekkleg minnismerki og þeim vel við haldið, eða af öðrum ástæðum.

13. gr.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta samkvæmt staðfestum uppdrætti girða kirkjugarða, leggja þar brautir og gangstíga, gróðursetja tré og runna og slétta garðinn, ef til þess er ætlazt. Enn fremur skal kirkjugarðsstjórn halda öllu þessu vel við og láta slá garðana árlega, en þó með varúð.

14. gr.

Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki, er samsvarar tölu þeirra á legstaðaskrá. Sá, er setja vill minnismerki á leiði, skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar, sem ber að sjá um, að minnismerkið sé traust og fari vel. Eigi má setja girðingar úr steini, málmi eða timbri um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti.

Ágreiningi um þessi atriði má skjóta til umsjónarmanns kirkjugarða.

15. gr.

Vanræki hlutaðeigendur að hirða sómasamlega um gróður á leiði, skal kirkjugarðsstjórn láta þekja og hreinsa leiðið á kostnað þeirra eða kirkjugarðsins. Með

sama hætti er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá aðstandendum viðvart áður, ef kostur er, og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest. Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum, þar sem bezt þykir á fara að dómi héraðsprófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim gröfum, sem eldri eru en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á. Gera skal heildarskrá um alla legsteina og önnur minnismerki eldri en frá 1850 eftir gögnum í Þjóðminjasafni eða öðrum heimildum. Sú skrá skal taka til allra kirkjugarða landsins, sem vitað er um, og varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands. Kirkjugarðsstjórnir skulu aðstoða við samningu hennar, eftir því sem þörf krefur. Óheimilt er að færa þá legsteina og önnur minnismerki úr stað, er á heildarskrá standa, nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar. Séu slík minnismerki flutt, skal upprunalegur staður þeirra merktur greinilega samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta hefja öll minnismerki, sem hér um ræðir, úr moldu, ef þörf krefur. Enn fremur er þeim skylt að láta smíða hlífðarstokka um alla þá legsteina, er þjóðminjavörður til tekur samkvæmt heildarskrá þjóðminjasafns. Allan kostnað, sem af þessu leiðir, ber að greiða af tekjum hlutaðeigandi kirkjugarða, samning heildarskrár þó undan skilin.

16. gr.

Grafhýsi má því aðeins gera í kirkjugarði, að kirkjugarðsstjórn samþykki, en umsjónarmaður kirkjugarða ræður gerð og stað. Leyfisbréf fyrir grafhýsi skal kosta 100 krónur fyrir hvern fermetra grunnflatar.

17. gr.

Þegar líkbrennsla fer fram, er skylt að búa um öskuna í þar til gerðum duftkerjum. Kerin má grafa niður í grafarstæði eða leiði, enda liggi fyrir fullt samkomulag aðstandenda. Dýpt duftkersgrafar skal vera 1 metri. Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Heimilt er bálfarafélagi eða kirkjugarðsstjórn í samráði við umsjónarmann kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða að reisa kapellu í kirkjugarði til varðveizlu duftkerja. Nöfn þeirra, sem duft er varðveitt af í kirkjugarði, skal rita á legstaðaskrá og kerin eða grafirnar tölusettar.

Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði.

18. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ráða sérstakan kirkjugarðsvörð fyrir hæfilega þóknun. Hefur hann á hendi umsjón og eftirlit, og gefur kirkjugarðsstjórn honum erindisbréf.

Kirkjugarðsstjórn getur falið kirkjugarðsverði að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi svo og árlegt viðhald legstaða fyrir þá, er þess óska, samkvæmt gjaldskrá, er hún setur.

Lögmætur safnaðarfundur getur veitt kirkjugarðsstjórn einkaheimild til þess að nota líkvagn við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

19. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt. Ber þeim að annast útvegun skrúðjurta til gróðursetningar á leiðum fyrir þá, er þess óska.

20. gr.

Starfsmönnum Skógræktar ríkisins er skylt að veita kirkjugarðsstjórnum leiðbeiningar um val og hirðingu blómjurta og trjáa, er vel hæfa kirkjugörðum, svo og að láta kirkjugarðsstjórnum garðplöntur í té við vægu verði.

21. gr.

Nú hafa tvær sóknir eða fleiri sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða, og skulu þá sóknarnefndir hver um sig kjósa einn mann, svo og utanþjóðkirkjusöfnuðir með a. m. k. 1000 manns, úr sínum hópi í kirkjugarðsstjórn. Sé tala safnaðarnefnda jöfn, kjósa þær á sameiginlegum fundi einn mann í stjórnina.

Um kjörtíma þeirra gilda sömu reglur sem um sóknarnefndir. Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir, að því er til kirkjugarða tekur.

Utanþjóðkirkjusöfnuðir, er hafa löggiltan forstöðumann, eiga rétt á því að fá í kirkjugarði hæfilega stóran reit fyrir sig, miðað við hlutfallslegan mannfjölda.

22. gr.

Heimilt er að stofna legstaðasjóði til viðhalds einstökum legstöðum í kirkjugörðum. Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóða þessara undir yfirstjórn héraðsprófasts. Er henni skylt að ávaxta sjóðina í banka eða sparisjóði og hafi hver sjóður sína viðskiptabók.

Stofnandi legstaðasjóðs skal í samráði við kirkjugarðsstjórn setja fyrirmæli um það, hvernig verja skuli fé sjóðsins til viðhalds og endurnýjunar legstaðarins.

Nú er friðunartími slíks legstaðar liðinn og ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum til sómasamlegs viðhalds legstaðarins að dómi héraðsprófasts, og hverfur þá sjóðurinn til kirkjugarðsins sem eign hans.

23. gr.

Ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarðs er því aðeins gild, að gerð sé með ⅔ atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, enda komi til samþykki umsjónarmanns kirkjugarða og skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða.

Niðurlagningu kirkjugarðs skal tilkynna biskupi og kirkjumálaráðuneyti. Niðurlagðir kirkjugarðar skulu taldir til fornleifa, og lætur ráðuneytið þinglýsa friðhelgi þeirra.

24. gr.

Skylt er að halda við girðingu um niðurlagðan kirkjugarð á kostnað sóknarkirkjugarðsins svo og láta slá hann og hirða sómasamlega. Jarða má í niðurlögðum kirkjugarði þá, sem þar eiga nána vandamenn, enda sé þar klukka til líkhringingar.

25. gr.

Nú eru liðin tuttugu ár frá niðurlagningu kirkjugarðs eða tíu ár a. m. k. frá greftrun í kirkjugarði, og getur þá löglegur safnaðarfundur fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð með ákveðnum skilyrðum, ef umsjónarmaður kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða samþykkja og staðfest er af kirkjumálaráðuneytinu. Heimilt er og með samþykki sömu aðila að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð eða gamla grafreiti, sem löngu er hætt að jarða í, en þá skal kirkjugarðsstjórn jafnframt láta reisa þar varanlegt minnismerki með áletrun um það, að þar hafi kirkjugarður verið.

Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, sem óviðeigandi er að dómi héraðsprófasts. Ekki má þar jarðrask gera með skurðgrefti né reisa nein mannvirki. Þó getur kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki umsjónarmanns kirkjugarða og skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða.

Vandamenn eiga rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burt þaðan.

Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann, skal það auglýst þrisvar í Lögbirtingablaðinu og útvarpi. Gefi þá enginn sig fram

innan átta vikna, er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörzlu, getur kirkjugarðsstjórn valið þeim annan stað í garðinum (sbr. 15. gr.).

Áður en sléttað er yfir gamlan kirkjugarð, skal hlutaðeigandi sóknarprestur semja nákvæma skrá yfir öll minnismerki í garðinum og senda biskupi.

26. gr.

Nú grandar uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði, og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða. Nefndin gerir síðan þær ráðstafanir, er þurfa þykir.

27. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt með samþykki safnaðarfundar að láta reisa líkhús í kirkjugarði á kostnað garðsins svo og verkamannaskýli fyrir starfsmenn hans. En uppdráttur og staðsetning skulu samþykkt af umsjónarmanni kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða. Gerð líkhúsa skal ákveðin í reglugerð um kirkjugarða.

28. gr.

Kirkjugarðsstjórnir semja árlega reikning yfir tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða, sem þær hafa í umsjá sinni, svo og skýrslu um eignir þeirra, að meðtöldum legstaðasjóðum (sbr. 22. gr.).

Tekjur kirkjugarða auk þeirra, sem áður eru nefndar, skulu vera 1½% árlega af útsvörum allra útsvarsgjaldenda á því svæði, er rétt á til kirkjugarðsins.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum, og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt með samþykki safnarfundar og að fengnu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að hækka hundraðsgjaldið fyrir eitt ár í senn í allt að 4%.

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Er innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og oddvitum eða innheimtumönnum sveitarsjóða skylt að innheimta þau gegn 6% innheimtulaunum, ef kirkjugarðsstjórn óskar. Ella gerir hún það sjálf gegn sömu þóknun.

Lögtaksréttur fylgir gjöldum þeim öllum, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

29. gr.

Um reikningshald kirkjugarða gilda sömu reglur sem um reikningshald kirkna, nema að lokinni endurskoðun sendir prófastur kirkjugarðsreikninga til umsjónarmanns kirkjugarða til úrskurðar.

30. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjugarðasjóður, og er hann í umsjá skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða. Tekjur sjóðsins eru 5% af innkomnum kirkjugarðsgjöldum. Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðssjóðs fyrir nauðsynlegum gjöldum, og er þá skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða heimilt með samþykki kirkjumálaráðuneytisins að hækka hundraðsgjaldið fyrir eitt ár í senn í allt að 8%. Skylt er að ávaxta í honum fé kirkjugarðanna, það sem umfram er árlegar þarfir.

Úr sjóði þessum skal veita lán kirkjugarðsstjórnum til girðingar og fegrunar kirkjugarða, allt að ⅔ kostnaðar, ef skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða telur ástæðu til. Lánin skulu veitt með 5% ársvöxtum til 10—20 ára. Enn fremur skal veita styrki, allt að helmingi kostnaðar, til þess að setja minnismerki þar, sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús að fornu. Skylt er kirkjugarðsstjórnum að vinna að því í samráði við umsjónarmann kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða, að á staði þessa verði sett minnismerki svo fljótt sem við verður komið. Gerð minnismerkja ákveður skipulagsnefndin, en kostnaður

umfram styrk greiðist af fé sóknarkirkjugarðsins, ef eigi næst samkomulag um annað, sbr. þó niðurlagsorð 32. gr.

Skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða er stjórn sjóðsins, en reikningshald og framkvæmdir annast umsjónarmaður kirkjugarða.

Reikninga skal birta árlega í Stjórnartíðindum.

31. gr.

Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Í heimagrafreit má eingöngu jarða heimamenn. Undanþágu frá þessu ákvæði getur þó kirkjumálaráðuneytið veitt með samþykki biskups, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður, ef óðalið gengur úr ættinni.

32. gr.

Nú hefur eigi verið jarðsungið lík í heimagrafreit í full 25 ár og eigandi jarðarinnar óskar þess að leggja grafreitinn niður, og er honum þá heimilt að taka niður girðingu um reitinn og breyta honum í grasflöt eða trjálund, ef umsjónarmaður kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða samþykkja. Séu minnismerki í garðinum, skal jarðeigandi gera aðstandendum viðvart um, að hann ætli að leggja reitinn niður. Er þeim heimilt að halda við minnismerkjum þar á sinn kostnað eða ráðstafa þeim á annan hátt.

Niðurlagðan heimagrafreit skal eigandi merkja á viðeigandi hátt, og á hann til þess rétt á styrk úr Kirkjugarðasjóði (sbr. 30. gr.).

33. gr.

Próföstum er skylt að halda nákvæma skrá um kirkjugarða og heimagrafreiti í prófastsdæminu, skoða þá á yfirreiðum sínum og senda umsjónarmanni kirkjugarða afrit af skoðunargerðum. Fyrir skoðun kirkjugarðs og heimagrafreits ber prófasti hálft kirkjuskoðunargjald, er greiðist af sjóði kirkjugarðs eða eiganda heimagrafreits.

34. gr.

Heimilt er utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem hafa löggiltan forstöðumann, að taka upp sérstakan kirkjugarð. Gilda um upptöku hans, viðhald, afnot, stjórn, fjárhag og niðurlagningu sömu reglur sem um kirkjugarða þjóðkirkjunnar.

Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er hafa sérstakan kirkjugarð, eru ekki skyldir til að greiða gjald til sóknarkirkjugarðsins, meðan þeir halda sínum kirkjugarði sómasamlega við og fylgja settum reglum. Þeir eiga þá og ekki rétt til legs í sóknarkirkjugarðinum.

35. gr.

Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, að fengnu samþykki biskups, að leyfa tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða grafreit. Umsókn um slíka færslu skal senda biskupi stílaða til kirkjumálaráðuneytisins. Í umsókn skal fram tekið nafn hins látna og aldur, greftrunardagur og dánarmein, ef vitað er, svo og ástæður fyrir umsókninni. Fylgja skal og vottorð héraðslæknis um, að hann telji eigi sýkingarhættu stafa af líkflutningnum.

Réttur aðili til að senda slíka umsókn er eftirlifandi maki, foreldrar, ef um barn dáið innan 18 ára aldurs er að ræða, eða systkini, ef hinn látni á hvorki foreldra né maka á lífi. Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn, ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs eða ef samþykki þeirra liggur fyrir.

Leyfi veitist með eftirfarandi skilyrðum:
1. Héraðslæknir sé viðstaddur upptöku líksins.
2. Ef um flutning úr kirkjugarði er að ræða, sé líkið í sterkri kistu, er héraðslæknir telur fullnægjandi, og hlýtt fyrirmælum hans um framkvæmd alla.
3. Ef aðeins er um tilfærslu líks innan sama kirkjugarðs að ræða, skeri héraðslæknir úr um það, hvort þörf sé sérstakrar kistu.
4. Enn fremur skal upptaka líks heimil samkvæmt dómsúrskurði.

Sóknarprestur skal jafnan vera viðstaddur upptöku líks. Sér hann og um, að flutningsins sé getið í legstaðaskrám kirkjugarðsins. Enn fremur skal prestur vera við, þegar slíkt lík er jarðsett.

36. gr.

Skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða ræður umsjónarmann kirkjugarða og setur honum starfsreglur, og skal hann jafnan vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða. Laun hans greiðist úr ríkissjóði.

37. gr.

Kirkjumálaráðuneytið gefur út reglugerð um kirkjugarða, þar sem sett eru um þá nánari ákvæði, rekstur þeirra, tilhögun og stjórn.

Reglugerðin skal sett í samráði við umsjónarmann kirkjugarða.

38. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að setja ýmsar reglur varðandi kirkjugarða og leita staðfestingar kirkjumálaráðherra á þeim.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—5000 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt eldri lögum.

40. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða, svo og öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu frv. var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Frv. þetta er nú flutt að beiðni kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frv. Á síðasta þingi fylgdi frv. svo hljóðandi greinargerð:

Gildandi lög um kirkjugarða eru l. nr. 64 23. júní 1932 með áorðnum breytingum og eru því senn 30 ára gömul. Á þessu tímabili hafa orðið allverulegar breytingar á skipulagi kirkjugarða, bæði hjá nágrannaþjóðum vorum og víðar. Hér á landi er skipulagi og hirðingu kirkjugarðanna mjög ábótavant, og hefur svo lengi verið. Nú virðist vera að vakna nokkur áhugi manna víðs vegar á því að sýna kirkjugörðum meiri ræktarsemi en áður, girða þá sómasamlega, skipuleggja grafstæði og gangbrautir og prýða þá þeim gróðri, er bezt hentar. Þetta hafa nágrannaþjóðir vorar þegar gert með þeim árangri, að kirkjugarðarnir í mörgum bæjum og þorpum eru orðnir þar fegurstu reitirnir, sem unun er að ganga um og skoða.

Þær breytingar á gildandi lögum um kirkjugarða, sem hér er farið fram á, miða einkum að því, að kirkjugörðum landsins verði hér eftir meiri sómi sýndur en hingað til og skipulagi þeirra og hirðingu komið í betra horf.

Frumvarp þetta er upphaflega samið af nefnd, er kirkjumálaráðherra skipaði árið 1955 til þess að endurskoða kirkjuleg lög og tilskipanir. Var það sent frá Alþingi til Kirkjuþings haustið 1958. Kirkjuþing afgreiddi það frá sér með nokkrum

breytingum, og var það þannig lagt fyrir Alþingi 1959—60 og afgreitt þaðan með rökstuddri dagskrá þess efnis, að málinu væri vísað til umsagnar safnaðanna í landinu. Fyrir Kirkjuþing 1960 var frumvarpið enn lagt af kirkjumálaráðherra. Fjallaði þingið ýtarlega um málið, og var frumvarpið samþykkt einróma í þeirri mynd, sem það nú er í. Hefur þetta mál nú verið það lengi á döfinni og svo vandlega íhugað, að frekari vitna um afstöðu safnaðanna til þess er óþarft að leita, enda hnígur álit allra kirkjulegra funda á eina sveif um það að óska þess, að þetta frumvarp fái nú sem greiðastan framgang á Alþingi.

Um 1. gr.

Hér eru sett ákvæði um friðun kirkjugarða og bannað að hafa í nánd við þá leikvelli eða þær byggingar, sem frá stafar mikill hávaði eða eru til lýta.

Þykir óhjákvæmilegt, að um þetta séu ákvæði í lögum.

Um 5. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að auk umsjónarmanns kirkjugarða (sbr. 42. gr. l. nr. 64 1932, um kirkjugarða) sé skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða, sem í eiga sæti biskup, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður. Auk þeirra starfa, sem nefndinni eru ætluð í lögum þessum, er ætlazt til, að nefndin hafi úrskurðarvald um gerð nýrra kirkna og endurbætur eldri kirkna, sbr. l. nr. 43 1954, um Kirkjubyggingasjóð. Þriðji maður í þá nefnd, auk biskups og húsameistara, hefur enn eigi verið skipaður, og þykir vel á því fara, að það verði þjóðminjavörður, ekki sízt þegar um breytingar gamalla kirkna er að ræða, sem geyma í búnaði eða stíl einkenni horfinna tíma. Nefnd þessi er ólaunuð.

Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika að tvígrafa í sömu gröf, enda sé þá fyrri gröfin a. m. k. 2½ metri á dýpt. Þetta er orðið mjög algengt erlendis, enda notast þá betur hið takmarkaða rými í kirkjugörðunum. Enn fremur er hér gert að skyldu að slétta yfir gröf í stað þess að hlaða leiðin upp, svo sem tíðkazt hefur og gerir kirkjugarðana að kargaþýfðum reit með tímanum. Hins vegar á það að vera tryggt með skipulegum grefti, legstaðaskrám og tölumerkingu leiða (sbr. 8. og 14. gr.), sem nánar getur um síðar, að auðvelt sé að finna hvert leiði, þótt ekki sé upphlaðið.

Um 11. gr.

Hér eru sett nánari ákvæði um fjölskyldugrafreiti innan kirkjugarða, en um það hafa eigi til þessa verið nein skýr fyrirmæli og það valdið óþægindum og jafnvel deilum. Af þeim ástæðum þótti og rétt að ákveða erfðarétt til slíkra ættargrafreita og hverjir þar eigi rétt til legs.

Um 12. gr.

Hér er tekið upp það nýmæli að ákveða friðunartíma grafa og binda hann við 75 ár, nema aðstandendur að þeim tíma liðnum óski lengri friðunar eða rétt þyki að framlengja friðun grafar af öðrum ástæðum. Í Danmörku er friðunartími grafa aðeins 20—30 ár. Með tilliti til kaldrar veðráttu hér þótti rétt að ákveða þennan tíma rúmlega tvöfalt lengri, eða 75 ár. Þessu ákvæði um gröft að nýju eftir 75 ár er ætlazt til að beitt verði með fullri varúð og gætni. Hins vegar er ekki unnt að dyljast þess, að ef friða á allar grafir um óákveðinn tíma, leiðir það til útþenslu kirkjugarða yfir æ stærri svæði, torveldar skipulag þeirra og hefur í för með sér meiri kostnað í viðhaldi og girðingum en söfnuðirnir geta risið undir. Með því að grafa skipulega, merkja allar grafir og skrásetja þær jafnóðum og hafa friðunartímann 75 ár ætti að mega koma í veg fyrir, að nokkurri gröf verði raskað, fyrr

en líkamsleifar eru fúnaðar, en jafnframt væri þá hægt að stilla stærð grafreitanna í hóf og reikna út fyrir fram, hve stóran grafreit þarf í hverri sókn miðað við fólkstölu, þannig að hann nægi um alla framtíð að lítt breyttum aðstæðum.

Um 14. gr.

Þar eru ákvæði um tölumerkingu leiða. Á Norðurlöndum er nú tekin upp sú regla að merkja hvert leiði með þar til gerðu tölumerki. Merki þessi eru úr málmi, mjög einföld að gerð og lítt áberandi. Slík merki mætti búa til hér á landi, og mundu þau kosta mjög lítið. Þetta þykir því sjálfsögð ráðstöfun, er mundi auðvelda að finna hvert einstakt leiði í kirkjugarðinum. Þá hefur þótt nauðsyn á að koma í veg fyrir, að sett verði ósmekkleg eða óviðunandi minnismerki á leiði eða annar umbúnaður, sem illa þykir hæfa. Sjón er sögu ríkari um það, til hvílíkrar óprýði og vansa hálffúnar, brotnar og skældar timburgirðingar um leiði eru víðs vegar í kirkjugörðum landsins. Þá þykir og rétt, og er það í samræmi við það, sem frændþjóðir okkar hafa þegar gert, að banna aðrar girðingar en limgerði um einstök leiði. Hér hefur sá leiði síður farið mjög í vöxt, ekki sízt í höfuðstaðnum, að steypa veggi allháa utan um leiðin, og eru veggir þessir síðan húðaðir með skeljasandi eða þess háttar. Þetta er óþarft vegna þess, að kirkjugarðurinn sjálfur á að vera örugglega girtur og friðaður. Þetta hefur í för með sér óþarfan kostnað, sem betur væri varið til fegrunar leiðanna á annan hátt. Þetta gerir hirðingu garðanna erfiðari. Og þetta er til lengdar hvorki fagur umbúnaður um leiði né varanlegur. Innan skamms mun það koma ömurlega og áþreifanlega í ljós, og er raunar tekið að sjá þess merki, að múrhúð flagnar af veggjunum, þeir springa og skekkjast. Ætti viðhaldsskylda að hvíla á kirkjugarðsstjórn, mundi hún verða stærri baggi en kirkjugarðarnir geta undir risið, hins vegar vafasamt að eiga það undir vilja og framtaki fjarskyldra ættingja, hvort sinnt verður um þessar vanhirtu girðingar eða eigi. Við því má búast, að innan ekki langs tíma verði sumar kirkjugarðsstjórnir að verja til þess miklu fé og fyrirhöfn að fjarlægja úr kirkjugörðunum steinsteyptar girðingar um leiði, sem engir fást til að hirða um lengur og orðnar eru til stórra lýta.

Um 17. gr.

Nánari fyrirmæli en áður um meðferð duftkerja eru nauðsynleg. Bannað er að varðveita duftker annars staðar en í vígðum grafreit. Áður hefur nokkuð tíðkazt, að slík ker væru varðveitt í heimahúsum eða í kirkjum, en hvorugt þykir viðeigandi né heppilegt.

Um 20. gr.

Felld er niður, samkvæmt ósk skógræktarstjóra, skylda hans til þess að láta í té ókeypis plöntur til kirkjugarðsstjórna, þar sem hann telur slíkt óheppilegt og jafnvel hafa verið misnotað í einstökum tilfellum. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að starfsmenn Skógræktarinnar veiti leiðbeiningar um val jurta og trjáa og láti plöntur í té við vægu verði.

Um 28. gr.

Hér eru kirkjugörðum tryggðar árlegar tekjur, 1½% af útsvörum. Ætti það venjulega að nægja fyrir nauðsynlegustu gjöldum, þegar ákvæði 30. gr. koma til framkvæmda. Rétt þykir að vernda gjaldendur fyrir óhóflegum álögum til kirkjugarða. Að því lúta ákvæði 3. málsgr.

Um 30. gr.

Ef unnt á að vera að girða kirkjugarð sómasamlega, þarf til þess meira fé en söfnuðir eru færir um að leggja fram í eitt skipti. Þess vegna er gert ráð fyrir stofnun sérstaks sjóðs, kirkjugarðasjóðs, er veiti kirkjugarðsstjórnum hagstæð lán

til þessara framkvæmda. Fé það, sem sjóður þessi hefði til útlána, yrði sú eign einstakra kirkjugarða, sem er umfram árlegar þarfir og er skylt að ávaxta í sjóðnum.

Í upphaflegri mynd gerði frumv. ráð fyrir, að ríkissjóður legði 20 þúsund krónur árlega næstu 20 ár í kirkjugarðasjóð. Kirkjuþing felldi þetta ákvæði um stofnfé úr ríkissjóði niður, og hefur þá kirkjugarðasjóður ekki aðrar tekjur en 4% innheimtra kirkjugarðsgjalda.

Fé kirkjugarðasjóðs á að verja jöfnum höndum til útlána og til styrktar því, að komið verði upp minnismerkjum á þeim stöðum, þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús. Slíkir staðir falla óðum í gleymsku, ef ekkert er gert til þess að auðkenna þá. Er það ekki vansalaust söguþjóð. Niðurlagðir kirkjugarðar, fornir kirkjustaðir og bænhús skipta mörgum hundruðum.

Um 31. gr.

Hér er lagt til, að felld verði úr lögum heimild til að leyfa upptöku heimagrafreita. Heimagrafreitir teljast nú vera 155 á landinu, og hefur þeim fjölgað mjög á síðari árum. Af þeim eru 110 í aðeins sex prófastsdæmum. Í einni kirkjusókn landsins, þar sem eru 19 jarðir, auk nýbýla, eru heimagrafreitir 13. Þessi héruð hafa enga sérstöðu um staðhætti eða aðstöðu, er geri þessar ráðstafanir eðlilegar, því síður óhjákvæmilegar. Hér hefur aðeins skapazt tízka, sem verður að teljast allt annað en heppileg. Er auðsætt, að hún stuðlar ekki að áhuga á viðhaldi og fegrun sóknarkirkjugarðsins.

Óskir um upptöku einkagrafreita hafa oft verið sprottnar af ræktarsemi við ábýli og eignarjarðir og studdar af þeirri von eða ætlun, að ættmenn þeirra, er kusu sér leg á eignarjörð, mundu búa á jörðinni framvegis, hirða um grafreitinn og tengjast jörðinni fastari böndum hans vegna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þessar vonir og áætlanir hafa reynzt haldlitlar. Reynslan sýnir, að forsendur af þessu tagi fyrir upptöku heimagrafreita eru næsta fallvaltar. Nýir ábúendur hafa komið til sögu, er vildu hvorki nota reitinn né halda honum við, töldu hann sér með öllu óviðkomandi eða jafnvel til baga. Til er og það, að slíkar jarðir leggist í eyði. Víðs vegar um land eru þannig vanrækt, umhirðulítil eða yfirgefin einstök kuml, og eru þau þjóðinni til lítillar sæmdar, ofan á þá umhirðu kirkjugarða, sem víða er meira en lítið ábótavant. Ekkert bendir til þess, að heimagrafreitur tengi menn verulega fastar við óðal eða ábýli. Þeirri hugmynd virðist reynslan hafa hnekkt. Væri því eðlilegra að beina þeirri tilfinningu tryggðar og ræktarsemi, sem er að baki óskanna um heimagrafreiti, að sameiginlegum legstað sveitarinnar.

En óskir um upptöku einkagrafreita eru allt eins oft sprottnar af geðhrifum stundarinnar eins og af gróinni tryggð við ábýli. Þegar um svipleg dauðsföll er að ræða, er aðstandendum það stundum tilfinningamál að fá að greftra líkin heima hjá sér. Þeim finnst það raunaléttir í bili. En þessi tilfinning verður að teljast skammsýn. Þegar frá líður, verður lítil raunabót að gröfinni í túninu.

Sú reynsla, sem komin er á það, hvernig heimildin um upptöku heimagrafreita gefst í framkvæmd, hnígur öll á eina sveif um það, að hún ætti að hverfa úr lögum. Einkagrafir í túnum og móum víðs vegar, meira eða minna vanhirtar, samfara illa girtum og umhirðulitlum kirkjugörðum, bera vitni um skort á þegnlegri félagshyggju og samvinnuvilja. Virðist, eins og nú háttar um farartæki og samgöngur, engu meiri ástæða til að heimila fólki í sveitum að grafa lík í hlaðvarpa, trjágarði eða túnfæti en að leyfa fólki í bæjum að koma dufti framliðinna fyrir í skrúðgörðum við hús sín.

Um 35. gr.

Rétt þykir að taka inn í kirkjugarðalögin ákvæði um uppgröft og flutning líka.

Ed. **323. Frumvarp til laga** [161. mál]

um breyting á lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

d-liður 1. gr. laganna orðist svo:

Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kunna að hafa verið teknar í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði, ræktunarsjóði og raforkusjóði vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til, eða lánsstofnunum, sem koma kunna í þeirra stað.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 1. gr.

Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í umdæmi hans, ásamt staðfestu samriti af óðalsréttarsamningi.

Búnaðarfélag Íslands skal láta gera fyrirmynd, í samráði við landbúnaðarráðuneytið, að óðalsréttarsamningi, þar sem fram sé tekið, auk þess sem áður er tilgreint, þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og ræktanlegs, meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin, hlunnindi og aðra aðstöðu til búrekstrar. Enn fremur skrá yfir fylgifé, skjöl, minjagripi og annað það, er óðalinu kann að fylgja. Gerninginn skal þinglesa á næsta manntalsþingi.

Verði misbrestur á, að stjórn Búnaðarfélags Íslands berist þau gögn, er að framan greinir, skal stjórn félagsins krefjast, að úr því verði bætt.

3. gr.

Niðurlag 10. gr. laganna, orðin „og færast ekki sem fylgifé þess“ o. s. frv. til enda greinarinnar falli burt.

4. gr.

Á eftir 2. málslið 11. gr. laganna komi:

Við skipti má eigi skerða ræktað land óðalsjarðar, nema um sé að ræða túnauka, fráskilinn heimatúni. Komi hlunnindi til skipta, skal óðalsjörðin ávallt halda að minnsta kosti ⅗ hlutum þeirra. Um reka fer þó eftir fjörumáli, sem hverjum jarðarhluta tilheyrir, ef hann kemur til skipta.

5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands, Ræktunarsjóði Íslands og raforkusjóði samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

Fylgja skulu beiðninni um lán teikningar af hinni fyrirhuguðu byggingu, samþykktar af Teiknistofu landbúnaðarins, og byggingarvottorð um framkvæmd verks-

ins frá byggingarfulltrúa viðkomandi héraðs. Ef um aðrar framkvæmdir er að ræða, þá skal fylgja lánbeiðninni úttekt og möt samkvæmt þeim reglum, er um þessi lán gilda á hverjum tíma.

6. gr.

8. málsgrein 14. gr. laganna orðist svo:

Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafizt yfirmats, og fer um það samkvæmt 53. gr. ábúðarlaganna.

7. gr.

b-liður 19. gr. laganna orðist svo:

Til barna þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt, hafi óðalsréttarhafi veitt þeim þann rétt með sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi.

8. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnunum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni, ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda.

Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 11. gr., og sitji það barn eða þau börn fyrir, sem hafa að staðaldri unnið með foreldrum sínum á jörðinni og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr. Sama regla gildir um ættarjarðir.

9. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Ættarjarðir heita í lögum þessum þær jarðir, sem ekki eru óðalsjarðir, en hafa annað tveggja:

a. Verið samfellt í ábúð eða eign sömu ættar í samtals 75 ár eða lengur og eru enn í eign hennar, þegar lög þessi öðlast gildi. Þetta ákvæði tekur einnig jafnóðum til jarða, er fullnægja slíkum skilyrðum um eign eða ábúð sömu ættar. Ábúð eða eignarumráð ekkils eða ekkju ættmanna þeirra, er setið hafa jörðina, telst með ábúðar- eða eignartíma ættarinnar.

b. Verið ráðstafað til erfingja ættmenna eða annarra með sérstökum gerningi samkvæmt 30. gr.

10. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Jörð, sem um ræðir í 26. gr. a-lið, má ekki selja úr ættinni fyrr en að ættmennum frágengnum, þ. e. niðjum þeirra af ættinni, er höfðu umráð jarðarinnar síðustu 75 árin af því tímabili, er um ræðir í 26. gr.

Nú hefur ættarjörð við skipti dánarbús eða á annan hátt skipzt í tvo eða fleiri hluta, sem eru minni en svo, að þeir fullnægi þeim kröfum, er nýbýlastjórn gerir um stofnun nýbýla, eða eigandi hefur ekki aðstöðu til að nytja sjálfur þennan jarðarhluta, þótt nægjanlega stór sé, og er honum þá skylt að leigja sinn hluta jarðarinnar þeim eiganda hennar og ábúanda, ef fleiri eru, sem hann kýs helzt, og fer þá um leigumála samkvæmt 35. gr.

Ákvæðin um ófullnægjandi landstærð koma þó ekki til framkvæmda, ef eigandi hluta úr ættarjörð, sem ekki telst nægilegur til stofnunar sjálfstæðs býlis, getur

fengið keypt til viðbótar samliggjandi land frá annarri jörð, þannig að hvort tveggja til samans, ættarhlutinn og viðbótin, fullnægi þeim skilyrðum, sem nýbýlastjórn setur um stofnun nýbýla, enda hafi hann hafizt handa um stofnun nýbýlis innan 5 ára, frá því að hann fékk viðbótarlandið.

11. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð á hverjum tíma, að viðbættu matsverði á þeim umbótum, sem gerðar hafa verið á jörðinni, frá því að aðalfasteignamat fór fram. Seljandi getur enn fremur krafizt hækkunar á söluverði fasteignar, ef tekjur af veiðiréttindum, jarðhita eða öðrum hlunnindum svo og tekjur af malarnámi, er jörðinni fylgja, hafa hækkað að mun, frá því að síðasta fasteignamat fór fram.

Mat á umbótum og auknum hlunnindatekjum skal framkvæmt af úttektarmönnum. En krafizt getur jarðareigandi þess, að kaupandi greiði honum jarðarverðið að fullu við undirskrift kaupsamnings, að frádregnum áhvílandi veðskuldum.

Nú er ættarjörð leigð til ábúðar, og hafa þá ættmenn forgangsrétt að ábúðinni eftir sömu reglu og þegar um kaup er að ræða samkvæmt 28. gr. Fer þá um leigumála eftir ákvæðum 35. gr.

12. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sýslumenn skulu halda skrá yfir allar ættarjarðir innan síns lögsagnarumdæmis og færa þær í sérstaka bók samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, séu þær ekki óðalsjarðir. Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, með aðstoð fróðustu manna og beztu heimilda, sem föng eru á, gera skrá yfir þær jarðir í hreppnum, sem falla undir a- og b-liði 26. gr., ásamt greinargerð fyrir ábúð eða eignarhaldi hlutaðeigandi ættar á hverri jörð um sig síðastliðin 75 ár.

Þegar hreppstjóri skrásetur ættarjörð, skal hann jafnframt gera lýsingu af jörðinni, svo sem fyrir er mælt í 3. gr. um skrásetningu óðalsjarða, sbr. 3. málsgr. hennar, eftir því sem við á. Skal það gert í samráði við jarðareiganda eða ábúanda. Leita skal staðfestingar jarðareiganda á, að skýrsla hreppstjóra sé rétt. Skrásetningu þessa og annað, er henni tilheyrir, skal hreppstjóri færa í úttektar- og virðingarbók hreppsins.

Skrásetning ættarjarðar ásamt greinargerð og jarðarlýsingu skal gera í tvíriti og færa á þar til gerð eyðublöð, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera í samráði við landbúnaðarráðuneytið. Skal annað eintakið varðveitt á skrifstofu sýslunnar. Hitt eintakið skal sýslumaður senda Búnaðarfélagi Íslands, eftir að hann hefur fullvissað sig um, að ekkert sé við það að athuga.

Nú verður ágreiningur um, hvort jörð sé ættarjörð. Skal sýslumaður þá rannsaka málavexti og fella því næst úrskurð í málinu. Geta skal þess í afsals- og veðmálabókum hlutaðeigandi sýslu eða kaupstaðar, að jörð sé ættarjörð, og sömuleiðis breytinga, er á því kunna að verða.

Hreppstjórar skulu endurskoða árlega skrána yfir ættarjarðir í hreppnum og fella niður eða bæta við jörðum, eftir því sem tilefni er til. Tilkynna skal sýslumanni allar slíkar breytingar.

13. gr.

Aftan við 1. málsgr. 34. gr. laganna komi:

Heimilt er þó að byggja slíkar jarðir í lífstíðarábúð, ef viðtakandi óskar sérstaklega eftir því.

14. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 34. gr., skal vera 3% af fasteignamatsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að

fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst, og kúgildi með verðlagsskrárverði. Við ákvörðun jarðarafgjalds skal jafnframt miða við þá tölu búfjár eða það magn afurða, er þarf til að greiða eftirgjaldið, er leigusamningurinn er gerður, og miðað við verðlag þess árs. Eftirgjaldið greiðist í peningum eftir verðlagsskrárverði eða gangverði þessara afurða í viðkomandi sýslu ár hvert, sbr. 10. gr. ábúðarlaga.

Nú leggur landsdrottinn fram fé til umbóta á jörðinni, og skal þá landskuld hækka, þannig að af framlagi til íbúðarhúsa greiðist sömu vextir og af lánum hjá byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands, en af framlagi til annarra umbóta sömu vextir og af lánum ræktunarsjóðs, eins og þessir vextir eru á hverjum tíma.

Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum, ef annað er ekki fram tekið í byggingarbréfi.

Skylt er erfðaleiguábúanda að greiða árleg iðgjöld af brunabótavirðingu húsa á erfðaleigujörðum án endurgjalds frá landsdrottni. En kostnað við virðingu á eignum landsdrottins greiðir hann að sínum hluta.

15. gr.

Fyrri málsliður 36. gr. laganna orðist svo:

Ábúandi greiðir leiguliðabót, svo sem fyrir er mælt í ábúðarlögum, 14. gr., og auk þess af fé því, er landsdrottinn hefur greitt til húsabóta og annarra umbóta á jörðinni.

16. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Þurfi að byggja jörð, sem er í erfðaábúð, til bráðabirgða (sbr. 46. gr., 6. lið), fer um upphæð jarðarafgjalds eftir samkomulagi. Hús og önnur mannvirki á jörðinni, sem aðrir eiga, skulu auk þess leigð að minnsta kosti fyrir þeim vöxtum af lánum, er ber að standa straum af, ella sparisjóðsvexti.

17. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið ekki hækka umfram það, er leiðir af hækkun fasteignamats vegna verðbreytinga og framlags ríkissjóðs. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal afgjaldið ákvarðast samkvæmt ákvæðum 35. gr. Þó getur hvor aðili krafizt millimats fasteignamatsnefndar, ef liðin eru þrjú ár eða meira, frá því að síðasta fasteignamat fór fram.

18. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú verður jörð fyrir skemmdum, svo að jarðarnytjar rýrna að mun, og fer þá um það samkvæmt 35. gr. ábúðarlaga.

19. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Þegar ábúandaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru í erfðaábúð, skal fara fram úttekt af lögskipuðum úttektarmönnum, og fer um það samkvæmt ákvæðum 13., 50. og 53. gr. ábúðarlaganna.

20. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem eru í erfðaábúð, að skipta þeim milli barna sinna. Skal erfðaábúandi tilkynna það landsdrottni og leita samþykkis hans á skiptingunni.

Tryggt skal, að hvert býli hafi að minnsta kosti þá lágmarksstærð, er nægi til framfærslu meðalfjölskyldu (sbr. 14. gr. laga nr. 48/1957) að dómi nýbýlastjórnar, enda samþykki hún skiptinguna. Við skipti skal ekki skerða tún heimajarðar, ef

unnt er (sbr. 28. gr. laga nr. 48/1957), og að öðru leyti fer um skiptinguna samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

Leigumáli á úrskiptu býli skal ákveðinn samkvæmt ákvæðum 35. gr. þessara laga.

Ef búrekstraraðstaða á heimajörðinni breytist verulega við slíka skiptingu, getur ábúandi krafizt endurskoðunar á leigumála jarðarinnar að undangengnu mati úttektarmanna.

21. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir hreppsnefnd eða sýslunefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er í erfðaábúð, og skulu þá þessir aðilar snúa sér til nýbýlanefndar viðkomandi sýslu, sem skal rannsaka allar aðstæður og gefur viðkomandi aðilum rökstutt álit um málið. Að svo búnu getur sýslunefnd eða hreppsnefnd, ef þeim þykir ástæða til, sent álit nýbýlanefndar og tillögur sínar um skiptingu jarðarinnar til nýbýlastjórnar ríkisins.

Verði skipti ákveðin á jörðinni, skulu þau fram fara samkvæmt ákvæðum 43. gr., eftir því sem við getur átt.

Ábúandi á rétt á því, að ættingjar hans, er hann kýs til, sitji fyrir ábúð á hinu úrskipta landi.

Nú taka aðrir, ábúanda óskyldir, ábúð á hinu úrskipta landi, og skal þá sá, er hefur ábúð á jörðinni, og samerfingjar hans fá fullar bætur fyrir það, sem hið úrskipta land hefur hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, en taka skal tillit til eðlilegrar fyrningar á jarðabótum.

Um lækkun á jarðarleigu hans í þessu sambandi gilda ákvæði síðustu málsgr. 43. gr.

Aldrei má það land, sem hann hefur eftir, vera minna virði en land jarðarinnar var, þegar hans ætt tók við jörðinni, nema landeigandi og ábúandi samþykki.

Einnig skal ábúandi fá hæfilegar bætur, ef svo mikið er tekið af landi jarðarinnar, að það land, sem eftir er, samsvarar eigi þeim húsum, sem byggð hafa verið á jörðinni, enda hafi þau samsvarað heilbrigðum búrekstri á jörðinni allri.

Um byggingu þeirra jarða, er verða til við skiptingu eftir þessari grein, fer eftir fyrirmælum 35., 38. og 46. gr., 9. lið. Þó skulu ákvæði 43. gr. gilda um þá jarðarhluta, sem ráðstafað er á þennan hátt innan ættar ábúanda.

22. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðinni til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni í byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

Beiðni um veðleyfi skulu fylgja teikningar, samþykktar af Teiknistofu landbúnaðarins, áritaðar yfirlýsingu úttektarmanna viðkomandi hrepps, að byggingarnar séu við hæfi, miðað við hagfelldan búrekstur á jörðinni.

Sé um jarðabætur að ræða, skal lögð fram með beiðninni yfirlýsing héraðsráðunautar um, að framkvæmdin sé nauðsynleg og líkleg til að stuðla að aukinni arðgæfni í búrekstri á jörðinni.

Jarðeignadeild ríkisins getur krafizt þess af veðleyfisbeiðanda, að hann leggi fram ábyrgð hreppsnefndar hlutaðeigandi hrepps fyrir því, að lán það, er leiguliði tekur með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra umbóta, er úttektarmenn og héraðsráðunautur telja hagkvæmar og nauðsynlegar fyrir búrekstur á jörðinni.

23. gr.

Töluliður 2 í 46. gr. laganna orðist svo:

Erfðaréttur erfist til barna þess hjónanna, sem erfðaábúðarréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum, og á sama hátt fá kjörbörn erfðaábúðarrétt, sbr. 19. gr.

24. gr.

Fyrirsögn XI. kafla laganna verði:

Um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, og 47. gr. orðist svo:

Ábúendur þjóð- og kirkjujarða og annarra opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja ákvæðum 1. gr. og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa búið á jörðinni minnst 3 ár.
2. Gefa út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi.
3. Fyrir liggi yfirlýsing hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þeirra jarða, er að dómi Búnaðarfélags Íslands eða Landnáms ríkisins, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

Námuréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu og sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

25. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 47. gr., skulu seldar fyrir fasteignamatsverð að viðbættu álagi og framlögum þeim, er ríkið kann að hafa lagt til umbóta á jörðinni, eftir að fasteignamat fór fram, en að frádregnu fasteignamatsverði þess, sem ábúandi kann að eiga í jörðinni, er salan fer fram.

Nú fylgir jörð, sem selja á samkvæmt 47. gr., veiðiréttur, er gefur eða líkur eru til að gefi leigutekjur, sem um munar, og er þá jarðareiganda heimilt að fá hann sérmetinn af dómkvöddum mönnum, og kemur það mat til viðbótar fasteignamatsverði, að svo miklu leyti sem veiðirétturinn kann að verða hærra metinn heldur en í gildandi fasteignamati.

Hið sama skal gilda, vilji ríkissjóður neyta forkaupsréttar, eftir að jörð hefur verið gerð að ættaróðali.

Jarðarverðið greiðist að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær eru gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

26. gr.

51. gr. laganna orðist svo:

Um þau atriði, er lúta að afhendingu og úttekt jarða og ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum ábúðarlaganna. Sama gildir um önnur atriði, sem ekki er sagt fyrir um á annan veg í lögum þessum.

27. gr.

52. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—10000 kr.

28. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4 26. febr. 1946, lög nr. 16 22. febr. 1950 og lög nr. 4 14. marz 1955 svo og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

30. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 116 30. des. 1943, og gefa lögin út svo breytt.

Fyrirsögn laganna verði: Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við landbúnaðarráðherra. Það er samið af milliþinganefnd 1960, sömu nefnd og samdi þá frv. til l. um breyting á ábúðarlögum. Á síðasta þingi náðu breytingar við ábúðarlögin samþykki Alþingis. Af þeim breytingum leiðir m. a., að þörf er á að gera einnig breytingar á þessum lögum til samræmis við ábúðarlögin.

Búnaðarþing 1961 gerði nokkrar breytingartillögur við frumvarp þetta, og hefur landbúnaðarnefnd ekki enn tekið sameiginlega afstöðu til þeirra. En hún mun taka þær til athugunar fyrir 2. umræðu.

Einstakir nefndarmenn og nefndin í heild hefur óbundna afstöðu til málsins.

Frá milliþinganefnd fylgdu eftirfarandi skýringar og nefndarálit:

Skýringar við einstakar greinar.

Um 1. grein.

Breyting sú, sem lagt er til að gerð sé á þessari grein, felur í sér nokkra rýmkun á því, hverjar veðskuldir megi hvíla á jörð, sem gera á að ættaróðali. Þó að veðdeildarlán í Búnaðarbanka Íslands og lán tekin í raforkusjóði hvíli á jörð, sem gera á að ættaróðali, er ekki eðlilegt, að þau hindri, að jörð verði gerð að óðali, þar sem þau lán eru veitt til eða í sambandi við uppbyggingu og framkvæmdir, sem miða að því að gera jörðina búhæfari og öruggari í rekstri.

Um 2. grein.

Greinin helzt óbreytt eins og hún er í gildandi lögum.

Um 3. grein.

Greinin er efnislega um öll aðalatriði óbreytt. Hins vegar eru sett inn í greinina nokkru fyllri og ákveðnari ákvæði um skrásetningu ættaróðala og um það, hverjar upplýsingar skuli skrásettar varðandi jörðina sjálfa í óðalsréttarsamningi.

Þá þótti eðlilegt, að samrit óðalsréttarsamnings verði sent Búnaðarfélagi Íslands, samhliða sem því er tilkynnt, að jörðin hafi hlotið óðalsréttindi.

Þá er gert ráð fyrir því, að Búnaðarfélag Íslands geri fyrirmynd í samráði við landbúnaðarráðuneytið um, hvernig óðalsréttarsamningur skuli gerður.

Misbrestur mun hafa verið á því fram að þessu, að Búnaðarfélagi Íslands hafi verið tilkynnt um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðulum, og því er ætlazt til, að ríkara verði eftir því gengið, að skrásetningu verði komið í lag.

Um 4. grein.

Greinin er óbreytt eins og í gildandi lögum.

Um 5.—9. grein.

Þessar greinar eru óbreyttar, eins og þær eru í gildandi lögum.

Um 10. grein.

Felld eru niður ákvæði um þær fylgifjárupphæðir, sem urðu til samkvæmt 17. grein jarðræktarlaga frá 1936, þar sem þau ákvæði um fylgifé jarða eru þegar úr lögum numin með ákvæðum nýrri jarðræktarlaga, nr. 45 frá 17. maí 1950.

Um 11. grein.

Það þótti rétt að ákveða nokkru nánar um framkvæmd þess, ef óðalsjörð kemur til skipta í tvö eða fleiri býli innan ættar.

Samkvæmt lögum nr. 48/1957 er svo ákveðið, að eigi má skerða tún jarðar, sem lætur af hendi land til nýbýlastofnunar, niður fyrir 10 ha, og við framkvæmd þeirra laga hefur jafnan verið reynt að skerða ræktað land aðaljarðarinnar sem minnst, þó að ræktun jarðar sé komin yfir 10 ha. Þykir rétt, að þeirri reglu sé haldið, einnig um skiptingu óðalsjarða.

Hið sama gildir um hlunnindi, að ekki þykir rétt, að svo langt sé gengið í skiptum á þeim, að hver úrskiptur hlutur hlunninda verði það lítill, að það þykir ekki svara kostnaði að nytja hann sérstakan. Með tilliti til þess er ákvæðið sett, að upphaflega óðalið haldi minnst ⅗ hlunninda, komi þau til skipta.

Hins vegar þótti eðlilegast, að um rekaréttindi færi eftir því fjörumáli, sem hver jarðanna fær við skiptin.

Um 12. grein.

Með lögum nr. 16 22. febr. 1950 var gerð sú breyting, að rýmkaðar voru láns- og veðsetningarheimildir. Er þeim ákvæðum haldið hér, með þeim viðauka þó, að heimilar séu einnig lántökur og veðsetning í veðdeild Búnaðarbanka Íslands og raforkusjóði. Þessi rýmkun lánaákvæðanna er nauðsynleg, til þess að þessar jarðir verði ekki verr settar en einstaklingseignarjarðir, að því er tekur til uppbyggingar og arðgæfra endurbóta, sem slík lán eru veitt til. Lánafjárhæðir og að hvaða marki megi veðbinda fyrir þessum lánum er ætlazt til að fylgi lánareglum þessara sjóða á hverjum tíma.

Síðari málsgrein greinarinnar er færð til samræmis við þær kröfur, sem gilda á hverjum tíma í lánareglum viðkomandi sjóða.

Um 13. grein.

Greinin er óbreytt, eins og hún er í gildandi lögum.

Um 14. grein.

Breyting er gerð við 7. málsgrein 14. greinar. Í henni felst það eitt, að ágreiningur falli undir úrskurð yfirúttektardóms, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi því til ábúðarlaga, sem nefndin hefur þegar afhent til landbúnaðarráðherra. Þar er gert ráð fyrir, að kvaddir séu til sérfróðir meðdómendur, ef ástæða þykir til, og þykir því ekki nauðsyn, að í þessum lögum sé ákvæði um sérstaka skipun í dóminn, að því er tekur til þess ágreinings, er hér um ræðir.

Um 15. og 16. grein.

Báðar þessar greinar eru óbreyttar frá því, sem þær eru í núgildandi lögum.

Um 17. og 18. grein.

Þessar greinar eru ekki breyttar frá því, sem þær eru í gildandi lögum.

Um 19. grein.

Breyting sú, sem gerð er á b-lið þessarar greinar, er sú, að óðalsréttarhafi gefi út yfirlýsingu um, að kjörbörn fái óðalsrétt. Með því ætti að vera tryggt, að eigi rísi ágreiningur um, að ættleiðingunni fylgi einnig þessi réttur.

Um 20. grein.

Efnisbreytingar eru ekki gerðar á grein þessari. Fyrri málsgreinin er óbreytt úr lögunum, og síðari málsgreinin er sú breyting eða viðauki, sem við hana var gerður með lögum nr. 4 14. marz 1955.

Um 21.—24. grein.

Engar breytingartillögur eru gerðar við þessar greinar, sem því halda sér óbreyttar, eins og þær eru í gildandi lögum.

Um 25. grein.

Greinin helzt óbreytt, eins og hún er í gildandi lögum.

Um 26. grein.

Greinin er tekin upp í heild með þeim áorðnu breytingum, sem við hana voru gerðar með lögum nr. 16 22. febr. 1950.

Um 27. grein.

Greinin er hér tekin upp í heild ásamt með þeim áorðnu breytingum, sem við hana eru gerðar með lögum nr. 4 frá 14. marz 1955 og lögum nr. 16 22. febr. 1950.

Um 28. grein.

Greinin haldist óbreytt, eins og hún er í gildandi lögum.

Um 29. grein.

Tveir fyrstu málsliðir greinarinnar eru teknir upp óbreyttir, eins og þeir eru í lögum nr. 4 frá 14. marz 1955. Hinn hluti greinarinnar er óbreyttur. Gildandi ákvæði þessarar greinar eru hér tekin upp í heild úr lögum nr. 116/1943 og lögum nr. 14/1955.

Um 30.—32. grein.

Þessum greinum hefur ekki verið breytt í frumvarpinu frá því, sem þær eru í gildandi lögum.

Um 33. grein.

Þessari grein er breytt, sérstaklega með tilliti til þess, að skráningu ættarjarða verði komið í betra horf, því að eins og skýrt er frá í nefndarálitinu, þá eru 9 sýslur, sem enga tilkynningu hafa sent Búnaðarfélagi Íslands um, hverjar jarðir séu ættarjarðir í viðkomandi sýslum.

Það ætti að vera yfirleitt auðveldast fyrir hreppstjóra að afla þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru, til þess að skráning verði gerð. Er því tekið upp það ákvæði, að þeir skuli annast skráningu og gera lýsingu af viðkomandi jörðum og fá staðfestingu jarðareiganda á bæði skráningu jarðarinnar og lýsingu hennar, þegar hún er skrásett. Gert er ráð fyrir, að þetta sé fært í virðingar- og úttektarbækur viðkomandi hrepps. Er gert ráð fyrir, að jarðarlýsing sé gerð á eyðublöðum í formi, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera, enda sé um það haft samráð við landbúnaðarráðuneytið.

Þá er það gert að skyldu, að þess sé getið í afsals- og veðmálabókum, ef jörð er ættarjörð, því að nauðsynlegt er, að fram komi á veðbókarvottorðum, ef jörð er ættarjörð.

Um 34. grein.

Í breytingu þeirri, sem gerð er við þessa grein, felst sú undantekning, að heimild er veitt að byggja jarðir, sem eru í almannaeign, í lífstíðarábúð, ef viðtakandi óskar sérstaklega eftir því. Þetta er gert með tiliti til að fyrirbyggja, að synja þurfi hæfum aðila, er vill taka jörðina í ábúð, af þeim ástæðum einum, að hann óskar ekki, að ábúðarréttindi hans falli undir ábúðarlög.

Um 35. grein.

Frá því hin fyrstu erfðaábúðarlög voru sett, hefur verið haldið því ákvæði, að landskuld skuli vera á erfðaábúðarjörðum 3% af fasteignamati lands og jarðarhúsa að viðbættu álagi, sem kann að fylgja jörð, og leigur af kúgildum, reiknað með sömu prósenttölu af verðlagsskrárverði.

Í framkvæmd hefur þetta orðið þannig, að afgjaldið er fastbundin fjárhæð, eins og hún reiknast samkvæmt þessu, þegar ábúðarsamningur er gerður. Sú breyting, sem hér er gerð, felst í því, að landskuld og leigur skulu ákveðast í fríðu og miðast við það magn búfjárafurða eða tölu búfjár, er að verðgildi nemur 3% af fasteignamati jarðar og húsa svo og álagi, enn fremur sama prósenttala af verðlagsskrárverði kúgilda.

Afgjaldið greiðist í peningum eftir verðlagsskrárverði hvers fardagaárs eða gangverði í viðkomandi sýslu. Áhrif verðlagsbreytingar verka því á þann hátt, að landsdrottinn fær eðlilega hlutdeild, ef verðlag hækkar á afurðum þeim, er jörðin gefur af sér, og ábúandinn fær tryggingu gegn því að þurfa að svara óeðlilega hárri peningagreiðslu í landskuld, ef framleiðsla sú, er jörðin gefur, verðfellur.

Eðlilegt þykir, að af beinum framlögum landsdrottins til umbóta á jörðinni sé svarað sömu vöxtum, er greiddir verða af þeim lánum, sem veitt eru til viðkomandi framkvæmda.

Um 36. grein.

Breytingin felst í því, að áskilið er, að leiguliðabót greiðist einnig af framlögum þess opinbera, sem beint eru lögð fram af því til annarrar mannvirkjagerðar á jörðinni en húsabótanna.

Um 37. grein.

Þar sem það er ekki í öllum tilfellum sýslumaður, sem sér um byggingu viðkomandi jarða, þá er upphafi greinarinnar breytt og ákvæðið nær til allra erfðaábúðarjarða, er ráðstafa þarf til bráðabirgða, og þykir ekki eðlilegt í því sambandi að binda, hvert afgjald skuli vera, því að ávinningur getur verið, að jörð sé setin og nytjuð, meðan hún ekki kemst í varanlega erfðaábúð aftur.

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 38. grein.

Á þessari grein er sú ein breyting gerð, sem leiðir af þeirri breytingu, sem gerð er á 35. grein.

Um 39. grein.

Þar um þessi atriði eru ýtarleg ákvæði sett í frumvarpi til nýrra ábúðarlaga, þykir sjálfsagt, að um mat og breytingar á afgjaldi undir þeim kringumstæðum, er greinin gerir ráð fyrir, fari eftir 35. grein ábúðarlaga.

Um 40. grein.

Það þykir ekki ástæða til annars en að úttekt fari fram samkvæmt ákvæðum ábúðarlaga, þar sem í frumvarpi til nýrra ábúðarlaga hafa verið tekin upp fyllri ákvæði en verið hafa um úttektir á jörðum.

Um 41. og 42. grein.

Þessar greinar haldast óbreyttar, eins og þær eru í gildandi lögum.

Um 43. grein.

Breytingar þær, sem gerðar eru á þessari grein, eru afleiðing þess, að lögin nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, kveða á um, hvernig stofnun lögbýlisjarða og skipting jarða fer fram. Þykir því ekki ástæða til sérákvæða um það, með hverjum hætti skipting skal gerð, og eðlilegt, að nýbýlastjórn samþykki skiptinguna eins og aðrar skiptingar lögbýlisjarða, enda sé leigumáli ákveðinn samkvæmt ákvæðum 35. greinar þessara laga.

Um 44. grein.

Hið sama gildir um 44. grein og 43. grein. Henni er breytt með tilliti til nýrra ákvæða laganna nr. 48/1957, þar sem vænta má, að öll uppbygging býla á grundvelli ákvæða þessarar greinar komi til að falla undir fjárhagsaðstoðarákvæði land-

námslaganna og er því háð því, að Landnám ríkisins geri eða samþykki skipulagstillögur um stofnun býlanna. Er því gert ráð fyrir, að frumathugun sé gerð af nýbýlanefndum, en formenn þeirra eru héraðsráðunautar, hver í sínu umdæmi.

Um 45. grein.

Upphaf greinarinnar, þ. e. a. s. fyrsta málsgrein hennar, er óbreytt frá því, sem hún er í lögum nr. 16 22. febr. 1950.

Sett eru skilyrði fyrir veðleyfisveitingu, að teikningar séu samþykktar af Teiknistofu landbúnaðarins og staðfestar af úttektarmönnum, að þær séu við hæfi, en sé um aðrar framvæmdir að ræða, skal leyfisbeiðni fylgja umsögn héraðsráðunautar um nauðsyn framkvæmdarinnar.

Þá þykir ástæða til, að hreppsnefnd tryggi, að lán það, er leiguliði tekur með veði í jörðinni, gangi til þeirra umbóta, sem veðleyfi er veitt til að framkvæma.

Um 46. grein.

Sú ein breyting er í greininni gerð, að 2. liður er færður til samræmis við breytt ákvæði 19. greinar.

Um 47. grein.

Þar sem XI. kafli í núgildandi lögum er því nær samhljóða lögum nr. 4 26. febr. 1946, um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, þá er meginmál þeirra laga með nokkrum breytingum tekið inn í þetta frumvarp og fyrirsögn kaflans breytt í samræmi við það. Mundu þau lög því falla úr gildi að því gerðu.

47. grein er tekin óbreytt upp úr lögum nr. 4 26. febr. 1946.

Um 48. grein.

Meginmál greinarinnar er samhljóða 2. grein laga nr. 4 26. febr. 1946, að jarðirnar skuli selja fyrir fasteignamatsverð að viðbættu álagi, en þeim ákvæðum við bætt, að hafi landsdrottinn lagt fram fé til umbóta, bætist fjárhæð þess við kaupverðið, en frá skal dreginn eignarhluti ábúanda, er kann að felast í fasteignamatsverði. Séu sérstaklega arðgæf hlunnindi, sem gefið hafa leigutekjur, sem um munar, getur landsdrottinn látið meta, að hve miklu leyti jarðarverð á að hækka þeirra vegna.

Gagnkvæm ákvæði eru sett, vilji ríkissjóður síðar neyta forkaupsréttar.

Um 49. og 50. grein.

Greinarnar eru óbreyttar, eins og þær eru í gildandi erfðaábúðarlögum.

Um 51. grein.

Það eru tekin af tvímæli um það í 2. málsgrein greinarinnar, að ákvæði ábúðarlaga gilda um öll þau atriði, sem ekki er sagt fyrir á annan veg í frumvarpi þessu.

Um 52. og 53. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Nefndarálit.

Endurskoðun sú, sem hér liggur fyrir, á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðul og erfðaábúð, er framkvæmd af ábúðarlaganefnd samkvæmt því, sem fyrir var mælt í þingsályktunartillögu sameinaðs Alþingis frá 4. maí 1959 og fyrir nefndina var lagt með bréfi landbúnaðarráðherra, dags. 21. maí 1959.

Lög um ættaróðul og erfðaábúð tóku gildi í árslok 1943, og er því sú reynsla, sem fengin er af framkvæmd þeirra, eigi svo mikil, að fyllilega verði um það dæmt, hver áhrif þau kunni að hafa í ábúðar- og jarðeignamálum hér á landi.

Breytingar eru gerðar á lögunum af Alþingi, fyrst með lögum nr. 16 22. febr. 1950 og aftur með lögum nr. 4 14. marz 1955, og einnig er með lögum nr. 4 26. febr. 1946 breytt ákvæðum XI. kafla laganna um sölu jarða í erfðaábúð, þar sem

þau lög eru um sölu þjóð- og kirkjujarða, sem taka einnig til þeirra jarða í eign hins opinbera, er leigðar hafa verið á erfðaábúð.

Við athugun þeirra laga og með hliðsjón af hinum beinu tengslum þeirra við erfðaábúðarlögin varð því að ráði að fella þau inn í erfðaábúðarlögin, og er svo gert í meðfylgjandi frumvarpi.

Tillögur þær til breytinga, sem hér eru gerðar við lögin, hafa ekki í för með sér breytingu á þeim grundvallarsjónarmiðum, sem þessi löggjöf var reist á í byrjun.

Eftir aldamótin eða frá 1906 er tekin upp sú stefna að styðja að aukinni sjálfsábúð í landinu. Með eflingu sjálfsábúðarinnar kom í ljós, að umbætur urðu meiri á þessum jörðum heldur en á þeim, er voru í leiguábúð. Hins vegar skapaðist nýtt vandamál í sambandi við ábúðaskipti milli ættliða, erfiðleikar fyrir afkomanda að taka við sjálfsábúðinni og leysa út meðarfa sína. Þessu fylgdi aftur, að jarðirnar eru seldar hæstbjóðanda utan ættar, og við það fluttist fjármagnið oftast burt úr viðkomandi sveit, sem í jörðina hafði verið lagt. Sjálfsábúðin ein saman reyndist ekki þess megnug að tryggja það, að jarðirnar héldust í ættum í fleiri ættliði.

Með því að grundvalla óðalsrétt, taka upp sérréttindi ættarjarða og ákveða, að opinberar eignir séu leigðar í erfðaábúð, er tilraun gerð til að treysta ættartengsl kynslóðanna við jarðir þær, er falla undir þessi ábúðarform. Þá er og að því stefnt að fyrirbyggja, að jarðir séu seldar innan ættar við verði, sem liggur yfir búrekstrargildi þeirra á hverjum tíma.

Það sjónarmið liggur til grundvallar óðalsréttarhugtaki laganna, að jörðin verði ekki einkaeign einstaks aðila, heldur sjálfseignarstofnun í ævarandi umráðum þeirrar ættar, er óðalsréttinn hefur að lögum.

Það er ljóst, að eftir aðeins hálfan annan áratug er ekki að fullu komið í ljós, hver árangur verður af framkvæmd laganna. Enn þá eru það ekki margar sjálfseignarjarðir, sem gerðar hafa verið að óðalsjörðum. Þegar jarðir hafa verið seldar úr opinberri eign til ábúenda eftir þjóðjarðasölulögunum frá 1946, er skylda að gera þær að óðalsjörðum. Með þeim hætti hafa því óðalsjarðir grundvallazt á þessu tímabili. Skrásetning þessara ættaróðala á að fara fram, þegar salan er þinglesin. Nokkuð mun á það bresta, að Búnaðarfélag Íslands hafi verið tilkynnt, er jarðir verða að óðulum með þessum hætti. Í fjórum sýslum er ekkert ættaróðal skráð, og í níu sýslum er engin jörð skráð sem ættarjörð. Samkvæmt skráningu Búnaðarfélags Íslands hefur félagið fengið tilkynningu um 79 ættaróðul og 234 ættarjarðir. Munu ættarjarðir vera vantaldar, því að í öllum sýslum eru einhverjar jarðir, sem haldizt hafa í ætt 75 ár eða lengur.

Jarðeignir hins opinbera hafa verið settar í erfðaábúð á undanförnum árum í samræmi við ákvæði laganna.

Ábúðarumráðum er þannig farið á jarðeignum ríkisins árið 1959:

Jarðir leigðar í erfðaábúð	220
Jarðir leigðar í lífstíðarábúð	420
Jarðir leigðar í lausri leigu	78
Jarðir í eyði	173
Jarðir í óvissri leigu	26
Samtals:	917

Við endurskoðun laganna hafa fyrst og fremst verið teknir til athugunar ágallar, er fram hafa komið við framkvæmd laganna. Í öðru lagi er samræmi komið á, að því er viðkemur ákvæðum nýrra laga, svo sem lög nr. 48/1957 og lög nr. 4/1946, og felldar inn þær breytingar, sem gerðar hafa verið á lögunum sjálfum 1950 og 1955.

Þar sem breytingar þær, sem hér eru lagðar til, eru meira samræming heldur en grundvallarbreyting, þótti ekki ástæða til að endursemja lögin í heild, og er

því frumvarpið byggt upp sem frumvarp til breytinga á hinum eldri lögum, en gert ráð fyrir því með bráðabirgðaákvæðum, að þær skuli felldar inn í lögin frá 1943 og þau gefin út í heild, eins og þau verða, eftir að breytingar hafa verið samþykktar, og með tilliti til, að inn í þau eru felld þjóðjarðasölulögin frá 1946, þá verði fyrirsögn þeirra: Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

Reykjavík, 29. febrúar 1960.

Jón Sigurðsson. Pálmi Einarsson. Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 324. Breytingartillögur [159. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, er orðist svo:
   Ríkisstjórninni er og heimilt að selja eyðijörðina Austmannsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu bóndanum Gísla Ólafssyni á Kirkjubóli í sama hreppi.
2. Aftan við fyrirsögn frv. bætist: og eyðijörðina Austmannsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Sþ. 325. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði o. fl.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um sérstakan skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur og starfsmenn við fiskverkun.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur tvívegis áður verið flutt á Alþingi, en í hvorugt skiptið náð fram að ganga. Hún er nú flutt í þriðja sinn í þeirri von, að hún verði loks samþykkt, enda ætti ekki að verða ágreiningur um nauðsyn þess máls, sem um er fjallað. Fiskmatsmenn hafa fyrr og síðar haft áhuga á stofnun skóla í sérgrein sinni, og fiskmatsstjóri hefur um margra ára skeið beitt sér fyrir námskeiðum í fiskmati. Samtök hraðfrystihúsaeigenda, bæði SH og SÍS, hafa haldið námskeið á eigin vegum víða um land fyrir starfsmenn sína, og hefur sú starfsemi verið til mikils gagns.

Námskeiðin ná þó of skammt. Fiskiðnaðurinn og fiskmatið þarfnast sérstaks skóla, og sýnist ekki óeðlilegt, að starfræksla hans sé að mestu eða öllu leyti á vegum ríkisins. Ekki virðist flutningsmönnum þessarar tillögu það endilega sjálfsagt, að skóli þessi sé deild í sjómannaskólanum né heldur að hann verði staðsettur í Reykjavík. Kann að vera, að aðrir staðir séu heppilegri sem skólasetur, og ber að kanna það ásamt öðrum þáttum þessa máls.

Fismats- og fiskiðnaðarskóli mundi hafa fjölbreytta námsskrá í bóklegum og verklegum efnum. Um lengd námstímans skal ekkert fullyrt á þessu stigi, en námi mundi að sjálfsögðu ljúka með prófi, sem réttlátt væri að gæfi ákveðin réttindi í

sambandi við fiskmatsstörf, verkstjórn og leiðbeiningarstarfsemi í fiskiðnaði. Æskilegt væri, að menn gætu sérhæft sig á vissum sviðum fiskiðnaðar, en skólinn yrði þó aðallega að stefna að því að veita almenna þekkingu.

Nánar í framsögu.

Sþ. 326. Fyrirspurnir. [163. mál]

I. Til menntamálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um tónlistarfræðslu.

Frá Ingvari Gíslasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 27. maí 1960 um tónlistarfræðslu?

II. Til ríkisstjórnarinnar um alúmíníumverksmiðju.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Hafa farið fram samningar eða samningaumleitanir á vegum ríkisstjórnarinnar eða með vitund hennar við erlenda aðila um að reisa hér alúmíníumverksmiðju, og ef svo er, þá við hverja?
2. Hefur verið gerð athugun á byggingu alúmíníumverksmiðju hér á landi, liggja fyrir drög að áætlunum, hefur byggingarkostnaður verið áætlaður, og þá, hve hár er hann og um hvaða stað eða staði er rætt fyrir staðsetningu slíkrar verksmiðju?

Nd. 327. Breytingartillaga [35. mál]

við frv. til laga um atvinnubótasjóð.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við b-lið greinarinnar komi: og þá fyrst og fremst í þeim landshlutum, þar sem íbúum hefur fækkað undanfarið eða íbúafjölgun verið minni en sem svarar íbúafjölgun landsins í heild.

Nd. 328. Breytingartillögur [35. mál]

við frv til laga um atvinnubótasjóð.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „atvinnubótasjóð“ komi: jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóð.
2. Við 2. gr. a-liður orðist svo:
   Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 10000000.00 árið 1962 og síðan kr. 25000000.00 árlega næstu 9 ár þar á eftir.
3. Við 3. gr. Í stað „atvinnubótasjóðs“ komi: jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóðs.
4. Við 9. gr. Í stað „Atvinnubótasjóður“ komi: Jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóður.
5. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóð.

Nd. 329. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið hefur verið til afgreiðslu hjá nefndinni síðan á fyrstu dögum þingsins í október í haust. Var það þá sent til umsagnar þessum aðilum: Tryggingastofnun ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, og bárust umsagnir fljótlega frá þeim öllum. Einnig barst nefndinni áskorun frá Sjómannafélagi Hafnarfjarðar um að samþykkja frumvarpið.

Tryggingastofnunin telur nokkrar breytingar á frumvarpinu æskilegar, en tekur að öðru leyti ekki afstöðu til þess. Landssamband íslenzkra útvegsmanna gerir ábendingu um eina smávægilega orðalagsbreytingu á frumvarpinu, en mælir að öðru leyti með samþykkt þess. Hins vegar mæla Sjómannasambandið, Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið öll með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Málið hefur verið rætt á nokkrum fundum, en að lokum hefur nefndin klofnað um afstöðu til þess.

Meiri hluti nefndarinnar, þeir Gísli Jónsson, Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason, leggur til, að frumvarpinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en minni hlutinn, Jón Skaftason og undirritaður, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 28. febr. 1962.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Jón Skaftason.

Fylgiskjal I.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Reykjavík, 4. desember 1961.

Tryggingastofnuninni hefur borizt bréf yðar, dags. 23. nóvember 1961, þar sem beiðzt er umsagnar um frumvarp þeirra Geirs Gunnarssonar og Hannibals Valdimarssonar til laga um breytingu á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar. Vill Tryggingastofnunin í því sambandi taka fram eftirfarandi:

Meginefni frumvarpsins er, að dánar- og örorkubætur slysatrygginga skuli vera hærri til sjómanna en annarra launþega. Um þetta segja flutningsmenn m. a. svo í greinargerð: „Slysahætta, sem fylgir starfi sjómanna, er að svo miklum mun meiri en við önnur störf, að þeim, sem stunda sjóinn, ber að tryggja hærri bætur en öðrum. Má á það benda, sem alþekkt er, að einstaklingar, er telja sig stofna sér í meiri hættu um tiltekinn tíma en að jafnaði annars, t. d. vegna ferðalaga, kaupa iðulega sérstaka, háa ferðatryggingu, meðan sú hætta varir. Sjómenn eru að staðaldri í meiri hættu við störf sín en um er að ræða við venjuleg ferðalög og því eðlilegt, að trygging þeirra sé hærri en almennt gerist."

Í nefnd, sem skipuð var árið 1959 til þess að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga, er fjalla um upphæð slysabóta (í nefndinni áttu m. a. sæti Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, og Eðvarð Sigurðsson, núverandi formaður Dagsbrúnar), var þetta mál rætt, og í nefndaráliti, dags. 23/11 1959, segir m. a. svo: „Dánarbætur nema nú kr. 87130.84 fyrir lögskráðan sjómann, en kr. 19143.34 fyrir aðra, sbr. 38. og 39. gr. og lög nr. 27/1959. Ekki verður komið auga á skynsamlegar ástæður fyrir því, að t. d. kona, sem missir mann sinn af slysförum við vegavinnu, fái aðeins kr. 19143.34 í dánarbætur á sama tíma og kona, sem missir mann sinn, sem er sjómaður, fái kr. 87130.84. Nefndin telur

því rétt, að dánarbætur verði hinar sömu fyrir alla ....." Þess má geta, að tillögur nefndarinnar voru samþykktar með lögum nr. 13/1960.

Um sjónarmið þeirra einstaklinga, sem kaupa háa tryggingu vegna sérstakrar áhættu um tiltekinn tíma, skal ekki fullyrt, en ætla má, að þeir telji þörf fjölskyldu sinnar fyrir bætur hina sömu, þótt dauða bæri að með öðrum hætti. Fyrir almannatryggingarnar verður slíkt sjónarmið a. m. k. að teljast eðlilegt. Hins vegar viljum vér á engan hátt draga úr gildi þess, að einstaklingar og stéttir tryggi sér bætur umfram þær, sem almannatryggingar veita.

Í sambandi við einstök atriði frumvarpsins má að öðru leyti benda á eftirfarandi:

1. Ákvæði um örorkubætur slysatrygginga eru í 37. gr., en ákvæði um dánarbætur í 38. gr. almannatryggingalaga. Með tilliti til efnisskipunar færi því betur á, að 1. gr. frumvarpsins væri skipt í tvennt, þ. e. viðbót við 37. gr. og viðbót við 38. gr.
2. Ef ákvæðin eru ekki bundin við lögskráða sjómenn, getur oft leikið vafi á, hvort um sjómann er að ræða eða annan launþega, sem starfar við bát eða skip.
3. Þörf virðist vera á skýrum ákvæðum um, hverjir skuli teljast aðstandendur.
4. Í frumvarpinu segir, að útgjöld þau, sem af viðbótartryggingunni leiðir, skuli greiðast að hálfu af almannatryggingum. Þar eð hér er um að ræða þrjár tryggingagreinar, lífeyris-, slysa- og sjúkratryggingar, þar sem hver grein um sig hefur sérstakan fjárhag, er þörf skýrari ákvæða um þetta efni.

Tryggingastofnun ríkisins,

Sverrir Þorbjörnsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 19. desember 1961.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf háttvirtrar heilbrigðis- og félagsmálanefndar N. d. hins háa Alþingis, dags. 23. nóv s. l., þar sem leitað er umsagnar stjórnar L. Í. Ú. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Á fundi stjórnar L. Í. Ú. í dag var mál þetta tekið til athugunar, og var þar samþykkt að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Vér teljum eðlilegt, að inn í frumvarpið komi ákvæði, sem kveði ótvírætt á um, að dánar- og örorkutryggingin gildi, ef viðkomandi skipverji verður fyrir slysum í þjónustu útgerðarinnar, gæti því upphaf greinarinnar hljóðað þannig: „Sérhver skipverji, sem starfar á íslenzku skipi, er tryggður gegn öllum slysum, sem hann verður fyrir í starfi í þágu útgerðarinnar, hvort heldur ...."
2. Þá teljum vér og nauðsynlegt, að kveðið sé ótvírætt á um, að bætur þessar komi til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

Samþykkt var að mæla með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Sig. H. Egilsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar N. d. Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 4. desember 1961.

Við höfum móttekið heiðrað bréf háttvirtrar heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 23. nóv. s. l., þar sem beiðzt er umsagnar um einnig sent frumvarp til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Varðandi frv. þetta viljum við minna á, að á s. l. vetri var reynt með samningum við útgerðarmenn báta að ná þeirri tryggingu, er frv. fjallar um, en um það náðist ekki samkomulag nema á einstaka stað, og það við bezt vitum gildir þessi trygging aðeins í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík, Akranesi og á Vestfjörðum.

Þá má og á það minna, að sorgleg slys hafa átt sér stað á þessu ári, þar sem menn hafa farizt lítt tryggðir.

Að sjálfsögðu verður mannslífið aldrei að fullu greitt og ástvinamissir aldrei fullbættur, en nokkur huggun í sorginni er það eftirlifandi ekkju, stundum með mörg börn á framfæri, að vera viss um að geta séð sér og börnum sínum farborða, þótt ástvinurinn sé horfinn og fyrirvinnan farin.

Þótt samningar um bátakjörin séu nú framundan, vitum við ekki, hvernig ganga muni að fá samninga um þetta mikilvæga atriði, og **mælum því fastlega með, að nefnt frv. verði samþykkt,** þar sem trygging yrði vissari á þann hátt, er frv. gerir ráð fyrir, og nær til miklu fleiri sjómanna en unnt mundi að ná með samningum.

Við teldum til lagfæringar, að við 1. málslið 1. gr. bættust orðin: „eða dauða".

Virðingarfyllst,

f. h. Sjómannasambands Íslands,

Jón Sigurðsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 5. desember 1961.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands tók beiðni yðar um umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 24 29. marz 1956 til umræðna og afgreiðslu á fundi sínum þann 30. þ. m.

Samþykkti miðstjórnin einróma að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Alþýðusamband Íslands,

Snorri Jónsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal V.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 11. desember 1961.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf nefndarinnar, dags. 23. f. m., þar sem óskað er umsagnar sambands vors um frv. til laga um breytingar á lögum nr 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Framkvæmdanefnd sambands vors hefur rætt fyrrgreint frumvarp.

Samband vort, sem er samningsaðili við öll stéttarfélög farmanna, hefur þegar samið um a. m. k. svo háa tryggingu umfram gildandi lög fyrir farmenn, og sjáum vér ekkert því til fyrirstöðu, að þau samningsákvæði verði efnislega lögfest, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu og greinargerð þess.

Virðingarfyllst,

Vinnuveitendasamband Íslands,

Björgvin Sigurðsson.

Fylgiskjal VI.

SJÓMANNAFÉLAG HAFNARFJARÐAR

Hafnarfirði, 31. október 1961.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundi Sjómannafélags Hafnarfjarðar hinn 30. október s. l.:

„Fundur haldinn í Sjómannafélagi Hafnarfjarðar mánudaginn 30. október 1961 skorar eindregið á Alþingi að samþykkja fyrir næstu vetrarvertíð frumvarp Geirs Gunnarssonar og Hannibals Valdimarssonar um breytingu á lögum um almannatryggingar, það er lögfestingu sérstakrar tvö hundruð þúsund króna líftryggingar allra lögskráðra sjómanna."

Virðingarfyllst,

f. h. Sjómannafélags Hafnarfjarðar,

Þorvaldur Ásmundsson.

Ed. 330. Frumvarp til laga [164. mál]

um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, forráðamönnum sveitarfélaga, svo og opinberum stofnunum að semja sín í milli um að innheimt skuli í einu lagi gjöld, er greiða ber þessum aðiljum. Má fela gjaldheimtuna innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða eða sérstakri innheimtustofnun.

2. gr.

Nú takast samningar um gjaldheimtu samkvæmt 1. gr. og skal þá samið um hlutdeild hvers aðilja í kostnaði við hana til eigi skemmri tíma en eins árs í senn.

3. gr.

Allar skyldur, sem innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða og opinberra stofnana eru lagðar á herðar lögum samkvæmt, svo og allar heimildir, sem þeim eru veittar til þess að framfylgja gjaldheimtunni, skulu falla til þess aðilja, sem samkvæmt samningi tekur innheimtuna að sér.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Undanfarið hefur farið fram athugun á því á vegum fjármálaráðuneytisins, hvort sameining innheimtu á beinum sköttum til ríkissjóðs og útsvörum og fasteignagjöldum í Reykjavík myndi eigi geta haft verulegan sparnað í för með sér. Var þá og haft í huga að endurskipulagðar yrðu aðferðir við innheimtu og bókhald. Athugun þessi hefur leitt í ljós, að með þessu móti myndi mega lækka verulega kostnað við innheimtuna og hlutfallslega enn meir, ef ýmis önnur gjöld, sem sérinnheimtu hlíta, yrðu innheimt ásamt ofangreindum gjöldum.

Auk hins beina sparnaðar, sem sameiginleg gjaldheimta hefur í för með sér, er þetta fyrirkomulag til mikils hagræðis fyrir þá, sem innheimtuna hafa með höndum og launagreiðendur, sem lögum samkvæmt ber að standa skil á gjöldum starfsmanna sinna. Sama gildir þá gjaldendur, sem greiða gjöld sín beint. Þeim er mjög til hagræðis að geta greitt þau á einum stað, í flestum tilvikum með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

Með frv. þessu er farið fram á heimild Alþingis til þess að unnt sé að koma gjaldheimtunni í það horf, sem hér að framan er rakið. Er ætlunin að hefjast fyrst handa í Reykjavík, en búast má við að þetta fyrirkomulag verði upp tekið víðar á landinu, ef vel tekst til í Reykjavík.

Ed. 331. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 1. marz 1962.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.

Karl Kristjánsson. Alfreð Gíslason.

Nd. 332. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum. Á öðrum fundinum mætti dr. Finnur Guðmundsson, forstöðumaður Náttúrgripasafns Íslands, til viðræðna við nefndina um málið. Enda þótt fram kæmi í nefndinni sú skoðun, að breyting sú, sem í frv. felst, þ. e. hækkun skotmannslauna, mundi ekki koma að verulegu gagni til þess að vernda varplönd æðarfuglsins og æðarungana gegn veiðibjöllunni, þá taldi nefndin sjálfsagt, að þessi tilraun yrði gerð, og mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.

Dr. Finnur Guðmundsson lét nefndinni í té yfirlit yfir eyðingu svartbaks með skotum á árunum 1942—1954, og fylgir yfirlit þetta hér með.

Alþingi, 28. febr. 1962.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Jónas Pétursson.
Karl Guðjónsson. Ágúst Þorvaldsson.

Fylgiskjal.

Greitt úr ríkissjóði og sýslusjóðum samkvæmt lögum nr. 89/1941, um eyðingu svartbaks.

1942	kr.	3498.00	fyrir	3498	svartbaka
1943	—	6422.00	—	6422	—
1944	—	3463.00	—	3463	—
1945	—	3021.00	—	3021	—
1946	—	2357.00	—	2357	—
1947	—	4012.00	—	4012	—
1948	—	2982.00	—	2982	—
1949	—	2724.00	—	2724	—
1950	—	2664.00	—	2664	—
1951	—	3691.00	—	3691	—
1952	—	2626.00	—	2626	—
1953	—	7719.00	—	2573	—
1954	—	8277.00	—	2759	—
Samtals	kr.	53456.00	fyrir	42792	svartbaka

Verðlaun námu 1 kr. fyrir hvern drepinn fugl á árunum 1942—1952 og 3 kr. fyrir hvern drepinn fugl á árunum 1953—1954.

Ed. 333. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (MJ) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 1. marz 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Alfreð Gíslason.
Ólafur Jóhannesson.

Nd. 334. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til erfðalaga.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Við 1. málsl. 1. töluliðar bætist: með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja.
   b. Við 2. tölulið bætist: með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

I. erfð.

Maki erfir ⅓ hluta eigna, þegar börn eru á lífi, en ⅔ hluta erfa börnin að jöfnu. Ef maka er ekki til að dreifa, taka börn allan arf.

Nú hefur barn andazt á undan arfleifanda, og erfa börn þess þá þann hluta, er því hefði borið. Ef arfleifandi á hvorki börn né barnabörn á lífi, tekur maki ⅔ hluta arfs, en foreldrar hins látna ⅓ hluta að jöfnu. Nú er annað foreldri látið, og hverfur þá hlutur sá, sem því hefði borið, til hins foreldrisins. Ef báðir foreldrar eru látnir, taka föðurforeldrar og móðurforeldrar sinn helming arfs hvorir. Nú er afi arfleifanda eða amma látin, og tekur þá það hjóna, sem eftir lifir, hluta hins. Ef eigi er til að dreifa afa eða ömmu arfleifanda, tekur maki allan arf.

Karl og kona, sem búið hafa saman í 3 ár eða meira, eiga saman niðja og eru samvistum, er annað deyr, hafa sama rétt til arfs og þótt gift hefðu verið.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

II. erfð.

Nú er maka ekki til að dreifa og báðir foreldrar arfleifanda, afar hans og ömmur látin, og taka þá börn hvors foreldris um sig þann arf, sem því hefði borið. Ef annað foreldranna á engin börn á lífi, hverfur allur arfur til barna hins.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

III. erfð.

Ef enginn erfingja samkvæmt 2. eða 3. gr. er á lífi, taka börn þeirra þann arfahlut, sem þeim hefði borið.

Arfur, sem tæmist samkvæmt erfðaskrá eða gjafabréfum, fellur undir III. erfð.

Ed. 335. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar mælir með frumvarpinu.

Alþingi, 1. marz 1962.

Alfreð Gíslason, frsm.
Karl Kristjánsson, með fyrirvara.

Nd. **336. Frumvarp til laga** [35. mál]

um atvinnubótasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 1. marz.)

1. gr.

Stofna skal atvinnubótasjóð, sem vera skal eign ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er:

a. að veita lán eða styrki til þess að auka framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin er brýnust, og stuðla þannig að aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins;
b. að veita lán til þess að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

a. Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 100 000 000.00, sem greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1962.
b. Eftirstöðvar lána þeirra, sem veitt hafa verið til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu, samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga.

3. gr.

Stjórn atvinnubótasjóðs skipa fimm menn, sem kosnir eru hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi hvers kjörtímabils. Jafnmargir varamenn skulu kosnir með sama hætti. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Félagsmálaráðherra ákveður laun stjórnarnefndarmanna, og greiðast þau, ásamt öðrum kostnaði, úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um lán og styrki, sem veitt eru úr sjóðnum. Að jafnaði skulu lán og styrkir, samkvæmt 1. gr. a., ganga fyrir lánum, sem veitt eru samkvæmt 1. gr. b. Svo skulu og lán eða styrkir til atvinnuaukningar á stöðum, sem við atvinnuleysi búa, ganga fyrir lánum eða styrkjum til þeirra staða, sem að þessu leyti eru betur settir.

Samþykki allra stjórnarnefndarmanna þarf til þess að veita styrki, sbr. 1. gr. a., og styrk skal eigi veita nema sérstakir erfiðleikar séu fyrir hendi.

5. gr.

Sjóðstjórninni er rétt að breyta greiðsluskilmálum lána þeirra, sem um ræðir í 2. gr. b., ef samkomulag næst um slíkar breytingar við lántakendur. Heimild þessi nær til þess að lengja greiðslutíma lánanna, lækka vexti eða gefa eftir af lánunum að einhverju eða öllu leyti, ef sérstakar ástæður mæla með slíkri eftirgjöf. Samþykki allra stjórnarnefndarmanna þarf þó til eftirgjafar lánanna.

6. gr.

Umsókn um lán eða styrk úr sjóðnum skal senda sjóðstjórn, og skal fylgja umsókninni:

a. Upplýsingar um tryggingu fyrir láni og veðbókarvottorð, ef um skip eða fasteign er að ræða.
b. Vottorð vinnumiðlunar (sveitarstjórnar) um atvinnuástandið í sveitarfélagi, þar sem lántakandi hyggst reka starfsemi þá, sem láns er óskað til.
c. Umsögn sveitarstjórnar um umsóknina.
d. Umsögn Fiskifélags Íslands, Búnaðarfélags Íslands eða Iðnaðarmálastofnunar ríkisins, eftir því sem við á, ef sótt er um lán skv. 1. gr. b.
e. Aðrar þær upplýsingar, sem stjórn sjóðsins kann að óska eftir.

7. gr.

Sjóðstjórnin getur óskað upplýsinga varðandi umsóknir frá hverjum sem er, og er öllum skylt að láta henni slíkar upplýsingar í té, eftir því sem föng eru á.

8. gr.

Vextir af lánum, sem veitt eru úr sjóðnum, samkvæmt 1. gr. b., skulu vera almennir útlánsvextir banka og sparisjóða. Vextir af öðrum lánum skulu eigi vera hærri en 6% p. a.

9. gr.

Atvinnubótasjóður skal vera í vörzlu Framkvæmdabanka Íslands, sem annast bókhald sjóðsins og daglega afgreiðslu mála á hans vegum eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnar. Handbært fé sjóðsins skal ávaxta í Seðlabankanum.

Ráðherra ákveður þóknun til bankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

10. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd af endurskoðendum Framkvæmdabankans.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Sjóðstjórn er heimilt að afla upplýsinga um atvinnuástandið í hinum ýmsu byggðarlögum í landinu og gera um það skýrslu. Sömuleiðis er sjóðstjórninni rétt að gera áætlun um uppbyggingu atvinnuveganna í einstökum byggðarlögum til hliðsjónar við veitingu lána úr sjóðnum til slíkra byggðarlaga um lengra eða skemmra tímabil.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 337. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft til athugunar frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt. Hefur n. rætt frv. á allmörgum fundum og m. a. rætt við skattstjórann í Reykjavík og fulltrúa hans um ýmis konar framkvæmdaatriði varðandi frv. Enn fremur hafa n. borizt ýmis erindi með óskum um breytingar á frv.

Niðurstöður athugana n. eru þær, að undirritaðir mæla með því, að frv. verði samþykkt með brtt. á sérstöku þingskjali, er nefndin flytur sem heild. Tveir nm., þeir KK og BjörnJ, standa að hinum sameiginlegu brtt. n., en hafa að öðru leyti óbundnar hendur um afstöðu til frv. og áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt. Munu þeir skila sérálitum.

Fáein atriði eru enn til athugunar í n., er hún mun taka afstöðu til fyrir 3. umr.

Alþingi, 1. marz 1962.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Ed. 338. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 12. gr. Á eftir orðinu „menningarmála“ í D-lið bætist: vísindalegra rannsóknastofnana.
2. Við 13. gr. Fyrir „7000 kr.“ í 2. málsl. 1. málsgr. D-liðar komi: 10000 kr.
3. Við 16. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér í landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, skal draga sem hér segir:
   Fyrir einstaklinga 50000 kr.
   Fyrir hjón 70000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 35000 kr. hjá hvoru.
   Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 10000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.
4. Við 17. gr. Annar og þriðji málsl. 3. málsgr. verði sérstök málsgrein.
5. Við 22. gr. 2. málsl. H-liðar orðist svo:
   Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum fullum afskriftum, er miðist við þann árafjölda, sem liðinn er af áætluðum endingartíma, sbr. 15. gr. A.
6. Við 24. gr. Fyrir „100“ í 2. málsgr. komi: 1000.
7. Við 25. gr.
   a. 2. málsl. 1. tölul. („Enginn skattur .... hjá hvoru“) falli niður.
   b. Niðurlag sama tölul. („Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu“) falli niður.
   c. Aftan við greinina bætist nýr rómverskur liður, þannig:
      Tekjuskatt, sem nær ekki 100 kr., skal fella niður við álagningu.
8. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
   I. Skattur af eignum þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3., 4. og 6. gr. 3. málsgr., annarra en útlendra félaga, sbr. 2. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:
      Enginn skattur greiðist af fyrstu 100 þús. kr.
      Af fyrstu 500 000 kr. skattgjaldseign greiðist 5‰.
      Af 500 000—1000 000 kr. skattgjaldseign greiðist 2500 kr. af 500 000 og 9‰ af afgangi.
      Af 1000 000 kr. skattgjaldseign og þar yfir greiðist 7000 kr. af 1000 000 kr. og 12‰ af afgangi.
   II. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., sbr. 2. gr. 3. mgr., reiknast 7‰ — sjö af þúsundi.
   III. Eignarskattur, sem nær ekki 100 kr., skal fella niður við álagningu.
9. Við 29. gr.
   a. Orðin „og varaskattstjóra“ í 1. málsgr. falli niður.
   b. Orðin „eða varaskattsjóra“ í upphafi 2. málsgr. falli niður.
   c. 4. málsgr. falli niður.
   d. Fyrir orðin „bæjar- og sveitarfélögum“ í 5. málsgr. komi: sveitarfélögum.
10. Við 33. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatalan samkv. því.
11. Við 38. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
    Hafi skattstjóri grun um, að stórfelld skattsvik hafi verið framin, skal hann hefja rannsókn þegar í stað og tilkynna ríkisskattstjóra jafnframt um rannsóknina.
12. Við 40. gr. Orðin „bæjar- og“ á tveimur stöðum í greininni falli niður.

13. Við 42. gr.
    a. Orðin „munnlega eða skriflega“ í 4. málsgr. falli niður.
    b. Aftan við sömu málsgr. bætist:
    Heimilt er ríkisskattanefnd að leyfa, að málflutningur skuli vera munnlegur.
14. Við 48. gr. Málsl. „Nú er .... um 15%“ í 1. málsgr. falli niður.
15. Við 49. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
    Fyrir endurtekin og stórfelld skattsvik má dæma mann í allt að 2 ára varðhaldsvist.
16. Við 53. gr. Fyrsti málsl. 2. málsgr. orðist svo:
    Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglugerð.
17. Við 55. gr. Greinin orðist svo:
    Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattstjóra og ríkisskattanefndar.
18. Við 56. gr. Orðin „lög nr. 96 23. júní 1936 .... fiskframleiðenda, svo og“ í 3. málsl. 1. málsgr. falli niður.
19. Við ákvæði til bráðabirgða. 2. tölul. orðist svo:
    Þeir skattgreiðendur, sem hafa orðið fyrir tapi vegna atvinnurekstrar síns síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laga þessara og hafa ekki unnið upp tapið, skulu njóta frádráttar skv. 2. málsgrein B-liðar 11. gr. laganna, eins og ákvæðið hefði verið í gildi, þegar tapið varð.

Nd. 339. Framhaldsnefndarálit [95. mál]

um frv. til erfðalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta, sem samþykkt var óbreytt í Ed., var til 1. umræðu í Nd. 8. febr. s. l., og var því þá vísað til 2. umr. og allsherjarnefndar. Á fundi sínum 9. s. m. mælti nefndin einróma með, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt.

Þegar frumvarpið kom til 2. umræðu í Nd. 13. febr. s. l., gat frsm. (Jón Pálmason) þess, að nefndinni hefði borizt erindi frá Kvenréttindafélagi Íslands, þar sem bent var á nokkur atriði í frv., aðallega viðkomandi setu í óskiptu búi, sem félagið taldi æskilegt að breytt yrði og sett frekari ákvæði um. Af þessum sökum var umræðu um frv. frestað, með því að allsherjarnefnd taldi eðlilegt, að þetta erindi yrði athugað nánar. Var það síðan sent dómsmálaráðuneytinu til athugunar með bréfi, dags. 13. febr. s. l.

Fyrir ráðuneytinu lágu þá einnig breytingartillögur við frumv. frá Gísla Jónssyni, sem nú hafa verið lagðar fram á Alþingi á þskj. 334. Breytingartillögur þessar mundu, ef samþykktar yrðu, valda allmikilli röskun á ákvæðum frumv., aðallega varðandi erfðarétt niðja barna arfleifanda, ef maka er ekki til að dreifa, erfðarétt sambúðarfólks hvors eftir annað o. fl.

Erindi Kvenréttindafélags Íslands, sem prentað er sem fylgiskjal I. með nefndaráliti þessu, svo og breytingartillögur Gísla Jónssonar sendi dómsmálaráðuneytið síðan erfðalaganefnd, dr. Þórði Eyjólfssyni og Ármanni Snævarr háskólarektor, til umsagnar. Er álitsgerð þeirra um erindi Kvenréttindafélags Íslands og breytingartillögur Gísla Jónssonar prentuð sem fylgiskjal II. með nefndarálitinu.

Á fundi sínum 2. þ. m. ræddi nefndin aftur frumvarpið sjálft, erindi Kvenréttindafélags Íslands, breytingartillögur Gísla Jónssonar og álitsgerð erfðalaganefndar.

Að athuguðum þessum gögnum og með skírskotun til þeirra raka sem færð eru fram í nefndri álitsgerð þeirra dr. Þórðar Eyjólfssonar og Ármanns Snævars háskólarektors, telur nefndin ekki ástæðu til að leggja til, að breytingar verði gerðar á frumvarpinu, og leggur því enn til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (GJóh) áskilur sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið.

Alþingi, 2. marz 1962.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.

Alfreð Gíslason. Gunnar Jóhannsson.

Fylgiskjal I.

Erindi Kvenréttindafélags Íslands.

Þar sem seta í óskiptu búi er oftar hlutskipti kvenna en karla, hefur Kvenréttindafélag Íslands kynnt sér hið nýja frumvarp til erfðalaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.

Félagið leyfir sér að benda Alþingi á þau atriði, sem það telur að bæta þurfi um frekar en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Deilur og ýmiss konar óánægjuefni, sem erfðamál valda, eiga í mjög mörgum tilfellum rót sína að rekja til þess, að langlífari makinn situr eða hefur setið í óskiptu búi.

Fæst af þessum deilumálum koma fyrir dómstólana, en þau eru engu að síður orsök fjandskapar og jafnvel haturs milli náinna ættingja.

Kvenréttindafélag Íslands telur, að fækka megi erfðadeilum að mun með ákveðnari lagaákvæðum og framkvæmd á meðferð dánarbús við fráfall skammlífari makans.

Kvenréttindafélag Íslands telur, að megingallinn á setu í óskiptu búi sé sá, að *búið er óskipt,* þ. e. a. s. að búið er *hvorki metið né gert upp* við fráfall maka.

Þótt maki fái leyfi til að hafa *umráðarétt* yfir erfðahlut barna sinna og stjúpbarna vegna afkomumöguleika fjölskyldunnar eftir fráfall maka, er síður en svo ástæða til, að búið sé óskipt reikningslega.

Virðist mega leysa þetta vandkvæði með þeirri einföldu aðferð, að búið verði talið 100 til höfuðstóls og hluti hvers einstaks erfingja þá talinn í hundraðshluta.

Með þessu móti helzt hlutfallið við gildandi krónutölu, þegar búið er gert upp og þegar svarað er út úr búinu.

Á aðra leið má og benda, með tilliti til þess, að arður og aflafé rennur í óskipt bú, þá hallar á makann við endanlegt uppgjör. Sú leið mundi vera heppileg, ef dánarbúið á fasteign eða einhvern rekstur í bæ eða sveit, en það er að stofna sameignarfélag um dánarbúið og gera það sérstakan skattaðila.

Löggjafinn þarf að setja föst ákvæði um mat og uppgjör bús, t. d. um það, hve lengi má dragast að sækja um búsetu og hvenær *innköllun skulda* svo og uppgjöri skuli vera lokið.

Nauðsynlegt er, að ákvæði séu um, að tekju- og gjaldareikningar séu gerðir árlega fyrir dánarbúið. Liggur þá jafnan ljóst fyrir um efnahag búsins. Aðilar, sem hlut eiga að máli, hafi greiðan aðgang að uppgjörinu eða fái afrit af því.

Þetta gæti komið í veg fyrir, að eitt systkini taki smátt og smátt eignarrétt að meira eða minna leyti yfir dánarbúinu, sem það hefur fyrir hönd foreldris síns forstjórastöðu yfir.

Og á hinn bóginn kemur árlegt uppgjör búsins (afrit af skattskýrslu getur sennilega nægt, þegar um lítil bú er að ræða) í veg fyrir ýmiss konar ástæðulausa tortryggni og grunsemdir.

Hreinir reikningar eru áreiðanlega vænlegasta leiðin til þess að komast hjá erfðadeilum.

Kvenréttindafélag Íslands telur ósanngjarnt, að allt aflafé eigi að renna í óskipt bú, ekki sízt nú, þegar skv. frumvarpinu má krefjast greiðslu á erfðahlut með eins árs fyrirvara.

Vitanlega er eðlilegt, að arður af fyrirtæki renni til búsins, en allt öðru máli gegnir um launatekjur, eftirlaun, ellilaun, bótafé og annað, sem maki fær sem einstaklingur.

Það getur ekki verið sanngjarnt, að maki, sem hefur sparað og lagt fyrir af launum sínum, þurfi að láta sparifé sitt ganga til skipta, kannske eftir mörg ár, t. d. til stjúpbarna sinna, eins og það væri arfleifð hins látna foreldris, ef hin raunverulega arfleifð hefur ekki rýrnað.

Með hliðsjón af þessu ákvæði 10. greinar, að aflafé eigi að renna í búið, svo og ákvæðum 15. greinar, sem m. a. ræðir um ógildingu á gjöfum maka, verður orðalag 11. greinar að teljast mjög villandi.

Ef maki hyggur á hjúskap að nýju, geta skapazt vandamál, enda þótt stjúpbörnum sé ekki til að dreifa. Í stað þess að svara út erfðahlutum velur maki þá leið að taka upp óvígða sambúð.

Sé það karlmaður, sem í búinu situr, verður sambúðarkona hans réttlítil gagnvart lögum. Hún á ekki erfðarétt eftir sambúðarmann sinn, og við sambúðarslit er hún einnig réttlítil gagnvart eignum heimilisins. Kröfuréttur til ráðskonulauna er mjög óheppileg lausn. Börn í þessari sambúð eru óskilgetin. Fjöldi óskilgetinna barna á Íslandi er þjóðfélagsvandamál.

Í stuttu máli eru ábendingar þær, sem Kvenréttindafélag Íslands leyfir sér að beina til Alþingis vegna II. kafla frumvarpsins til erfðalaga, á þessa leið:

9. grein: Í sambandi við 9. grein er sérstaklega ákveðnari ákvæða þörf, t. d.:

a) að sérhvert dánarbú — lítið jafnt sem stórt— komi fyrir skiptaráðanda, hvort sem búseta er leyfð eða erfðahlutum svarað út og hvort sem opinber skipti fara fram eða einkaskipti;
b) að skiptaráðandi sjái um eða fyrirskipi *mat og uppgjör* á dánarbúi, þegar hann hefur kannað skilyrði fyrir búsetu;
skipaður sé skiptaforstjóri, jafnt þótt einkaskipti séu;
c) að sett séu ákveðin tímatakmörk — bæði vegna umsóknar um setu í búi og lok uppgjörs;
d) að tryggt sé, að innköllun skulda sé lokið, áður en bú er gert upp eða skipti fara fram;
e) að skipaður sé óvilhallur lögráðamaður fyrir stjúpbörn, ekki aðeins meðan á skiptum og uppgjöri stendur, heldur og áfram, þar til þau verða fjárráða. Sama sé vegna barna þeirra foreldra, sem ekki verður treyst til að fara skynsamlega með hlut barna sinna. (Virðist annaðhvort vanta lagaákvæði um þetta atriði eða framkvæmd laga er ábótavant).

10. grein: Ákveðinn greinarmun þarf að gera á arði af búi og persónulegu aflafé. Persónulegu aflafé sé haldið utan við dánarbúið.

11. grein: Í staðinn fyrir orðið „eignarráð“ verði sett annað orð eða nánari skýring.

12. grein: Skylt verði að innkalla skuldir, áður en búið er *gert upp.*

14. grein: Í sambandi við 2. málsgrein þyrfti að finna leið til þess, að maki þurfi ekki skilyrðislaust að svara út erfðahlutum, þótt erfingi krefjist þess með eins árs fyrirvara. Þinglesning á eignarhlut erfingja í fasteign á nafn erfingja gæti komið í stað útborgunar, og væri erfingja leyfilegt að selja öðrum erfingja sinn hlut.

Þetta gæti hlíft maka við því að þurfa að hrekjast úr húsi sínu eða íbúð vegna kröfu erfingja.

Vegna þess, hve fólki er yfirleitt ókunnugt um lögin, sem gilda um setu í óskiptu búi, væri mjög nauðsynlegt að setja reglugerðarákvæði um það, að skiptaráðanda væri skylt að gera maka, sem hefur í hyggju að sækja um setu í dánar-

búi, grein fyrir réttindum, skyldum og öðru, sem slíkri búsetu er samfara. T. d. mætti gefa út smábækling, sem gefur allar upplýsingar um þessi mál.

Að frumvarpinu óbreyttu þyrfti m. a. að benda á:

1. að skipti verða að fara fram:
   a) ef maki gengur í hjúskap að nýju,
   b) ef maki gætir eigi búsins sem honum ber,
   c) ef erfingjar krefjast skipta með eins árs fyrirvara;
2. að skipti og útborgun á erfðahlutum miðast við búið, eins og það er, þá er skipti fara fram, en ekki eins og það var, þegar *arfleifandi* féll frá;
3. að allt aflafé, starfslaun og annað einkafé, jafnt og arður af búinu sjálfu, skal renna til óskipta búsins og koma til skipta, þegar skipta verður krafizt eða maki sjálfur óskar þess;
4. að greiða verður skatta og skyldur af búinu, svo sem eins manns eign væri.

Þá er og nauðsynlegt, að maki fái upplýsingar um, að hve miklu leyti hann hefur *eignarráð* yfir eignum hins óskipta bús með hliðsjón af ákvæðum 15. greinar (og 10. gr. um aflafé), svo að hann geti gert sér nokkra grein fyrir því, hvernig hann á að haga fjárstjórn sinni, þannig að hann verði ekki sakaður um að vanrækja framfærsluskyldu sína gagnvart erfingjum eða rýra efni búsins óeðlilega.

Einkum er nauðsynlegt, ef maki hefur stjúpbörn á framfæri, að hann eigi kost á upplýsingum um öll þessi atriði. Eða ef maki er svo ungur, að líklegt má telja, að hann kunni að stofna til hjúskapar að nýju.

Í sambandi við aðra kafla frumvarpsins leyfir Kvenréttindafélag Íslands sér að benda á nokkur atriði:

I. kafli: Í 5. grein eru ákvæði um gagnkvæm erfðatengsl milli kjörforeldra og kjörbarna og jafnframt niðurfellingu lögerfðatengsla kjörbarna við ættingja sína. Hér er trúlega rétt að farið að gera aðstöðu kjörbarns sem líkasta því, að væri það kynbarn ættleiðenda.

En með hliðsjón af þessu vill Kvenréttindafélag Íslands benda á, að eðlilegt og sjálfsagt væri, að um leið yrði felld úr ættleiðingarlögum 19. greinin, en hún hljóðar svo: *„Ef kjörforeldri og kjörbarn eigast,* fellur ættleiðing niður.“

V. kafli: Í V. kafla frumvarpsins eru ýmis ákvæði um fyrirframgreiddan arf, sem samið er um. En þar vantar ákvæði um, að taka megi tillit til mismunandi kostnaðar við uppeldi barna, svo sem greiðslna vegna langs náms, eða ef t. d. eitt barnanna á eftir að fá alla skólamenntun við fráfall foreldris, en hin hafa þegar lokið námi.

Æskilegt væri, að einhvers staðar væru sett ákvæði um, að taka megi tillit til þess, ef eitt eða fleiri systkina hafa haft fjárhagslega byrði og fyrirhöfn af foreldrum sínum, t. d. vegna veikinda þeirra eða ellihrumleika. Sanngjarna greiðslu miðað við aðstæður mætti reikna, áður en skipti fara fram.

Fylgiskjal II.

Álitsgerð erfðalaganefndar.

A. Athugasemdir Kvenréttindafélags Íslands.

Þær lúta flestar að ákvæðum frv. um setu í óskiptu búi. Er uppistaðan í þessum ábendingum sú, að kanna beri frá upphafi tryggilegar en fyrir er mælt í 9. gr. frv., hverjar eignir og skuldir búsins séu, m. a. með því að skiptaráðandi fjalli ávallt um búið í upphafi, að því er virðist eftir reglum um opinber bússkipti, og skylt sé að birta innköllun til skuldheimtumanna hins látna, en samkv. 12. gr. frv. er þetta heimilt, en ekki skylt.

Flestar þessar ábendingar varða fremur skiptalög en erfðalög, og margar þeirra lúta að framkvæmd skipta, sem ekki er þörf á að lögfesta reglur um og a. m. k. eiga ekki heima í erfðalögum. Ein ábending er um breytingu á 19. gr.

ættleiðingarlaga, og er væntanlega ekki ætlunin að breyta því ákvæði með frv. til erðalaga. Virðist okkur þessar ábendingar ekki fela í sér tillögur, sem til bóta séu á frv., en sumar þeirra eru þess virði, að þeim sé gaumur gefinn við endurskoðun á skiptalögum, sem væntanlega þarf að efna til á næstunni.

Athugasemdir við V. kafla hafa ekki við rök að styðjast. Ástæðan til þess, að þeir samningar eru leyfðir, sem þar greinir, er m. a. sú, að foreldri kann að kosta meiru til náms eins barns en annars.

B. Breytingartillögur Gísla Jónssonar.

1. *Við 1. gr.* Þær eru til samræmis við breytingartillögur við 2. gr. og afleiðing af þeim.

2. *Við 2. gr.* Þegar skal á það bent, að frv. til erfðalaga er árangur af norrænni samvinnu á þessu sviði, og verður að telja það miður, ef ákvæðum þessum er breytt til muna, svo að það samræmi raskist, sem nú hefur náðst a. m. k. að nokkru eftir margar ráðstefnur, er sótt hafa sérfræðingar í erfðarétti hvaðanæva af Norðurlöndum, þ. á m. Íslandi.

Í 1. málsgr. breytingartillögunnar er m. a. svo fyrir mælt, að ef maka er ekki til að dreifa, taki börn allan arf, en samkv. 2. gr. 1. málsgr. segir, að „börn og aðrir niðjar" taki allan arf, þegar svo hagar til. Við teljum þessa þrengingu alls ekki til bóta og leggjum eindregið til, að henni sé hafnað, enda eru lögerfðareglur hvergi svo þröngar á Norðurlöndum sem hér er lagt til.

Í 2. málsgr. er rætt jöfnum höndum um lögarf eftir I. og II. erfð, og verður ákvæðið óskýrt af þeirri ástæðu. Samkv. 3. gr. frv. er lagt til í samræmi við þá tilhögun, sem fyrirhuguð er í Danmörku, að eftirlifandi maki taki allan arf, þegar hvorki er til að dreifa börnum hins látna né öðrum niðjum og foreldrar hans eru ekki heldur á lífi. Í greindri breytingartillögu er lagt til, eftir því sem við skiljum tillöguna, að þegar niðjum hins látna sé ekki til að dreifa, en maki er á lífi, skulu ⅔ hlutar renna til maka, en ⅓ til foreldra. Ef annað foreldra er látið, skal sá arfshluti, sem því hefði borið, renna til hins foreldris, en ef bæði foreldra eru látin, þá taka föður- og móðurforeldrar sinn helming arfs hvort. Ef afa eða ömmu hins látna er ekki til að dreifa, rennur arfur allur til eftirlifandi maka.

Samkvæmt þessu er tilhögun frv. að verulegum mun hagstæðari eftirlifandi maka en breytingartillagan. Vakin skal athygli á athugasemdum í grg. við 3. gr. frv., þar sem frá því er skýrt, að ákvæði hinna norrænu frumvarpanna verði væntanlega róttækari en íslenzka frumvarpsins, með því að fyrirhugað er í þeim að kveða svo á, að eftirlifandi maki taki allan arf, þegar hinn látni á enga niðja á lífi, þ. e. girði þá með öllu fyrir erfðarétt foreldra. Að öðru leyti vísast einnig til athugasemda við 3. gr. frv. að því er varðar röksemdir um tilhögun þá, er felst í greindu ákvæði frv.

Í 3. málsgr. breytingartillagna við 2. gr. frv. er lagt til, að karl og kona, sem búið hafa saman í 3 ár eða lengur og eiga saman niðja og eru samvistum, er annað deyr, hafi sama erfðarétt hvort eftir annað sem gift væru. Við þekkjum ekki til þess, að hliðstætt ákvæði sé í erfðalögum nágrannaríkja okkar, og vissulega væri það einsdæmi í erfðarétti Norðurlandaríkja. Verður að vara við þeirri stefnu að halda öllu lengra á þeirri braut en þegar er orðið í íslenzkri löggjöf að leggja að líku réttindi sambúðarfólks og hjóna, ekki sízt meðan gagnkvæmar skyldur slíks fólks og skyldur þess gagnvart almannavaldi eru ekki jafnríkar og hjóna.

3. *Við 3. gr.* Breytingartillagan gerir ráð fyrir, að afi og amma arfleifanda gangi fyrir systkinum hins látna andstætt því, sem frv. kveður á um, og enn fremur að arfur gangi ekki lengra í ætt foreldra en til barna þeirra (systkina hins látna), þar sem frv. gerir ráð fyrir, að sá liður gangi óheft til arfs í samræmi við það samkomulag, sem náðist í norrænu samvinnunefndunum. Það er vita-

skuld álitamál, hvernig skipa eigi þessum málum, en æskilegt er, að samræmdri löggjöf sé komið á í þessum efnum hvarvetna á Norðurlöndum.

4. *Við 4. gr.* Ákvæði 1. málsgr. breytingartillögunnar er ekki skýrt, og víkjum við því ekki frekar að efni þess.

Í 2. málsgr. segir, að arfur, sem tæmist samkvæmt erfðaskrá eða gjafabréfum, falli undir III. erfð. Fyrirsögn I. kafla er „um lögarf", og á þetta ákvæði því þegar af þeirri ástæðu ekki hér heima.

Ed. 340. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til laga um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1962.

Ólafur Björnsson, form. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.

Björn Jónsson. Karl Kristjánsson.

Ed. 341. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

I.

Fjárhagsnefnd ræddi stjórnarfrumvarp þetta á nokkrum fundum og leitaði skýringa á því hjá skattstjóranum í Reykjavík o. fl. Breytingar þær, sem frumvarpið felur í sér á gildandi lögum um tekju- og eignarskatt, eru allmargar og sumar svo óljóst orðaðar, að örðugt er að átta sig á innihaldi þeirra til hlítar. Greinargerðin, sem fylgir frumvarpinu, er ófullkomin. Skírskotað er um margt til reglugerðar, sem ráðherra eigi að setja. Hins vegar kom í ljós, að ekki er farið að vinna að því að semja þá reglugerð og þess vegna engar upplýsingar að fá um það, hvernig ákvæði hennar kunna að verða í veigamiklum atriðum. Verður því samkvæmt framansögðu að telja, að frumvarpið sé ekki vel búið Alþingi í hendur.

Samkomulag varð í fjárhagsnefnd um nokkrar breytingartillögur, sem nefndarmenn flytja á sérstöku þskj. sameiginlega við frumvarpið.

Annars klofnaði nefndin í meiri hluta og tvo minni hluta. Kemur þar til sögunnar stefnumunur hjá nefndarmönnum.

Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar standa saman og mynda meiri hlutann, en við hinir skilum sínu nefndarálitinu hvor.

II.

Ríkisstjórnin heldur því fram, að hún sé með frumvarpi þessu að lækka skatta á þjóðinni og þar með skapa skilyrði til hagsbóta hjá almenningi. Gróði félaga er nú skattlagður með 25%, en skattprósentuna á samkv. frumvarpinu að lækka niður í 20% eða um fimmtung. Þetta kallar ríkisstjórnin að lækka skatta á þjóðinni. En virkileikinn er, að hún er hér að framkvæma þá stefnu sína **að færa til skatta-**

álögur, lækka að vísu skatt á framtöldum og raunhæfum gróða, en það verður hjá henni til að hækka neyzlutolla og óbeina skatta, af því að í hennar höndum kostar rekstur ríkisins alltaf meira og meira.

Fjárlög ríkisins bera um þetta glöggt vitni. Skv. fjárlögum fyrir 1958 voru skattar — beinir og óbeinir — og tollar áætlaðir 623 millj. kr., en skv. fjárlögum 1962 1431 millj. kr.

Þessar álögur hafa þannig á samstjórnartímabili núverandi stjórnarflokka talsvert meira en tvöfaldazt. Aftur á móti hefur tekju- og eignarskattur, sem þarna er með talinn, lækkað út af fyrir sig um 23 millj. kr. á sama tíma, og er heildaráætlun hans aðeins 95 millj. kr. nú.

Þessi tilfærsla á sköttum er vitanlega almenningi til óhags, en ríkum til hagsbóta. Þótt óbeinu sköttunum sé smeygt inn í verðlag vöru og viðskipta, svo að menn greina þá ekki hverju sinni, um leið og borgað er, eru þeir tekjulitlu fólki þungir á herðum, þegar þeim er beitt eins harkalega og nú.

Sjálfsagt er rétt, að heppilegra sé að hafa bæði beina skatta og óbeina en aðra hvora. Nýtur hvor aðferðin betur kosta, ef ekki er hátt spennt.

III.

Á fimmta tug þessarar aldar fóru fulltrúar Sjálfstæðisflokksins aðallega með fjármálaráðherrastörfin í ríkisstjórn Íslands. Þá stigu beinir skattar mjög hátt. Á árunum 1950—1958 voru miklar lagfæringar í þessum efnum gerðar og skattarnir lækkaðir. Þau ár var Eysteinn Jónsson fjármálaráðherra. Skulu hér staðreyndir nefndar:

Árið 1950 voru sett lög um lækkun skatta á lágtekjum.

Árið 1954 var sparifé gert skattfrjálst og skattar annarra en félaga auk þess lækkaðir um 29%. Þá voru fiskimönnum veitt ný frádráttarhlunnindi. Enn fremur giftum konum, sem leggja í kostnað vegna vinnu utan heimila sinna.

Árið 1956 var tekjuskattsviðauki félaga felldur niður.

Árið 1957 var enn lækkaður skattur á lágtekjum og aukinn skattfrádráttur fiskimanna.

Árið 1958 var sett löggjöf um skattgreiðslur félaga. Stighækkun á tekjuskatti þeirra afnumin. Lögfest jöfn skattprósenta (25%) af skattskyldum tekjum þeirra.

Það ár var einnig sett sanngjörn löggjöf um skattamál hjóna, þegar bæði vinna fyrir skattskyldum tekjum, — og var sú löggjöf til lækkunar.

Á tveim til þrem síðustu árum hefur ríkjandi stjórnarstefna fært óbeina skatta háskalega í aukana. Eins og ástatt er, þýðir lækkun tekjuskatts á félögum aðeins færslu milli skattforma og um leið milli skattgreiðenda. Ég tel þá tilfærslu ekki heppilega.

Tekjuskattur félaga hefur ekki verið hærri en 25% af skattskyldum tekjum síðan 1958, svo sem áður segir.

Til samanburðar má nefna tekjuskatt félaga í nágrannalöndum okkar.

Í Noregi er skatturinn	.....	30%
Í Danmörku er skatturinn	.....	44% (hálfur frádráttarbær)
Í Svíþjóð er skatturinn	.....	44% (útsvar frádráttarbært)
Í Bretlandi er skatturinn	.....	38.75%

Ég lít svo á, að eftir atvikum sé ekki ástæða til að lækka skattprósentuna, og legg þess vegna til, að hún verði óbreytt áfram. Flyt tillögu um það á þingskjali 342.

Aftur á móti fellst ég á hækkaða heimild um skattfrjálst varasjóðstillag félaga frá því, sem nú er, og rýmri ákvæði um heimildir til fyrningarafskrifta en nú gilda, af því að ég tel svo mikilsvert, að félögin þoli áföll og geti örugglega byggt sig upp og endurnýjað tæki sín.

IV.

Samkvæmt gildandi lögum hafa venjuleg félög heimild til að leggja allt að ⅕ hluta af hreinum tekjum sínum skattfrjálsan í varasjóð sinn, og sömuleiðis mega leggja

í varasjóð sinn ⅓ hluta skattfrjálsan af hreinum tekjum sínum „þau félög, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félög, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit“, en það eru samvinnufélögin í landinu.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar ætlast til, að lögunum verði breytt þannig, að öllum félögum verði heimilt að fá undanþegna frá skatti upphæð, er nemi allt að ¼ hluta hreinna tekna, sé hún lögð í varasjóð.

Á með þessum nýju ákvæðum að auka varasjóðshlunnindi venjulegra félaga, en minnka varasjóðshlunnindi félaga, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og samvinnufélaga.

„Glöggt er, hvað þeir vilja.“

Sjávarútvegur er svo áhættusamur atvinnuvegur, að þótt hefur hlýða að heimila þeim félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, að leggja ⅓ hreinna tekna sinna í varasjóð án skattlagningar.

Nú segir í greinargerð frumvarpsins, að þetta sé óþarft, félögin séu orðin svo vel sett. Togaraútgerðin er þó ekki nefnd.

Samvinnufélög hafa notið sama réttar, af því að þau standa almenningi opin til inngöngu og safna fé í varasjóði, sem ekki eru skiptilegir við félagsslit, heldur falla til héraðsins. Varasjóðir annarra fyrirtækja skiptast og dreifast og flytjast af staðnum, ef eigendur flytjast þaðan. En varasjóður kaupfélags er staðbundinn og eykur þess vegna staðfestur í þjóðfélaginu og tryggir þar með jafnvægi byggðanna. Um leið og hann er tryggingarfé fyrir starfsemina, er hann gjafafé til framtíðarinnar án tímatakmörkunar. Þjóðfélagið hefur að undanförnu tekið tillit til þessa og er skylt að gera það áfram. Annað væri ranglæti. Eðlismunur varasjóðanna krefst munar í skattlagningu, ef nokkurs réttlætis er gætt.

Ég flyt tillögu á þskj. 342 um, að óbreytt verði heimildin, sem nú gildir, um varasjóðstillögu félaga, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félaga, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit. Læt aftur á móti afskiptalaust, að skv. frumvarpinu hækki varasjóðshlunnindi annarra félaga um 25% og þannig minnki bilið milli félagaflokkanna, ef það gæti orðið til samkomulags.

V.

Gera á samkvæmt frumvarpinu byltingu á tilhögun skattverka.

Skattanefndir í sveitarfélögum, svo og yfirskattanefndir, á að leggja niður, en hafa þess í stað 8 skattumdæmi — þ. e. eitt í hverju kjördæmi. Skattstjóri og varaskattstjóri skulu vera í hverju umdæmi og umboðsmaður í hverju sveitarfélagi, þar sem skattstjóri er ekki búsettur. Skipa skal ríkisskattstjóra og vararíkisskattstjóra. Skrifstofur og nauðsynlegt starfslið hafi að sjálfsögðu skattstjórarnir.

Í greinargerð frumvarpsins er skírskotað til þess, að „samkvæmt fjárlögum 1960 hafi kostnaður við undirskattanefndir, yfirskattanefndir og skattstofur utan Reykjavíkur verið áætlaðar rúmlega 3 millj. króna“ og fari ekki hjá því, að með hinu nýja skipulagi verði hér „um talsverðan sparnað að ræða“.

Mér finnst þetta mjög hæpin fullyrðing. Hitt er sennilegra, að hér sé verið að sá til embættafjölgunar og skrifstofubákna. Hins vegar hefur reynslan sýnt, að ekki liggur mikill kostnaðarvöxtur í skipulaginu, eins og það er. Á það ber að líta, að nú er með skattverkunum, sem hér um ræðir, unnið meira verk fyrir sveitarfélögin en ríkið sjálft. Niðurjöfnun útsvaranna er byggð á skattframtölunum. Útsvörin í öllu landinu munu vera 5—6 sinnum hærri en heildarfúlgan, sem ríkissjóður fær í tekju- og eignarskatt. Sveitarfélögunum eru því skattverkin enn þá þýðingarmeiri en ríkissjóðnum.

Í hinu fyrirhugaða nýja skipulagi skattverkanna er miklum meiri hluta sveitarfélaganna gert stórlega torvaldara að hagnýta eins vel og nú skattframtölin við útsvarsálagningu. Sjálf skattlagningin verður einnig meira af ókunnugleika gerð.

Enn fremur er hér um að ræða samdrátt skattaákvörðunarvalds. Flutning þess

valds úr dreifðum byggðum umdæmanna á þéttbýlasta staðinn. Lengd leið strjálbýlismannanna til keisara skattamálanna.

Einhverja kosti getur skattverkabreyting þessi haft í för með sér, — svo er um flestar breytingar, sem mönnum detta í hug. En enga breytingu á að gera, nema kostir fylgi henni meiri en gallar.

Ég tel, að málefni þetta eigi að hugsa lengur og rækilegar en gert hefur verið — og fresta á meðan gjörbreytingum. Legg þess vegna til á þskj. 342, að felld séu niður úr frumvarpinu öll fyrirmæli um skattverkabreytinguna.

VI.

Hér að framan hef ég lýst þeim tillögum, sem ég flyt út af fyrir mig við frumvarpið. Afstaða mín til frumvarpsins í heild fer eftir því, hvort breytingartillögur mínar verða samþykktar eða ekki.

Alþingi, 5. marz 1962.

Karl Kristjánsson.

Ed. 342. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (KK).

1. Við 17. gr. Við 2. málsgr. bætist:
   Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félögum, sem samkvæmt lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. l. nr. 46 13. júní 1937, má þó draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.
2. Við 25. gr. Í stað „20%“ í tölul. II. komi: 25%.
3. 27.—52 gr. (V.—VII. kafli) falli niður.
4. 53. gr. falli niður.
5. 54. gr. falli niður.
6. Við 56. gr. 2. málsgr. falli niður.

Ed. 343. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um afstöðu til þessa frv. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í n. (ÓB, MJ og JÞ) leggja til, að það verði samþykkt með smávægilegum breytingum, en undirritaður er í meginatriðum andvígur frv. og þeirri stefnu, sem í því felst. KK mun skila sérstöku áliti.

Helztu breytingarnar á gildandi skattalöggjöf, sem í frv. felast og skera úr um afstöðu til þess, eru þessar:

1. Tekjuskattur félaga, annarra en útgerðarfyrirtækja og samvinnufélaga, skal lækkaður (með beinni skattlækkun og heimildum til aukningar varasjóðstillags) um 25%, úr 20% af hreinum hagnaði í 15%. Tekjuskattur útgerðarfyrirtækja og samvinnufélaga er aftur á móti aðeins lækkaður um 9%, úr 16.7% af hagnaði í 15%.

2. Ákveðnar eru nýjar reglur um fyrningarafskriftir, sem eftirleiðis má miða við endurmat á öllum fastafjármunum fyrirtækja, en það mat skal byggja á „endurnýjunarverði að frádreginni eðlilegri fyrningu“. Fyrningu skal miða við kaupverð fjármuna, sem keyptir eru 1962 eða síðar.
3. Skattfrjáls arðgreiðsla til hluthafa skal hækkuð um 25%, úr 8% í 10%, en jafnframt er heimiluð skattfrjáls úthlutun svonefndra jöfnunarhlutabréfa, sem í ýmsum tilvikum getur margfaldað hina skattfrjálsu arðgreiðslu.
4. Byggt skal upp nýtt, fjölmennt embættismannakerfi á vegum fjármálaráðherra til framkvæmda á lögunum.

Auk þessara meginákvæða felst svo í frv. fjöldi minni háttar breytinga, sem nokkuð misjöfnu máli gegnir um. Einstakar þeirra má telja til bóta, en um aðrar hljóta að verða skiptar skoðanir. Mun ég gera grein fyrir afstöðu minni til þessara smærri breytinga í framsögu.

Auðsætt er, að hin þrjú fyrst töldu frumvarpsákvæði stefna öll að einu ákveðnu markmiði: Stórfellt auknum skattfrjálsum gróða fyrirtækja, sem rekin eru í félagsformi, og þar með allra auðfélaga í landinu. Hin beina skattlækkun vegna aukinnar heimildar til þess að leggja hagnað í varasjóði og vegna lækkunar á sjálfri skattprósentunni er augljós og óumdeilanlegt, hverju hún nemur, en miklum mun erfiðara er og raunar ókleift að áætla, hve mikla skattlækkun leiðir af hinum nýju fyrningarreglum. Kemur þar hvort tveggja til, að höfundar frv. hafa ekki eða virðast ekki hafa byggt tillögur sínar á neins konar rannsóknum á afleiðingum ákvæðanna og flest, sem máli skiptir um sjálfa framkvæmdina, er lagt í vald fjármálaráðherra, sem hefur ekki til þessa gefið neinar upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd.

Óhætt mun þó að fullyrða, að hin beina skattlækkun um 25% sé hreinir smámunir miðað við þá, sem leiðir af hinum nýju fyrningarreglum, enda telja frumvarpshöfundar þau ákvæði, sem að þeim lúta, hin mikilsverðustu í frv. Er næsta líklegt, að nýju fyrningarreglurnar geti í ýmsum tilvikum margfaldað hinn skattfrjálsa hagnað.

Með hinum nýju fyrningarreglum er horfið að grundvallarbreytingu í skattalöggjöfinni og stefnt að því, að fyrirtæki megi ekki aðeins fyrna að fullu stofnkostnaðarverð fastafjármuna, heldur einnig að meira eða minna leyti þann mismun, sem skapazt hefur vegna hækkaðs verðlags, á stofnkostnaði og hugsanlegu endurnýjunarverði. Fram til þess hafa gróðafélögin orðið að jafna þennan mismun af hagnaði sínum og með notkun lánsfjár, en nú á að létta þeim byrðum, sem verðbólgan hefur skapað þeim að þessu leyti, með öllu af fyrirtækjunum og leggja þær á herðar almennings. Hinar nýju fyrningarreglur munu þannig ekki aðeins valda þyngri óbeinni skattheimtu til ríkisþarfa vegna minnkandi hlutdeildar gróðafélaga í skattgreiðslum, heldur einnig leiða til stórhækkaðs verðlags á framleiðsluvörum og þjónustu, vegna þess að fyrirtækjum er nú í rauninni heimilað að skattleggja almenning á líkan hátt og Áburðarverksmiðja ríkisins hefur skattlagt bændastéttina síðustu árin með því að beita — ólöglega — líkum fyrningarreglum og nú á að lögfesta fyrir öll fyrirtæki í landinu.

Því er haldið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar, að gildandi skattalög leggi blýþungar byrðar á fyrirtækin í landinu og hindri eðlilegt viðhald og uppbyggingu atvinnulífsins. Þessi kenning fær ekki staðizt, ef staðreyndir eru hafðar í huga, m. a. þær, að hlutdeild allra félaga í landinu í heildarskattheimtu ríkisins er orðin hverfandi lítil eða innan við 4% af skatta- og tollatekjum í heild, og hins vegar, að skattprósentan miðuð við hreinan hagnað, eftir að fyrning og arðgreiðslur hafa verið dregnar frá tekjum, er nú aðeins ⅕ hluti hagnaðarins. Það gefur og auga leið, að lækkun heildarupphæðar tekju- og eignarskatts gróðafélaga, sem nú er aðeins rúmar 50 millj. kr. á ári, getur ein fyrir sig engin teljandi áhrif haft á getu fyrirtækja til atvinnulegrar uppbyggingar. Það er hins vegar næsta hlálegt, að þvílíkar röksemdir skuli fram bornar af ríkisstjórn, sem staðið hefur fyrir því að frysta meiri hlutann af sparifjáraukningu landsmanna og hindrað þannig

að hundruð milljóna króna handbærs fjármagns væri notað til framkvæmda og framfara í landinu eða margföld sú upphæð, sem öllum sköttum gróðafélaganna nemur.

Núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir byltingu í skattamálum, byltingu, sem tölulega lýsir sér í því, að:

1. Skattar og tollar hafa nær tvöfaldazt frá 1959, hækkað úr 796 millj. kr. í 1401 millj.
2. Beinir skattar hafa verið lækkaðir úr 20.7% af heildarskattheimtu ríkisins í 6.7%.
3. Söluskattar til ríkissjóðs hafa verið hækkaðir úr 166 millj. kr. í 485 millj. eða um 286%.
4. Söluskattar eru nú rösklega fimmfaldir á við beinu skattana, en voru sem næst jafnháir þeim 1959.

Þessi skattamálabylting hefur, næst á eftir gengisfellingum ríkisstjórnarinnar, átt drýgstan þátt í þeim miklu hækkunum á vöruverði og þeirri stórfelldu skerðingu á lífskjörum almennings, sem einkennt hefur valdatímabil hennar. Þessa byltingu er nú verið að fullkomna og festa í sessi með því að stórlækka skatta gróðafélaganna og renna nýjum stoðum undir auðsöfnun þeirra, en leggja þungbærar byrðar á almenning í staðinn. Samtímis er svo hert á kauplækkunarstefnunni og öllum kröfum alþýðusamtakanna um kjarabætur synjað.

Öllum þáttum þessarar stefnu ríkisstjórnarinnar ber að hafna og að því er skattamálin varðar með því að fella þetta frv., en efna jafnframt til raunverulegrar heildarendurskoðunar skattalaganna með því markmiði sérstaklega að létta þær drápsklyfjar óbeinna skatta, sem nú þjaka launastéttirnar, og m. a. í þeim tilgangi að koma á virku skattaeftirliti, sem kæmi, eftir því sem verða mætti, í veg fyrir skattsvik, sem skaða ríkissjóð og almenning um stórfelldar upphæðir árlega.

Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð framkomið frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt stefnir að því að auka mjög skattfrjálsan gróða fyrirtækja að nauðsynjalausu og mundi, ef samþykkt yrði, valda enn þyngdri óbeinni skattheimtu af almenningi og verðhækkunum, en aðkallandi er hins vegar, að skattalögin í heild verði endurskoðuð með því markmiði, að óbeinni skattheimtu verði stillt í hóf, geta eignamanna og fyrirtækja til skattgreiðslna metin að nýju, skattsvik hindruð og hagkvæmni í framkvæmd skattalaganna aukin og í því trausti, að ríkisstjórnin tryggi slíka endurskoðun á vegum nefndar skipaðrar fulltrúum allra þingflokka, vísar deildin frv. þessu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. marz 1962.

Björn Jónsson.

Ed. 344. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 10. gr.
   a. H-liður greinarinnar falli niður.
   b. Aftan við greinina komi nýr liður, svo hljóðandi:
      Opinber listamannalaun og heiðurslaun, sem veitt eru fyrir sérstök afrek í bókmenntum, listum og vísindum eða fyrir björgun úr lífsháska.

2. Við 11. gr. 1. málsliður B-liðar orðist svo:
   Tap á útistandandi skuldum, enda sé sannað, að skuldin sé töpuð.
3. Við 12. gr. D-liður greinarinnar falli niður.
4. Við 13. gr. Síðari málsliður C-liðar orðist svo:
   Enn fremur félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5‰ — fimm af þúsundi — af launagreiðslum fyrirtækjanna.
5. Við 14. gr.
   a. Fyrir „500 kr.“ í 1. málsgr. komi: 1000 kr.
   b. Fyrir „sex mánuði“ í 3. málsgr. komi: þrjá mánuði.
6. Við 15. gr. A-liður greinarinnar orðist svo:
   Sömu reglum um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hundraðstölu af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra. Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra og upphaflegt kaupverð.
7. Við 16. gr. 4. málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Ef skattþegn hefur útgjöld vegna menntunar barna sinna eldri en 16 ára, skal draga frá hreinum tekjum hans, áður en skattur er á þær lagður, þau útgjöld allt að 15000 kr., enda nægi tekjur viðkomandi barns sannanlega ekki til að standa straum af menntunarkostnaðinum.
8. Við 17. gr.
   a. Fyrir „10%“ í 1. málsgr. komi: 8%.
   b. Fyrir orðin „¼ af hreinum tekjum“ í 2. málsgr. komi: ⅕ af hreinum tekjum.
   c. Á eftir 2. málsgr. komi ný málgrein, svo hljóðandi:
   Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félögum, sem samkvæmt lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, má þó draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.
9. Við 25. gr. Í stað „20%“ í II.-lið greinarinnar komi: 25%.

Ed. 345. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til laga um kornrækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. vill gera allmiklar breytingar á frv., en á þær getur minni hl. ekki fallizt.

Frv. um kornrækt hefur verið flutt á nokkrum þingum, en ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu.

Í frv. þessu er kveðið svo á, að ríkisframlag til kaupa á kornyrkjuvélum skuli nema allt að 50% af kaupverði þeirra, þó ekki yfir 200 þús. kr. til hvers kornræktarfélags, enda sé akurlendi þá minnst 10 ha., svo að tryggð sé full nýting hverrar vélasamstæðu. Enn fremur, að greiða skuli sama framlag úr ríkissjóði á hvern ha. við frumvinnslu lands til kornræktar og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna nýræktar og síðan árlega helming þess á hvern ha. akurlendis.

Sú reynsla, sem fengin er af kornrækt hér á landi, ásamt góðum skilningi bændastéttarinnar á nauðsyn þess að efla landbúnaðinn og gera innlenda framleiðslu sem fjölbreyttasta hefur leitt til þess, að áhugi bænda á kornrækt fer vaxandi og að kornframleiðsla hefur aukizt að miklum mun að undanförnu. En þar sem stofn-

kostnaður við kornrækt er mikill, þarf ríkisvaldið að veita henni fjárhagslegan stuðning, eins og lagt er til í frv. þessu.

Það bætir að jafnaði hag hvers bónda að hafa framleiðslu búsins svo fjölbreytta sem við verður komið á hverjum stað með hóflegum kostnaði. Og fjölbreytni í framleiðslu eykur öryggi búskaparins. Kornrækt á því að geta orðið bændum, sem hana stunda, til fjárhagslegs stuðnings.

Aukin kornrækt er þó ekki fyrst og fremst hagsmunamál bændastéttarinnar, heldur hefur málið þjóðhagslegt gildi. Það er hagsmunamál allrar þjóðarinnar, að landið sé vel nytjað og að hagnýtt séu góð atvinnuskilyrði, sem fyrir hendi eru. Með vaxandi fólksfjölda þurfa að koma nýjar atvinnugreinar og aukin atvinna. Efling landbúnaðarins og aukin fjölbreytni á því sviði stuðlar að jafnvægi í byggð landsins.

Ef ræktað væri hér á landi svo mikið magn af korni til fóðurs, að fella mætti niður að mestu eða öllu leyti innflutning á fóðurvörum, yrði að því verulegur sparnaður á erlendum gjaldeyri.

En til þess að hægt sé að leggja stund á kornrækt með góðum árangri og hagnýta uppskeruna án mikils vinnuafls, þarf allmikinn vélakost. Stofnkostnaðurinn mun því hindra, að kornrækt aukist svo sem þörf er, nema veittur verði af hálfu ríkisins fjárhagslegur stuðningur vegna vélakaupa og vinnslu lands til kornræktar.

Minni hl. nefndarinnar telur, að ekki megi dragast lengur en orðið er, að sett verði löggjöf um kornrækt, og að í frv. þessu sé ekki of langt gengið með fjárhagslegan stuðning af hálfu ríkisins.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1962.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson.

Sþ. 346. Nefndarálit [61. mál]

um till. til þál. um undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt till. ýtarlega, fengið umsagnir ýmissa aðila og rætt við stjórn Tæknifræðingafélags Íslands. Hefur komið í ljós, að skortur á sérmenntuðum tæknifræðingum er mikið og vaxandi vandamál hér á landi, og er brýn nauðsyn að bæta úr því. Talið er eðlilegt, að tveir tæknifræðingar séu fyrir hvern verkfræðing, en hér á landi eru innan við eitt hundrað tæknifræðingar á móti 300—400 verkfræðingum. Hefur Verkfræðingafélag Íslands gert glögga grein fyrir málinu í greinargerð, sem birt er sem fylgiskjal.

Allsherjarnefnd hefur orðið sammála um að leggja til þá breytingu á till., að þar verði einnig skorað á ríkisstj. að láta athuga almennt menntun tæknifræðinga. Gísli Guðmundsson áskilur sér rétt til að flytja frekari brtt. Nefndin leggur til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta athuga,, á hvern hátt heppilegast verði að koma fyrir hérlendis tæknifræðikennslu fyrir iðnaðarmenn, sem í vaxandi mæli leita til erlendra tækniskóla. Sé í því sambandi athugað, hvort unnt sé að koma

upp tæknifræðideild við Vélskóla Íslands eða Iðnskólann í Reykjavík. Þar til unnt verður að veita slíka fræðslu hér á landi, stuðli ríkisstjórnin að undirbúningsnámskeiðum fyrir þá, er hafa í huga að komast á tæknifræðiskóla erlendis.

Alþingi, 5. marz 1962.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Jónsson.
Gísli Guðmundsson.	Geir Gunnarsson.	Björn Pálsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Fylgiskjal I.

VERKFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 31. janúar 1962.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþings, Alþingishúsinu, Reykjavík.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 5. des. 1961, ásamt tillögu til þingsályktunar um undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar.

Á undanförnum árum hefur framboð og eftirspurn eftir tæknimenntuðum mönnum á Norðurlöndum bent til þess, að hæfilegar hlutfallstölur þeirra miðað við fólksfjölda hafi verið um 4‰ iðnfræðingar og um 2‰ verkfræðingar. Mönnum hefur jafnframt verið ljóst, að afkoma þjóða fer öðru fremur og í æ ríkara mæli eftir verkmenningu þeirra og að þörfin fyrir tæknimenntaða menn er því mjög ört vaxandi. Ýmsar nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum og víðar hafa gert ýtarlegar athuganir á væntanlegri þörf fyrir tæknimenntaða menn á næstu árum. Þessar athuganir hafa allar leitt í ljós mjög ört vaxandi þörf atvinnuveganna fyrir tæknimenntaða menn, og niðurstöðurnar hafa alls staðar leitt til stórfelldrar stækkunar og fjölgunar á tækniskólum og tæknihaskólum í þeim tilgangi að fjölga tæknimenntuðum mönnum og auka þekkingu þeirra, eins og kostur er. Hér verður látið nægja að vitna lítillega í niðurstöður slíkrar athugunar, sem fram fór árin 1959—60 í Noregi á vegum norska menntamálaráðuneytisins, Iðnaðarsambands Noregs og fleiri aðila, en í Noregi munu atvinnuvegir vera einna sambærilegastir þeim, sem hér eru. Þessi athugun leiddi m. a. í ljós varlega áætlaða þörf fyrir fjölgun iðnfræðinga um helming fram til ársins 1970, auk þess sem námsefni þeirra þyrfti að auka um 50%. Er nú unnið af kappi þar í landi að því að koma í framkvæmd þessari fjölgun iðnfræðinga. Árið 1970 verða iðnfræðingar ekki færri en 7‰ af norsku þjóðinni og árleg viðbót þeirra um 0.5‰. Á þessum sama tíma verður einnig verkfræðingum fjölgað mjög mikið hlutfallslega, en ekki verður farið hér nánar orðum um það, þar sem það mál snertir ekki beint það, sem um ræðir í þingskjalinu, þótt náskylt sé og nauðsynlegt að hafa í huga til þess að fá rétta yfirsýn yfir tæknimenntunarmálin í heild. Þó skal það tekið fram, að eðlilegt hlutfall milli fjölda verkfræðinga og iðnfræðinga er nú talið vera 1:2.

Svipuð þróun og drepið hefur verið á hér að framan er í öðrum menningarlöndum Evrópu og annars staðar.

Á Íslandi eru hlutfallstölur tæknimenntaðra manna miðað við fólksfjölda 0.5‰ iðnfræðingar og 1.4‰ verkfræðingar. Þessar tölur sýna, að íslenzkir atvinnuvegir eru mjög vanbúnir að tæknimenntuðum mönnum, sérstaklega iðnfræðingum. Frá stríðslokum hafa Íslendingar dregizt svo mjög og með vaxandi hraða aftur úr nágrannaþjóðunum á sviði verkmenningar, að í mjög alvarlegt óefni virðist nú komið. Við athugun þessara mála og mat kringumstæðna þjóðarinnar er nauðsyn-

legt að hafa í huga, að þjóðir heimsins eru að renna saman í stór viðskiptasvæði og það er óhugsandi að standast samkeppni í bandalagi með fremstu verkmenningarþjóðum heims, nema vera sjálfur á ekki lægra verkmenningarstigi.

Það virðist nokkuð augljóst, að ekki verði hjá því komizt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að auka mikið fjölda iðnfræðinga með þjóðinni. Er því rétt að athuga nánar, hversu fjölgun þeirra þarf að vera mikil og hvað þurfi að gera til þess að tryggja hana til frambúðar.

Lítum nú aftur til Norðmanna, og notum þeirra hlutfallstölur. Það er leyfilegt vegna þess, að Norðmenn hafa enga sérstaka sérstöðu um fjölda tæknimenntaðra manna eða aðgerðir til þess að auka fjölda þeirra, en þeir eru hins vegar einna eðlilegasta fyrirmynd fyrir okkur Íslendinga. Norðmenn hafa í dag hlutfallslega 8 sinnum fleiri iðnfræðinga en Íslendingar. Þeir hafa gert ráðstafanir til þess, að árleg viðbót iðnfræðinga verði um 0.5‰ af þjóðinni. Það samsvarar í dag um 90 íslenzkum iðnfræðingum á ári og þaðan af vaxandi tölu eftir fjölgun þjóðarinnar. Árið 1970 verður hlutfallstala norskra iðnfræðinga ekki lægri en 7‰, en það samsvarar um 1500 íslenzkum iðnfræðingum þá. Með sama áframhaldi má búast við því, að árið 1980 verði hlutfallstala norskra iðnfræðinga komin upp í 12‰ af þjóðinni, en það samsvarar um 3200 íslenzkum iðnfræðingum á þeim tíma. Þessar tölur kunna að þykja háar, en hafa ber í huga annars vegar, að Norðmenn telja sig áætla varlega þarfir atvinnuvega sinna fyrir iðnfræðinga, og hins vegar hefur verið tímabært a. m. k. síðastliðin 20 ár að koma hér á landi á fót tæknilegum framhaldsskóla af umræddri tegund.

Iðnfræðingsnámið tekur yfirleitt 4 ár og er miðað við þjálfun til rekstrarstarfa í atvinnuvegum. Hér á landi er fjöldi iðnfræðinga nú innan við 100 og tiltölulega fáir ungir íslenzkir menn við iðnfræðinám erlendis, og þess er varla að vænta, að svo mikill fjöldi manna sem þó ber nauðsyn til fari í iðnfræðinám, meðan það verður einungis stundað í erlendum skólum. Það er því ljóst, að þörfum íslenzkra atvinnuvega fyrir iðnfræðinga verður ekki fullnægt á viðunandi hátt nema með innlendum tæknilegum framhaldsskóla, sem væri sérstaklega sniðinn til þess að gegna því hlutverki. Slíkur tækniskóli þarf að geta veitt inngöngu handverksmönnum, verknámsskólafólki, stúdentum og öðrum, sem fullnægja inntökuskilyrðum og hafa hæfileika til tæknilegs framhaldsnáms af þessu tagi. Hann þarf að vera í 4 höfuðdeildum fyrir bygginga-, efna-, rafmagns- og vélfræði og geta útskrifað árlega 120 menn og þaðan af vaxandi fjölda. Slíkur tækniskóli yrði af svipaðri stærðargráðu og Menntaskólinn í Reykjavík í dag, en hann yrði að vera miklu betur búinn að kennslutækjum og aðstöðu til verklegra æfinga. Þrátt fyrir stofnun slíks skóla nú þegar gætu Íslendingar ekki gert sér vonir um að komast hlutfallslega jafnfætis öðrum Norðurlandaþjóðum með fjölda iðnfræðinga fyrr en eftir árið 1980 og þó líklega ekki fyrr en undir aldamótin. Má af framangreindu marka hina brýnu þörf fyrir innlendan tækniskóla og nauðsyn þess, að strax sé hafizt handa um stofnun hans. Vér teljum því brýna nauðsyn þess að hraða svo sem mögulegt er undirbúningi að stofnun innlends tækniskóla og að ekki megi láta undir höfuð leggjast að tryggja, að byrjunarkennsla geti hafizt í skólanum í haust, hvort heldur það yrði nefnt 1. bekkjarkennsla, forskóli eða undirbúningsdeild. Vér viljum eindregið mæla með því, að umrædd þingsályktunartillaga verði einnig látin taka til verknámsskólafólks og annarra hæfra nemenda, og síðan samþykkt og látin koma til framkvæmda þegar á þessu ári á þann hátt, að um upphaf á kennslu við Tækniskóla Íslands verði að ræða. Næsti bekkur þar á eftir taki síðan til starfa haustið 1963.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason, formaður.

Hinrik Guðmundsson, framkvstj.

Fylgiskjal II.

TÆKNIFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 12. des. 1961.

Tæknifræðingafélag Íslands hefur móttekið heiðrað bréf hæstvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis ásamt tillögu til þingsályktunar um undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar.

Stjórn Tæknifræðingafélags Íslands hefur tekið til athugunar nefnda þingsályktunartillögu.

Tæknifræðingafélag Íslands fagnar mjög, að þessi tillaga skuli vera komin fram, og mælir eindregið með, að hún verði samþykkt óbreytt á yfirstandandi þingi.

Greinargerð fylgir bréfi þessu.

F. h. stjórnar Tæknifræðingafélags Íslands,

Jón Sveinsson, framkvstj.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
c/o hr. Benedikt Gröndal alþm.

Greinargerð með bréfi Tæknifræðingafélags Íslands, til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 12. desember 1961.

Varðandi framkomna tillögu til þingsályktunar um undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar, viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Augljóst er, að tæknilega séð standa Íslendingar mjög aftarlega í röðinni varðandi vinnubrögð, starfsorkunýtingu og afköst á mörgum sviðum, miðað við nágrannaþjóðir okkar, og spurning, hvort þeir hafa nokkru sinni staðið aftar hlutfallslega, því að nú fleygir vísindum og tækni svo ört fram, að jafnafskekkt þjóð sem við erum má halda vel á málunum til þess að dragast ekki ört aftur úr.

2. Nágrannaþjóðir okkar telja mjög mikilvægt að örva til og búa vel að menntun tæknifræðinga sinna, þar sem helzt í hendur staðgóð verkleg reynsla og fullkomin fræðileg kennsla og þjálfun nemenda í vísindalegri lausn vandamálanna. Augljóst er, að ekki höfum við efni á því að vanmeta þörf atvinnulífsins fyrir þessa menntun fremur en nágrannaþjóðir okkar.

3. Verulegur hluti þeirra, sem innritast í undirbúningsdeildir fyrir Teknikum, heltist úr lestinni sökum þess, hve námið er þungt. Þannig hefur einnig farið fyrir nokkrum þeirra Íslendinga, sem hafa ætlað sér á Teknikum. Með starfrækslu undirbúningsdeildar hér heima mætti bæði spara þessum mönnum fé, tíma og erfiði, með því að í flestum tilfellum mundi það koma í ljós, hvort ráðlegt væri fyrir viðkomandi að leggja út í tæknifræðinámið eða ekki.

4. Slík undirbúningsdeild, sem um hefur verið rætt í fyrri liðum þessarar greinargerðar, ætti að örva og auka aðsókn manna að tæknifræðináminu og e. t. v. gera það nokkru ódýrara en nú er. Nú þegar er hér greinilegur skortur á tæknifræðingum, og fyrirsjáanlega er aukin þörf fyrir þá í framtíðinni. Hugur margra ungra manna stefnir nú að tæknifræðinámi.

Því er mjög aðkallandi, að þetta mál verði tekið föstum tökum, með því að Alþingi samþykki þingsályktunartillögu Eggerts G. Þorsteinssonar alþingismanns um undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar.

Tæknifræðingafélag Íslands telur, að með þessu sé grundvöllurinn lagður á réttan hátt fyrir fjölgun tæknifræðinga á Íslandi.

F. h. stjórnar Tæknifræðingafélags Íslands,

Jón Sveinsson, framkvstj.

Sþ. 347. Breytingartillaga [61. mál]

við brtt. á þskj. 346 [Undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar].

Frá Gísla Guðmundssyni.

Á eftir orðunum „stuðli ríkisstjórnin“ komi: í samráði við Tæknifræðingafélag Íslands.

Nd. 348. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til laga um aðstoð við fatlaða.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. marz 1962.

Gísli Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Guðl. Gíslason. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 349. Breytingartillögur [35. mál]

við frv. til laga um atvinnubótasjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 6. gr.
   a. b-liður greinarinnar orðist svo:
      Vottorð vinnumiðlunar (sveitarstjórnar) um atvinnuástandið í sveitarfélagi, þar sem umsækjandi hyggst reka starfsemi þá, sem styrks eða láns er óskað til.
   b. Í stað c- og d-liða komi málsgrein, sem færist aftur fyrir e-lið (sem verður c-liður) og orðist svo:
      Þegar sjóðstjórninni þykir ástæða til, skal hún leita umsagnar sveitarstjórnar, Fiskifélags Íslands, Búnaðarfélags Íslands eða Iðnaðarmálastofnunar Íslands, eftir því sem við á, áður en umsókn er afgreidd.
2. Á eftir 12. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Við gildistöku laga þessara skal í fyrsta sinn kjósa stjórn atvinnubótasjóðs. Kjörtími hennar er þar til ný stjórn er kjörin á fyrsta þingi eftir næstu almennar alþingiskosningar.

Nd. 350. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. marz 1962.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Alfreð Gíslason.
Einar Olgeirsson. Björn Fr. Björnsson.

Nd. 351. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. marz 1962.

Gísli Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason, frsm.
Jón Skaftason. Hannibal Valdimarsson.

Ed. 352. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

1. Við 13. gr. E-liður orðist svo:
   Afborganir námsskulda, sem stofnað er til eftir tuttugu ára aldur, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir skuldunum.
2. Við 53. gr.
   a. Í stað „Heimilt er skattstjóra“ í upphafi greinarinnar komi: Skylt er skattstjóra.
   b. Síðasta málsgrein orðist svo:
      Skattstjóri getur af eigin hvötum veitt lækkun samkvæmt þessari grein. Ríkisskattstjóri skal fylgjast sérstaklega með lækkunum samkvæmt þessari grein og sjá til þess, að samræmis sé gætt.

Sþ. 353. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um undirbúning geðveikralaga.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að undirbúa frumvarp til geðveikralaga og að leggja slíkt frumvarp fram á næsta þingi.

Greinargerð.

Sérstök geðveikralög hafa um langt skeið verið til í flestum, ef ekki öllum menningarlöndum heims, nema á Íslandi. Í Noregi hafa slík lög verið í gildi allar götur síðan 1848, en skemur annars staðar á Norðurlöndum. Virðast flestar þjóðir láta sér annt um þessa löggjöf og vilja til hennar vanda. Það má marka m. a. á því, að víða hefur á seinustu árum verið lögð mikil vinna í að endurskoða hana og færa í það horf, sem hæfir síðari tíma þróun í félags- og heilbrigðismálum. Standa Norðurlöndin hér framarlega, eins og í menningarmálum yfirleitt. Þannig hefur þessi löggjöf nýlega hlotið endurskoðun frá grunni bæði í Noregi og í Svíþjóð. Í Bretlandi voru sams konar lög síðast endurskoðuð árið 1959.

Árið 1905 voru sett lög um stofnun geðveikrahælis hér á landi. Þau voru afnumin 1932, og segir svo í lögum um afnámið: „Þangað til sett verða sérstök geðveikralög, skal daggjald á hvorri deild“ o. s. frv. Af þessum orðum má ráða, að fyrir 30 árum hafi setning sérstakra geðveikralaga verið talin sjálfsögð, þótt þá hafi ekki bráður bugur verið undinn að henni. Síðan hefur þörfin á þeirri lagasetningu ekki verið í hámæli höfð, svo að mér sé kunnugt.

Þótt hér hafi ekki verið komið á neinni heildarlöggjöf um geðveikramál, hafa þó lög verið sett um nokkra þætti þeirra. Lög um fávitahæli hafa verið í gildi síðan 1936 og lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra síðan 1949. Í lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla eru ákvæði um styrkveitingar til geðsjúklinga, og eru fávitar þar með taldir. Auk þess er í ýmsum lögum að finna ákvæði varðandi geðveikt fólk, og má þar nefna lög um lögræði, lög um stofnun og slit hjúskapar og refsilög.

Geðveikralög eru misjafnlega víðtæk í hinum ýmsu löndum, en sameiginleg þeim öllum eru ákvæði varðandi sjúklinga, sem geðveikir eru í þröngri merkingu þess orðs. Koma þar fyrst og fremst til greina reglur og fyrirmæli um vistun þessara sjúklinga í sjúkrahúsum og hælum og brottskráningu þaðan, um skyldur venzlamanna og yfirvalda gagnvart súklingum, um rannsóknir á geðheilsu manna o. fl. Yfirleitt er í þessum lögum safnað saman ákvæðum, er varða skerðingu persónufrelsis sökum geðveiki.

Slík geðveikralög vantar tilfinnanlega hér, og mun sá skortur einatt valda sjúklingum tjóni og venzlafólki þeirra og læknum ýmiss konar vandræðum. Hér þarf að setja fastari reglur að fara eftir en verið hafa til þessa og hafa þá að sjálfsögðu til fyrirmyndar það, sem bezt þekkist erlendis á þessu sviði og okkur hentar. Á síðari árum hafa nokkrum sinnum risið málaferli, sem eiga rót sína að rekja til vantandi eða ófullnægjandi lagafyrirmæla um þessi efni. Hafa þau málaferli þegar bakað ríkissjóði nokkur útgjöld auk þeirra óþæginda, sem þau valda aðilum. Má gera ráð fyrir, að slíkum málaferlum fari frekar fjölgandi en fækkandi, ef ekkert verður að gert. Aðalatriðið er þó hitt, að sem tryggilegast sé í lögum kveðið á um allt, er varðar réttindaskerðingu þeirra, sem geðveikir teljast.

Nd. 354. Erfðalög. [95. mál]

(Afgreidd frá Nd. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 151.

Nd. **355. Lög** **[96. mál]**

um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3 12. apríl 1878.

(Afgreidd frá Nd. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 152.

Nd. **356. Lög** **[97. mál]**

um breyting á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923.

(Afgreidd frá Nd. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 153.

Nd. **357. Lög** **[98. mál]**

um breyting á lögum um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943.

(Afgreidd frá Nd. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 154.

Ed. **358. Frumvarp til laga** [166. mál]

um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa skuldabréf af Sameinuðu þjóðunum fyrir allt að 80 þúsund Bandaríkjadollara og taka jafnháa fjárhæð að láni til þessara kaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sameinuðu þjóðirnar eiga um þessar mundir í miklum fjárhagsörðugleikum. Til þess að ráða bót á þessum vanda, hafa þær ákveðið að afla sér 200 milljón dollara láns með skuldabréfasölu. Bréf þessi eiga að vera til 25 ára og bera 2% ársvexti. Hefur því verið beint til þeirra ríkja, sem aðild eiga að Sameinuðu þjóðunum, að þau kaupi bréf þessi. Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa ákveðið að kaupa skuldabréf í hlutfalli við árlegt framlag sitt til starfsemi Sameinuðu þjóðanna.

Ríkisstjórnin telur eðlilegt, að skerfur Íslands verði hlutfallslega hinn sami og þessara nágrannaþjóða, en það svarar því, að íslenzka ríkið kaupi bréf fyrir 80 þúsund Bandaríkjadollara. Er með frumvarpi þessu farið fram á heimild Alþingis til þessara kaupa, svo og lántöku í því skyni, þar eð fjárveiting er ekki fyrir hendi í fjárlögum.

Ed. 359. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um kornrækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hlutinn (ÁB og PÞ) leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Meiri hl. leggur til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Á 2 undanförnum þingum hefur frv. um kornrækt, samhljóða þessu í aðalatriðum, verið afgreitt frá deildinni, en dagað uppi í neðri deild. Upphaflega var frv. samið af milliþinganefnd fyrir nokkrum árum og sniðið eftir kringumstæðum, er þá voru. Þá hafði kornyrkja hér á landi verið á tilraunastigi um nokkur ár, og stefndi frv. að því að styrkja félagsskap bænda til að kaupa dýrar vélar og hjálpa þeim þannig yfir byrjunarörðugleika undir yfirstjórn landbúnaðarráðuneytisins. Þróun hefur orðið ör á þessu sviði á fáum árum. Korn er nú ræktað með allgóðum árangri á vegum félaga á Suðurlandi á stórum landsvæðum og auk þess víða á bændabýlum sunnanlands og austan, og víðar um land er kornyrkja í undirbúningi. Viðhorf öll eru því mjög breytt nú frá því, sem var, er kornræktarfrumvarp þetta var samið upphaflega.

Meiri hl. nefndarinnar telur sem fyrr, að mál þetta sé mikilsháttar og að horfur séu á, að kornyrkja geti orðið stór liður í framleiðslu okkar í náinni framtíð, og að henni eigi að veita fjárstuðning í einhverri mynd. Samkv. lögum frá 1960 njóta kornræktarmenn nú sama jarðræktarstyrks og túnræktarmenn, þ. e. við frumvinnslu lands. Bendum við á, að jarðræktarlög eru nú í endurskoðun og að eðlilegt sé, að ákvæði um styrk til endurvinnslu lands vegna kornræktar séu tekin upp í þau, einnig gæti verið um að ræða niðurgreiðslu á innlendu korni til fóðurs. Teljum við, að mál þetta þurfi enn nýrrar athugunar við og það sem allra fyrst. Í trausti þess, að kornræktarmenn fái nauðsynlegan stuðning við sitt virðingarverða framtak, leggur meiri hl. til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. marz 1962.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.

Nd. 360. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. marz 1962.

Benedikt Gröndal, form.	Matthías Á. Mathiesen, fundaskr., frsm.	Alfreð Gíslason.
	Björn Fr. Björnsson.	

Nd. 361. Breytingartillaga [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Við 1. gr. Framan við 1. tölulið komi nýr töluliður:
Á eftir B. 50 komi nýr liður:
Hólsvegur: Af Skógarstrandarvegi hjá Blönduhlíð um Hörðudal vestan ár að Seljalandi.

Nd. 362. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

Flm:. Pétur Sigurðsson, Matthías Á. Mathiesen, Birgir Finnsson, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Á eftir 5. tölulið 7. gr. laganna komi nýr töluliður:

6. Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingarfélagi um, að samningsbundnar líf- og slysatryggingar séu í gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu árum hafa samtök sjómanna og útvegsmanna í æ ríkara mæli tekið upp í kaup- og kjarasamninga sína ákvæði um líf- og slysatryggingar til viðbótar þeim, sem lögboðnar eru.

Þau óhugnanlegu sjóslys, sem orðið hafa á síðustu mánuðum, hafa leitt í ljós, að vanræksla hefur átt sér stað varðandi kaup á hinum samningsbundnu tryggingum af hálfu forráðamanna útgerðarfélaganna þrátt fyrir áskoranir Landssambands íslenzkra útvegsmanna til félaga sinna um að halda tryggingum þessum í fullu gildi.

Þegar lögskráð er á fiskiskip okkar, er venjulegast skráð „samkvæmt gildandi samningum". Ef skip ferst, sem á hefur verið lögskráð á þennan hátt, og í samningum þeim, sem skráð er eftir, er kveðið á um sérstaka líftryggingu, eiga aðstandendur þeirra, sem farizt hafa, skaðabætur í vátryggingarfé skipsins og öðrum eignum útgerðarinnar, ef forráðamenn hennar hafa vanrækt að kaupa tryggingu þessa. Það getur hins vegar verið deiluatriði, hversu rétthá slík skaðabótakrafa er, t. d. hvort hún sé forgangskrafa, eins og krafa um vangoldin laun. Hins vegar verður að teljast sanngjarnt og nauðsynlegt, að þær kröfur, sem hér hefur verið rætt um og eru samningsatriði um launakjör, séu jafnréttháar og kröfur um vangoldin laun. Ef svo er ekki, má í mörgum tilfellum búast við, að efnalítil útgerðarfyrirtæki fái ekki staðið undir þessum og öðrum kröfum, og getur svo farið, að þeir, sem misst hafa fyrirvinnu sína í sjóslysi, standi uppi án þess öryggis, sem slík trygging veitir og samið hefur verið um.

Frumvarp þetta felur í sér viðauka við 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna, en sú grein fjallar um, hvaða gögn skipstjóri skuli afhenda skráningarstjóra, þegar lögskráning í skipsrúm fer fram. Í gildandi lögum segir, að það skuli vera: skipstjóraskírteini hans, mælingabréf skipsins og haffærisskírteini, atvinnuskírteini þeirra manna, er lögskráðir eru og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu, sem þeir eru ráðnir til, skipshafnarskrá og aukaskrá, ef hún hefur verið gerð, viðskiptabækur og sjóferðabækur þeirra manna, er lögskráðir

skulu. Ef frv. þetta verður að lögum, er jafnframt skylt að sýna við lögskráningu vottorð frá tryggingarfélagi þess efnis, að samningsbundnar líf- og slysatryggingar séu í gildi.

Flutningsmenn telja, að með samþykkt þessa frv. verði aðstandendum þeirra sjómanna, sem samningsbundinna trygginga nytu, tryggt, ef um sjóslys eða skipstapa væri að ræða, að þeir fengju tryggingarfé greitt, hvað sem fjárhagslegri afkomu útgerðarinnar liði og án málarekstrar.

Nd. 363. Breytingartillaga [35. mál]

við brtt. á þskj. 349 [Atvinnubótasjóður].

Frá Gunnari Jóhannssyni.

Við b-lið 1. tölul. Á eftir orðunum „Fiskifélags Íslands“ komi: Alþýðusambands Íslands.

Ed. 364. Lög [129. mál]

um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

(Afgreidd frá Ed. 8. marz.)

Samhljóða þskj. 258.

Nd. 365. Frumvarp til laga [168. mál]

um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir aflatryggingasjóður sjávarútvegsins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum.

3. gr.

Sjóðurinn skiptist í fjórar deildir: Síldveiðideild, almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild.

Réttindi í síldveiðideild eiga öll íslenzk fiskiskip, sem gerð eru út til síldveiða með herpinót, vörpu eða reknetjum.

Réttindi í almennu deild bátaflotans eiga öll íslenzk fiskiskip bátaflotans, sem stunda veiðar með línu, netjum, botnvörpu, dragnót, handfærum o. s. frv.

Réttindi í almennu deild togaraflotans eiga öll íslenzk botnvörpuskip.

Hlutverk jöfnunardeildar er að veita hinum deildunum lán eða styrki, er svo stendur á.

4. gr.

Með reglugerð, er sjóðsstjórnin semur og samþykkt hefur verið af stjórnum eftirfarandi aðila:

Alþýðusambands Íslands, Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, Fiskifélags Íslands, Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands, og staðfest af ráðherra, skal ákveða:

1. Bótatímabil, er miðist við vertíðarskipti í hverri veiðistöð. Stundi skip ekki veiðar allt tímabilið, skerðist bótaréttur við það hlutfallslega.
2. Skipting veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort heldur um er að ræða síldveiði eða þorskveiði.
3. Skipting veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni, með tilliti til stærðar, veiðiútbúnaðar o. fl.
4. Meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda. Meðalveiðimagn þetta skal fundið með hliðsjón af aflamöguleikum. Meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað. Verði ágreiningur um einstök ákvæði reglugerðarinnar sker ráðherra úr.

Ef umsagnir ofangreindra aðila berast ekki innan þess frests, sem tiltekinn er í reglugerð, sem sett verður samkvæmt lögum þessum, skal heimilt að líta svo á, að tillögurnar séu samþykktar.

5. gr.

Útgerðarmanni er skylt að senda sjóðsstjórninni, eða trúnaðarmanni hennar í hlutaðeigandi verstöð, skýrslu um útgerð og aflabrögð veiðiskips síns á bótatímabilinu í því formi, er stjórnin ákveður, og eigi síðar en einum mánuði eftir að veiðitímabili lýkur. Jafnframt er stjórninni heimilt að krefjast annarra gagna um útgerð skips, sem hún telur nauðsynleg.

Vanræksla á skýrslugerð varðar missi bótaréttar.

6. gr.

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki síldveiðideildar eða hinnar almennu deildar bátaflotans er minni en 75% eða í hinni almennu deild togaraflotans minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni, sbr. 4. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn á þann hátt, sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkv. tilnefningu Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, þriðji samkv. tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, fjórði samkv. tilnefningu Sjómannasambands Íslands, og fimmti er fiskimálastjóri, og er hann formaður stjórnarinnar.

Enn fremur skipar ráðherra tvo endurskoðendur.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnarinnar og endurskoðenda.

Fiskifélag Íslands annast afgreiðslu sjóðsins undir eftirliti sjóðsstjórnarinnar og yfirstjórn ráðherra. Stjórnar- og afgreiðslukostnaður greiðist af fé sjóðsins, og skiptist hann á deildir í réttu hlutfalli við tekjur þeirra seinasta reikningsár.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild stjórnartíðinda.

8. gr.

Stofnfé hinnar almennu deildar bátaflotans og síldveiðideildar er fé Hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins við gildistöku laganna. Stofnfé hinnar almennu deildar togaraflotans eru kr. 37500000.00, er greiðist með jöfnum árlegum greiðslum á fimmtán árum. Ríkissjóður leggur fram þessa upphæð.

9. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

1. 1¼% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (öðrum en þeim, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum). Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.
2. Framlag ríkissjóðs er helmingur á móti 1. lið. Á árinu 1962 skal framlagið nema 8.5 millj. kr.
3. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins. Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkvæmt 1. og 2. tölulið þessarar greinar.

Tekjur samkvæmt 1. og 2. tölulið skiptast þannig milli deilda:

Í síldveiðideild 50% af tekjum af útfluttum síldarafurðum.

Í almennu deild bátaflotans 50% af tekjum af útfluttum þorskafurðum bátaflotans.

Í almennu deild togaraflotans 50% af tekjum af útfluttum þorskafurðum togaraflotans.

Í jöfnunardeild 50% af tekjum af útfluttum síldarafurðum og 50% af tekjum af útfluttum þorskafurðum báta- og togaraflotans.

10. gr.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur. Skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalveiðimagni skips þess flokks á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á veiðimagn, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta samkvæmt eftirfarandi reglu:

Skip, sem aflar 45% af meðalafla, fær 40% bætur af því, sem á vantar meðaltal.													
—	—	—	46%	—	—	—	39%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	47%	—	—	—	38%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	48%	—	—	—	37%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	49%	—	—	—	36%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	50%	—	—	—	35%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	51%	—	—	—	34%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	52%	—	—	—	33%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	53%	—	—	—	32%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	54%	—	—	—	31%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	55%	—	—	—	30%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	56%	—	—	—	29%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	57%	—	—	—	28%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	58%	—	—	—	27%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	59%	—	—	—	26%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	60%	—	—	—	25%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	61%	—	—	—	24%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	62%	—	—	—	23%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	63%	—	—	—	22%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	64%	—	—	—	21%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	65%	—	—	—	20%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	66%	—	—	—	19%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	67%	—	—	—	18%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	68%	—	—	—	17%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	69%	—	—	—	16%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	70%	—	—	—	15%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	71%	—	—	—	14%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	72%	—	—	—	13%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	73%	—	—	—	12%	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	74%	—	—	—	11%	—	—	—	—	—	—	—

Skip,	sem	aflar	75%	af	meðalafla,	fær	10%	bætur	af	því,	sem	á	vantar	meðaltal.
—	—	—	76%	—	—	—	9%	—	—	—	—	-	—	—
—	—	—	77%	—	—	—	8%	—	—	—	—	-	—	—
—	—	—	78%	—	—	—	7%	—	—	—	—	-	—	—
—	—	—	79%	—	—	—	6%	—	—	—	—	-	—	—
—	—	—	80%	—	—	—	5%	—	—	—	—	-	—	—
—	—	—	81%	—	—	—	4%	—	—	—	—	-	—	—
—	—	—	82%	—	—	—	3%	—	—	—	—	-	—	—
—	—	—	83%	—	—	—	2%	—	—	—	—	-	—	—
—	—	—	84%	—	—	—	1%	—	—	—	—	-	—	—
—	—	—	85%	—	—	—	0%	—	—	—	—	-	—	—

Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Óheimilt er að greiða bætur til veiða, sem stundaðar eru í tilraunaskyni.

11. gr.

Stjórn aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán allt að 30 millj. kr. handa sjóðnum, eða einstökum deildum hans. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þessi.

12. gr.

Ef skip veiða minna en 33% af meðalveiðimagni viðkomandi flokks, skal sjóðsstjórnin rannsaka sérstaklega, hvernig á slíku aflaleysi stendur. Ef þá kemur í ljós, að vítaverð vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleysinu, er sjóðsstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem viðkomandi skipum bæri samkv. hinni almennu reglu 10. greinar, eða fella bæturnar alveg niður, ef um mikil víti er að ræða. Skip, sem stundað hafa veiðar ⅓ bótatímabilsins eða skemur, koma ekki til greina við bótaútreikning.

13. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því, að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, vátryggingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

14. gr.

Þeir, sem fá bætur samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem bætur eru miðaðar við, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um Hlutatryggingasjóð bátaútvegsins nr. 48 25. maí 1949 með síðari breytingu.

17. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sjóðsstjórnar og ný skal skipuð samkvæmt 7. gr.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Stjórn aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins er heimilt að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðuneytisins að gefa út skuldabréf allt að 30 milljónum króna og skulu

þau notuð til aðstoðar togurunum, vegna aflabrests á árinu 1960 samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar og ráðuneytisins. Skuldabréf þessi innleysast á árunum 1963—1968. Vextir eru 7½%. Skuldabréfin verða því aðeins látin af hendi, að fyrir liggi yfirlýsing viðskiptabanka hlutaðeigandi útgerðarfyrirtækis, sem tryggi, að kröfuhafar taki við greiðslu í skuldabréfum.

Skipting tekna sjóðsins fyrir allt árið 1962, svo og útreikningur bóta fyrir árið 1961, skal fara eftir ákvæðum laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, er einkum höfð hliðsjón af tveimur meginatriðum:

Í fyrsta lagi að breyta lögum um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins í samræmi við þá reynslu, sem hlotizt hefur síðan sjóðurinn tók til starfa, og sem m. a. stefna að því að veita sjóðnum aukna vernd gegn misnotkun. Var þetta sjónarmið einkum túlkað í tillögum Fiskiþings frá 1960 og hafa þær verið teknar hér til greina.

Í öðru lagi er ætlunin að gera togurunum kleift að njóta góðs af starfsemi sjóðsins, sbr. 8. gr. bráðabirgðalaga frá 3. ágúst 1961 „um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu“, þannig að togararnir verði aðilar að aflatryggingu sjávarútvegsins.

Sökum hinna miklu erfiðleika togaraútgerðarinnar vegna langvarandi aflabrests, lét ríkissjórnin á s. l. ári gera athugun á taprekstri togaranna. Leiddi sú athugun í ljós, að afkoma togaraútgerðarinnar er svo bágborin, að þess er ekki að vænta, að hún komist af hjálparlaust.

Ef reglur þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, hefðu gilt árið 1961 og bætur það ár miðast við árin 1956—1960, hefðu þær bætur numið nál. 30 millj. króna. Er sú fjárhæð lögð til grundvallar fyrir bæði árin 1960 og 1961, þannig að heildargreiðslur yrðu kr. 60 millj.

Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram stofnfé til togaradeildar kr. 37 500 000.00, sbr. 8. gr. og bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Er í þessu efni viðhafður svipaður háttur og var, þegar núverandi hlutatryggingasjóður var stofnaður.

Skýringar á einstökum greinum frumvarpsins:

Um 1. gr.

Vegna þátttöku togaranna er lagt til að nafni sjóðsins verði breytt.

Um 2. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 3. gr.

Lagt er til, að deildum sjóðsins verði fjölgað úr tveimur í fjórar. Við bætast sérstök deild togara og svonefnd jöfnunardeild, sem hlaupa á undir bagga með hinum deildunum, þegar sérstaklega stendur á. Hér er um nauðsynlega ráðstöfun að ræða. Fram til þess hefur hin almenna þorskveiðideild gegnt þessu hlutverki jöfnunardeildar og jafnan þurft að veita lán til síldveiðideildar, þegar á hefur bjátað. Lán þessi hafa numið milljónum króna.

Um 4. gr.

Oftlega hafa orðið miklar tafir á afgreiðslu mála, sökum þess, að þeir aðilar, sem umsagnir áttu að láta í té um tillögur sjóðstjórnar, hafa sýnt vanrækslu í því efni. Er hér lagt til, að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar til að flýta afgreiðslu.

Um 5. gr.

Hér er um smávægilega breytingu að ræða í samræmi við kröfur tímans.

Um 6. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er það talinn aflabrestur, ef afli báta er minni en 75% — og afli togaranna minni en 85% ákveðins meðalveiðimagns. Þessi mismunur hefur við þau rök að styðjast, að útgerð báta er að mestu leyti bundin vertíðum og afli þeirra yfirleitt misjafnari, en hjá togurunum er úthaldstími allt árið.

Um 7. gr.

Lagt er til, að stjórnarnefndarmönnum sé fjölgað úr þremur í fimm sökum breyttrar skipunar á málefnum sjóðsins. Fiskifélagið hefur frá upphafi annazt alla skýrslusöfnun og útreikninga sjóðsins, enda hefur það bezta aðstöðu til þess. Eðlilegt verður því að telja, að fiskimálastjóri verði formaður sjóðsstjórnar.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir, að hin almenna deild bátaflotans og síldveiðideild taki við eignum og skuldum Hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins. Hér er um allmikið fé að ræða. Samkvæmt yfirliti frá 31. janúar 1962 var sjóðseign hinnar almennu deildar rúmlega 13 millj. kr. Skuld síldveiðideildar við alm. deildina var hins vegar um 10 millj. krónur. Telja má að inneign sjóðsins hjá ríkissjóði hafi numið um 20 millj. króna, en fullnaðaruppgjör getur ekki farið fram fyrr en síðar. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi togaradeildinni til stofnfé að upphæð kr. 37 500 000.00, er greiðist á fimmtán árum.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs samkvæmt 2. lið greinarinnar verði helmingur þess, sem greiðist aflatryggingasjóði samkv. 1. lið. Fyrir árið 1962 er framlagið þó ákveðið 8.5 milljónir króna eins og það hefur verið ákveðið í fjárlögum. Skipting tekna á deildir, sbr. 3. lið, skýrir sig sjálf. Heildartekjur sjóðsins af útflutningi samkvæmt 1. tölulið 9. gr. munu nema um 35 milljónum króna miðað við, að heildarútflutningur gjaldskyldra sjávarafurða nema 2.800 millj. krónum. Mótframlag úr ríkissjóði nemur samkvæmt þessu 17.5 millj. krónum.

Um 10. gr.

Það þykir eðlilegt og réttlátt að breyta nokkuð útreikningsreglum og láta bætur fara smáminnkandi allt að 84.5% í stað 74.5% áður.

Um 11.gr.

Þá er mikilvægt að sjóðsstjórnin geti með samþykki ríkisstjórnarinnar tekið lán, bæði fyrir sjóðinn í heild og einstakar deildir hans án þess að sækja um sérstaka lagaheimild hverju sinni. Lán þessi verða með ábyrgð ríkissjóðs.

Um 12. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að sjóðsstjórnin láti fara fram sérstaka rannsókn, ef skip veiða minna en 33% meðalveiðimagns viðkomandi flokks í stað 20% áður. Þá er einnig gert ráð fyrir, að skip, sem stunda veiðar skemur en ⅓ bótatímabilsins, komi ekki til greina við bótaútreikning. Þetta ákvæði mun og skapa sjóðnum verulega vernd.

Um 17. gr.

Vegna þeirra skipulagsbreytinga, sem lögin gera ráð fyrir er eðlilegt að ný stjórn verði skipuð.

Um bráðabirgðaákvæði.

Þetta atriði skýrir sig sjálft.

Nd. 366. Frumvarp til laga [169. mál]

um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Síldarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Nefndin skal skipuð 7 mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir:

Sameinað Alþingi kýs þrjá menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fjóra menn eftir tilnefningum Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Vanræki aðili tilnefningu aðalmanns eða varamanns í nefndina, skipar ráðherra þá án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar úr hópi hinna þingkjörnu nefndarmanna, til eins árs í senn.

Nefndin skal hafa aðsetur sitt á Siglufirði á síldarvertíð norðanlands og nefndarmenn eða varamenn þeirra dvelja þar þann tíma, eftir því sem nefndin sjálf ákveður. Á síldarvertíð sunnanlands skal nefndin með sama hætti hafa aðsetur í Reykjavík.

Nefndin ræður sér starfsfólk eftir því sem nauðsyn krefur.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna og greiðast þau af tekjum nefndarinnar.

2. gr.

Tekjur síldarútvegsnefndar skulu vera 2% af fob-verði útfluttrar síldar og allt að 5% af rekstrarvörum til síldarsöltunar, sem nefndin hefur til sölumeðferðar. Árlegur tekjuafgangur nefndarinnar skal lagður í sérstakan sjóð í vörzlu nefndarinnar. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu síldarútvegsins samkvæmt ákvörðun nefndarinnar og með samþykki ráðherra.

3. gr.

Síldarútvegsnefnd veitir leyfi til söltunar á síld fyrir innlendan og erlendan markað með þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg til að tryggja sem bezt rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu síldarinnar. Hún hefur forgöngu um markaðsleit fyrir síld og annast um, að gerðar séu tilraunir með útflutning á síld, sem verkuð er með öðrum aðferðum en nú eru tíðkaðar, og annað það, sem orðið getur þeim til hagsbóta, sem vinna að framleiðslu saltaðrar síldar.

4. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld, sem íslenzk skip veiða, eða verkuð er hér á landi eða lögð á land verkuð, nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til.

Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum til útlanda, nema ákvæðum 4. og 5. gr. sé fullnægt.

Söltuð síld í neytendaumbúðum, s. s. niðurlögð síld og niðursoðin, er undanskilin ákvæðum þessara laga, eins og nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, er síldarútvegsnefnd heimilt að veita undanþágu fyrir smásendingum af síld, þegar sérstaklega stendur á.

5. gr.

Síldarútvegsnefnd löggildir útflytjendur saltaðrar síldar með þeim skilmálum, sem nefndin telur nauðsynlega um löggildingartíma, framboð og lágmarksverð, um

skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það, sem tryggir sem öruggasta sölu saltsíldarframleiðslu landsmanna. Nefndin gerir þær ráðstafanir, sem hún telur við þurfa til að tryggja, að löggildingarskilmálum sé fullnægt.

Til þess að geta fengið löggildingu sem útflytjandi samkvæmt þessari grein, skal hlutaðeigandi fullnægja ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, og ráða yfir því lágmarksmagni saltsíldar, sem nefndin ákveður.

Með reglugerð má ákveða, að síldarútflytjendur skuli skyldir að taka síld til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, enda sé síldin markaðshæf vara, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir síldarframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

6. gr.

Útflytjendur og síldarsaltendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um hvað eina, sem snertir söltun, sölu og útflutning síldar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin og starfsmenn hennar eru bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjanda, er þau verða áskynja um á þennan hátt.

Skýrslur um síldarsöltun skulu sendar nefndinni daglega.

7. gr.

Síldarútvegsnefnd er heimilt að takmarka síldarsöltun, ákveða hvenær söltun megi hefjast eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma, ef nefndin telur slíkar ráðstafanir nauðsynlegar til að tryggja gæði saltsíldarinnar eða sölu hennar.

8. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum síldarútvegsnefndar, að veita heildarsamtökum síldarsaltenda eða síldarútvegsnefnd, einkarétt til útflutnings á saltaðri síld eða einkarétt til útflutnings á saltaðri síld, sem verkuð er með tilteknum verkunaraðferðum eða seld til ákveðinna landa.

9. gr.

Sé síldarútvegsnefnd eða heildarsamtökum síldarsaltenda veittur einkaréttur samkvæmt 8. gr., skal hver síldarsaltandi bera ábyrgð á gæðum sinnar síldar, en allir saltendur fá jafnt verð fyrir síld, sömu gæða.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Brjóti löggiltur útflytjandi eða söltunarleyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla, sem sett eru samkvæmt þeim, getur síldarútvegsnefnd svipt hann þeim réttindum sínum, enda hafi hann ekki sinnt áminningu nefndarinnar.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð opinberra mála og varða sektum allt að kr. 2 000 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., 3. gr. laga nr. 79 16. apríl 1935, um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða og bráðabirgðalög nr. 69 9. maí 1961, um breyting á fyrrgreindum lögum nr. 74 29. des. 1934.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi lögðu alþingismennirnir Jón Árnason, Kjartan J. Jóhannsson og Eggert G. Þorsteinsson fram frumvarp til laga um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., sem koma skyldi í stað gildandi laga um þetta efni, nr. 74/1934.

Frumvarpið fékk ekki endanlega afgreiðslu fyrir þinglok, en var afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá í neðri deild.

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða lög nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., og að sú endurskoðun verði framkvæmd í samráði við síldarútvegsnefnd, Landssamband íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands og félög síldarsaltenda, enda geri ríkisstjórnin ráðstafanir til að koma sem fyrst á þeim endurbótum, sem þingmeirihluti er orðugglega til fyrir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

9. maí 1961 voru síðan sett bráðabirgðalög um breyting á lögunum nr. 74/1934, þar sem bætt var tveimur mönnum í síldarútvegsnefnd, tilnefndum af félögum síldarsaltenda.

Hinn 4. janúar s. l. skipaði sjávarútvegsmálaráðherra þá Birgi Finnsson, alþingismann, Jónas Rafnar, alþingismann, og Jón Sigurðsson, stjórnarráðsfulltrúa, í nefnd til að annast endurskoðun þessara laga.

Nefndin hefur síðan unnið að endurskoðun laganna og hagað störfum sínum í samræmi við fyrrgreinda rökstudda dagskrá, þannig að hún hefur haldið fundi með öllum þeim aðilum, sem þar eru nefndir, og kynnt sér sjónarmið þeirra í máli þessu.

Til glöggvunar þykir ástæða til að rekja í stórum dráttum sögu lagasetningar um verkun og útflutning saltaðrar síldar.

Fyrstu lögin um þetta efni voru nr. 51 15. júní 1926, um sölu á síld o. fl. Meginefni laganna var heimild til handa ráðherra að veita opnu félagi a. m. k. 20 þeirra aðila, sem þá stunduðu síldarsöltun eða útgerð síldveiðiskipa „einkasölu á síld til útflutnings". Eru auk þess ýmis ákvæði í lögunum, sem kveða á um afstöðu félagsins til ráðherra, stjórn, endurskoðun o. fl.

Athyglisvert er ákvæði 8. gr. laganna um að stjórn félagsins skuli árlega gera „tilraunir til þess að útvega markað fyrir síld, og skal í þessu skyni selja utan Norðurlanda allt að 5% af útfluttri síld á ári hverju, þótt fyrir lægra verð sé en fáanlegt er á venjulegum markaðsstöðum." Sömuleiðis er félagsstjórn heimilað „að reyna nýja meðferð síldar til útflutnings á nýja markaði".

Af meðferð Alþingis á máli þessu verður ráðið, að meginástæðurnar til þessarar lagasetningar hafi verið hin dýrkeypta reynsla af skipulagslausum útflutningi saltaðrar síldar, svo og óæskileg áhrif erlendra kaupenda síldarinnar, í þessari atvinnugrein, m. a. vegna erfiðleika á útvegun rekstrarfjár til síldarsöltunar.

Af nefndarálitum um frumvarp til laga um einkasölu á útfluttri síld, sem Alþingi hafði til meðferðar á árinu 1928 og varð að lögum nr. 8/1928, má ráða, að fyrirkomulag það, sem lögin nr. 15/1926 gera ráð fyrir, komst aldrei á laggirnar, enda voru þau lög numin úr gildi með fyrrnefndum lögum nr. 8 15. apríl 1928, um einkasölu á útfluttri síld. Með þeim lögum var sett á stofn „Síldareinkasala Íslands", sem starfaði undir yfirstjórn útflutningsnefndar. Nefnd þessi var 5 manna og skipuð á sama hátt og síldarútvegsnefnd 1934—1961, með því fráviki, að verkalýðssamband Norðurlands tilnefndi þá fulltrúa í stað Alþýðusambands Íslands nú.

Síldareinkasölunni var með lögum þessum veittur afdráttarlaus einkasöluréttur, en að öðru leyti voru ákvæði um hana, störf, stjórn og verkefni, ekki í meginatriðum frábrugðin því, sem nú gildir um síldarútvegsnefnd.

Með lögum nr. 44 14. júní 1929 er lögunum um einkasölu á síld breytt talsvert, en ekki er ástæða til að rekja þær breytingar hér. Lögin svo breytt voru síðan gefin út að nýju sem lög nr. 61 14. júní 1929.

Enn er lögum þessum breytt með lögum nr. 60 8. september 1931, og er þar með

öllu umbylt stjórn einkasölunnar, þannig að fjórir nefndarmenn skuli kosnir af sérstökum aðalfundi kjörinna fulltrúa, en einn skipaður af ráðherra. Gert virðist ráð fyrir fækkun framkvæmdastjóra einkasölunnar, svo og minni afskiptum ráðherra af endurskoðun reikninga hennar.

Af reikningum síldareinkasölunnar má ráða, að rekstur hennar hafi gengið eins og til var ætlazt í fyrstu, en þar kom, að hún varð gjaldþrota, sbr. bráðabirgðalög nr. 84 9. desember 1931. Með nefndum bráðabirgðalögum voru greind lög nr. 61 14. júní 1929 ásamt síðari breytingu felld úr gildi.

Meginástæða til gjaldþrots síldareinkasölunnar var, að leyfð var allmikil söltun umfram fyrirfram gerða samninga. Sala þessarar síldar mistókst síðan, auk þess sem fyrirfram gerðir samningar brugðust að nokkru leyti.

Eftir að störfum Síldareinkasölu Íslands lauk, voru engin lög gildandi um útflutning á síld þar til sett voru bráðabirgðalög nr. 40 31. júlí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld, svo og bráðabirgðalög nr. 44 16. ágúst 1934, um viðauka við þau lög.

Bráðabirgðalög þessi voru aldrei staðfest af Alþingi, heldur samþykkti næsta þing núgildandi lög, nr. 74 29. desember 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Síldarútvegsnefnd hefur starfað samkvæmt þessum lögum síðan 1935. Framan af löggilti hún útflytjendur saltaðrar síldar, nema matjesíldar, sem nefndin hefur haft einkasölu á frá upphafi.

Síðan 1945 hefur nefndin hins vegar haft einkasölu á allri útfluttri saltsíld. Hefur einkasalan verið ákveðin til eins árs í senn samkvæmt 11. gr. laganna.

Fyrirkomulag það, sem verið hefur á útflutningi saltaðrar síldar hefur reynzt vel. Nefndinni hefur undantekningarlítið tekizt að selja alla þá saltsíld, sem verkuð hefur verið í landinu, fyrir aðgengilegt verð. Það ber að vísu að hafa í huga í þessu sambandi, að flest undanfarinna tuttugu ára hefur síldarafli ekki nægt til að hægt væri að uppfylla fyrir fram gerða sölusamninga og sölugeta nefndarinnar því naumast verið reynd til fulls.

Allir þeir aðilar, sem rætt var við um efni frumvarps þess, sem hér liggur fyrir, voru á eitt sáttir um, að núgildandi fyrirkomulag í síldarsölunni hafi reynzt hagkvæmt. Töldu þeir með hliðsjón af fenginni reynslu nauðsynlegt að framboð saltsíldar frá Íslandi væri vel skipulagt í höndum eins aðila, enda væri með þeim hætti komið í veg fyrir skaðlega samkeppni um markaðina fyrir þessa vöru, svo og óheppileg áhrif erlendra kaupenda á þennan atvinnuveg. Því töldu þessir aðilar sízt til bóta að gefa saltsíldarútflutning frjálsan, þótt eðlilegt væri að hafa opna leið til að löggilda einstaka útflytjendur saltsíldar, ef henta þætti, t. d. hvað snertir útflutning síldar, sem verkuð er með tilteknum verkunaraðferðum eða til tiltekinna landa.

Af hálfu síldarsaltenda kom fram, að þeir töldu æskilegt að í nýjum lögum um þetta efni yrðu ekki lakari möguleikar en eru í gildandi lögum, til að samlag síldarsaltenda gæti tekið söluna í sínar hendur.

Með tilliti til þess, sem hér að framan er rakið, hefur í frumvarpi þessu ekki verið vikið verulega frá megindráttum gildandi laga, þótt ýmsu hafi verið breytt, svo sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir síldarútvegsnefnd, sem fari undir yfirstjórn ráðherra með skipulagningu á verkun og útflutningi saltaðrar síldar. Nefndinni ber einnig að annast markaðsleit fyrir saltaða síld og tilraunir með nýjar verkunaraðferðir.

Til að sinna þessum hlutverkum sínum eru nefndinni veittar hinar víðtækustu heimildir til afskipta af síldarsöltun og útflutningi saltaðrar síldar.

Loks er ráðherra heimilað að veita síldarútvegsnefnd eða heildarsamtökum síldarsaltenda einkarétt til útflutnings á síld sem hér um ræðir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Með hliðsjón af afgreiðslu frumvarps til laga um síldarútvegsnefnd, sem síðasta Alþingi hafði til meðferðar, svo og bráðabirgðalögum, útg. 9. maí 1961, er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir sömu skipan nefndarinnar og þá var upp tekin, þótt ljóst sé, að nefnd sjö manna sé óþarflega stór og án efa þung í vöfum. M. a. með hliðsjón af þessu eru ákvæði frumvarpsins um dvöl nefndarmanna á Siglufirði um síldveiðitímann nokkru rýmri en ákvæði gildandi laga. Upp eru tekin í frumvarpið sams konar ákvæði um dvöl nefndarmanna í Reykjavík á síldarvertíð sunnanlands, enda er það í samræmi við breyttar aðstæður.

Ákvæði um, að laun nefndarmanna greiðist af tekjum nefndarinnar, er í samræmi við 3. gr. laga nr. 79 16. apríl 1935.

Það er hins vegar efnisbreyting frá gildandi lögum, að ráðherra skipi nefndinni varaformann, sem sé úr hópi þingkjörinna nefndarmanna.

Um 2. gr.

2. gr. frumvarpsins fjallar um tekjur nefndarinnar og er efnislega samsvarandi 2. mgr. 2. gr. gildandi laga. Þykir eðlilegt, að ákvæði þessi séu í beinu framhaldi af ákvæðum um skipun nefndarinnar, starfsfólk og greiðslu kostnaðar við störf nefndarinnar.

Breytingar frá gildandi lögum eru eftirfarandi:

Ákveðið er í frumvarpsgreininni, að tekjur nefndarinnar skuli vera 2% af fob-verði útfluttrar síldar og allt að 5% af rekstrarvörum til síldarsöltunar, sem nefndin hefur til sölumeðferðar. Í gildandi lögum eru nefndar 2% tekjur, háðar ákvörðun nefndarinnar og samþykki ráðherra, en ákvæði um 5% tekjur af rekstrarvörum hefur verið í reglugerð. Telja verður eðlilegt að hafa bein ákvæði um þetta efni í lögunum, ekki síst með tilliti til ákvæða 3. málsliðs greinarinnar.

Lokaákvæði 2. gr. gildandi laga um endurgreiðslu til síldareigenda af sjóðum nefndarinnar, er niður fellt í frumvarpinu, enda verður að líta svo á, að slíkar endurgreiðslur mundu heimilar samkvæmt lokaákvæði 2. gr. frumvarpsins, en það er tekið óbreytt úr gildandi lögum, að viðbættu skilyrði um samþykki ráðherra til greiðslna af sjóðum nefndarinnar „í þágu síldarútvegsins".

Orðalagsbreytingar eru gerðar á greininni, s. s. í stað „andvirði seldrar síldar" kemur „fob-verði útfluttrar síldar".

Um 3. gr.

Frumvarpsgreinin er samsvarandi við 1. mgr. 2. gr. laganna.

Niður eru felld ákvæði um úthlutun útflutningsleyfa, sbr. athugasemdir við 4. og 5. gr., og veiðileyfi til verkunar. Sömuleiðis eru niður felld ákvæði um að nefndin geri ráðstafanir til að gerðar séu tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir.

Eru breytingar þessar allar í samræmi við breyttar aðstæður frá þeim tíma, að lögin voru sett og framkvæmd laganna eins og hún hefur orðið í reynd.

Um 4. gr.

Efni 4. gr. er hið sama og efni 3. gr. laganna með nokkrum breytingum.

Orðin „eða verkaða á annan hátt" eru niður felld. Er sú breyting í samræmi við framkvæmd laganna.

Orðin „eða í íslenzkri landhelgi" eru niður felld, enda eru þau óþörf.

Í stað orðanna „nema með leyfi síldarútvegsnefndar" kemur „nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til".

Orðin „að ísaðri síld undanskilinni“ eru felld niður.

Í stað orðanna „nema slíkt leyfi liggi fyrir“ kemur „nema ákvæðum 4. og 5. gr. sé fullnægt“.

Til að einfalda lögin eru ákvæði gildandi laga um leyfi til útflutnings á síld, sem nauðsynlegt er jafnframt löggildingu, felld niður, en þess í stað tekið upp sérstakt ákvæði í síðari málslið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, sbr. athugasemd við þá grein.

Loks er bætt við greinina ákvæði um, að söltuð síld í neytendaumbúðum sé undanþegin ákvæðum þessara laga og þar með utan valdsviðs síldarútvegsnefndar, að því er varðar sölumeðferð.

Er þetta í samræmi við framkvæmd undanfarin ár.

Gert er ráð fyrir, að nánari skýrgreining neytendaumbúða verði reglugerðarákvæði.

3. málsliður greinarinnar er felldur niður, en í stað síðasta málsliðs kemur almenn undanþáguheimild um smásendingar á síld.

Um 5. gr.

1. mgr. greinarinnar er efnislega samsvarandi 1. mgr. 4. gr. laganna og 1. málslið 5. gr. Úr ákvæðum laganna eru felld niður orðin „ákveður tölu þeirra“ í 1. mgr. 4. gr., enda eru þau óþörf. Sömuleiðis eru felld niður orðin „afhendingu gjaldeyris“ í 1. málslið 5. gr. af sömu ástæðum. Í sama málslið er hagað til ákvæðum um skilyrði fyrir útflutningsleyfi, þannig að í stað þess kemur almenn heimild síldarútvegsnefndar til að gera þær ráðstafanir, sem hún telur nauðsynlegar til að tryggja eftirlit með, að löggildingarskilmálar séu haldnir. Þykir heppilegra að hafa sveigjanlegt ákvæði um þetta efni heldur en ákvæði, sem kveða á um sérstakt útflutningsleyfi, ef það gæti orðið til að einfalda framkvæmd laganna að þessu leyti.

2. mgr. greinarinnar er stytt 2. mgr. 4. gr. laganna, enda sýnist óþarft, að ákvæði um þetta efni séu svo ítarleg sem verið hefur, heldur yrði metið hverju sinni hverjum skilyrðum umsækjandi um löggildingu þarf að fullnægja umfram hin almennu, sem fram eru sett í greininni svo breyttri.

Síðasta mgr. 4. gr. laganna er einnig felld niður. Ástæðan er sú, að með þessum hætti er ráðherra og síldarútvegsnefnd veittar frjálsari hendur en gildandi lög gera ráð fyrir og þróun þessara mála því sniðinn öllu rýmri stakkur en verið hefur. Vott hins sama má finna í ákvæðum 8. gr., sbr. athugasemd við þá grein.

Síðasta málsgrein 5. gr. frumvarpsins er óbreyttur síðasti málsliður 5. gr. laganna.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins eru ákvæði 6. gr. laganna um upplýsingaskyldu útflytjenda, að viðbættum sams konar ákvæðum um síldarsaltendur, sem nú eru í 8. gr. laganna, enda eru þau efnislega samstæð.

Þá er og bætt inn í greinina, að ákvæði gildandi laga um þagnarskyldu nefndarmanna skuli einnig taka til starfsfólks nefndarinnar.

8. gr. laganna er að öðru leyti felld niður í frumvarpinu, enda fjallar hún mestmegnis um framkvæmdaatriði, sem betur eiga heima í reglugerð en lögunum sjálfum, auk þess sem sum þeirra eru úrelt.

Um 7. gr.

Greinin er orðuð um frá 7. gr. laganna, en er efnislega óbreytt, nema hvað ákvæði um hámark söltunar á hverju skipi er niður fellt. Til skýringar má benda á, að undanfarandi ár hefur söltunarleyfum verið úthlutað til söltunarstöðva eingöngu, en ekki til skipa.

Um 8. gr.

Greinin er samsvarandi við 11. gr. gildandi laga, en mjög stytt.

Aðalefnisbreytingar, sem gert er ráð fyrir í frumvarpsgreininni eru þessar:

Ráðherra er heimilað að veita „heildarsamtökum síldarsaltenda“ einkarétt til útflutnings á saltaðri síld. Er ráðherra hér veitt frjálst mat um, hvaða skilyrðum slík samtök skuli fullnægja, í stað þess að gildandi lög kveða á um þau skilyrði. Þykir með þessum hætti rýmkað nokkuð um möguleika til að síldarsaltendur geti sjálfir tekið útflutning síldarinnar í sínar hendur.

Niður er fellt neitunarvald það, sem síldarútvegsnefnd hefur samkvæmt gildandi lögum um ákvörðun um að nota einkasöluheimild greinarinnar. Samkvæmt gildandi lögum gæti skapazt sú aðstaða, að ágreiningur milli ráðherra og nefndarinnar gerði það að verkum, að ekki yrði komizt að niðurstöðu um, hvort einkasöluheimild skuli nota eða ekki, og enginn, sem fer með endanlegt úrskurðarvald. Eðli málsins samkvæmt á ráðherra að fara með það vald.

Lokaákvæði frumvarpsgreinarinnar gera ráð fyrir, að unnt sé að takmarka einkasöluheimildina við ákveðin lönd eða ákveðna verkun síldar, ef slíkt þætti heppilegt, t. d. til að afla nýrra markaða eða reyna nýjar verkunaraðferðir.

Nokkrum framkvæmdaatriðum, sem fjallað er um í 11. gr. laganna, er sleppt í í frumvarpsgreininni, enda fara þau betur í reglugerð.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega hluti af 9. gr. laganna, þó í því breytta formi, að þar er einungis gert ráð fyrir ákvæðum í reglugerð, en hér er gert ráð fyrir beinum ákvæðum um ábyrgð saltenda á vöru sinni og jafnaðarverði.

Hins vegar þykir óraunhæft að láta ákvæði þessi gilda, nema heimild 8. gr. til veitingar einkasöluréttar sé notuð.

Ef margir útflytjendur saltsíldar væru löggiltir, mundi ábyrgð saltanda á vöru sinni koma af sjálfu sér, annað hvort vegna þess, að saltandi væri sjálfur útflytjandinn eða útflytjandinn mundi halda sig að saltanda um bætur fyrir gallaða vöru.

Jafnaðarverði yrði hins vegar ekki komið á í því tilviki nema með stofnun verðjöfnunarsjóðs. Slík stofnun mundi hins vegar lama fyrirkomulagið, þar eð góð sölumennska og af því leiðandi hátt verð, mundi að hluta lenda í höndum hinna, sem lakar seldu.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en kemur í stað heimilda í 9. og 11. gr. laganna, um setningu reglugerða samkvæmt þeim.

Um 11. gr.

1. mgr. greinarinnar hefur að geyma heimild til síldarútvegsnefndar til að svipta löggilta útflytjendur og söltunarleyfishafa þeim réttindum sínum, ef þeir brjóta gegn ákvæðum laganna eða fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim.

Samsvarandi ákvæði um útflytjendur eru nú í 10. gr. laganna, en engin um saltendur, þótt telja verði engu að síður, að nefndin hafi þennan rétt samkvæmt gildandi lögum einnig gagnvart þeim.

Bætt er inn ákvæði, sem gerir ráð fyrir áminningu áður en beitt er réttindasviptingunni.

2. mgr. greinarinnar er hins vegar almenn refsiheimild. Sektarammi er settur 2 millj. króna, en í gildandi lögum 200 þús. krónur, að viðbættum 850 þús. krónum skv. lögum nr. 14/1948, um ákvörðun fésekta. Miðað við verð á útfluttri síldartunnu 1934 og nú, mundi sektarammi laganna eiga að vera mun hærri.

Ed. 367. Frumvarp til laga [170. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að efla og auka byggð í sveitum landsins með því að stuðla að fjölgun nýbýla, ræktun og byggingum í sveitum og þá m. a. stækkun túna á þeim jörðum, þar sem ræktun er skemmst á veg komin.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

II. KAFLI

Um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

2. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands. Um samband Stofnlánadeildarinnar við aðrar deildir bankans fer eftir lögum um Búnaðarbanka Íslands.

3. gr.

Stofnfé deildarinnar er:

1. Eignir Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja eins og þær verða, þegar lög þessi taka gildi.
2. Lán, sem ríkissjóður veitti Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði 1960, ásamt áföllnum vöxtum, samtals 34.9 millj. kr.
3. Skuldabréf, sem ríkissjóður afhendir deildinni til eignar, samtals að fjárhæð kr. 9 millj. og 142 þús., sem sundurliðast þannig:

Skuldabréf sex sveitarfélaga	kr. 4 078 000.00
— Veðdeildar Búnaðarbankans	— 3 000 000.00
— Bjargráðasjóðs	— 1 500 000.00
— Sölufélags garðyrkjumanna	— 564 000.00

4. 16.5 millj. kr., sem ríkissjóður eða Ríkisábyrgðasjóður greiðir af erlendum lánum Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs fyrir árin 1961, 1962 og 1963.

4. gr.

Tekjur deildarinnar eru:

1. Fast árlegt framlag ríkissjóðs, 4 millj. kr.
2. 1% álag á söluvörur landbúnaðarins, sem ákvarðað skal og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.
3. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárri upphæð og tekjur samkvæmt 2. tölulið.
4. Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er skal nema sem svarar 0.75% af verði sömu afurða samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara á hverjum tíma. Við ákvörðun gjaldsins á vörum unnum úr afurðum í verðlagsgrundvelli, reiknast hinar síðar nefndu á grundvallarverði að viðbættum 0.75%. Gjald á vörum, sem ekki er verð á í verðlagsgrundvelli, skal miðað við áætlað verð til framleiðenda. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur skulu standa skil á gjaldinu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Landbúnaðarvörur, sem fluttar eru úr landi, eru undanþegnar gjaldi þessu, en að öðru leyti tekur það til allra vörutegunda, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 38/1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, með síðari breytingum. — Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.

5. Vaxtatekjur.
Framleiðsluráð landbúnaðarins sér um framkvæmd á ákvæðum 2. og 4. töluliðs þessarar greinar.

5. gr.

Stofnlánadeildin tekur á sig allar skuldbindingar, sem við gildistöku laga þessara hvíla á Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði.

6. gr.

Stofnlánadeildin veitir stofnlán sem hér segir:
1. Til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum og til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum.
2. Til jarðræktar, peningshúsa, geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin vermirækt, loðdýrarækt og lax- og silungseldi, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, sláturhúsa, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva landbúnaðarverkfæra, verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað.

7. gr.

Upphæð lána má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi bankastjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántaka, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Um lánveitingar, sem stjórn deildarinnar telur leika vafa á, hvort veita skuli, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands eða nýbýlastjórnar ríkisins.

Við ákvörðun lána skal bankastjórnin hafa hliðsjón af því, hve mikil önnur veðlán hvíla á eigninni og skal eigi veita lán, ef ástæða er til að ætla, að búrekstur á jörðinni fái ekki staðið undir auknum lánum.

Lán skulu ekki veitt fyrr en að fullgerðum framkvæmdum eða kaupum þeim, sem þau eru veitt til, að undanskildum lánum til íbúðarhúsa, sem heimilt er að veita í áföngum eftir að hús er fokhelt.

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, má lána út á jarðir í opinberri eigu á sama hátt og aðrar jarðir, enda séu þær í erfðaábúð, ella komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

8. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:
1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Stofnlánadeildarinnar eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim, sem Stofnlánadeildin fær. Ef umbætur þær, sem lán eru veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum, sem keyptar eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir 1. tölulið, skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróð-

urhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. 2.—4. tölulið, styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð sýslufélags.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Stofnlánadeildinni, að vátryggð séu í vátryggingastofnun, sem sjóðurinn tekur gilda.

9. gr.

Lánstími skal vera 5—42 ár, eftir því til hvers lánað er. Lán til íbúðarhúsa má vera allt að 42 ár, ef húsin eru talin úr nægilega varanlegu efni. Ef lánað er til annarra nýrra bygginga og túnræktar, má lánstími vera allt að 25 ár, svo og til þeirra framkvæmda við vermirækt og lax- og silungsrækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsauka og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar ákveðið í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hverrar tegundar lána.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum árgreiðslum nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

10. gr.

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnu áliti stjórnar Seðlabanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, vexti af lánum Stofnlánadeildarinnar, sbr. l. nr. 4 1960, um efnahagsmál. Vextir af lánum til byggingar íbúðarhúsa skulu þó að minnsta kosti vera ½% lægri en önnur lán deildarinnar.

11. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Stofnlánadeildarinnar og greiðir þær, ef eignir og tekjur deildarinnar hrökkva ekki til.

12. gr.

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands vegna Stofnlánadeildarinnar að taka, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, allt að 300 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé deildarinnar nægir ekki til að hún geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Eigi er Stofnlánadeild heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði, enda gangi slíkt lán fyrst og fremst til vinnslustöðva og vélakaupa.

13. gr.

Heimilt er bankastjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra hverju sinni, að verja árlega allt að 10 millj. kr. af fé Stofnlánadeildarinnar til kaupa á bankavaxtabréfum Veðdeildar Búnaðarbankans, enda sé það auðið án þess að skerða nauðsynleg útlán deildarinnar.

14. gr.

Lán til endurbyggingar íbúðarhúsa á jörðum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum, og sé gerð hússins utan og innan samþykkt af stjórn deildarinnar.
2. Að lögð hafi verið fram stutt lýsing af bæjarhúsum umsækjanda frá hlutaðeigandi byggingarnefndum, og beri sú lýsing því vitni, að endurbyggingar sé þörf á íbúð hans.
3. Að fyrir liggi vottorð frá nýbýlastjórn um, að býlið sé til frambúðar, og að íbúðarhús það, sem reisa á, sé við hæfi þess og að það verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, síma, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíðargildi þess.

15. gr.

Lán skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, að hús eða viðbygging við hús sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að telja megi jafngilt nýju húsi til íbúðar.

16. gr.

Ef nýbýlastjórn telur nauðsynlegt, að bæjarhús séu færð, getur Stofnlánadeild sett að skilyrði fyrir láni til endurbyggingar, að það sé gert.

17. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Stofnlánadeild komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef Stofnlánadeildinni hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskiptin.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi bankans.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, sem veðsettar eru Stofnlánadeildinni.

18. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Stofnlánadeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf gerist.

19. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Stofnlánadeildinni, og skal stjórn deildarinnar gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

20. gr.

Stofnlánadeildin er undanþegin öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

21. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Stofnlánadeildarinnar með sama hætti og annarra deilda bankans. Ákveða bankastjórar allar lánveitingar Stofnlánadeildarinnar. Lánveitingar til nýbýla, jafnt í byggðahverfum sem til einstaklinga, skulu bundnar því skilyrði, að nýbýlastjórn mæli með þeim. Um lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa á öðrum sveitabýlum, skulu bankastjórar hafa samráð við nýbýlastjórn eða framkvæmdastjóra hennar.

22. gr.

Þar sem í lögum um Búnaðarbanka Íslands og öðrum lögum eru ákvæði, er varða Ræktunarsjóð Íslands eða Byggingarsjóð sveitabæja, skulu þau ákvæði eftir gildistöku þessara laga eiga við Stofnlánadeild landbúnaðarins, nema í bága fari við þessi lög.

Við gildistöku laga þessara hætta Ræktunarsjóður Íslands og Byggingarsjóður sveitabæja störfum og öll réttindi og skyldur sjóða þessara yfirfærast til Stofnlánadeildarinnar.

23. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Stofnlánadeildarinnar, m. a. um tilhögun á innheimtu álags á landbúnaðarvörur samkvæmt 4. gr., enda brjóti sú reglugerð ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

III. KAFLI
Um stjórn landnámsmála.

24. gr.

Nýbýlastjórn er skipuð 5 mönnum, er kosnir séu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Landbúnaðarráðherra skipar formann nýbýlastjórnar úr hópi þeirra, sem kosnir eru.

Nýbýlastjórn ræður sér framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri. Laun hans skulu vera sömu og búnaðarmálastjóra.

25. gr.

Landnámsstjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum eftir ákvörðun nýbýlastjórnar. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um frumræktun lands til stofnunar einstakra nýbýla, byggðahverfa í sveitum og til nytja fyrir kauptún og kaupstaði. Einnig skal hann hafa yfirumsjón með þeim framkvæmdum, sem nýbýlastjórn hefur ákveðið, að fengnu samþykki þeirra aðila, sem hlut eiga að máli.

Búnaðarfélag Íslands og Atvinnudeild Háskólans skulu veita nýbýlastjórn og landnámsstjóra þá sérfræðilegu aðstoð, sem þeim er unnt.

IV. KAFLI
Um Landnám ríkisins.

26. gr.

Stofnun sú og starfsemi, er nýbýlastjórn og landnámsstjóri veita forstöðu, nefnist Landnám ríkisins.

27. gr.

Landnámsstjóri lætur, eftir tillögum nýbýlastjórnar, undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, nýbýli einstaklinga utan byggðahverfa eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði.

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 6.5 millj. kr. á ári næstu 25 ár, í fyrsta sinn 1961.

28. gr.

Landnámsstjóri skal, eftir því sem við verður komið, láta gera heildaruppdrætti af byggð landsins og á grundvelli þeirra, í samráði við hreppsnefndir og héraðsstjórnir, gera tillögur um skipulag byggðarinnar, hvernig hagkvæmast sé að þétta byggðina með skiptingu jarða og hvaða lönd séu hentug til afnota fyrir byggðahverfi. Skulu hreppsnefndir og héraðsstjórnir, að fengnum slíkum tillögum, vinna að því, að þeim sé framfylgt við uppbyggingu og skipting jarða.

29. gr.

Undirbúningur lands til ræktunar, sem landnámsstjóri framkvæmir til stofnunar byggðahverfa, skal vera í því fólginn að ná á eina hönd samfelldu landi til ræktunar og nytja, ræsa fram það land, sem rækta skal, svo og að undirbúa land til beitiræktar með framræslu og á annan hátt, leggja nýbýlavegi samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga nr. 36 14. maí 1955, eftir því sem fé er veitt til þeirra á fjárlögum, svo og að leggja frá þeim nauðsynlega heimreiðarvegi að býlunum, enn fremur að leggja aðalæðar til vatnsleiðslu og skolpleiðslu.

30. gr.

Landnám til stofnunar byggðahverfa skal fara fram á landi, sem er eign ríkisins eða bæjar- og sveitarfélaga. Þó skal kaupa land í þessu skyni, ef þess gerist þörf. Heimilt er að taka jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð, eignarnámi til þessara nota og einnig landsspildur af einstökum jörðum, sem eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð og þær geta án verið. Eignarnám má þó því aðeins fara fram, að öll nýbýlastjórn sé því samþykk og fullreynt sé að dómi landbúnaðarráðherra, að samkomulag náist ekki um kaup á landinu.

31. gr.

Áður en landnámsframkvæmdir eru hafnar á hverjum stað, skal landnámsstjóri, eftir tillögum nýbýlastjórnar, láta fara fram rannsókn á skilyrðum til ræktunar,

rafvirkjunar, afnota af jarðhita, samgangna, markaðsskilyrðum og öðru, sem mestu máli skiptir í sambandi við stofnun byggðar á staðnum. Jafnframt skal hann láta gera skipulagsuppdrátt og kostnaðaráætlun um landnámið og þá byggð, sem þar á að rísa, ef um byggðahverfi er að ræða, og gera áætlanir og tillögur um það, hvers konar búskapur þar skuli rekinn.

Áætlanir og rannsóknir landnámsstjóra skulu lagðar fyrir nýbýlastjórn til samþykktar, áður en framkvæmdir hefjast.

32. gr.

Áður en landnám er hafið, skal sveitarstjórn, þar sem það á að fara fram, gefinn kostur á því að gera grein fyrir, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, kauptúninu eða kaupstaðnum, og sveitar- eða bæjarfélagsins í heild.

Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, sker landbúnaðarráðherra úr.

33. gr.

Þegar lokið er undirbúningi samkvæmt 29. gr. og ræktun, sem Landnámi ríkisins ber að framkvæma samkvæmt þessum lögum, vegna fyrirhugaðrar stofnunar byggðahverfis, skal landið leigt einstaklingum á erfðaleigu með skilmálum, sem nánar skulu teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við fasteignamat lands og mannvirkja, sem kostuð er af landnámsfé, og skal leigan vera 5% af fasteignamatsverðinu.

34. gr.

Nýbýlastjórn er heimilt að semja við búnaðarsambönd eða ræktunarsamtök, sem hafa sett sér jarðræktarsamþykktir samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um að þau taki að sér að ræsa fram og undirbúa til ræktunar land, þar sem reisa á einstök býli. Þessi heimild skal þó aðallega notuð þar, sem hagkvæmt er að framkvæma verkið með fullkomnustu vélum.

35. gr.

Í hverri sýslu skal vera þriggja manna nýbýlanefnd. Skulu tveir þeirra kosnir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi, að viðhafðri hlutfallskosningu, ef óskað er, en einn skipaður af nýbýlastjórn, og er hann formaður. Skipa skal héraðsráðunaut, þar sem því verður við komið. Kosning og skipun nefndarmanna gildir til 4 ára. Hlutverk nefndarinnar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúnings þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru samkvæmt lögum þessum, svo og að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum laga þessara sé fylgt.

V. KAFLI

Um almenn skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð Landnáms ríkisins.

36. gr.

Landnám ríkisins veitir fjárhagslega aðstoð samkvæmt lögum þessum sem hér segir:

1. Til stofnunar nýbýla, sem hafa landumráð og búrekstrarskilyrði, sem að lögum gilda um stærð lögbýla, að fengnu leyfi nýbýlastjórnar til nýbýlastofnunar, þó þannig:
   a. Að ræktanlegt land til túnræktar, garðræktar eða akuryrkju sé minnst 25 ha. á hverju býli eða þar séu aðrar jafngildar landsnytjar að dómi nýbýlastjórnar.
   b. Að nýbýli fylgi beitiland, sem að dómi nýbýlastjórnar er fullnægjandi með tilliti til þeirra búgreina, sem telja má, að hagkvæmt verði að hafa á því, og með hliðsjón af möguleikum til beitiræktar þar.

2. Ef tveir eða fleiri bændur stofna til búskapar á sömu jörð með því að reka á henni félagsbú, í stað þess að stofna á henni nýbýli, er heimilt að veita þeim aðstoð til ræktunar og bygginga, þannig að um sömu aðstoð til bændafjölgunar sé að ræða og veita bæri, ef nýbýlamenn ættu í hlut. Um skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið, skal nánar ákveðið í reglugerð.
3. Til þess að endurreisa byggð á eyðijörðum og koma í veg fyrir, að jarðir fari í eyði, enda hafi jarðirnar eigi lakari skilyrði til búrekstrar en krafizt er fyrir nýbýli samkvæmt lögum þessum, m. a. að því er varðar landsstærð og ræktunarhæfi lands.
4. Enn fremur er heimilt að veita fjárhagslega aðstoð til garðyrkjubýla, er hafa umráð jarðhita til gróðurhúsaræktunar, er ætla má að dómi nýbýlastjórnar ríkisins að gefi meðalfjölskyldu nægilegar tekjur. Hitaréttindi þurfa þó að fullnægja hitaþörf 1000 fermetra flatar, miðað við nothæft hitagildi á viðkomandi stað.

   Slíkum býlum má því aðeins veita framlags- og lánaréttindi, að þau séu utan skipulagðra svæða kaupstaða, og því aðeins skulu þau veitt í skipulagsskyldum þorpum, að veðhæfi ræktunarlanda og lóða samrýmist lánareglum Stofnlánadeildarinnar.

   Innan kauptúna og skipulagsskyldra þorpa gilda þó ekki ákvæði 48. gr.
5. Til smábýla í sveitum fyrir þá, er aðalvinnu hafa af iðnaði, handverki eða garðyrkju eða gegna föstum störfum í almenningsþágu, enda eigi þeir umráð a. m. k. 6 ha. ræktunarhæfs lands og tilsvarandi beitarréttindi miðað við þær búgreinar, sem arðvænlegastar teljast á staðnum.

VI. KAFLI
Um byggðahverfi.

37. gr.

Þegar reisa skal byggðahverfi á landi, sem ríkið hefur numið samkvæmt III. kafla, skal landnámsstjóri í samráði við nýbýlastjórn gera áætlanir um stofnun byggðahverfanna, og sér hann síðan um framkvæmdir samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

38. gr.

Byggðahverfi nefnist í lögum þessum minnst 3 býli, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar eru gerðar eftir ákveðnu skipulagi, enda sé fullnægt skilyrðum 36. gr.

39. gr.

Þegar ákveðið hefur verið, að byggðahverfi skuli stofnað, skal Landnám ríkisins rækta 10 ha. túns fyrir hvert býli. Landnámsstjóri sér um, að reist séu íbúðarhús, nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur við hæfi þess búrekstrar, sem fyrirhugaður er á býlunum. Til bygginganna útvegar hann lán úr Stofnlánadeild. Um fjárhæð þeirra lána fer samkvæmt lögum og reglum, er um útlán þeirrar deildar gilda á hverjum tíma. Um framlag til íbúðarhúsa fer eftir ákvæðum 48. greinar.

40. gr.

Býli, sem reist eru í byggðahverfi, skulu leigð, þegar byggingar hefjast á hverju býli, í erfðaábúð samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, sbr. þó 33. gr. Forgangsrétt að erfðaábúð skulu hafa bændur og börn bænda á þeim jörðum, sem hverfislandið er fengið úr, og þar næst ábúendur í viðkomandi sýslu, sem ekki geta fengið lán úr Stofnlánadeild, vegna þess að jarðir þeirra dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar.

41. gr.

Ef erfðaábúðarhafi býlis í byggðahverfi vill selja býli sitt, hefur Stofnlánadeild forkaupsrétt að því gegn kostnaðarverði, að frádreginni fyrningu. Þetta gildir þó ekki, ef eigandi býlis selur það foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, enda sé söluverðið eigi hærra en kostnaðarverð, að frádreginni fyrningu, og kaupandi gerist þar sjálfur ábúandi.

42. gr.

Hver bóndi í byggðahverfi skal hafa fullræktað land það, sem til ræktunar er ætlað, á eigi skemmri tíma en 10 árum frá því að hann tók við býlinu og þeirri ræktun, sem Landnám ríkisins framkvæmir, enda ber honum skylda til að rækta að minnsta kosti á ári hverju 1/10 hluta þess lands, sem hann tók við óræktuðu, nema hann hafi næstu ár á undan lokið meiri ræktun en honum ber skylda til samkvæmt þessum ákvæðum. Vanræki hann þetta, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leigu og ábúðar á býlinu. Skal nýbýlastjórn skylt að hafa eftirlit með því, að jarðirnar séu vel setnar og svo sem lög þessi og reglugerðir, sem settar verða eftir þeim, mæla fyrir, og er heimilt að víkja af býlunum bændum þeim, sem uppfylla ekki þau fyrirmæli, sem sett eru um ábúð þeirra.

43. gr.

Ef erfðaábúðarhafi jarðar í byggðahverfi missir rétt sinn til leigu og ábúðar á býlinu samkvæmt 41. og 42. gr., eða vegna vanefnda þeirra atriða erfðaábúðarlaga nr. 116 30. des. 1943, sem útbyggingu varða, skal Stofnlánadeild taka við því og greiða fráfaranda það, sem hann hefur í býlið lagt, samkvæmt mati dómkvaddra manna.

44. gr.

Eigendum og ábúendum jarða í byggðahverfi veitist, eftir að stofnframkvæmdum er lokið, fjárhagsleg aðstoð samkvæmt sömu reglum og veitt er bændum á öðrum lögbýlisjörðum.

VII. KAFLI

Um nýbýli einstaklinga utan byggðahverfa.

45. gr.

Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög þessi veita. Nýbýlastjórn lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hún sé nægilega góð til þess, að stutt skuli að því, að býlið verði reist.

Landnámsstjóra ber að veita aðstoð við útvegun lands til nýbýla samkvæmt þessum kafla, eftir því sem unnt er, sé þess óskað af hlutaðeigendum.

46. gr.

Nú telur sá, er reisa vill nýbýli og hefur fengið til þess samþykki nýbýlastjórnar, sér henta að ljúka meiri eða minni undirbúningsframkvæmdum, svo sem framræslu og ræktun á hinu fyrirhugaða nýbýlalandi, áður en byggingar eru reistar, og skal hann þá njóta sama framlags frá Landnámi ríkisins til þeirra framkvæmda og þeir, sem byggja fyrst og rækta svo. Slíkt framlag er þó bundið eftirfarandi skilyrðum:

a. Að hlutaðeigandi hafi full eignarumráð eða erfðaábúðarréttindi á landi því, sem nýbýlið verður stofnað á.
b. Að framkvæmdir séu gerðar í samráði við nýbýlastjórn eða trúnaðarmenn hennar.
c. Að hlutaðeigandi skuldbindi sig til að hafa reist nauðsynlegar byggingar á landinu ekki síðar en 5 árum eftir að ræktunarframlag var fyrst greitt. Að öðrum

kosti endurgreiði hann Landnámi ríkisins framlagið með 5% vöxtum frá greiðsludegi.

d. Stofnandi nýbýlisins setji land nýbýlisins að veði með 1. veðrétti sem tryggingu fyrir því, að staðið verði við framangreindar skuldbindingar.

Veðbinding þessi fellur niður, þegar íbúðarhús hefur verið reist á landinu.

47. gr.

Til nýbýla utan byggðahverfa skal veita fjárhagslegan stuðning samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru reist á ræktuðu landi, sbr. þó 50. gr., eða á landi, sem er vel fallið til ræktunar og búskapar, en eigi áður ræktað, enda sé fullnægt skilyrðum 36. gr. Nýbýlið skal fá úrskipt land með ákveðnum landamerkjum, hvarvetna þar sem því verður við komið. Nýbýlastjórn skal verja ákveðinni fjárhæð til undirbúnings hvers býlis og greiða hana þeim, er býlið stofnar, eftir því sem ræktun miðar áfram á býlinu. Skal slík greiðsla, ef um nýbýli á óræktuðu landi er að ræða, við það miðast, að framlag sé veitt á 10 ha. ræktun og að það, að viðbættu jarðabótaframlagi, svari til meðalkostnaðar við ræktun í byggðahverfum, og ákveðin á hverjum stað, áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði.

Heimilt er við ákvörðun nýbýlaframlags að taka tillit til þess kostnaðar, sem leiðir af heimreið að býlinu.

48. gr.

Til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum einstaklinga utan byggðahverfa og í byggðahverfum er heimilt að veita framlag allt að 40 þúsund krónur á hvert býli. Framlagið greiðist að hálfu, þegar hús er fokhelt, og að fullu, þegar byggingu er lokið, enda hafi byggingarfulltrúi staðfest með vottorði, að fullnægt hafi verið settum skilyrðum um frágang byggingarinnar.

Til þessara ráðstafana leggur ríkissjóður fram minnst 2.0 millj. króna árlega, í fyrsta sinn árið 1962.

49. gr.

Nýbýli, sem stofnuð eru úr landi einstaklinga, njóta því aðeins þeirra réttinda, er um getur í 47. gr., að stofnandi býlisins hafi eignarumráð á því landi, sem býlinu fylgir, og að landið sé laust við öll veðbönd, þegar stofnunarheimild er útgefin.

50. gr.

Þegar nýbýli er stofnað í landi jarðar, skal þess gætt, að jörðin hafi eftir minnst 10 ha. tún, ef verið hefur svo stórt, og svo mikið landrými, að nægilegt teljist til búskapar að dómi nýbýlastjórnar.

51. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að láta reisa nýbýli samkvæmt þessum kafla, eitt eða fleiri, á jörðum ríkisins, sem losna úr ábúð. Einnig er henni heimilt að kaupa lönd í sama skyni. Skal þá undirbúningur undir stofnun býlanna vera með sama hætti og stofnun nýbýla í byggðahverfum og forkaupsréttur að býlunum með sama hætti.

52. gr.

Nú vill eigandi nýbýlis selja það eða verður að láta það af hendi, og skal þá, ef fram er tekið í samningi, með samþykki landnámsstjóra, sá, er landið lét af hendi af eign sinni, og börn hans, eiga forkaupsrétt að því fyrir kostnaðarverð, að frádreginni fyrningu, enda sjái kaupandi um, að nýbýlið sé í sérstakri ábúð. Þetta gildir þó því aðeins, að nýbýlið sé stofnað á landi einnar jarðar. Að öðru leyti gilda um sölu og afhendingu nýbýlis samkvæmt þessari grein sömu reglur og í byggðahverfum, sbr. 41. gr.

VIII. KAFLI

Um endurbyggingu eyðijarða, eftirlit með ábúð á jörðum og sérframlög til jarða, þar sem ræktun er skemmst á veg komið.

53. gr.

Skylt er nýbýlastjórn að sporna við því eftir föngum, að jarðir (sérmetnar) fari í eyði, sem að dómi trúnaðarmanna nýbýlastjórnar og jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands eru vel fallnar til jarðræktar og búrekstrar. Skal hún hafa um það samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að notaðar séu heimildir ábúðarlaganna til að koma í veg fyrir jarðníðslu og að byggilegar jarðir séu lagðar í eyði. Nýbýlastjórn ber enn fremur að vinna að því í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að jarðir, sem komnar eru í eyði, en veita þau skilyrði til búrekstrar, er að framan greinir, byggist aftur þar til hæfum mönnum. Skylt er hreppstjóra hverjum að senda nýbýlastjórn skýrslu um hver áramót um allar jarðir í hreppnum byggðar og óbyggðar, þar með taldar þær jarðir, er 3. gr. ábúðarlaganna ræðir um. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirsögn nýbýlastjórnar, og ber henni að ganga eftir því, að þær séu gerðar. Henni ber og að láta gera jarðaskýrslu fyrir allt landið ár hvert.

54. gr.

Nýbýlastjórn skal, svo fljótt sem tök eru á, láta rannsaka skilyrði til ræktunar og búrekstrar á eyðijörðum og jörðum, sem ekki eru nytjaðar nema að einhverju leyti, sbr. 3. gr. ábúðarlaganna. Við rannsókn þessa skal safna upplýsingum um öll þau atriði, er máli skipta vegna búrekstrar á hverri einstakri jörð, og hvað varð þess valdandi, að hún fór að einhverju eða öllu leyti í eyði. Skal þetta þannig gert, að þeir, sem falast eftir jarðnæði, geti fengið rétta og greinilega hugmynd um jörðina og þá aðstöðu til búrekstrar, er hún veitir.

Nýbýlastjórn skal árlega gera sérstaka skrá yfir þær af þessum jörðum, sem hún telur rétt að byggja og eru lausar til ábúðar. Skrá þessi skal birt almenningi.

55. gr.

Skylt er nýbýlastjórn að veita þeim, er þess óska og hafa hug á að reisa bú í sveit, upplýsingar um þær jarðir, sem eru lausar til ábúðar og um ræðir í 53. gr. Umsækjendur um jarðnæði, sem uppfylla þær kröfur, er gera verður til búandi manna í sveit, skulu njóta þeirrar aðstoðar nýbýlastjórnar við útvegun jarðnæðis, er hún getur í té látið.

56. gr.

Nú leiðir rannsókn í ljós, að einhver ákveðinn annmarki veldur því, að jörð, sem nýbýlastjórn hefur full umráð yfir, byggist ekki, en jörðin er að öðru leyti vel fallin til ræktunar og búrekstrar, og er nýbýlastjórn þá heimilt að ráða bót á þessu, ef þess er kostur. Kostnaður af þessum framkvæmdum má þó aldrei fara fram úr áætluðum meðalkostnaði býlis í byggðahverfi.

57. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að kaupa einstakar jarðir, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja örugga ábúð á jörðunum. Kaupverð slíkra jarða skal eigi fara fram úr því verði, er nýbýlastjórn greiðir á sama tíma fyrir lönd undir byggðahverfi.

58. gr.

Verði jarðeigandi brotlegur við ákvæði 3. gr. ábúðarlaganna, og hlutaðeigandi sveitarstjórn notar ekki þá heimild, sem henni er veitt samkvæmt 3. og 4. gr. sömu laga til að ráðstafa jörð, sem komin er í eyði eða niðurníðslu og nýbýlastjórn telur vel fallna til búrekstrar, er nýbýlastjórn heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, er ábúðarlögin heimila hreppsnefndum, til þess að jörðin verði endur-

byggð af þar til hæfum manni. Nýbýlastjórn er enn fremur heimilt að ganga í þau kaup, er um ræðir í 2. málsgr. 4. gr. ábúðarlaganna, að hlutaðeigandi hreppsnefnd frágenginni, ef nýbýlastjórn telur það henta.

59. gr.

Jarðir, sem nýbýlastjórn fær eignarumráð yfir samkv. heimild 57. og 58. gr., skulu auglýstar til sölu og ábúðar. Skylt er kaupanda að gera jörðina að ættaróðali samkvæmt ákvæðum laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Söluverð jarðar sé kostnaðarverð nýbýlastjórnar, þar með talinn kostnaður við þær umbætur, sem gerðar kunna að verða á jörðinni samkv. 56. gr. Heimilt er þó nýbýlastjórn að veita styrk vegna ræktunarumbóta tilsvarandi ákvæðum 47. gr., þegar jörðin hefur verið tekin til ábúðar. Jarðir þessar njóta réttar til lána úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, að ábúð tryggðri, eftir sömu reglum og byggðar jarðir.

60. gr.

Sé hætta á að jarðir fari í eyði vegna vöntunar á viðunandi lífsafkomu fyrir meðalfjölskyldu sökum skorts á ræktun eða vegna brunatjóns, skal landnámsstjóri athuga búrekstrarskilyrði á þeim og leita um þær umsagnar hlutaðeigandi nýbýlanefnda. Telji hann tryggt, að jörð sé hægt að bæta svo með ræktun, að þar megi hafa minnst 10 ha tún, og önnur búskaparskilyrði eru allgóð, þá er nýbýlastjórn ríkisins heimilt að veita til hennar óafturkræft framlag samkv. þessum lögum, sbr. 36. gr., 3. tölul., og 63. gr. Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði. Framræslukostnaður og framlög til hans samkv. jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkv. þessari grein.

61. gr.

Landnámsstjóri getur í samráði við stjórnir og framkvæmdastjóra ræktunarsambanda á grundvelli rannsóknar, er Landnám ríkisins framkvæmir, gert áætlun um ræktunarframkvæmdir samkv. 59. gr. á hverju ræktunarsambandssvæði, enda sé þar fram tekið, hvaða jarðir falli undir ákvæði greinarinnar. Jafnan skal þess gætt, að slík aðstoð sé veitt fyrst á þeim svæðum, þar sem það getur komið í veg fyrir, að heill hreppur eða verulegur hluti hrepps fari í eyði.

62. gr.

Þar, sem Landnám ríkisins eða ræktunarsambönd taka að sér ræktunarframkvæmdir, svo sem framræslu, jarðvinnslu og frágang ræktunar, eiga þessar stofnanir forgangsrétt til þeirra framlaga, er greidd verða út á umbæturnar samkvæmt jarðræktarlögum og ákvæðum 60. gr.

63. gr.

Nýbýlastjórn er heimilt að veita þeim bændum, er hafa örðugan fjárhag, styrk til íbúðarhúsbyggingar á sama veg og nýbýlastofnendum (sbr. 48. gr.). Sé styrkurinn greiddur af því fé, sem fram er lagt samkvæmt 64. gr.

64. gr.

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður 6.0 milljónir króna á ári næstu 4 ár frá og með árinu 1962.

IX. KAFLI
Um viðhaldsskyldu o. fl.

65. gr.

Nýbýlastjórn skal halda skýrslur um öll þau býli, sem reist eru eða endurbyggð samkvæmt lögum þessum. Skal nákvæmlega frá því skýrt, hvenær hvert býli er reist

eða endurbyggt, hver hefur orðið kostnaður við landnám það, sem fallið hefur í hlut býlisins, við ræktun þess og byggingu, hver lánskjörin hafa verið, hvernig lánin hafa greiðzt, hve mikið eigendur þess og ábúendur hafa lagt fram til þess að koma því upp, auk annars, sem nauðsynlegt þykir að skýra frá. Þá skal nýbýlastjórn afla sér skýrslna um rekstrarafkomu hvers býlis svo sem við verður komið. Getur hún lagt þá kvöð á ábúanda hvers býlis, er lán fær úr Stofnlánadeild, að halda búreikninga, er gerðir séu eftir fyrirsögn Búreikningaskrifstofu ríkisins, enda sé þá greitt fyrir slíkt reikningshald eins og Búreikningaskrifstofan telur hæfilegt. Yfirlitsskýrslur um býli þau, sem reist eru með lánum úr Stofnlánadeild, svo og afkomu búrekstrarins á býlunum skal nýbýlastjórn birta svo oft sem ástæða þykir til og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

66. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Stofnalánadeild, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Nýbýlanefndir í héruðum skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn deildarinnar þegar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Skal þá stjórn deildarinnar veita hlutaðeigandi ábúanda áminningu, og er útbyggingar- og eignarnámssök, ef áminningin er ekki tekin til greina.

67. gr.

Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Stofnlánadeildinni, skal deildin, nema um erfðaskipti sé að ræða eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 2. málsgr. 41. gr., hafa forkaupsrétt að eigninni, og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu metnu álagi vegna fyrningar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með árituðu samþykki stjórnar deildarinnar, eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, hafa erfingjar forkaupsrétt umfram Stofnlánadeild, en að öðru leyti skal mat á þeim og staðfesting eigendaskiptanna háð sömu reglum og þegar um venjulega sölu er að ræða. Sveitarstjórn hefur þó rétt til að ganga inn í forkaupsrétt Stofnlánadeildar, ef hún óskar þess. Um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943. Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 55 5. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum, skulu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem nauðsyn krefur. Ef Stofnlánadeild eða sveitarstjórn kaupa jörð samkvæmt heimildum þessara laga, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn veði eða leigukjörum, er samsvarar kaupverðinu.

X. KAFLI
Um Teiknistofu landbúnaðarins.

68. gr.

Stofnunin heitir Teiknistofa landbúnaðarins, og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

69. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna nefnd, er hafi það verkefni í samvinnu við Teiknistofu landbúnaðarins að gefa sem ákveðnastar leiðbeiningar um hagkvæmustu gerð bygginga á sveitabýlum, og þá sérstaklega peningshúsa. Nefndin lætur rannsaka gerð og gæði húsa, sem nú eru til eða reist verða, með tilliti til þess, að með því fáist grundvöllur undir öruggari leiðbeiningastarfsemi í byggingarmálum sveitanna.

70. gr.

Í nefndinni skulu vera: Forstöðumaður Teiknistofu landbúnaðarins, yfirdýralæknir, nautgriparæktarráðunautur og sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands og einn maður, er landbúnaðarráðherra skipar í nefndina án tilnefningar. Landbúnaðarráðherra ákveður, hver skuli vera formaður nefndarinnar.

71. gr.

Heimilt er nefndinni með samþykki landbúnaðarráðherra að ráða sérfræðing til þess að framkvæma þær rannsóknir, sem nefndin telur nauðsynlegt að gera. Hann skal hafa eftirlit með athugunum og rannsóknum, er gerðar verða í þágu byggingarstarfseminnar hjá einstökum bændum eða á opinberum búum, og vinna úr gögnum þeim, sem aflað er, í samráði við nefndina.

Kostnaður við byggingarrannsóknir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

72. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán eru veitt til úr Stofnlánadeild landbúnaðarins eða öðrum opinberum sjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða að tilhlutan ríkisins og veita lán til bygginga í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

73. gr.

Teiknistofan lætur gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum. Enn fremur leitar hún aðstoðar húsgagnaarkitekta, íslenzkra listamanna og viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til þess að þau verði sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 72. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og byggingarsamvinnufélaga skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

74. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annars staðar til að annast smíði á húsgögnum og fleiru, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

75. gr.

Teiknistofan veitir bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndaruppdráttum af húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

76. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

77. gr.

Kostnaður af rekstri teiknistofunnar greiðist af Stofnlánadeild landbúnaðarins.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

78. gr.

Um framlög ríkisins til ræktunar og útihúsa fer eftir jarðræktarlögum.

79. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd þessara laga.

80. gr.

Um endurskoðun Stofnlánadeildar landbúnaðarins, starfsskýrslur o. fl., fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

81. gr.

Reikningar Landnáms ríkisins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbanka Íslands og birtir með reikningum bankans. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra og lagðir fyrir landbúnaðarnefndir Alþingis ár hvert.

82. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi felld lög nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, lög um breyting á þeim lögum nr. 49 11. júní 1960, og nr. 64 1961, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er flutt í samræmi við þá yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að hún myndi vinna að því að tryggja starfsgrundvöll stofnlánasjóða landbúnaðarins.

Gerð var á síðastliðnu ári ítarleg athugun á fjárhag Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja, sem sannar ótvírætt, að sjóðir þessir eru nú raunverulega gjaldþrota, svo sem nánar má sjá á meðfylgjandi töflum. Án róttækra aðgerða hljóta því stofnlánaveitingar í landbúnaði að stöðvast að mestu leyti, því að eigið fé sjóðanna er upp urið og þess engin von, að nokkur aðili vilji veita sjóðunum lán, miðað við núverandi ástand þeirra.

Afkoma Byggingarsjóðs er svo hörmuleg, að eigi aðeins er ekkert fé til útlána, heldur varð greiðsluhalli á árinu 1961 um 8.2 millj. kr. Voru um síðustu áramót í vanskilum um 5 millj. kr. í gjaldföllnum afborgunum og vöxtum til Veðdeildar Landsbankans og ríkissjóður varð á árinu 1961 að greiða samtals um 7.5 millj. kr. árgjöld af erlendum lánum sjóðanna, sem þá skorti algerlega fé til að greiða. Raunverulega varð þó greiðsluhalli Byggingarsjóðs meiri en greiðsluyfirlitið sýnir, því að sjóði frá fyrra ári, 3.4 millj. kr., var varið til lánveitinga á árinu 1961.

Í sambandi við Byggingarsjóð verður að hafa í huga, að sjóðurinn veitir lán í áföngum, eftir því sem smíði húsanna miðar. Ekki er nákvæmlega hægt að áætla hvað háar fjárveitingar koma í ár til útborgunar af lánveitingum, sem sjóðurinn hefur þegar samþykkt að veita, en óvarlegt er að gera ráð fyrir minnu en 5—7 millj. kr. Á árinu 1961 var byrjað á 60 nýjum íbúðarhúsum í sveitum.

Miðað við óbreytt ástand yrði greiðsluhalli á Byggingarsjóði næstu 14 ár um 50 millj. kr., án nokkurra nýrra útlána og án þess að uppfylltar séu þær skuldbindingar um lánveitingar, sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig. Rekstrushalli sjóðsins næstu ár mun verða 2.5—4.8 millj. kr., ef reiknað er með að hinum árlega greiðsluhalla verði mætt með nýjum lántökum.

Eignir sjóðsins hafa vegna yfirfærslugjalds og gengisbreytinga lækkað um 24 millj. kr. og er hrein eign sjóðsins því aðeins um 18 millj. kr., enda þótt ríkissjóður hafi á undanförnum 30 árum lagt sjóðnum um 65 millj. kr. í óafturkræfum framlögum. Verði ekkert að gert, mun allur höfuðstóll sjóðsins eyddur í hallarekstur árið 1965.

Vegna hinna föstu lána frá mótvirðissjóði í samræmi við lög um Framkvæmdabanka Íslands, verður ekki um greiðsluþrot að ræða hjá Ræktunarsjóði á pappírnum, en raunverulega er þó greiðsluhalli, því að árið 1961 fara um 4 millj. kr. af lánum mótvirðissjóðs til greiðslu á skuldum sjóðsins. Vantar þetta á, að árgjaldatekjur sjóðsins og ríkisframlag nægi til þess að standa straum af árgjöldum lána sjóðsins

og öðrum reksturskostnaði. Verði engar ráðstafanir gerðar, þá hækkar að vísu allverulega næstu 15 árin sú fjárhæð, sem sjóðurinn hefur til útlána vegna hækkunar lána úr mótvirðissjóði, en raunverulega vex greiðsluhallinn ár frá ári, þannig að árið 1975 fara 24.5 millj. kr. af láni mótvirðissjóðs til þess að greiða halla sjóðsins. Er því ógerlegt með öllu að starfrækja sjóðinn áfram á sama grundvelli.

Á meðfylgjandi töflu, Fskj. III, má sjá rekstrarhalla Ræktunarsjóðs næstu tíu árin. Fer hallinn árlega vaxandi að óbreyttum aðstæðum og hækkar úr 6.0 millj. kr. árið 1961 í 16.5 millj. kr. 1970.

Enda þótt Ræktunarsjóður hafi á undanförnum 30 árum fengið sem óendurkræf framlög frá ríkissjóði um 67.5 millj. kr., þá er efnahagur sjóðsins svo bágborinn, að hann skuldar nú 52.5 millj. kr. umfram eignir. Að óbreyttu ástandi myndi hagur sjóðsins versna enn svo stórkostlega næstu árin, að 1970 myndi hann skulda 156 millj. kr. umfram eignir.

Það er meginorsök hins hörmulega fjárhagsástands stofnlánasjóðanna beggja, að þeir hafa á árunum 1952—1959 verið látnir taka erlend lán, sem síðan hafa verið endurlánuð án gengistryggingar. Með tilkomu yfirfærslugjalda og beinna gengislækkana hafa lánsfjárhæðir þessar meira en tvöfaldazt í íslenzkri mynt. Meðfylgjandi tafla, Fskj. IV, sýnir, að árin 1961—1973 nema útgjöld sjóðanna vegna gengishalla á lánum þessum um 11 millj. kr. á ári, eða samtals 156.5 millj. kr. á þessum árum.

Þótt þetta þunga áfall ráði úrslitum um það, að sjóðirnir geti ekki starfað áfram án róttækra aðgerða, þá eru fleiri meinsemdir í uppbyggingu sjóðanna, sem óhjákvæmilegt hefði verið að lagfæra til þess að koma starfsemi þeirra á traustan grundvöll, þótt yfirfærslugjald og gengisbreytingar hefðu ekki komið til.

Mörg undanfarin ár hefur lánsfjárþörf sjóðanna verið leyst með lánum, sem ríkisstjórnir á hverjum tíma hafa útvegað, og jafnframt hafa ríkisstjórnirnar ákveðið endurlánskjörin. Sjaldnast hefur nokkurt samræmi verið í lánskjörum og endurlánskjörum, og þá ósamræmið jafnan verið á þann veg, að hallað hefur á sjóðina, bæði um lánstíma og vaxtakjör. Hefðu hin óafturkræfu framlög ekki komið til, hefði þetta misræmi á tiltölulega skömmum tíma kippt grundvelli undan starfsemi sjóðanna. Það er fyrst á árinu 1960, sem endurlánskjörin eru sjóðunum hagstæð og sjóðunum útvegað innlent fé eins og alltaf hefði þurft að vera.

Árið 1960 nam vaxtahalli Ræktunarsjóðs af endurlánsfé rúmum 6 millj. kr. og vaxtahalli Byggingarsjóðs 2.5 millj. kr.

Á meðfylgjandi töflu, Fskj. V, er sérstaklega sýndur vaxtahalli vegna lána úr mótvirðissjóði. Kemur í ljós, að miðað við óbreytt lánskjör myndi vaxtahalli vegna þessara lána nema rúmum 100 millj. kr. um 15 ára bil. Núverandi fjárveitingar til sjóðanna, 1.6 millj. til Ræktunarsjóðs og 2.5 millj. til Byggingarsjóðs hrökkva skammt til þess að mæta vaxtahallanum.

Árið 1960 lánuðu stofnlánasjóðirnir um 63 millj. kr. Árið 1961 voru lánaðar um 50 millj. kr., sem tókst að gera á þann hátt, að ríkissjóður tók 20 millj. kr. lán hjá Seðlabanka Íslands og endurlánaði sjóðunum. Var það lán þeim skilyrðum bundið, að ríkissjóður væri lántaki en ekki sjóðirnir. Enn hefur ekki tekizt að veita lán til vinnslustöðva og stórvirkra jarðvinnsluvéla. Munu þær fjárhæðir nema allt að 10 millj. kr.

Með bráðabirgðalögum á s. l. ári ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir því, að lausaskuldum bænda, sem myndazt hafa vegna framkvæmda þeirra á árunum 1956—1960, yrði breytt í föst lán. Er með þessari ráðstöfun ætlað að bæta úr því, að stofnlánasjóðirnir hafa ekki veitt fullnægjandi stofnlán á undanförnum árum. Hafa stofnlán aldrei verið veitt að því marki, sem lögin um Ræktunarsjóð og Byggingarsjóð gera ráð fyrir. Lán úr sjóðunum voru hækkuð um 15% árið 1960, en höfðu þá verið óbreytt frá 1956 og sum frá 1954, og s. l. haust voru þau enn hækkað um 10%.

Eigi lausaskuldir ekki að safnast fyrir að nýju hjá bændum, þurfa lánin enn að hækka, og enn fremur þarf að vera auðið að sinna verkefnum, sem til þessa

hafa algerlega orðið útundan sökum fjárskorts sjóðanna. Má þar fyrst telja lán til vélakaupa, súgþurrkunartækja og bústofnsauka.

Fjáröflun sú til stofnlána í landbúnaði, sem lagt er til að lögfesta með þessu frumvarpi, er við það miðuð, að stofnlánasjóði landbúnaðarins verði innan skamms tíma kleift af eigin fé að standa undir eðlilegri fjárfestingarlánaþörf vegna framkvæmda í landbúnaði, Svo sem áður er að vikið, er vonlaust með öllu að velta þessu vandamáli á undan sér með nýjum lántökum, og eigi er það heldur viðunandi lausn, þótt gengishallanum einum væri létt af sjóðunum. Það hefur jafnan verið viðurkennt nauðsynlegt, að stofnlán í landbúnaði væru að verulegu leyti með hagstæðari kjörum en gilda á hinum almenna lánamarkaði. Eigi því sjóðirnir í senn að gegna því hlutverki að starfa á eðlilegum og raunhæfum fjárhagsgrundvelli, er eina leiðin sú, að sjóðirnir verði að mestu byggðir upp af eigin fé. Með hliðsjón af þessari veigamiklu staðreynd verður að meta fjáröflunartillögurnar.

Meðfylgjandi töflur sýna, Fskj. I og II, hversu stofnlánadeildin byggist upp af þessum tekjustofnum næstu árin. Þótt allverulegt lánsfé verði að auki að koma til fyrstu árin, verður það aðeins óverulegur hluti af fé deildarinnar. Á að vera auðvelt að afla þess viðbótarfjár, eftir að jafn traustur fjárhagsgrundvöllur hefur verið lagður. Verði fjáröflunarákvæði frumvarpsins samþykkt, ætti að vera lagður traustur frambúðargrundvöllur að stofnlánasjóði landbúnaðarins. Er hér tvímælalaust um að ræða mikilvægasta mál landbúnaðarins.

Skal nú gerð grein fyrir þeim nýjungum og breytingum, sem frumvarpið felur í sér:

Núgildandi ákvæði um Ræktunarsjóð Íslands og Byggingarsjóð sveitabæja er að finna í lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Þykir heppilegast, að ákvæðin um stofnlán landbúnaðarins verði áfram í þeim lögum. Þótt efnislega sé aðeins breytt ákvæðunum um stofnlánasjóðina, þótti eðlilegast að taka einnig í frumvarpið önnur ákvæði laganna, enda þurfti víða að gera smáorðalagsbreytingar til samræmingar hinum nýju ákvæðum og enn fremur breytist öll greinatala. Þar sem stofnlánin eru undirstaða annarra þeirra framkvæmda, sem lögin fjalla um, þykir eðlilegast að hafa ákvæðin um þau í upphafi laganna. Sýnist einnig eðlilegt, að stofnlánadeildarinnar sé getið í heiti laganna.

Lagt er til að steypa Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði í einn sjóð, er beri nafnið Stofnlánadeild landbúnaðarins. Hlutverk þessara tveggja sjóða er svo náskylt, að ástæðulaust er að starfrækja þá í tvennu lagi.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að Stofnlánadeildin verði tengd Búnaðarbanka Íslands á sama hátt og Ræktunarsjóður og Byggingarsjóður nú eru.

Um 3. gr.

Auk núverandi eigna Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs, er lagt til að Stofnlánadeildin fái sem nýtt stofnfé 60.5 millj. kr., sem ríkissjóður hefur ýmist lánað stofnlánasjóðum landbúnaðarins eða greitt vegna þeirra í áföllnum ábyrgðum. Eignast Stofnlánadeildin þannig strax nokkurn höfuðstól í stað þess, að sjóðirnir skulda nú rúmar 34 millj. kr. umfram eignir.

Um 4. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar eru Stofnlánadeildinni tryggðar miklar árlegar tekjur.

1) Lagt er til að núverandi fjárlagaframlag verði óbreytt.
2) Í 2. og 3. tölulið er lagt til, að bændastéttin og ríkissjóður leggi fram að jöfnu árlegt tillag til Stofnlánadeildarinanr. Með hliðsjón af því alvarlega vandamáli, sem hér er við að fást og mikilvægi þess fyrir alla framtíðaruppbyggingu landbúnaðarins í landinu, er lagt til að leggja 1% gjald á framleiðsluvörur landbún-

aðarins, sem ákvarðist og innheimtist á sama hátt og það ½% gjald til búnaðarmálasjóðs og ½% gjald til byggingar bændahallar, sem nú er innheimt. Erfitt er að áætla nákvæmlega tekjur af þessu gjaldi, en miðað við framleiðsluverðmætið ætti það að geta numið rúmum 8 millj. kr. á næsta ári, en ætti svo að fara árlega hækkandi vegna aukinnar framleiðslu. Greitt er nú miklu hærra gjald af sjávarafurðum til lánastofnana sjávarútvegsins, enda hefur tekizt að forða Fiskveiðasjóði frá þeim erfiðleikum, sem stofnlánasjóðir landbúnaðarins hafa lent í. Sanngjarnt þykir, með hliðsjón af öllum aðstæðum, að ríkissjóður leggi árlega jafnháa upphæð á móti framlagi bændanna. Tekjur af þessum tveimur tekjustofnum ættu að geta orðið um 16 millj. kr. á næsta ári, en mikil óvissa er um yfirstandandi ár.

3) Þá er lagt til, að lagt verði gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð allra annarra landbúnaðarvara, er nemi 0.75% af verði til framleiðenda samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara eða samkvæmt áætluðu framleiðendaverði, ef það er ekki í verðlagsgrundvelli. Gjald þetta skal ekki tekið af verði til framleiðenda, eins og 1% gjald samkvæmt 2. tölulið, heldur bætist það við verð varanna. Af hagkvæmnisástæðum er gjaldið miðað við framleiðendaverð, en hins vegar bætist það við útsöluverð mjólkur og rjóma og við heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, og eiga seljendur í heildsölu eða, ef svo ber undir, seljendur í smásölu (t. d. mjólk seld beint til neytenda) að standa skil á því samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Gera má ráð fyrir, að þessi tekjuliður gefi um 5.5 millj. kr. á næsta ári, miðað við núverandi afurðaverð.

Samtals ættu þessir tekjustofnar að geta gefið Stofnlánadeildinni allt að 25—26 millj. kr. tekjur á næsta ári. Þróunina næstu árin má sjá af meðfylgjandi töflu.

Loks er gert ráð fyrir því, að með samningum við Framkvæmdabanka Íslands verði auðið að fá svo lækkaða vexti, einnig af þegar veittum lánum, að ekki verði um neinn vaxtahalla að ræða. Hefur þetta mikla þýðingu fyrir efnahag sjóðanna, svo sem tafla um það efni sýnir, enda þótt ráðstöfunarfé aukist ekki.

Þá skal þess loks getið, sem hefur verulega þýðingu fyrir fjárhagsafkomuna, að reksturskostnaður Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs hefur minnkað allverulega síðustu tvö árin. Er því í áætluninni um Stofnlánadeildina gert ráð fyrir um 1 millj. kr. lægri árlegum rekstrarkostnaði en gert er í yfirlitinu um rekstur Ræktunar- og Byggingarsjóðs, sem miðað er við árið 1960. Verður athugað gaumgæfilega, hvort hægt sé að koma við enn frekari sparnaði. Verður þó að gæta þess við athugun á kostnaði sjóðanna, að þeim er með lögum gert að halda uppi teiknistofu landbúnaðarins og greiða hluta af launum byggingarfulltrúa í sveitum, og nemur sá kostnaður nær einni millj. kr. á ári.

Um 5. gr.

Stofnlánadeildin tekur að sjálfsögðu við öllum þeim skuldbindingum, sem nú hvíla á Ræktunar- og Byggingarsjóði.

Um 6. gr.

Sú ein breyting er gerð á gildandi ákvæðum um lánhæfar framkvæmdir, að bætt er við framkvæmdum í sambandi við lax- og silungseldi, sem ætla má að verði stundað í vaxandi mæli á næstu árum.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir lánum allt að 60% kostnaðarverðs, svo sem nú er í lagaákvæðum um Ræktunarsjóð. Fellt er niður gildandi ákvæði um lánsupphæðir til byggingar íbúðarhúsa, því að það er algerlega úrelt, enda ekki eftir því farið. Öðrum ákvæðum er lítið eitt breytt í samræmi við þær reglur, sem raunverulega hefur verið farið eftir við lánveitingar.

Um 8. gr.

Ákvæðin um tryggingar fyrir lánum eru í samræmi við gildandi lög.

Um 9. gr.

Tekin eru í þessa grein gildandi ákvæði um lánstíma á lánum bæði úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði. Gert er ráð fyrir, að lánstími verði nánar ákveðinn með reglugerð, enda er eðlilegt, að hann sé mjög breytilegur eftir tegundum framkvæmda, sem lánað er út á.

Um 10. gr.

Vegna ákvæða laga um efnahagsmál er ekki eðlilegt að setja í lögum um stofnlánadeildina neinn ákveðinn vaxtafót. Hins vegar þykir rétt að mæla fyrir um vaxtamismun á lánum til íbúðarhúsa og til annarra framkvæmda í samræmi við það, sem nú gildir í því efni.

Um 11. gr.

Ríkissjóður er nú ábyrgur fyrir öllum skuldbindingum Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs og er því eðlilegt, að svo gildi einnig um Stofnlánadeildina.

Um 12. gr.

Þar sem augljóst er, að Stofnlánadeildina muni næstu árin skorta fé til þess að geta veitt nauðsynleg stofnlán, þykir rétt að hafa í lögum heimild til lántöku. Að sjálfsögðu verður að leggja allt kapp á að fá innlent lánsfé, því að ekki verður talið fært að láta bændur taka á sig gengisáhættu af lánum til bygginga eða annarra framkvæmda á jörðum sínum. Þar sem engu að síður verður að teljast fráleitt að taka erlent lánsfé án þess að endurlána það með gengistryggingu, þykir rétt að takmarka slík endurlán við vinnslustöðvar og vélakaup, enda hljóta vélakaupalán jafnan að verða til tiltölulega stutts tíma, auk þess sem vélar hækka í verði, ef gengislækkanir verða.

Um 13. gr.

Fjárskortur Veðdeildar Búnaðarbankans hefur lengi verið áhyggjuefni. Gert er ráð fyrir, að Veðdeildin starfi áfram á sama grundvelli og verið hefur. Ætti verkefni hennar að geta takmarkazt við lánveitingar til jarðakaupa. Eigi þykir gerlegt á þessu stigi að gera tillögur um sérstaka fjáröflun til Veðdeildarinnar að öðru leyti en því, að lagt er til að heimila Stofnlánadeildinni að kaupa bankavaxtabréf Veðdeildarinnar fyrir allt að 10 millj. kr. á ári. Slík bréfakaup verða þó auðvitað því háð, að Stofnlánadeildin hafi fé aflögu frá eigin þörfum. Ætla má þó, að þetta ákvæði geti orðið virkt innan tiltölulega skamms tíma.

Um 14.—21. gr.

Þessar greinar eru í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Um 22. gr.

Um Byggingarsjóð og Ræktunarsjóð eru ákvæði í lögum um Búnaðarbanka Íslands, en ekki þykir þó ástæða til að gera nú breytingu á þeim lögum, heldur láta nægja almennt ákvæði, er í greininni felst.

Um 23. gr.

Erfitt er á þessu stigi að ákveða endanlega hversu hagað verði innheimtu álags á landbúnaðarvörur. Verður því að heimila ákvörðun þess atriðis í reglugerð. Þykir ástæða til að tilgreina það atriði sérstaklega, enda þótt auðvitað kunni að vera þörf á að setja nánari ákvæði í reglugerð um ýmis önnur framkvæmdaatriði.

Um aðrar greinar.

Teknar eru inn í frv. breytingar, sem gerðar voru á lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum með lögum frá 3. júní og 27. marz 1961. Að öðru leyti felast í III.—XI. kafla frumv. efnislega óbreytt ákvæði laganna frá 1957. Er aðeins breytt orðalagi, sem er bein afleiðing af því að Stofnlánadeild landbúnaðarins leysi Byggingarsjóð og Ræktunarsjóð af hólmi.

Fylgiskjal I.

Efnahags- og rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur.

Eignir 31. des.:	1961	1962	1963	1964	1965	1966
Skuldabréf fyrir lánum	407963	419259	448014	479544	513198	549637
Verðbréf o. a.	4418	4418	4418	4418	4418	4418
Bankainnstæða	2179	—	—	—	—	—
Samtals	414560	423677	452432	483962	517616	554055
Skuldir umfram eignir	34678					
Samtals	449238					
Skuldir 31. des.:						
Erlend lán	226814	215419	203689	191426	178749	165625
Mótvirðissjóðslán	127179	148522	171044	194717	218610	243235
Veðdeild Landsbankans ...	34050	31360	29961	28523	27042	25516
Ríkissjóðslán, innlend	61195	—	—	—	—	—
Höfuðstóll	—	28376	47738	69296	93215	119679
Samtals	449238	423677	452432	483962	517616	554055

Rekstrarreikningur.

Tekjur:	1962	1963	1964	1965	1966
Vextir	16394	17603	19947	22479	25167
Framlag ríkissjóðs á fjárlögum	4100	4000	4000	4000	4000
Framl.gjald og mótframlag ríkissjóðs	8000	16480	16974	17484	18008
½% gjald í heildsölu	—	5500	5665	5835	6010
Samtals	28494	43583	46586	49798	53185
Gjöld:					
Vextir	22535	20071	20828	21629	22421
Kostnaður, teiknistofa o. fl.	4100	4150	4200	4250	4300
Rekstrarafgangur	1859	19362	21558	23919	26464
Samtals	28494	43583	46586	49798	53185

Febrúar 1962.

Stofnlánadeildar landbúnaðarins (1000 kr.).

1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975
589521	633221	680977	732959	789291	846114	907077	972788	1046642
4418	4418	4418	4418	4418	4418	4418	4418	4418
—	—	—	—	—	—	—	—	—
593939	637639	685395	737377	793709	850532	911495	977206	1051060
151985	137821	123063	107758	91816	75308	58078	43836	31617
269130	296485	325381	355711	387360	415907	444966	471669	499953
23942	22316	20609	18865	17285	15865	14771	13598	12340
—	—	—	—	—	—	—	—	—
148882	181017	216342	255043	297248	343452	393680	448103	507150
593939	637639	685395	737377	793709	850532	911495	977206	1051060

1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975
28041	31154	34529	38173	41907	46195	50235	54552	59194
4000	4000	4000	4000	4000	4000	4000	4000	4000
18548	19104	19678	20268	20876	21502	22148	22812	23496
6190	6376	6567	6764	6967	7176	7391	7613	7841
56779	60634	64774	69205	73750	78873	83774	88977	94531
23226	24099	24999	26004	26995	28069	28896	29854	30734
4350	4400	4450	4500	4550	4600	4650	4700	4750
29203	32135	35325	38701	42205	46204	50228	54423	59047
56779	60634	64774	69205	73750	78873	83774	88977	94531

Fylgiskjal II.

Greiðsluyfirlit Stofnlána-

	1962	1963	1964	1965	1966
I. Innborganir.					
1. Bankainnstæða í ársbyrjun	2179	—	—	—	—
2. Lán veitt fyrir árslok 1961:					
a. Afborgun	20406	21226	22080	22968	23869
b. Vextir	16394	15574	14720	13824	12890
3. Lán veitt eftir árslok 1961:					
a. Afborgun	—	1089	2915	5048	7493
b. Vextir	—	2029	5227	8655	12277
4. Frá Mótvirðissjóði	25436	27584	29820	31256	33318
5. Fast framlag ríkissj. á fjárlögum	4100	4000	4000	4000	4000
6. Framleiðslugjald	4000	8240	8487	8742	9004
7. Mótframlag ríkissjóðs	4000	8200	8487	8742	9004
8. ½% gjald í heildsölu	—	5500	5665	5835	6010
	76515	93482	101401	109070	117865
II. Útborganir.					
9. Mótvirðissj.lán veitt f. ársl. 1961:					
a. Afborgun	4093	4370	4664	4980	5317
b. Vextir	7643	7396	7133	6853	6553
10. Mótvirðissj.lán veitt e. ársl. 1961:					
a. Afborgun	—	692	1483	2383	3376
b. Vextir	—	1526	3140	4840	6572
11. Erlend: lán					
a. Afborgun	11395	11730	12263	12677	13124
b. Vextir	9542	9057	8552	8024	7478
12. A-lán veðdeildar Landsbankans:					
a. Afborgun	505	542	581	624	669
b. Vextir	1525	1488	1449	1407	1362
13. B-lán veðdeildar Landsbankans:					
a. Afborgun	857	857	857	857	857
b. Vextir	503	454	404	355	306
c. Vísitöluálag	150	150	150	150	150
14. A- og B.lán í vanskilum frá 1961	4500	—	—	—	—
15. Kostnaður, teiknistofu o. fl.	4100	4150	4200	4250	4300
16. Bankainnstæði í árslok	—	—	—	—	—
	44813	42412	44876	47400	50064
I—II Lánveitingar	(31702)	(51070)	(56525)	(61670)	(67801)
⅘ hlutar til 15 ára 6½% vextir	25362	40856	45220	49336	54241
⅕ hluti til 40 ára 6% vextir ..	6340	10214	11305	12334	13560

Febrúar 1962.

deildar landbúnaðarins (1000 kr.).

1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975
—	—	—	—	—	—	—	—	—
24846	25868	26937	28056	25685	20296	20416	21279	22934
11913	10891	9822	8703	7332	6393	5523	4660	3758
10312	13559	17293	21579	26471	31916	37732	44269	51638
16128	20263	24707	29470	34575	39802	44712	49892	55436
36064	39142	42513	45969	49533	48910	52028	52558	56576
4000	4000	4000	4000	4000	4000	4000	4000	4000
9274	9552	9839	10134	10438	10751	11074	11406	11748
9274	9552	9839	10134	10438	10751	11074	11406	11748
6190	6376	6567	6764	6967	7176	7391	7613	7841
128001	139203	151517	164809	175439	179995	193950	207083	225679
5677	6052	6475	6914	7385	7887	8413	9013	9017
6234	5893	5528	5139	4724	4280	3806	3300	2758
4492	5735	7142	8725	10499	12476	14556	16842	19275
8361	10262	12268	14391	16625	18967	21153	23403	25526
13640	14164	14758	15305	15942	16508	17230	14242	12219
6912	6326	5715	5072	4406	3717	3000	2294	1678
717	769	850	887	951	1020	1094	1173	1258
1313	1261	1180	1144	1080	1011	937	857	772
857	857	857	857	629	400	—	—	—
256	207	158	108	59	23	—	—	—
150	150	150	150	101	71	—	—	—
—	—	—	—	—	—	—	—	—
4350	4400	4450	4500	4550	4600	4650	4700	4750
—	—	—	—	—	—	—	—	—
52959	56076	59531	63192	66951	70960	74839	75824	77253
(75042)	(83127)	(91986)	(101617)	(108488)	(109035)	(119111)	(131259)	(148426)
60034	66502	73589	81294	86790	87228	95289	105007	118741
15008	16625	18397	20323	21698	21807	23822	26252	29685

Fylgiskjal III.

Tafla 1. Greiðsluyfirlit Byggingar-

	1961	1962	1963	1964	1965
I. Innborganir.					
1. Frá fyrra ári	3420	—	—	—	—
2. Afborganir lána	2183	2240	2299	2359	2421
3. Vextir lána	3204	3147	3088	3028	2966
4. Framlag ríkissjóðs á fjárlögum	2500	2500	2500	2500	2500
5. Af stóreignaskatti	696	—	—	—	—
Samtals	12003	7887	7887	7887	7887
II. Útborganir.					
6. Erlend lán:					
a. Afborgun	1839	1939	1997	2132	2215
b. Vextir	1669	1582	1486	1388	1286
7. Mótvirðissjóðslán:					
a. Afborgun	74	78	84	89	95
b. Vextir	170	166	160	155	149
8. Ríkissjóðslán:					
a. Afborgun	1176	1176	1176	1176	1176
b. Vextir	1156	1130	1059	989	918
9. A-lán:					
a. Afborgun	471	505	542	581	624
b. Vextir	1559	1525	1488	1449	1407
10. B-lán:					
a. Afborgun	857	857	857	857	857
b. Vextir	552	503	454	404	355
c. Vísitöluálag	110	110	110	110	110
11. A-lán í vanskilum frá 1959 og 1960	4569	—	—	—	—
12. B-lán í vanskilum frá 1959 og 1960	3567	—	—	—	—
13. Kostnaður	2500	2525	2550	2575	2600
Samtals	20269	12096	11963	11905	11792
I.—II. = Greiðsluhalli	8266	4209	4076	4018	3905

sjóðs sveitabæja (1000 kr.).

1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975
—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
2485	2551	2619	2689	2762	2836	2913	2992	3073	3158
2908	2836	2768	2698	2625	2551	2474	2395	2314	2229
2500	2500	2500	2500	2500	2500	2500	2500	2500	2500
—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
7887	7887	7887	7887	7887	7887	7887	7887	7887	7887
2309	2427	2545	2685	2803	2954	3073	3248	1978	1022
1178	1065	948	826	695	558	416	269	128	26
102	108	115	123	131	140	149	159	169	180
142	136	129	121	113	104	95	85	75	64
1176	1176	1176	1176	1176	1176	1176	1176	1176	1176
848	777	706	636	565	495	424	353	283	212
669	717	769	850	887	951	1020	1094	1173	1258
1362	1313	1261	1180	1144	1080	1011	937	857	772
857	857	857	857	857	629	400	—	—	—
306	256	207	158	108	59	23	—	—	—
110	110	110	110	110	81	51	—	—	—
—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
2625	2650	2675	2700	2725	2750	2775	3000	3025	3050
11684	11592	11498	11422	11314	10977	10613	10321	8864	7760
3797	3705	3611	3535	3427	3090	2726	2434	977 ÷	127

Fylgiskjal IV.

Tafla 2. Greiðsluyfirlit

I. Innborganir.	1961	1962	1963	1964	1965
1. Frá fyrra ári	—	—	—	—	—
2. Afborgun lána, veitt fyrir árslok 1960	15772	16391	17037	17710	18406
3. Vextir lána, veitt fyrir árslok 1960	10763	10144	9498	8824	8121
4. Afborgun lána, veitt eftir árslok 1960	—	2558	5027	7776	10782
5. Vextir lána, veitt eftir árslok 1960					
6. Lán frá Framkvæmdab. og Mótvirðissj.	27200	26800	29700	32500	34900
7. Framlag ríkissjóðs á fjárlögum	1600	1600	1600	1600	1600
Samtals	55335	57493	62862	68410	73809
II. Útborganir.					
8. Afb. Mótv.sj.lána., veitt fyrir ársl. 1960	3068	3281	3508	3750	4011
9. Vextir Mótv.sj.lána, veitt fyrir ársl. 1960	6790	6740	6513	6271	6010
10. Lántökugjald	272	268	297	325	349
11. Afb. Mótv.sj.lána, veitt eftir ársl. 1960	—	551	1142	1843	2662
12. Vextir Mótv.sj.lána, veitt eftir ársl. 1960	—	2301	4520	6933	9522
13. Afborgun innlends láns ríkissjóðs	765	765	765	765	765
14. Vextir innlends láns ríkissjóðs	754	734	688	642	596
15. Afborgun erlendra lána	9121	9456	9733	10131	10462
16. Vextir erlendra lána	8342	7960	7571	7164	6738
17. Kostnaður	2175	2225	2275	2325	2375
Samtals	31287	34281	37012	40149	43490
I.—II. = Lánveitingar	24048	23212	25850	28261	30319

Fylgiskjal V.

Tafla 8. Áhrif gengislækkana á

Ár	Ræktunarsjóður	Byggingarsjóður	Samtals
1961	8764	2266	11030
1962	8741	2275	11016
1963	8684	2250	10934
1964	8680	2274	10954
1965	8632	2262	10894
1966	8590	2253	10843
1967	8562	2256	10818
1968	8530	2256	10786

Ræktunarsjóðs (1000 kr.).

1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975
—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
19106	18871	20669	21503	22374	19742	14077	13907	14464	15795
7387	6623	5824	4991	4120	3210	2347	1767	1210	632
14007	17496	21255	25513	30229	35434	40761	45453	50440	55793
37800	41800	46100	51000	56200	61600	63200	68700	71600	78600
1600	1600	1600	1600	1600	1600	1600	1600	1600	1600
79900	86390	95448	104607	114523	121586	121985	131427	139314	152420
4288	4587	4896	5248	5613	6005	6424	6861	7367	7271
5733	5434	5125	4773	4408	4016	3597	3160	2654	2165
378	418	461	510	562	616	632	687	716	786
3600	4676	5929	7378	9049	10981	13180	15606	18354	21400
12242	15128	18257	21640	25315	29283	33538	37742	42196	46656
765	765	765	765	765	765	765	765	765	765
551	505	459	413	367	321	275	229	184	138
10815	11213	11619	12073	12502	12988	13435	13982	12264	11197
6300	5847	5378	4889	4377	3848	3301	2731	2166	1652
2425	2475	2525	2575	2625	2675	2725	2775	2825	2875
47097	51048	55414	60264	65583	71498	77872	84538	89491	94905
32803	35342	40034	44343	48940	50088	44113	46889	49823	57515

árgjöld erlendra lána (1000 kr.).

Ár	Ræktunarsjóður	Byggingarsjóður	Samtals
1969	8513	2268	10781
1970	8471	2260	10731
1971	8449	2269	10718
1972	8399	2254	10653
1973	8388	2272	10660
1974	7242	1360	8602
1975	6448	677	7125

Fylgiskjal VI.

Tafla 7. Vaxtatekjur og vaxtagjöld af

	1961	1962	1963	1964	1965
1. Lán veitt fyrir ársl. 1960, eftirst. 1. jan.	100677	97609	94328	90820	87070
2. Lán veitt eftir ársl. 1960, eftirst. 1. jan.	—	27200	53449	82007	112664
Samtals	100677	124809	147777	172827	199734
3. Árleg vaxtagreiðsla:					
af 1. 6½%	6790	6740	6513	6271	6010
af 2. 8½%	—	2301	4520	6933	9522
Samtals	6790	9041	11033	13204	15532
4. Árlegar vaxtatekjur:					
af 1. 4%	4027	3904	3773	3633	3483
af 2. 6½%	—	1768	3474	5330	7323
Samtals	4027	5672	7247	8963	10806
5. Vaxtamismunur = 3.—4.	2763	3369	3786	4241	4726

Vaxtamismunur 1961—1975 100674 þús. kr.

Fylgiskjal VII.

Tafla 5. Efnahags- og rekstrarreikningar Bygg-

Efnahagsreikningur.

Eignir 31. desember:	1960	1961	1962	1963
Skuldabréf fyrir lánum	108685	106502	104262	101963
Verðbréf og annað	3294	3294	3294	3294
Sjóður	3420	—	—	—
Samtals	115399	109796	107556	105257
Skuldir umfram eignir	—	—	—	—
Samtals	—	—	—	—
Skuldir 31. desember:				
Innl. lán frá ríkissjóði	20000	18824	17648	16472
Mótvirðissjóðslán	2665	2591	2513	2429
Erlend lán	35166	33327	31388	29391
Veðdeild Landsbankans	38921	35030	33668	32269
Lán vegna greiðsluhalla	—	8265	13135	18262
Höfuðstóll	18647	11759	9204	6434
Samtals	115399	109796	107556	105257

Mótvirðissjóðslánum Ræktunarsjóðs (1000 kr.).

1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975
83059	78771	74184	69288	64040	58427	52422	45998	39137	31770
144902	179102	216226	256397	300019	347170	397789	447805	500899	554145
227961	257873	290410	325685	364059	405597	450211	493803	540036	585915
5733	5434	5125	4773	4408	4016	3597	3160	2654	2165
12242	15128	18257	21640	25315	29283	33538	37742	42196	46656
17975	20562	23382	26413	29723	33299	37135	40902	44850	48821
3322	3151	2967	2772	2562	2337	2097	1840	1565	1271
9419	11642	14055	16666	19501	22566	25856	29107	32558	36019
12741	14793	17022	19438	22063	24903	27953	30947	34123	37290
5234	5769	6360	6975	7660	8396	9182	9955	10727	11531

ingarsjóðs sveitabæja 1960—1970 (1000 kr.).

1964	1965	1966	1967	1968	1969	1970
99604	97183	94698	92147	89528	86839	84077
3294	3294	3294	3294	3294	3294	3294
—	—	—	—	—	—	—
102898	100477	97992	95441	92822	90133	87371
—	—	3360	7187	11336	15810	20684
—	—	101352	102628	104158	105943	108055
15296	14120	12944	11768	10592	9416	8240
2340	2245	2143	2035	1920	1797	1666
27259	25044	22735	20308	17763	15078	12275
30831	29350	27824	26250	24624	22917	21173
23741	29545	35706	42267	49259	56735	64701
3431	173	—	—	—	—	—
102898	100477	101352	102628	104158	105943	108055

Rekstrarreikningur.

Tekjur:	1961	1962	1963
Vextir	3204	3147	3088
Ríkissjóðstillag	3196	2500	2500
Halli	6888	2555	2770
Samtals	13288	8202	8358
Gjöld:			
Vextir	10788	5016	4757
Vextir vegna greiðsluhalla (8%)	—	661	1051
Kostnaður	2500	2525	2550
Samtals	13288	8202	8358

Fylgiskjal VIII.

Tafla 6. Efnahags- og rekstrarreikningar

Efnahagsreikningur.

Eignir 31. desember:	1960	1961	1962	1963
Skuldabréf fyrir lánum	266823	275099	280925	278718
Verðbréf og annað	1448	1448	1448	1448
Samtals	268271	276547	282373	289166
Skuldir umfram eignir	49422	55392	62313	70072
Samtals	317693	331939	344686	359238
Skuldir 31. desember:				
Innlend lán frá ríkissjóði	13000	12235	11470	10705
Erlend lán	204016	194895	185439	175076
Mótvirðissjóðslán	100677	124809	147777	172827
Samtals	317693	331939	344686	359238

Rekstrarreikningur.

Tekjur:	1961	1962	1963
Vextir	10763	11707	12505
Ríkissjóðstillag	1600	1600	1600
Halli	5970	6921	7759
	18333	20228	21864
Gjöld:			
Vextir og lántökugjöld	16158	18003	19589
Rekstrarkostnaður	2175	2225	2275
	18333	20228	21864

1964	1965	1966	1967	1968	1969	1970
3028	2966	2902	2836	2768	2698	2625
2500	2500	2500	2500	2500	2500	2500
3003	3258	3533	3827	4149	4474	4874
8531	8724	8935	9163	9417	9672	9999
4495	4225	3946	3657	3361	3031	2735
1461	1899	2364	2856	3381	3941	4539
2575	2600	2625	2650	2675	2700	2725
8531	8724	8935	9163	9417	9672	9999

Ræktunarsjóðs 1960—1970 (1000 kr.).

1964	1965	1966	1967	1968	1969	1970
295049	302364	309910	318473	327953	338611	350369
1448	1448	1448	1448	1448	1448	1448
296497	303812	311358	319921	329401	340059	351817
78752	88437	99223	111219	124630	139508	156021
375249	392249	410581	431140	454031	479567	507838
9940	9175	8410	7645	6880	6115	5350
165575	155113	144298	133085	121466	109393	96891
199734	227961	257873	290410	325685	364059	405597
375249	392249	410581	431140	454031	479567	507838

1964	1965	1966	1967	1968	1969	1970
13380	14305	15243	16211	17194	18322	19541
1600	1600	1600	1600	1600	1600	1600
8680	9685	10786	11996	13411	14878	16513
23660	25590	27629	29807	32205	34800	37654
21335	23215	25204	27332	29680	32225	35029
2325	2375	2425	2475	2525	2575	2625
23660	25590	27629	29807	32205	34800	37654

Nd. 368. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveim fundum og mælir með því, að það verði samþykkt. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Geir Gunnarsson.

Alþingi, 9. marz 1962.

Birgir Finnsson, form.	Matthías Á. Mathiesen, fundaskr., frsm.	Pétur Sigurðsson, með fyrirvara.
	Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.	

Ed. 369. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.
Einn nefndarmanna (KK) var fjarverandi vegna veikinda.

Alþingi, 9. marz 1962.

Ólafur Björnsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Björn Jónsson.
	Magnús Jónsson.	

Ed. 370. Frumvarp til laga [171. mál]

um almannavarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðilja samkvæmt lögum.

Almannavarnir skulu veita aðstoð samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðherra, ef tjón vofir yfir eða hefur orðið af náttúruhamförum eða annarri vá.

2. gr.

Krefjast má aðstoðar opinberra aðilja, einstaklinga og stofnana til undirbúnings þeim ráðstöfunum, er 1. gr. fjallar um.

Öllum er skylt að veita trúnaðarmönnum almannavarna þær upplýsingar, sem þeir þarfnast til þess að framkvæma þau störf, sem lögin fela þeim.

3. gr.

Á hættutímum er ríkisstjórninni heimilt að gefa út sérstök fyrirmæli um almenna umferð, reglur og öryggi á opinberum stöðum og svæðum, sem almenningur hefur aðgang að. Sama máli gegnir á öðrum tímum, þegar æfingar í þágu almannavarna standa yfir.

Ef hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri bannað að nokkru eða öllu leyti notkun samkomuhúsa og annarra samkomustaða, sem almenningur hefur aðgang að.

II. KAFLI

Skipulag almannavarna.

4. gr.

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr. Hann skipar forstöðumann almannavarna í landinu og setur honum erindisbréf. Skipunin má vera tímabundin.

Forstöðumaður hefur á hendi heildarskipulagningu almannavarna, sér um framkvæmdir á þeim þáttum, er undir ríkisvaldið falla, þ. á m. fjarskipti milli umdæma, mælingu á geislavirkni, viðvörun, fræðslustarfsemi, kennslu yfirmanna og leiðbeinenda, skipulagningu og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Hann hefur enn fremur umsjón með almannavörnum sveitarfélaga.

5. gr.

Landlæknir fer, samkvæmt nánari fyrirmælum heilbrigðismálaráðherra, með stjórn þeirra þátta almannavarna, er varða sjúkrahúsmál, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum.

Forráðamönnum sjúkrahúsa ber, samkvæmt fyrirmælum landlæknis, að undirbúa og framkvæma ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að geta veitt sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum. Þeim ber og að taka þátt í undirbúningi að stofnun og rekstri varasjúkrahúsa.

6. gr.

Almannavarnaráð, er ráðherra skipar, skal vera til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti, auk forstöðumanns, sbr. 4. gr., sem er formaður þess, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri.

7. gr.

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi.

Ráðstafanir til almannavarna, sbr. 9. gr., skal hefja, þar sem ríkisstjórnin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að grannhéruð eða bæir hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð.

8. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, sem ástæða þykir til, sbr. 7. gr., skipar sveitarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarstjóri, lögreglustjóri, borgarlæknir, borgarverkfræðingur, slökkviliðsstjóri og tveir menn, er borgarráð velur. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar bæjarstjóra (oddvita), lögreglustjóra, héraðslækni, bæjarverkfræðingi eða byggingafulltrúa, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og slökkviliðsstjóra. Nú eru framangreindir embættismenn ekki allir heimilisfastir á stað, þar sem ástæða þykir til almannavarna, og

skulu þá lögreglustjóri og héraðslæknir þess umdæmis, ásamt bæjarstjóra (oddvita) á staðnum, tilnefna í þeirra stað menn, er sveitarstjórn skipar síðan til starfsins.

Í Reykjavík er borgarstjóri formaður nefndarinnar, en borgarstjórn skipar nefndinni sérstakan framkvæmdastjóra. Annars staðar eru bæjarstjórar (oddvitar) formenn nefndarinnar.

9. gr.

Almannavarnanefndum er falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma þeirra, samkvæmt nánari reglum, er ráðherra setur:

1. Viðvörunarkerfi.
2. Skipulagning hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður. Hjálparliðum má skipta í hverfisflokka, er gegna störfum í ákveðnu hverfi þéttbýlis, og umdæmissveitir, sem koma til aðstoðar, ef tjón er það umfangsmikið, að hverfisflokkur fær eigi við ráðið. Flokkar umdæmissveita skulu þjálfaðir í einstökum greinum almannavarna: eldvörnum, björgun og sjúkraflutningum, ruðningsstarfi, hjálparstarfi vegna tjóns af völdum geislavirkni, sýkla eða eiturefna, löggæzlu, fjarskiptaþjónustu, tækniþjónustu og félagslegu hjálparstarfi.
3. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.
4. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja, samkvæmt áætlun, sem ráðherra samþykkir.
5. Stjórnstöðvar.
6. Fjarskiptakerfi.
7. Birgðageymslur og birgðavarzla.
8. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings og móttöku fólks af hættusvæði.
9. Aðrar ráðstafanir, er ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarnaráðs.

III. KAFLI
Hjálparlið.

10. gr.

Það er borgaraleg skylda þeirra, sem eru á aldrinum 18—65 ára, að gegna, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi, þar sem þeir dveljast, samkvæmt fyrirmælum, er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til dómsmálaráðherra.

Kveðja má þá, sem eru á aldrinum 16—18 ára eða yfir 65 ára, til starfs, ef þeir óska þess sjálfir.

Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni starfi í þágu almannavarna.

Þeim, sem kvaddir hafa verið til starfs, ber að koma til læknisskoðunar, ef nauðsynlegt þykir.

11. gr.

Ef hætta vofir yfir eða tjón hefur orðið, má kveðja hvern fulltíða mann, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við störf í þágu almannavarna.

12. gr.

Þeir, sem starfa eiga í hjálparliðum, skulu taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir hafa verið kvaddir til. Þeim ber að hlýða fyrirmælum og fara eftir starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis.

Ef hætta vofir yfir, má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæminu án samþykkis lögreglustjóra eða þess, er hann tilnefnir.

13. gr.

Ef maður verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu, á hann rétt á bótum.

14. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um starfsskyldu skv. 10. gr. Skal að því stefnt, að starfskvöð komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðherra ákveður hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna.

IV. KAFLI
Einkavarnir.

15. gr.

Atvinnufyrirtækjum, sem hafa yfir 100 manns við störf á sama stað, er skylt samkvæmt fyrirmælum almannavarnanefndar, að gera öryggisráðstafanir á vinnustað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns vegna hernaðaraðgerða.

Ráðherra getur leyst fyrirtæki undan skyldu til einkavarna. Hann getur einnig, ef sérstaklega stendur á, fyrirskipað einkavarnir á vinnustað, enda þótt færri starfi þar en segir í 1. mgr.

16. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ástæða þykir til, getur almannavarnanefnd skipt svæðum í hverfi. Ber íbúum hvers hverfis að annast einkavarnir með gagnkvæmri hjálp í hverfinu samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

17. gr.

Húseigendum er skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að hafa í húsum sínum nauðsynleg björgunar- og eldvarnatæki eftir því sem almannavarnanefnd ákveður nánar.

Nú er mannvirki þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, og getur ráðherra þá fyrirskipað eiganda eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þá þátt í kostnaði.

Trúnaðarmönnum almannavarna er heimill aðgangur að fasteignum til eftirlits með ráðstöfunum til einkavarna.

18. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að sérstakar ráðstafanir til almannavarna séu gerðar vegna skipa, flugvéla og annarra samgöngutækja.

19. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um einkavarnir, þar sem m. a. verða ákveðnar hámarkskvaðir, sem leggja má á atvinnufyrirtæki og húseigendur.

Ef fyrirmælum almannavarnanefndar um ráðstafanir til einkavarna er ekki hlýtt, má framkvæma þær á kostnað eiganda eða umráðamanns. Kröfu um endurheimt fylgir lögtaksréttur.

Ákvörðun almannavarnanefndar um einkavarnir má skjóta til ráðherra.

V. KAFLI
Flutningur fólks af hættusvæðum.

20. gr.

Ef brýna nausyn ber til, að fólk flytji af hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, getur ríkisstjórnin ákveðið brottflutning.

Ráðherra setur reglur um áætlun og framkvæmd brottflutnings.

21. gr.

Nú hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun samkv. 1. mgr. 20. gr., og er þá öllum skylt, sem um það fá fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu, á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður.

Engum er heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á.

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi skip, vélknúin ökutæki og flugvélar í því skyni að greiða fyrir brottflutningi þess fólks, sem ekki getur séð sér sjálft fyrir farkosti, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ er á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlynningar.

Á neyðarstundu er heimilt að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki, sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því húsaskjól, svo og fæði, ef nauðsynlegt er.

Sveitarfélag, sem flutt er frá, greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis, sem látið er í té, samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim, sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt að ljá til almannavarna hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

Ráðherra getur krafizt, að ríki eða sveitarfélagi verði fengið til afnota eða umráða lausafjármunir og fasteignir eða hluti af þeim, sem brýn þörf er á til almannavarna, enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna. Heimilt er að gera þær breytingar á eignum, sem þörf er á, til þess að þær komi að tilætluðum notum. Um framkvæmd þessarar greinar skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, eftir því sem við á.

24. gr.

Ákveða má með reglugerð, að í húsi af tiltekinni stærð, sem byggt er eftir gildistöku laga þessara, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá, sem í húsinu búa eða starfa. Húseigandi greiðir kostnað vegna byrgisins, og skal það fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi, sem reglugerðin kveður á um.

25. gr.

Kostnaður samkv. 4. gr. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Ríkissjóður greiðir kostnað samkvæmt 5. gr., en hlutaðeigandi sveitarstjórnum ber að endurgreiða þriðjung kostnaðarins. Nú hefur sveitarstjórn fyrir gildistöku laga þessara aflað sjúkrahúsgagna til almannavarna, og má þá sveitarfélagið greiða sinn hluta kostnaðarins með þeim.

Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en um getur í 1. og 2. mgr., greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, en endurgreiða skal úr ríkissjóði tvo þriðju hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum, en helming annars kostnaðar.

26. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum nr. 52 27. júní 1941, svo og breytingar á þeim lögum nr. 13 15. maí 1942 og nr. 103 15. desember 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrstu ákvæði í íslenzkum lögum um loftvarnaráðstafanir er að finna í bráðabirgðalögum um loftvarnaráðstafanir frá 2. ágúst 1940. Þegar bráðabirgðalögin komu til meðferðar Alþingis var gerð á þeim nokkur breyting og þar á meðal á fyrirsögn laganna og þau gefin út sem „Lög um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum nr. 52 27. júní 1941".

Allsherjarnefnd Nd., þar sem frv. var lagt fram, beitti sér fyrir breytingum á bráðabirgðalögunum, og segir svo um þær í nefndarálitinu: „Miðast breytingartillögur nefndarinnar, er hér fara á eftir, fyrst og fremst við það, að ekki sé einhlítt að einskorða varnirnar við ráðstafanir gegn loftárásum, þó að þær hljóti að vísu að vera aðalatriðið, heldur verði að hafa í huga hernaðaraðgerðir yfirleitt, hvers eðlis sem eru. Í annan stað þykir nefndinni ekki verða komizt hjá að gera ráð fyrir þeim hörmungum, að fólk neyðist til að flýja heimili sín undan hernaði, ef til vill mjög skyndilega og hópum saman úr þéttbýli. Ef slíkt kemur fyrir, er auðsætt, að róttækra aðgerða getur orðið þörf þvílíku flóttafólki til flutnings". Var af þessari síðari röksemd bætt inn í bráðabirgðalögin heimild til ríkisstjórnarinnar að taka leigunámi skip, bifreiðir og önnur farartæki, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ kann að vera á flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlynningar.

Algjör samstaða var um afgreiðslu málsins í þinginu og það samþykkt í báðum deildum með samhljóða atkvæðum.

Hvorki á Alþingi né annars staðar greindi menn á um nauðsyn þess eða skyldu opinberra stjórnvalda að hafa forgöngu um, að gerðar væru ráðstafanir til varnar og aðstoðar almenningi gegn tjóni af völdum styrjaldar, loftárásum eða öðrum hernaðaraðgerðum.

Með l. nr. 103 15. des. 1951 er gerð breyting á lögunum frá 1941. Þar er enn sem fyrr, að sú breyting er staðfesting á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 24. maí 1951, en um ástæðuna fyrir útgáfu þeirra segir svo: „... að síðustu mánuðina hafi verið starfað að athugunum um það, hvað gera skyldi, ef til loftárása eða annarra hernaðaraðgerða kynni að koma hér á landi". Segir síðan, að sú athugun hafi leitt í ljós, að hentugra væri og eðlilegra að haga skipan loftvarnanefnda með nokkuð öðrum hætti en eldri lögin ákváðu og var það eitt efni þessara bráðabirgðalaga. Enginn ágreiningur var um málið í þinginu og það samþykkt í báðum deildum með samhljóða atkvæðum.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að mönnum þótti á þessum tíma svo uggvænlegt ástand í heiminum, að ekki mætti undir höfuð leggjast að gera hér varúðarráðstafanir. Af þeim sökum var einnig á þessu ári, 1951, gerður „Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins", 5. maí 1951, og staðfestur á næsta Alþingi sem „Lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess", nr. 110 19. des. 1951.

Í júní 1951 var skipuð Loftvarnanefnd Reykjavíkur og tók þegar til starfa, en frá stríðslokum hafði öll slík starfsemi legið niðri hér.

Um starfsemi og aðgerðir Loftvarnanefndar Reykjavíkur liggur fyrir yfirlitsskýrsla, gerð í des. 1956, og fylgir hún þessu frv. sem fylgiskjal nr. I. Af þessari skýrslu verður séð, hvernig málum var komið hér á þessum tíma í Reykjavík, en annars staðar á landinu mun ekki hafa verið aðhafzt.

Síðan voru felldar niður á fjárlögum fyrir árið 1957 allar fjárveitingar af hálfu ríkissjóðs til aðgerða nefndarinnar, en voru áður 750 þús. kr. á móti jafnháu fram-

lagi bæjarsjóðs Reykjavíkur. Reykjavíkurbær hélt áfram óbreyttu framlagi sínu 1957 — en veitti síðan minni upphæðir til nauðsynlegrar varðveizlu þeirra tækja og birgða, sem nefndin hafði aflað.

Þannig var þessum málum komið á síðastliðnu hausti, að allar varúðarráðstafanir til varnar, aðstoðar og líknar almenningi, sem leiða kynnu af hernaðaraðgerðum annarra þjóða, voru með öllu niður fallnar.

Vísast um þetta nánar til bréfs Loftvarnanefndar Reykjavíkur til dómsmálaráðherra, dags. 4. okt. 1961, fskj. nr. II.

„Spennan" í heimsmálum hefur hins vegar tæplega verið öllu meiri en um þessar mundir og er svo enn. Skal ekki á þessum vettvangi sú saga rakin. En ófriðarblikan vofði ekki aðeins yfir Afríku, heldur höfðu Sameinuðu þjóðirnar sogazt inn í geigvænlegar hernaðaraðgerðir í Kongó í þeim tilgangi að slökkva þá ófriðarelda, sem sífellt loguðu þar. Byltingin í Cubu og síðari gagnbyltingartilraun gat hvort tveggja hæglega orðið kveikja meiri aðgerða á vesturhveli og nú nýverið hefur sorfið til aðgerða af hálfu annarra Ameríku ríkja með því að reka Cubu úr samtökum þeirra. Í Asíu voru og eru sífelldar hernaðaraðgerðir milli Rauða-Kína og Formósu — og alvarleg átök og óvissa hér og hvar — í Laos, Vietnam, Indlandi og víðar. Enn er svo ótalin Berlínardeilan, sem nú um langt skeið hefur staðið eins og fleinn í holdi friðsamlegrar sambúðar stórveldanna, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, og ægir nú meir en nokkuð annað friði í Evrópu milli Sovétríkjanna og austurblokkarinnar annars vegar og NATO-ríkjanna hins vegar. Hafa boðar þeirrar ólgu borizt til Skandinavisku ríkjanna svo sem kunnugt er og lagst með þeim þunga á Finna, að almenningi hér og á Norðurlöndum hefur þótt miklu meira en nóg um, enda eru þessar þjóðir svo nærstæðar hver annarri, að þeim skilst betur hver alvaran er, þegar sverfur að einhverri þeirra.

Það vakti svo að sjálfsögðu heimsathygli og feykilegan ugg og óróa hér á landi, þegar Sovétríkin hófu hinar miklu atómsprengingar á síðastliðnu hausti og sprengdu alls 30 vetnissprengjur á liðlega mánaðar tíma við Novaja Semlja og þar á meðal helsprengjuna miklu, 50—70 milljón tonna sprengju, en helryk hennar svífur nú umhverfis jörðu, og vísindamenn ráðgerðu að hafa þyrfti uppi um heim allan athuganir og e. t. v. varúðarráðstafanir til verndar heilsu manna af þessum vágesti fram á næsta vor. Lét Alþingi, eins og kunnugt er, mál þetta til sín taka með samþykkt þingsályktunartillögu á síðastliðnu hausti.

Um þetta leyti síðla hausts 1961, hófust umræður um það innan ríkisstjórnarinnar, að óverjandi væri að gera ekki gangskör að því að hefja hér rannsóknir og undirbúning almannavarna, miðað við aðstæður hér og reynslu annarra í þessum efnum. Hóf dómsmálaráðherra viðræður við loftvarnanefndina í Reykjavík, ásamt borgarstjóranum í Reykjavík. Þótti sýnt, að breyta þyrfti skipan þessara mála frá því sem áður hafði verið, en þó eigi fyrr en að undangenginni gaumgæfilegri athugun og eftir að gefizt hefði tóm til að kynna sér viðhorf og reynslu annarra þjóða og fá álitsgerðir og leiðbeiningar þeirra, sem unnið hefðu að slíkum málum, eða styddust við nauðsynlega sérþekkingu.

Varð að ráði, að formaður Loftvarnanefndar Reykjavíkur, Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri, og dr. Jón Sigurðsson, borgarlæknir, tókust á hendur ferð til Norðurlanda, til þess að kynna sér aðgerðir og reynslu þessara þjóða, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur, en allar eru þessar þjóðir taldar standa framarlega í þessum málum og hafa allar nær óslitið lagt af mörkum stórfé til undirbúnings almannavarna frá styrjaldarlokum, en einkum þó síðari árin með hliðsjón af þróun hernaðartækni og nýrra vopna. Jafnframt voru gerðar ráðstafanir til þess að fá hingað sérfræðinga á þessu sviði. Í þeim erindum komu hingað R. Holtermann, hershöfðingi, sem er yfirmaður almannavarna („civilforsvaret") í Noregi og C. Toftemark, yfirlæknir hjá heilbrigðisstjórninni dönsku, en hann veitir forstöðu þeim þætti almannavarna í Danmörku, er falla undir hann.

Höfðu þeir hér samvinnu við Loftvarnanefnd Reykjavíkur og létu dómsmála-

ráðherra í té álitsgjörðir eftir að hafa kynnt sér aðstæður hér, svo sem verða mátti. Þessar álitsgerðir fylgja greinargerð þessari sem fskj. nr. III. og IV.

Heilbrigðismálaráðuneytið, undir forystu landlæknis, dr. Sigurðar Sigurðssonar, hafði forgöngu um að rannsakað væri og mælt geislavirkt úrfall, en eðlisfræðistofnunin hér hefur annazt það verk. Haft hefur verið samráð við hérlenda og erlenda sérfræðinga varðandi þennan þátt almannavarna og safnað upplýsingum erlendis frá.

Eftir áramótin fól dómsmálaráðherra Jóhanni Hafstein, bankastjóra, sem gegnt hafði embætti dómsmálaráðherra við undirbúningsaðgerðir á síðastliðnu hausti, að hafa forgöngu um að undirbúa frv. að nýrri löggjöf um almannavarnir. Í samráði við hann unnu svo aðallega að samningu þessa frv. Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri, dr. Jón Sigurðsson, borgarlæknir, og Hjálmar Blöndal, hagsýslustjóri, sem verið hafði framkvæmdastjóri Loftvarnanefndar Reykjavíkur, en jafnframt hefur verið haft samráð við nefndina og borgarstjórann í Reykjavík.

Íslendingum er vissulega mjög framandi allt það, sem að hernaði lýtur eða afleiðingum hernaðar. Því hafa menn spurt: Hvað eru almannavarnir? En þær eru einfaldlega sérhverjar ráðstafanir, sem að því lúta að forða frá manntjóni og eigna, sem af hernaði eða árás kynni að leiða, að bæta tjón af sömu sökum, líkna og hjúkra þeim, sem eiga um sárt að binda, — almannavarnir stefna að því að bjarga mannslífum.

Frv. það, sem hér er lagt fram, byggir að nokkru á annarri skipan en eldri lög um loftvarnir og aðrar varnir gegn hættum af hernaðaraðgerðum og er að öðru leyti mun ýtarlegra og yfirgripsmeira.

Eldri lögin frá 27. júní 1941 ákveða, að bæjar- eða sveitarstjórnum sé heimilt, í samráði við ríkisstjórnina, eins og segir í 1. gr., að gera hvers konar ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að frumkvæði og forysta um almannavarnir sé í höndum ríkisstjórnarinnar, og að ráðstafanir til almannavarna skuli hefja þar, sem ríkisstjórnin ákveður, en haft sé samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða sýslunefndir (7. gr.).

Ráðherra skipar forstöðumann almannavarna í öllu landinu (4. gr). Almannavarnaráð, sem ráðherra skipar, skal vera til ráðuneytis um allar framkvæmdir almannavarna (6. gr.). Landlæknir fer með stjórn þeirra þátta almannavarna, er snerta sjúkrahúsmál, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum (5. gr.).

Síðan er gert ráð fyrir, að í kaupstöðum og annars staðar, sem ástæða þykir til, skipi sveitarstjórnirnar sjálfar almannavarnanefndir. Frv. skilgreinir verkefni þeirra, sbr. 8. og 9. gr.

Af sjálfri yfirstjórn almannavarna í öllu landinu, sbr. 4. gr., greiði ríkisstjórn allan kostnað. Kostnað þeirra almannavarna, sem undir landlækni heyra, sbr. 5. gr., greiðir ríkissjóður einnig, en hlutaðeigandi sveitarstjórnum ber að endurgreiða þriðjung kostnaðar.

Kostnað af öðrum ráðstöfunum til almannavarna greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður, en ríkissjóði ber að endurgreiða tvo þriðju hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum, en helming annars kostnaðar (25. gr.).

Samkvæmt 10. gr. frv. er það borgaraleg skylda að starfa í þágu almannavarna. Þetta er í samræmi við eldri ákvæði laganna frá 1941, en þar segir í 4. gr.: „Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum, eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefndar, svo og að hlýða öllum fyrirmælum og reglum varðandi slíkar ráðstafanir, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum“. Við þessa grein var síðar bætt með l. nr. 13 15. maí 1942, og fellt inn í lögin eftirfarandi:

„Húseigendum skal skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að annast um að til séu í húsum þeirra nauðsynleg eldvarnartæki eftir því, sem loftvarnanefnd, með samþykki bæjar- eða sveitarstjórnar, nánar ákveður“. Hin borgaralega skylda samkvæmt frv. þessu, í sambandi við hjálparliðin samkvæmt 3. kafla, er raunar miklu skilgreindari en nú er í lögum, og þar af leiðandi takmarkaðri en áður.

Margt er það í frv. þessu, sem mönnum kann að koma nýstárlega fyrir sjónir. Við nánari athugun mun þó skiljast, að allt liggur þetta í hlutarins eðli, ef menn vilja ekki hafa aðferð strútsins og verjast hættunni með því að stinga höfðinu í sandinn, en horfast hreinskilnislega í augu við þann vanda, sem við blasir. Hér er um að ræða að lögbjóða framhald ráðstafana, sem hafnar voru af raunsæi í Reykjavík 1951 og haldið áfram með þeim hætti, þótt þær hafi stöðvazt í bili, að byggja má áfram á öllu því, sem þá var gert, sbr. álitsgerðir hinna erlendu sérfræðinga. Aðeins verður að ganga lengra og samræma jafnframt aðgerðir samliggjandi bæja og byggðarlaga og gæta varúðar hvar sem er í landinu, ef þörf krefur.

Þess er að vænta, að menn séu á eitt sáttir um tilgang þessa frv. og mönnum skiljist jafnframt, að margt það, sem frv. tekur til, kemur einnig í haginn á friðartímum — og býr okkur jafnframt undir að geta betur mætt voveiflegum hlutum, sem skeð geta og hafa skeð hér á landi af náttúruhamförum, eldgosum, jarðskjálftum eða annarri vá.

Þykir ekki ástæða til hér, í hinni almennu greinargerð, að skýra frv. nánar, en þess vænzt, að í eftirfarandi athugasemdum við einstakar greinar frv. sé við bætt þeim skýringum, sem þurfa þykir.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Um 1. gr.

Rétt þykir að skilgreina hlutverk almannavarna og marka þeim ákveðnara starfssvið en gert er í gildandi lögum um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum, nr. 52 27. júní 1941. Jafnframt er starfssviðið fært út, þannig að löggjöfin nái ekki einungis til líkamstjóns og eigna- af völdum hernaðaraðgerða, heldur og til tjóns, sem stafað getur af náttúruhamförum eða annarri vá. Samkvæmt reynslu annarra þjóða, hafa skipulagðar almannavarnir orðið til ómetanlegs gagns á því sviði. Má vænta sömu reynslu hér í landi eldgosa, jarðskjálfta og annarra náttúruhamfara.

Tilgangur almannavarna er fyrst og fremst sá að bjarga mannslífum, annars vegar með því að koma í veg fyrir tjón og hins vegar með ráðstöfunum til þess að draga úr tjóni, sem orðið hefur. Undir hið fyrrnefnda fellur m. a. ýmis konar leiðbeiningar til almennings, mæling á geislavirkni, aðvörunarkerfi, öryggisskýli, skipulagning á brottflutningi fólks af hættusvæðum, ef til hans þyrfti að koma, eldvarnaráðstafanir í húsum o. fl. Undir ráðstafanir til þess að draga úr tjóni, sem orðið hefur, fellur hins vegar björgun fólks úr rústum eða af hættusvæði, flutningur sjúkra og særðra, læknismeðferð og hjúkrun á þeim, matargjafir og önnur aðhlynning heimilislausra, slökkvistörf o. fl.

Hér á landi starfa ýmis félagssamtök að líknar- og björgunarmálum. Vinna þau þjóðfélaginu mikið gagn með fórnfúsu hjálparstarfi. Eigi má draga úr starfsemi þeirra, heldur ber þvert á móti að styðja þau og styrkja eftir föngum. Hjálparstarf almannavarna kemur þá fyrst til, ef hætta eða tjón er svo umfangsmikið, að félagssamtök og stofnanir, sem fást við líknar- og björgunarstörf á venjulegum tímum, hafa eigi bolmagn til að veita nauðsynlega hjálp. Þykir rétt, að ráðherra meti hverju sinni, hvort þannig sé ástatt.

Um 2. gr.

Skipulagning og undirbúningur almannavarna er víðtækt starf og vandasamt. Í sambandi við það verður eigi hjá því komizt að leita margvíslegra upplýsinga, ráðlegginga og aðstoðar hjá opinberum aðilum, einstaklingum og stofnunum. Í greininni eru ákvæði um skyldu til að láta slíka aðstoð í té. Langoftast myndi veitt aðstoð ekki vera umfangsmeiri en svo, að ekki kæmi til endurgjalds. Ef aðstoðin hefði hins vegar í för með sér útgjöld eða fjárhagslegt tjón fyrir þann, sem aðstoðina veitti, myndi rétt að greiða hæfilegar bætur.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar miða að því að veita heimild til sérstakra ráðstafana, er snerta almenna umferð og öryggi á almannafæri á hættutímum. Dæmi þess eru fyrirmæli um skyldu til að víkja af almannafæri, ef aðvörunarmerki er gefið, fara í öryggisskýli o. s. frv. Ákvæðin ná eingöngu til þeirra, sem staddir eru á almannafæri eða opinberum stöðum, sem almenningur á aðgang að. Ætlazt er hins vegar til þess, að fólk, sem statt er í einkahúsum, ráði því sjálft, hvort það leitar sér skjóls í öryggisskýlum eða kýs heldur að vera um kyrrt, þar sem það er komið, unz merki er gefið um, að hætta sé liðin hjá í bili.

Rétt þykir, að heimildin gildi einnig utan hættutíma, ef um æfingar er að ræða.

Ákvæði 2. mgr. veitir lögreglustjórum nauðsynlega heimild til þess að banna notkun samkomuhúsa og annarra samkomustaða, ef hætta vofir yfir. Ástæða fyrir slíku banni gæti verið sú, að eigi sé rúm í öryggisbyrgi, nema fyrir takmarkaðan fjölda manna eða hætta þætti á því, að ofsahræðsla gripi mannfjölda.

II. KAFLI

Skipulag almannavarna.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að almannavarnir heyri undir dómsmálaráðherra, eins og verið hefur. Rétt þykir þó, að þeir þættir almannavarna, sem um ræðir í 5. gr. frv., heyri undir heilbrigðismálaráðherra sem yfirmann landlæknis, en honum er ætlað að fara með stjórn þeirra.

Margir þættir almannavarna eru þess eðlis, að þeir snerta hagsmuni landsmanna í heild eða íbúa á stórum landssvæðum eigi síður en íbúa einstakra sveitarfélaga. Í því sambandi má nefna mælingu á geislavirkni, viðvörun um yfirvofandi hættu, ýmis konar leiðbeiningar til almennings, samstarf á milli héraða og eftirlit með undirbúningi til almannavarna og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Í ýmsum af þessum tilvikum hafa sveitarfélög ekki aðstöðu til framkvæmda, en í öðrum er milliganga ríkisvaldsins æskileg vegna heildarskipulags almannavarnanna. Það nýmæli er því í 4. gr. frumvarpsins, að ákveðnir þættir almannavarna eru felldir undir ríkisvaldið og sérstökum embættismanni falin stjórn þeirra. Starfssvið hans er í meginatriðum skýrt í 2. mgr. greinarinnar og er þar jafnframt getið þeirra þátta almannavarna, sem lagt er til, að falli undir ríkisvaldið.

Um 5. gr.

Í gildandi lögum um loftvarnir og fleira nr. 52 1941, er ekkert getið sérstaklega um þá þætti almannavarna, er snerta sjúkrahúsmál, læknismeðferð né heldur hjúkrun særðra og sjúkra. Má því ætla, að þau mál falli undir loftvarnanefndir. Hér er um víðtæk og mikilvæg verkefni að ræða. Viðunandi úrlausn þeirra byggist á nánu samstarfi við forráðamenn sjúkrahúsa, lækna og hjúkrunarlið. Einnig þarf að koma á samstarfi milli byggðarlaga um staðsetningu, stofnun og rekstur varasjúkrahúsa, utan þéttbýlis. Loks þarf að sjá um, að nægilegar birgðir af nauðsynlegum lyfjum og hjúkrunargögnum séu til í landinu. Eðlilegt er, að þessi viðfangs-

efni falli undir heilbrigðisyfirvöld landsins, heilbrigðismálaráðherra og landlækni, en ekki undir hverja einstaka almannavarnanefnd. Við það eru ákvæði frumvarpsins miðuð, enda í samræmi við löggjöf nágrannaþjóða vorra.

Um 6. gr.

Almannavarnaráði er ætlað að vera til ráðuneytis um heildarskipulagningu almannavarna í landinu og við úrlausn hinna vandasamari framkvæmdaatriða. Gert er ráð fyrir, að þar eigi sæti, auk forstöðumanns, samkv. 4. gr. frumvarpsins, fjórir embættismenn ríkisins, sem vegna stöðu sinnar gegna mikilvægu starfi í þágu almannavarna.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. kemur að nokkru leyti í stað 1. málsliðs 2. gr. laga nr. 52 1941. Ætlazt er til, að lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, fylgist með skipulagningu og framkvæmdum til almannavarna, sjái um samræmingu þeirra og stjórni aðgerðum á hættunnar stund. Þeir eiga sæti í almannavarnanefndum og taka þátt í starfi þeirra, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Í 1. gr. laga nr. 52 1941 er gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarstjórnir eigi frumkvæði að því að hefjast handa um hvers konar ráðstafanir til varnar gegn hættum af völdum hernaðaraðgerða. Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er lagt til, að þessu verði breytt á þá leið, að ríkisvaldið eigi frumkvæði í þessu efni. Hníga ýmis rök að breytingu þessari, m. a. þau, að nauðsynlegt kann að reynast, að hafizt verði handa um sérstakar öryggisráðstafanir í öllum landshlutum, einkum í sambandi við mælingu á geislavirkni og viðvörun um yfirvofandi hættu. Verður naumast ætlazt til, að sveitarstjórnir hafi aðstöðu til mats á því, hvort slík nauðsyn er fyrir hendi. Eðlilegt er hins vegar, að samráð sé haft við hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd, áður en ákvörðun er tekin um að hefja ráðstafanir til almannavarna, sem hafa í för með sér fjárútlát fyrir sveitarsjóði.

Ákvæði 3. mgr. miða að því að koma á samstarfi milli nágrannaumdæma, þar sem hagkvæmt þykir.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til ákvæða 2. gr. laga nr. 52 1941 og eru að nokkru leyti efnislega samhljóða þeim.

Helztu breytingar, sem lagðar eru til með frumvarpinu, eru sem hér segir:

1. Borgarstjórinn í Reykjavík taki sæti í almannavarnanefnd, en það er í samræmi við það, sem gilt hefur um bæjarstjóra annars staðar á landinu.

2. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík taki sæti í nefndinni og komi í stað verkfræðings í þjónustu bæjarins, kosnum af bæjarráði. Breytingin styðst við núverandi tilhögun á stjórn tæknideilda borgarinnar. Er borgarverkfræðingur yfirmaður þeirra allra og því hagkvæmt, að hann eigi sæti í almannavarnanefnd.

3. Yfirverkfræðingur landssímans hverfi úr almannavarnanefnd, enda eru yfirverkfræðingar þar nú orðið fleiri en einn og tæknimál símans falin fleiri sjálfstæðum stjórnendum en áður var. Gert er ráð fyrir því í 6. gr. frumvarpsins, að póst- og símamálastjóri taki sæti í almannavarnaráði, þar sem öll fjarskiptaþjónusta landsins heyrir undir hann.

4. Lagt er til, að borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórar (oddvitar) verði formenn almannavarnanefnda með hliðsjón af því, að nefndunum er ætlað að standa fyrir mikilvægum framkvæmdum, sbr. 9. gr. frumvarpsins, og sveitarsjóðum að greiða allverulegan kostnað vegna þeirra, sbr. 25. gr. frumvarpsins.

5. Loks er lagt til, að sveitarstjórnir skipi menn í almannavarnanefndir, ef þannig stendur á, er um getur í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Er hér um samræmingu að ræða við ákvæði í upphafi greinarinnar.

Um 9. gr.

Samkvæmt lögum nr. 52 1941 er lögreglustjórum og loftvarnanefndum ætlað að annast skipulagningu og framkvæmd nær allra ráðstafana til almannavarna. Eins og getið var um í sambandi við 4. gr. frumvarpsins, er það nýmæli upp tekið, að skipta þeim verkefnum milli ríkisvaldsins og sveitarfélaga. Í nágrannalöndum vorum eru ráðstafanir þær, sem hér um ræðir, í æ ríkara mæli felldar undir ríkisvaldið á síðari árum. Sú leið er einnig farin samkv. frumvarpinu, þótt eigi sé jafnlangt gengið og víða er gert erlendis. Mismunandi aðstaða sveitarfélaga hér á landi, bæði hvað fólksfjölda snertir og landfræðilega stöðu, leiðir til mismunandi mikillar þarfar á ráðstöfunum til almannavarna. Ýmsir þættir þeirra eru og þess eðlis, að einungis er um að ræða aukningu eða umskipulagningu á starfsemi, sem sveitarfélag rekur á venjulegum tímum, eldvörnum, vatnsveitum, ýmis konar tækniþjónustu o. s. frv. Að sjálfsögðu er hagkvæmara að byggja á þeirri starfsemi, sem fyrir er, heldur en að stofna til nýrra starfsdeilda á sama sviði.

Í 4. gr. frumvarpsins eru talin upp þau verkefni, sem ríkisvaldinu er ætlað að taka að sér. Á sama hátt eru verkefni sveitarfélaga talin upp í 9. gr. frumvarpsins. Almannavarnanefndum ber að annast skipulagningu og framkvæmd þeirra verkefna, er undir sveitarfélög falla.

III. KAFLI
Hjálparlið.

Um 10. gr.

Almannavarnir geta því aðeins gegnt hlutverki sínu, að unnizt hafi tími til þess, áður en vá ber að garði, að skipuleggja og þjálfa vandlega hjálparlið til líknar- og björgunarstarfs. Val á liðsmönnum og þjálfun þeirra er umfangsmikið og vandasamt starf, sem naumast verður unnið á skömmum tíma. Hversu fjölmennt hjálparlið þarf að vera, fer mjög eftir aðstæðum á hverjum stað. Telja sérfræðingar á Norðurlöndum æskilegt, að 5—7% af íbúum í borgum og bæjum fái þjálfun, mismunandi mikla þó eftir því, hvaða starfi hverjum einstökum er ætlað að gegna.

Mjög kemur til álita, hver leið sé heppilegust til þess að fá fólk til hjálparstarfs. Á Norðurlöndum er borgaraleg skylda til starfs í þágu almannavarna lögboðin. Í Noregi og Svíþjóð er nær allt hjálparstarfið byggt á þeim grundvelli. Í Danmörku er meira reiknað með sjálfboðaliðum, en til öryggis er ákveðinn hluti þeirra manna, sem kvaddir eru til herþjónustu á hverjum tíma, skipaðir til starfs í þágu almannavarna. Fá þeir sérstaka þjálfun í hinum ýmsu greinum líknar- og björgunarstarfa allan sinn herskyldutíma.

Í 4. gr. laga nr. 52 1941 eru ákvæði um víðtæka, borgaralega skyldu til að vinna, án endurgjalds, að undirbúningi loftvarna og annarra öryggisráðstafana eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefnda, svo og skyldu til að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum. Þótt stefna beri að því að fá sem mestan hluta hjálparstarfsins unninn af sjálfboðaliðum, þykir eigi rétt að fella hina borgaralegu skyldu til starfs í þágu almannavarna niður. Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að hún verði gerð nokkru takmarkaðri en verið hefur, m. a. með því að binda hana við ákveðinn aldur og veita heimild til að bera ákvörðun um kvaðningu undir úrskurð ráðherra. Sömuleiðis þykir rétt, að hámarkstími þjálfunar og æfinga verði ákveðinn af ráðherra, sbr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar miðar að því að skylda þá, sem nærstaddir eru, þar sem tjón vofir yfir eða hefur orðið, til þess að veita skyndihjálp, án þess að hlutaðeigandi hafi fengið formlega kvaðningu til starfs. Þykir rétt að hafa sérstakt ákvæði um þessa skyldu.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í meginatriðum samhljóða ákvæðum 4. gr. laga nr. 52 1941.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Nauðsynlegt er að setja reglur um starfskyldu skv. 10. gr. frumvarpsins, þ. á m. um undanþágu frá starfsskyldu að nokkru eða öllu leyti, ef sérstaklega stendur á. Eðlilegt er t. d. að undanþiggja mæður ungra barna frá störfum þeim, er hér um ræðir, sjómenn í siglingum og ýmsa aðilja, er gegna nauðsynlegum öryggisstörfum. Rétt er að setja ákvæði um þessi efni, svo og önnur, er varða starfsskylduna, námskeið og æfingar, sbr. 12. gr., með reglugerð. Þykir rétt að vitna hér til þess, sem fram kemur í fskj. nr. III. í kaflanum: Fræðsla og þjónustuskylda.

IV. KAFLI
Einkavarnir.

Um 15., 16. og 17. gr.

Almannavarnir byggjast sumpart á ráðstöfunum, sem framkvæmdar eru af hinu opinbera, og sumpart á aðgerðum einstaklinga og atvinnufyrirtækja: einkavörnum. Hinar opinberu ráðstafanir, svo sem viðvörunarkerfi, mæling á geislavirkni, sjúkrahúsa- og líknarmál, varða allan almenning í heild. Einstaklingum og atvinnufyrirtækjum er hins vegar ætlað að gera sitt til að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á lífi, heilsu eða eignum manna á heimilum og vinnustöðvum. Er gert ráð fyrir, að atvinnufyrirtæki og fólk í íbúðarhverfum útvegi sér tæki til eldvarna, björgunar og slysameðferðar. Jafnframt þarf að leiðbeina fólki um notkun þeirra tækja. Ráðstafanir þessar eru miðaðar við, að einstaklingarnir sjálfir geti ráðið við minni háttar tjón á staðnum eða hafið öryggisaðgerðir meðan beðið er eftir því, að aukið hjálparlið komi á vettvang með stórvirk tæki og annan búnað.

15. gr. frumvarpsins fjallar um einkavarnir á vinnustöðum. Með hliðsjón af því, að aðstæður á vinnustöðum eru mjög mismunandi hvað snertir staðsetningu, eldhættu á staðnum o. fl., þykir rétt að einskorða ekki skyldu atvinnufyrirtækja til einkavarna við ákveðna tölu starfsmanna. Er ráðherra því veitt heimild til að leysa fyrirtæki undan skyldu til einkavarna eða fyrirskipa, að ráðstafanir séu gerðar til einkavarna, enda þótt starfsfólk á vinnustað sé færra en segir í upphafi greinarinnar.

Í 16. gr. frumvarpsins eru ákvæði um hverfaþjónustu til almannavarna. Hjálparstarf er víðast hvar skipulagt þannig, að þéttbýlum svæðum er skipt í hverfi þannig, að um 500 íbúar séu í hverju þeirra. Á meðal íbúa hverfisins eru 10—14 menn valdir og þjálfaðir í sérstakt hjálparlið, sem staðsett er innan marka hverfisins. Eru þannig í hverju hverfi nokkrir liðsmenn viðbúnir að veita fyrstu hjálp, ef tjón verður þar. Meginhluta hjálparliðs almannavarna er hins vegar komið fyrir í útjöðrum borga og bæja, en þaðan fer hjálparliðið til þeirra staða, er hafa orðið fyrir tjóni.

1. mgr. 17. gr. frumvarpsins er að meginefni samhljóða 2. málslið 4. gr. laga nr. 52 1941, sbr. 1. gr. laga nr. 13 1942.

Ef sérstök hætta stafar af mannvirki, t. d. sprengingar- eða eldhætta, ber að draga úr þeirri hættu, svo sem frekast er unnt. Þykir rétt, að ríkissjóður taki þátt í kostnaði af þeim ráðstöfunum, sem krafizt er, að gerðar verði, umfram það, sem nauðsynlegt telst, miðað við venjulega tíma.

Um 18. og 19. gr.

Greinarnar þarfnast eigi skýringa.

V. KAFLI
Flutningur fólks af hættusvæðum.

Um 20. gr.

Í 5. gr. laga nr. 52 1941 eru ákvæði um skyldur ríkisstjórnarinnar til fyrirgreiðslu vegna flutnings fólks, sem flýja þarf hættusvæði, og heimild til leigunáms á farartækjum og húsnæði fyrir fólkið. Rétt þykir að setja fyllri ákvæði um þennan þátt almannavarna heldur en þau, sem eru í gildandi lögum.

Samkvæmt 20. gr. frumvarpsins er ríkisstjórninni ætlað að taka ákvörðun um það, hvort skylda skuli fólk til að flytja af hættusvæði. Er þá átt við hópflutninga milli héraða, en ekki tilfærslu á fólki innan héraðs, vegna tjóns, sem þar hefur orðið á takmörkuðu svæði. Hópflutningar er neyðarráðstöfun, sem getur reynzt nauðsynleg, en hefur í för með sér röskun á stöðu og högum fjölda manna, og er því ríkisstjórninni ætlað að fjalla um málið, áður en ákvörðun er tekin.

Í 2. mgr. 20. gr. er gert ráð fyrir, að ráðherra setji reglur um áætlun og framkvæmd brottflutnings af hættusvæðum. Brottflutninginn þarf að skipuleggja fyrirfram og undirbúa vandlega, þannig að hann fari skipulega fram, ef á þarf að halda. Er eðlilegt, að sú skipulagning heyri undir forstöðumann almannavarna í landinu, sbr. 4. gr.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í meginatriðum efnislega samhljóða ákvæði síðari hluta 5. gr. laga nr. 52 1941.

Við skipulagningu og undirbúning á brottflutningi fólks af hættusvæðum myndi fyrst og fremst reiknað með að koma fólkinu fyrir í skólabyggingum, samkomustöðum og öðru þess háttar húsnæði, sem tiltækilegt þætti. Á neyðarstundu gæti þó komið til þess, að fólk þyrfti að opna heimili sín fyrir nauðstöddum samborgurum og veita þeim skjól og aðhlynningu um stundarsakir. Er ákvæði 2. mgr. 22. gr. miðað við slíkt tilvik.

Ákvæði 3. mgr. fjallar um endurgreiðslu kostnaðar vegna húsnæðis og fæðis, sem flóttafólki er látið í té. Þykir sanngjarnt að skylda sveitarfélag, sem fólk er flutt frá, til að greiða þann kostnað, en veita sveitarfélögum rétt til endurheimtu kostnaðarins. Mætti í þeim efnum hafa hliðsjón af reglum framfærslulaga.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Um 23. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða ákvæði í 3. gr. laga nr. 52 1941, með þeirri breytingu, að sams konar skylda er lögð á stofnanir ríkisins, eins og hvílt hefur á bæjar- og sveitarstjórnum.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 52 1941 er lögreglustjórum og loftvarnanefndum heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi fyrir almenning og útbúa þau í því skyni, enda komi sanngjarnt verð fyrir, að mati dómkvaddra manna. Með 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins er heimildin að nokkru rýmkuð. Eigi þykir ástæða til að binda hana við „kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi“, enda gæti þörfin beinzt að öðru húsnæði en vistarverum og notkunartilgangur verið annar, t. d. að koma upp hjálparstöð. Sömuleiðis nær heimildin til lausafjármuna, sem brýn þörf er á til almannavarna, svo sem vinnuvéla. Rétt þykir, að ráðherra ákveði, hvort heimildum þessum verði beitt.

Um 24. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Hafa samsvarandi ákvæði verið í gildi um árabil í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Er hér um að ræða einn þátt í undirbúningi einkavarna, en hagkvæmara er og kostnaðarminna að koma öryggisbyrgi fyrir í húsi, ef það er gert strax við byggingu þess heldur en síðar. Í framangreindum löndum er skylda þessi miðuð við fjölbýlishús og vinnustaði, þar sem fleiri menn en 10 vinna að staðaldri. Eru ákveðnar kröfur gerðar um styrkleika og búnað byrgjanna. Þar sem þau eru eingöngu ætluð fyrir þá, sem í húsinu búa eða starfa, þykir eðlilegt, að húseigandi beri kostnað af byggingu þess.

Öryggisbyrgi má koma þannig fyrir, að hafa megi þess eðlileg not, utan hættutíma.

Um 25. gr.

Í 1. gr. laga nr. 52 1941 segir, að kostnaður af hvers konar ráðstöfunum til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum skuli greiða að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði. Með hliðsjón af þeirri starfsskiptingu, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir milli ríkis og sveitarfélaga, svo og mjög breyttum aðstæðum frá því er lög nr. 52 1941 voru sett, þykir rétt að fara nokkuð aðrar leiðir um kostnaðarskiptingu en gert er í gildandi lögum.

Eðlilegt er, að kostnaður skv. 4. gr. frumvarpsins greiðist að fullu úr ríkissjóði, enda er þar um að ræða ráðstafanir, er ekki varða eitt sveitarfélag fremur en annað.

Lagt er til, að kostnaður af ráðstöfunum samkv. 5. gr. frumvarpsins verði greiddur úr ríkissjóði, en þriðjungur kostnaðar skiptist eftir íbúatölu milli þeirra sveitarfélaga, sem ætlað er að njóta ráðstafananna sérstaklega samkvæmt áætlun heilbrigðisstjórnarinnar. Loftvarnanefnd Reykjavíkur hefur aflað allmikilla birgða sjúkrahúsgagna til almannavarna. Sjálfsagt þykir, að heilbrigðisstjórnin fái þær birgðir til ráðstöfunar, enda verði bæjarsjóði þá heimilt að greiða sinn hluta kostnaðar þess, er hér um ræðir, með eignarhluta sínum í birgðunum.

Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins er lagt til, að kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en að framan greinir, verði greiddur úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, en endurgreiddur að helmingi úr ríkissjóði, að undanteknum kostnaði vegna opinberra öryggisbyrgja, er endurgreiðist að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Er síðasttalda ákvæðið miðað við það, að bygging opinberra öryggisskýla er svo kostnaðarsöm ráðstöfun, að hætt er við, að sveitarsjóður fái eigi við ráðið með helmingaskiptum.

Hins vegar myndi almannavarnanefnd ekki heimilt að hefjast handa um byggingu opinbers öryggisbyrgis, nema ráðuneyti hafi samþykkt áætlun um það, sbr. 4. tölul. 9. gr. frv.

Um 26., 27. og 28. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

Skýrsla loftvarnanefndar Reykjavíkur, dags. 19. desember 1956.

Loftvarnanefnd Reykjavíkur var skipuð í júnímánuði 1951, og eiga í henni sæti: Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri (formaður), Jón Sigurðsson, slökkviliðsstjóri, Jón Sigurðsson, borgarlæknir, Gunnlaugur Briem, nú póst- og símamálastjóri, Valgeir Björnsson, hafnarstjóri, Jón A. Pétursson, forstjóri, og Tómas Jónsson, borgarritari.

Framkvæmdastjóri nefndarinnar hefur verið Hjálmar Blöndal, áður skrifstofustjóri bæjarverkfræðings.

Það var verkefni loftvarnanefndar að leggja frá rótum drög að ráðstöfunum til varnar almenningi hér í Reykjavík, ef til loftárása kæmi.

Það, sem gert hafði verið til loftvarnaráðstafana í síðustu styrjöld, varð til hverfandi lítilla nota fyrir nefndina, ýmist úr sér gengið, eða birgðum ráðstafað til annars.

Verður rakið í stórum dráttum það, sem nefndin hefur aðhafzt, hvernig hún hefur ráðstafað því fé, sem hún hefur haft á milli handa.

Stjórnstöðvar.

Í kjallara Heilsuverndarstöðvarinnar er gert ráð fyrir að hafa megi aðalstöðvar þeirra, er veita skulu forystu hjálparstarfsemi í bænum, ef loftárásir yrðu gerðar. Hefur þar verið komið fyrir símaskiptiborði með leiðslum, sem tengja má bæjarkerfinu með fárra daga fyrirvara, ef þörf krefur, en hefur ekki verið tengt enn, m. a. vegna skorts á möguleikum til nýrra símatenginga hér í Reykjavík og nágrenni, sem verið hefur um mörg undanfarin ár, sem kunnugt er.

Kostnaður við þessar ráðstafanir hefur orðið um 63 þús. kr., vegna smíða og uppsetningar á skiptiborðinu og lítilsháttar kaupa á húsgögnum.

Aðvörunarkerfi.

Eitt fyrsta verkefni nefndarinnar var að koma upp aðvörunarkerfi í bænum. Voru keyptar rafknúnar loftvarnaflautur, ásamt öllum búnaði, frá Danmörku. Hafa þau tæki reynzt vel þar í landi, og víðar.

Styrkleiki kerfisins skyldi við það miðaður, að greinilega megi heyra aðvaranir hvarvetna í bæjarlandinu inn að Elliðaám.

Leiðslur hafa verið lagðar að þeim stöðum, þar sem flauturnar skal staðsetja og gerðar undirstöður fyrir þær.

Sjálfar flauturnar hafa ekki verið settar upp (monteraðar), nema ein á turni Landakotskirkju til reynslu. Uppsetningu annarra má ljúka á skömmum tíma. Kostnaður við aðvörunarkerfið er talinn alls kr. 288000.00, verð loftvarnaflautanna (alls kr. 150 þús.) og leiðslna að þeim, ásamt vinnulaunum, kr. 138 þús.

Má gera ráð fyrir að þau útgjöld séu ekki endurheimtanleg að neinu ráði.

Fjarskipti.

Í samráði við Landssíma Íslands hefur nefndin athugað allýtarlega skipulagningu fjarskiptaþjónustu í þágu loftvarna.

Fyrst og fremst verður vitaskuld að hafa hin fyllstu not af bæjar- og landssímakerfinu og enda gerðar sérstakar ráðstafanir til að efla þau not, t. d. að tryggja sérstakan fjölsíma í þágu loftvarnanna ef þörf krefur (símanr. 03), og símamálastjórnin beðin að leita tilboða í hringingartæki, sem nota megi til þess að hringja samtímis í alla talsíma bæjarkerfisins, almenningi til aðvörunar, en því miður hefur orðið dráttur á framkvæmdum.

Nota verður talstöðvarkerfi lögreglunnar og kerfi slökkviliðs Reykjavíkur, en þau kerfi eru bæði talin fullkomin.

Enn fremur hefur loftvarnanefnd keypt mikið og fullkomið talstöðvarkerfi: 2 fastastöðvar og 8 hreyfanlegar.

Einnig er gert ráð fyrir að nota megi töluvert hátalara á bifreiðum.

Ætlazt er til þess, að ríkisútvarpið flytji tilkynningar til almennings um loftvarnaaðgerðir.

Í reikningum nefndarinnar er kostnaður við þessar aðgerðir talinn 287 þús. kr., að langmestu leyti (243 þús. kr.) kaupverð talstöðva, en þær halda sínu verðmæti, nema að tækniþróunin leiði til þess, að þær verði úreltar.

Hjúkrunar- og líknarmál.

Í sambandi við loftvarnir hefur verið að því stefnt í nágrannalöndum okkar, að hafa til taks svo mörg sjúkrarúm, með tilheyrandi hjúkrunargögnum, sem læknar og hjúkrunarlið frekast geti annað.

Samkvæmt þessu hefur þótt rétt að reyna að hafa hér tilbúin allt að 1000 sjúkrarúm til ráðstöfunar fyrir fólk, er kynni að slasast í loftárásum. Er talið, að læknar, með aðstoð læknanema, mundu geta annazt þann sjúklingafjölda, auk annarra óhjákvæmilegra starfa, en hins vegar er skortur á æfðu hjúkrunarliði.

Að áliti lækna mun vera unnt, ef í nauðir rekur, að koma fyrir um 200 særðum mönnum í sjúkrahúsum hér í bænum. Yrði þá að flytja til alla sjúklinga, sem til þess væru færir, og bæta við aukasjúkrarúmum, eftir því sem húsrúm frekast leyfði.

Ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma upp bráðabirgðasjúkrarúmum í nágrenni bæjarins, í húsakynnum, sem til eru. Nýbyggingar í því skyni hafa ekki komið til greina á vegum nefndarinnar. Hins vegar hefur nefndin haft nokkurt samráð um það við stjórn S.Í.B.S., í sambandi við nýbyggingar að Reykjalundi, að þar mætti koma upp sjúkrarúmum fyrir slasað fólk. Er ráðgert, að nú mætti koma fyrir 270—300 manns að Reykjalundi, en 500—550 þegar þar verður fullbyggt.

Þá hefur nefndin gert ráð fyrir 50 sjúkrarúmum í Hlégarði (Mosf.) og 80 í Laugarási (Biskupst.). Enn fremur 120 sjúklingum að Vífilsstöðum, eða að Laugarvatni, sem nú mætti telja eðlilegra. Samkv. þessu er talið, að koma mætti upp í framangreindum húsakynnum nú allt að 750 sjúkrarúmum:

Sjúkrahúsin í Reykjavík	viðbót allt að	200
Reykjalundur	— — —	300
Hlégarður	— — —	50
Laugarás	— — —	80
Laugarvatn	— — —	120
	Allt að	750

með möguleikum til fjölgunar, einkum eftir því sem Reykjalundi miðar.

Ráðstafanir hafa og verið gerðar til að stofnsetja allt að 8 slysavarðstofur, flestar í skólahúsum, til aðgerða vegna minniháttar meiðsla og til bráðabirgðaaðgerða á fólki, sem flytja þarf í sjúkrahús, svo og til blóðgjafa og annarra aðgerða vegna losts. En Lyfjaverzlun ríkisins hefur tekizt á hendur að hafa jafnan til taks hin fullkomnustu tæki til blóðgjafa, auk ýmissa lyfja og hjúkrunargagna, sem þola illa geymslu.

Kostnaður vegna ráðstafana skv. þessum lið hefur til þessa numið kr. 2411000.00 og sundurliðast þannig í aðalatriðum:

Teppi, til notkunar í sjúkrahúsum, slysavarðstofum og loftvarnabyrgjum	kr.	801000.00
Sjúkrarúm, 700 stk. kr. 280000.00		
Rúmfatnaður — 330000.00		
Dýnur — 200000.00		
	—	810000.00
Fatnaður sjúklinga og hjúkrunarfólks	—	180000.00
Skurðstofutæki	—	308000.00
Ýmis konar hjúkrunargögn kr. 177000.00		
Sjúkrabörur — 30000.00		
Sáraumbúðir — 78000.00		
Hreinlætis- og sóttvarnavörur — 27000.00		
	—	312000.00
	Kr.	2411000.00

Til viðbótar hafa verið gerðar ráðstafanir til að kaupa rúmfatnað fyrir 20 þús. kr., sjúkrafatnað fyrir 18 þús. kr., hjúkrunarvörur 32 þús. kr., sáraumbúðir 75 þús. kr. ..... kr. 145000.00

Kr. 2556000.00

Þetta eru allt vörur, sem halda verðgildi sínu, þó ekki komi til nota vegna ófriðaraðgerða. Sumar eru mjög fullkomnar, svo sem skurðstofu- og lækningatæki, sum sjúkrarúmin o. s. frv., en allt vel nothæft um mörg komandi ár.

Telur nefndin mikilsvert að eiga slíkar birgðir, sem hægt sé að grípa til, ef voveiflegir atburðir gerast óvænt, t. d. farsóttafaraldur á borð við inflúensuna 1918, og reyndar þó ekki væri um svo skæðan vágest að ræða.

Haustið 1955, er mænusóttin geisaði hér, var allt hægara um ráðstafanir til að koma í skyndi upp sjúkrarúmum og afla lækningatækja (t. d. öndunartækja), vegna þess að hægt var að grípa til birgða nefndarinnar. Enn fremur gat nefndin hlaupið undir bagga og lánað dönsku stjórninni 30 sjúkrarúm með dýnum og teppum til að senda til Grænlands í júlí síðastl. þegar inflúensufaraldur herjaði þar.

Í bæði skiptin fékk nefndin endurgreitt „í sama“, það sem ekki var lánað aðeins um stundarsakir.

Eldvarnir.

Slökkvilið Reykjavíkur hefur til umráða eigin dælur með búnaði, sem geta afkastað 17000 lítr./mín. Slökkvilið flugvallarins og aðrir aðilar í Reykjavík hafa umráð yfir tækjum með allt að 12000 mín./lítr. afköstum. Hinn nýi dráttarbátur Reykjavíkurhafnar, Magni, er búinn slökkvidælum með ca. 6700 mín./lítr. afköstum.

Nefndarmenn, einkum slökkviliðsstjóri og hafnarstjóri, hafa kynnt sér erlendar rannsóknir og áætlanir um styrkleikaþörf slökkviliða á ófriðartímum, þegar gera þarf ráð fyrir því, að eldar kvikni samtímis á mörgum stöðum, sem verða ofviða föstu slökkviliði.

Með hliðsjón af öllum aðstæðum þykir hæfilegt að áætla slökkvidæluþörfina hér í Reykjavík allt að 55000 mín./lítr., þegar mikið liggur við, og fjölda slökkviliðsmanna í samræmi við það. Hefur verið gerð all nákvæm áætlun um skipun slökkvistarfa og dreifingu tækja, ef til hernaðaraðgerða skyldi draga.

Síðan nefndin tók til starfa hefur hún einnig keypt allmikið af tækjum vegna eldvarna: Keyptar hafa verið 16 slökkvidælur með tilheyrandi útbúnaði, lágmarksafköst 15200 mín./lítr. Er um að ræða 4 dælur 2000 mín./lítr., 4 dælur 1200 mín./lítr. og 8 dælur 300 mín./lítr.

Nefndin hefur gert ýmsar ráðstafanir til að tryggja aðgang að vatni utan vatnsveitukerfis og sjávar til slökkvistarfa. Á nokkrum stöðum við sjó, hefur verið gengið svo frá, að auðvelt er að koma þar við slökkvidælum.

Í Tjörnina hafa verið sett 4 steinsteypt ker, til að greiða þar fyrir vatnstöku, sem annars er torveld vegna leðju. Þá verður unnt að nota vatn úr Sundlaugum, Sundhöll, sundlaug Austurbæjarskólans, vatnsþró Gasstöðvarinnar o. fl. Enn fremur hafa vatnsgeymar frá styrjaldarárunum verið lagfærðir og eru nú taldir nothæfir fyrir drykkjarvatn og til slökkvistarfa.

Samtals er þannig völ á um 40 „vatnsbólum“, að mestu óháðum vatnsveitukerfinu.

Loks hefur nefndin keypt færanlega vatnsgeyma, úr striga, sem nota má til vatnsflutninga, auk þess sem flutt yrði í tankbílum.

Kostnaður við framangreindar eldvarnaaðgerðir hefur orðið um kr. 1032000.00 og skiptist þannig í aðaldráttum:

Slökkvidælur (16)	kr. 420000.00	
Tengsli og stútar (mikið úr kopar)	— 190000.00	
Slöngur, ca. 6000 metr. og barkar	— 223000.00	
		kr. 833000.00

Strigavatnsgeymar	kr.	68000.00	
Stigar	—	63000.00	
Ýmislegt, þ. á m. kostnaður við vatnsból	—	68000.00	
			— 199000.00
			Kr. 1032000.00
Nefndin hefur gert samþykkt um að kaupa 4 stórar dælur og 4 minni (áætluð afköst 7600 mín./lítr.) fyrir 307 þús. kr., brunaslöngur (ca. 8000 metr.) fyrir 216 þús. kr., sjálfheldustiga 60 þús. kr. og ljósastöðvar slökkvistarfa 33 þús. kr.			kr. 616000.00
			Kr. 1648000.00

Ætla má, að tækin, sem hér um ræðir, verði prýðilega nothæf um langt árabil, þó að þeirra verði ekki þörf vegna loftárása.

Loftvarnabyrgi.

Loftvarnanefnd hefur látið fara fram rannsókn á þörfum fyrir loftvarnabyrgi. Var húsameistari ráðinn til að vinna að málinu ásamt framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Reykjavík hefur sérstöðu að því leyti, að hús eru hér að jafnaði traustbyggðari en annars staðar tíðkast. Nefndin hefur unnið á þeim grundvelli að hagnýta beri þá aðstöðu.

Opinber loftvarnabyrgi eru ætluð vegfarendum og íbúum þeirra húsa, sem þannig eru gerð og staðsett, að þau veita ekki nægjanlegt skjól. Gert er þó ráð fyrir þeirri meginreglu, að vegfarendur, sem staddir eru í íbúðarhverfum, þegar hættumerki er gefið, geti leitað skjóls í næsta steinhúsi. Vegfarendum annars staðar, í miðbænum, verzlunarhverfum og farþegum strætisvagna verður hins vegar að sjá fyrir athvarfi í ákveðnum opinberum byrgjum.

Með þetta fyrir augum, hefur athugun farið fram á allflestum þeim húsum í bænum, sem talin eru geta komið til greina sem loftvarnabyrgi.

Í sambandi við þessa rannsókn hefur bænum verið skipt í hverfi, miðað við byggingarmáta og eftir því, hvort um er að ræða íbúðar-, verzlunar- eða iðnaðarhverfi. Athugun þessi hefur leitt í ljós, að unnt er að fullnægja loftvarnabyrgjaþörfinni utan miðbæjarins á viðunandi hátt, miðað við kröfur þær, sem gerðar eru í nágrannalöndum okkar, með því að semja við eigendur einstakra steinhúsa um afnot kjallara.

Yfirlit hefur verið gert um staðsetningu þessara byrgja og má taka þau til notkunar með stuttum fyrirvara, ef þörf krefur, enda hefur þegar verið samið við marga húseigendur um afnotin.

Enda þótt gera verði ráð fyrir að notast við skýli í allmörgum kjöllurum í miðbænum, þá er nefndinni ljóst, að þar mun skórinn einkum kreppa, ef til loftárása kemur. Telur nefndin, að gera verði ráð fyrir möguleikum til að hafa loftvarnabyrgi í kjöllurum stórhýsa, sem reist kunna að verða á hæðunum í miðbænum og næsta nágrenni. Bendir hún í því sambandi einkum á fyrirhugað stjórnarráðshús við Lækjargötu, lögreglustöð við Kalkofnsveg og stórhýsi við Garðastræti.

Þess skal getið, að nefndin hefur látið framleiða nokkurt magn af járnbentum steinsteyptum bitum af sérstakri gerð, til þess að byrgja með glugga. Bitarnir leysa af hólmi hinar hvimleiðu sandpokahleðslur, sem notaðar voru í síðasta stríði, en auk þess má nota þá til hleðslu á minniháttar mannvirkjum síðar meir.

Nefndin hefur lengi haft augastað á því, að gert yrði loftvarnabyrgi í Arnarhóli. Er þá haft í huga að reisa einnar hæðar byggingu meðfram Kalkofnsvegi á allt að

helmingi túnflatarins og tyrfa yfir hið steinsteypta þak, lyfta túninu að þessu leyti um eina hæð, ef svo mætti segja.

Þar fengist mikið húsrými, sem væntanlega mætti nota sem loftvarnaskýli, en jafnframt til margra annarra nytsamlegra hluta, t. d. til bifreiðageymslu, vörugeymslu, sölubúða o. s. frv.

Telur nefndin æskilegt, að ríki og bær sameinist um að gera þetta mannvirki og reki það í sameiningu. Sýnist einmitt vel til fallið, ef samkomulag yrði um þetta sjónarmið, að láta reisa bygginguna í sambandi við loftvarnir, þar sem talið er, að hún gæti orðið til verulegra nota í loftárásum. Fyrir alllöngu hefur nefndin því beðið verkfræðinga hf. Almenna byggingafélagsins að gera áætlanir um bygginguna og er þeirra að vænta áður en langt um líður.

Mun þá gerð nánari grein fyrir þessari hugmynd, ásamt tillögum um hvort hefja beri framkvæmdir.

Af fé nefndarinnar hefur verið greiddur kostnaður vegna undirbúnings loftvarnabyrgja 239 þús. kr. Steinbitar 132 þús. kr., bekkir (sæti) 50 þús. kr. Ýmis konar gögn (salerni, rotvarnarefni, vatnsbrúsar o. fl. o. fl.) 57 þús. kr.

Birgðageymslur.

Reykjavíkurbær hefur fengið nefndinni til afnota geymsluhúsnæði á 3 stöðum: Blönduhlíð við Reykjanesbraut, Hraunborg við Karfavog og í Reykjahlíð í Mosfellssveit. Bæjarsjóður hefur ekki gert kröfu um húsaleigu, en nefndin greiddi kostnað við lagfæringu og viðhald.

Allur kostnaður, þ. á m. laun birgðavarðar, ljós, hiti, vátryggingar o. s. frv., hefur frá byrjun numið um kr. 574 þús. kr.

Hjálparsveitir.

Nefndin hefur gert áætlanir um stofnun og skipulag hjálparsveita, ef til þarf að taka. Skipt bæjarlandinu í umdæmi og umdæmunum í hverfi, er hver hjálparsveit fær til umsjónar og aðstoðar.

Nefndin hefur ekki talið rétt, eða vænlegt til árangurs, að kveðja almenning þegar til starfa í þágu loftvarna. Hitt er töluvert undirbúið, að kveðja megi fyrirvaralítið allmarga til slíkra starfa, auk þeirra, sem stöðu sinnar vegna taka sjálfkrafa þátt í þeim, svo sem ýmsir opinberir starfsmenn.

Helztu hjálparlið verða hjúkrunarlið, slökkvilið, löggæzlulið, björgunarlið, tæknilið.

Slíkar sveitir þurfa margs konar útbúnað, og hefur nefndin keypt allmikið til þeirra nota.

Auk þess sem áður greinir um hjúkrunar- og líknarmál og brunavarnir, hefur nefndin varið 344 þús. kr. til kaupa á handverkfærum fyrir hjálparsveitir, handluktum o. fl.

Kostnaðaryfirlit.

Loftvarnanefndin hefur haft til ráðstöfunar frá 1951 til ársloka 1956 alls 9000000.00, kr. 1500000.00 að meðaltali á ári, að hálfu frá hvorum aðila, ríkissjóði og Reykjavíkurbæ.

Samkvæmt framanrituðu yfirliti hefur nefndin greitt af höndum, til nóvemberloka þ. á., sem hér segir:

Stjórnstöðvar	kr.	64000.00
Aðvörunarkerfi	—	288000.00
Fjarskipti	—	287000.00
Hjúkrunar- og líknarmál	—	2411000.00

— do — Samþ. kaup. Ógreitt			kr.	145000.00
Eldvarnir		— 1032000.00		
— do — Samþ. kaup. Ógreitt			—	616000.00
Loftvarnabyrgi		— 239000.00		
Birgðageymslur		— 574000.00		
Hjálparsveitir		— 344000.00		
Ýmis kostnaður		— 191000.00		
— do — Handy-vörur. Ógreitt			—	157000.00
		kr. 5430000.00	kr.	918000.00
Þóknun til 6 nefndarmanna í 4½ ár á 6000.00 kr. og til formanns á sama tímabili, tvöfalt	kr. 216000.00			
Laun framkv.stj. og skrifst.manns til nóvember 1956	— 431000.00			
Annar skrifstofukostnaður	— 154000.00			
		— 801000.00		
		Kr. 6231000.00		
Nefndin hefur þannig greitt í peningum			—	6231000.00
og samþykkt kaup á vörum fyrir			ca. —	918000.00
Auk þess ógreiddur áfallinn kostnaður, þ. á m. greiðsla til verkfræðinga fyrir áætlanir um Arnarhól			ca. —	200000.00
			ca. kr.	7349000.00

Samkvæmt þessu má segja, að nefndin hafi ráðstafað, eða gert samþykkt um að ráðstafa fjárveitingum ríkis og bæjar á tímabilinu, nema sem svarar fjárveitingunni síðasta árið (1956) eða rétt rúmlega það.

Í þessu sambandi má taka fram, að nefndin hefur talið æskilegt að hafa nokkurt fé tiltækilegt til byrjunarframkvæmda, ef horfið yrði að því ráði að gera loftvarnabyrgi við miðbæinn (Arnarhól?), eða gera aðrar kostnaðarsamar ráðstafanir.

Almennar athuganir.

Loftvarnanefnd hefur til þessa einkum haft í huga að skapa aðstöðu til eldvarna og ýmis konar hjálpar- og hjúkrunarstarfa, ef til loftárása kæmi og bæta aðstöðu sem fyrir var um þessi efni, svo sem drepið hefur verið á hér að framan.

Vörubirgðir nefndarinnar munu í mörgum greinum halda verðgildi sínu og geta orðið til margvíslegra nota, þó að ekki komi til nota vegna loftárása. Hefur birgðunum verið komið fyrir í geymslum nefndarinnar með mjög skipulegum hætti. Telur nefndin áríðandi, að þeirra verði vel gætt og þeim haldið í röð og reglu. Er mjög æskilegt, að núverandi birgðavörður, sem er öllum hnútum gagnkunnugur, verði ráðinn til að halda þeim starfa áfram.

Nefndin hefur að vísu látið gera áætlanir um skipun hjálparsveita og skipulag hjálparstarfs, ef í nauðir rekur, en hins vegar hefur nefndin ekki skipað menn til hjálparstarfa eða fyrirskipað æfingar. Athuganir um það efni leiddu í ljós, að menn virtust mjög tregir til að sinna kalli til æfingastarfa, og hefur nefndin ekki haft trú á neins konar þvingunarráðstöfunum í þessum efnum, enda vafasamur árangur af þess háttar æfingum, nema fullur hugur þátttakenda fylgi máli.

Nefndin hefur einnig rætt töluvert um möguleika til brottflutnings fólks skyndilega, ef til loftárása kæmi. Eins og aðstæður eru hér í nágrenni Reykjavíkur er að vísu hugsanlegt að flytja töluverðan fjölda fólks af bæjarsvæðinu á skömmum tíma, svo fremi að vegir teppist ekki. En hins vegar ógerlegt að koma fjölda manns

(tugum þús.) fyrir til dvalar í dreifbýli, svo viðhlítandi sé, nema með ærnum kostnaði, margfalt meiri kostnaði en fjárveitingarvaldið hefur ætlað til loftvarnaráðstafana.

Nefndin hefur gert sér far um að afla upplýsinga um ráðstafanir, sem menn hyggjast gera annars staðar til varnar borgurum í kjarnorkustríði. Enda þótt rannsóknir um þessi efni séu á tilraunastigi og niðurstöður um margt ófullnægjandi, þá búast aðrar þjóðir vörnum gegn áhrifum kjarnorkuvopna, m. a. með sams konar ráðstöfunum, sem gerðar eru vegna hættu af öðrum sprengjum.

Lokaorð.

Nefndin hefur talið rétt að gefa þetta yfirlit, bæði til ríkisstjórnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur, einkum þar sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert ráð fyrir því að fella niður greiðslur úr ríkissjóði til loftvarnaaðgerða árið 1957.

Loftvarnanefndin telur rétt og sjálfsagt, að starfseminni verið haldið áfram og reyndar aukin til muna.

Auk þess sem áður segir um að fylgja eftir (m. a. hjá gjaldeyrisyfirvöldum) kaupum á því, sem tekin hefur verið ákvörðun um, og að hafa með höndum skipulega varðveizlu þeirra birgða, sem nú eru í vörzlum nefndarinnar, þarf að gera áætlanir og taka ákvarðanir um margs konar ráðstafanir. Skal hér drepið á nokkur helztu verkefnin, en sú talning er engan veginn tæmandi:

1. Fullkomnari viðbúnað varðandi aðvörunarkerfi, stjórnstöðvar og fjarskiptaþjónustu.
2. Aukningu sjúkrarúma frá 700 (sem nefndin hefur gert ráðstafanir um) ásamt með öllum búnaði, bæði að því er tekur til búnaðar rúmanna, fatnaðar sjúklinga og hjúkrunarfólks, svo og viðbúnaðar í skurðstofum og annars viðbúnaðar um hjúkrunargögn.
3. Byggingu loftvarnabyrgja, einkum í miðbæ Reykjavíkur.
4. Skipun hjálparsveita, fyllri og betri búnað þeirra, sem og æfingar.
5. Áætlanir um brottflutning fólks úr bænum og nágrenni, einkum af svæðinu suður á Reykjanesskaga og viðbúnað í því sambandi.
6. Ráðstafanir til undirbúnings ýmis konar lýðhjálpar, svo sem t. d. máltíðaúthlutunar o. s. frv.
7. Ráðstafanir, sem einkum þættu tiltækilegar til varnar almenningi í kjarnorkustríði, víðtækari en leiða af hinum almennu ráðstöfunum, sem talað hefur verið um hér að framan.

Hér var drepið á ærin verkefni til athugunar fyrir stjórnarvöld bæjar og ríkis.

Nefndin telur rétt, að tekin verði afstaða til loftvarnaráðstafana framvegis hér í Reykjavík og nágrenninu, og fjárveitingar ákveðnar í samræmi við það.

Nefndarmenn eru að sjálfsögðu búnir til viðræðna um þau málefni öll, sem rakin voru og reyndar um hvers konar málefni, sem til varna þættu horfa.

Nefndin biður átekta og mun ekki aðhafast neitt, er veldur fjárútlátum að ráði, nema að fengnum bendingum frá fjárveitingarvaldinu.

Í því sambandi er tekið fram, að nefndarmenn eru því síður en svo mótfallnir, að skipun nefndarinnar yrði breytt.

Þeir munu allir vilja vera til hvers konar aðstoðar til viðbúnaðar, ef til alvarlegra tíðinda kynni að draga, hver eftir sinni kunnáttu og getu, jafnt þó að þeir verði ekki taldir beinlínis starfandi í neins konar nefnd.

Hins vegar er bent á, að nefndin telur rétt og sjálfsagt, að haldið verði „nánu sambandi“, ef svo mætti segja, á milli þess, sem gert hefur verið og þeirra ráðstafana, sem nú kunna að verða taldar réttar.

Fylgiskjal 2.

Bréf Loftvarnanefndar Reykjavíkur, dags. 4. október 1961.

Eins og hæstvirtum dómsmálaráðherra og borgarstjóranum í Reykjavík er kunnugt, var fjárveiting til ráðstafana vegna ófriðarhættu felld niður á fjárlögum fyrir árið 1957. Hefur starfsemi loftvarnanefndar Reykjavíkur því legið niðri að mestu síðan. Nefndin var þó aldrei formlega lögð niður.

Vegna uggvænlegs ástands í alþjóðamálum að undanförnu, hefur nefndin komið saman til fundar til umræðna um öryggi bæjarbúa, ef til ófriðar skyldi koma.

Flestar þjóðir Evrópu hafa, vegna biturrar reynslu frá styrjaldarárunum, lagt fram stórfé til borgaralegra varna allt frá ófriðarlokum og óslitið til þessa dags. Er almennt viðurkennt, að með öflugum viðbúnaði megi draga mjög úr þeim hörmungum, sem styrjöld hlýtur óhjákvæmilega að leiða yfir borgarana, og á það einnig við, þótt atómvopnum nútímans yrði beitt. Ísland er hið eina af Norðurlöndunum, og raunar eina landið í Evrópu, eftir því sem bezt er vitað, sem um árabil hefur ekkert lagt af mörkum til undirbúnings borgaralegra varna.

Að tilhlutan ríkisstjórnar og bæjarstjórnar hóf loftvarnanefnd Reykjavíkur störf á árinu 1951 og er hún eina loftvarnanefndin, sem starfað hefur hér á landi frá styrjaldarlokum. Önnur bæjarfélög hafa ekkert aðhafzt í þessum málum, þótt sums staðar hafi komið til umræðu.

Loftvarnanefnd Reykjavíkur var frá upphafi þröngur stakkur skorinn um framkvæmdir vegna takmarkaðra fjárveitinga. Var þeim fjárveitingum því varið til hins allra nauðsynlegasta undirbúnings í hinum ýmsu greinum borgaralegra varna og þá fyrst og fremst til aðvörunarkerfis, hjúkrunar- og líknarundirbúnings, svo og eldvarna. Hvergi nærri var þó unnt að gera þeim viðhlítandi skil af fjárhagsástæðum. Fjárfrekari ráðstafanir, eins og bygging loftvarnabyrgja fyrir almenning og framkvæmdir vegna brottflutnings fólks úr bænum, komu ekki til greina. Allt að einu má segja, að með starfi nefndarinnar hafi verið lagður alltraustur grundvöllur að borgaralegum vörnum hér í bænum og mun það koma að góðum notum við áframhaldandi framkvæmdir í þeim málum.

Í desembermánuði 1956 gerði loftvarnanefnd sérstaka yfirlitsskýrslu um störf nefndarinnar frá upphafi og fylgir hún hér með í eftirriti. Í skýrslunni eru raktar helztu framkvæmdir nefndarinnar og gerð grein fyrir, hvernig fjármunum hafi verið varið. Í lokakafla er tekið fram, að nefndin telji rétt og sjálfsagt, að starfseminni verði haldið áfram og reyndar aukin til muna. Er þar og bent á mörg aðkallandi verkefni til athugunar fyrir stjórnarvöld bæjar og ríkis og þess getið, að nefndin muni bíða átekta og ekki aðhafast neitt, er valdi fjárútlátum að ráði, nema að fengnum bendingum frá fjárveitingavaldinu.

Fjárveiting til loftvarnamála var engin á fjárlögum fyrir árið 1957, eins og áður segir. Loftvarnanefnd hélt þó allmarga fundi á því ári og vann áfram að ýmsum málum, sem byrjað hafði verið á. Meðal annars var lokið við uppdrætti og verkfræðilegar athuganir vegna byggingar loftvarnaskýlis undir Arnarhóli. Borgarlæknir aflaði nefndinni upplýsinga um nýjustu fyrirkomulagsatriði líknarmála erlendis, með sérstöku tilliti til kjarnorkuhernaðar.

Hinn 15. apríl 1957 mætti þáverandi borgarstjóri í Reykjavík á fundi loftvarnanefndar. Lýsti hann því yfir, að sízt mætti draga úr öryggisráðstöfunum, enda væri það ekki vilji bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem hefði veitt sömu upphæð til loftvarna á árinu 1957 og áður hafði verið gert.

Í júlímánuði 1957 kom hingað til lands sir John Hodsoll, aðalráðunautur NATO í loftvarnamálum. Kynnti hann sér rækilega allt það, sem gert hafði verið hér á landi í þeim málum. Sat hann fundi loftvarnanefndar og ræddi við nefndarmenn um skipulagningu og framkvæmdir. Í skýrslu hans kom fram, að hann taldi mikilvægt starf hafa verið unnið í loftvarnamálum hér í bænum, en auðsynlegt væri að

halda því áfram í enn ríkari mæli. Sir John Hodsoll átti einnig viðræður við forsætisráðherra, utanríkisráðherra og tvo af starfsmönnum hans. Enda þótt loftvarnanefnd fengi ekki vitneskju um niðurstöðu þeirra viðræðna, hefur hún þó ástæðu til að ætla, að sir John Hodsoll hafi gert ákveðnar tillögur um það, hvað gera þyrfti í loftvarnamálum hér á landi.

Er komið var að áramótum 1958 og ekki höfðu borizt neinar ábendingar til loftvarnanefndar um að stjórnarvöld ríkisins hefðu áhuga fyrir áframhaldandi starfi hennar og ekkert fé veitt til loftvarna, töldu nefndarmenn sig ekki geta unnið að frekari framkvæmdum. Hefur nefndin ekki haldið fundi síðan, en framkvæmdastjóri, í samráði við formann hennar, séð um varðveizlu birgða, vátryggingu þeirra og viðhald geymsluhúsa og annarra eigna í umsjá nefndarinnar.

Loftvarnanefnd Reykjavíkur vill enn á ný leggja ríka áherzlu á nauðsyn þess, að unnið verði áfram að undirbúningi varna fyrir borgarana, ef til ófriðar skyldi koma og með sérstöku tilliti til núverandi hættuástands. Skal í því sambandi bent á, að mál þetta snertir ekki eingöngu Reykjavík, heldur og ýmsa aðra staði á landinu.

Nefndinni er kunnugt um, að margt nýtt hefur komið fram í loftvarnamálum erlendis, síðan hún hætti störfum. Vill nefndin m. a. af þeim ástæðum eindregið leggja til, að ríkisstjórnin fái hingað erlendis frá sérfróða menn í loftvörnum til ráðuneytis um það, hvað gera beri í þeim málum hér á landi.

Fylgiskjal 3.

Álitsgerð Holtermann, hershöfðingja.

Inngangsorð.

Gera má ráð fyrir, að ef til styrjaldar dregur, verði hún *algjör*.

Árásir munu að verulegu leyti verða gerðar úr lofti, og beinast bæði að hernaðarmannvirkjum og öðrum mannvirkjum.

Líkleg skotmörk í upphafi eru: Aðsetur æðstu stjórnvalda, flugvellir, flotastöðvar, stór forðabúr, mikilvægar innflutningshafnir, samgöngumiðstöðvar og stór iðnaðarhverfi. Einnig er líklegt, að óvinurinn geri árásir á stærri bæi og þéttbýla staði, í því skyni að hafa áhrif á mótstöðuafl íbúanna, og þannig neyða landið til uppgjafar.

Gera má ráð fyrir mikilli eyðileggingu og tortímingu mannslífa af völdum þeirra árásarvopna, sem tiltæk eru í dag, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til verndar íbúunum.

Þetta á einkum við, ef um notkun kjarnorkuvopna verður að ræða.

Almannavarnir mun hvorki geta hindrað eyðileggingu né tortímingu mannslífa, en þær geta að verulegu leyti dregið úr tjóni og hindrað, að slíkt tjón hafi *úrslitaþýðingu*.

Eins og nú er ástatt eru vel skipulagðar almannavarnir þess vegna mikilvægar fyrir framtíðartilveru hverrar þjóðar, og þær eru í dag einn af þýðingarmestu þáttum heildarvarnanna.

Tilgangur almannavarna er fyrst og fremst sá að *bjarga mannslífum*. Því marki er hægt að ná á tvennan hátt, annars vegar með ráðstöfunum til að hindra tjón, og hins vegar með ráðstöfunum til að bæta orðið tjón.

Til ráðstafana til að hindra tjón heyrir viðvörun, dreifing, skýling og myrkvun. Ráðstafanir til að bæta tjón eru fyrst og fremst þær aðgerðir, sem framkvæmdar eru af þeim hluta liðs almannavarnanna, er hefur björgunarstarf með höndum, eftir að árás hefur verið gerð.

Við samningu tillagna þeirra, sem hér fara á eftir, hef ég haft mjög nauman tíma. Þær verða því að skoðast sem *almennar ábendingar* um fyrirkomulag al-

mannavarna á Íslandi. *Síðar verður að semja nákvæmar áætlanir, byggðar á vandlegum athugunum og staðarþekkingu á öllum aðstæðum.*

Viðvörun.

Almennar viðvaranir í sambandi við loftárásir ætti að leitast við að tengja stjórnstöð bandamanna á Keflavíkurflugvelli. Þar gætu verðir frá almannavörnunum fylgzt með staðarákvörðunum á óvinaflugvélum og aðvarað þá staði á landinu, sem álitnir eru í hættu, í samræmi við slíkar staðarákvarðanir.

Viðvörunarkerfi (loftvarnaflautum (sirener) og loftvarnalúðrum (tyfoner)) ætti til að byrja með að koma upp á stöðum, þar sem íbúar eru fleiri en 2000. Í Reykjavík má nota þau tæki, sem þegar hafa verið keypt. Vegna viðvörunar um geislavirkt úrfall þarf síðar að miða við, að sett verði upp viðvörunarkerfi á stöðum, þar sem íbúar eru fleiri en 1000.

Tryggja verður nauðsynlega fjarskiptaþjónustu (síma og e. t. v. útvarp) til að koma viðvörunarkerfinu í gang.

(Viðvörun vegna geislavirks úrfalls er tekin til meðferðar síðar.)

Dreifing.

(Sbr. 5. gr. laga um almannavarnir.)

a) Það er álitin höfuðnauðsyn, að öryggi æðstu stjórnvalda sé borgið meðan styrjöld er háð. Þess vegna verður að tryggja, að *forsetinn, ríkisstjórnin* og *Alþingi* geti flutt á örugga staði, og gera þarf áætlun um flutning þangað.

Ákveða þarf frambúðarstaði, sem hægt er að flytja til, og sem veita a. m. k. sama öryggi og almenn varnarbyrgi (sjá síðar). Það minnsta, sem gera verður til að byrja með, er að útvega skýli, sem veita vörn gegn geislavirku úrfalli.

b) Undirbúa þarf *allsherjarflutning* fólks frá a. m. k. 5 km svæði umhverfis *Keflavíkurflugvöll.* Flytja verður allt fólk, sem ekki hefur lífsnauðsynlegum störfum að gegna á þessu svæði, til annarra staða, einnig ber að leitast við að flytja húsdýr á brott.

Athuga þarf, hvort ekki sé rétt að undirbúa svipaðan brottflutning fólks frá svæðinu umhverfis Hvalfjörð, sem e. t. v. yrði notaður af Atlantshafsbandalaginu sem flotahöfn.

c) Undirbúa þarf brottflutning úr *sjúkrahúsunum í Reykjavík.* Með áætlunum þeim, sem þegar hafa verið gerðar, virðist góður grundvöllur lagður, að því er þetta atriði snertir.

d) Undirbúa þarf *brottflutning fólks úr Reykjavík á ófriðartímum.* Hve mikinn hluta íbúanna ætti að flytja þannig á brott er undir því komið, hve mörgum er hægt að útvega samastað á þeim svæðum, sem ætlað er að taka við fólkinu. Á þeim stutta tíma, sem var til umráða, hefur ekki verið hægt að mynda sér neina ákveðna skoðun á þessu atriði, og það er ekki unnt fyrr en nákvæm athugun hefur farið fram. Til að byrja með verður að gera áætlun um brottflutning eftirgreindra hópa: Barna innan 18 ára aldurs, fólks yfir 70 ára, mæðra með börn, kennara fyrir börnin og að öðru leyti fólks, sem ekki hefur lífsnauðsynlegum störfum að sinna í bænum.

Koma verður á fót sérstakri brottflutningamiðstöð til að annast flutninginn.

Skýling.

Talið er, að bygging varnarbyrgja sé eitt árangursríkasta skrefið til að vernda almenning á styrjaldartíma. Það tekur hins vegar tiltölulega langan tíma að koma slíkum varnarbyrgjum á fót, og þau eru tiltölulega dýr í byggingu.

Ég legg til, að það fyrsta, sem gert verður, sé eftirfarandi:

a) Í bæjum með meira en 2000 íbúa skal koma fyrir *einkavarnarbyrgjum* í *nýbyggingum* af tiltekinni stærð. Slík varnarbyrgi verða að þola yfirþrýsting, sem nemur 2 loftþyngdum; þau skýla þá nægilega gegn hita og veita mjög góða vernd gegn geislun. *Húsbyggjandi* greiði kostnað við að koma varnarbyrgjunum á fót. Áætlað er, að kostnaður nemi 1—2% af byggingarverði hússins.

b) Í öðrum bæjum en þeim, sem nefndir eru í a) lið, skal í nýbyggingum útbúa *varnarskýli* til að verjast *geislavirku úrfalli*. Varnarskýlin verða að gefa lækkunarhlutfall, sem nemur 100 (þ. e. styrkleikinn lækki í 1/100). Varnarskýlin greiðist af *húsbyggjanda*. Áætlaður kostnaður við að koma varnarskýlunum á fót er ¼% af kostnaðarverði hússins.

c) *Í eldri húsum á öllu landinu* sé húseiganda gert að skyldu að afla þess efnis, sem þörf er á, til að gera í húsinu *bráðabirgða*varnarskýli gegn geislavirku úrfalli (lækkunarhlutfall 100).

Gefa verður út bækling með leiðbeiningum um, hvernig hægt er að fá nægilegt skjól. Starfsfólk almannavarnanna verður að öðru leyti að láta í té nauðsynlegar leiðbeiningar.

d) Í Reykjavík verði útbúin *almenn varnarbyrgi* fyrir 10% af íbúum bæjarins. Byrgi þessi eru fyrst og fremst ætluð þeim, sem eru útivið, þegar árás er gerð, og þeim, sem ekki hafa einkabyrgi, er þeir geta leitað til.

Þessi varnarbyrgi verða að þola yfirþrýsting, sem nemur minnst 6 loftþyngdum. Ef unnt er að byggja varnarbyrgin í klöpp — en að því ber að keppa — ætti að gera kröfu um 10 loftþyngda þol.

Kostnaðurinn skiptist milli ríkis og bæjar (t. d. ⅔ á ríkið og ⅓ á bæinn). Sérstakir verðir gæti hinna almennu varnarbyrgja.

Almenn varnarbyrgi séu *ekki* byggð í *öðrum bæjum* að svo komnu.

c) Séð sé fyrir öruggum stöðum, sem stjórnvöld landsins geti flutt til (sjá hér að framan).

Myrkvun.

Setja þarf reglur um myrkvun. Hvort og hvenær framkvæma á myrkvun fer að nokkru leyti eftir því, hvaða reglum herlið bandamanna fylgir.

Ríkið ætti þegar á friðartíma að útvega nokkurt magn af myrkvunarpappír,

Skipulagning.

Telja verður heppilegt að halda í horfi, svo sem unnt er, fyrirkomulagi því, sem kveðið er á um í 2. gr. laga um almannavarnir og reynslu hefur hlotið.

Nokkrar viðbætur virðast þó nauðsynlegar.

a) Almannavarnir ættu áfram að heyra undir dómsmálaráðuneytið.

Í dómsmálaráðuneytinu ætti að koma á fót sérstakri *skrifstofu fyrir almannavarnir*, er hefði það hlutverk að fjalla um öll þau mál, er varða landið í heild og einnig að aðstoða héraðsstjórnirnar í skipulagningar- og fræðslumálum.

Ekki er ætlazt til, að skrifstofan hafi framkvæmdavald gagnvart héraðsstjórninni (lögreglustjóranum) á friðartímum, heldur starfi í umboði dómsmálaráðherrans, sem er næsti yfirmaður lögreglustjórans, einnig í öllum málum, er snerta almannavarnir.

Á ófriðartímum ætti að skipa almannavarnastjóra, sem heyri beint undir dómsmálaráðherra og sem sé nánasti yfirmaður lögreglustjóranna. Gerð sé áætlun um sérstakt ráð fyrir almannavarnastjórann, er starfi á grundvelli ofangreindrar skrifstofu almannavarna. Á ófriðartímum ætti almannavarnastjórinn og ráð hans að vera staðsett í nánd við dómsmálaráðherra.

Sá, sem skipaður verður almannavarnastjóri, ætti á friðartímum að fá tæki-

færi til að fylgjast með störfum yfirstjórnarinnar, sem í mikilvægum málum ætti að ráðfæra sig við hann.

Almennt ætti að velja lögreglustjórann í Reykjavík sem almannavarnastjóra og æðsti undirmaður hans að verða lögreglustjóri í bænum.

b) Setja ætti á stofn lítinn *aðalskóla fyrir almannavarnir,* sem hefði það hlutverk að annast menntun foringja og leiðbeinenda almannavarna. Skólinn heyri beint undir dómsmálaráðherrann (almannavarnastjóra). Eftir atvikum má skólinn vera hvort sem er fastur skóli eða grundvallast á tímabundnum námskeiðum.

Norsku almannavarnirnar gætu veitt aðstoð sína við menntun foringja og leiðbeinenda, þangað til skólanum hefur verið komið á fót. Síðan ætti smám saman að senda foringja á skóla almannavarna í öðrum löndum.

c) *Héraðs-almannavarnir* ættu eins og nú að heyra undir *lögreglustjórann,* sem hefði óskorað framkvæmdavald yfir þeim almannavarnagreinum, sem komið yrði á fót í hans umdæmi. Núverandi almannavarnanefndir (loftvarnanefndir) ættu að starfa áfram, en verða ráðgefandi nefndir fyrir lögreglustjórana.

Lögreglustjórinn í Reykjavík þarf að fá sér til aðstoðar framkvæmdastjóra ásamt starfsliði, sem gæti fjallað um skipulagninguna og haft daglegan rekstur almannavarna í höfuðborginni með höndum.

Meta verður í hverju einstöku tilfelli, hvort aðrir lögreglustjórar skuli fá sérstakt starfslið frá almannavörnum sér til aðstoðar.

d) Í bæjum með yfir 2000 íbúa séu *staðar-almannavarnir* skipulagðar. Þar sem lögreglustjórinn hefur aðsetur, skal hann jafnframt vera staðaryfirmaður.

Til aðstoðar staðaryfirmanni í ófriði sé fengið starfslið og *yfirmenn hinna ýmsu almannavarnagreina* skipaðir. Fjöldi starfsliðs og yfirmanna almannavarnagreinanna fer eftir því, hve staðaralmannavarnirnar eru umfangsmiklar. Framkvæmdastjórinn og aðstoðarmenn hans myndi kjarnann í slíku starfsliði, ef til kemur. Samkvæmt 4. gr. laga um almannavarnir er hægt að fela starfsliði og yfirmönnum almannavarnagreina skyldustörf á hendur einnig á friðartímum.

Á hverjum stað, þar sem almannavarnir eru, skal skipuleggja: Hverfisþjónustu og hjálparlið.

Í hverfi eru um 500 íbúar (1—2 byggingareitir) með hverfisverði, þ. e. hverfisstjóra, staðgöngumanni og 12 manna liði. Hverfisstöð sé ákveðin fyrir vörðinn. Stöðin verður a. m. k. að veita sama skjól og einkavarnarbyrgin.

Í *hjálparliðinu* þurfa að vera 4—5% íbúanna og hlutverk þess að ná til eftirfarandi greina: Brunavarna, björgunar- og hjúkrunarþjónustu, ruðningsþjónustu, ABC-þjónustu, löggæzlu, fjarskiptaþjónustu, tækniþjónustu og birgðaþjónustu.

Hjálparliðinu sé skipað í flokka, sveitir og deildir. Því má skipta í framkvæmdalið (samsettar einingar, sem hafa allar þjónustugreinar innan sinna vébanda) og aðstoðarlið.

Stærð og samsetning hjálparliðsins mun verða mismunandi fyrir hverjar einstakar staðaralmannavarnir og verður að vera háð nákvæmri skipulagningu.

Hluta hjálparliðsins má láta í té sem *nágrannaaðstoð* til annarra staðaralmannavarna, sem hafa aðsetur í nánd. Þannig ætti að koma á fót náinni samvinnu milli þeirra almannavarnagreina, sem Reykjavík stofnsetur, og þess liðs bandamanna, sem valið verður og þjálfað til almannavarna á Keflavíkurflugvelli.

Sjá verður hverfisþjónustunni og hjálparliðinu fyrir einstaklingsbúnaði (einkennisbúningi, gasgrímu o. fl.) og deildarbúnaði (brunadælum, verkfærum, sjúkrabörum, sjúkrabílum o. fl.). Unnt er að nota allan þann útbúnað, sem komið hefur verið upp í Reykjavík.

Ef hentugt þykir má geyma einstaklingsbúnaðinn heima hjá hverjum einstökum meðlimi almannavarna. Deildarbúnaðinn verður hins vegar að geyma í sérstökum *birgðaskemmum,* en flytja verður hann á ófriðartímum til safnstöðva, þar sem ákveðið er fyrirfram, að lið mæti.

Safnstöðvarnar verða að veita eins mikla vernd og framast er unnt. Þær ör-

yggiskröfur, sem gera verður, eru háðar því, hve langt er frá safnstöð að miðbiki bæjarins. Minnsta krafa, sem gera verður til safnstöðvar, er, að hún veiti vernd gegn geislavirku úrfalli.

Fyrir hverjar einstakar staðaralmannavarnir þarf að koma á fót stjórnstöð, og verður að vera hægt að stjórna aðgerðum almannavarnaliðsins þaðan. Stjórnstöðin verður að veita a. m. k. sömu vernd og almenn varnarbyrgi; sjá verður fyrir góðu fjarskiptasambandi þaðan.

Athuga ber, hvort ekki sé rétt að sjá ríkisútvarpinu (varaútvarpssalur), hafnarstjóra og hluta af viðkomandi sveitarstjórn fyrir samastað í stjórnstöðinni, auk staðaryfirmanns ásamt starfsliði og yfirmönnum hinna ýmsu almannavarnagreina.

Lagt er til, að *ekki* verði skipulögð nein *fjarhjálparstöð* á Íslandi í bili.

Fræðsla og þjónustuskylda.

Gert er ráð fyrir, að 4. gr. laga um almannavarnir verði látin ná til kvenna og manna á aldrinum 18—65 ára.

Svo sem fram kemur hér að ofan er þörf á liði vegna eftirfarandi almannavarnagreina: Hverfisþjónustunnar, hjálparliðsins, brottflutningsþjónustunnar, vörzlu í almennum varnarbyrgjum og stjórnarstarfsliðs.

Þörfin á fræðslu og þjálfun er mismunandi vegna hinna ýmsu greina.

Lagt er til, að þetta verði sem hér segir:

Hverfisþjónusta og brottflutningsþjónusta.	
Frumfræðsla	20 tímar
Upprifjun	10 tímar á ári
Hjálparliðin.	
Frumfræðsla	40 tímar
Upprifjun	20 tímar á ári
Stjórnarlið.	
Frumfræðsla	60 tímar
Upprifjun	20 tímar á ári
Verðir í varnarbyrgjum.	
Frumfræðsla	10 tímar
Upprifjun	5 tímar á ári.

Þjónustan er venjulega innt af hendi á kvöldin, að loknum vinnudegi.

Auk þess verður að vera hægt að kveðja það af starfsliðinu, sem valið er til *foringja,* til nauðsynlegra foringjanámskeiða.

Leiðbeinendur ættu, að svo miklu leyti sem unnt er, að vera fastir starfsmenn og ferðast milli hinna ýmsu lögregluumdæma.

Bjóða ætti starfsliði þannig út, að réttur maður (kona) sé á réttum stað eftir því sem mögulegt er.

Til foringja veljist að öðru jöfnu skólagengið starfslið. Það sjónarmið, sem mælir með þessu, er, að hægt ætti að vera að leggja meiri þjónustu á herðar því starfsliði, sem ríkið hefur veitt ókeypis fræðslu.

Geislavirkt úrfall.

Í samvinnu við heryfirvöld bandamanna ætti að ákveða *ábyrgðargreiningu,* þegar um er að ræða ráðstafanir, sem gera þarf vegna geislavirks úrfalls.

Gengið er út frá, að bandamenn geti tekið á sig ábyrgðina af að tilkynna, hvar, hvenær og hvernig (í lofti eða jörð) kjarnasprengja hefur sprungið og hve stór sú sprengja var. Í samvinnu við veðurfræðinga ættu bandamenn einnig að geta gefið út „spá“, sem segir fyrir um, hvar mögulegt úrfall muni bera niður.

Íslenzk yfirvöld almannavarna verða hins vegar að taka að sér að *aðvara* íbúana um úrfallið, koma á fót nauðsynlegri *mæliþjónustu* og að öðru leyti gera þær ráðstafanir, sem kynnu að vera nauðsynlegar til að bjarga íbúunum.

Almannavarnastjóri ætti að bera ábyrgð á *viðvöruninni* og hann verður að hafa náið samband við yfirforingja bandamanna. Hann verður einnig að hafa sér til aðstoðar fulltrúa frá heilbrigðisyfirvöldunum og geislunarfræðing.

Þar til ráð fyrir almannavarnastjóra verður sett á fót er athugandi að fela bandamönnum að annast viðvörunina.

Að öðru leyti verður að gera nákvæma áætlun um viðvörunina fyrir hvert einstakt lögregluumdæmi, þannig að hver einasti íbúi fái viðvörun, ef unnt er.

Mæliþjónustuna verður að skipuleggja fyrir allt landið, en hve þétt mælistöðvar eru settar fer eftir íbúatölu landssvæðanna. Gera má ráð fyrir, að 80—100 stöðvar nægi til að byrja með.

Mælistöðvar geta að miklu leyti verið tengdar staðaralmannavörnunum, rafstöðvum og iðjuverum, ásamt veðurathugunarstöðvum. Á mælistöðvunum þurfa að vera nauðsynleg mælitæki (mælir er sýnir geislunarskammt, styrkleikamælir o. fl.).

Sjúkrahús.

Svo sem nefnt er hér að framan, þarf að sjá um brottflutning úr sjúkrahúsum á þeim stöðum, sem eru í hættu. Til að auka sjúkrarýmið þarf að koma á fót varasjúkrahúsum. Tæki verður að útvega fyrir varasjúkrahúsin og ákveða starfslið.

Það er mjög mikilvægt, að ákveðin sé skipting á ábyrgð milli sjúkrahúsanna og almannavarna. Ég geng úr frá, að Toftemark yfirlæknir muni fjalla um þetta atriði. Hér mun ég einungis skýra frá í stórum dráttum, hvernig fyrirkomulagið er í Noregi. Ábyrgð á öllu, er snertir sjúkrahúsin (brottflutningur, uppsetning nýrra sjúkrahúsa, læknismeðferð), er í höndum heilbrigðisstjórnarinnar. *Almannavarnir* bera hins vegar ábyrgð á öllu því, sem hendir *utan* sjúkrahúsanna: Leita uppi særða, flytja þá til safnstaða og þaðan á hjálparstöðvar, hafa með höndum aðgreiningu og láta hinum særðu aðstoð í té, sem gerir þá hæfa til flutnings, og flytja þá aftur til sjúkrahúsanna til endanlegrar læknismeðferðar. Í þessu skyni koma almannavarnir á fót björgunarsveitum, hjálparstöðvum, fullkomnari hjálparstöðvum og sjúkrabílum. Auk þess skipuleggja þær meiri háttar flutninga aftur til sjúkrahúsanna.

Sjálfshjálp.

Almannavarnir geta ekki veitt öllum aðstoð: Þess vegna verður fólk að læra að hjálpa sér sjálft.

Gefa verður út bæklinga með leiðbeiningum um sjálfshjálp.

Auk þess þyrfti skóli almannavarnanna að mennta leiðbeinendur, sem síðan gætu veitt íbúunum fræðslu á þessu sviði, á stuttum námskeiðum. Skipuleggja ætti samvinnu um þessi mál við frjáls samtök.

Athuga þarf enn fremur, hvort ekki væri rétt að gera almannavarnir að námsgrein í skólunum.

Birgðir.

Meðan ekki hefur verið komið á fót efnahagslegum varnarviðbúnaði á Íslandi, þurfa almannavarnir, að svo miklu leyti sem unnt er, að sjá um, að íbúunum berist birgðir, t. d. eftir meiri háttar sprengjuárás. Þessi þjónusta ætti að vera undir stjórn hlutaðeigandi lögreglustjóra með aðstoð birgðaþjónustu staðaralmannavarna og brottflutningsþjónustunnar (þegar brottflutningi er lokið). Þegar á friðartíma þarf að útvega almenningseldhús og koma upp matvælabirgðum, helzt í afmældum skömmtum (neyðarskammtar).

Það, sem sitja á í fyrirrúmi við uppbygginguna.

Það tekur tíma að byggja upp almannavarnir á Íslandi. Hægt er að vinna að mörgum hlutum samtímis, en fyrr eða síðar vaknar spurningin um, hvað sitja á í *fyrirrúmi.*

Án þess að fara út í smáatriði vil ég nefna eftirfarandi röð, sem í stórum dráttum gefur ábendingar um álit mitt á mikilvægi framkvæmdanna.

Áætlanir um flutning æðstu stjórnvalda landsins.

Almannavarnaskrifstofu í dómsmálaráðuneytinu og ráðing framkvæmdastjóra ásamt starfsliði við almannavarnirnar í Reykjavík.

Fræðsla foringja og óbreytts liðs.

Aukning geislunarþjónustunnar.

Bygging varnarbyrgja.

Útvegun tækja vegna hinna ýmsu almannavarnagreina.

Áætlanir um brottflutning.

Skipting kostnaðar.

Í stórum dráttum gera lögin um almannavarnir ráð fyrir, að kostnaður skiptist þannig, að 50% komi í hlut ríkissjóðs og 50% í hlut sveitarfélagsins.

Þessi skipting er vissulega þjóðfélagsspurning, sem ég hef lítil skilyrði til að geta dæmt um.

Ég vil einungis geta þess, að reynslan í Noregi sýnir, að skipulagið verður styrkara, ef hlutur ríkisins er aukinn.

Ég leyfi mér að leggja til, að útgjöld sveitarfélagsins *takmarkist í höfuðdráttum* við eftirfarandi:

Þátttaka í byggingu varnarbyrgja (sjá að framan).

Stofnun og útbúnaður hverfisþjónustunnar.

Stofnun og útbúnaður brottflutningsþjónustunnar.

Stofnun og útbúnaður vegna varðþjónustunnar við hin almennu varnarbyrgi.

Útvegun skólastofa og æfingarsvæði fyrir hjálparliðið.

Útvegun staða fyrir loftvarnaflautur og -lúðra.

Þátttaka í útgjöldum við að koma fyrir matvælabirgðum.

Það, sem ótalið er, ætti ríkið að annast að mestu leyti.

Fylgiskjal 4.

Álitsgerð C. Toftemark.

Undirstaða skýrslunnar

Á þeim fáu dögum, sem liðnir eru, síðar ég kom, hef ég fengið tækifæri til að kynna mér:

Loftvarnalögin frá 1941 með breytingum frá 15. desember 1951.

Skýrslu loftvarnanefndar frá desember 1956 og

Greinargerð Holtermann, hershöfðinga, frá desember 1961.

Enn fremur hef ég átt viðræður við meðlimi loftvarnanefndar, bæði hvern einstakan þeirra og alla saman. Ég hef einnig átt viðtöl við landlækni, forstjóra Landsspítalans, yfirskurðlækna Landsspítalans og Landakotsspítala, ásamt forstjóra Lyfjaverzlunar ríkisins.

Á aukafundi í læknafélaginu hitti ég marga starfsbræður mína, og sömuleiðis hef ég hitt fulltrúa frá blöðum og útvarpi.

Mér hefur verið sýnd stjórnstöð og birgðaskemmur almannavarna og ég hef heimsótt Reykjalund, þar sem fyrirhugað er, að varasjúkrahús verði.

Loks hef ég, ásamt lögreglustjóranum og borgarlækni, heimsótt herstöð Bandaríkjamanna og rætt við yfirmenn hersins og læknisþjónustunnar um hin sameiginlegu vandamál.

Gildi starfsemi almannavarna fram að þessu

Svo sem ég hef þegar haft tækifæri til að skýra ráðherranum frá, er ég þeirrar skoðunar, að almannavarnakerfi það, sem á sínum tíma var komið upp, sé ágætt til að byggja áframhaldandi starf á.

Greinargerð Holtermann hershöfðingja

Ég er í öllum atriðum sammála þeim almennu sjónarmiðum, sem Holtermann hershöfðingi hefur gert grein fyrir, en ég mun hér á eftir leyfa mér að láta í ljós nokkrar almennar hugleiðingar, auk nokkurra læknisfræðilegra sjónarmiða, um það kerfi, sem nauðsynlegt er að koma á fót, til að unnt sé að annast særða og sjúka á örlagatímum.

Almennar hugleiðingar.

Skipulagsforsendur NATO

Samkvæmt skipulagsforsendum NATO má gera ráð fyrir, að ef til styrjaldar dregur, verði hún þegar í upphafi algjör og að lyktir fyrstu dagana hafi úrslitaþýðingu.

Talið er óhætt að gera ráð fyrir „hernaðarviðvörun", sem gæti veitt eins til tveggja daga frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna almannavarna.

Til að unnt sé að hagnýta sér slíka viðvörun er gert ráð fyrir, *að* víðtæk skipulagning hafi verið framkvæmd fyrirfram, *að* fyrir hendi séu tæki og þjálfað lið og *að* þær ráðstafanir, sem langan tíma tekur að gera, hafi verið framkvæmdar þegar á friðartíma. Þetta á t. d. við um öryggisbyrgi, stjórnstöðvar og sérstakar samgönguæðar milli þeirra, ýmiss konar viðbúnaðarbirgðir o. s. frv.

Skilgreining á aðstæðum

Hentugt er að skilgreina fyrir fram hvaða hernaðarforsendur leggja á til grundvallar við skipulagninguna. Hvaða áhætta kunni að fylgja, eða m. ö. o. hvers kyns styrjöld það er, sem gæti dunið yfir landið.

Skoðun að því er DANMÖRKU snertir.

Slík skilgreining hefur leitt til eftirfarandi niðurstöðu að því er Danmörku snertir.

Tegund árása

1. Ætla má, að líkindi séu til
   — að loftárásir verði gerðar undir öllum kringumstæðum, með venjulegum vopnum eða A-vopnum, á einstaka staði, er hafa hernaðarþýðingu, einkanlega bækistöðvar flughersins;
   — að árásir verði gerðar í landvinningaskyni af herliði búnu venjulegum vopnum, e. t. v. með stuðningi sérstakra A-vopna.
2. Gera má ráð fyrir *alvarlegri hættu* á geislavirku úrfalli frá vetnissprengju, sem varpað hefur verið niður *utan* dansks landsvæðis. Úrfallið getur borið að, hvar sem er í landinu.
3. Gera má ráð fyrir þeim *möguleika*
   — að efnafræðilegum og líffræðilegum vopnum verði beitt;
   — að vetnissprengju verði beint gegn Kaupmannahöfn, en þó e. t. v. varpað þannig, að ekki verði eyðilegging á sjálfum bænum, en að mikið geislavirkt úrfall falli á hann.

Hertaka landsins

Verði bein árás gerð á Danmörku í því skyni að sigra landið, má búast við, að slík árás verði gerð af herliði, sem er ætlað það hlutverk að sigra og hernema landið með skyndiárás. Sennilegt er, að árásin verði studd að nokkru leyti með loftárásum á samgöngumiðstöðvar til að torvelda varnirnar og að nokkru leyti með loftárásum á Kaupmannahöfn og aðra bæi í því skyni að valda ofsahræðslu og vonleysi.

Auk þessa mun árásarherinn verða studdur venjulegum vopnum (sprengjum, sprengikúlum o. s. frv.) og sérstökum A-vopnum, sem beint verður að skotmörkum, er hafa hernaðarþýðingu, svo sem flugvöllum, strandvarnastöðvum, flotahöfnum og herskipum.

Ólíklegt er, að vetnissprengjur verði notaðar í þessu sambandi.

Skipulagning almannavarna í Danmörku

Við frekari skipulagningu almannavarnanna þarf að láta eftirfarandi atriði sitja í fyrirrúmi:

Aðalatriði

I) Vernd gegn venjulegum vopnum og A-vopnum, sem beint er að stöðum, er hafa hernaðarþýðingu, og að bæjum, ásamt vernd gegn geislavirku úrfalli frá sprengjum, sem varpað er niður utan dansks landsvæðis.

II) Vernd gegn efnafræðilegum og líffræðilegum vopnum og loks

III) Vernd gegn vetnissprengjum, sem varpað er á danskt landsvæði.

Með lausn þeirra atriða, sem nefnd eru í I. og II. lið, fæst veruleg vernd fyrir borgarana í mjög mörgum þeim tilvikum, sem geta borið að höndum — og jafnframt hefur skapazt grundvöllur fyrir lausn síðastnefnda atriðisins.

Hliðstæður

Þetta er sem sagt gildandi *dönsk* skoðun, en ef litið er á hernaðarþýðingu Danmerkur og Íslands og fyrirliggjandi árásarmöguleika, er ekki óeðlilegt, að niðurstöðurnar, að því er Ísland snertir, séu hliðstæðar.

Mat „Standing Group"

Fela mætti NATO-sendiráðinu að beina fyrirspurn til æðstu heryfirvalda bandamanna, væntanlega „Standing Group" í Washington, í því skyni að fá upplýsingar um mat þeirra á hernaðarþýðingu Íslands, sem hafa mætti til hliðsjónar við samningu slíkrar skilgreiningar, sem nefnd er hér að framan.

Takmarka má tjón

Það virðist ekki óraunhæft að álykta, að enda þótt orðið geti verulegt tjón, þá þýði það ekki sama og gjöreyðingu, og ef virkar almannavarnir eru fyrir hendi, er unnt að draga verulega úr hvorutveggja eigna- og manntjóni.

Landssamtök

Slík samtök ættu að ná til alls landsins. Þau verða að grundvallast á skilningi almennings og jákvæðri afstöðu hans til vandamálanna. Upplýsingastarfsemi viðkomandi aðila, með aðstoð blaða og útvarps, getur verið mikil hjálp — enn frekara árangri mætti ná, ef hægt væri að vekja áhuga starfandi félagasamtaka, og félaga á að vinna að upplýsingastarfsemi fyrir almenning — e. t. v. á þann hátt að ráða til starfa þá af meðlimum samtakanna, sem eru reiðubúnir að starfa sem leiðbeinendur á víðari grundvelli, eftir að hafa tekið þátt í námskeiðum, er stjórnvöldin hafa skipulagt.

Þátttaka almennings
Upplýsingar

Leiðbeinendur

Allir eru hluti í viðbúnaði almannavarna

Svo sem Holtermann hershöfðingi hefur þegar lagt áherzlu á í greinargerð sinni, er nauðsynlegt að skipuleggja almannavarnasamtök þegar á friðartímum; en á hinn bóginn er áríðandi, að ekki verði litið á almannavarnir sem hin einu samtök, sem hafi skyldu til að hugsa og sjá um skipulagningu á sviði almannavarna. Sérhvert ráðuneyti, sérhver stjórn, verður að hafa skyldu til að taka nauðsynlegar framtíðarákvarðanir á sínu sviði, í því skyni að forðast afleiðingar hættuástands.

Samræming

Það virðist eðlilegt að stofna „samræmingarráð" milli ráðuneytanna til að styðja og efla þessa viðleitni innan ráðuneytanna — hvort sem um er að ræða á sviði heilbrigðismála, landbúnaðarmála, viðskiptamála, samgöngumála eða á öðrum sviðum.

Ábyrgðargreining á friðar- og styrjaldartímum

Ákveðin ábyrgðargreining, að því er skipulagninguna varðar, er nauðsynleg — og „herstjórnarfyrirkomulag" á ófriðartímum, sem öllum er gert kunnugt, er óhjákvæmilegt.

Mótstöðuafl almennings

Reynslan sýnir hve mikilvægt það er fyrir mótstöðuafl alls almennings, að örugglega sé séð fyrir því, að ábyrg ríkisstjórn geti starfað áfram og viðhaldið sambandinu við íbúana.

Öryggi fyrir ríkisstjórnina

Öryggisbyrgi, sem byggð eru og innréttuð nægilega snemma og í hæfilegri fjarlægð frá hugsanlegum skotmörkum, þar sem hægt er að hafa samband við útvarp, blöð og aðra fréttaþjónustu, eru bráðnauðynleg. Í þeim þarf að vera unnt að hýsa þjóðhöfðingjann, ríkisstjórnina og a. m. k. einhverja fulltrúa á þingi. Þaðan þarf einnig að vera auðvelt að hafa samband við önnur æðstu stjórnvöld, fyrst og fremst almannavarnastjórann. Almannavarnastjórinn verður vegna viðvörunar og af öðrum ástæðum að hafa beint samband við heryfirvöld bandamanna.

Við hugsanlegt hernám

Vel skipulagt almannavarnakerfi hefur ekki einungis því hlutverki að gegna að bjarga mannslífum í fyrstu hryðju hugsanlegrar styrjaldar, en getur haft afgerandi þýðingu fyrir tilveru þjóðarinnar við hugsanlegt hernám.

Ákvæði Genfarsáttmálanna frá 1949 ná einnig til almennings og almannavarnasamtakanna. Bæði vestur- og austurveldin eru aðilar að þessum sáttmálum.

Genfarsáttmálar

Það er þýðingarmikið að gera almenningi ákvæði Genfarsáttmálans um stöðu óbreyttra borgara kunn, bæði að því að varðar ákvæðin um réttindi og skyldur — þetta á ekki sízt við um starfslið við læknisþjónustuna.

Sérstakar hugleiðingar um skipulag við umönnun særðra og sjúkra.

Tala særðra og látinna

Það er naumast unnt að áætla tölu særðra og látinna eftir árás. Hve mikið tjón verður á fólki er undir mörgu komið, t. d. hvers kyns vopn eru notuð og sprengiafli þeirra; fyrirfram viðvörun til íbúanna; möguleikum til brottflutnings að nokkru eða öllu leyti; að fyrir hendi séu nægilega mörg og örugg öryggisbyrgi; á hvaða stundu árás er gerð; árstími og veðrátta og möguleikum íbúanna til sjálfshjálpar og loks því, hve umfangsmikil og virk hin opinbera hjálparþjónusta er.

Skipting tjóna

Viðurkenna verður, að ef um er að ræða víðtæka árás með venjulegum vopnum -- jafnvel án þess að um notkun kjarnavopna sé að ræða — getur fjöldi særðra og látinna orðið mjög mikill og e. t. v. náð til 5—10% þeirra, sem staddir eru innan endimarka hins eiginlega skotmarks. Af þessum fjölda má í stórum dráttum reikna með ⅓ dánum, ⅓ mikið særðum og ⅓ minna særðum. Undir óhagstæðum kringumstæðum mun dánartalan hækka en tala mikið særðra lækka að sama skapi.

Gert er ráð fyrir, að af þeim, sem lifa árás, muni um það bil 65% hljóta sáráverka á mjúkum vefjum og beinbrot, um það bil 60% meiri eða minni brunasár — og við þetta bætast 15—25% með geislunarskemmdir, ef kjarnavopn hafa verið notuð, auk þess sem þeir hafa orðið fyrir einni eða fleiri tegundum annarra þeirra áverka, sem getið er hér að framan.

Breytt meðferð

Til að forða eins stórum hóp og mögulegt er frá svo umfangsmiklum slysum, er nauðsynlegt, að gripið sé til allra tiltækilegra ráða og nota læknismeðferð, sem á friðartímum væri ótæk — en sem nauðsynleg kann að vera vegna ríkjandi ástands, til að forða eins mörgum og unnt er frá líftjóni.

Meðferðin verður að vera í samræmi við ástandið á viðkomandi augnabliki og hana verður að ákveða með hliðsjón af því, hve slysið er umfangsmikið, og í samræmi við þá möguleika um meðferð, sem fyrir hendi eru — þ. e. a. s. getu hjálparsveita og fjölda sjúkrabíla, fjölda lækna og hjúkrunarliðs og útbúnað þess.

Sjálfshjálp

Þýðingarmikið er, að miklum hluta þjóðarinnar sé leiðbeint um sjálfshjálp, þar með talin hin frumstæða kennsla í

Hjálp í viðlögum

skyndihjálp á slysastað, sem nefnd er „hjálp í viðlögum". Sviði og efni þessara leiðbeininga gerði læknanefnd NATO grein fyrir á sínum tíma. Þær hafa nú þegar náð mikilli útbreiðslu í mörgum löndum (í Danmörku hefur 75000 manns verið leiðbeint síðustu tvö ár).

Mikilvægi á friðartímum

Reynt er að koma þessari kennslu á í efstu bekkjum skólanna, í sambandi við umferðarkennslu. Enn fremur hafa komið fram tillögur um að slíkt nám skuli vera skilyrði til að fá ökuskírteini, út frá því sjónarmiði, að þessi þekking geti einnig haft mikla þýðingu á friðartímum, vegna hinna tíðu umferðarslysa og annarra slysa.

Einkavarnir

Að sjálfsögðu verða meðlimir hverfisflokka íbúðarhverfa og atvinnufyrirtækja o. s. frv. að hafa aflað sér þessarar þekkingar. Á þennan hátt skapast sá möguleiki, að mikill fjöldi særðra geti hjálpað sér sjálfir, eða að þeim verði hjálpað af einhverjum nærstöddum — löngu áður en hugsanlegt er, að nokkur opinber hjálp geti borizt.

Opinber hjálp

Skipuleggja verður hina opinberu hjálp innan hjálparþjónustu almannavarnanna og á sjúkrahúsunum.

Hlutverk almannavarna

Í mörgum löndum hefur verið talið hagkvæmt að fela almannavörnunum ábyrgðina á skipulagningu og þjálfun björgunarsveita og liðs til sjúkraflutninga, en læknisþjónustan

Hlutverk sjúkrahúsanna

er aftur á móti öll skipulögð frá sjúkrahúsunum. Þeim er skylt að skipuleggja læknismeðferðina innan sinna veggja og reka „annexíur" og varasjúkrahús, ef á þarf að halda, ásamt hjálparstöðvum á slysastað til skyndimeðferðar á særðu fólki

— í Danmörku eru þær kallaðar læknastöðvar (forward medical units), og loks að skipuleggja nauðsynlega umönnun þeirra, sem liggja sjúkir heima.

Björgunarsveitir og sjúkraflutninga

Hjálparsveitir almannavarna til björgunar og sjúkraflutninga verða að vera hæfilega stórar, skipaðar vel þjálfuðu liði, er hefur mjög góða þekkingu. Í liði þessu ættu aðallega að vera iðnaðarmenn og atvinnubifreiðastjórar og veita verður þeim nákvæmar upplýsingar um meðferð særðra.

Vöru- og sendiferðabifreiðar

Útvega þarf vöru- og sendiferðabíla, sem eru vel fallnir til flutnings á sjúkrabörum — og e. t. v. langferðabíla til flutnings á lengri leiðum frá slysavarðstöð („læknastöð") til sjúkrahúss.

Útbúnaður

Við kvaðningu verða bílar og lið að mæta, og sjá verður fyrir sjúkrabörum, sáraumbúðum og spelkum.

Hjálparsveitarstöðvar

Bifreiðar, sem kvaddar eru til þjónustu, verður að staðsetja í úthverfi bæjarins á hjálparsveitarstöðvum, sem heyra undir hjálparsveitarstjórann.

Föst fyrirmæli

Sjúkraflutninga- og björgunarsveitir verða að hafa „föst fyrirmæli" um að halda af stað strax og tjón hefur orðið, og hefja þegar flutning þeirra, sem mest eru særðir af þeim, sem auðveldast er að ná til, á leið hjálparsveitanna, að aðalslysasvæðinu. Áður en hinir særðu eru fluttir til næstu slysavarðstöðvar, verða hjálparsveitirnar að hafa veitt þeim allra nauðsynlegustu meðferð til bjargar lífinu.

Eftir að hafa skilað hinum særðu á næstu slysavarðstöð, þar sem afhentar eru nýjar börur og teppi, snúa sjúkrabílarnir aftur til að ná í annað fólk, er slasazt hefur.

Ekki má gera ráð fyrir, að hver sjúkrabíll fari meira en tvær ferðir á klukkustund.

Þjónustuskylda

Í almannavarnalögum ættu að vera ákvæði um þjónustuskyldu *alls* hjúkrunarliðsins.

Sjúkrahúsaráðið

Öll sjúkrahús landsins ættu að lúta stjórn sjúkrahúsaráðs, sem gefa ætti ráð og leiðbeiningar um skipulagningarstarfið á friðartímum og hafa heimild til að stjórna framkvæmdum og samræma þær á styrjaldartímum.

Spjaldskrá um lækna

Talið er heppilegt að hafa spjaldskrá um alla lækna, þar sem einnig er að finna stuttar upplýsingar um menntun þeirra, e. t. v. ásamt upplýsingum um hvaða störf þeir óska að vinna innan almannavarna á hættutímum.

Almannavarnastjórn sjúkrahússins

Á öllum sjúkrahúsum ætti að skipa almannavarnastjórn. Í almannavarnastjórninni ætti að vera háttsettur læknir, framkvæmdastjóri viðkomandi sjúkrahúss og háttsett hjúkrunarkona.

Almannavarnastjórninni er skylt:

1) að láta gera viðbúnaðaráætlanir í samræmi við fyrirmæli sjúkrahúsaráðs.
2) að ganga úr skugga um, að allir þeir, sem þessar áætlanir ná til, kynni sér þær.
3) að hlutast til um, að viðkomandi aðstoðarmenn hljóti kennslu við þau störf, sem þeim er ætlað að vinna.
4) að sjá um, að haldnar séu æfingar við og við til að ganga úr skugga um, að unnt sé að framkvæma áætlanirnar.

5) að koma á fót og viðhalda sambandi við aðrar deildir almannavarna.

Starfssvið sjúkrahúsanna

Sjúkrahúsin kunna að þurfa að framkvæma *margs konar störf* og er það komið undir ástandinu hverju sinni — og einnig því, hvort sjúkrahúsið er á stað, sem ógnað er, eða stað, sem þegar hefur orðið fyrir árás — eða hvort það er á stað, þar sem er tiltölulega rólegt. Það verður því að gera nákvæmar áætlanir vegna hinna ýmsu tilvika:

Rýming að nokkru leyti

Áætlun um rýmingu sjúkrahússins að nokkru eða öllu leyti. Af hagkvæmnisástæðum verður varla um að ræða algjöran brottflutning sjúklinga, starfsfólks og tækja frá sjúkrahúsinu á annan stað, þar sem hægt væri að koma öllu fyrir aftur, þar eð slíkur brottflutningur tekur marga daga og krefst mikillar vinnu.

Útskrifun

Á hinn bóginn þarf að gera áætlun um útskrifun þeirra sjúklinga, sem ekki er búin nein hætta á lífi eða limum vegna heimsendingar eða sendingar á stað, þar sem umönnun er ófullkomin. (Samkvæmt reynslu danskra sjúkrahúsa er hér um að ræða 60—65% af venjulegum sjúklingafjölda).

Öryggisbyrgi

Þá sjúklinga, sem eftir verða, þarf að vera unnt að flytja í öryggisbyrgi í kjallaranum — eða svo fljótt sem verða má í varasjúkrahús. Sömuleiðis þarf að flytja ákveðinn hluta starfsliðsins með sjúklingunum, ásamt lækningatækjum og þess háttar, sem það sjálft getur borið.

Bráðabirgða læknisaðgerð

Innrétta þarf vel varin öryggisbyrgi í kjöllurum til bráðabirgða læknisaðgerða, svo að þangað sé hægt að flytja það af starfsliðinu, sem verður eftir á sjúkrahúsinu, ásamt nauðsynlegum tækjum o. fl., þannig að unnt sé að taka kjallaraherbergi þessi í notkun með skömmum fyrirvara til skjótra læknisaðgerða. Mikilvægt er, að á friðartíma sé séð fyrir vatnslögn, ljósi, hita og skolprörum — og helzt vararafstöð og varavatnsbirgðum.

Starfsemi hjúkrunarstöðva

Ef bærinn verður fyrir árás, er hlutverk kjallarabyrgis þessa að vera slysavarðstöð — þ. e. a. s. sjúkrabílarnir flytja þangað stórslasað fólk. Í forherbergi, sem þarf að vera eins rúmgott og unnt er, fer fram athugun á ástandi hinna særðu, en þeir greinast aðallega í fjóra hópa:

Greining

I. Lítið særða, sem unnt er að senda heim eða hægt er að fela félagsmálaþjónustunni að annast um eftir nauðsynlega aðgerð, sem aðstoðarhjúkrunarlið framkvæmir að ráði læknis eða hjúkrunarkonu.

II. Fólk, sem verður að komast undir læknishendi þegar í stað, t. d. til stöðvunar á blóðrás, til að halda öndunarvegunum opnum, til meðferðar á taugaáfalli.

III. Sært fólk með byrjandi einkenni taugaáfalls, sjúklingar, sem vegna líðanar sinnar geta beðið nokkuð aðgerðar.

IV. Fólk, sem hefur slasazt svo mikið og alvarlega, að ekki megi vegna ríkjandi ástands sjá af hjúkrunarliði (og tækjum) handa því til tímafrekra aðgerða, sem útlit er fyrir að ekki beri árangur. Í þessum hóp er m. a. fólk með brunasár, er þekja meira en 40% líkamans, opin sár á brjósti og kviði og enn fremur sjúklingar, sem hver um sig hefur hlotið margs konar alvarleg meiðsli.

Hlutfallsskiptinguna milli hinna fjögurra ofangreindra hópa má áætla þannig, að 40% séu í I. hópnum, sem þarfnast smáaðgerðar, 20% í II. hópnum, sem þarfnast handlæknisaðgerðar þegar í stað, 20% í III. hópnum, sem fresta má læknisaðgerð við um sinn, svo fremi sem séð sé fyrir meðferð á taugaáfalli, og loks 20% í IV. hópnum, þar sem kringumstæðurnar valda því, að sjá verður hvað setur.

Yfirmaður

Fela verður reyndum og æfðum lækni það ábyrgðarmikla starf að greina hina slösuðu. Til aðstoðar honum þarf að vera hjúkrunarkona og ritari.

Starfslið

Sveitir þær, sem hafa með höndum læknisaðgerðir, verða að öðru leyti að vera skipaðar læknum og e. t. v. tannlæknum, eldri stúdentum, hjúkrunarkonum og aðstoðarfólki, auk ritara vegna skrásetningar, og fjölda manns til að bera sjúkrabörur. Sérstakur forráðamaður verður að hafa yfirumsjón með allri þessari starfsemi.

Sjúklingana verður að flytja svo fljótt sem verða má — þ. e. a. s. þegar þeir þola flutning lengri leið — áfram til endanlegrar læknismeðferðar, á sjúkrahús utan þess svæðis, sem tjón hefur orðið á.

Efni

Á slysavarðstöðinni verða að vera einföld deyfilyf, blóðgjafarefni, læknaáhöld, umbúðir, spelkur og gipsbindi, mögu-leikar til dauðhreinsunar (suðu), og stöðin verður helzt að geta látið sérstökum sjúklingum og starfsliði í té einfaldar máltíðir.

Skráning

Mikilvægt er, að skrásetja sjúklingana, en skrásetningin má ekki leiða til þess, að greiningu og læknisaðgerðum seinki.

Læknisskýrsla

Byrja verður á að gera *einfalda* læknisskýrslu, sem skal fylgja sjúklingnum áfram til þess staðar, sem endanleg læknishjálp verður látin í té.

Ákveða verður og merkja þegar á friðartíma, hvaða hlutverki hvert einstakt herbergi á að þjóna — en til merkingarinnar má nota sjálflýsandi málningu.

Sérstakt herbergi þarf að vera fyrir látið fólk og e. t. v. annað fyrir geðtruflað fólk.

Sjá þarf fyrir þjónustu sálusorgara.

Samband

Sjá verður fyrir sambandi við stjórn almannavarna og við önnur sjúkrahús, t. d. með hjálp sendiboða.

Stærð stöðvarinnar þarf að miðast við, að hún geti tekið við allt að 50 sjúklingum á klukkustund.

Aukalið vegna hjúkrunarstöðva

Eðlilegt er, að stærri sjúkrahúsum séu gefin fyrirmæli um að skipuleggja og leiðbeina starfsliði fyrir eina slysavarðstöð (eða tvær) aukalega. Búnað og áhöld til þessara hjúkrunarstöðva verður að geyma í nánd við bæinn, og ráðstafanir verður að gera til að hægt sé að setja þau upp í hentugum húsum, í hæfilegri fjarlægð frá slysastað — þ. e. ekki of nálægt slíku svæði m. a. vegna eldhættu.

Endanleg læknismeðferð

Endanlega læknismeðferð mikið særðra er einungis hægt að framkvæma á tiltölulega rólegum svæðum. Það verður því að útvega og e. t. v. undirbúa hentugt húsnæði fyrirfram, sem nota má sem varasjúkrahús, og það þarf að vera í hæfilegri fjarlægð frá þeim svæðum, sem einkanlega er ógnað — þ. e. a. s. í 20—50 (eða fleiri) kílómetra fjarlægð.

Varasjúkrahús

Til verður að vera fyrir þess háttar sjúkrahús áætlun um skipulag og starfstilhögun, tiltekið, æft starfslið með læknis-

menntun og aðstoðarmenn — þar með talið tæknilið. Búnað og áhöld, sem nota á, þarf að geyma á staðnum, eftir því sem við verður komið.

Sjá verður fyrir matvælabirgðum og undirbúa þarf merkingu með Rauða kross merkinu í samræmi við reglur Genfarsáttmálans. Möguleikar til vistunar hins fjölmenna starfsliðs þurfa að vera fyrir hendi, og e. t. v. ætti að útbúa barnaheimili sem gætu gætt yngri barna starfsliðsins.

Ef varasjúkrahúsið er mjög stórt, er æskilegt, að því sé skipt í minni starfsdeildir — t. d. að hver deild hefði 200 sjúkrarúm.

Varla verður um það að ræða, að unnt verði að leita til sérmenntaðs læknis fyrstu dagana eftir árás.

Þar sem varla er hægt að gera ráð fyrir, að slysavarðstöðin starfi mikið lengur en einn sólarhring, er áætlað, að unnt verði að flytja starfsliðið þaðan — eftir hæfilega hvíld — á staði, þar sem endanleg læknishjálp er framkvæmd, sem getur verið á sama stað, ef aðstæður leyfa — eða til varasjúkrahúsanna.

Búnaður og áhöld.

Viðbúnaðarbirgðir

Koma þarf upp viðbúnaðarbirgðum, sem í er bæði *útbúnaður* og *nauðsynjar*. Hve yfirgripsmikið þetta skuli vera, fer eftir þeim fjölda særðra, sem búast má við að veita þurfi aðstoð.

Lyf, sem þurfa að vera fyrir hendi, eru fyrst og fremst deyfilyf, svæfilyf, sótthreinsunarlyf, pensillin og eitt einstakt fúkkalyf, er verkar á margar tegundir sýkla, blóðgjafarefni o. s. frv., en lyfjafjöldann verður að takmarka eftir því, sem unnt er, þannig að fyrir hendi séu einungis þau lyf, sem bráðnauðsynleg eru.

Sjá verður um, að fylgst verði með og að skipti fari fram á lyfjum, er einungis þola stutta geymslu.

Sáraumbúðir verða að nokkru leyti að vera í vatnsþéttum umbúðum, afmældar og tilbúnar til notkunar. Sama er að segja um gipsumbúðir.

Ætla má, að þörf á *röntgenfilmum* sé takmörkuð á ógnarstund. Þegar filmurnar eru settar til geymslu, þarf að muna eftir því, að geislavirkni getur haft áhrif á þær.

Birgðir af vissum efnum og efnasamböndum til nota á rannsóknarstofum, þurfa að vera fyrir hendi, enda þótt gera megi ráð fyrir, að takmarka verði rannsóknarstarfsemina.

Mikilvæg hjálpargögn eftir að aðalhættan er liðin hjá, eru tæki til blóðtalningar og ákvörðunar blóðkornamagns (hæmatokritbestemmelse). Birgðir *blóðvatns* til sjúkdómsgreiningar, sjúkdómsvarna og lækningar eru nauðsynlegar. Bólusetningarefni hafa minni raunhæfa þýðingu.

Birgðaskrár

Allar slysavarðstöðvar þurfa að fá birgðaskrár, með greinilegu yfirliti um viðbúnaðarbirgðirnar ásamt leiðbeiningum um, hvernig unnt er að fá vörur endurnýjaðar. Forráðamaðurinn og æðra sett læknislið þarf að kynna sér birgðaskrárnar vandlega.

Greftrun og persónusönnun

Enda þótt skipulagning greftrunar sé ekki hlutverk hjúkrunarliðsins, er mikilvægt, að á slysavarðstöðvunum séu upplýsingar um, hvernig þær geta losnað við látið fólk.

Læknir þarf að aðstoða við líkskoðun og e. t. v. persónusönnun eftir því sem unnt er.

Mæling á geislavirkni

Gert er ráð fyrir, að mælingu á geislavirkni verði komið á fót fyrir almannavarnir og starfsliði þeirra kennd meðferð mælanna. Rétt virðist, að einstaklingar innan hjúkrunarþjónustunnar fái mælitæki og að þeim sé kennd meðferð þeirra, þannig að unnt sé að mæla geislavirkni við innganginn að slysavarðstöðinni — að nokkru leyti til sjúkdómsgreiningar, en ekki síður til að geta framkvæmt einfalda hreinsun vegna geislavirkni (þvott, ryksugun og þess háttar) á sjúklingum, sem fluttir eru til stöðvarinnar og orðið hafa fyrir geislun.

Að liðinni ógnarstund

Umfangsmikil eyðilegging, er hefur í för með sér háa tölu særðra og látinna, krefst þess, að allar ofangreindar ráðstafanir komi til framkvæmda í því skyni að bjarga lífi og limum manna á hættustund og næstu daga þar á eftir; en mjög fljótt mun verða þörf á annars konar læknishjálp en þeirri, sem einungis telst til slysameðferðar — þ. e. a. s. almennum heilbrigðisráðstöfunum. Vegna ringulreiðar, sem ógnarástandi fylgir, verður að hefja heilbrigðiseftirlit með húsum þeim, sem fólk er vistað í, neyzluvörum og drykkjarvatni, mjólk, kjöti og fiski. Einnig þarf að hafa eftirlit með ástandi salerna og skólpleiðsla og gera ráðstafanir til að hindra fjölgun á rottum, óværum o. s. frv. — allt í því skyni að hindra, að farsóttir breiðist út.

Heilbrigðisráðstafanir

Auk þessa getur orðið nauðsynlegt að hafa eftirlit með matvörum, drykkjarvatni o. s. frv. vegna hættu á geislavirkni.

Farsóttavarnir

Nauðsynlegt er, að heilbrigðisyfirvöldunum berist þegar í stað tilkynningar frá læknum, ef um byrjun á farsótt er að ræða. Einnig þurfa læknarnir að tilkynna um einstök tilfelli af áður óþekktum sjúkdómum.

Í slíkum tilfellum verður að grípa til sérstakra heilbrigðisráðstafana og gera þarf sjúkdómsgreiningu strax, einangra sjúklinginn og e. t. v. framkvæma sótthreinsun, auk þess sem sjúklingurinn fær læknismeðferð. — Sama gildir, ef tilraun til sýklaárásar verður gerð.

Eiturgas

Að því er bezt verður vitað hafa engar sérstakar ráðstafanir í sambandi við hugsanlega notkun eiturgass verið gerðar í neinu NATO-landi — nema hvað gasgrímubrigðum hefur verið komið upp — aðallega fyrir almannavarnalið, sem er í þjónustu — auk birgða af sérstökum lyfjum, sérstaklega atropin — oft í sérstökum sprautum.

Áætlanir um útvegun „almenningsgríma" eru í þó nokkrum löndum til, lengra eða skemmra á veg komnar.

Danskar fjárveitingar

Að lokum er rétt að geta þess, að vegna umönnunar særðra og sjúkra í Danmörku, í þessu sambandi, hafa verið notaðar allt að 100 millj. d.kr. til þessa. Af þeirri upphæð hafa um það bil 17 millj. kr. verið notaðar til lyfjakaupa og um það bil 1.5 millj. kr. til kaupa á dextran. Nokkur svokölluð varasjúkrahús (30 + 20) með öllum útbúnaði hafa verið keypt. Hvert um sig hefur 200 sjúkrarúm. Hvert þeirra hefur kostað um það bil ½ millj. d.kr. Kostnaður við að gera byggingar sjúkrahúsa, sem áður voru byggð, styrkari, hefur síðastliðin tíu ár numið tuttugu milljónum króna.

Framtíðarskipulagning

Þar eð langur tími líður frá því að innkaup eru fyrst áformuð þangað til þau fara fram — og hlutunum því næst ráðstafað á réttan hátt, hefur verið mikilvægt fyrir okkur, að fjárveitingar hafa náð yfir mörg ár.

Þýðing á friðartíma

Við gerum ráð fyrir, að heilbrigðisráðstafanir okkar geti einnig haft þýðingu á friðartíma — ef um farsóttir eða náttúruhamfarir er að ræða — og að hann sé einnig mikilvægur í sambandi við víðtæka leiðbeiningu fyrir íbúana.

Við reiknum loks með, að viðbúnaðarbirgðir okkar megi einnig nota, ef heimsfriður verður einhverntíma tryggður.

Lokaorð

Ég er nokkuð hikandi að láta þessa skriflegu skýrslu frá mér fara, sem samkvæmt eðli málsins — hinum nauma tíma, sem til ráðstöfunar hefur verið — hinu yfirgripsmikla efni og mörgum óvissum þáttum og algerleg óþekktum atriðum — og loks vegna takmarkaðrar þekkingar minnar almennt og sérstaklega takmarkaðrar og ónógrar þekkingar á íslenzkum aðstæðum — hlýtur að vera með villum og undanfellingum, sem e. t. v. eru augljósar.

Ég leyfi mér samt sem áður að vona, að skýrslan geti, þrátt fyrir allt, hjálpað við umræður um þessi erfiðu viðfangsefni og vandleystu verkefni, sem við getum ekki lokað augunum fyrir.

Það er ekki þörf að geta þess, að okkur í Danmörku væri ánægja að því að geta veitt frekari aðstoð við skipulagningu fyrirhugaðra almannavarna.

Ég er sannfærður um, að ef Íslendingar óska þess og vilja taka virkan þátt í framkvæmd þessa máls, og ef ríkissjórn og Alþingi vilja styðja það og veita nægilegt fé til framkvæmdanna, muni embættismenn landsins — læknar og annað hjúkrunarlið — geta skipulagt á næstu árum starfsemi, sem á ófriðartímum er fær um að veita særðum og sjúkum aðhlynningu, og þannig takmarkað illar afleiðingar þeirrar styrjaldar, sem við öll vonum að aldrei komi — en sem okkur samt sem áður virðist vera skylt að vera viðbúin.

Ed. 371. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. marz 1962.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Sigurvin Einarsson. Kjartan J. Jóhannsson.

Ed. 372. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum. Sendi hún það stjórn fiskimálasjóðs til umsagnar, og mælti hún með frv.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „300000 kr.“ komi: 400000 kr.

Alþingi, 9. marz 1962.

Jón Árnason, form. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson, frsm.

Björn Jónsson. Kjartan J. Jóhannsson.

Sþ. 373. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um, hvernig daglega megi fylgjast með ferðum íslenzkra fiskiskipa.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Jón Árnason, Matthías Á. Mathiesen, Einar Ingimundarson, Jónas G. Rafnar, Alfreð Gíslason bæjarstjóri, Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga og gera tillögur um, hvaða ráðstafanir þurfi að gera, til þess að samband megi hafa við íslenzk fiskveiðiskip á ákveðnum tímum sólarhringsins, og þannig verði fylgzt með, hvar þau eru stödd hverju sinni, svo að hjálp megi berast hið fyrsta, ef slys ber að höndum eða skipi hlekkist á.

Athugun þessa skal gera í samráði við Slysavarnafélag Íslands og samtök sjómanna og útvegsmanna.

Greinargerð.

Hin miklu sjóslys, sem orðið hafa hér við land á þessum vetri, hafa höggvið stórt skarð í sveit íslenzkra sjómanna. Við þessi slys eru mörg heimili harmi slegin. Það þekkir íslenzka þjóðin, sem svo oft hefur orðið að færa þungar fórnir á altari Ægis í sinni hörðu lífsbaráttu. Nú á aðeins tæpum mánuði hafa mörg heimili misst fyrirvinnu sína og þrjátíu börn orðið föðurlaus. Fyrir mannfáa þjóð er þetta mikil blóðtaka, sem aldrei verður bætt.

Þegar á þetta er horft, hlýtur sú spurning að vakna, hvort ekki sé hægt enn frekar en gert hefur verið að draga úr eða fyrirbyggja alveg sum þeirra slysa, sem orðið hafa að undanförnu.

Við hamfarir náttúrunnar ræður enginn, en nútímatækni þekkir margar leiðir, sem skapa aukið öryggi, ekki aðeins fyrir sjófarendur, sem lenda í kasti við náttúruöflin, heldur og þá, sem önnur slys henda.

Engri þjóð er mannslífið jafnmikils virði og Íslendingum. Því má ekkert til spara, er verða mætti til að auka öryggi sjómanna okkar og annarra landsmanna, sem hættustörf vinna. Þegar vélskipið Stuðlaberg frá Seyðisfirði fórst með allri áhöfn, ellefu manns, undan Stafnesi nú fyrir skömmu, brá mörgum ónotalega við, fyrst og fremst vegna hins hörmulega mannskaða, en einnig vegna þess, að skip

þetta ferst svo að segja við bæjardyr fjölbýlasta landshlutans, við fjölfarna siglingaleið, í veðri, sem sjómenn hafa sagt að ekki hafi verið tiltakanlega slæmt, og að margir dagar líða, unz sú staðreynd er ljós, að nýtt og glæsilegt skip, sem er á leið til hafnar, hefur farizt með allri áhöfn.

Hvað gerzt hefur, eftir að skipið verður fyrir því áfalli, er reið því að fullu, verður aldrei upplýst. En sú spurning hlýtur að vakna í hugum þeirra, er til sjómennskunnar þekkja, hvort einhverjum hefði mátt bjarga, ef fyrr hefði verið vitað um, að skipinu hafði hlekkzt á.

Komust einhverjir í gúmmíbát, á brak úr skipinu eða jafnvel til lands?

Við þessum spurningum fæst aldrei svar.

Flm. þessarar þáltill. er kunnugt um, að sjómenn og útvegsmenn hafa rætt um það í sínum röðum, hvort ekki mætti fylgjast betur með ferðum fiskiskipa okkar en raun beri vitni um, þannig að hjálp mætti berast sem fyrst, ef slys bæri að höndum eða skipi hlekktist á.

Till. er borin fram til þess að sameina þá krafta, sem bezta þekkingu hafa á þessum málum, í samráði við þann félagsskap, sem alla tíð hefur með ráðum og dáð stuðlað að auknu öryggi sjófarenda, Slysavarnafélag Íslands.

Í a. m. k. einni af stærri verstöðvum landsins er svokölluð „tilkynningarskylda" bátaformanna við stöðvar í landi, sem þeir eru skyldugir að hafa samband við á ákveðnum tímum sólarhringsins. Sjálfsagt virðist, að athugun fari fram á því, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til þess, að þessi venja verði ekki aðeins bundin við eina verstöð, heldur landið allt.

Ed. 374. Frumvarp til laga [35. mál]

um atvinnubótasjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd., 9. marz.)

1. gr.

Stofna skal atvinnubótasjóð, sem vera skal eign ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er:

a. að veita lán eða styrki til þess að auka framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin er brýnust, og stuðla þannig að aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins;
b. að veita lán til þess að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

a. Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 100 000 000.00, sem greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1962.
b. Eftirstöðvar lána þeirra, sem veitt hafa verið til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu, samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga.

3. gr.

Stjórn atvinnubótasjóðs skipa fimm menn, sem kosnir eru hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi hvers kjörtímabils. Jafnmargir varamenn skulu kosnir með sama hætti. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Félagsmálaráðherra ákveður laun stjórnarnefndarmanna, og greiðast þau, ásamt öðrum kostnaði, úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um lán og styrki, sem veitt eru úr sjóðnum. Að jafnaði skulu lán og styrkir, samkvæmt 1. gr. a., ganga fyrir lánum, sem veitt

eru samkvæmt 1. gr. b. Svo skulu og lán eða styrkir til atvinnuaukningar á stöðum, sem við atvinnuleysi búa, ganga fyrir lánum eða styrkjum til þeirra staða, sem að þessu leyti eru betur settir.

Samþykki allra stjórnarnefndarmanna þarf til þess að veita styrki, sbr. 1. gr. a., og styrk skal eigi veita nema sérstakir erfiðleikar séu fyrir hendi.

5. gr.

Sjóðstjórninni er rétt að breyta greiðsluskilmálum lána þeirra, sem um ræðir í 2. gr. b., ef samkomulag næst um slíkar breytingar við lántakendur. Heimild þessi nær til þess að lengja greiðslutíma lánanna, lækka vexti eða gefa eftir af lánunum að einhverju eða öllu leyti, ef sérstakar ástæður mæla með slíkri eftirgjöf. Samþykki allra stjórnarnefndarmanna þarf þó til eftirgjafar lánanna.

6. gr.

Umsókn um lán eða styrk úr sjóðnum skal senda sjóðstjórn, og skal fylgja umsókninni:

a. Upplýsingar um tryggingu fyrir láni og veðbókarvottorð, ef um skip eða fasteign er að ræða.
b. Vottorð vinnumiðlunar (sveitarstjórnar) um atvinnuástandið í sveitarfélagi, þar sem umsækjandi hyggst reka starfsemi þá, sem styrks eða láns er óskað til.
c. Aðrar þær upplýsingar, sem stjórn sjóðsins kann að óska eftir.

Þegar sjóðstjórninni þykir ástæða til, skal hún leita umsagnar sveitarstjórnar, Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Búnaðarfélags Íslands eða Iðnaðarmálastofnunar Íslands, eftir því sem við á, áður en umsókn er afgreidd.

7. gr.

Sjóðstjórnin getur óskað upplýsinga varðandi umsóknir frá hverjum sem er, og er öllum skylt að láta henni slíkar upplýsingar í té, eftir því sem föng eru á.

8. gr.

Vextir af lánum, sem veitt eru úr sjóðnum, samkvæmt 1. gr. b., skulu vera almennir útlánsvextir banka og sparisjóða. Vextir af öðrum lánum skulu eigi vera hærri en 6% p. a.

9. gr.

Atvinnubótasjóður skal vera í vörzlu Framkvæmdabanka Íslands, sem annast bókhald sjóðsins og daglega afgreiðslu mála á hans vegum eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnar. Handbært fé sjóðsins skal ávaxta í Seðlabankanum.

Ráðherra ákveður þóknun til bankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

10. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd af endurskoðendum Framkvæmdabankans.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Sjóðstjórn er heimilt að afla upplýsinga um atvinnuástandið í hinum ýmsu byggðarlögum í landinu og gera um það skýrslu. Sömuleiðis er sjóðstjórninni rétt að gera áætlun um uppbyggingu atvinnuveganna í einstökum byggðarlögum til hliðsjónar við veitingu lána úr sjóðnum til slíkra byggðarlaga um lengra eða skemmra tímabil.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal í fyrsta sinn kjósa stjórn atvinnubótasjóðs. Kjörtími hennar er þar til ný stjórn er kjörin á fyrsta þingi eftir næstu almennar alþingiskosningar.

Ed. 375. Frumvarp til laga [139. mál]

um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. marz.)

I. KAFLI
Um skattskyldu.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum og eignum.

Nú dvelst maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldist að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér fasteignir og hefur tekjur af þeim eða af atvinnu eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefur aðsetur hér á landi, en hefur laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, eða tekjur frá öðrum innlendum aðilum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, er um ræðir í þessari grein. Reiknast skattur einstaklinga samkvæmt reglunum í 26. gr. I. Eignarskattur útlendra félaga reiknast samkv. 26. gr. II.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra erlendra og íslenzkra skattaðilja, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

3. gr.

Tekjur hjóna, sem samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna. Ábyrgjast þau bæði skattgreiðslu og undirrita skattframtalið. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, og eiga þá hjónin rétt á því, að dregin séu 50% frá þeim tekjum hennar, áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti. Nú telja hjónin sér hagfelldara, að tekjur konunnar séu sérstaklega skattlagðar, og geta þau þá krafizt þess, að skattgjald sé sett á þau

sitt í hvoru lagi samkv. 25. gr. Ómagafrádráttur allur skiptist þá til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

Þegar gift kona gengur til verka að atvinnurekstri með manni sínum og atvinnureksturinn er að verulegu leyti eign þeirra, annars hvors eða beggja, eða ófjárráða barna þeirra, eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna. Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 15000 kr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

4. gr.

Börn innan 16 ára aldurs eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra og fósturforeldra). Ef árstekjur þeirra nema meira en 10000 krónum, er þó heimilt að ákveða þeim skatt sem sjálfstæðum skattþegnum, enda komi fram tilmæli um það.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

Eignir barna innan 16 ára aldurs teljast með eignum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra og fósturforeldra). Heimilt er þó að ákveða börnum sérstaklega eignarskatt, ef tilmæli koma fram um það.

5. gr.

Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir:

A. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
B. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög.
C. Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna.

Sameignarfélög, þar með talin samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, greiða ekki skatt af þeim tekjum, sem skipt er milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu félagsins og skattlagðar eru hjá þeim.

Nú eru ekki fleiri en þrír félagar í sameignarfélagi með persónulegri ábyrgð, og er þá skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur á hvern einstakan félagsmann, nema tilmæli komi fram um það frá félaginu einu ári áður en tekjur eru taldar fram. Að því er varðar skattákvarðanir á árinu 1962 er þó nægilegt, að slík tilmæli komi fram fyrir 1. maí það ár.

D. Sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 6. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Félög og stofnanir, sem um ræðir í grein þessari, þar með talin sameignarfélög þau, er um ræðir í C-lið, og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum sem önnur félög.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um skattskyldu þeirra, sem erlendis eru búsettir.

6. gr.

Þessir aðilar eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti: Forseti Íslands, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og fyrirtæki, er þau reka og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og enn fremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti sem þeir njóta tekna frá innlendum aðilum, eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki hérlendis. Aðilar þeir, er greinir í þessari málsgrein, eru einnig undanþegnir eignarskatti í samræmi við reglur þær, sem settar eru í málsgreininni.

II. KAFLI
Um skattskyldar tekjur.

7. gr.

Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, alls konar arður, laun og gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

A. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, enn fremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta eða fyrir hvers konar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látin eru í té í kaupgjaldsskyni.

B. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 11. gr. C). Enn fremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og styrktarfé. Til skattskyldra gjafa telst meðal annars: Gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, beinar gjafir í peningum eða öðrum skattskyldum verðmætum, sem nokkru nemur, þar með talin afhending slíkra eigna í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, sbr. 10. gr. B. Komi endurgjald fyrir þessar eignir að einhverju leyti, skal meta til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar gefnu eignar. Undanskildar skulu þó tækifærisgjafir, nema arðberandi eignir séu gefnar.

C. Landskuld af leigujörðum og arður af alls konar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigendur nota sjálfir eða láta öðrum í té til afnota án endurgjalds, enn fremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.

D. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu, þó ekki vextir af skattfrjálsri innstæðu, sbr. 21. gr.

Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðsútborgunar sérhver afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Ekki telst þó til arðs úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem ekki hefur í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki til skattskyldra tekna hluthafans, enda sé útgáfa bréfanna byggð á raunverulegum verðmætum í sjóðum, öðrum en skattfrjálsum varasjóði, eða öðrum eignum félagsins, er verið hafa í eigu þess minnst þrjú ár og sé samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, ekki hærra en svarar til almennrar verðhækkunar frá stofnun félags eða frá innborgun hlutafjár. Fjármálaráðherra ákveður hvernig reikna skal hina almennu verðhækkun. Til arðs telst úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, og skiptir því ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð þau hafa verið seld og keypt. Arður af eigin hlutabréfum félags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og víxlum) teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans, ef afborgunartíminn er skemmri en fimm ár, en ef afborgunartíminn er fimm ár eða lengri, skulu afföllin talin til tekna með jöfnum fjárhæðum í fimm ár.

E. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlazt hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða, eða hún hefur verið í eign hans skemur en fimm ár, ef um fasteign er að ræða, annars skemur en þrjú ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á sams konar sölu á árinu. Ákvæði þessi taka ekki til þess, er skattþegn hefur eignazt hið selda við arftöku, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, en þá telst söluhagnaður, miðað við upphaflegt kostnaðarverð, til skattskyldra tekna, ef hið selda hefur verið í eign arfleifanda og erfingja skemur en fimm ár samanlagt, ef um fasteign er að ræða, en ella skemur en þrjú ár.

Nú selur skattþegn fasteign, sem verið hefur í eigu hans skemur en fimm ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en þrjú ár eru liðin frá söludegi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda. En ef það er lægra að mati, skal sölugróði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða eða að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum laganna um skattgreiðslu, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúða.

F. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku, nema skattfrjálst sé samkv. sérstökum lögum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefur þær sér og skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

8. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem um ræðir í 5. gr., teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til eignaaukningar, yfirfærslu til næsta árs, óvenjulegra fyrninga og safnað er í tryggingasjóði, aðra en varasjóð, heldur og þær tekjur, sem varið er til þess að greiða hluthöfum og félagsmönnum arð eða vexti af innborguðu fé og til myndunar eða aukningar varasjóðs, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir.

Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess.

9. gr.

Ef félag, sem hefur varasjóð, myndaðan af skattfrjálsum framlögum, ráðstafar honum til annars en þess að mæta rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum tuttugu af hundraði (20%) til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

A. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins.

B. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.

C. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattayfirvalds. Skal þá meta, hvert

verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs telst ráðstafað úr varasjóði og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð samkv. 2. málsgr. 17. gr., ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í A—C-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbættri þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru stofnaðir með skattfrjálsum framlögum, má ekki telja sem varasjóð.

10. gr.

Til tekna telst ekki:

A. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði. Hins vegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt fjármunir lækki í verði, ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda, að meðtöldum verðbréfum, nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða að hún falli undir ákvæði í 7. gr. E. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið af sams konar sölu á árinu.

B. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, örorkubóta eða þess háttar.

C. Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannazt hefur um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir. Eftirgjöf skulda telst þó til tekna, ef uppgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi.

D. Endurgreiðsla, er skattgreiðandi fær, ef hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

E. Eignaauki, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. E-lið 7. gr. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.

F. Jarðræktarframlag ríkisins samkv. 2. kafla jarðræktarlaganna, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29/1955.

G. Fæði sjómanns, er hann fær hjá atvinnurekanda.

H. Beinar launagreiðslur erlendis frá fyrir störf í þágu þeirra alþjóðastofnana eða ríkjasamtaka, sem íslenzka ríkið er aðili að, enda njóti starfsmenn hlutaðeigandi stofnana skattfrelsis af launum fyrir hliðstæð störf. Starfræki slíkir aðilar stofnanir hérlendis, ákveður ráðherra um skattaðstöðu þeirra.

11. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

A. Rekstrarkostnað, það er þau gjöld, sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er beinlínis stafa af atvinnu eða öflun tekna, svo og fyrningu, sbr. 15. gr., og aðstöðugjald eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur launauppbót greidd starfsmönnum og verkamönnum, hvort sem hún er goldin í reiðufé eða hlutabréfum. Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefur varið sér og skylduliði sínu

til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann hefur sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingafé, og ekki má færa til gjalda greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.

B. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. Það árið kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún sé töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð, að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, sem greiðsla átti sér stað.

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið fyrir ráðstafanir hins opinbera.

C. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefur í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættinu hvíla.

12. gr.

Frá tekjum skal og draga, áður en skattur er á þær lagður:

A. Vexti af skuldum gjaldanda öðrum en þeim, er um ræðir í A-lið 11. gr. Afföll af seldum verðbréfum skal færa til gjalda samkv. reglunum í síðustu málsgr. D-liðar 7. gr.

B. Eignarskatt, sem greiddur hefur verið á árinu.

C. Ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, eftir mati skattayfirvalda. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.

D. Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstofnana, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattskyldum tekjum gefanda, enda sé hver gjöf ekki undir 300 kr. Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð, hvaða málaflokkar og stofnanir komi til greina samkvæmt þessum staflið.

E. Kostnað við öflun bóka, tímarita og áhalda til vísindalegra og sérfræðilegra starfa, enda sé þessi kostnaðarliður studdur fullnægjandi gögnum.

F. Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi, má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis koma við þessum tekjum.

13. gr.

Frá tekjum skal enn draga, áður en skattur er á þær lagður:

A. Kostnað við stofnun heimilis. Skal hann dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjúskap, og skal sá frádráttur nema 20000 kr. Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.

B. Helming af björgunarlaunum, er áhafnir skipa hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir þeirra skipa, sem eingöngu eru björgunarskip.

C. Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, atvinnuleysissjóða, þó ekki umfram 5% — fimm af hundraði — af hreinum tekjum einstaklinga. Enn fremur félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5‰ — fimm af þúsundi — af veltu fyrirtækjanna.

D. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á

árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærri upphæð en 10000 kr. á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslu til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi, sem því nemur, og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árabil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár (annuitetstrygging).

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkv. lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyristryggingu dragist frá tekjum samkv. framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar meðal annars fyrirmæli um vörzlu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki hærra iðgjald en 4000 kr.

E. Afborganir námsskulda, sem stofnað er til eftir tuttugu ára aldur, má eftir mati skattayfirvalda og eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu 5 ár, eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir skuldunum.

14. gr.

Frá tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, skal draga 500 kr. á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn.

Ef sjómenn á íslenzkum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattayfirvalda.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 3000 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á nefndum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu. Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 1. málsgr. og þessari málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

15. gr.

Um fyrningu, sbr. A-lið 11. gr., fer sem hér segir:

A. Sömu reglum um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hundraðstölu af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra. Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Reikna skal fyrningu, sem fastan hundraðshluta af kostnaðarverði eigna, sem keyptar eru 1962 eða síðar. Fyrningu eldri eigna skal reikna með ákveðnum hundraðshluta af matsverði skv. 22. gr. miðað við þann árafjölda, sem eftir er af áætluðum endingartíma.

B. Eftirtaldar eignir má í stað venjulegra fyrningarafskrifta afskrifa um 20% á ári í 3 ár, frá því er þær eru teknar í notkun: Fiskiskip og önnur veiðiskip,

flutningaskip, flugvélar til farþega- og vöruflutninga, síldarverksmiðjur, drátt-arbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þó skulu þau fyrirtæki, er njóta styrks úr ríkissjóði, ekki njóta þessara sérstöku afskrifta, svo fremi að styrkurinn sé jafnhár eða hærri en afskriftum þessum nemur.

Skattayfirvöld skulu ákveða heildar-afskriftarupphæð hverrar eignar. Nú gengur slík eign kaupum og sölum, og skal þá síðari eigandi aldrei njóta hærri afskrifta en hinn fyrsti hefði notið.

Tap, sem orsakast kann af afskriftunum, má flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz það er að fullu greitt. Ákveða skal með reglugerð, hver skuli vera fyrningarhundraðshluti þeirra eigna, sem afskrifaðir eru samkvæmt 1. málsgr. B-lið, eftir að þeim afskriftum hefur verið lokið.

16. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér í landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, skal draga sem hér segir:

Fyrir einstaklinga 50000 kr.

Fyrir hjón 70000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 35000 kr. hjá hvoru.

Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 10000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar samkv. 1. málsgr. upphæð, er nemur 10000 kr. að viðbættum 2000 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

17. gr.

Félög þau, sem um ræðir í 5. gr. A, mega draga frá tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10% af hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði félaga skv. 5. gr. A—D er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur ¼ af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkv. lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og enn fremur vexti af stofnsjóði, og telst það eigi til skattskyldra tekna hjá félaginu.

Á sama hátt mega félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna.

Ef kaupfélag selur einnig öðrum vörur en félagsmönnum sínum, er allur arður-inn af slíkri sölu skattskyldur hjá félaginu. Geti félagið ekki gert grein fyrir við-

skiptum við utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til þess að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til þess að inna af hendi skyldu sína gagnvart vátryggðum.

18. gr.

Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefur myndazt krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

Að loknum frádrætti samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 100. Af þeirri tekjuhæð, sem þá er eftir, reiknast skattgjaldið samkv. 25. gr.

III. KAFLI

Um skattskyldar eignir.

19. gr.

Skattskyldar eignir teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 2. gr. 3. málsgr. og 21. gr., fasteignir og lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar, verðbréf, útistandandi skuldir, aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi. Þegar skattur greiðist samkvæmt 2. gr. 3. málsgr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

20. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

A. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
B. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarrar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
C. Réttur til leigulauss bústaðar eða önnur afnotaréttindi.
D. Bækur og fatnaður til einkaafnota, húsgögn, aðrir húsmunir og persónulegir gripir.

21. gr.

Undanþegnar framtalsskyldu og eignarskatti eru innstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo sem hér segir:

A. Innstæður skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.
B. Innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldar meira en 200 þús. kr. samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær. Ákvæði þetta um frávik vegna fasteignaveðskulda nær ekki til félaga, sjóða eða stofnana.
C. Sá hluti innstæðu hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir. Innborgað hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga í þessu sambandi.

Undanþegnir framtalsskyldu og tekjuskatti eru allir vextir af eignarskattfrjálsum innstæðum.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru, en njóta undanþágunnar, skulu með venju-

legum hætti færa allar innstæður sínar og vexti af þeim í bækur sínar og ársreikninga.

Komi í ljós í framtölum gjaldenda ósamræmi milli ára, sem stafað getur af því, að innstæða hefur ekki verið fram talin vegna framangreindrar undanþágu, ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld, þegar þess er krafizt, yfirlit frá innlánsstofnunum um allar innstæður sínar á tímabili því, sem um er að ræða, og einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja þörf fyrir í þessu sambandi.

22. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

A. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati, eða áætluðu matsverði, ef fasteignamat er ekki fyrir hendi.

B. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með verðlagi, er ríkisskattanefnd ákveður til 5 ára í senn, í fyrsta sinn með hliðsjón af matsverði til skatts næstliðin 5 ár.

C. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.

D. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.

E. Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.

F. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.

G. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau, þegar skatturinn er lagður á. Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

H. Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1962—63 að láta meta áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna og breyta bókfærðu verði á eignum samkvæmt því, enda telst verðhækkunin ekki til skattskyldra tekna. Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd matsins.

23. gr.

Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en eignarskattur er á lagður.

24. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Krónutala sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 1000. Því, sem fram yfir er, skal sleppt.

IV. KAFLI
Skattstigar.

A. Tekjuskattur.

25. gr.

I. Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. og 4. gr. og 6. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:

Af fyrstu 10000 kr. skattgjaldstekna greiðist				5%	
— 10000—30000 kr. greiðist	500 kr.	af 10000 kr.	og	10%	af afgangi
— 30000—50000 — —	2500 —	— 30000 —	—	15%	— —
— 50000—70000 — —	5500 —	— 50000 —	—	20%	— —
— 70000—90000 — —	9500 —	— 70000 —	—	25%	— —
— 90000 kr. og þar yfir —	14500 —	— 90000 —	—	30%	— —

II. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í A-, B-, C- og D-liðum 5. gr., skal vera 20% af skattskyldum tekjum.

III. Tekjuskatt, sem nær ekki 100 kr., skal fella niður við álagningu.

B. Eignarskattur.

26. gr.

I. Skattur af eignum þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3., 4. og 6. gr. 3. málsgr., annarra en útlendra félaga, sbr. 2. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:

Enginn skattur greiðist af fyrstu 100 þús. kr.

Af fyrstu 500 000 kr. skattgjaldseign greiðist 5‰.

Af 500 000—1 000 000 kr. skattgjaldseign greiðist 2500 kr. af 500 000 og 9‰ af afgangi.

Af 1 000 000 kr. skattgjaldseign og þar yfir greiðist 7000 kr. af 1 000 000 kr. og 12‰ af afgangi.

II. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., sbr. 2. gr. 3. mgr., reiknast 7‰ — sjö af þúsundi.

III. Eignarskatt, sem nær ekki 100 kr., skal fella niður við álagningu.

V. KAFLI
Um skattumdæmi, skattstjóra, ríkisskattanefnd o. fl.

27. gr.

Tekju- og eignarskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjórum, en þeir eru einn í hverju skattumdæmi, sbr. 28. gr.

28. gr.

Á landinu skulu vera þessi skattumdæmi:

1. Reykjavík.
2. Vesturlandsumdæmi, sem nær yfir Akraneskaupstað, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
3. Vestfjarðaumdæmi, sem nær yfir Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstað svo og Strandasýslu.
4. Norðurlandsumdæmi vestra, sem nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
5. Norðurlandsumdæmi eystra, sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað.
6. Austurlandsumdæmi, sem nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.

7. Suðurlandsumdæmi, sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Vestmannaeyjakaupstað.
8. Reykjanesumdæmi, sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Kópavogskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað og Keflavíkurflugvöll.

Fjármálaráðherra ákveður aðsetur skattstjóra í hverju umdæmi. Þá getur og fjármálaráðherra, ef sérstaklega stendur á, ákveðið önnur mörk milli einstakra skattumdæma en í 1. málsgr. segir.

29. gr.

Fjármálaráðherra skipar skattstjóra í hverju skattumdæmi.

Engan má skipa skattstjóra, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.
2. sé 25 ára gamall,
3. sé lögráða og hafi forræði fjár síns,
4. sé íslenzkur ríkisborgari,
5. hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, sé löggiltur endurskoðandi eða hafi aflað sér sérmenntunar á skattalöggjöf og framkvæmd hennar.

Víkja má þó frá þessu, ef maður hefur áður gegnt skattstjórastarfi.

Skattstjóri hefur umboðsmann í sveitarfélögum í skattumdæmi sínu, sem eru utan aðseturs hans.

30. gr.

Í hreppum eru hreppstjórar umboðsmenn skattstjóra, en í bæjarfélögum skipar fjármálaráðherra umboðsmanninn til 6 ára í senn. Nú forfallast hreppstjóri eða skorast undan þessum starfa, og skipar þá fjármálaráðherra annan umboðsmann.

Umboðsmenn veita viðtöku framtalsskýrslum, aðstoða við framtöl, ef þess er óskað, afla þeirra upplýsinga, sem skattstjóri telur sér nauðsynlegar við skattálagninguna, og láta fylgja til skattstjóra athugasemdir sínar um framtölin.

31. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisskattstjóra, er hefur aðsetur í Reykjavík.

Engan má skipa í það embætti, nema hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í 29. gr. um embættisgengi skattstjóra.

Þá skipar og fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra. Fullnægja skal hann hinum sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

32. gr.

Fjármálaráðherra skipar 2 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn til 6 ára í senn. Ríkisskattstjóri á einnig sæti í nefndinni, og er hann formaður hennar. Vararíkisskattstjóri tekur sæti í nefndinni í forföllum ríkisskattstjóra eða þegar hann getur ekki tekið þátt í úrlausn máls samkv. 33. gr.

33. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef það mál varðar hann sjálfan, konu hans, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini, fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti eigi litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í ríkisskattanefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við, og varaskattstjóri sæti skattstjóra.

VI. KAFLI

Um framtöl tekna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.

34. gr.

Gjaldendur skulu skattlagðir þar, sem þeir eiga lögheimili samkvæmt þjóðskrá hinn 1. desember á viðkomandi skattári. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu skattlögð þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda bera téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiða skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ríkisskattstjóri sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli skattlagður.

35. gr.

Allir þeir, sem hafa tekjur samkv. II. kafla eða eignir samkv. III. kafla laga þessara, skulu afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefur á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráða, og einnig á skiptaráðendum dánar- og þrotabúa, skiptaforstjórum dánarbúa, erfingjum, er skipta einkaskiptum, og maka, er situr í óskiptu búi. Skýrslur þessar skulu komnar til skattstjóra eða umboðsmanns hans fyrir lok janúarmánaðar. Þeir, sem hafa atvinnurekstur með höndum, þurfa þó eigi að hafa skilað framtalsskýrslu fyrr en fyrir lok febrúarmánaðar. Ef sérstaklega stendur á, getur skattstjóri eða umboðsmaður hans veitt frest til framtals til 15. febrúar. Þeim, sem stunda atvinnurekstur, má þó veita frest til 15. marz. Vátryggingarfélög þurfa eigi að skila framtali fyrr en 30. apríl.

Nú er framteljandi sjálfur ófær að rita framtalsskýrslu, og er þá skattstjóri eða umboðsmaður hans skyldur að veita honum aðstoð til þess, en skylt er framteljanda að láta í té allar upplýsingar og gögn, til þess að framtalið verði rétt.

36. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annarra félaga og stofnana, eru skyldir að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, um vaxtabréf í bönkum, sparisjóðum og annað því um líkt.

Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá því, ókeypis og í umbeðnu formi, hvert kaup þeir greiða hverjum manni, þar með talin stjórnarlaun, ágóðaþóknun, gjafir o. þ. h. Nú eru laun greidd fyrir milligöngu annars manns og vinnuveitandi því eigi fær um að láta framangreindar upplýsingar í té, og hvílir þá skyldan á milligöngumanni.

Hvenær sem skattstjóri eða umboðsmaður hans telur þess þörf, getur hann krafizt þess, að framteljendur leggi fram bókhaldsgögn sín til athugunar, er framtal er sannreynt eða endurskoðað. Ríkisskattstjóri hefur og ætíð aðgang að bókum banka, sparisjóða og annarra peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hann felur að rannsaka skuldir, inneignir, verðbréfaeign og annað, sem lýtur að efnahag gjaldþegns.

37. gr.

Þegar framtalsfrestur er liðinn, skal skattstjóri leggja tekjuskatt og/eða eignarskatt á gjaldanda samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar

reikningsskekkjur í framtali svo og einstaka liði, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Enn fremur er skattstjóra heimilt að leiðrétta einstaka liði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattþegni strax viðvart um slíkar breytingar. Nú er framtalsskýrsla eða einstakir liðir hennar ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg eða skattstjóri telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hann þá skora á framteljanda að láta í té skýringar eða gögn, er á skortir, innan ákveðins tíma, og er framteljanda skylt að verða við áskorun skattstjóra. Ef skattstjóri fær fullnægjandi svar, leggur hann skatt á samkvæmt framtali og framkomnum skýringum. Fáist eigi fullnægjandi svar, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattþegns eftir beztu vitund og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun. Niðurstöðu skal jafnan tilkynna skattþegni skriflega. Enn fremur skal skattstjóri láta fylgja greinargerð um málið, er hann sendir ríkisskattstjóra framtal skattþegns þess, er í hlut á, sbr. 40. gr. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað framteljanda eða umboðsmanns hans, má skattstjóri, ef svo er ástatt sem í 3. málslið þessarar málsgreinar segir, áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá skattstjóri áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri.

Hafi skattstjóri grun um, að stórfelld skattsvik hafi verið framin, skal hann hefja rannsókn þegar í stað og tilkynna ríkisskattstjóra jafnframt um rannsóknina.

38. gr.

Hver sá, sem skýrt hefur frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera ber og því greitt minni skatt en honum ber skylda til, skal greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin. Þó skal eigi reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár.

Nú hefur skattþegn eigi talið fram til skatts og skattar því áætlaðir, en síðar kemur í ljós, að áætlun hefur verið of lág, svo og ef skattþegni hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, og skal þá reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra aftur í tímann en 4 ár. Sama gildir, ef skattþegn vantar á skrá, nema um sé að ræða brot þau, sem um ræðir í 48. gr., en þá skal reikna skatt hans að nýju eins og í 1. málsgr. þessarar greinar segir.

Þegar skattur er reiknaður að nýju, skal tilkynna það gjaldendum og veita þeim færi á að kæra skattálagninguna. Um kærufresti fer samkv. ákvæðum 40. gr. og 41. gr.

39. gr.

Fyrir lok maímánaðar skulu skattstjórar hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda. Skattskrá skal lögð fram eigi síðar en 1. júní. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð, hvar skattskrá liggur frammi.

40. gr.

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn, og getur hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til skattstjóra, í Reykjavík innan 15 daga, en í öðrum skattumdæmum innan 30 daga, frá því er skattskrá er lögð fram. Innan mánaðar frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur og leiðrétt skattskrá samkvæmt úrskurðum þeim, er hann hefur fellt, og tilkynnt kærendum úrslitin. Að því búnu sendir hann skrána til ríkisskattstjóra ásamt öllum framtölum úr umdæminu. Skattstjóri skal enn fremur, er hann hefur úrskurðað kærur, senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá, er gjalda eiga tekju- og eignarskatt í því lögsagnarumdæmi.

41. gr.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera í Reykjavík 15 dagar frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra, en í öðrum skattumdæmum 30 dagar.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Kærur skulu vera bréflegar og studdar nauðsynlegum gögnum.

Skattþegni eða umboðsmanni hans er heimilt að flytja mál sitt fyrir ríkisskattanefnd á þeim tíma, er nefndin tekur til, áður en úrskurður gengur um kæruatriði. Heimilt er ríkisskattanefnd að leyfa, að málflutningur skuli vera munnlegur.

Úrskurðir ríkisskattanefndar skulu vera rökstuddir. Nefndin skal leggja úrskurð á kærur fyrir októberlok og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslit tafarlaust.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má bera undir dómstóla.

Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur yfir úrskurðum á útsvörum samkvæmt fyrirmælum laga um útsvör.

42. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem bezt samræmi sé í skattákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að skattákvörðun og skattaframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af þeim úrskurðum ríkisskattanefndar, sem almennt gildi hafa.

Þá skal og ríkisskattstjóri yfirfara skattskrár og skattaframtöl úr einstökum skattumdæmum.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, sem framkvæmd laga þessara varðar, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra, lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 36. gr. greinir.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skattákvörðun, og getur hann þá, þótt eigi hafi verið kært, lagt málið fyrir ríkisskattanefnd, sem breyta má ákvörðun skattstjóra og gera gjaldþegni skatt að nýju. Ætíð skal nefndin gera gjaldþegni viðvart, áður en hún breytir skattgjaldi hans, án þess að yfir hafi verið kært.

43. gr.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekju- eða eignarskatts né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans. En ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi eða niður felldur, skal endurgreiðsla þegar fara fram. Víkja má frá ákvæði 1. málsliðs, ef sérstaklega stendur á, samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

44. gr.

Skattstjórar og ríkisskattanefnd skulu halda gerðabækur í því formi, er fjármálaráðherra fyrirskipar. Þá skulu og skattstjórar gefa Hagstofu Íslands skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um framtaldar eignir og tekjur, álagða skatta og önnur atriði, sem tilgreind eru í framtölum.

45. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að skattstjórar og ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefur það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa ríkisskattanefndar og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

46. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót, eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra. Um ábyrgð atvinnuveitenda á skattgreiðslu útlendinga, sem þeir hafa í þjónustu sinni, fer svo sem segir í 5. gr. laga nr. 22/1956.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar.

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess, fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins.

VII. KAFLI

Refsiákvæði.

47. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattstjóra, skal með fara sem hér segir: Ef áætlun skattstjóra er kærð innan tilskilins frests, má því aðeins lækka hana, að hún sé hærri en raunverulegar tekjur og eign skattþegns að viðbættum 25%, og má aldrei miða skatta gjaldþegns við lægra skattmat en raunverulegar tekjur hans og eign að viðbættum 25%. Ef sú ákvörðun er kærð, má þó aldrei miða skatta gjaldþegns við lægra skattmat en raunverulegar tekjur hans og eign að viðbættum 25%. Nú hefur framtalsskýrsla borizt, eftir að framtalsfrestur er liðinn, en áður en gengið er frá skattskrá, og skal þá miða skattmat við raunverulegar tekjur og eign að viðbættum 25%.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef skattþegn sýnir fram á, að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því, að hann gæti gert framtalsskýrslu, bætt úr göllum á framtali eða sent framtalsskýrslu í tæka tíð.

48. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 6 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattstjóra skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meira en 10000 kr.

Fyrir endurtekin og stórfelld skattsvik má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist.

49. gr.

Skattstjórum, ríkisskattanefnd og umboðsmönnum skattstjóra er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er um þá, er veita skattstjórum og ríkisskattanefnd aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

50. gr.

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni samkvæmt 36. gr. eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

51. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför.

Með mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

52. gr.

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef veikindi, slys eða mannslát hefur skert gjaldþol skattþegns verulega.
2. Ef skattþegn hefur veruleg útgjöld haft vegna menntunar barna sinna, eldri en 16 ára.
3. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað. Nú fellst skattstjóri á umsókn framfæranda, og skal hann þá eiga rétt á tvöföldum barnafrádrætti vegna barna þessara, sbr. 16. gr.
4. Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu, má veita sama frádrátt og fyrir börn.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglugerð. Skattstjóri getur af eigin hvötum veitt lækkun samkvæmt þessari grein. Ríkisskattstjóri skal fylgjast sérstaklega með lækkunum samkvæmt þessari grein og sjá til þess, að samræmis sé gætt.

53. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í VI. kafla, eftir því sem þörf krefur.

54. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattstjóra og ríkisskattanefndar.

55. gr.

Ákvæði I., II., III., IV. og VIII. kafla laga þessara, svo og 31. gr., taka gildi þegar í stað, að fráskildum ákvæðum 52. og 53. gr., og skal ákveða skatta af tekjum og eignum ársins 1961 samkvæmt því. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði I., II., III., VII. og VIII. kafla laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, að fráskildri 62. gr., ásamt breytingarlögum nr. 36/1958, 40/1959 og 18/1960, og einnig falla þá úr gildi lög nr. 59/1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, og lög nr. 33/1960, um breyting á þeim lögum. Enn fremur falla úr gildi frá sama tíma öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við greind ákvæði laga þessara.

Ákvæði V., VI. og VII. kafla svo og ákvæði 52. og 53. gr. laga þessara taka gildi 1. okt. 1962, og frá sama tíma falla úr gildi ákvæði IV., V. og VI. kafla og 62. gr. laga nr. 46/1954, svo og öll önnur lagafyrirmæli, sem fara í bága við greind ákvæði laga þessara.

Reglugerðir um tekju- og eignarskatt, sem settar hafa verið samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu, eftir því sem við getur átt, unz ný reglugerðarákvæði hafa verið sett.

Nú hafa undirskattanefndum eða yfirskattanefndum verið falin sérstök störf samkvæmt lögum eða reglugerðum, og skulu þá skattstjórar þeir, sem skipaðir verða eftir lögum þessum, leysa þau störf af hendi, unz öðruvísi verður ákveðið.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ríkisskattstjóri, er skipa skal samkv. 31. gr. laganna, skal hafa það hlutverk að vera ríkisstjórninni til aðstoðar í skattamálum, unz lög þessi hafa tekið gildi að fullu.

2. Þeir skattgreiðendur, sem hafa orðið fyrir tapi vegna atvinnurekstrar síns síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laga þessara og hafa ekki unnið upp tapið, skulu njóta frádráttar skv. 2. málsgrein B-liðar 11. gr. laganna, eins og ákvæðið hefði verið í gildi, þegar tapið varð.

3. Nú hafa yfirskattanefndir eigi lokið störfum þeim, sem um getur í 36. og 39. gr. laga nr. 46/1954, fyrir 1. október 1962, og er þá ráðherra heimilt að setja þeim lengri frest til að ljúka störfum í samræmi við ákvæði nefndra lagagreina.

Ed. 376. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

Við 47. gr. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
Ákvæðum þessarar greinar skal þó ekki beitt.

Ed. 377. Frumvarp til skipulagslaga. [173. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

I. KAFLI
Um stjórn skipulagsmála.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með stjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum.

Ráðuneytinu til aðstoðar eru skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri. Í skipulagsstjórn ríkisins eiga sæti 5 menn: Húsameistari ríkisins, vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri, svo og tveir menn skipaðir af ráðherra til fjögurra ára eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, annar eftir tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, en hinn án tilnefningar. Varamenn hinna tveggja síðasttöldu skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara til fjögurra ára í senn.

Verkefni skipulagsstjórnar er að ganga frá skipulagsuppdráttum, er berast til staðfestingar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu, þar sem hún telur þess þörf, vera opinberum aðilum til ráðuneytis um allt, sem skipulagsmál varðar, og fara að öðru leyti með stjórn skipulagsmála eftir því, sem segir í lögum þessum. Ef ágreiningur verður milli aðila, sem fara með stjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum, sker ráðherra úr, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið.

Ráðherra ákveður skipulagsstjórn laun, sem greiðast ásamt öllum kostnaði við störf hennar, úr ríkissjóði.

2. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, að sett séu á fót sérstök skipulagsumdæmi, þar sem hún telur, að kostur sé fullnægjandi sérfræðiaðstoðar.

Skipulagsumdæmi skulu vera sem hér segir:

1. Vesturlandsumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
2. Vestfjarðaumdæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
3. Norðurlandsumdæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
4. Norðurlandsumdæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
5. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
6. Suðurlandsumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
7. Reykjanesumdæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.
8. Reykjavíkurkaupstaður.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, ákveðið, að skipulagsumdæmi skuli lagt niður.

3. gr.

Í hverju skipulagsumdæmi, sem stofnað verður samkvæmt 2. gr. skal vera skipulagsnefnd, skipuð 7 mönnum.

Skipulagsstjórn tilnefnir 3 nefndarmanna, en 4 skulu skipaðir af ráðherra, að fengnum tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda í umdæminu, og skal hver þeirra tilnefna einn mann. Varamenn skal tilnefna á sama hátt.

Þar sem umdæmi er eitt sveitarfélag skipar sveitarstjórn 4 nefndarmenn og varamenn þeirra.

Skipulagsnefnd kýs sér sjálf formann og varaformann. Skipulagsnefndir skulu skipaðar (kjörnar) til 4 ára eftir almennar sveitarstjórnarkosningar.

4. gr.

Nú telur skipulagsstjórn, að svæði innan tveggja skipulagsumdæma sé svo háttað frá skipulagssjónarmiði, að eðlilegt sé, að skipulagning svæðisins í meginatriðum fari fram undir einni stjórn, og getur þá ráðherra ákveðið, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, að skipuð skuli sérstök samvinnunefnd til að ganga frá tillögum um slíka skipulagningu, svo sem nánar er mælt fyrir í 16. gr.

Slík samvinnunefnd skal skipuð 7 mönnum. Hvor skipulagsnefnd tilnefnir 3 fulltrúa, og ráðherra skipar oddamann, sem jafnframt er formaður. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Ef aðeins ein skipulagsnefnd er á svæðinu, skipar ráðherra, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, þá fulltrúa, sem á vantar, og skal að jafnaði að því stefnt, að fulltrúarnir verði frá þeim sveitarfélögum, sem einkum eiga hagsmuna að gæta í sambandi við skipulagninguna.

Ráðherra ákveður í upphafi, hve langur tími skuli ætlaður samvinnunefnd til að ljúka störfum.

Eftir að starfstíma nefndar er lokið, getur ráðherra, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, framlengt starfstíma hennar um tiltekið árabil. Heimilt er honum þá, ef hann telur slíkt hentara og skipulagsstjórn samþykkir, að skipa nýja nefnd eftir reglum þessarar greinar, er taki þá við verkefnum fyrri nefndar, og auknum verkefnum eftir því, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Ráðherra skipar skipulagsstjóra ríkisins að fengnum tillögum skipulagsstjórnar. Hann fer í umboði ráðuneytisins og skipulagsstjórnar með framkvæmdir í skipulagsmálum eftir því, sem lög þessi ákveða.

Skipulagsstjóri sér um mælingar, gerð skipulagsuppdrátta, þar sem ekki eru starfandi sérstakar skipulagsnefndir, er annast þessi störf, svo og endurskoðun eldri uppdrátta. Hann getur þó leyft, að slíkar mælingar og gerð skipulagsuppdrátta séu falin sérmenntuðum mönnum, er starfi í samráði við hann. Hann ákveður í samráði við skipulagsstjórn að hvaða skipulagsverkefnum skuli unnið hverju sinni.

Skipulagsstjóri hefur umsjón með því, að hvarvetna sé farið eftir gildandi skipulagi. Hann skal fylgjast með störfum skipulagsnefnda og byggingarnefnda. Skipulagsstjóri skal sitja fundi skipulagsstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Honum er heimilt með sama hætti að sitja fundi skipulagsnefnda, samvinnunefnda og byggingarnefnda.

Nú telur skipulagsstjóri, að byggingarleyfi brjóti í bága við samþykkt eða fyrirhugað skipulag, og getur hann þá leitað úrskurðar ráðherra um, hvort það skuli fellt úr gildi. Ef skipulagsstjóri notar heimild þessa, er óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum samkvæmt nefndu byggingarleyfi, unz úrskurður ráðherra liggur fyrir, en leita skal ráðherra áður umsagnar skipulagsstjórnar.

Skipulagsstjórn og skipulagsstjóri skulu árlega gefa ráðuneytinu skýrslu um störf sín.

Ráðherra ákveður laun skipulagsstjóra. Greiðast þau úr ríkissjóði sem og annar kostnaður við störf hans, svo sem laun aðstoðarmanna, skrifstofu- og ferðakostnaður.

6. gr.

Skipulagsnefnd, samkvæmt 3. gr., er heimilt að setja á stofn sérstaka skrifstofu til þess að vinna að skipulagsmálum í umdæminu, og skal hún setja henni starfsreglur.

7. gr.

Samvinnunefnd, sem sett verður á stofn, samkvæmt 4. gr., á rétt á að fá aðstoð skipulagsstjórnar og skipulagsstjóra til að leysa viðfangsefni sín.

Hún getur með samþykki skipulagsstjórnar leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar, sem þörf krefur.

Ráðherra skal, að fegnum tillögum skipulagsstjórnar, setja samvinnunefnd starfsreglur.

II. KAFLI

Um skipulagsskyldu og eftirlit með framkvæmd hennar.

8. gr.

Skylt er að gera skipulagsuppdrætti að öllum kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem búa 100 íbúar eða fleiri.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, úrskurðað, að ákvæði laga þessara nái til annarra staða en um ræðir í 1. mgr., ef ætla má, að þar verði samfelld byggð í náinni framtíð, svo sem til hafna, flugvalla, jarðhitasvæða, orkuvera, skólasetra, sumarbústaðahverfa, byggðar meðfram þjóðvegum o. s. frv.

Enn fremur getur hann ákveðið, að skipulagsskylda nái út fyrir mörk þeirra staða, sem um ræðir í 1. mgr., að svo miklu leyti, sem ætla má sennilegt, að byggð staðarins færist út um fyrirsjáanlega framtíð.

Úrskurður ráðherra um skipulagsskyldu er fullnaðarúrskurður. Úrskurð um skipulagsskyldu skal birta í Stjórnartíðindum og tilgreina þar mörk hins skipulagsskylda svæðis.

9. gr.

Á skipulagsskyldu svæði skulu allar byggingar og önnur mannvirki gerð í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt. Þess skal og gætt, að öllum lögum rafmagnsveitna, síma, vatnsveitna o. s. frv. sé hagað í samræmi við hann. Sveitarstjórn (byggingarnefnd) ber að sjá um, að svo sé gert.

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi um skipulagsskyldan stað eða aðeins til um hluta hans, og getur þá skipulagsstjórn, að fengnum meðmælum sveitarstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt, enda telji hún, að þær geti samrýmzt væntanlegu skipulagi, sbr. og 2. mgr. 16. gr.

10. gr.

Nú er bygging eða gerð mannvirkis hafin á skipulagsskyldu svæði, án þess að tilskilin leyfi séu fengin, eða á annan hátt byggt en leyfi stendur til og skipulag gerir ráð fyrir, og skal sveitarstjórn (byggingarnefnd) þá hlutast til um, að framkvæmdir verði þegar stöðvaðar og fjarlægt það, sem byggt kann að hafa verið án leyfis. Gerist þess þörf, skal leitað til hlutaðeigandi yfirvalds, og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd yfirvalds, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Sveitarsjóður á forgangsveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í því efni, sem komið er í hina ólöglegu byggingu.

Nú kemur í ljós, að skipulagsákvæði eru brotin, og sveitarstjórn beitir ekki valdi sínu til að leiðrétta það, og skal þá ráðuneytið, að fengnum tillögum skipulagstjórnar, hlutast til um, að mannvirki, sem tvímælalaust brjóta í bág við gildandi skipulag, verði fjarlægð á kostnað sveitarsjóðs.

III. KAFLI
Um mælingar skipulagsskyldra staða.

11. gr.

Á öllum skipulagsskyldum stöðum skal mæla svæði það, sem byggð nær yfir og eigi minna land umhverfis en ætla má, að fullnægi eðlilegum vexti byggðarinnar næstu 25 ár.

Skipulagsstjóri sér um mælingar, sbr. þó 2. mgr. 5. gr., og ákveður í samráði við skipulagsstjórn, hvar mælingar og endurskoðun eldri mælinga skuli fram fara hverju sinni.

12. gr.

Eigendum (umráðamönnum) lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum umferð um lönd og lóðir eftir því, sem þörf krefur, vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki (hæðarmerki á hús og merki á jörðu), þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

13. gr.

Um gerð og frágang uppdrátta samkvæmt þessum kafla fer eftir reglugerð, sem ráðherra setur.

IV. KAFLI
Um gerð skipulagsuppdrátta.

14. gr.

Á skipulagsuppdrætti, samkvæmt 8. gr., skal sýna aðalumferðaræðar, skiptingu fyrirhugaðrar byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, hafnarhverfi og opin svæði, svo og staðsetningu nauðsynlegra bygginga til almenningsþarfa o. s. frv. Þar skal einnig gera grein fyrir nýtingarhlutfalli, sbr. 18. gr.

Heimilt er skipulagsnefnd (skipulagsstjórn) með samþykki sveitarstjórnar að fresta ákvörðun um skipulagningu hluta af landssvæði skipulagsskylds staðar, og skal þá auðkenna slíkt svæði sérstaklega. Slík ákvörðun getur gilt allt að 10 ár í senn, en að loknum þeim tíma skal tekið til nýrrar athugunar, hvort ráðizt skuli í skipulagningu þessa svæðis að nokkru eða öllu leyti.

Ef ekki næst samkomulag milli skipulagsnefndar (skipulagsstjórnar) og sveitarstjórnar um það, hvort nota skuli heimild til frestunar, samkvæmt 2. mgr., sker ráðherra úr, en leita skal hann áður umsagnar skipulagsstjórnar.

Sveitarstjórn skal láta þinglýsa slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þær eignir, sem ákvarðanirnar taka til. Slík skjöl skulu undanþegin gjöldum í ríkissjóð og sveitarsjóð.

15. gr.

Þar sem gerður hefur verið skipulagsuppdráttur, samkvæmt 14. gr., skal, þar sem þörf krefur, einnig gera séruppdrætti að skipulagi einstakra bæjarhverfa.

Á séruppdrætti skal gerð nánari grein fyrir skipulaginu í einstökum atriðum, svo sem legu og breidd gatna, breidd akbrauta og gangstétta, lóðamörkum, staðsetningu bygginga, stærð þeirra og hæð. Þar má og kveða nánar á um gerð húsa og útlit eftir því, sem ástæða þykir til.

Á séruppdrætti er heimilt að víkja nokkuð frá meginreglum skipulagsuppdráttar, samkvæmt 14. gr., að því er varðar einstök atriði skipulags, þó því aðeins, að með því verði ekki raskað að verulegu leyti nýtingarhlutfalli því, sem ákveðið hefur verið í hverfinu, samkvæmt 18. gr.

16. gr.

Nú er ákveðið að beita ákvæðum 4. gr. um svæðaskipulagningu, og skal þá gera uppdrátt af því svæði, sem um er að ræða, svo sem fyrir er mælt í 14. gr., eftir því sem þörf krefur.

Ef talið er æskilegt að fresta um tiltekið árabil, þó ekki lengur en 10 ár í senn, ákvörðun um skipulagningu hluta af svæðinu, skal auðkenna það sérstaklega á uppdrætti. Er þá óheimilt að reisa á svæðinu nokkur varanleg mannvirki, nema sérstök heimild skipulagsstjórnar komi til. Heimilt er þó sveitarstjórn í samráði við skipulagsstjóra að leyfa byggingar á svæðinu, ef hún telur slíkt nauðsynlegt vegna atvinnurekstrar, sem þar er stundaður, þegar svæðaskipulagning er ákveðin. Binda má leyfi því skilyrði, að umrætt mannvirki verði fjarlægt sveitarsjóði að kostnaðarlausu, þegar þess verður krafizt.

Þinglýsa má slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þeim eignum, sem ákvarðanir taka til. Skulu slík skjöl undanþegin gjöldum í ríkissjóð og sveitarsjóð.

Samvinnunefndin skal sérstaklega auðkenna þau svæði, sem hún telur heppilegast að skipulögð verði endanlega og gerð byggingarhæf á næstu 10 árum frá því, að uppdrátturinn tekur gildi.

Í reglugerð má kveða nánar á um gerð slíkra uppdrátta, sbr. og 18. gr.

17. gr.

Skipulagsnefnd ákveður um skipulagningu svæða, sem ná yfir tvö sveitarfélög eða fleiri innan sama umdæmis, og kemur hún þá í stað samvinnunefndar, sbr. 4. gr. Um gerð uppdrátta fer eftir ákvæðum 16. gr.

Á sama hátt ákveður skipulagsstjórn um skipulagningu svæða, sem ná yfir tvö sveitarfélög eða fleiri, þar sem skipulagsnefnd er ekki starfandi. Skipulagsstjórn getur með samþykki ráðherra skipað sérstaka nefnd til þess að undirbúa slíka skipulagningu.

18. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, setja reglugerð um gerð skipulagsuppdrátta, samkvæmt 14. og 15. gr.

Þar skal m. a. ákveðið um mælikvarða og frágang uppdrátta, og hver greinargerð fylgja skuli uppdrætti. Einnig skal þar ákveðið, hvaða lágmarkskröfur gera skuli um fjölda opinna bifreiðastæða, er fylgja hverju húsi eða byggingarreit, og skal í því efni miða við notkun þess, svo og um stærð leiksvæða fyrir börn á lóðum íbúðarhúsa og athafnasvæði fyrir íbúa að öðru leyti. Enn fremur skal þar kveðið á um lágmarksfjarlægð milli húsa, og skal í því efni við það miðað, að í íbúðarhverfum njóti fullnægjandi birtu á aðalsólarhlið húss. Þá skal og kveða þar á um nýtingarhlutfall í hinum ýmsu hverfum, en nýtingarhlutfall er hlutfallið milli samanlagðs gólffletar húss og lóðarstærðar. Ákveða má, að auðkenndir skuli sérstaklega á uppdrætti þeir staðir, sem eru áberandi, t. d. við torg og aðalgötur, og sé leyfi til byggingar þar bundið samþykki skipulagsnefndar (skipulagsstjórnar).

19. gr.

Skipulagsnefnd (skipulagsstjórn) getur með samþykki ráðherra látið fram fara opinbera samkeppni um skipulag ákveðins sveitarfélags, hluta þess eða svæðis, sem nær að nokkru leyti eða öllu yfir tvö sveitarfélög eða fleiri. Áður en slík samkeppni er ákveðin, skal skipulagsnefndin (skipulagsstjórn) leita umsagnar þeirra sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.

Um samkeppnina skal fara eftir þeim samkeppnisreglum, er skipulagsstjórn samþykkir, en að öðru leyti sker ráðherra úr vafaatriðum, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

20. gr.

Þegar skipulagsnefnd (skipulagsstjórn) hefur lokið við tillögu að skipulagsuppdrætti, samkvæmt 14. gr. (svo og 15. gr. að því leyti, sem slíkt er nauðsynlegt), skal tillagan send viðkomandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum) til umsagnar. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn sína innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé settur. Ef umsögn berst ekki innan tilskilins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

Ef sveitarstjórn gerir breytingartillögu, og skipulagsnefnd getur ekki á hana fallizt, þá skal skipulagsstjóri boða til fundar skipulagsnefndar og fulltrúa viðkomandi sveitarstjórnar. Náist ekki samkomulag þar, ákveður skipulagsstjórn, hvort skipulagstillagan skuli lögð fram.

21. gr.

Þegar samvinnunefnd (skipulagsnefnd, sbr. 17. gr.) hefur lokið tillögu um svæðaskipulag ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni, skal hún senda málið til meðferðar skipulagsstjórnar.

Nú fellst skipulagsstjórn á skipulagstillöguna og skal tillagan þá send til umsagnar þeirra sveitarfélaga, sem hún tekur til. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé veittur. Ef umsögn berst ekki innan tilskilins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

Ef sveitarstjórn gerir breytingartillögur og samvinnunefnd (skipulagsnefnd) getur ekki á þær fallizt, þá skal skipulagsstjóri boða til fundar samvinnunefndar (skipulagsnefndar) og fulltrúa þeirra sveitarstjórna, sem um málið hafa fjallað að því leyti, sem málið geti varðað viðkomandi sveitarstjórn. Náist ekki samkomulag þar, ákveður skipulagsstjórn, hvort tillagan skuli lögð fram.

Nú er uppdráttur gerður af skipulagsstjórn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli athugasemdir sveitarstjórna til greina að einhverju eða öllu leyti.

V. KAFLI

Um framlagningu skipulagstillagna, samþykkt þeirra og staðfestingu.

22. gr.

Nú ákveður skipulagsstjórn að leggja skipulagstillögu, samkvæmt 20. og 21. gr., fram opinberlega, og skal hún þá auglýsa slíkt á þann hátt, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á umræddum stað. Skal þar tilgreint yfir hvaða svæði tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hve lengi, en það má eigi vera skemur en 6 vikur, hvert skila skuli athugasemdum við tillöguna og innan hvers frests, en hann má eigi vera skemmri en 8 vikur frá birtingu auglýsingar, og jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem eigi geri athugasemdir innan tilskilins frests, teljist samþykkja tillöguna.

Skipulagsstjórn getur falið skipulagsnefnd eða sveitarstjórn að annast framlagningu tillagna og auglýsinga, samkvæmt 1. mgr.

23. gr.

Athugasemdum við skipulagstillögu skal skilað til sveitarstjórnar, nema öðruvísi sé ákveðið af skipulagsstjórn.

Sveitarstjórn skal innan 4 vikna, nema skipulagsstjórn ákveði lengri frest, senda skipulagsstjórn athugasemdir þær, er borizt hafa, ásamt umsögn sinni um hverja athugasemd og endanlega umsögn um uppdráttinn.

Eftir að skipulagsstjórn hefur gefið samvinnunefnd og viðkomandi skipulagsnefnd eða skipulagsnefndum kost á að tjá sig um framkomnar athugasemdir, gengur hún endanlega frá uppdrættinum og sendir hann ráðherra til staðfestingar.

Þegar ráðherra hefur staðfest uppdrátt, skal það birt í Stjórnartíðindum ásamt greinargerð skipulagsstjórnar um mörk hins skipulagða svæðis og annað, er hún telur máli skipta.

24. gr.

Nú telur skipulagsnefnd (samvinnunefnd eða skipulagsstjórn) að breyta þurfi staðfestum skipulagsuppdrætti, og fer þá um málsmeðferð, samkvæmt 20.—23. gr., eftir því sem við á hverju sinni.

Nú óskar sveitarstjórn, svo og skipulagsnefnd (eða samvinnunefnd), ef hún er starfandi í því umdæmi, að gerðar verði breytingar á staðfestum skipulagsuppdrætti, er séu það óverulegar, að ekki sé talin ástæða til meðferðar, samkvæmt 1. mgr., og skal þá gera tillögu til skipulagsstjórnar um breytingarnar.

Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um það, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Ef skipulagsstjórn fellst á breytinguna, staðfestir hún hana, tilkynnir hana ráðuneytinu, sem sér um, að frá henni verði skýrt í Stjórnartíðindum.

25. gr.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar (og skipulagsnefndar) að fresta um ákveðið árabil, þó ekki lengur en 10 ár í senn, staðfestingu skipulagsuppdráttar ákveðins svæðis, samkvæmt 14. (og 15. gr.), enda sé land það, sem uppdrátturinn tekur til, að öllu leyti í eigu sveitarfélagsins eða aðila, sem samþykkja þá tilhögun.

Þá er sveitarstjórn með sama hætti heimilt að fresta staðfestingu, ef sérstök óvissa ríkir um þýðingarmikil atriði, sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Þegar svo stendur á, sem í 1. mgr. segir, er heimilt að falla frá þeirri opinberu auglýsingu og birtingu skipulagstillagna, sem um ræðir í þessum kafla.

Þótt uppdráttur hljóti ekki staðfestingu, samkvæmt 1. mgr., er sveitarstjórn (byggingarnefnd) skylt að fara eftir honum, og verður honum ekki breytt, nema gætt sé reglna 24. gr., eftir því sem við á.

26. gr.

Nú hefur skipulag hlotið staðfestingu, en lóðaskipting á tilteknum byggingarreit eða hluta hans er að dómi skipulagsnefndar (skipulagsstjórnar) svo óhentug, að miklum erfiðleikum er bundið eða ekki unnt að byggja samkvæmt því, nema breyting á lóðamörkum komi til, og skal hún þá gera tillögu um nýja lóðaskiptingu. Ef sveitarstjórn samþykkir lóðaskiptinguna, skal hún leita samkomulags við lóðaeigendur um nauðsynlegar breytingar.

Ef ekki næst samkomulag, getur sveitarstjórn látið fram fara eignarnám í samræmi við ákvörðun sína. Skylt er lóðareiganda að greiða þann lóðarauka, sem hann fær. Ef ekki næst samkomulag um endurgjald, skal úr því skorið með mati dómkvaddra manna.

27. gr.

Nú er lóð á skipulögðum reit að dómi skipulagsnefndar (skipulagsstjórnar) svo óheppilega löguð eða svo lítil, að ekki megi nýta til bygginga samkvæmt skipulagi og má þá ákveða, að hún verði lögð við aðra lóð eða lóðir.

Ef eigendur verða ekki ásáttir um eignarhlutdeild í hinni nýju lóð, skal úr þeim ágreiningi skorið með mati dómkvaddra manna.

VI. KAFLI
Um framkvæmd skipulags eldri hverfa.

28. gr.

Nú telur sveitarstjórn rétt að beita sér fyrir því, að hafizt verði handa um endurbyggingu byggingarreits eða hluta af honum í samræmi við staðfest skipulag, og skal þá gerð um það sérstök ályktun.

Ályktun þessi skal tilkynnt skriflega eigendum (umráðamönnum) fasteigna á umræddu svæði. Nú telur sveitarstjórn vafa leika á því, hverjum tilkynna skuli, og skal þá jafnframt birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði einu sinni. Skulu aðilar innan frests, sem sveitarstjórn ákveður og eigi má vera skemmri en fjórar vikur, tilkynna skriflega, hvort þeir óski að taka að sínu leyti þátt í endurbyggingunni og hefjast handa innan þess tíma, sem sveitarstjórn tiltekur.

Þegar sveitarstjórn hefur kynnt sér, hverjar undirtektir ályktunin hefur fengið, ákveður hún, hvort málinu skuli haldið áfram að sinni.

Ef ákveðið verður að halda áfram, skal tilkynna aðilum þá ákvörðun og jafnframt boða til sameiginlegs fundar þeirra. Skal í þeirri tilkynningu tekið fram, að verði af félagsstofnun um málið, megi þeir, sem ekki gerast þátttakendur, vænta þess, að fasteign (fasteignir) þeirra á svæðinu verði tekin eignarnámi af sveitarstjórn.

Heimilt er sveitarstjórn að binda eignarnám því skilyrði, að þeir, sem eru aðilar, skuldbindi sig til að kaupa viðkomandi eignir fyrir það verð, er sveitarsjóður verður að hlíta, þannig að hann verði skaðlaus.

Skylt er sveitarstjórn að bjóða aðilum, sem tjáð hafa sig fylgjandi félagsstofnun, forkaupsrétt, Ef fleiri en einn óska að neyta forkaupsréttar, sker sveitarstjórn úr hverjum selja skuli. Ef forkaupsréttur er ekki notaður, getur sveitarsjóður selt hverjum þeim, sem gengst undir skuldbindingar um þátttöku í endurbyggingu með þeim skilmálum, sem sveitarstjórn setur.

29. gr.

Þegar þannig hefur verið gengið frá, að allir eigendur fasteigna á viðkomandi byggingarreit eða hluta byggingarreits hafa lýst sig reiðubúna að hefja byggingarframkvæmdir, skal fara fram mat á eignarhluta hvers um sig.

Ef eigendur verða ekki sammála um verð eignanna, skal fara fram mat, framkvæmt af dómkvöddum matsmönnum.

Kostnaður við matið skal greiddur úr sveitarsjóði, en heimilt er að endurkrefja eigendur viðkomandi fasteigna um helming kostnaðarins miðað við eignarhluta hvers um sig. Um framkvæmd mats fer eftir reglum laga nr. 61/1917.

30. gr.

Ef aðilar verða ekki ásáttir um annað félagsform, skal stofnað hlutafélag, og hefur sveitarstjórn forgöngu um þá stofnun.

Hlutdeild hvers um sig í hlutafélaginu skal miða við það lóðarandvirði (matsverð), sem hann leggur fram. Andvirði mannvirkja, sem á reitnum eru, og nauðsynlegt verður að fjarlægja, svo og niðurrifskostnað, skal telja til byggingarkostnaðar, nema öðruvísi semjist milli aðila.

VII. KAFLI
Um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur.

31. gr.

Sveitarstjórn getur með sérstakri samþykkt áskilið sveitarfélagi forkaupsrétt að lóðum og öðrum fasteignum innan sveitarfélagsins, ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum. Um meðferð slíkra mála fer eftir ákvæðum laga nr. 22/1932.

32. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki ráðherra, að taka eignarnámi landssvæði (fasteignir) innan sveitarfélagsins, ef skipulagsstjórn telur það nauðsynlegt vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar sveitarfélagsins.

33. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að taka einstakar fasteignir eða hluta fasteignar eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna framkvæmda á staðfestu skipulagi.

34. gr.

Skaðabætur vegna framkvæmda á skipulagi skulu því aðeins greiddar, að um eignarnám sé að ræða, samkvæmt lögum þessum, eða svo sé ástatt, sem segir í grein þessari.

Nú gerir staðfest skipulag ráð fyrir því, að lóð rýrni svo mjög, að hún verði illa nothæf til byggingar, að dómi dómkvaddra manna, og skal þá greiða bætur, ef eigandi (umráðamaður) getur sýnt fram á, að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum. Bætur mega nema heildarandvirði eignarinnar, ef krafizt verður, að sveitarfélag taki við henni allri, en slíkt er þó því aðeins skylt, að sá hluti lóðar, sem eftir verður, sé að dómi dómkvaddra manna ónothæfur til byggingar.

Nú er ákveðin á staðfestum skipulagsuppdrætti tiltekin lega götu eða vegar eða að tiltekið svæði skuli tekið til almenningsnota, og slíkt veldur því, að dómi dómkvaddra manna, að eigandi fasteignar getur ekki nýtt hana eins og eðlilegt er miðað við allar aðstæður, m. a. hagnýtingu fasteigna í næsta nágrenni, og á hann þá rétt á bótum. Ef eigandi krefst, er sveitarstjórn skylt að kaupa eignina fullu verði.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða, skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem þær hafa í för með sér á viðkomandi eign. Ef talið er, að verðhækkunin sé jafnmikil eða meiri en bótaskylt tjón, skal engar bætur greiða. Enn fremur ber að miða við eftirtalin atriði í sambandi við ákvörðun bóta: Hvort nýtt skipulag hefur áhrif nú þegar eða síðar á verðmæti eignarinnar, hverjar kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna, opin svæði o. s. frv., að því er snertir sambærilegar eignir, enn fremur hvort skipulagið gerir viðhorf fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðara eða óhagstæðara en áður var o. s. frv. Þá ber og að miða við þann arð, sem telja má, að eðlileg notkun eignarinnar gefi af sér.

Sá, sem telur sig eiga rétt á bótum, samkvæmt þessari grein, skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar innan tilskilins frests, sem sveitarstjórn ber að auglýsa með þeim hætti, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á hverjum stað. Fresturinn má ekki vera skemmri en 8 vikur.

Sveitarstjórn annast um, að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur samkvæmt þessari grein. Allar bætur samkvæmt lögum þessum skulu greiddar úr sveitarsjóði. Um framkvæmd mats fer samkvæmt lögum nr. 61/1917.

35. gr.

Nú er land í einkaeign og eigandi óskar, að því eða hluta þess verði breytt í byggingarlóðir, samkvæmt gildandi skipulagi, og skal sveitarstjórn slíkt heimilt, enda láti landeigandi endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið til almennningsþarfa, t. d. gatna, leikvalla o. s. frv., sem svarar ⅓ af heildarflatarmáli þeirra byggingarlóða, sem heimild sveitarstjórnar nær til. Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi umfram lóð eða lóðir, getur sveitarstjórn heimilað, að hann leysi sig undan kvöð þessari með því að greiða andvirði þess, sem á vantar, samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Sveitarstjórn getur frestað því að nota heimild, samkvæmt 1. mgr., þar til gerðar hafa verið fullnægjandi götur og holræsi, þannig að lóðir séu byggingarhæfar. Hún

getur bundið slíka heimild því skilyrði, að greitt verði tiltekið gjald í sveitarsjóð, og fer um upphæð gjaldsins eftir gjaldskrá, er sveitarstjórn semur og ráðherra staðfestir. Skal upphæðin við það miðuð, að landeigandi greiði allt að ⅘ áætlaðs kostnaðar við gerð gatna og holræsa. Þegar þeir, sem hlut eiga að máli, hafa greitt gjaldið. er sveitarstjórn skylt að hefja framkvæmdir og ljúka þeim innan hæfilegs tíma. Greiðslur samkvæmt þessari gjaldskrá má innheimta með lögtaki, ef þörf krefur.

VIII. KAFLI
Um lóðaskrá o. fl.

36. gr.

Óheimilt er á skipulagsskyldum stöðum að skipta löndum og lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, nema samþykki sveitarstjórnar komi til, og getur hún krafizt þess, að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af landi, er skipta skal.

37. gr.

Ráðuneytið getur ákveðið, að sveitarstjórn á skipulagsskyldum stað láti á kostnað sveitarsjóðs gera lóðaskrá, þar sem tilgreind skulu öll lönd og lóðir innan sveitarfélagsins eða tiltekins hluta þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um gerð lóðaskrár.

IX. KAFLI
Um greiðslu kostnaðar o. fl.

38. gr.

Kostnaður við mælingar, sem skipulagsstjóri framkvæmir, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða helming slíks kostnaðar vegna mælinga, sem framkvæmdar eru í þess þágu.

Ef sveitarfélag annast mælingar, skal kostnaður við þær mælingar greiddur úr sveitarsjóði, en skylt er ríkissjóði að endurgreiða helming slíks kostnaðar. Ef ágreiningur verður um skiptingu kostnaðar, samkvæmt þessari grein, sker ráðherra úr.

39. gr.

Kostnaður við skipulagningu, sem skipulagsstjórn annast, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða helming slíks kostnaðar vegna skipulagningar, sem framkvæmd er í þess þágu.

Ef sérstök skipulagsnefnd er starfandi í umdæmi, samkvæmt 2. og 3. gr., skal greiða kostnað við störf hennar úr ríkissjóði, en skylt er skipulagsskyldum sveitarfélögum í umdæminu að endurgreiða þann kostnað að hálfu. Ef ekki næst innan hæfilegs tíma samkomulag milli sveitarfélaganna innbyrðis um skiptingu kostnaðarins, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar. Nú er umdæmi eitt sveitarfélag, og skal það þá greiða kostnaðinn, en á rétt á að fá hann endurgreiddan að hálfu úr ríkissjóði.

Kostnaður við svæðaskipulag, samkvæmt 4. gr., skal greiddur úr ríkissjóði, en skylt er sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli, að endurgreiða ½ hluta kostnaðar. Ef ekki næst innan hæfilegs tíma samkomulag milli sveitarfélaganna innbyrðis um skiptingu kostnaðar sín á milli, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

Ráðherra getur ákveðið, að um greiðslur ríkissjóðs, bæði til skipulagsnefnda og samvinnunefnda, svo og endurgreiðslur, skuli fara samkvæmt áætlun, er viðkomandi nefnd semur og skipulagsstjóri staðfestir.

40. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði ríkissjóðs af framkvæmd skipulagsmála, samkvæmt lögum þessum, er ráðherra heimilt að ákveða með sérstakri reglugerð, að innheimt skuli í ríkissjóð sérstakt gjald, skipulagsgjald, sem nema má allt að 3‰ af brunabótaverði hverrar nýbyggingar, sem reist verður á skipulagsskyldum stað, og fellur það í gjalddaga, þegar brunabótavirðing hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki.

X. KAFLI
Refsiákvæði o. fl.

41. gr.

Brot gegn lögum þessum skulu varða sektum allt að 100000 krónum, sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem honum er skylt að vinna samkvæmt lögum þessum, eða það er unnið á annan hátt en fyrir er mælt, getur skipulagsstjórn lagt fyrir hann að vinna það á tilskilinn hátt að viðlögðum 1000 króna dagsektum, er renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með lögtaki.

42. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1962, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, lög nr. 64 11. júní 1938 og lög nr. 18 14. febrúar 1951, um breyting á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skipulagsmál eiga sér ekki langa sögu hér á landi. Til þess liggur sú augljósa ástæða, að þjóðin bjó öldum saman í dreifbýli, og um bæi var ekki að ræða fyrr en komið var fram yfir miðja síðastliðna öld, nema Reykjavík. Þar voru íbúar þó ekki fleiri en 1149 árið 1850. Hin fyrstu lagaákvæði, sem telja má, að sett hafi verið hér á landi um skipulagsmál beinlínis, eru því af eðlilegum ástæðum bundin við Reykjavík, og eru þar tiltekin ákvæði í opnu bréfi 29. maí 1839, um stofnun byggingarnefndar í Reykjavík. Hliðstæð ákvæði voru sett síðar um Akureyri 6. janúar 1857 og um Ísafjörð 26. janúar 1866 o. s. frv.

Fyrstu almennu ákvæðin um skipulagsmál mun aftur á móti mega telja ákvæði þau, sem voru í A- og B-liðum 6. gr. laga nr. 19 20. október 1905, um byggingarsamþykktir. Þar er m. a. mælt fyrir um gerð uppdrátta af verzlunarstöðum, þar sem sýndar séu götur og opin svæði, svo og um heimild til breikkunar gatna o. s. frv. Þessi ákvæði voru í gildi, unz lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa voru sett árið 1921, en þau gilda að mestu leyti enn þá, eins og kunnugt er.

Upphaflega frumvarpið að þeim lögum var samið af hinum þjóðkunna brautryðjanda um skipulagsmál, prófessor Guðmundi Hannessyni. Árið 1916 var gefið út allmikið rit, er hann hafði samið, og nefnist það: „Um skipulag bæja.“ Í framhaldi af því samdi hann frv. að skipulagslögum, og var það lagt fyrir Alþingi árið 1917. Frumvarpi þessu var vinsamlega tekið, en talið var þó nauðsynlegt, að fram færi á því endurskoðun í samráði við höfudinn, og var vísað til landsstjórnarinnar. Endurskoðað frumvarp var síðan lagt fyrir Alþingi árið 1920, og höfðu þeir Geir G. Zoëga, þáverandi vegamálastjóri, og Guðjón Samúelsson, þáverandi húsameistari ríkisins, annazt þá endurskoðun í samráði við prófessor Guðmund Hannesson, en varð þá ekki útrætt, en árið eftir var það lagt fyrir að nýju og þá sam-

þykkt með nokkrum breytingum. Þau lög, lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, nr. 55 27. júní 1921, gilda enn svo sem kunnugt er. Eftirtaldar breytingar hafa þó verið á þeim gerðar:

Lög nr.	27	15. júní	1926
— —	69	23. —	1932
— —	64	11. —	1938
— —	18	14. febrúar	1951

Er hér yfirleitt um minni háttar breytingar að ræða, nema 1938, þá var gerð breyting á skipun skipulagsnefndar, stofnaður vísir að embætti skipulagsstjóra o. fl. Langt er þó síðan mönnum skildist nauðsyn þess, að lögin yrðu endurskoðuð. Viðhorf hafa mjög breytzt frá 1938 og þá ekki síður frá 1921. Fólksfjölgun hefur orðið geysimikil á skipulagsskyldum stöðum, byggingarstarfsemi hefur margfaldazt og bifreiðaeign og þar af leiðandi umferðarmagn aukizt stórkostlega. Jafnframt þessu hefur lóðarverð stigið mjög mikið í mörgum bæjum, einkum þó í Reykjavík.

Það er því langt síðan farið var að undirbúa nýja löggjöf um þessi mál. Í greinargerð með frumvarpi til breytinga á skipulagslögum frá 1938 var beinlínis gert ráð fyrir slíkri endurskoðun. Í framhaldi af því var svo borið fram frv. til laga um skipulagssjóði árið 1940, sem ekki varð útrætt og hefur ekki verið borið fram aftur sérstaklega. Árið 1948 var borið fram frv. til nýrra skipulagslaga og varð ekki útrætt. Frv. var borið fram að nýju árið eftir og fór á sömu leið. Árið 1958 var borið fram nýtt frumvarp, en það náði heldur ekki fram að ganga, heldur var því vísað til ríkisstjórnarinnar.

Með bréfi, dags. 11. marz 1960, fól félagsmálaráðuneytið skipulagsnefnd ríkisins að endurskoða frumvarpið frá 1958. Við endurskoðun frumvarpsins var sá háttur á hafður, að nefndin fékk sér til aðstoðar Pál Líndal lögfræðing, sem síðan hefur unnið að samningu þessa frumvarps í náinni samvinnu við skipulagsnefndina og skipulagsstjóra ríkisins.

Við athugun á frumvarpinu frá 1958 var haft sérstakt samráð við Vagn Rud Nielsen skrifstofustjóra í danska húsnæðismálaráðuneytinu og lét hann í té sérstaka álitsgerð um það frumvarp. Á grundvelli þeirrar álitsgerðar, með hliðsjón af erlendri löggjöf og þó einkum af fenginni reynslu hérlendis, er frumvarp þetta samið. Má segja, að hér sé um nýtt frumvarp að ræða að verulegu leyti, þó að sjálfsögðu hafi verið athuguð ýtarlega þau frumvörp, sem fram hafa komið áður.

Rétt er að taka fram, að upp í þetta frumvarp hafa ekki verið tekin ákvæði, sem telja verður, að tilheyri almennri byggingarlöggjöf. Í greinargerð með frumvarpi til skipulagslaga frá 1958 var á það bent, að heppilegt mundi að steypa saman í heildarlöggjöf öllum ákvæðum varðandi skipulagsmál og byggingarmál, svo sem er hjá sumum nágrannaþjóðum okkar.

Ýmis rök mæla með þessu, en þetta er þó á engan hátt nauðsynlegt. Má t. d. benda á, að í Danmörku eru engin lög, er taka yfir allt það, sem í þessu frumvarpi er, heldur eru þau ákvæði dreifð í marga lagabálka. Í greinargerð frumvarpsins frá 1958 er líka vikið að því, að komið hafi til greina að taka inn í frumvarpið ákvæði um gatnagerð og holræsagerð o. s. frv. Þar sem hæpið virðist, að slíkt eigi heima í skipulagslögum, hefur ekki verið talin ástæða til að taka slík ákvæði með í þetta frv.

Það sem frekast getur orkað tvímælis, er það, að úr þessu frumvarpi hefur verið sleppt þeim ákvæðum, sem bæði voru um fjáröflun til skipulagsaðgerða, í frv. 1948 og 1958, svo og í frv. til laga um skipulagssjóði frá 1940. Í þessum frv. voru gerðar tillögur um sérstakan verðhækkunarskatt, sem lagður yrði á þær eignir, er hækkuðu í verði af skipulagsaðgerðum. Var lagt til, að mat færi fram á slíkum verðhækkunum, sem síðan yrðu skattlagðar. Var í frv. 1958 gert ráð fyrir, að 50% verðhækkunarinnar rynnu í sérstakan skipulagssjóð viðkomandi sveitarfélags, í frv. 1940, allt að 80% rynnu í sjóðinn, en allt að 100% rynnu í sjóðinn samkvæmt

frv. 1948. Í frv. 1958 var einnig gert ráð fyrir almennum skatti á fasteignir til sömu þarfa.

Nefndin hefur ekki talið ráðlegt að taka þessi ákvæði upp í þetta frumvarp. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að hér er um að ræða setningu reglna um álagningu og innheimtu skatta en ekki skipulagsmál. Þótt allir geti verið sammála um, að sanngirni mæli með því, að verðhækkanir, sem verða á fasteign vegna skipulagsaðgerða gangi til að greiða kostnað við framkvæmd skipulags eða annas slíks, er mjög erfitt að finna sanngjarnar og framkvæmanlegar reglur um þetta, t. d. um upphæð slíks skatts og gjalddaga. Slíkt hefur a. m. k. ekki tekizt í nágrannalöndum okkar svo að vitað sé. Þá er og vitað, að þessi atriði geta valdið hatrömmum deilum og slíkt orðið til að tefja mjög, að sett verði ný skipulagslög. Mun þetta ekki sízt hafa valdið því, hve treglega hefur gengið að fá ný skipulagslög sett. Af þessum ástæðum og fleirum leggur nefndin til, að þessi mál verði athuguð sérstaklega, óháð þessu frv. og verði haft um það samráð við menn sérfróða um skattamál og málefni sveitarfélaga.

Þá er bent á nauðsyn þess, að lögin um byggingarsamþykktir frá 1905, svo og önnur lög um þau efni, verði endurskoðuð hið fyrsta. Enn fremur verður að teljast mjög nauðsynlegt, að sett verði lög um lóðaskrár og meðferð lóðamerkjamála í kaupstöðum. Þau ákvæði um lóðaskrár, sem tekin eru upp í 36. og 37. gr. frv. þessa, verða að skoðast sem alger bráðabirgðaákvæði, sem einungis eigi að gilda þar til fullnægjandi löggjöf hefur verið sett um þessi efni.

Á Alþingi hafa komið fram tillögur um heildarskipulagningu heilla landshluta með það fyrir augum fyrst og fremst að tryggja skynsamlega fjárfestingu á viðkomandi svæði. Þá má og benda á tillögur, er fram komu í nefndaráliti Húsameistarafélags Íslands, dags. í marz 1949, um skipulagsráð, er hafa skyldi með höndum heildarskipulag landsins alls, rannsóknir auð- og orkulinda, staðsetningu byggða, orkuvera o. s. frv.

Tilgangur almennra skipulagslaga er hins vegar sá fyrst og fremst að tryggja hagkvæma niðurskipan byggðar á ákveðnum svæðum, miðaða við sennilega þróun mála, en ekki sá að beina þróuninni í ákveðinn farveg. Ef hins vegar farið yrði inn á þá braut að koma á heildarskipulagningu heilla landshluta eða landsins alls, virðist sem sú skipun, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, geti fallið á eðlilegan hátt inn í það stjórnarkerfi, sem nauðsynlegt yrði til þeirra framkvæmda.

Af þessum ástæðum hefur ekki verið tekin afstaða til slíkra tillagna í þessu frumvarpi.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

I. kafli.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um yfirstjórn skipulagsmála. Þessi ákvæði eru í meginatriðum í samræmi við núgildandi lög og venjur, sem þróazt hafa um skipan þessara mála.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir því að stofna megi sérstakar skipulagsnefndir, sbr. 3. gr., virðist rétt að lögfesta heitið skipulagsstjórn ríkisins í stað skipulagsnefnd ríkisins til að komast hjá því, að þessum aðilum verði ruglað saman.

Eðlilegt virðist, að þeir þrír embættismenn, sem nú eru í skipulagsnefnd ríkisins, húsameistari ríkisins, vegamálastjóri og vita- og hafnarmálastjóri eigi sæti í skipulagsstjórn og í forföllum þeirra starfsmenn þeirra, sem hvor um sig tilnefnir í sinn stað. Með þessari skipan vinnst þrennt: Í fyrsta lagi er tryggð sérfræðiþekking þessara manna, í öðru lagi ætti að vera tryggt, að verk, sem þeir vinna að og skipulag um land allt sé sem bezt samræmt og í þriðja lagi er með þessu skapað samhengi í skipulagsmálum, sem engin trygging er að haldist, ef kosið er

í nefndina til takmarkaðs tíma í senn. Jafnframt virðist þó eðlilegt, að nokkurt svigrúm verði til breytinga í skipulagsstjórninni, og þá helzt með því, að þeir tveir aðilar, sem mest eiga saman við skipulagsstjórnina að sælda, félagsmálaráðuneytið og sveitarfélögin, fái að tilnefna einn mann, hvor aðili, til ákveðins tíma í senn.

Að öðru leyti virðist greinin ekki þurfa skýringa við.

Um 2. gr.

Sennilegt virðist, að sami háttur verði fyrst um sinn og verið hefur, að skipulag ríkisins annist að mestu leyti skipulagningu skipulagsskyldra staða.

Nú er sú skipan, að samkv. 4. gr. laga nr. 64/1938 fer skipulagsnefnd ríkisins með stjórn skipulagsmála, og hefur í samráði við ráðuneytið allt vald um skipulagsmál. Sveitarfélögin hafa aðeins tillögurétt samkv. núgildandi skipulagslögum. Þróunin hefur þó orðið sú, að Reykjavíkurbær annast að öllu leyti skipulagningu innan sinna marka, en hefur í því efni nána samvinnu við skipulagsnefnd ríkisins. Má segja, að sú samvinna hafi verið góð. Hins vegar er þessi skipan óeðlileg, og benda má á, að árið 1943 flutti þáverandi borgarstjóri í Reykjavík frv. á Alþingi þess efnis, að bærinn tæki að öllu leyti í eigin hendur stjórn þessara mála. Þetta frumvarp varð ekki útrætt.

Í frv. því um skipulag kaupstaða og kauptúna, sem fram var borið 1948 og aftur 1949, var lagt til, að heimilt yrði að stofna skipulagsnefndir í kaupstöðum. Í frv. að skipulagslögum, er fram var borið 1958, var lagt til, að á öllum skipulagsskyldum stöðum skyldu vera sérstakar skipulagsnefndir, nema þar sem sveitarstjórn fæli byggingarnefnd störf skipulagsnefndar.

Allir, sem um hafa fjallað, eru sammála um, að óeðlilegt sé að halda í lögum þeirri skipan, sem nú er. Þá er að athuga þær breytingartillögur, sem fram hafa komið. Það virðist ekki eðlilegt, að kaupstaðirnir einir fái rétt til að setja á stofn sérstakar skipulagsnefndir. Mörg hinna stærri kauptúna virðast geta krafizt slíks með sama rétti. Sú tillaga, að skipulagsnefnd sé á hverjum skipulagsskyldum stað, virðist ekki heldur eðlileg, því að á þessum stöðum og raunar í mörgum kaupstaðanna er ekki fyrir hendi aðstaða til að leysa slík verkefni með þeim hætti, sem krefjast verður.

Í frv. er bent á nýja leið, sem er eins konar málamiðlun milli þessara tillagna og þeirrar skipunar, sem nú er. Það er að heimila, að núverandi kjördæmi geti orðið sérstakar skipulagseiningar, enda sé þá í umdæminu kostur þeirrar sérfræðiaðstoðar, sem nauðsynleg er. Ávinningur við þessa tilhögun er sá, að hinir einstöku landshlutar geta fengið að verulegu leyti í eigin hendur stjórn skipulagsmála sinna. Skipulagsvinnan yrði síður bundin af mörkum sveitarfélaganna en vera mundi samkv. frv. 1948 og 1958, en brýna nauðsyn ber til að samræma sem mest skipulagningu nálægra sveitarfélaga. Þá vinnst það og við þessa tilhögun, að þar sem sérfræðiaðstoð er fyrir hendi, verður um meiri verkefni að ræða en verða mundi, ef hver kaupstaður eða hvert kauptún fengist við skipulagningu út af fyrir sig, en það gæti aftur skapað betri starfsskilyrði og meiri sérhæfingu varðandi þessi vandasömu úrlausnarefni.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga að miða að því að tryggja hvort tveggja, áhrif sveitarfélaganna að því er snertir störf skipulagsnefndanna, svo og að sjónarmiða skipulagsstjórnar sé jafnan gætt.

Um 4. gr.

Eins og þegar hefur verið vikið að, ber brýna nauðsyn til, að skipulag sveitarfélaga, sem saman liggja, sé samræmt sem bezt, og þá ekki síður, að haganlega sé fellt saman skipulag skipulagsumdæma, sem saman liggja.

Í sambandi við þessa grein er rétt að benda sérstaklega á hina brýnu þörf, sem á því er, að samræmt verði sem bezt skipulag Reykjavíkur og nærliggjandi

sveitarfélaga. Virðist með þeirri tilhögun, sem lagt er til að höfð verði, sé sæmilega gætt hagsmuna þeirra, sem hlut eiga að máli. Í sambandi við 2. og 3. mgr. er rétt að taka fram, að samvinnunefndir verða e. t. v. óþarflega fjölmennar samkv. tillögunni, en þessi tala er við það miðuð, að sem flest sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, geti átt þar fulltrúa. Hins vegar virðist sem þær yrðu óhæfilega fjölmennar, ef öll viðkomandi sveitarfélög ættu skilyrðislausan rétt til að eiga þar fulltrúa.

Þar sem hér er um tímabundið verkefni að ræða hverju sinni er lagt til, að nefnd, sem skipuð yrði samkv. þessari grein, yrði settur ákveðinn tími til að ljúka verkefnum sínum.

Um 5. gr.

Með þessari grein er ætlað að staðfesta formlega þá skipan mála, sem þróazt hefur um starf skipulagsstjóra.

Ekki eru lögfest embættisskilyrði skipulagsstjóra fremur en í frv. 1948 og 1958, en að sjálfsögðu er við það miðað, að enginn komi til greina í það starf nema sérfróður sé um skipulagsmál. Þar koma fyrst og fremst til greina húsameistarar og verkfræðingar, en ekki þykir rétt að útiloka mann, sem skipulagsstjórn mælti með, þótt ekki hefði hann slíka menntun.

Að öðru leyti virðist greinin ekki þurfa skýringa við.

Um 6. og 7. gr.

Virðast ekki þurfa skýringar við.

II. kafli.

Um 8. gr.

Í núgildandi lögum er skipulagsskylda bundin við staði með 200 íbúum eða fleiri, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1938, en var upphaflega bundin við staði með 500 íbúum, í 7. gr. laga nr. 55/1921. Í samræmi við tillögur, sem áður hafa legið fyrir Alþingi, er lagt til í frumvarpinu, að skipulagsskyldan nái til staða með 100 íbúa og fleiri. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir, að skipulagsskyldan geti náð til annarra staða, þar sem ætla má, að samfelld byggð verði í náinni framtíð, sbr. 6. gr. laga nr. 64/1938. Að öðru leyti virðist greinin ekki þurfa skýringa við.

Um 9. gr.

1. mgr. virðist ekki þurfa skýringa.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir, að unnt sé að leyfa byggingar á skipulagsskyldum stað, þó að ekki hafi verið gengið fullkomlega frá skipulagi. Til þessa getur borið brýna nauðsyn. Í fyrsta lagi, að skipulag er ekki fyrir hendi um ýmsa staði, sem skipulagsskyldir eru samkv. frv., og alllangan tíma mun taka að ganga frá því. Þótt svo standi á, virðist ekki framkvæmanlegt að stöðva allar byggingarframkvæmdir skilyrðislaust. Í öðru lagi er sums staðar mikil óvissa um þýðingarmikil atriði skipulagsmálanna, þannig að ekki er unnt að ganga frá skipulaginu. Virðist í báðum þessum tilvikum rétt að heimila undanþágu, ef bygging, sem um er sótt, virðist í samræmi við væntanlegt skipulag.

Um 10. gr.

1. og 2. mgr. virðast ekki þurfa skýringa við.

3. mgr. er efnislega í samræmi við 23. gr. laga nr. 55/1921. Þó að ráð sé fyrir því gert, að kostnaður lendi á sveitarsjóði er ekkert því til fyrirstöðu, að í opinberu máli, sem höfðað yrði samkv. 42. gr., yrðu uppi hafðar kröfur gegn sveitarstjórnarmönnum, sem ábyrgð bera á tjóni sveitarsjóðs.

III. kafli.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er lagt til, að mælingar séu miðaðar við næstu 25 ár. Í 1. gr. laga nr. 55/1921 er miðað við 50 ár, sem virðist ástæðulaust, enda hefur það ekki reynzt raunhæft.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir, að skipulagsstjóri annist mælingarnar, þó þannig að skipulagsnefndir, sveitarfélög og einkaaðilar megi annast mælingar, ef um þær fjalla sérmenntaðir menn, er starfa þá í samráði við hann, sbr. 2. mgr. 5. gr. frv. Þessi háttur hefur verið á hafður þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 55/1921.

Þessi grein kemur í stað 2. og 4. gr. laga nr. 55/1921.

Um 12. gr.

Virðist ekki þurfa skýringar.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við 5. gr. laga nr. 55/1921. Með öllu virðist þó ástæðulaust að lögbinda gerð uppdrátta svo mjög sem það er gert.

IV. kafli.

Um 14. og 15. gr.

Í 14. gr. er gerð grein fyrir þeim meginsjónarmiðum, sem hafa skal við gerð skipulagsuppdrátta, en í 15. gr. er gerð nánari grein fyrir séruppdráttum, sem ástæða þykir til að gera.

Sérstök ástæða er til að benda á heimild til þess að fresta um tiltekið árabil skipulagningu á hluta af landssvæði skipulagsskylds staðar. Getur verið brýn nauðsyn að hafa slíka heimild.

Að öðru leyti virðast greinarnar ekki þurfa skýringar við.

Um 16. gr.

Þessi grein byggist á sömu meginsjónarmiðum og 14. gr. og 15. gr.

Þar sem svæðaskipulagning mundi að jafnaði taka yfir allstórt svæði, sem ekki yrði notað til bygginga um alllangt bil, virðist eðlilegt að leyfa megi á svæðinu, t. d. byggingar í sambandi við búskap eða útgerð, svo og aðra starfsemi, sem er á umræddu svæði. Að sjálfsögðu þarf þó að sýna fulla gát við veitingu slíkra leyfa.

Búast má við því, að nokkur togstreita geti orðið milli sveitarfélaga og einkaaðila um það, hvaða svæði fyrst verði tekin til bygginga. Er lagt til, að samvinnunefndir meti það, sbr. 4. mgr.

Um 17. gr.

Svæðaskipulag það, sem um ræðir í 16. gr., sbr. 4. gr., tekur til þess, að svæði það, sem skipuleggja á, nái yfir tvö skipulagsumdæmi eða fleiri. Ef hins vegar svæðið er allt innan eins skipulagsumdæmis er ekki þörf á sérstakri samvinnunefnd, heldur er eðlilegast, að skipulagsnefnd umdæmisins komi að öllu leyti í stað samvinnunefndar. Nú má og gera ráð fyrir, að heimild til að stofna skipulagsumdæmi verði ekki notuð, og kemur skipulagsstjórn þá í stað samvinnunefndar. Æskilegt virðist, ef svo stendur á, að skipulagsstjórn geti haft til ráðuneytis sérstaka nefnd í umdæminu til þess að annast í sínu umboði framkvæmd þessara mála að meira eða minna leyti.

Um 18. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að sett verði reglugerð um gerð skipulagsuppdrátta. Virðist með öllu ástæðulaust að lögbinda slík atriði svo sem nú er gert í 11. gr. laga nr. 55/1921, sbr. og 7. gr. laga nr. 64/1938. Í þessari grein er hins

vegar bent á þau atriði, sem óhjákvæmilegt verður að taka afstöðu til í sambandi við samningu reglugerðar. Ástæða er til að vekja athygli á fyrirmælum um það, að á skipulagsuppdráttum sé gerð grein fyrir nýtingarhlutfalli. Skýrgreining þess er nokkuð á reiki, en í frv. er fylgt þeirri reglu, sem almennust er, þ. e. að miða við hlutfallið milli lóðarstærðar og samanlagðs gólfflatarmáls byggingarinnar. Þar er þó kjallari undanskilinn. Þetta þýðir, að þegar talað er um nýtingarhlutfall ótiltekið, er átt við þetta hugtak. Oft verður þó ekki hjá því komizt, t. d. við ákvörðun á nýtingarhlutfalli tiltekinna svæða, að telja með götur og opin svæði. Þegar svo stendur á, verður að taka sérstaklega fram, að átt sé við þess konar nýtingarhlutfall, t. d. brúttó-nýtingarhlutfall eða eitthvað því líkt.

Um 19. gr.

Í 8. gr. laga nr. 55/1921 er gert ráð fyrir, að fram geti farið samkeppni um skipulag tiltekins staðar eða svæðis. Sú heimild hefur ekki verið notuð fyrr en nú nýlega um skipulag í Fossvogsdal. Full ástæða virðist til að halda slíkri heimild, og er gert ráð fyrir, að samkeppni fari almennt eftir samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands, nema ástæða þyki til að gera aðra skipan á.

Um 20. gr.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir, að sveitarfélögin sjálf annist skipulagninguna er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að þau fái til umsagnar þær skipulagstillögur, er sveitarfélagið varða.

Umsögn sveitarfélagsins samkvæmt þessari grein er ekki endanleg, heldur þykir rétt að kanna, áður en skipulagstillaga er lögð fram opinberlega, hvort sveitarstjórn sé fylgjandi henni í meginatriðum. Um endanlega umsögn sveitarstjórnar er rætt í 23. gr.

Ef ekki næst samkomulag milli skipulagsnefndar og skipulagsstjórnar annars vegar og sveitarstjórnar hins vegar, virðist vafasamt að leggja tillögurnar fram, og er lagt á vald skipulagsstjórnar að meta, hvort það skuli gert.

Um 21. gr.

Tillögur um svæðaskipulag eiga að sæta samsvarandi meðferð og tillögur samkv. 20. gr.

V. kafli.

Um 22. gr.

Ef undirtektir aðila, sem um ræðir í 20. og 21. gr., verða slíkar, að skipulagsstjórn telur rétt að leggja skipulagsuppdrátt fram, skal farið að svo sem segir í 22. gr. frv.

Í 12. gr. laga nr. 55/1921 er gert ráð fyrir auglýsingu um framlagninguna og auk þess sé skrifleg tilkynning send „eigendum þeirra lóða, sem uppdrátturinn breytir tilfinnanlega“. Slík ákvæði virðist mjög hæpið að lögbinda. Er því lagt til, að auglýsing samkv. greininni verði látin nægja, enda mjög erfitt í framkvæmd og raunar ógerningur að slá föstu, hverjum senda eigi tilkynningu, ef út á þá braut væri lagt.

Um 23. gr.

Þessi grein virðist ekki þurfa skýringar.

Um 24. gr.

1. mgr. virðist ekki þurfa skýringar við.

Um 2. og 3. mgr. er það að segja, að ástæðulaust virðist að krefjast skilyrðislaust sömu formsatriða um smábreytingar á skipulagi og um meiri háttar breytingar. Hins vegar virðist nauðsynlegt, að hér sé höfð á gát og sveitarstjórn sýni fulla varúð í þessu sambandi. Þess vegna er sett ákvæðið í 3. mgr.

Um 25. gr.

Staðfesting skipulags miðar fyrst og fremst að því að skapa rétt, breyta rétti og e. t. v. fella niður rétt einstakra aðila, sem eiga eignir á svæði því, sem skipulagið tekur til. Ef allir landeigendur eru sammála um það, að staðfesting sé ekki ráðleg að svo stöddu, virðist ástæðulaust að krefjast slíks.

Sama á við, ef sérstök vandkvæði eru á staðfestingu vegna óvissu um þýðingarmikil atriði.

Um 26. og 27. gr.

Það veldur oft miklum erfiðleikum við endurskipulagningu, hve lóðaskipting er víða óhentug. Virðist óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess, að unnt verði að breyta lóðamörkum og sameina lóðir svo sem ráð er fyrir gert í greinunum. Slíkar heimildir hefur mjög skort, nema ef telja skyldi ákvæði 27. gr. laga nr. 55/1921, sem aldrei hefur verið beitt, enda óskýr.

VI. kafli.

Um 28.—30. gr.

Þessi kafli er alger nýsmíði. Í frv. frá 1948 voru engin ákvæði um endurbyggingu, en í frv. 1958 var í VII. kafla að finna ákvæði um slíkt. Virðist nefndinni sem framkvæmd mundi mjög torveld samkvæmt þeim ákvæðum, sem byggð eru á dönskum lagaákvæðum. Reynslan í Danmörku er líka sú, að þær lagaheimildir hafa mjög lítið verið notaðar.

Þar sem borgir hafa skemmst mjög af styrjaldarorsökum eða öðrum sambærilegum ástæðum, hefur reynzt kleift að framfylgja slíkum ákvæðum, en annars staðar hefur yfirleitt sá háttur verið á hafður, að sveitarfélögin hafa keypt upp allar eignir, lóðir og hús á viðkomandi byggingarreit, látið síðan endurskipuleggja reitinn og þá ýmist ráðstafað lóðunum eða byggt á þeim og síðan selt eða leigt. Með þessum hætti hefur reynzt unnt að ná góðum árangri og hefur jafnvel orðið ágóði af slíkri starfsemi. Til þessa þarf hins vegar geysimikið fjármagn á íslenzkan mælikvarða, svo að ekki hefur reynzt unnt að fara út á þessa braut, þótt æskilegt sé. Sú leið er þó opin samkv. 33. gr., ef aðstæður sköpuðust til slíks.

Nefndin hefur valið þann kost eða þá millileið að gera tillögur að algerlega nýjum reglum, sem virðast vera framkvæmanlegar án óhæfilegs seinagangs eða kostnaðar og geta hentað staðháttum hér á landi.

Virðist sem einstakar greinar þurfi ekki skýringa við.

VII. kafli.

Um 31. gr.

Í frv. frá 1958 og 1948 eru sérstakir kaflar um forkaupsrétt sveitarfélaga að fasteignum. Ástæðulaust virðist að setja ýtarleg ákvæði um slíkt, þar sem lög um slíkt eru fyrir hendi. Er látið nægja að vísa til þeirra.

Um 32. gr.

Samsvarandi ákvæði er í 43. gr. frv. 1958. Segir um það í athugasemdum: „Mikil og góð reynsla er fengin fyrir því í Reykjavík og í ýmsum öðrum bæjum hér á landi, að bæirnir eigi sjálfir allt það ónotaða byggingarland, er þeir þurfa á að halda. Hefur sveitarfélagið þá mun betri tök á þróun byggðarinnar og skipulagið verður allt auðveldara viðfangs, heldur en ef bæjarlandið er í eigu margra einstaklinga. Kostir þessa fyrirkomulags eru svo margir og vel þekktir, að óþarfi er að rekja þá nánar hér. Í mörgum lögum eru hliðstæð ákvæði, er þetta varðar.“

Um 33. gr.

Samsvarar 24. gr. laga nr. 55/1921.

Um 34. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 25. og 26. gr. laga nr. 55/1921.

Eins og kunnugt er segir svo í 67. gr. stjórnarskrárinnar:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir."

Í lögfræðinni er gerður greinarmunur á eignarnámi og almennum takmörkunum á eignarréttinum. Mörk milli þessa tvenns eru þó engan veginn skýr.

Ef um eignarnám er að ræða, þannig að greiða þurfi fullar bætur, þarf eigandinn að vera sviptur eigninni.

Ef hins vegar er um að ræða almennar takmarkanir, heldur eigandinn eigninni, en umráða-, afnota- og ráðstöfunarréttur hans er takmarkaður að meira eða minna leyti. Slíkar takmarkanir eru almennt ekki taldar bótaskyldar. Það er þó ástæða til að leggja áherzlu á, að takmarkanirnar verða að vera almenns eðlis, þ. e. byggðar á almennum efnislegum ástæðum og taka til allra eigna af tilteknu tagi, en ekki lagðar á fáa eigendur af handahófi.

1. mgr. fjallar um það, þegar eigandi er algerlega sviptur eign sinni. Þá verða að sjálfsögðu að koma fullar bætur.

Í 2.—4. mgr. er mælt fyrir um möguleika á bótum, ef mjög mikil skerðing verður á tiltekinni eign.

Þessar leiðbeiningarreglur eru byggðar á dönsku ákvæði, sem beitt hefur verið um alllanga hríð.

Um 5. mgr.:

Hér er um nýmæli að ræða. Virðist eðlilegt, að þeir, sem telja sig verða fyrir tjóni af skipulagsaðgerðum, lýsi þegar kröfum sínum. Afleiðing þessa yrði sú, að bætur yrði að greiða þegar, er búið væri að meta bætur. Kemur þetta ákvæði í stað 2. mgr. 28. gr. laga nr. 55/1921.

Um 35. gr.

Lagafyrirmæli um það efni, sem um ræðir í 35. gr., eru ekki fyrir hendi nú. Víðast hvar hefur þeirri reglu verið fylgt, að landeigandi hefur látið ókeypis land undir götur.

Benda má á, að í Reykjavík er til bæjarstjórnarsamþykkt frá 18. des. 1919, þar sem segir, að „þegar leggja þarf veg yfir eignarlönd til þess að gera þau hæf til byggingar, skal það því aðeins gert, að götustæðið sé látið af hendi ókeypis og til vegagerðarinnar sé greitt sama gjald og af erfðafestulöndum og gildi sömu skilyrði við vegalagninguna, þ. e. auk vegagjaldsins, sem var 2 kr. af hverjum fermetra lóða, sem breyttt er í byggingarlóð, greiðist ⅕ hluti af söluverðinu í bæjarsjóð".

Í frv. 1958 er við það miðað, að eigandi láti allt að ¼ hluta lands síns undir götur. Í framkvæmd getur það orðið erfitt úrlausnar að ákveða slíkt framlag, og er því lagt til, að miðað verði við heildarfermetrafjölda þeirra byggingarlóða, sem um ræðir hverju sinni.

2. mgr. mælir fyrir um þátttöku land- eða lóðareiganda í kostnaði við að gera svæði byggingarhæft með gatna- og holræsagerð. Sambærilegt gjald hefur um skeið verið tekið af þeim, sem fá lóðum úthlutað í Reykjavík og Kópavogi. Virðist ekki síður ástæða til að krefja lóðareigendur um slíkt gjald fyrir að gera lóðir þeirra byggingarhæfar.

VIII. kafli.

Um 36. gr.

Virðist ekki þurfa skýringar við.

Um 37. gr.

Eins og bent er á í upphafi þessarar greinargerðar, telur skipulagsnefndin rétt, að sett verði almenn lög um lóðarskrár á öllum skipulagsskyldum stöðum til þess að hægt sé að koma skrásetningu (þinglýsingu) lóða í viðunanlegt horf.

Fyrir Reykjavík eru til lög um lóðaskrásetningu, nr. 35/1914, og fyrir Akureyri lög nr. 16/1951.

Að sjálfsögðu er æskilegt, að lóðaskráin gefi sem fyllstar upplýsingar um hverja lóð.

Æskilegt er, að hún innihaldi uppdrátt af lóðinni með þeim húsum, sem á henni eru á hverjum tíma, auk þess upplýsingar um stærð lóðarinnar, fasteignamat hennar, hvort og hvaða kvaðir hvíli á lóðinni, hvort um eignar- eða leigulóð sé að ræða, hve langur leigutíminn sé, hver sé eigandi og hver leigjandi, hver leigumálinn sé, stærð og rúmmál húsa á lóðinni, fasteignamat þeirra og brunabótamat, hvort húsið sé úr steini eða timbri o. s. frv.

Víðast í Evrópu er sá háttur hafður á lóðaskrá, að hver lóð hefur sitt sérstaka númer, sem er algerlega óháð því, við hvaða götu lóðin er. Til þess að einfalda kerfið er lagt til, að notuð verði hér númer við götur, enda sé götum gefið nafn jafnskjótt og skipulag hefur verið ákveðið.

IX. kafli.

Um 38. og 39. gr.

Um greiðslu kostnaðar við mælingar og skipulagningu er fylgt þeirri reglu, að helmingur kostnaðarins greiðist af hvorum, ríkissjóði og viðkomandi sveitarsjóði.

Sú meginregla er höfð, að sá, er framkvæmir verk, leggur út kostnaðinn, en á rétt á að fá hann endurgreiddan í samræmi við áðurgreind hlutföll.

Um 40. gr.

Nefndin er á þeirri skoðun, að gjaldstofn sá, sem hér ræðir um, sé ekki alls kostar heppilegur. Hins vegar hefur nefndin ekki treyststst til að leggja til, að hann verði felldur niður né heldur að benda á annan. Eru því þessi ákvæði efnislega óbreytt frá núgildandi lögum nr. 64/1938.

X. kafli.

Um 41. gr.

Virðist ekki þurfa skýringar við.

Um 42. gr.

Gildistökudagur er miðaður við það, að sveitarstjórnarkosningar fari fram í maí 1962.

Sþ. 378. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um raforkumál.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Björn Pálsson, Ásgeir Bjarnason, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hraða áætlunum um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins, er miðist við það, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1968. Séu gerðar áætlanir um ný

orkuver, aðalorkuveitur og dreifilínur um sveitir, ásamt áætlunum um aðstoð við að koma upp einkastöðvum fyrir einstök heimili, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja raflínur til þeirra frá samveitum, og sé aðstoðin ákveðin með hliðsjón af þeim stuðningi, sem veittur er íbúum samveitusvæðanna.

Áætlunum þessum verði lokið fyrir 1. jan. 1963.

Greinargerð.

Í fyrjun febrúar 1960 fluttu 7 þingmenn Framsóknarflokksins tillögu á Alþingi um raforkumál. Var þar lagt til, að ríkisstjórninni yrði falið að láta hraða áætlunum um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins, og skyldi þar að því stefnt, að öll heimili gætu fengið rafmagn svo fljótt sem tök væru á.

Tillaga þessi hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu á þinginu, en í umræðum um málið 2. marz 1960 skýrði ráðherra frá því, að ráðstafanir hefðu verið gerðar til að hraða áætlunum, eftir því sem unnt væri. Þrátt fyrir þá yfirlýsingu hefur enn ekki verið gengið frá áætlunum um áframhald rafvæðingarinnar, eftir að lokið er framkvæmd 10 ára áætlunarinnar, sem á að verða innan skamms, eftir því sem upphaflega var ákveðið. Er því hér fram borin ný tillaga um að skora á ríkisstjórnina að láta ljúka á þessu ári áætlunum um raforkuframkvæmdir, þ. e. ný orkuver, aðalorkuveitur og dreifilínur, og séu þær áætlanir miðaðar við það, að öll heimili á landinu hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir lok ársins 1968.

Raforkuframkvæmdirnar hafa að miklu leyti verið unnar fyrir lánsfé. En fjárveitingar úr ríkissjóði til þeirra hafa verið samkvæmt ríkisreikningum á árunum 1954—1960:

1. Til nýrra raforkuframkvæmda:

1954	kr.	5860000.00
1955	—	5770000.00
1956	—	9860000.00
1957	—	12023649.60
1958	—	12000000.00
1959	—	0.00
1960	—	10000000.00
Alls	kr.	55513649.60

2. Til raforkusjóðs:

1954	kr.	5000000.00
1955	—	5000000.00
1956	—	5150000.00
1957	—	15000000.00
1958	—	17000000.00
1959	—	14250000.00
1960	—	14250000.00
Alls	kr.	75650000.00

Í fjárlögum fyrir árin 1961 og 1962 eru ætlaðar 10 millj. kr. til nýrra raforkuframkvæmda og kr. 14250000.00 til raforkusjóðs hvort árið um sig.

Samkvæmt framansögðu hafa fjárframlög úr ríkissjóði til rafvæðingarinnar verið allmiklu minni síðustu 3 árin en á árunum 1957 og 1958. Hefur þó framkvæmdakostnaður hækkað mjög síðustu árin og fjárþörfin vaxið. Er því nauðsynlegt að auka ríkisframlögin, og svo þarf að sjálfsögðu að útvega lánsfé til áframhaldandi framkvæmda.

Enn er eftir að koma upp orkuverum og aðalorkuveitum fyrir allmörg byggðarlög samkvæmt 10 ára áætluninni, og þarf að vinda bráðan bug að því.

Raforkumálaskrifstofan mun hafa unnið að athugunum á vegalengdum milli býla í sveitum, sem hafa ekki enn fengið rafmagn. Þessu verki þarf að ljúka, og er þá hægt að gera áætlanir um raflínur um þau svæði. Við dreifingu raforkunnar um sveitirnar er nú fylgt þeirri reglu, að rafmagnið er lagt um þau svæði, þar sem línulengd frá aðalveitu er ekki meiri en ca. 1 km að meðaltali á hvert býli. En í síðari áfanga þarf að ganga lengra og leggja raflínur um byggðir, þó að meðallínulengd milli býla sé miklu meiri, því að sjálfsagt er að fullnægja rafmagnsþörfinni með samveitum, að svo miklu leyti sem frekast þykir fært, eða með byggingu vatnsaflsstöðva fyrir einstök býli, þar sem skilyrði eru til þess. En þar sem einstök heimili eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja raflínur til þeirra, og ekki eru heldur skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, þarf að grípa til annarra úrræða og koma þá helzt til greina dísilstöðvar, þó að miklu óhagkvæmari séu en vatnsaflsstöðvar og raflínur frá samveitum. Réttmætt er, að aukin aðstoð af opinberri hálfu verði veitt þeim, sem verða utan samveitusvæðanna og þurfa að koma upp smástöðvum til framleiðslu á rafmagni. Þar ætti að hafa til hliðsjónar þá fjárhagslegu aðstoð, sem ríkið hefur lagt fram í þágu þeirra, er njóta rafmagns frá rafveitum í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

Mikill meiri hluti landsmanna hefur þegar fengið raforku til heimilisþarfa og annarra nota, að langmestu leyti frá virkjunum og orkuveitum, sem komið hefur verið upp af ríkinu eða með stuðningi þess. Hinir, sem njóta ekki enn þessara þæginda, eiga einnig rétt á því, að bætt verði úr þörfum þeirra í þessu efni, svo fljótt sem mögulegt er, og þeir eiga rétt á að fá án óþarfrar tafar vitneskju um, hvers þeir megi vænta.

Með flutningi þessarar tillögu er lögð áherzla á, að þetta þýðingarmikla mál verði tekið til skjótrar ákvörðunar og úrlausnar.

Sþ. 379. Nefndarálit [70. mál]

um till. til þál. um bætta aðstöðu og aukið öryggi opinna vélbáta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leitað umsagnar Slysavarnafélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Bátafélagsins Bjargar og Sambands smábátafélaga. Mæla allir þessir aðilar með samþykkt tillögunnar, og leggur nefndin til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. marz 1962.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Björn Pálsson.
Gísli Guðmundsson.	Gísli Jónsson.	Jónas G. Rafnar.

Ed. 380. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið var tekið fyrir á tveim fundum, en svo til ekkert rætt. Á fyrri fundinum var samþykkt að leita umsagnar stjórnar Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og á síðari fundinum var sú umsögn lögð fram og lesin. Mælir meiri hluti húsnæðis-

málastjórnar með samþykkt frumvarpsins, en minni hlutinn skilar séráliti, og er það prentað hér sem fylgiskjal.

Á síðari fundinum mæltist ég til þess, að formaður þeirrar nefndar, sem samdi frumvarpið, yrði fenginn til viðtals við heilbrigðis- og félagsmálanefnd, en þeirri frómu ósk minni vildi meiri hlutinn ekki sinna, heldur afgreiddi málið við svo búið. Leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (KK) gat ekki mætt á síðari fundinum vegna forfalla.

Í frumvarpinu eru þessar breytingar frá gildandi lögum: 1) Fjölgað verði í húsnæðismálastjórn um einn mann. 2) Kjörtímabil stjórnarmanna verði lengt um eitt ár. 3) Landsbankanum veitist heimild til að gefa út vaxtabréf allt að 150 millj. króna í stað 100 millj. króna nú. 4) Hámarkslán til hverrar íbúðar hækki úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. 5) Ríkissjóður leggi fram án tiltekinnar hámarksupphæðar jafnmikið fé og sveitarfélögin til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. 6) Heimilað verði, að ríkissjóður afgreiði helming lánsupphæðar til sveitarfélags, þegar nýbygging er fokheld.

Ef litið er á þessar breytingar frá sjónarmiði einstakra íbúðabyggjenda, eru þær því miður næsta lítils virði. Fjölgun í húsnæðismálastjórn og lenging kjörtíma hennar leysir ekki á neinn hátt úr þeim miklu og sívaxandi erfiðleikum, sem á því eru að reisa íbúðarhús. Um tilganginn með þeim breytingum skal að öðru leyti ekki fjölyrt hér.

Heimildin til útgáfu bankavaxtabréfa hefur lítið verið notuð að undanförnu, og haldi svo fram sem verið hefur í því efni, þá verður fyrirhuguð rýmkun heimildarinnar húsbyggjendum ekki til mikillar gleði og raunar ekki annað en pappírsgagn.

Hámarkslán til hverrar íbúðar á að hækka um 50 þús. krónur. Þetta lítur ekki illa út við fyrstu sýn, en fellur fljótt við nánari kynni. Þetta ákvæði jafngildir því engan veginn, að lán skuli hækkuð. Engar ráðstafanir eru gerðar til að auka það fjármagn, sem til úthlutunar kemur, og þess vegna verður ekki unnt að hækka lánveitingar, nema þeim sé þá fækkað um leið. Ef hækkunarheimildin verður notuð, er allt útlit fyrir, eins og nú horfir, að þeir verði mun færri en áður, sem lán fá til íbúðabyggingar. Það er einnig augljóst, að þessi ráðgerða lánahækkun, skoðuð út af fyrir sig, er allsendis ófullnægjandi, svo mjög sem byggingarkostnaður hefur hækkað og gjaldþol almennings minnkað síðustu þrjú árin. Loks er vert að benda á, að þótt hækkun lána sé út af fyrir sig góð, þá er hún samt ekki bezta hjálpin, sem veita má aðþrengdum húsbyggjendum. Þar koma aðrar leiðir og betri til greina, eins og síðar skal að vikið.

Tvær síðasttöldu breytingar frumvarpsins varða aðstoð ríkissjóðs við sveitarfélögin til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Þær eru báðar góðra gjalda verðar, en ná skammt. Sú fyrri hefur að vísu ekki raunhæft gildi, sé miðað við reynslu seinustu ára, en hún fær það, jafnskjótt og sveitarfélög hefjast handa í alvöru um að útrýma óheilnæmu íbúðarhúsnæði. Hin breytingin er sú, að eftirleiðis skuli heimilt að greiða sveitarfélagi helming lánsupphæðar ríkissjóðs, áður en hús er fullgert, og getur það ákvæði, ef framkvæmt verður, orðið sveitarfélögum til verulegrar hjálpar á þessu sviði. Þar veltur allt á framkvæmdinni, eins og víðar.

Lögin frá 1957 um húsnæðismálastofnun o. fl. eru vafalaust með því merkasta í íslenzkri löggjöf síðari ára. Þessi lög eru vel úr garði gerð og miða að gagngerum endurbótum á sviði byggingarmála. Um framkvæmd þeirra var vel af stað farið, og þá andaði þegar í stað köldu úr vissri átt. Það kom m. a. fram í því, að nokkrar peningastofnanir brugðust trausti, sem til þeirra hafði verið borið. Síðar varð allt lakara um framkvæmdina, og má raunar segja, að síðustu þrjú árin hafi stöðugt sigið á ógæfuhliðina í því efni.

Stefna núverandi stjórnarflokka er húsbyggjendum ekki hliðholl. Virðast leiðtogarnir líta á byggingu íbúða sem eins konar munað, er þeir stundum nefna óarðbæra fjárfestingu, og í samræmi við þann skilning hafa margs konar tálmanir verið lagðar í götu þeirra, sem reyna að byggja sér íbúðir.

Tvisvar í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur gengi krónunnar verið lækkað. Á sama tíma hafa söluskattar verið margfaldaðir og vextir af lánum stórhækkaðir. Þessar ráðstafanir ásamt fleirum hafa bitnað hart á allri byggingarstarfsemi í landinu. Í október 1958 kostaði hver rúmmetri í fjögurra herbergja íbúð vísitöluhússins 1256 kr., en 1607 kr. í febr. 1962, og nemur hækkunin þannig 351 kr. á rúmmetra. Kostnaðarverð þessarar íbúðar, sem er 375 m³ að stærð, var 471 þús. kr. 1958, en er nú 605 þús. kr. og hefur þannig hækkað um 134 þús. krónur síðan vinstri stjórnin fór frá völdum. Á sama tíma hafa byggingarlán ekkert hækkað, en mega nú, er frumvarpið verður að lögum, hækka um 50 þús. krónur, þótt trygging fyrir þeirri hækkun sé raunar engin gefin. Engin ákvæði eru í þessu stjórnarfrumvarpi um eflingu Byggingarsjóðs ríkisins né neina aðra útvegun aukins lánsfjár. Tekjur byggingarsjóðs fara nú lækkandi, og hefði því verið full þörf á fyrirmælum í frumvarpinu um eflingu hans.

Sú gífurlega vaxtahækkun, sem ríkisstjórnin efndi til 1960, reynist húsbyggjendum þung í skauti. Mun láta nærri, að vaxtabyrðin sé nú þrefalt þyngri hér en gerist annars staðar á Norðurlöndum, enda liggur hún eins og mara á íslenzkum íbúðaeigendum. Vextir af A-lánum veðlánakerfisins eru nú 8%. Þessa vexti þarf að lækka verulega, en ekki örlar á viðleitni í þá átt í frumvarpinu.

Hvergi mun íbúðabygging vera skattlögð af ríkisvaldinu eins miskunnarlaust og hér á landi, og lætur nærri, að um 15% byggingarkostnaðar séu skattar til hins opinbera. Þannig nema þessir skattar nú um 90 þús. krónum af fjögurra herbergja íbúð þeirrar tegundar, sem fyrr var getið, en það er rúmlega sú upphæð, sem að láni fæst frá hinu almenna veðlánakerfi. Slík skattlagning nær auðvitað engri átt. Frumvarpið hefði verið mikilsvert, ef í því hefði fundizt einhver leiðrétting á þessu ranglæti, en því er nú ekki að heilsa. Áhugi á lækkun byggingarkostnaðar fyrirfinnst enginn þar.

Það er brýn nauðsyn á að afla aukins fjármagns til íbúðabygginga, svo að unnt sé að hækka lánveitingar. Fram hjá þeirri nauðsyn gengur frumvarpið alveg, svo sem áður er sagt. Engu óbrýnna er þó að lækka byggingarkostnaðinn, og í því efni eru einmitt ýmsir möguleikar, þótt þeir verði ekki allir nefndir hér. Lækkun þessa kostnaðar hefur mikla þjóðfélagslega þýðingu, því að hún mundi draga úr verðbólgu og reynast almenningi farsæl kjarabót, en þá hlið málsins lætur ríkisstjórnin sig engu skipta, ef marka má af þessu frumvarpi hennar.

Ég flyt nokkrar breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali, og eru þær í samræmi við það, sem hér hefur sérstaklega verið gert að umtalsefni, en nánari grein fyrir þeim verður gerð í framsöguræðu. Ef létta á undir með íbúðabyggjendum almennt, verða aðrar lagabreytingar að samþykkjast en þær, sem í frumvarpinu felast. Það kann að vera stjórnmálaflokki hagræði að eiga fleiri fulltrúa í húsnæðismálastjórn en aðrir flokkar, en slíkt gagnar lítið þeim, sem stríðir við að veita sér og sínum þann munað að eiga þak yfir höfuðið.

Alþingi, 10. marz 1962.

Alfreð Gíslason, læknir.

Fylgiskjal.

Umsögn minni hluta húsnæðismálastjórnar.

Við undirritaðir stjórnarmenn húsnæðismálastofnunar ríkisins leggjum til, að eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl., verði send Alþingi:

Efnisatriði frumvarpsins eru þessi:

1. Húsnæðismálastjórnarmönnum, sem annast lánveitingar, er fjölgað úr 4 í 5.
2. Kjörtímabil húsnæðismálastjórnarmanna er lengt úr 3 árum í 4 ár.

3. Hámarkslán Byggingarsjóðs ríkisins eiga að hækka úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. á íbúð, og heimild Landsbanka Íslands til útgáfu bankavaxtabréfa er hækkuð úr 100 millj. í 150 millj. kr. á ári.
4. Ríkissjóður skal leggja fram árlega jafnháa upphæð og sveitarfélög ákveða til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, í stað 4 millj. kr. á ári í núgildandi lögum. Sveitarfélög skulu eiga rétt til að fá helming ríkisframlagsins útborgaðan, þegar hinar nýju íbúðir eru fokheldar, í stað þess að framlagið er samkv. núgildandi lagaákvæðum greitt, þegar hinni heilsuspillandi íbúð hefur verið útrýmt og nýja íbúðin er fullgerð og afhent kaupanda eða leigjanda.

Um þessi atriði er þetta að segja:

1. Ekki verður séð, að það hafi á neinn hátt háð starfsemi húsnæðismálastjórnar, að 4 stjórnarmenn hafa farið með lánveitingar, né að fjölgun þeirra í 5 leysi nokkurn vanda, sem við hefur verið að etja, sem er fyrst og fremst skortur á lánsfé. Þessi breyting getur því ekki frá sjónarmiði stofnunarinnar talizt æskileg eða til bóta frá því, sem nú er.

2. Lenging kjörtímabils húsnæðismálastjórnar úr 3 árum í 4 ár virðist eðlileg og líkleg til að skapa aukna festu í starfi húsnæðismálastofnunarinnar.

3. Hækkun hámarkslána úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. á íbúð er spor í rétta átt, en er þó algerlega ófullnægjandi, eins og nú er komið kostnaði við íbúðabyggingar. Ekki mun of í lagt, að byggingarkostnaður meðalíbúðar hafi hækkað um eða yfir 100 þús. kr. frá 1958, svo að hin ráðgerða hækkun hámarkslána nemur eigi nema hálfri þeirri upphæð. Til þess að byggjandi íbúðar stæði svipað að vígi og 1958, þyrfti því a. m. k. að hækka hámarkslán á íbúð í 200 þús. kr., og er þó ekki tekið tillit til almennrar rýrnunar á lífskjörum, sem orðið hefur síðan að tilstuðlan ríkisvaldsins og einnig veldur húsbyggjendum auknum erfiðleikum og veldur háskalegum samdrætti í íbúðabyggingum í landinu.

Heimild Landsbanka Íslands til að hækka útgáfu bankavaxtabréfa úr 100 millj. í 150 millj. kr. árlega getur verið nauðsynleg, einkum sé höfð í huga aukin fjáröflun til útlána á vegum húsnæðismálastjórnar með framlagi frá bönkum og sparisjóðum. Vert er þó að vekja athygli á, að fram að þessu hefur þessi heimild sáralítið verið notuð, þar sem fé Byggingarsjóðsins sjálfs hefur verið meginhluti lánsfjárins, en bankarnir lítið lagt fram. Heimildin sjálf eykur ekki lánsfé á vegum húsnæðismálastjórnar, nema undir hana sé rennt stoðum fjáröflunar með þessum hætti.

Í þessu sambandi er vert að vekja athygli Alþingis á því, að þótt tekjur Byggingarsjóðs ríkisins hafi farið lækkandi síðustu ár og séu nú komnar niður í rúmar 30 millj. kr. á ári, er ekki í frumvarpi þessu gert ráð fyrir neins konar eflingu Byggingarsjóðsins, hvorki með auknum tekjum af núverandi tekjustofnum sjóðsins né með lögfestingu nýrra tekjustofna. Eigi hækkun hámarkslána að koma að gagni, er óhjákvæmilegt að útvega aukið lánsfé. Að öðrum kosti hlýtur lánum einfaldlega að fækka, um leið og hækkun lánsupphæðar í hverja íbúð kemur raunverulega til framkvæmda.

Raunhæfasta leiðin til útvegunar aukins lánsfjár er efling sjálfs Byggingarsjóðsins, þ. e. að fá honum stóraukna tekjustofna frá því, sem nú er. Á þessu er nú brýn nauðsyn, og með því móti er lagður traustastur grundvöllur að lánveitingum til íbúðabygginga á vegum húsnæðismálastjórnar.

Jafnframt er óhjákvæmilegt að lækka vexti af A-lánum Byggingarsjóðs, en þeir eru nú 8%. Þessir vextir eru íbúðabyggjendum erfiður fjötur um fót og þyrftu að lækka stórlega, eins og oft hefur verið bent á. Engin slík vaxtalækkun hefur verið boðuð með þessum breytingum á húsnæðismálalöggjöfinni, og er það mikill annmarki á frumvarpinu, sem nauðsynlegt er að bæta úr í meðferð Alþingis.

4. Eðlilegt er, að ríkissjóður leggi fram jafnháa fjárhæð og sveitarfélög til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, enda hefur svo verið í framkvæmd undanfarandi ár. Ekki er heldur óeðlilegt, að heimilt sé að afgreiða til sveitarfélags helming lánsupphæðar, þegar nýbygging er fokheld. Hins vegar væri æskilegt, að húsnæðis-

málastofnunin fengi íhlutun um uppdrætti að íbúðum, sem reistar eru í þessu skyni, og endurskoðaði og staðfesti byggingaráætlanir sveitarfélaganna, áður en til framkvæmda kemur. Einnig væri nauðsynlegt að tryggja með lögum eða reglugerð eftirlitsrétt húsnæðismálastofnunarinnar með því, að þær heilsuspillandi íbúðir, sem flutt er úr í fyrrgreindar íbúðir, séu raunverulega teknar úr notkun og að niðurrifsvottorð séu ekki gefin út á aðrar íbúðir en þær, sem búið hefur verið í og útrýmt fyrir tilstilli þessarar sameiginlegu byggingarstarfsemi ríkisins og sveitarfélaganna.

Guðmundur Vigfússon. Hannes Pálsson.

Sþ. 381. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um ráðstafanir til verndunar íslenzka erninum.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Jón Skaftason, Birgir Kjaran.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til, að athugun fari fram á því, hvað tiltækilegt sé að gera, er afstýrt geti því, að íslenzki örninn verði aldauða. Leita skal álits og tillagna sérfróðra manna í náttúrufræði, og fari þessi athugun fram þegar á næsta sumri, svo að niðurstöður hennar geti legið fyrir, er næsta Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Talið er, að 10 eða 11 arnarpör hafi verið við hreiður hér á landi síðastliðið sumar, og byggist það á athugun náttúrufræðinga. Gizkað er á, að allur stofninn sé milli 30 og 40 fuglar. Viðkoman er lítil, og mun sjaldan lifa nema einn ungi úr hreiðri og oft enginn. Veldur því ófrjósemi og einnig hitt máske, að hreiðrin séu eyðilögð stundum af mannavöldum. Ernir hafa lengi verið alfriðaðir, en fækkað þó, og má nú engu muna, að lítill stofn deyi út með öllu. Háar fésektir liggja að vísu við, ef erni er grandað. En þrátt fyrir það er vissa fyrir, að þeir falla árlega af mannavöldum, enginn veit þó hve mikið. Á fyrri hluta þessarar aldar eyddist þessi fugl mjög af eitri (stryknin), sem þá var borið út fyrir refi og fugla. En hrafninn kunni betur að gæta sín fyrir þeim vélum en konungur fuglanna, en svo hefur þessi tígulegi fugl verið nefndur með réttu. Örn er að vísu ekki talinn nytjafugl og er óboðinn gestur í grennd við æðarvörp og víðar. Þarf því þegnskap til, sem mjög er óvarlegt að treysta, að alls staðar sé fyrir hendi, þar sem hann heldur sig við hreiður, og undarlegt, ef enginn fellur í þá freistni að stytta honum aldur í gremju, ef hann er staðinn að skemmdarverkum, en fyrir þau fá bændur engar skaðabætur. Hvergi er eftirlit með, að friðunarlögum sé hlýtt, aðeins sektarákvæði, sem eru gagnslítil. Sé það alvara þjóðfélagsins að standa gegn því, að þessi fágæti og tilkomumikli fugl deyi út í landinu á svipaðan hátt og geirfuglinn forðum, er óhjákvæmilegt að taka til nýrra ráða, stofninn er í bráðri hættu.

Eins og fyrr er sagt, gekk refaeitrunin mjög nærri erninum um aldamót og í aldarbyrjun. Og enn er eitrað fyrir refi og fleiri dýr, meira að segja fyrir lagt af sjálfu ríkisvaldinu samkv. lögum um eyðingu refa og minka. Um gagnsemi af þeirri eitrunarskyldu eru mjög skiptar skoðanir. Að vísu mun þó ekki vera eitrað fyrir refi, þar sem ernir eru við hreiður, en það er aðeins við Breiðafjörð og á Vestfjörðum. Er það bót í máli og virðingarvert, það sem það nær. En á þessum slóðum mun þó vera eitrað fyrir svartbak, og getur það verið stórhættulegt erninum. Á hitt er svo einnig að líta, að fuglinn flýgur út frá vissum aðalstöðvum og slangrar eitthvað um allt land og getur hitt á eitrað hræ í öðrum landshlutum. Öll eitrun með stryknini er stórkostlega hættuleg og varhugaverð, t. d. vinnur

refaeitrunin eitthvað á fálkanum, sem tekur eitraðar rjúpur. En fálkinn er önnur fuglategundin til, sem er í hættu.

Benda má á þrennt, sem helzt virðist tiltækilegt að gera til verndunar erninum, og getur þó verið um fleira að ræða:

1. Búa verður betur um hnútana en er, svo að honum verði ekki eytt með skotum eða á annan laumulegri hátt, t. d. við hreiður, þar sem talið er að hann valdi tjóni. Hægt mundi vera að sætta bændur þar við nábýli hans með fébótum í einhverju formi.
2. Afstýra verður því, að hann farist af eitri til síðasta fugls.
3. Vinna þarf að því að breyta hugsunarhætti fólks, þar sem ernir ala aldur sinn, á þá leið, að mönnum skiljist, hvað er í húfi.

Það er þjóðarsómi að vernda dýraríki sitt sem allra bezt, en ósómi að eyða því og spilla, hvað þá aleyða tegundum, jafnvel þótt ótignarlegri séu en konungur fuglanna.

Nd. 382. Lög [166. mál]

um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni.

(Afgreidd frá Nd. 12. marz.)

Samhljóða þskj. 358.

Nd. 383. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. marz 1962.

Jón Kjartansson, frsm. Gísli Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr.
Hannibal Valdimarsson. Jón Skaftason.

Sþ. 384. Fyrirspurnir. [176. mál]

I. Til fjármálaráðherra um greiðslur vegna ríkisábyrgðar á árinu 1961.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Vegna hvaða fyrirtækja eða stofnana varð ríkissjóður að greiða áfallnar ábyrgðir á árinu 1961, og hve mikil varð greiðslan vegna hvers einstaks þeirra á því ári? Hve mikið hefur verið greitt fyrir hvert þeirra samtals áður?

II. Til viðskiptamálaráðherra um innheimtu gjalds af gjaldeyris- og innflutningsleyfum.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hverjar urðu tekjur bankanna á árinu 1961 af gjaldi því, sem heimilað er að innheimta af gjaldeyris- og innflutningsleyfum samkv. lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. frá 25. maí 1960, og hvernig hefur tekjum þessum verið ráðstafað?

Ed. 385. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um heyrnleysingjaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna (FRV) var fjarverandi, er málið var rætt og afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 13. marz 1962.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Friðjón Skarphéðinsson.
Páll Þorsteinsson.

Ed. 386. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. marz.)

1. gr.

Í stað orðanna „Engin lánveiting má nema yfir 150 000 kr.“ í 5. gr. laganna komi: Engin lánveiting má nema yfir 400 000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 387. Breytingartillögur [156. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (AGl).

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   a. Í stað orðanna „100 þúsund krónur“ í B-lið 6. gr. laganna komi: 150 þúsund krónur.
   b. Í stað „með 7% ársvöxtum“ í E-lið sömu greinar komi: með 4% ársvöxtum.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrri málsgrein 16. gr. laganna orðist svo:
   Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti. Lán ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að húsnæðismálastjórn hafi borizt fullgerðar teikningar og sundurliðuð kostnaðaráætlun, áður en framkvæmdir hefjast, og að hið ónothæfa húsnæði sé tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert, en þó er

heimilt að afgreiða til viðkomandi sveitarfélags helming lánsupphæðar, þegar nýbygging er fokheld. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánum ríkissjóðs í þessu skyni og hefur eftirlit með, að réttum skilyrðum sé fullnægt.

3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 23. gr., en í upphafi VI. kafla laganna (Ýmis ákvæði) komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (24. gr.) Heimild ríkisstjórnarinnar, sbr. 32. gr. laga nr. 4/1960, til að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá byggingarsjóði ríkisins og byggingarsjóði verkamanna fellur niður.

b. (25. gr.) Íbúðareigandi skal eiga rétt á að fá endurgreidd úr ríkissjóði aðflutningsgjöld og söluskatta af byggingarefni, sem til íbúðarinnar hefur þurft, enda sé íbúðin að hagkvæmni og stærð í samræmi við reglur húsnæðismálastofnunar.

Endurgreiðsla skal miðuð við efni það, sem þurfti til að byggja vísitöluhúsið í október 1960, og skal hún innt af hendi í einu lagi, þegar eftir að íbúðin hefur verið metin að fasteignamati.

Rétt til endurgreiðslu samkvæmt þessari grein eiga eigendur íbúða, sem lokið er við eftir gildistöku laga þessara.

c. (26. gr.) Seðlabankinn skal veita Byggingarsjóði ríkisins 50 milljón króna lán með 5½% ársvöxtum til íbúðabygginga ár hvert í næstu 5 ár frá og með árinu 1962 að telja. Lánum þessum ráðstafar húsnæðismálastjórn í samræmi við útlánareglur sínar.

d. (27. gr.) Ríkissjóður greiðir byggingarsjóði ríkisins 20 milljónir króna sem óafturkræft framlag á árinu 1963 og síðan jafnháa upphæð árlega í næstu 4 ár.

Ed. 388. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, sbr. lög nr. 25 16. febrúar 1953.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Í 3. gr. falli niður orðin „hefur óflekkað mannorð".

2. gr.

Í 6. gr. falli niður orðin „eða búsetu".

3. gr.

9. gr. breytist þannig:

a. Ákvæði 3. töluliðs 1. mgr. falli niður.

b. Í 7. tölulið 1. mgr. falli niður orðin „og sé eitt af þeim opinbert mál".

c. Aftan við 1. mgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

d. Í 2. mgr. breytast orðin „1.—5. tölul." í: 1.—2. og 4.—5. tölul.

4. gr.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

Hæstaréttarlögmenn skulu hafa skrifstofu innan lögsagnarumdæmis þess, þar sem þeir eru búsettir, eða þar í grennd.

5. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Skylt er hæstaréttarlögmönnum að flytja þau opinber mál, sem þeim verða falin. Önnur mál er þeim eigi skylt að taka að sér fyrir hæstarétti.

6. gr.

14. gr. breytist þannig:

a. Ákvæði 3. töluliðs 1. mgr. falli brott.
b. Aftan við 1. mgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

7. gr.

Í 19. gr. falli niður orðin „óflekkað mannorð og".

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við stofnun embættis saksóknara ríkisins á s. l. ári varð sú breyting á flutningi opinberra mála fyrir Hæstarétti, að saksóknari skal sækja öll opinber mál þar fyrir dómi. Eins og löggjöf er nú háttað getur reynzt mjög erfitt fyrir héraðsdómslögmenn, sem þreyta vilja prófraun fyrir Hæstarétti, að fá opinbert mál sem prófmál til flutnings, þar sem til undantekninga telst, að sá, er þreyta vill prófraun, fái mál til flutnings sem verjandi í Hæstarétti. Vegna þessa er lagt til, að skilyrði 7. töluliðs 9. gr. laganna um flutning eins opinbers máls falli niður. Prófmál skulu eftir sem áður vera þrjú.

Í 12. gr. laganna er svo fyrir mælt, að hæstaréttarlögmenn skuli hafa skrifstofu í Reykjavík og búsetu þar eða í grennd við borgina. Vegna breyttra samgönguhátta þykir rétt að fella þetta skilyrði niður.

Loks er lagt til, að ákvæðum laganna um óflekkað mannorð verði breytt. Lagt er til, að óflekkað mannorð verði ekki framar skilyrði þess að vera fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns (3. gr.) eða málflutningsmaður, þar sem einkaréttur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna gildir ekki (19. gr.). Að því er varðar skilyrði fyrir leyfi héraðsdómslögmanna og hæstaréttarlögmanna, þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta hverju sinni, hver tengsl eru hér á milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er um liðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir frumvarpi til laga nr. 31 24. marz 1961 (þingskjal 217 1957) um breyting á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem lágu til grundvallar endurskoðun hegningarlaganefndar á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi.

Nd. 389. Frumvarp til laga [178. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

a. Fasteignaskattur.
b. Aðstöðugjald.
c. Framlög úr Jöfnunarsjóði. (Hluti af söluskatti og landsútsvör).
d. Útsvör.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því, er lög þessi ákveða.

2. gr.

Auk tekna, samkvæmt 1. gr., hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum, sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o. fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem leyfisgjöld o. fl., allt eftir því, sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

II. KAFLI
Um fasteignaskatt.

3. gr.

Á allar fasteignir, sbr. þó 6. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélaga, þar sem fasteign er.

Skattur þessi skal miðaður við fasteignamatsverð og vera sem hér segir:

a. 2% af virðingarverði byggingarlóða.
b. 1% af virðingarverði húsa og annarra mannvirkja.
c. ½% af virðingarverði túna, garða, reita, erfðafestulanda og annarra lóða og lendna.

4. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skattsins, sem reiknast af heilum þúsundum virðingarverðs, og skal sleppa því, sem umfram er. Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Gjalddagi skattsins er 15. janúar.

5. gr.

Með reglugerð, sem ráðherra staðfestir, getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. með allt að 200% álagi.

6. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem hvorki eru leigð út til skemmtana né rekin í ágóðaskyni, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Nú er hús sumpart notað til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot samkvæmt mati fasteignamatsmanna.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

III. KAFLI
Um aðstöðugjald.

8. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 29. gr., svo og skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, orkuver til almenningsþarfa, sláturhús, mjólkurbú og olíufélög, sem greiða landsútsvar.

9. gr.

Aðstöðugjald skal miða við samanlögð útgjöld vegna atvinnurekstursins næstliðið almanaksár, þar með talin efnis- og vörukaup, svo og fyrningarafskriftir samkvæmt ákvæðum skattalaga.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.

10. gr.

Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir:

a. Allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
b. — — 1% — — verzlunarskipa.
c. — — 1½% — hvers konar iðnaðarrekstri.
d. — — 2% — öðrum atvinnurekstri.

11. gr.

Skattstjórar annast álagningu aðstöðugjalds, og skal það álagt í heilum hundruðum króna.

Aðstöðugjald, sem ekki nær kr. 300.00, fellur niður.

Gjalddagi aðstöðugjalds er 1. júlí.

12. gr.

Innheimta má aðstöðugjald hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn, ef

a. hann rekur þar fiskikaup, fiskiverkun eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar.
b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Skylt er gjaldanda að gefa hlutaðeigandi skattstjóra skýrslu um samanlögð útgjöld sín, sbr. 9. gr., vegna starfseminnar, samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, innan loka framtalsfrests, ella áætlar skattstjóri útgjöldin að fenginni umsögn framtalsnefndar eða hreppsnefndar.

13. gr.

Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um innheimtu aðstöðugjalds, og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 10. gr.

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

14. gr.

Þegar skattstjóri hefur lokið álagningu aðstöðugjalds samkvæmt þessum kafla, semur hann skrá um aðstöðugjöld í hverju sveitarfélagi og sendir hana þegar til sveitarstjórnar, sem innheimtir gjöldin.

IV. KAFLI

Um jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

15. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

a. Að greiða framlag til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
b. Að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.
c. Að leggja út greiðslur þær á milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.
d. Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör álögð samkvæmt 34. gr.
e. Að styrkja, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga.

16. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

a. Ríkissjóður greiðir ⅕ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10 1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl., svo og bráðabirgðaákvæði sömu laga, a-lið, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þó eigi lægri fjárhæð en 56 millj. króna á ári. Nú reynist svo eitthvert ár, að ⅕ hluti söluskatts nær eigi lágmarksársgreiðslu (56 millj. krónum) ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs, og má þá draga mismuninn frá greiðslum ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs næsta eða næstu ár á eftir, ef fimmtungur söluskatts nemur þá hærri fjárhæð en lágmarksársgreiðslu til sjóðsins.

   Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftir á.
b. Landsútsvör samkvæmt 17.—19. gr. laga þessara.

17. gr.

Landsútsvör greiða:

a. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
b. Síldarverksmiðjur ríkisins, Áburðarverksmiðjan, Sementsverksmiðja ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
c. Olíufélög, sem flytja inn olíur og olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu innanlands.

18. gr.

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

a. 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja samkvæmt 17. gr. a.
b. 1% af heildarsölu stofnana þeirra, er um getur í 17. gr. b.
c. 1⅓% af heildarsölu olíufélaga, sbr. 17. gr. c.

19. gr.

Gjaldendur greiða landsútsvör sín til Jöfnunarsjóðs. Greiðslunni skal fylgja greinargerð um fjárhæð landsútsvarsins.

20. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, en ¾ hlutum skal ásamt söluskatti, samkvæmt 16. gr. a, skipt á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum s. l. ár, sbr. þó 15. gr. d.

Fé því, sem ekki verður úthlutað vegna ákvæðisins um 60% hámarkið, skal varið til þess að greiða kostnað, sem fellur á Jöfnunarsjóð samkvæmt ákvæðum 15. gr.

Við úthlutun framlaga samkvæmt grein þessari er ráðherra heimilt að halda eftir 1% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr., unz sjóðurinn nemur allt að kr. 5 000 000.00.

21. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna samkvæmt 20. gr. skal greitt þrisvar sinnum á ári, fyrir 15. júlí, 15. október og 15. janúar.

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

22. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um ýtarlega rannsókn á fjárreiðum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags samkvæmt 15. gr. d.

Slíkt aukaframlag skal eigi veita fyrr en að lokinni rannsókn og eftir að teknar hafa verið til greina þær aðfinnslur, sem rannsóknin hefur gefið tilefni til.

Ráðuneytið getur sett það skilyrði fyrir aukaframlagi, að sveitarstjórn hafi notað heimildir til hækkunar fasteignaskatta, sbr. 5. gr., og til innheimtu aðstöðugjalda samkvæmt III. kafla.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 21. gr.

23. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Skal sjóðurinn vera í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga samkvæmt 20. gr., greiðslur samkvæmt 15. gr., svo og afgreiðslur á vegum sjóðsins.

24. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

25. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

26. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um gjalddaga og innheimtu landsútsvara samkvæmt 19. gr.

V. KAFLI
Um útsvör.

A. Almennt um útsvör.

27. gr.

Upphæð útsvara í hverju sveitarfélagi skal þannig ákveðin í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, að útsvörin ásamt öðrum tekjum sveitarfélagsins hrökkvi fyrir útgjöldum þess á árinu, þegar gert hefur verið ráð fyrir 5—10% vanhöldum við innheimtu þeirra.

Nú reynast útsvör þannig ákveðin hærri en vera skal samkvæmt 34. gr. 2. mgr., og koma þá til framkvæmda ákvæði d-liðs 15. gr. laga þessara.

B. Um útsvarsskyldu.

28. gr.

Eftirtaldir aðilar eru útsvarsskyldir, sbr. þó 29. gr. og 67. gr., með þeim takmörkunum, sem um getur í 31.—36. gr. laga þessara:

a. Allir, sem eiga lögheimili hér á landi samkvæmt lögum nr. 35/1960, um lögheimili.
b. Hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna, kaupfélög og önnur samvinnufélög, sameignarfélög og samlög. Nú eru ekki fleiri en þrír félagar í sameignarfélagi með persónulegri ábyrgð, og er útsvar þá ekki lagt á félagið sjálft, heldur á hvern einstakan félagsmann, nema tilmæli komi um það frá félaginu einu ári áður en tekjur eru taldar fram.
c. Sjóðir og stofnanir, sem reka atvinnu, svo og dánar- og þrotabú, sem tekjur hafa eða eiga eignir.
d. Útlendingar, sem stunda atvinnu skemmri eða lengri tíma hér á landi eða á íslenzkum skipum, sbr. lög nr. 22/1956. Sama gildir um íslenzka ríkisborgara, sem ekki hafa lögheimili á Íslandi.
e. Aðrir aðilar, sem ekki hafa lögheimili eða aðsetur hér á landi, en reka hér atvinnu eða eiga hér arðbærar eignir.

29. gr.

Undanþegnir útsvari eru:

a. Forseti Íslands.
b. Fyrirsvarsmenn annarra ríkja, sem hér dveljast, erlendir starfsmenn sendiráða og annað erlent þjónustufólk þeirra, vegna þeirra eigna og tekna, sem þeim hlotnast fyrir slík störf.
c. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem dveljast erlendis, vegna eigna og tekna, sem þeim hlotnast fyrir þau störf.
d. Giftar konur, nema þær eigi séreign eða hjúskapareign, sem gefa verulegan arð, hafi atvinnu aðra en heimilisstörf, eða hafi slitið samvistum við bónda sinn, en þá má leggja útsvar á þær.
e. Þeir, sem greiða landsútsvar, sbr. 17. gr., þó ekki olíufélög, sbr. 17. gr. c.
f. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög líknarfélög, stjórnmálafélög, trúarbragðafélög o. fl.

g. Ríkissjóður, ríkisstofnanir, svo og sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélögin sjálf og fyrirtæki, sem þau reka, og sjóðir sveitarfélaga, og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka.

30. gr.

a. Hvert sveitarfélag leggur útsvar á sína íbúa, sbr. 13. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili.
b. Á aðra aðila skal lagt í því sveitarfélagi, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram.
c. Þar í sveit skal útsvar gjalda, sem það var á lagt, og á hún allt útsvarið.
d. Þó skal skipta útsvari á milli sveitarfélaga, ef gjaldandi flyzt búferlum á milli þeirra á árinu, áður en útsvar var á lagt.
e. Engin sveit getur þó krafizt hluta af útsvari, nema gjaldandi hafi átt þar rétt lögheimili a. m. k. þrjá mánuði á árinu, sem hann flutti. Útsvari skal skipt í réttu hlutfalli við þann tíma, sem gjaldandi átti lögheimili í hvoru eða hverju sveitarfélagi.
f. Kröfu um útsvarsskipti samkvæmt þessari grein, ásamt upplýsingum um búferlaflutning, skal senda til sveitarstjórnar heimilissveitar fyrir lok aprílmánaðar.
g. Að lokinni niðurjöfnun sendir sveitarstjórnin kröfuna, með umsögn, til skattstjórans í umdæmi sínu til úrskurðar, nema samkomulag verði um aðra málsmeðferð.
h. Skattstjóri sendir báðum (öllum) aðildarsveitum þegar úrskurð um skiptinguna, og er heimilt að áfrýja til ríkisskattanefndar.
i. Áfrýjunarfrestur er mánuður, frá því tilkynning um úrskurð var póstlögð.
j. Eigi verður útsvar lagt á aðila nema í einu sveitarfélagi á sama ári.
k. Nú stundar gjaldþegn fasta atvinnu utan heimilissveitar og meiri hluti atvinnutekna hans stafar frá þeirri atvinnu, en útsvör verða talin hlutfallslega lægri í heimilissveit hans en atvinnusveit, svo að nemi a. m. k. 10%, og getur þá atvinnusveit krafizt þess, þótt útsvari gjaldþegns sé ekki skipt, að hann greiði henni útsvar, sem nemur þeirri upphæð, er honum hefði borið að greiða í atvinnusveit umfram það, er hann greiðir í heimilissveit. Heimilissveit er skylt að innheimta útsvarsauka þennan, samkvæmt úrskurði skattstjóra í umdæmi heimilissveitar, og standa atvinnusveit skil á honum. Úrskurði skattstjóra má áfrýja til ríkisskattanefndar eftir almennum reglum, sbr. i-lið. Gjaldþegn getur og áfrýjað með sama fresti.

C. Upphæð einstakra útsvara.

31. gr.

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkvæmt skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr.

Útsvör síðastliðins árs skulu dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

32. gr.

Útsvör skulu vera sem hér segir:

A. Af hreinum tekjum greiða:

1. Einstaklingar:

Af	15—	20	þús.	kr.	greiðist	kr.	200	af	15	þús.	kr.	og	14% af afgangi.
—	20—	25	—	—	—	—	900	—	20	—	—	—	16% — —
—	25—	30	—	—	—	—	1700	—	25	—	—	—	18% — —
—	30—	40	—	—	—	—	2600	—	30	—	—	—	20% — —
—	40—	50	—	—	—	—	4600	—	40	—	—	—	22% — —
—	50—	60	—	—	—	—	6800	—	50	—	—	—	24% — —
—	60—	100	—	—	—	—	9200	—	60	—	—	—	25% — —
—	100	þús.	kr.	og	þar	yfir	—	19200	—	100	—	—	— 30% — —

Frá útsvari, eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldufrádráttur, kr. 800.00 fyrir konu, en fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1200.00 og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um kr. 100.00 fyrir hvert barn.

Auk frádráttar þess, er hér um ræðir, er heimilt að draga frá útsvari samkvæmt 1. mgr. allt að kr. 800.00, þannig, að útsvör allra verði lækkuð um hér um bil sömu fjárhæð.

Heimilt er að fella niður útsvarsálagningu á tekjur, sem lægri eru en svo, að útsvar af þeim nemi 1000 kr.

2. Félög:

Af	1—75	þús.	kr.	greiðist	200	kr.	af	1	þús. kr. og	20% af afg.
—	75	þús.	kr. og þar yfir	—	15000	—	—	75	— — —	30% — —

B. Af hreinum eignum greiðist:

Af	40— 70	þús.	kr.	greiðast	100	kr.	af	40	þús. kr. og	5‰ af afg.
—	70—100	—	—	—	250	—	—	90	— — —	6‰ — —
—	100—150	—	—	—	430	—	—	100	— — —	7‰ — —
—	150—200	—	—	—	760	—	—	150	— — —	8‰ — —
—	200—250	—	—	—	1180	—	—	200	— — —	9‰ — —
—	250	þús.	kr. og þar yfir	—	1630	—	—	250	— — —	10‰ — —

33. gr.

Lækka skal útsvör gjaldenda frá því, sem ákveðið er í 32. gr. laga þessara, þegar eftirtaldar ástæður eru fyrir hendi:

a. Sjúkrakostnaður, sem á þá fellur, ef verulegan má telja.
b. Slys, dauðsföll, eignatjón, mikil tekjurýrnun eða önnur óhöpp, sem skerða gjaldgetu þeirra verulega.
c. Uppeldis- og menningarkostnaður barna þeirra, sem eldri eru en 16 ára, sem þeir annast greiðslu á.

Heimilt er að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti og að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára.

34. gr.

Nú kemur í ljós, að útsvör samkvæmt 32.—33. gr. laga þessara reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlunin segir til um, og skal þá lækka eða hækka hvert útsvar að réttri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð, að viðbættum 5—10%, er náð.

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 30 hundraðshlutum.

35. gr.

Útsvar skal ákveðið í heilum hundruðum króna þannig, að 50 kr. eða lægri upphæð skal sleppt, en hærri upphæð hækkuð.

36. gr.

Sameignarfélög, þar með talin samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, greiða ekki útsvar af þeim tekjum, sem skipt er milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu félagsins og lagt er á útsvar hjá þeim.

Samvinnufélög greiða ekki útsvar af arði, sem stafar af viðskiptum félagsmanna.

Félögin láta framtalsnefndum eða hreppsnefndum í té glögga skýrslu um viðskiptin við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annars kostar áætlar framtalsnefnd eða hreppsnefnd viðskiptin og arð af þeim. Kæra má áætlanir nefndanna eftir almennum reglum um útsvarskærur.

D. Um álagningu útsvara.

37. gr.

Bæjarstjórn kýs eftir hverjar reglulegar bæjarstjórnarkosningar 3—5 menn, og jafnmarga til vara, í framtalsnefnd til fjögurra ára, nema ákveðinn hafi verið skemmri kjörtími fyrir nefndina. Nefndin skiptir sjálf með sér störfum.

Skattstjóri eða umboðsmaður hans á sæti í framtalsnefnd. Ekki á hann atkvæðisrétt í nefndinni, nema bæjarstjórn hafi kosið hann í hana. Kjósa má skattstjóra eða umboðsmann hans formann framtalsnefndar, þó að hann eigi þar eigi atkvæðisrétt.

38. gr.

Í hreppum annast hreppsnefnd störf framtalsnefndar, samkvæmt 42. gr., ásamt skattstjóra eða umboðsmanni hans.

Hreppsnefnd getur þó falið 1—3 mönnum úr sínum hópi, og er sveitarstjóri þar með talinn, að annast störf framtalsnefndar, ásamt skattstjóra eða umboðsmanni hans.

Skattstjóri eða umboðsmaður hans á ekki atkvæðisrétt um störf framtalsnefndar í hreppsnefnd, nema hann sé jafnframt hreppsnefndarmaður eða hafi verið kosinn til starfanna af hreppsnefnd, en fela má honum forustu þessara starfa.

39. gr.

Um kjörgengi til framtalsnefnda og skyldu til setu í framtalsnefnd fer samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga um kjörgengi til sveitarstjórna og skyldu til setu í sveitarstjórn.

Ákvæði sveitarstjórnarlaga um fundahöld sveitarstjórna gilda um framtalsnefndir eftir því, sem við getur átt.

40. gr.

Skattstjóri eða umboðsmaður hans skal veita þeim, er annast framtalsnefndarstörf, aðgang að öllum skattframtölum.

Framtalsnefndarmönnum, hreppsnefndarmönnum og öðrum þeim, sem annast störf framtalsnefnda, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að við framtalsnefndarstörf um hagi gjaldþegna.

41. gr.

Þóknun til skattstjóra eða umboðsmanns hans fyrir framtalsnefndarstörf er innifalin í launum hans, en sveitarstjórn ákveður þóknun til annarra fyrir slík störf, sem greiðist úr sveitarsjóði.

42. gr.

Hlutverk framtalsnefndar er:

a. *að* rannsaka skattframtölin og úrskurða til útsvarsálagningar, sbr. þó 2. mgr.,
b. *að* áætla tekjur og eignir þeirra, sem ekki hafa skilað skattframtali innan lögboðins frests, en við þá áætlun skal miða álagningu útsvara á þessa aðila,
c. *að* ákveða, að hverju leyti skuli til greina taka ýmis atvik í sambandi við álagningu útsvara, sem lög ákveða eða heimila að tillit sé tekið til, sbr. 33. gr.,
d. *að* semja skrá yfir tekjur og eignir gjaldenda, sem miða skal útsvörin við, samkvæmt stafliðum a—c,
e. *að* senda skrá þá, sem um ræðir í d-lið hér að framan, til hlutaðeigandi skattstjóra, ásamt upplýsingum um upphæð útsvara samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins,
f. *að* úrskurða allar kærur vegna útsvarsálagninga, sem fram kunna að koma, samkvæmt 53. gr. laga þessara.

Nú hyggst framtalsnefnd eða hreppsnefnd breyta framtali gjaldanda í óhag, er hún úrskurðar það, sbr. a-lið þessarar greinar, og skal hún þá tilkynna honum þá fyrirætlun og gefa honum kost á að gæta réttar síns. Þetta ákvæði gildir þó ekki um leiðréttingar á augljósum villum, svo sem færslum í framtölum, sem brjóta í bága við lagafyrirmæli, eða reikningsskekkjum.

43. gr.

Störfum þeim, sem um ræðir í 42. gr. a—e, skal vera lokið fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

44. gr.

Skattstjóri annast álagningu útsvara í skattaumdæmi sínu, sbr. þó 45. gr.

Við álagningu útsvaranna er hann bundinn við skrá þá um tekjur og eignir, sem um ræðir í 42. gr. d. Skattstjóri skal þó breyta skránni, ef í ljós kemur við athugun hans og endurskoðun skattframtala:

a. *að* leiðrétting á reikningsskekkjum krefst þess,
b. *að* ekki hefur verið fylgt gildandi lögum um framtal tekna, eigna, skulda eða frádráttar gjalda,
c. *að* nýjar upplýsingar liggja fyrir, t. d. launamiðar, sem ekki var kunnugt um, þegar skráin var samin.

45. gr.

Í hreppum með færri en 300 íbúa er sveitarstjórn heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té afrit af skattskrá hreppsins til hliðsjónar við álagninguna. Hreppsnefnd gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagningu hreppsnefnda ákvæði laga þessara.

46. gr.

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattaumdæmi sínu, þegar hann hefur lokið álagningu útsvaranna, samkvæmt 44. gr.

Skrá þessa skal hann síðan senda hlutaðeigandi sveitarstjórn til innheimtu eigi síðar en 20. júní ár hvert.

E. Um gjalddaga og innheimtu.

47. gr.

Gjalddagar útsvara skulu vera tveir. Annan helming útsvara skal greiða fyrir 15. júlí, en hinn helminginn fyrir 15. október.

Sveitarstjórn getur þó ákveðið aðra gjalddaga á útsvörum eftir þessum reglum:

a. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Sveitarstjórn setur nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. janúar ár hvert og auglýsir þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað. — Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkvæmt þessum staflið. Hreppsnefnd eða framtalsnefnd ákveður lækkunina. Nú verður ljóst, þegar niðurjöfnun útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlum sveitarsjóðs.
b. Álagt útsvar að frádregnu því, sem greiða ber samkvæmt a-lið, ber gjaldanda að greiða með allt að fimm jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1.

desember eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.

c. Allar greiðslur samkvæmt þessari grein skulu inntar af höndum í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

d. Vangreiðsla á útsvarshluta samkvæmt þessari grein veldur því, að allt útsvar gjaldandans á gjaldárinu fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar, eftir að álagningu er lokið.

48. gr.

a. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkvæmt 47. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá sveitarstjórn til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir útsvarsgreiðslunni.

b. Vilji sveitarstjórn haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem kaupgreiðandi hefur í þjónustu sinni og ætlazt er til, að kaupgreiðandi greiði, og senda jafnframt þríritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glöggt, að um útsvarsgreiðslur sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta útsvarsgreiðanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila, um leið og hann afhendir útsvarsgreiðsluna til sveitarsjóðs.

c. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

d. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.

e. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupi kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

f. Til lúkningar greiðslum samkvæmt e-lið skal þó ekki haldið eftir meira en ⅕ hluta af því kaupi, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella ⅓. Ekki má krefja útsvarshluta af manni samkvæmt e- og f-liðum, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans, að dómi framfærslunefndar.

g. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupi. Sveitarstjórn getur krafið um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.

h. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaupi eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

i. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupi samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupi útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir, til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt að draga af kaupi samkvæmt e- og f-liðum, svo og 10% af kaupi daglaunafólks, þó ekki af lægri kaupupphæð en 100

krónum, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan tveggja virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.

j. Nú hættir útsvarsgjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafin útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda.

k. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldanda.

l. Ef kaupgreiðandi:
   1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
   2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkvæmt þessari grein,
   3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem hér segir í i- og j-liðum,
   4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í j-lið,

   þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvarsgjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein. Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.

m. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkvæmt þessari grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.

n. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

49. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 48. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafizt útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. g- og h-liði, þó ekki með almennri auglýsingu.

50. gr.

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar álagning fer fram.

51. gr.

Nú er gjaldandi framleiðandi eða seljandi vöru, og getur þá sveitarstjórn, á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 48. gr. segir, krafizt þess af þeim, er kaupa vöruna eða annast sölu hennar, hvort sem er til útflutnings eða innlendra kaupenda, að þeir haldi eftir og greiði sveitarsjóðnum útsvar og aðstöðugjald gjaldandans og skuldir vegna slíkra gjalda.

Skal heimilt að krefja á þenna hátt allt að 2,5% af söluverði vöru til fyrirframgreiðslu gjaldanna, sbr. 48. gr., og til lúkningar gjalda, sem álögð voru það ár, sem krafan er gerð, en 5% til lúkningar á eldri gjaldaskuldum.

VI. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.
A. Um kærur og áfrýjun.

52. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur fengið útsvarsskrá, sbr. 46. gr., og skrá um aðstöðugjöld, sbr. 14. gr., eða lokið álagningu samkv. 45. gr., skulu skrárnar lagðar fram á þingstað sveitarfélagsins eða öðrum hentugum stað og vera til sýnis fyrir almenning í tvær vikur. Jafnframt skal framlagning skránna auglýst í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti.

53. gr.

Rétt er gjaldendum að kæra útsvar og aðstöðugjald, sem þeim er gert að greiða.

Kærur út af útsvari eða aðstöðugjaldi skulu vera bréflegar og sendar réttum úrskurðaraðila, áður en liðinn er sá tími, sem gjaldskrárnar eiga að liggja frammi, sbr. 52. gr.

Úrskurðir um slíkar kærur skulu vera rökstuddir, og gjöldunum ber að breyta eftir því, sem efni standa til. Kærur skal úrskurða svo fljótt sem unnt er, og eigi síðar en 30 dögum eftir kærufrest.

Senda skal kærendum í ábyrgðarbréfi afrit af úrskurðunum þegar eftir uppkvaðningu þeirra.

Samtímis ber framtalsnefndum og skattstjóra að senda sveitarstjórn afrit úrskurðanna.

54. gr.

Nú hyggst úrskurðaraðili breyta gjaldi til hækkunar, sbr. 53. gr., og skal þá gjaldandanum tilkynnt um þá fyrirætlun og honum gefinn kostur á að gæta réttar síns.

Sama gildir, ef fyrirhuguð er álagning gjalds á aðila, sem ekki var lagt á, samkvæmt framlögðum skrám.

55. gr.

Útsvarskærur ber að senda til formanns framtalsnefndar eða oddvita hreppsnefndar, en framtalsnefnd eða hreppsnefnd leggur úrskurð á kærurnar.

Kærur út af aðstöðugjaldi ber að senda skattstjóra, sem úrskurðar þær.

56. gr.

Nú vill gjaldandi ekki una úrskurði um útsvar eða aðstöðugjald, sbr. 55. gr., og er honum þá rétt að áfrýja úrskurðinum skriflega til ríkisskattanefndar.

Áfrýjunarfrestur er 21 dagur frá því að afrit úrskurðar var póstlagt, sbr. 4. mgr. 53. gr.

Áfrýjun úrskurðar um aðstöðugjald ber að senda beint til ríkisskattanefndar, en áfrýjun úrskurðar um útsvar ber að senda til skattstjóra, sem gefa skal skriflega umsögn um kærumálið. Umsögn sína sendir skattstjóri síðan ásamt áfrýjunarskjali og öðrum gögnum til ríkisskattanefndar, svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 4 vikum eftir að hann fékk málið til umsagnar.

Þegar sveitarstjórn leggur á útsvörin, samkvæmt 45. gr., ber að senda áfrýjun úrskurðar um útsvarskæru beint til ríkisskattanefndar.

57. gr.

Ríkisskattanefnd fellir úrskurð í málum þeim, er henni berast, sbr. 56. gr., svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 6 vikum eftir að henni barst málið, nema fresta verði úrskurði lengur vegna öflunar frekari gagna.

Ríkisskattanefnd ber að rökstyðja úrskurði sína.

Senda ber hlutaðeigandi gjaldendum og sveitarstjórnum afrit af úrskurðum nefndarinnar þegar eftir uppkvaðningu þeirra.

Úrskurðir ríkisskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir um upphæð gjalda.

58. gr.

Sama rétt og gjaldendur hafa til þess að kæra út af aðstöðugjaldi til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til ríkisskattanefndar hafa og sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli.

59. gr.

Kæra eða áfrýjun leysir ekki gjaldanda frá þeirri skyldu að greiða gjald sitt á réttum gjalddaga, en verði gjald hans lækkað, skal það endurgreitt, sem ofgoldið hefur verið.

B. Ýmis ákvæði.

60. gr.

Nú þykir sýnt, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda á reikningsárinu, og getur þá sveitarstjórn ákveðið hækkun álagðra útsvara, samkvæmt V. kafla laga þessara, sem svarar því, sem á vantar, þannig að öll útsvör verði hækkuð eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

Álögð útsvör, að viðbættri hækkun, mega eigi hærri vera en fyrir er mælt í 34. gr. 2. mgr.

61. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að nota heimild 60. gr., um hækkun gjalda, og skal hún þá auglýsa þá ákvörðun sína með sama hætti og framlagningu gjaldskrár, sbr. 52. gr.

Viðbótargjöld þessi falla í gjalddaga viku eftir birtingu auglýsingarinnar.

62. gr.

Nú kemur í ljós, eftir að álagningu er lokið, sbr. 14. gr. og 45.—46. gr., að gjaldanda hefur verið sleppt, sem lagt skyldi hafa verið á, eða að framtal gjaldanda hefur verið rangt eða ófullnægjandi að verulegu leyti, og skal þá úr því bætt með nýrri álagningu. Um slíka álagningu gilda sömu reglur og um álagningu aðstöðugjalds og útsvars samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á.

Gjalddagi gjalda samkvæmt þessari grein er viku eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna.

63. gr.

Ef gjöld samkvæmt II., III., IV. og V. kafla laga þessara eru ekki greidd, áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

64. gr.

Gjöld þau, sem um ræðir í 63. gr., svo og dráttarvexti má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

65. gr.

Nú hefur álagning aðstöðugjalda eða útsvara af einhverjum ástæðum dregizt svo, að gjöld þessi verða eigi innheimt á réttum gjalddögum, samkvæmt lögum þessum, og getur ráðuneytið þá hlutazt til um, að álagning fari fram svo fljótt sem unnt er.

Gjalddagi skal þá vera einni viku eftir að gjaldskrár voru lagðar fram.

66. gr.

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofna samkvæmt II., III. og IV. kafla, og sker þá ráðherra úr. Heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

67. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenzkra aðilja, sem eftir gildandi útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum og eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

68. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin eftirfarandi lög:

Lög nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, ásamt breytingarlögum nr. 59/1947, 53/1950, 48/1954, 24/1960 og 43/1960.

Lög nr. 47 4. júlí 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

I. kafli laga nr. 67 12. apríl 1945, um fasteignaskatt til bæjar- og sveitarfélaga.

Lög nr. 19 13. apríl 1960, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Enn fremur eru úr gildi fallin öll lagaákvæði, sem brjóta í bág við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

a. Skattanefndir (skattstjórar þar sem þeir eru) skulu leggja á aðstöðugjald á árinu 1962, og skal gjaldið miðað við útgjöld, efnis- og vörukaup, svo og fyrningarafskriftir á árinu 1961. Tilkynning sú, er um ræðir í 13. gr., skal send til skattanefnda (skattstjóra) eigi síðar en 1. júlí 1962. Gjalddagi aðstöðugjalds á árinu 1962 skal vera 1. september.
b. Landsútsvar, samkv. 18. gr. a, skal greiða af arði frá 1. jan. 1962. Landsútsvar, samkv. 18. gr. b, skal miða við heildarsölu á árinu 1962, og landsútsvar, samkv. 18. gr. c, skal miða við heildarsölu á árinu 1961.
c. Á árinu 1962 leggja niðurjöfnunarnefndir og hreppsnefndir á útsvör samkv. V. kafla laga þessara, og fer um kærur og fresti eftir lögum nr. 66/1945 á því ári.
d. Að því er varðar álagningu útsvara 1962, er nægilegt, að tilmæli þau, er um ræðir í 28. gr. b, komi fram fyrir 1. maí það ár.
e. Á árunum 1962 til 1967 er heimilt að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt 3. gr., 11. gr. B, 2. mgr., 12. gr. D, 14. gr. og 17. gr. 2. mgr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 7. des. 1959, skipaði fjármálaráðherra, sem einnig fer með þann þátt félagsmála, sem varðar tekjustofna sveitarfélaga, eftirtalda menn í nefnd til þess að endurskoða gildandi ákvæði um tekjustofna sveitarfélaga og semja frumvarp til laga um þau efni: Birgi Finnsson alþm., Guðlaug Gíslason alþm., Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Jónas Guðmundsson formann Sambands ísl. sveitarfélaga og Tómas Jónsson varaformann Sambands ísl. sveitarfélaga, sem var fundarritari nefndarinnar.

Nefndin skilaði frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og öðru frumvarpi um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögunum, sem bæði voru lögfest á Alþingi 1960. Nefndin hefur síðan unnið áfram að endurskoðun ákvæða um tekjustofna sveitarfélaga og hefur samið frumvarp það um þessi efni, sem hér liggur fyrir, í samráði við fjármálaráðherra.

Helztu nýmæli frumvarpsins eru þessi:

1. Í stað heimildar til að leggja á fasteignaskatt er gert ráð fyrir, að fasteignaskattur verði lögákveðinn, og heimild veitt til hækkunar hins lögboðna fasteignaskatts um allt að 200% (þreföldun).
2. Álagning veltuútsvara verði afnumin.
3. Heimild verði veitt sveitarfélögunum til þess að innheimta aðstöðugjald af atvinnurekendum og öðrum þeim, sem hafa sjálfstæða atvinnu.

4. Ríkisfyrirtækjum og olíufélögunum verði gert að greiða landsútsvör, sem renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Fé þessu verði úthlutað til sveitarfélaganna eftir sömu reglum og söluskattshlutanum, að undanskildum fjórðungi, sem greiða ber sveitarfélagi því, sem landsútsvarið fellur til í.
5. Skerðing á framlagi Jöfnunarsjóðs minnkar þannig, að hún miðast við 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum í stað 50% af útsvörum. Ennfremur verði ráðherra heimilað að halda eftir 1% af tekjum Jöfnunarsjóðs unz sjóðurinn nemur allt að kr. 5 000 000.00, svo að hann verði jafnan fær um að annast hlutverk sitt, sbr. 15. gr. b.—e.
6. Í stað þriggja mismunandi útsvarsstiga, sem nú gilda, samkvæmt lögum nr. 43/1960, verði sama regla látin gilda um allt landið, sem þó verði heimilað að víkja frá, svo sem nánar greinir í 32. gr. frumvarpsins.
7. Skattstjórar annist álagningu útsvara, en verði þó bundnir af úrskurðum sveitarstjórna eða framtalsnefnda á framtölunum, svo sem nánar greinir í 44. gr. sbr. þó 45. gr., þar sem sveitarstjórnum fámennari sveitarfélaga er heimilað að leggja útsvörin á, án milligöngu skattstjóra.

Nánari greinargerð fyrir nýmælum þessum er gerð í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins, eftir því, sem ástæða þykir til.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Um 1. gr.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að sveitarfélögin afli tekna með fasteignaskatti, aðstöðugjaldi, framlagi úr Jöfnunarsjóði (hluta af söluskatti og landsútsvörum) og útsvörum. Efnisskipun frumvarpsins er hagað í samræmi við þetta, svo að sérstakur kafli fjallar um hvern þessara tekjustofna og síðan er kafli um sameiginleg ákvæði.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

II. KAFLI

Um fasteignaskatt.

Um 3. gr.

Í frv. eru bein fyrirmæli um, að hér eftir beri sveitarfélögum að leggja á og innheimta fasteignaskatta.

Í gildandi lögum nr. 67/1945 er sveitarfélögum veitt heimild til að gera tímabundnar samþykktir (til 5 ára hverju sinni) um álagningu fasteignaskatta. Allar bæjarstjórnir hafa notað þessa heimild, og allmargar aðrar sveitarstjórnir, einkum hinna stærri hreppa.

Í gildandi lögum er sveitarstjórnum heimilað að hafa skattinn mismunandi eftir því, til hvers eignirnar eru notaðar, og af húseignum ennfr. mismunandi eftir verðmæti þeirra, íbúafjölda o. s. frv.

Frv. gerir hins vegar ráð fyrir fastákveðnum skatti, sem er jafn hámarksheimildum skv. gildandi lögum (Lagasafn II., bls. 1286). Í þessu sambandi má geta þess, að ýmis gjöld hreppanna eru miðuð við fasteignamat, svo sem framlag til almannatrygginga, sbr. lög nr. 24/1956, 28. gr. 2. mgr. og sýslusjóðsgjaldið, sbr. lög nr. 12/1927, 44. gr. (Lagasafn II, 1307). Ennfremur má geta þess, að fasteignaskattur var um langan tíma lögbundinn um allt land sem tekjustofn ríkisins.

Fasteignaskattur samkvæmt þessari grein mun gefa fast að 30 millj. króna í tekjur á ári. Upplýsingar vantar um fasteignaskatta, sem nú eru innheimtir í hrepp-

unum, svo að ekki er vitað hvern tekjuauka ákvæði greinarinnar gefur í heild, ef að lögum verður.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Skv. ákvæðum l. 29/1952, var sveitarstjórnum heimilað að innheimta með allt að 400% álagi fasteignaskattana, sem voru álagðir skv. þágildandi mati. Þessi álagsheimild féll niður, er nýtt fasteignamat öðlaðist löggildingu hinn 1. maí 1957.

Þar sem matsverð hækkaði þá hvergi um 400% nema í Reykjavík (sbr. l. 33/1955, 6. gr.), fór svo, að allmörg sveitarfélög, einkum kaupstaðir, sem höfðu notað álagsheimildina að fullu, hlutu töluvert minni tekjur af fasteignasköttum eftir gildistöku nýja fasteignamatsins en áður.

Þess vegna voru sett l. nr. 29/1959, um heimild til að innheimta fasteignaskatta til sveitarsjóða með álagi, þannig að þeir þyrftu ekki að lækka frá hámarki fyrir 1. maí 1957.

Er talið rétt, að þessum möguleika sé haldið. Og ennfremur er vitað, að þeim fjölgar æ, sem telja að stefna beri að því að afla sveitarsjóðunum meiri tekna með fasteignasköttum en til þessa hefur verið gert.

Það er því lagt til, að sveitarfélögin fái heimild til að innheimta fasteignaskattana með álagi, eftir samþykkt, er ráðherra staðfestir.

Um 6. gr.

Felld er niður hin alm. undanþága fyrir fasteignir bæjar- og sveitarsjóða. Sýnist engin nauðsyn til að halda alm. ákvæðum um slíka undanþágu, þar sem segja má, að eingöngu sé um bókhaldsatriði að ræða, en undanþágan gefur þó ranga hugmynd um rekstur þeirra fasteigna sveitarsjóðanna, sem hún hefur tekið til.

Í þessu sambandi skal tekið fram, að nefndin lítur svo á, að undanþágan um skattskyldu fasteigna sveitarsjóða hafi gilt og gildi einungis um fasteignir þar í sveit, sem skatturinn er á lagður. Fasteignir, sem sveitarstjórn kann að eiga í öðru sveitarfélagi, hafa verið — og eru — skattskyldar þar.

Ákvæðin um hinar undanþegnu fasteignir: Kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem hvorki eru leigð út til skemmtana né rekin í ágóðaskyni, skólahús, barnahæli, elliheimili, þinghús, verður að skýra þröngt, þannig, að það taki einungis til þeirra bygginga sjálfra, sem skv. eðli málsins og málvenju er vísað til með undanþáguákvæðunum, en ekki til neinna annarra bygginga, sem ekki standa í beinu og óhjákvæmilegu sambandi við stofnunina, sem undanþágan er veitt.

Getur oft verið allerfitt að greina á milli. Þó má fullyrða að flestar stofnananna, sem undanþegnar eru, geta starfað og starfa oft, án þess að starfsmenn, aðrir en e. t. v. húsverðir, þurfi að búa í sjálfum byggingunum.

Nefndin lítur því svo á, að bústaðir starfsmanna hjá skattfrjálsri stofnun verði ekki undanþegnir skattinum af sjálfu sér, jafnvel þó reistir kunni að vera á lóð sjálfrar stofnunarinnar.

Til þess að kveða skýrar á um þetta efni, er með frumvarpsgreininni ráðgert, að hús, sem annars eru undanþegin fasteignaskatti skv. framansögðu, en eru notuð jöfnum höndum til annars en þeirrar starfsemi, sem veldur undanþágunni, verði skattskyld að nokkru leyti, hlutfallslega að því er tekur til starfseminnar, sem ekki er undanþegin.

Nú eru í sömu byggingu samkomuhús með skilyrðum til undanþágu, en jafnframt verzlun, iðnaðarhúsnæði og íbúðir, og skal þá skv. frv. skipta fasteignamatsverði hússins, annars vegar meta þann hlutann, þar sem undanþegin starfsemi fer fram (samkomuhúsið), en hins vegar húsið að öðru leyti.

Með þessu ákvæði, sem er nýmæli í lögum, en nokkuð tíðkað að undanförnu, vill nefndin leggja áherzlu á það aðalsjónarmið, að hús séu því aðeins undanþegin, að þau falli alveg vafa- og fortakslaust undir undanþáguákvæðin.

Í sambandi við undanþágu frá greiðslu tekju- og eignarskatta (útsvara) hafa allmargar stofnanir jafnhliða verið leystar frá greiðslu fasteignaskatta, alveg að ástæðulausu. Enda er það svo, að flestar þessara stofnana, sem hafa haft aðstöðu til, hafa jafnan greitt fasteignaskattana og ekki hreyft athugasemdum.

Sýnist þó rétt að fella þessi undanþáguákvæði alveg úr gildi, svo sem lagt er til með frumvörpum þeim, sem lögð verða fram með þessu frumvarpi.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

III. KAFLI
Um aðstöðugjald.

Um 8. gr.

Samkvæmt gildandi lögum eru gjaldstofnar útsvaranna þrír: hreinar tekjur, hreinar eignir og velta. Á árunum 1960 og 1961 skiptust útsvörin í landinu á þessa þrjá gjaldstofna sem næst því, er hér segir:

	Árið 1960	Árið 1961
Hreinar tekjur	kr. 329 384 455.00	kr. 373 289 470.00
— eignir	— 15 460 800.00	— 15 905 404.00
Velta	— 75 827 330.00	— 85 159 854.00
Samtals	kr. 420 672 585.00	kr. 474 354 228.00

Eins og fyrr greinir, er með frumvarpi þessu lagt til að álagning útsvara á veltu verði afnumin. Þar eð sú álagning gaf sveitarfélögunum nálega 76 milljónir í tekjur á árinu 1960 og rúml. 85 millj. krónur á árinu 1961, eða ca. 18% af heildarútsvörunum hvort ár, er afnám þessarar álagningar ekki framkvæmanlegt, án þess að eitthvað annað komi í staðinn.

Með grein þessari er lagt til, að sveitarstjórnum verði heimilað að innheimta í sveitarsjóð gjald hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu. Gjald þetta nefnist aðstöðugjald. Til hagsbóta fyrir alla hafa sveitarfélögin og hið opinbera varið mjög miklu fé til vegagerða, brunavarna og ýmsra félagslegra framkvæmda, sem íbúarnir eru ekki krafðir sérstaks endurgjalds fyrir. Ef afnot íbúanna svo og félaga og fyrirtækja væru hin sömu af þessum hagsbótum, svo að útgjöld hins opinbera vegna þeirra væru ekki meiri vegna eins aðila en annars, væri síður grundvöllur fyrir gjaldi því, sem hér um ræðir. Að vísu njóta allir góðs af þeirri aðstöðu, sem hið opinbera skapar og viðheldur, en afnotin eru þó vissulega mjög misjöfn. Umrædd aðstaða er beinlínis skilyrði fyrir öllum atvinnurekstri. Afnot slíkrar starfsemi af aðstöðunni eru önnur og miklu meiri en þau afnot, sem leiðir af persónulegum almennum þörfum fólks. Af því leiðir, að kostnaður af viðhaldinu einu verður margfalt meiri vegna atvinnurekstursins en vegna afnota hins venjulega íbúa. Eigi stoðar að vísa til þess, að atvinnurekendur greiði yfirleitt svo miklu meira til sveitarfélaganna eða hins opinbera en aðrir íbúar. Greiðslur þeirra til sveitarfélaganna hafa að langmestu leyti verið veltuútsvör, sem lagt er til, að afnumin verði. Mörg slík fyrirtæki hafa að jafnaði ekki miklar hreinar tekjur, og sum engar árum saman. Greiðslur slíkra tekjuútsvara fyrirtækjanna lúta svipuðum reglum og slík útsvör annarra. Í tekjuútsvari þeirra felst því ekki meiri greiðsla vegna aðstöðu en í tekjuútsvörum annarra, þó að afnot þeirra af aðstöðunni séu hins vegar önnur og miklu meiri en annarra. Þeim atvinnurekendum og fyrirtækjum, sem tekjuútsvör greiða, kemur aðstöðugjaldið að sama gagni og öðrum að því leyti, að útsvörin lækka að sama skapi og þar með sú fjárhæð, sem fyrirtækjum og öðrum gjaldendum ber að greiða af tekjum.

Samkvæmt gildandi lögum eru innheimt til sveitarfélaga ýmis gjöld, sem í eðli

sínu eru greiðsla fyrir aðstöðu eða verðmæti, sem sveitarfélögin láta í té, og þess vegna sama eðlis og aðstöðugjald það, sem hér um ræðir. Má þar til nefna vatnsskatta, hafnargjöld o. fl. Dæmi um gjald, sem alveg er hliðstætt því aðstöðugjaldi, sem hér er lagt til, að lögfest verði, er samvinnufélagaskattur, sem fyrst var lögfestur með lögum nr. 36/1921, 38. gr. 3. tl. Svo sem kunnugt er voru samvinnufélög undanþegin útsvarsgreiðslu vegna félagsmannaviðskiptanna frá upphafi. En þar eð sveitarfélögin þóttu eiga rétt til endurgjalds vegna þeirrar aðstöðu, sem sveitarfélagið hafði skapað og viðhaldið, og notuð var í þágu félagsmannaviðskiptanna, var samvinnufélagaskatturinn lögfestur.

Í sambandi við 2. mgr. má geta þess, að til orkuvera teljast rafmagnsvirkjanir, hitaveitur og t. d. gufuaflsvirkjanir, ef þær verða settar á fót.

Um 9. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um það, við hvað aðstöðugjald skuli miða. Þar segir, að gjaldið skuli miðað við samanlögð útgjöld næstliðins almanaksárs og skal þá með útgjöldum telja efnis- og vörukaup svo og fyrningarafskriftir. Þar eð aðstöðugjaldið á að vera greiðsla fyrir þjónustu eða aðstöðu, m. ö. o., greiðsla fyrir verðmæti, skiptir efnahagur gjaldandans ekki máli um fjárhæð gjaldsins. Efnahagur þess, sem greiða ber vatnsskatt, skiptir heldur ekki máli um fjárhæð vatnsskattsins, samkvæmt gildandi lögum. Vegna bátsins, sem daglega kemur með hlaðafla í höfn, er greitt sama hafnargjald og vegna þess báts, sem aldrei fær bein úr sjó, aðeins ef þessir tveir bátar eru jafnstórir, hafa sama rúmlestatal.

Í Englandi eru tekjur sveitarfélaganna nær eingöngu aðstöðugjöld. Þar eru þessi gjöld miðuð við afnotagildi allra fasteigna í sveitarfélaginu. Sá ljóður er á þeirri skipan, að ekki er auðvelt að meta réttlátlega slíkt afnotagildi. Mjög umfangsmikil matsstörf þarf til þess, sem bæði eru tafsöm og kostnaðarsöm. Hér á landi mundi aðstöðugjald, sem miðað væri við afnotagildi fasteigna, auka mjög á vandamálin í sambandi við húsnæðið og er sá vandi þó ærinn fyrir.

Réttlátt er að miða aðstöðugjaldið við afnotin. Hárnákvæm og réttlát ákvörðun aðstöðugjalds er það t. d. þegar vatn er selt eftir máli, eins og sveitarfélögin gera í sumum tilvikum. Hitt er ekki að sama skapi nákvæmt og réttlátt, að miða vatnsskattinn við fasteignamat, eins og þó er almennt gert, vegna þess að meiri eða minni afnot aðstöðunnar, í þessu tilviki meiri eða minni vatnsnot, þurfa engan veginn að vera í neinu sambandi við fasteignamatið. Hinni nákvæmu viðmiðun, sbr. vatnsölu eftir máli, verður því miður ekki við komið um ákvörðun þess aðstöðugjalds, sem hér er um að ræða. Tillaga nefndarinnar um viðmiðun gjaldsins, sem áður er lýst, virðist þó naumast ónákvæmari viðmiðun en sú, sem gildir um vatnsskattinn, þegar hann er miðaður við fasteignamatið. Því meiri útgjöld, vörukaup og fyrningaafskriftir, sem gjaldandinn hefur, því meiri eru umsvif hans og afnot þeirrar aðstöðu og þjónustu, sem honum ber að greiða fyrir, og því hærra verður líka aðstöðugjaldið. Hárnákvæm er þessi viðmiðun að vísu ekki, en hún er í aðalatriðum alveg rétt. Þar að auki fylgir þessari viðmiðun sá mikli kostur, að hún er mjög auðveld í framkvæmd og hún mun heldur ekki reynast kostnaðarsöm. Þess má geta, að gjaldstofn sá, sem hér um ræðir, hefur þann kost fram yfir flesta aðra gjaldstofna, að gjaldendum er jafnan ljúft að gefa upp útgjöld sín, vegna þess að þau koma til frádráttar skatt- og útsvarsskyldum tekjum. Í sambandi við efnis- og vörukaup er rétt að geta þess, að hér er fyrst og fremst um að ræða efnis- og vörukaup verzlana og iðnaðarfyrirtækja. Andvirði þeirra húsa, t. d. sem fasteignasali selur, þeirra skipa, sem skipamiðlari selur, teljast ekki efnis- og vörukaup, sem miða beri aðstöðugjald við. Hjá slíkum fyrirtækjum ber að miða aðstöðugjaldið við rekstrarkostnaðinn. Sama gildir umboðsverzlunina. Hjá slíkri stofnun er ekki um að ræða efnis- og vörukaup.

Sumum kann að virðast lítil bót að afnámi veltuútsvara, ef sá böggull þarf að fylgja því skammrifi, að umrætt aðstöðugjald verði lögfest. Samt er nú nokkur

munur á þessu tvennu, veltuútsvari og aðstöðugjaldi. Þegar fyrirtæki greiðir hvorutveggja veltuútsvar og tekjuútsvar, er nokkur hluti tekna þess tvískattaður. Veltuútsvar er lagt á heildartekjurnar og þá líka á þann hluta þeirra, sem verður umfram útgjöldin, og tekjuútsvarið er lagt á. Hreinu tekjurnar eru þannig skattlagðar tvisvar í senn. Þessari tvöföldu skattlagningu er aflétt með aðstöðugjaldinu. Þar eð fjárhæð aðstöðugjaldsins er í réttu hlutfalli við eyðsluna, hvetur það til aukinnar hagkvæmni í rekstrinum. Loks ber að geta þess, að aðstöðugjaldið er greiðsla fyrir aðstöðu eða þjónustu og verður að dragast frá rekstrartekjum sem hver annar kostnaður.

Í 2. mgr. er ákvæði, sem heimilar ráðherra að setja reglugerð, þar sem kveða má nánar á um álagningu gjaldsins. Heimild þessi tekur til þess, að setja heildarreglur um sérhvað það, sem að framkvæmd álagningarinnar lýtur og nauðsyn kann að bera til, að setja nánari reglur um.

Um 10. gr.

Svo sem fyrr segir er sveitarfélögum ekki skylt að leggja á aðstöðugjald. Hér er aðeins um heimild að ræða. Í grein þessari eru ákvæði um hámark gjaldsins. Sveitarstjórn hefur frjálsar hendur um það, hvort hún notar þessa heimild og hve hátt aðstöðugjald hún ákveður að taka innan þeirra marka, sem ákveðin eru í þessari grein. Hún gæti t. d. ákveðið að taka hámarkið 2% samkvæmt d-lið greinarinnar, þó hún tæki alls ekki gjald samkvæmt a-lið, eða þá máske aðeins ¼%, o. s. frv. Sama gildir innan hvers gjaldflokks. Sveitarstjórn væri heimilt að ákveða t. d. 1% gjald af matvöruverzlun, 1½% af vefnaðarvöruverzlun og 2% af munaðarvöruverzlun, svo að dæmi séu nefnd, um tegundir, sem allar heyra undir d-lið greinarinnar.

Það er ekki auðvelt að gera nákvæmlega grein fyrir því, hve miklar tekjur sveitarfélaganna gætu orðið af gjaldinu, ef öll sveitarfélög notuðu heimildina að fullu. Þar eð gjaldstofn sá, sem hér um ræðir, er nokkru lægri en veltan eða heildartekjur, sem veltuútsvörin hafa verið miðuð við og hámarksákvæði greinarinnar eru yfirleitt lægri en þær álagningartölur, sem notaðar hafa verið við veltuútsvörin, verður að gera ráð fyrir því, að tekjur af gjaldinu verði tæplega eins miklar og tekjurnar hafa verið af veltuútsvörunum.

Um 11. gr.

Lagt er til, að skattstjórar leggi á aðstöðugjald, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar, sbr. 13. gr.

Um 12. gr.

Það leiðir af því, að aðstöðugjald er greiðsla fyrir þjónustu eða verðmæti, að lögheimili gjaldanda skiptir ekki máli. Þar sem starfsemin fer fram, skal greiða gjaldið, þó að gjaldandi eigi annars staðar lögheimili. Ákvæði þessarar greinar er hliðstætt ákvæði, sem nú gildir um álagningu útsvara utan heimilissveitar, sjá 8. gr. laga nr. 66/1945 (Lagasafn I, 602). Reynslan hefur sýnt, að tilvitnuð álagningarheimild hefur nær undantekningarlaust verið notuð til þess að leggja á veltuútsvör. Útsvör á hreinar tekjur hafa yfirleitt ekki verið lögð á utan heimilissveitar gjaldþegns. Undir orðin fiskiskip og fiskiverkun heyrir að sjálfsögðu síldarkaup og síldarverkun.

Um 13. gr.

Sveitarstjórn þarf að taka ákvörðun um það, hvort hún notar heimildina um álagningu aðstöðugjalds og að hve miklu leyti hún hyggst nota hana, áður en fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er samþykkt. Jafnframt verður sveitarstjórn að áætla hversu háar tekjur verði af gjaldinu og taka þá fjárhæð með í áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að leggja á aðstöðugjald, skal hún tilkynna skattstjóra það, og láta honum í té gjaldskrána, svo að hann geti annazt álagningu gjaldsins.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

IV. KAFLI

Um jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Um 15. gr.

Lögin um Jöfnunarsjóð eru felld inn í þetta frumvarp, þar eð þau hafa að geyma ákvæði um framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna. Í IV. kafla þessa frumvarps eru að vísu ýmis ákvæði, sem ekki varða tekjustofnana, en þessi ákvæði verða ekki með góðu móti skilin frá ákvæðunum um framlag úr sjóðnum, svo að vænlegast þótti, að fella ákvæðin um Jöfnunarsjóðinn í heild inn í þetta frumvarp.

Grein þessi er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 19/1960.

Um 16. gr.

Fyrri stafliður greinarinnar er samhljóða 1. gr. laga nr. 19/1960, en b-liðurinn, um landsútsvör, er nýmæli.

Um 17. gr.

Hugmyndin um landsútsvör er ekki ný. Málið hefur árum saman verið á dagskrá hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Athyglin hefur þá einkum beinzt að ýmsum stofnunum og fyrirtækjum svo sem einkasölum, sölusamböndum, samvinnusamböndum, olíuverzlunum, peningastofnunum, heildverzlunum, skipafélögum og vátryggingarfélögum. Sameiginlegt þessum aðilum er það, að afkomu sína eiga þeir undir skiptum sínum við alla landsmenn, en ekki eingöngu undir skiptum við íbúa þess sveitarfélags, þar sem starfsemin kann að hafa aðalbækistöðvar. Þó að þessir aðilar hafi þannig ýmislegt sameiginlegt, eru þeir í öðrum efnum ólíkir. Sölusambönd og heildsölur eru ekki frábrugðin öðrum verzlunum víðsvegar um landið. Ef lögð væru landsútsvör, t. d. á heildsölur, sem skipt væri á milli sveitarfélagana í landinu, ætti einnig að skipta útsvörum, sem lögð eru á verzlanir í hinum ýmsu kaupstöðum og kauptúnum, á milli þeirra og nágrannasveitarfélaga, vegna þess að íbúar þessara nágrannahreppa hafa einatt öll skipti sín við verzlunina í kaupstaðnum eða kauptúninu. Það mundi lenda í ógöngum að fylgja slíkri reglu út í æsar. Öðru máli gegnir um ríkisfyrirtæki, sem eru sameign þjóðarinnar allrar. Sum þessi fyrirtæki, svo sem einkasölurnar, eru mikil gróðafyrirtæki og greiða miklar fjárfúlgur til sveitarfélaga þeirra, þar sem þau eru staðsett. Slíkar greiðslur eru eðlilegar að svo miklu leyti, sem þær eru réttlætanlegar sem aðstöðugjald, en það sem umfram það er, virðist rétt að skiptist milli allra sveitarfélaga í landinu. Samkvæmt þessu er lagt til, að ýmis ríkisfyrirtæki, sem um ræðir í a- og b-lið greinarinnar, greiði landsútsvar.

Lagt er til, að auk ríkisfyrirtækjanna verði olíufélögunum (nú Olíuverzlun Íslands h.f., Olíufélagið h.f. og Skeljungur h.f.), gert að greiða landsútsvar, enda eru þau undanþegin aðstöðugjaldi, sbr. 8. gr. 2. mgr. Félög þessi hafa þá sérstöðu, að þau greiða öll útsvar á fjölmörgum stöðum (ca. 60 stöðum) í landinu, sem þá hafa verið veltuútsvör alls staðar utan Reykjavíkur. Reynslan hefur sýnt, að af þessum sökum hafa risið mörg ágreiningsefni, svo að félögin hafa einatt kært þessa álagningu. Mun því mikið málavafstur sparast með því að leggja á félögin landsútsvar. Eigna- og tekjuútsvar greiða þessi félög að sjálfsögðu hér eftir sem hingað til.

Um 18. gr.

Hér eru ákvæði um fjárhæð landsútsvara.

Upphæðin, sem lagt er til, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins greiði í landsútsvör, er hin sama og nú er, eða 5% af hagnaði. Sölunefnd setuliðseigna hefur hins vegar ekkert gjald greitt til bæjarins, en hefur þó skilað verulegum tekjuafgangi. Er lagt til að landsútsvar hennar verði 5% af hagnaði.

Ríkisverksmiðjurnar og ríkisfyrirtæki þau, sem um ræðir í b-lið, hafa sum verið gjaldskyld að einhverju leyti, en misjafnlega mikið. Rétt virðist að gera þeim öllum að greiða sama gjald og er lagt til, að það verði 1% af veltu eða heildarsölu.

Þá er í c-lið greinarinnar lagt til, að olíufélögin greiði 1⅓% af heildarsölu þeirra í landsútsvör.

Skal nú gerð grein fyrir því, hvað ætla má, að landsútsvör yrðu há samtals miðað við ákvæði greinarinnar.

a. Á fjárlögum fyrir árið 1962 er hagnaður Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins áætlaður ..... kr. 294 500 000.00
Hagnað sölunefndar varnarliðseigna mun mega áætla ca. .. — 15 500 000.00

Kr. 310 000 000.00

Landsútsvar 5% eða kr. 15 500 000.00

b. Sala ríkisfyrirtækjanna, samkv. b-lið 17. gr., nam eftirtöldum fjárhæðum á árinu 1961:

Síldarverksmiðjur ríkisins	Heildars.	ca.	kr.	155 000 000.00
Áburðarverksmiðjan	—	—	—	61 500 000.00
Sementsverksmiðja ríkisins	—	—	—	78 000 000.00
Viðtækjaverzlun ríkisins	—	—	—	17 900 000.00
Landssmiðjan	—	—	—	33 000 000.00
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	—	—	6 600 000.00
Samtals:			kr.	352 000 000.00

Landsútsvar 1% af þeirri fjárhæð eða ca. kr. 3 520 000.00.

c. Á árinu 1960 mun heildarsala olíufélaganna hafa numið ca. 760 millj. króna. Landsútsvar, 1⅓% af þeirri upphæð, eða ca. kr. 10 100 000.00.

Samkvæmt þessu yrðu landsútsvörin svo sem hér segir:

Samkvæmt	a-lið	ca.	kr.	15 500 000.00
—	b-lið	—	—	3 520 000.00
—	c-lið	—	—	10 100 000.00
			Kr.	29 120 000.00

Um 19. gr.

Nefndin álítur óþarft að fela skattayfirvöldum álagningu landsútsvara.

Um 20. gr.

Lagt er til, að landsútsvörum verði skipt þannig, að fjórðungur þeirra verði greiddur þeim sveitarfélögum, þar sem starfsemi hinnar gjaldskyldu stofnunar fer fram. Þykir eðlilegt, að það sveitarfélag fái sérstaka greiðslu vegna þeirrar aðstöðu, sem stofnun hefur þar, og það sveitarfélag leggur til, sbr. það, sem sagt er hér að framan um aðstöðugjald. Afganginum eða 3/4 hlutum verði úthlutað til sveitarfélaganna eftir sömu reglum og hluta Jöfnunarsjóðs í söluskattinum, sbr. 2. mgr. greinarinnar, og 2. gr. laga nr. 19/1960. Hér er þó lögð til sú breyting á þessum ákvæðum, að skerðing framlags verði 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum árið á undan í stað 50% af útsvörum næsta árs á undan eins og ákveðið er í 2. gr. laga nr. 19/1960.

Þá er lagt til, að ráðherra verði heimilað að halda eftir árlega 1% af tekjum Jöfnunarsjóðs, sem ætlaðar eru til úthlutunar framlaga, til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna, samkv. 15. gr., unz sjóðurinn hefur allt að kr. 5 000 000.00 í handbæru fé.

Á árinu 1960 varð eftir í Jöfnunarsjóði kr. 1 249 683.35 og á árinu 1961 kr. 962 443.00 vegna ákvæðisins um skerðingu framlaga. Nefndin telur, að skerðingar muni gæta minna og minna þegar fram líða stundir, svo að eigi sé varlegt að byggja á því, sem verða kunni eftir til ráðstöfunar á þann hátt. Vegna þess að Jöfnunarsjóði er ætlað það hlutverk, að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og greiða aukaframlög til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör, samkvæmt þessu frumvarpi, er nauðsynlegt, að sjóðurinn hafi jafnan veruleg fjárráð.

Um 21. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laga nr. 19/1960.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. laga nr. 19/1960, að undantekinni 3. mgr. Í stað þeirra ákvæða, sem hún geymir nú, verði sett ákvæði, sem heimila ráðuneytinu að setja það skilyrði fyrir aukaframlagi, skv. 15. gr. d., að heimildir til álagningar og innheimtu gjalda verði notaðar, svo sem ráðuneytið telur fært.

Um 23.—26. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 6.—9. gr. laga nr. 19/1960.

V. KAFLI

Um útsvör.

Um 27. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. laga nr. 43/1960.

Um 28.—29. gr.

Hér eru hliðstæð ákvæði þeim, sem eru í 6. gr. laga nr. 66/1945. Efnislega eru ákvæði greinanna mjög svipuð gildandi ákvæðum, en orðalagi og efnisskipun nokkuð breytt. Þá hefur verið leitazt við að samræma þessi ákvæði nokkuð þeim ákvæðum, sem gilda um tekju- og eignarskatt, að svo miklu leyti, sem nefndin taldi fært.

Um 30. gr.

Samkvæmt lögum nr. 35/1960 um lögheimili skal sérhver maður eiga sitt lögheimili og enginn getur átt lögheimili á fleiri stöðum en einum í senn. Samkvæmt 13. gr. þeirra laga gerir þjóðskráin árlega íbúaskrá fyrir hvert sveitarfélag í landinu.

Í a-lið greinarinnar er lagt til, að hvert sveitarfélag leggi útsvar á sína íbúa, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrárinnar. Í aðalatriðum er þetta ákvæði samhljóða gildandi lögum, sjá 8. gr. laga nr. 66/1945. Á félög og önnur slík fyrirtæki skal lagt þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram, sbr. b-lið.

Nefndin leggur til að núgildandi reglur um útsvarsskipti verði afnumdar, nema þegar um er að ræða búferlaflutning á milli sveitarfélaga. Um skipti á útsvörum þegar svo stendur á fjalla stafliðir d—i. Ákvæði málsgreinarinnar eru efnislega samhljóða gildandi ákvæðum.

Í j-lið er nýmæli um það, að útsvar verði ekki lagt á gjaldanda nema í einu sveitarfélagi á sama ári. Útsvörin eru stighækkandi skattur. Stighækkun sú, sem lög gera ráð fyrir, er sniðgengin að verulegu leyti, ef leyft væri að leggja útsvar á nokkurn hluta tekna gjaldandans á einum stað og nokkurn hluta teknanna á öðrum stað. Gildandi lög gera ráð fyrir því, að stundum megi leggja útsvar á gjaldanda á fleiri stöðum í senn, sjá 8. gr. laga nr. 66/1945. Þetta hefur líka verið gert. Fræðilega séð er því um gjörbreytingu að ræða, ef þetta ákvæði frumvarpsins verður að lögum. En í raun og veru verður breytingin alls ekki örlagarík. Þegar útsvör hafa verið lögð á gjaldendur á fleiri stöðum í senn, er nærri undantekningar-

laust eingöngu um veltuútsvör að ræða utan heimilissveitar. Verði frumvarpið að lögum, verða veltuútsvörin afnumin og aðstöðugjöld lögleyfð. Eins og áður greinir, verða aðstöðugjöld lögð á án tillits til lögheimilis. Sami gjaldandi getur því greitt aðstöðugjald á mörgum stöðum í senn, aðeins ef starfsemi hans fer fram í mörgum sveitarfélögum. Rétt virðist að lögfesta reglu þá, sem hér um ræðir, af því að hún er í samræmi við eðli útsvarsins og ekkert sveitarfélag mun neins í missa, þó reglan verði lögfest, vegna þess að í stað þess veltuútsvars, sem nú er venja að leggja á rekstur utan heimilissveitar, yrði heimilt að innheimta aðstöðugjald.

Ákvæði k-liðs er í aðalatriðum samhljóða lögum nr. 66/1945, 12. gr., sbr. lög nr. 53/1950, 3. gr.

Um 31. gr.

Ákvæði þessarar greinar voru lögfest með lögum nr. 43/1960, sjá 3. gr. þeirra laga.

Um heimild til þess að víkja frá ákvæðum skattalaga vísast til ákvæða til bráðabirgða, sjá e-lið.

Um 32. gr.

Í lögum nr. 43/1960, 5.—7. gr. er gert ráð fyrir þrennum reglum um álagningu útsvara. Í fyrsta lagi reglur um útsvör í Reykjavík 5. gr., í öðru lagi reglur um útsvör í öðrum kaupstöðum 6. gr. og í þriðja lagi reglur um útsvör í hreppum 7. gr. Kaupstöðum er heimilað að jafna niður eftir reglum Reykjavíkur og hreppum er heimilað að jafna niður hvort heldur eftir reglum Reykjavíkur eða reglum kaupstaðanna. Nefndin aflaði sér upplýsinga um álagningu útsvaranna á árunum 1960 og 1961 eftir þessum lögum og hefur gert skýrslur um þær niðurstöður, sem þannig fengust. Reglur 5. gr. notuðu 12 sveitarfélög árið 1960, en 18 á árinu 1961, reglur 6. gr. notuðu 21 sveitarfélag á árinu 1960, en 28 á árinu 1961 og reglur 7. gr. notuðu 148 hreppar á árinu 1960, en 182 á árinu 1961. Skýrslur lágu ekki fyrir um álagningu útsvara árið 1960 úr 47 sveitarfélögum. Afsláttur frá reglum 5. gr. var frá 7.7% upp í 50% á árinu 1960, en frá 0% (í Hafnarfirði) upp í 65% (Grindavík) á árinu 1961. Afsláttur frá reglum 6. gr. var frá 16% og upp í 77% á árinu 1960, en flestir með yfir 20% afslátt á árinu 1961. Afsláttur frá reglum 7. gr. var hjá flestum sveitarfélögum frá 40—60% bæði árin, mestur 78% á árinu 1960 og 75% á árinu 1961. Nefndin dró þá ályktun af þessum niðurstöðum, að fært væri að semja reglur, sem nota mætti um allt land. Nokkur frávik eru þó óhjákvæmileg vegna þess hve útsvarsbyrðin er misjöfn miðað við tekjur þær og eignir, sem miða verður útsvörin við. Til þess að nota megi reglur 1. mgr. um útsvör á tekjur um land allt er nauðsynleg heimild til þess að víkja frá þeim í tveim atriðum. Í fyrsta lagi verður að halda heimildinni um að fella niður útsvarsálagningu á tekjur, sem lægri eru en svo að útsvar af þeim nemi 1 000 kr., sbr. 9. gr. laga nr. 43/1960, sjá 4. mgr. Í öðru lagi verður að heimila meiri frádrátt vegna fjölskyldu en nú er, samkvæmt 5. gr. laga nr. 43/1960, eða m. ö. o. að leyfa allt að 800 króna frádrátt auk hins fastákveðna frádráttar, þannig, að útsvör allra verði lækkuð um hér um bil sömu fjárhæð í þeim sveitarfélögum, sem nota heimildina, sjá 3. mgr.

Hér fer á eftir samanburður á reglum frumvarpsins um álagningu útsvara og gildandi reglum.

	Frumvarpið		Lög nr. 43/1960		
Hreinar tekjur	Án lækkunar	Með fullri lækkun	5. gr.	6. gr.	7. gr.
Af 15 þús. kr.	200.00	—	—	200.00	1 380.00
— 17 — —	480.00	—	—	520.00	1 620.00
— 20 — —	900.00	—	—	1 000.00	1 980.00
— 23 — —	1 380.00	—	—	1 690.00	2 370.00
— 25 — —	1 700.00	—	940.00	2 150.00	2 630.00
— 28 — —	2 240.00	1 440.00	1 510.00	2 840.00	3 050.00
— 30 — —	2 600.00	1 800.00	1 890.00	3 300.00	3 330.00

Hreinar tekjur	Frumvarpið Án lækkunar	Frumvarpið Með fullri lækkun	Lög nr. 43/1960 5. gr.	6. gr.	7. gr.
Af 32 þús. kr.	3 000.00	2 200.00	2 270.00	3 780.00	3 630.00
— 35 — —	3 600.00	2 800.00	2 840.00	4 500.00	4 080.00
— 38 — —	4 200.00	3 400.00	3 470.00	5 220.00	4 560.00
— 40 — —	4 600.00	3 800.00	3 890.00	5 700.00	4 880.00
— 42 — —	5 040.00	4 240.00	4 310.00	6 200.00	5 240.00
— 45 — —	5 700.00	4 900.00	4 940.00	6 950.00	5 780.00
— 47 — —	6 140.00	5 340.00	5 400.00	7 450.00	6 140.00
— 50 — —	6 800.00	6 000.00	6 090.00	8 200.00	6 680.00
— 53 — —	7 520.00	6 720.00	6 780.00	8 980.00	7 280.00
— 55 — —	8 000.00	7 200.00	7 240.00	9 500.00	7 680.00
— 60 — —	9 200.00	8 400.00	8 390.00	10 800.00	8 680.00
— 65 — —	10 450.00	9 650.00	9 640.00	12 150.00	9 780.00
— 70 — —	11 700.00	10 900.00	10 890.00	13 500.00	10 880.00
— 80 — —	14 200.00	13 400.00	13 390.00	16 300.00	13 380.00
— 90 — —	16 700.00	15 900.00	15 890.00	19 200.00	15 880.00
— 100 — —	19 200.00	18 400.00	18 390.00	22 200.00	18 380.00

Af þessum samanburði er ljóst, að þeir, sem nota heimildir greinarinnar um aukapersónufrádráttinn, kr. 800.00, og um að fella niður útsvör, sem lægri eru en 1 000.00, geta jafnað niður samkvæmt 5. gr. laga nr. 43/1960 (Reykjavíkurreglur), þó að frumvarpsgreinin verði að lögum, þar sem þær reglur fara hvergi út fyrir ramma frumvarpsgreinarinnar. (10 króna munurinn á tekjum yfir 60 þús. kr. eru smámunir, sem engu máli skiptir um.)

Á hinn bóginn er einnig ljóst, að reglur frumvarpsgreinarinnar gefa ekki eins há útsvör og gert er ráð fyrir samkvæmt 6. og 7. gr., og skal það nú athugað nokkru nánar.

Minnsti afsláttur, sem gefinn var á 6. gr. á árinu 1960, var 16% og á 7. gr. var afslátturinn á örfáum stöðum minni en 30%.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á reglum frumvarpsgreinarinnar, ef lækkunarheimildir 3. og 4. mgr. eru ekki notaðar, og 6. gr.-reglum með 16% afslætti og 7. gr.-reglum með 30% afslætti.

Tekjur	Frumvarpið	6. gr. ÷ 16%	7. gr. ÷ 30%
20 þús. kr.	900.00	840.00	1 386.00
30 — —	2 600.00	2 772.00	2 331.00
40 — —	4 600.00	4 788.00	3 416.00
50 — —	6 800.00	6 888.00	4 676.00
60 — —	9 200.00	9 072.00	6 076.00
70 — —	11 700.00	11 340.00	7 616.00
80 — —	14 200.00	13 692.00	9 366.00
90 — —	16 700.00	16 128.00	11 116.00
100 — —	19 200.00	18 648.00	12 866.00

Af þessum samanburði sést, að jafnvel þar, sem útsvarsbyrðin var þyngst á árinu 1960, mundi regla frumvarpsgreinarinnar hafa nægt án álags, eða a. m. k. með mjög óverulegu álagi, þó hún hefði gilt um álagningu útsvaranna þá. Það virðist því ekki varhugavert að leggja til, að frumvarpsgrein þessi verði lögfest, þar eð önnur grein frumvarpsins heimilar allt að 30% hækkun útsvara, samkvæmt þessari grein, sjá 34. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 43/1960.

Regla frumvarpsgreinarinnar um útsvar á tekjur félaga er hin sama og nú, sjá 5. gr. laga nr. 43/1960.

Lagt er til, að ákvæði 5. gr. laga nr. 43/1960 um útsvör á eign gildi um allt land.

Um 33. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. laga nr. 43/1960.

Um 34. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. laga nr. 43/1960.

Um 35. gr.

Þarfnast ekki skýringa, sbr. 12. gr. laga nr. 43/1960.

Um 36. gr.

Efnislega samhljóða 13. gr. laga nr. 43/1960, en til samræmis við ákvæði skattalaga er hér ákvæði í 1. mgr. um sameignarfélög.

Um 37. gr.

Fyrirhugaðar eru breytingar á skattalögum þess efnis, að skattanefndir og yfirskattanefndir verði lagðar niður, en skattstjórar annist skattastörfin alls staðar og verða umdæmi þeirra í aðalatriðum hin sömu og hin nýju kjördæmi. Gert er ráð fyrir að skattstjórar hafi umboðsmann í hverju sveitarfélagi utan þess, sem þeir sjálfir eru í, er taki á móti framtölum manna og veiti skattstjórum aðra þá aðstoð, sem þeir óska. Þessi breyting skapar ný viðhorf í sambandi við afnot skattframtala við álagningu útsvara. Þar eð öll endurskoðun framtala verður framvegis hjá skattstjórunum eru framtölin mjög ótraustur grundvöllur til þess að byggja á álagningu útsvara fyrr en þeirri endurskoðun er lokið. Er því augljóst, að breyta verður reglum þeim verulega um niðurjöfnun útsvara, sem nú gilda, ef styðjast á við skattframtölin við álagningu framvegis. Það mætti að vísu hugsa sér, að hver gjaldandi gerði tvær framtalsskýrslur, aðra til skattstjóra og hina til niðurjöfnunarnefndar eða sveitarstjórnar, og hvor aðili endurskoðaði síðan framtölin eftir því, sem honum þætti ástæða til. Þessi leið er þó ekki skynsamleg, þar eð hún bakaði gjaldendum aukna fyrirhöfn við framtölin, og tvenns konar endurskoðun framtala, sín hjá hvorum aðila án samstarfs, er mikil tímaeyðsla og tvíverknaður og mundi án efa leiða til mikils ósamræmis í skattlagningu annars vegar og útsvarsálagningu hins vegar. Nefndin getur því ekki mælt með þessari leið. Nefndinni virðist hins vegar eðlilegast að komið verði á samstarfi sveitarstjórnanna (framtalsnefndanna) annars vegar og skattstjóra hins vegar um framtölin og álagningu útsvaranna. Um þetta fjallar þessi grein frumvarpsins og næstu greinar. Gert er ráð fyrir því, að skattstjórarnir leggi útsvörin á eftir ákvörðun sveitarstjórnanna eða framtalsnefnda. Greinin fjallar um kosningu framtalsnefnda í kaupstöðum, sem koma í stað niðurjöfnunarnefnda samkvæmt núgildandi lögum. Lagt er til að skattstjórinn eða umboðsmaður hans eigi sæti í nefndinni og að afstaða hans til nefndarinnar verði svipuð og afstaða bæjarstjóra til bæjarstjórnar, þ. e., hann hefur því aðeins atkvæðisrétt í nefndinni, að hann sé kosinn í hana.

Um 38. gr.

Gert er ráð fyrir að hreppsnefnd annist störf framtalsnefndar ásamt skattstjóra eða umboðsmanni hans. Hreppsnefnd er þó heimilað að fela 1—3 mönnum úr sínum hópi að annast þessi störf. Afstaða skattstjóra eða umboðsmanns hans til hreppsnefnda við framtalsstörfin er hin sama og afstaða hans til framtalsnefndar í kaupstöðum.

Um 39. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í lögum nr. 66/1945, 17. og 20. gr.

Um 40. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í lögum nr. 66/1945, 18. gr.

Um 41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Þó að gert sé ráð fyrir því, að skattstjóri leggi útsvörin á, er svo fyrir mælt í grein þessari, að framtalsnefnd eða hreppsnefnd hafi úrskurðarrétt um framtölin til útsvarsálagningar. Ef henni þykir framtal tortryggilegt, getur hún breytt því, sbr. þó 2. mgr. Hún áætlar tekjur þeirra, sem ekki telja fram, og ákveður, að hverju leyti skuli til greina taka ýmis atvik, sbr. 33. gr. Þegar framtölin hafa verið úrskurðuð til útsvars skal gerð skrá um eignir og tekjur, sem miða skal álagningu við, sem síðan skal send skattstjóra, sem annast álagninguna. Kærur úrskurðar framtalsnefnd eða hreppsnefnd.

Um 43 gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Ákvæði þessarar greinar, sbr. 42. gr., afmarka valdssvið skattstjóra og framtalsnefndar eða hreppsnefndar. Sú er aðalreglan, að skattstjóri er við álagningu útsvara bundinn við ákvarðanir framtalsnefndar eða hreppsnefndar. Undantekningar frá þeirri reglu eru aðeins varðandi ótvíræðar leiðréttingar. Hér er ekki um að ræða skerðingu á valdi sveitarstjórna um málefni sín, heldur ákvæði, sem miða að meiri nákvæmni og réttlæti við álagninguna. Sá háttur hefur verið á hafður í Reykjavík og sumum öðrum kaupstöðum, að skattstjórarnir hafa lagt á útsvörin. Að sjálfsögðu hafa niðurjöfnunarnefndirnar gert nauðsynlegar breytingar á framtölunum áður en skattstjórarnir hafa lagt á.

Um 45. gr.

Þó að það sé ekki auðvelt fyrir sveitarstjórn að ganga endanlega frá álagningu útsvara án þess að hafa aðgang að framtölum gjaldenda eftir að þau hafa verið yfirfarin og endurskoðuð af skattstjóra, þykir þó rétt að heimila sveitarstjórnum fámennari sveitarfélaga að gera það, enda verði þeim látið í té afrit af skattskrá hreppsins. Sérstök ástæða kynni að mæla með þessu þar sem langt er og erfitt að ná til skattstjórans vegna erfiðra samgangna. Samgöngur eru nú víða orðnar svo góðar í landinu að auðvelt er fyrir sveitarstjórnirnar að hafa náið samstarf við skattstjórana í sambandi við álagningu útsvaranna, svo að ætla verður, að heimild greinarinnar verði ekki mikið notuð þegar fram líða stundir og sveitarstjórnirnar hafa reynt það, hve mjög það auðveldar þessi störf, að njóta aðstoðar sérfróðra manna við framkvæmd þeirra.

Um 46. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Grein þessi er í flestum atriðum samhljóða 27. og 28. gr. laga nr. 66/1945. Þó er lagt til, að gjalddagar, sem um ræðir í a-lið, verði fimm í stað fjögurra, og sömuleiðis er gert ráð fyrir allt að fimm gjalddögum samkv. b-lið á tímabilinu 1. ágúst til 1. des. í stað þess að nú geta gjalddagar orðið sex, nefnilega 2. jan. og 1. febr. árið eftir.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 29. gr. laga nr. 66/1945 í öllum atriðum, sem máli skipta.

Um 49.—50. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 30.—31. gr. laga nr. 66/1945.

Um 51. gr.

Það munu ekki síður eiga sér stað vanskil á greiðslum opinberra gjalda hjá atvinnurekendum og framleiðendum en hjá launþegum. Virðist því eigi síður ástæða til, að hliðstæð ákvæði þeim, sem gilda um að halda eftir af kaupi til launþega, sbr. 48. gr., verði látin gilda um slíka gjaldendur, sem einatt fá andvirði vöru sinnar frá sölusamböndum eða öðrum aðilum, sem skylda mætti ekki síður en kaupgreiðendur til þess að halda eftir af andvirðinu og skila því til sveitarsjóðs til greiðslu hinna vangreiddu gjalda. Ákvæði þetta ætti að auðvelda mjög innheimtu sveitargjalda hjá framleiðendum og ýmsum fleirum, sem oft er erfitt að innheimta þessi gjöld hjá.

VI. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

Um 52. gr.

Greinin fjallar um framlagningu gjaldskráa og auglýsingar, sbr. ákvæði 21. gr. nr. 66/1945.

Um 53. gr.

Efni þessarar greinar er um kærur vegna útsvars og aðstöðugjalds, fresti í því sambandi og um úrskurði og tilkynningu úrskurða, sbr. og 22. gr. laga nr. 66/1945.

Um 54. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 22. gr. laga nr. 66/1945.

Um 55. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Þar eð gert er ráð fyrir, að yfirskattanefndir verði lagðar niður, verða úrskurðarstig í skattamálum aðeins tvö, skattstjóri og ríkisskattanefnd. Til samræmis við þessa breytingu er hér lagt til að úrskurðarstig í kærumálum vegna aðstöðugjalds og útsvars verði einnig tvö, þ. e. skattstjóri og ríkisskattanefnd, ef um aðstöðugjald er að ræða, en framtalsnefnd eða sveitarstjórn og ríkisskattanefnd, ef um útsvarskæru er að ræða. Hafi skattstjóri annazt álagningu útsvars, sbr. 44. gr., ber að senda áfrýjun útsvarsúrskurðar til hans, en hann skal gefa umsögn um málið, sem hann síðan sendir ríkisskattanefnd ásamt áfrýjunargögnum málsins. Hafi sveitarstjórn annazt álagningu útsvaranna, sendist áfrýjun beint til ríkisskattanefndar. Ákvæði gildandi laga um áfrýjun úrskurða vegna útsvarskæru eru í 23. og 24. gr. laga nr. 66/1945.

Um 57. gr.

Þarfnast ekki skýringa, sbr. og 24. gr. laga nr. 66/1945.

Um 58. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 59. gr.

Þarfnast ekki skýringa, sbr. og 27. gr. laga nr. 66/1945.

Um 60. gr.

Hliðstætt ákvæði um útsvör er í 3. gr. 2. mgr. laga nr. 66/1945.

Um 61. gr.

Ákvæðið er nauðsynlegt nýmæli, en þarfnast ekki skýringa.

Um 62. gr.

Hliðstæð ákvæði um útsvör eru í 25. gr. laga nr. 66/1945.

Um 63. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Sbr. annars 33. gr. laga nr. 66/1945.

Um 64. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 65. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 66. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 67. gr.

Ákvæðið er samhljóða ákvæði í 2. gr. frumvarps til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 68. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sýnt þykir, að breyting sú, sem áformuð er í sambandi við skattayfirvöldin, verði ekki komin til framkvæmda svo snemma á árinu 1962, að hin nýju skattayfirvöld geti annazt álagningu aðstöðugjalds og útsvara á þessu ári eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er því svo ákveðið í a-lið, að skattanefndir (skattstjórar) skuli á þessu ári annast álagningu aðstöðugjalda, og í c-lið, að niðurjöfnunarnefndir og hreppsnefndir leggi á útsvör.

Bráðabirgðaákvæðið í d-lið er hliðstætt ákvæðum 3. gr. laga nr. 43/1960, en nokkru þrengra og aðeins bundið við sex næstu árin.

Fylgiskjal.

Greinargerð eftir Jónas Guðmundsson og Pál Líndal, um tekjustofna sveitarfélaga og álagningu og innheimtu sveitarfélagaskatta í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Englandi, Hollandi og Sviss.

Formáli.

Í júlímánuði síðastliðnum fór Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, þess á leit við okkur undirritaða, að við tækjumst ferð á hendur til nokkurra tiltekinna landa, í því skyni að kynna okkur og gera yfirlit um, hverjir séu helztu tekjustofnar sveitarfélaga í þessum löndum, hverjar reglur séu þar um álagningu og innheimtu skatta til sveitarfélaga og hverjar breytingar helztar hafa þar orðið í þessum efnum hin síðari ár, og hverjar breytingar séu fyrirhugaðar á næstunni, ef um það er að gera. Skyldi rannsókn okkar á þessum atriðum, — og öðrum, er máli þætti skipta, — vera einn liður í undirbúningi þeirrar löggjafar um tekjustofna sveitarfélaga, sem nú er á döfinni.

Undirbúningur farar okkar var með þeim hætti, að Samband íslenzkra sveitarfélaga skrifaði sveitarfélagasamböndum þeirra landa, sem heimsótt skyldu, en það voru Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Bretland, Holland og Sviss, og bað um aðstoð

þeirra og fyrirgreiðslu við athuganir á skipan þessara mála hjá viðkomandi þjóð. Var talið æskilegast að fá fyrst viðræður við sérfróða menn hjá hverju sambandi og síðan að heimsækja þær stofnanir, sem helzt kæmu til álita, og þá loks að heimsækja einhver sveitarfélög til þess að sjá framkvæmdir mála þessara í hinu daglega lífi.

Sveitarstjórnarsamböndin tóku öll vel þessari málaleitan og létu okkur í té úrvals leiðbeinendur, sem fylgdust með störfum okkar og leiðbeindu okkur með ágætum, meðan við dvöldumst í löndum þeirra. Gátum við af þessum sökum aflað okkur mikillar vitneskju á tiltölulega stuttum tíma, auk þess sem þeir greiddu fyrir okkur um aðgang að stofnunum og embættismönnum, sem örðugleikar hefðu ella orðið á að ná sambandi við. Þessa mikilvægu aðstoð ber að þakka alveg sérstaklega.

Af sérstökum ástæðum gátum við ekki byrjað samtímis þessar athuganir og varð það því úr, að Jónas Guðmundsson skyldi einn annast upplýsingar frá Danmörku, en Páll Líndal einn frá Sviss, þar sem okkur var ókleift að vera saman í þessum löndum. Í hinum löndunum öllum vorum við saman og áttum sameiginlegar viðræður við alla þá aðila, sem til greina kom, að við hefðum samband við.

Þessar athuganir okkar hófust í Danmörku 22. júlí og þeim lauk í Sviss 25. ágúst. Við skrifuðum niður jafnóðum aðalatriðin úr viðtölum og annan fróðleik, sem að hendi bar, en söfnuðum auk þess miklu af gögnum, prentuðum og rituðum, um þessi mál, sem tiltækileg eru hverjum þeim, sem vill kynnast einstökum atriðum eða heildarskipulaginu í hverju ríki nokkru nánar. Gögn þessi eru geymd hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Sveitarfélagasamböndin og aðrir þeir, sem við áttum viðræður við, buðust allir til þess að útvega hverjar þær upplýsingar, sem óskað kynni að verða eftir síðar, þegar farið væri að vinna að lagasetningu hér heima um þessi mál. Þá erum við að sjálfsögðu reiðubúnir að láta í té fyllri upplýsingar, eftir því sem kostur er.

Reykjavík, 15. sept. 1960.

Jónas Guðmundsson Páll Líndal

Danmörk.

I.

Tekjustofnar sveitarfélaganna.

1. *Tekjuskattur* (útsvar) — Kommuneskat.

Aðaltekjustofn danskra sveitarfélaga er hinn svonefndi „kommuneskat“, sem svarar til útsvars hér á landi. Hann er lagður á samkvæmt sérstökum lögum — kommuneskatteloven — frá 1937, en margbreytt síðan og síðast 1959. Fram til 1957 var þessi skattur stighækkandi (progressiv), en þá var lögunum breytt þannig, að horfið var frá stighækkandi álagningarreglum í öllum kaupstöðum, öðrum en Kaupmannahöfn og næsta nágrenni hennar, öllum kauptúnum og hreppsfélögum, þar sem 3000 íbúar eða meira eru búsettir í kauptúni (bymæssige bebyggelser), og er í þessum sveitarfélögum nú jafnað niður útsvörum á alla gjaldendur hlutfallslega jafnt (proportionell skattur).

Dönskum sveitarfélögum má því, að því er álagningaraðferðir snertir, skipta í þrjá hópa, þar sem eru:

a. Stighækkandi útsvarsstigi (Kaupmannahöfn og nágrannasveitarfélög hennar).
b. Hlutfallslegur útsvarsstigi (þ. e. ekki stighækkandi). (Allir kaupstaðir aðrir og nágrannasveitarfélög þeirra, kauptún, sem eru sérstök sveitarfélög, og öll sveitarfélög, þar sem 3000 íbúar sveitarfélagsins eða fleiri búa í kauptúni.)
c. Sama fyrirkomulag og áður tíðkaðist, þ. e. að leggja ákveðinn hluta útsvarsbyrðanna á fasteignir (sjá síðar) og jafna hinum hlutanum niður eftir stig-

hækkandi skala á skattskyldar tekjur. (Öll önnur sveitarfélög en þau, sem falla undir a og b hér á undan.)

Samkvæmt yfirliti fyrir skattárið 1958/1959 gaf þessi skattur dönskum sveitarfélögum þann hluta af heildarskatttekjum þeirra sem hér segir:

Kaupmannahöfn	81.7%
Aðrir kaupstaðir	90.4%
Hreppsfélög (sognekommuner)	68.0%

2. *Fasteignaskattur* — Kommunal ejendomsskat.

Af öllum fasteignum (nema þær séu sérstaklega undanþegnar) greiðist fasteignaskattur til ríkisins, amtsins og sveitarfélags þess, þar sem fasteignin er. Skatteiningin er þúsund krónur (pró mille) og gerður munur á lóðaskatti (grundskyld) og húsaskatti (ejendomsskyld). Í reglugerð, sem æðra stjórnarvald staðfestir, er ákveðið, hvað lóðaskatturinn skuli vera hár fjögur ár í senn, en húsaskatturinn skal ávallt vera ¾ af lóðaskattinum. (Sé t. d. lóðaskattur 12‰, er húsaskattur 9‰.)

Undanþegnar fasteignaskatti eru: járnbrautir, flugvellir, hafnir, torg, vegir, fasteignir ríkis og sveitarfélaga, nema notaðar séu til landbúnaðar, skógræktar eða útleigu. Auk þess er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignaskatti einkaskóla, sjúkrahús og velgjörðarstofnanir að einhverju eða öllu leyti.

Sveitarstjórnum er þó heimilt að leggja sérstakt gjald (dækningsafgift) á opinberar fasteignir, sem annars eru undanþegnar venjulegum fasteignaskatti, til að mæta útgjöldum, sem sveitarfélagið hefur vegna þessara eigna, svo sem til vega, gangstétta o. fl. þ. h.

Eignaskattur til ríkisins er fastákveðinn 6 af þúsundi af lóðaverði og renna 4.4 af þúsundi til sérstaks jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna (Den fælleskommunale udligningsfond). Húsaskatturinn er ¾ af lóðaskattinum eða 4.5 af þúsundi, og renna 3.3 af þúsundi til áðurnefnds jöfnunarsjóðs. Sveitarfélögin ákveða hins vegar sjálf með sérstakri samþykkt, eins og fyrr er getið, hversu hár skatturinn skuli vera á lóðaverð og er hann nú í flestum kaupstöðum og kauptúnum sem næst 12 af þúsundi. Ýmsar reglur eru um mat eignanna, sem ekki verður farið nánar út í hér, en mat á fasteignum fer fram fjórða hvert ár. Landinu er í því skyni skipt í matssvæði (vurderingsdistrikt), og er hvert sveitarfélag sérstakt matssvæði, þó er stórum sveitarfélögum skipt í tvö eða fleiri matssvæði. Matið framkvæmir sérstök matsnefnd (vurderingsråd), sem er þannig skipuð, að hver sveitarstjórn kýs með hlutfallskosningu tvo matsmenn fyrir hvert matssvæði. Þessir menn annast alla gagnasöfnun vegna matsins á sínu matssvæði. Fjármálaráðherra ákveður síðan, að á matssvæðum í stærra umdæmi (vurderingskreds) skuli vera samstarf og skipar yfir það svæði sérstakan mann, matsformann (vurderingsformand), og starfa með honum að matinu hinir áðurnefndu tveir matsmenn af hverju matssvæði og framkvæmir þessi nefnd matið á sínu svæði samkvæmt lögum og reglum, sem þar um gilda. Kæra má matið til yfirmatsnefndar (skyldrådet) og til skattadómstólsins (landsskatteretten).

Amtsskatturinn er einnig fasteignaskattur lagður á af sömu aðilum og innheimtur af sveitarstjórnum, sem greiða hann svo til amtsins. Það er föst regla, að amtsskattur skuli vera ⅗ af „den amtskommunale grundskyld".

Í kaupstöðum og kauptúnum er fasteignaskatturinn nú orðinn fastur skattur, sem lítið breytist frá ári til árs. Árið 1958/1959 nam hann í Kaupmannahöfn sem næst 12%, í öðrum kaupstöðum 8%, en í hreppum sem næst 32% af heildarskatttekjum sveitarfélaganna. Skýringin á því, að hlutfallið er svo miklu hærra í sveitum en í kaupstöðum er sú, að í þeim sveitarfélögum, sem enn leggja á eftir eldri lögum, er enn skylt að leggja vissan hluta útsvarsbyrðanna í sveitum á fasteignir í sveitarfélaginu. Með samþykkt, sem sveitarstjórn gerir fjórða hvert ár, og amtsráð staðfestir, er ákveðið, hve miklum hluta útsvarsbyrðanna ár hvert skuli jafnað á

fasteignir, og það síðan lagt á hvert „jarðarþúsund“ eftir hlutfallslega sama stiga (proportionelt).

Í sveitarfélaginu Dalby—Thureby á Suður-Jótlandi var það svo fram til 1957, að ⅔ hlutar útsvarsbyrðanna voru lagðir á fasteignir, en aðeins ⅓ á skattskyldar tekjur. Í áðurnefndu sveitarfélagi, sem er hreppur með 1800 íbúa, hefur þetta hlutfall nú breytzt svo, að síðan er helmingur (50%) lagður á fasteignir, en hinn helmingurinn á tekjur. Það er mjög mismunandi í hinum ýmsu sveitarfélögum, hvernig skipting þessi er, en alls staðar er talið að stefni í þá átt, að sá hlutinn, sem lagður er á eignirnar, fari minnkandi, en hinn, sem lagður er á tekjurnar, fari vaxandi.

3. *Verðhækkunarskattur* — Grundstigningsskyld.

Í lögum um eignaskatt til sveitarfélaga frá 1926 var sveitarfélögunum í Danmörku veitt heimild til að leggja á sérstakan verðhækkunarskatt, og eftir breytinguna á lögum þessum 1933 er þetta tastur skattur, en mjög erfitt hefur reynzt að framkvæma álagningu hans og því gefur hann mjög litlar tekjur enn sem komið er. Reglur þær, sem gilda um mat eigna í þessu skyni, eru mjög flóknar og mest eru það áætlanir, sem stuðzt er við, frekar en raunhæft mat á verðhækkuninni. Verðhækkunarskatturinn greiðist með 4% af þeirri upphæð „hvormed grundværdien efter fradrag af forbedringer overstiger grundbelöbet, der er baseret på den almindelige vurdering til ejendomskyld den 1. oktober 1950“, eins og það er orðað. Skatturinn skiptist að jöfnu milli ríkisins og sveitarfélaganna.

4. *Hlutdeildargreiðslur (refusioner) og styrkir frá ríkissjóði og öðrum sjóðum vegna starfsemi, sem sveitarsjóður hefur með höndum.*

Svipað því, sem tíðkast hér á landi og með öðrum norrænum þjóðum, fá sveitarsjóðir í Danmörku greiðslur fyrir ýmislega þjónustu að einhverjum hluta endurgreiddar frá ríkissjóði eða öðrum sjóðum, eða sem styrk.

Mjög mikið er um þetta í Danmörku, því hið mikla trygginga- og framfærslukerfi í Danmörku, sem viðfrægt er, byggist í aðalatriðum á því, að sveitarfélög og ríki beri saman byrðarnar við lausn flestra hinna mikilvægustu félagslegra vandamála þjóðfélagsins.

Styrkir þessir og endurgreiðslur (refusioner) eru frá ýmsum tímum og því mjög mismunandi og oft óverulegar smágreiðslur. En fræðslulöggjöfin, svo og trygginga- og framfærslulöggjöfin, hvílir að langmestu leyti á þessu samstarfi og leggur sveitarstjórn í flestum tilfellum út fé, en fær síðan endurgreiðslu á hluta ríkisins einu sinni eða tvisvar á ári.

En þar sem þessi atriði liggja utan við verksvið það, sem okkur er ákvarðað, verður ekki frekar að því vikið hér.

II.

Álagning skattanna.

Sveitarstjórnir í hreppum (sognekommuner) og niðurjöfnunarnefndir í kaupstöðum framkvæma allan undirbúning að álagningu skattanna bæði til ríkisins og sveitarfélaganna. Þær njóta við þetta verk leiðbeininga og aðstoðar frá „skattaráðinu“ (skatterådet), sem hefur fulltrúa sinn á fundum niðurjöfnunarnefnda og sveitarstjórna meðan þær yfirfara framtölin og ákveða tekjur manna. Þessi fulltrúi skattaráðsins hefur rétt til að gera tillögur til breytinga á framtölum, og hverja þá athugun á framtali, sem honum sýnist, en hann hefur ekki atkvæðisrétt í nefndinni.

Niðurjöfnunarnefndin (sveitarstjórnin) tekur við framtölum manna og gerir skrá yfir alla þá, sem skatt eiga að greiða, þar sem fram koma tekjur þeirra, lögmæltur frádráttur og annað það, sem lög og reglugerðir fyrirskipa, svo og lagfæringar og breytingar nefndarinnar.

Þegar horfið var frá stighækkandi álagningu til sveitarsjóða, árið 1957, var svo ákveðið, að fjölskyldufrádráttur skyldi vera 4000 krónur fyrir hjón og 2500 krónur

fyrir einhleypa og er svo enn. Með þessu var skatti og útsvari raunverulega létt af lágtekjufólki.

Skrá sú, sem áður getur og kölluð er „skattelisten", er lögð til grundvallar við álagningu tekjuskatts til ríkisins og útsvarsins til sveitarfélagsins — (kommuneskatten).

Álagningu skattanna framkvæmir „skattaráðið", sem er ríkisskipuð nefnd. Fjármálaráðherra skiptir landinu í skattaumdæmi (skattekredse), sem að jafnaði taka yfir mörg sveitarfélög. Í hverju skattaumdæmi er ein skattanefnd (skatteråd), sem annast álagningu skatts og útsvars allra sveitarfélaga í umdæminu, þegar öll gögn hafa til hennar borizt. Síðan hið svonefnda „hulkortsystem" var upp tekið annast skýrsluvélar yfirleitt allan útreikning skatta og útsvara.

Kærur má senda:

1. Til niðurjöfnunarnefndar eða sveitarstjórnar.
2. Til skattanefndar (skattaráðs).
3. Til skattadómstólsins (Landsskatteretten), sem hefur aðsetur í Kaupmannahöfn og er hæstiréttur í útsvars- og skattamálum, nema þau séu svo vaxin, að almennir dómstólar eigi um þau að fjalla.

Stofnanir, sem einnig koma við sögu við álagningu, kærur og úrskurði skatta- og útsvarsmála, eru amtsskattaráðin, amtsligningsinspektören og skattedirektoratet í Kaupmannahöfn, en þessir aðilar eru allir frekar óbeinir aðilar og verksvið þeirra að leiðbeina, samræma og líta eftir, að skattaálagningin fari rétt fram, framkvæma athuganir á framtölum, sem grunsamleg þykja, og ýmsar leiðbeiningar, samræmingar- og upplýsingastarfsemi.

Útsvarsprósenta. Í hverju sveitarfélagi ber að finna svonefnda útsvarsprósentu (skatteprosent), sem notuð er við útreikning útsvarsins.

Þegar fyrir liggur, hver er heildartala samanlagðra allra skattskyldra tekna í sveitarfélagi, getur sveitarstjórn fyrst ákveðið álagningar- og útsvarsprósentu sveitarfélagsins. Hún getur þá séð, hve mörgum krónum þarf að jafna niður á hverjar 100 krónur skattskyldra tekna, til þess að ná þeirri fjárhæð, sem sveitarfélagið þarf að fá í útsvar. Álagningarprósentan er þá fundin með þeim hætti, að upphæðin, sem jafna á niður, er margfölduð með 100 og í þá upphæð deilt með samanlagðri upphæð útsvarsskyldra tekna. Sú tala, sem þá kemur út, er álagningar- eða útsvarsprósenta sveitarfélagsins.

Ef útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélagi eru t. d. 10 milljónir króna, en útsvör þau, sem jafna þarf niður, 1.5 milljónir króna, verður álagningarprósentan

$$\frac{1.5 \text{ millj.} \times 100}{10 \text{ millj.}} = 15\%.$$

Útsvar hvers einstaklings er því 15% af útsvarsskyldum tekjum viðkomandi skattþegns. Útsvarsprósentuna ber að auglýsa opinberlega. Í þeim sveitarfélögum, þar sem stighækkandi skali er notaður, er þessu á sama veg farið. Þá er bætt við tekjurnar þeim upphæðum, sem útsvarsstiginn krefst, til þess að rétt útkoma fáist, og útsvarsprósentan svo fundin með sama hætti og fyrr segir.

III.
Innheimtan.

Sveitarfélögin innheimta alla beina skatta, bæði til ríkisins og sveitarfélaganna, aðra en eignaskattinn. Í honum eiga sveitarfélögin enga hlutdeild og annast ríkið um álagningu hans og innheimtu. Enginn eignaskattur er greiddur til sveitarsjóða. Sveitarfélögin bera ábyrgð á því, að ríkisskatturinn innheimtist, og gera skil fyrir honum. Ber þeim að greiða fjórða hluta skattsins ársfjórðungslega til ríkissjóðs, hvort sem hann hefur innheimzt eða ekki.

Fyrir innheimtuna fá sveitarsjóðir 9 krónur af hverjum skattgreiðanda og greiðir ríkissjóður þá upphæð. Sveitarfélögunum er heimilt að nota innheimtan ríkisskatt sem rekstursfé, þar til honum er skilað í ríkissjóð.

Ef skatturinn er ekki greiddur á tilskildum tíma, eða sá hluti hans sem gjaldfallinn er, er beiðzt lögtaks og eftir það innheimtir sérstakur maður — pantefoged — skatt og útsvar. Lögtaksmaður (pantefoged) er starfsmaður sveitarfélagsins og tekur hann laun þaðan. Lögtak má gera í launum manna með þeim takmörkunum að halda má eftir ⅙ hluta af launum giftra manna og ⅓ hluta af launum ógiftra. Í öllu innheimtukerfinu er það mikið notað að greiða mánaðarlega með aðstoð pósthúsanna (post-giro) og þykir gefast vel.

IV.

Sérsköttun o. fl.

1. *Sjómannaskatturinn.*

Með lögum nr. 83/1958 var tekið upp nýtt form fyrir sköttum til ríkis og sveitarfélaga með hinum svonefnda sjómannaskatti.

Sjómannaskatturinn er „kildeskat", þ. e. hann er prósenta, sem tekin er af launum sjómannsins um leið og þeirra er aflað.

Skattinum er haldið eftir hjá útgerð skips þess, sem sjómaðurinn starfar hjá, og skiptist eftir ákveðnum reglum milli ríkisins og þess sveitarfélags í Danmörku, þar sem hann er búsettur. Skattur þessi kom fyrst í sinni núverandi mynd til framkvæmda 1. janúar 1959, og er því enn lítil reynsla af honum fengin, en stefnt er að því, að sjómenn þurfi ekki að telja fram til skatts (þó ákvæði séu um það fyrir 1960) og heildarskattur þeirra til ríkis og sveitarfélags verði eftirleiðis, meðan þeir eru sjómenn, þessi eini launaskattur. Þetta fyrirkomulag hefur þótt gefast vel.

2. *Skattur á hlutafélög og samvinnufélög* hefur verið svo að kalla hinn sami, en 11. júní 1960 gengu í gildi ný lög um tekjuskatt hlutafélaga o. fl. og ná þau einnig til samvinnufélaga. Þessi lög koma til framkvæmda 1962 og er þar svo ákveðið, að hlutafélög og samvinnufélög greiði í skatt frá 41% til 44% af skattskyldum tekjum sínum og skiptist sú upphæð á milli ríkisins og sveitarfélaganna, þannig að ríkissjóður fær $^{17}/_{20}$, en sveitarfélagið $^{3}/_{20}$ hluta skattsins.

Á framleiðslu- og sölufélög (eða sambönd) er skatturinn mun lægri en á venjuleg kaupfélög.

Ef samvinnufélag hefur aðeins tekjur sínar úr einu sveitarfélagi á það sveitarfélag allan skatt (útsvar) félagsins, en hafi félagið tekjur sínar úr fleiri sveitarfélögum er útsvarinu skipt milli sveitarfélaga þeirra, sem hlut eiga að máli, eftir sérstökum reglum.

3. *Bankar, sem eru hlutafélög* (og það eru flestir bankar í Danmörku) greiða skatt samkvæmt hlutafélagalögum. Þjóðbankinn (Nationalbanken) einn er undanþeginn skattgreiðslum með lögum. Andelsbanken (Samvinnubankinn) greiðir skatt eins og samvinnufélög.

Sparisjóðir greiða hvorki skatt né útsvar — eru undanþegnir með lögum.

4. *Stórfelldar breytingar* virðast nú fyrir dyrum í Danmörku í þessum málum. Fullráðið mun vera að taka upp staðgreiðsluskattkerfi „kildeskat", ekki síðar en 1962—1963, og er unnið að undirbúningnum nú þegar. Fyrir danska þinginu liggja mörg frumvörp um málefni sveitarfélaganna og vafalaust verður mikil breyting á skipan þessara mála í Danmörku á næstu árum.

Svíþjóð.

I.

Skattakerfið.

Löggjöfin.

Heildarlöggjöfin, sem skattamál sveitarfélaga og ríkisins hvílir á, að því er til beinna skatta tekur, er í fjórum aðgreindum lagabálkum:

1. Lög um skatt til sveitarfélaga (útsvarslög). (Kommunalskattelag, frá 28. sept. 1928).
2. Lög um tekjuskatt til ríkisins (Förordning om statlig inkomstskatt, frá 26. júlí 1947).
3. Lög um álagningu skatta (Taxeringsförordningen, frá 23. nóv. 1956).
4. Lög um innheimtu skatta (Uppbördsförordningen, frá 5. júní 1953).

Þessi löggjöf, sem var samræmd og breytt mjög á árunum 1947—1953, er grundvöllur skattakerfisins, en stöðugt er unnið að því að endurbæta hana, og gera kerfið einfaldara í framkvæmd, og nú starfar fjölmenn nefnd að því að yfirfara löggjöf þessa enn á ný og gera tillögur til breytinga, sem miðað gætu að því að auðvelda enn framkvæmdina, og gera kerfið einfaldara.

Tekjustofnarnir.

Beinir skattar til ríkis og sveitarfélaga eru þrír, sem verulegu máli skipta:

1. Skattur af tekjum (útsvar og tekjuskattur), sem greiðist bæði til sveitarfélaga og ríkisins. Tekjuskatturinn til ríkisins er stighækkandi (progressiv), en tekjuskatturinn til sveitarfélaganna (útsvarið) er hlutfallslega hinn sami af öllum tekjum (proportionell) (ekki stighækkandi).
2. Eignaskattur (förmögenhetsskatt), greiddur af öllum skuldlausum eignum. Greiðist ríkissjóði.
3. Fasteignaskattur (Fastighetsskatt) greiddur af svo til öllum fasteignum, hvar sem eru í ríkinu án tillits til áhvílandi skulda. Skatturinn rennur allur í sveitarsjóð.

II.

Fasteignaskatturinn.

Skattur af fasteign greiðist aðeins til sveitarsjóðs, eins og fyrr segir, og eru helztu atriðin, er hann varða, svo og álagningu hans og innheimtu, þau, er hér segir:

Fasteignamat er framkvæmt 5. hvert ár og þess gætt, að mat fasteignanna sé í sem mestu samræmi við raunverulegt verðmæti þeirra, eins og það er á hverjum tíma.

Í Svíþjóð er hvert lén fasteignamatsheild fyrir sig. Lénsþingið skiptir léninu í matssvæði (beredningsdistrikt) og fasteigna-skattssvæði (fastighets taxeringsdistrikt). Ekki er það nauðsynlegt, að mörk svæða þessara séu hin sömu og mörk sveitarfélaga, þó er að jafnaði matssvæði eitt sveitarfélag, eða sveitarfélagi, ef stórt er, er skipt í fleiri matssvæði.

Á hverju matssvæði starfar sérstök nefnd, sem kölluð er undirbúningsnefnd (beredningsnämnd). Verkefni hennar er að safna nauðsynlegum og réttum gögnum og upplýsingum um allar fasteignir í umdæmi sínu og gera um þær skýrslu í fyrirskipuðu formi, sem síðan er lögð til grundvallar við ákvörðun matsins í umdæminu. Undirbúningsnefnd þessi metur ekki eignirnar, heldur gerir það önnur nefnd, sem kölluð er fasteignamatsnefnd (fastighetstaxeringsnämnden) og nær starfssvið hennar að jafnaði yfir mörg matssvæði. Hennar verk er að framkvæma sjálft fasteignamatið og ganga frá því fyrir hvert sveitarfélag innan umdæmis síns.

Undirbúningsnefndirnar og fasteignamatsnefndirnar eru kosnar að nokkrum hluta af lénsþinginu (formaðurinn) og að nokkrum hluta af sveitarstjórnum á skattsvæðinu. Þær starfa aðeins 5. hvert ár, þ. e. árið áður en nýtt fasteignamat gengur í gildi. Hvorug þessara nefnda reiknar út skatt þann, sem greiða skal af fasteignunum í hverju sveitarfélagi, því að það gerir sama nefndin, sem leggur á aðra skatta, og nánar verður vikið að hér á eftir.

Í hverju léni er loks ein yfirfasteignamatsnefnd (fastighetsprövningsnämnd), sem samræmir matið milli matssvæðanna og leiðréttir mistök, sem orðið hafa, og loks er svo fasteignamatsnefnd ríkisins (den mellankommunale prövningsnämnden), sem skjóta má til ágreiningi milli léna eða einstaklinga, sem fasteignir eiga í öðru

léni en því, sem þeir eru búsettir í. Vilji menn ekki una mati á eign sinni og fái ekki leiðréttingu hjá yfirskattanefndunum, má skjóta ágreiningi til dómstóla.

Á fasteignirnar er ekki lagt með þeim hætti að leggja ákveðna aura- eða krónutölu (prósentu) á hvert hundrað eða þúsund fasteignamatsins. Heldur er ákveðin prósenta reiknuð af fasteignamatsupphæðinni og má hún ekki lægri vera en 2½ af hundraði og er þeirri upphæð, sem þannig fæst, bætt við aðrar tekjur viðkomandi skattþegns og honum síðan reiknaður einn skattur af þeirri fjárhæð, sem þannig fæst, og nefnd er „beskattningsbar inkomst", þ. e. skattskyldar tekjur.

Sjálfur fasteignaskatturinn kemur þannig aldrei beinlínis fram í kröfu sveitarfélagsins á hendur skattþegni, heldur aðeins óbeint.

Margt bendir til þess að fasteignaskattur verði með öllu lagður niður í Svíþjóð, því hann þykir standa í vegi fyrir því, að menn geti eignazt eigið húsnæði, og ranglátt er talið, að menn, sem eiga fasteign skuldlausa, og hinir, sem skulda allt eða mestallt í eigninni, skuli greiða sama skatt af eign, ef matið er hið sama. Nefnd sú, sem nú situr og athugar gildandi skattalöggjöf, mun eiga sérstaklega að athuga með hverjum hætti haganlegast væri að afnema fasteignaskatta í núverandi mynd þeirra.

III.

Skattur af tekjum — Útsvar —.

A. Skattkrónan.

Í októbermánuði ár hvert skulu sveitarstjórnir gera fjárhagsáætlun sína, og ákveða þá hversu háa upphæð þarf að leggja á í sveitarfélaginu, og er þá jafnframt ákveðin „skattkróna" sveitarfélagsins. Í 2. gr. laga um sveitarfélagaskatt (útsvör) (kommunalskattelag) segir: „Såsom underlag for kommunal inkomstskatt påföras skattskyldig ett skattöre för varja krona beskattningsbar inkomst". (Grundvöllur að tekjuskatti sveitarfélaga skal vera sá, að skattþegn greiði í sveitarsjóð einn eyri á hverja skattskylda krónu tekna sinna").

Af þessu ákvæði leiðir, að útsvarið — þ. e. tekjuskatturinn til sveitarfélaganna — er hlutfallslega hinn sami á allar tekjur — (proportionell) en ekki stighækkandi (progressiv), og að álagningin er miðuð við tekjur manna í sveitarfélaginu eins og þær voru árið áður.

„Skattkrónan" er þá sú prósenta, sem leggja skal á hverjar 100 krónur skattskyldra tekna til þess að sú upphæð náist, sem á skal leggja í sveitarfélaginu ár hvert.

Sem dæmi má nefna:

Skattskyldar tekjur sveitarfélags námu árið 1959 20 millj. króna. Útreiknað í skattkrónu verður þá heildarstofninn, sem bera skal álagninguna, 200 þúsund skattkrónur (þ. e. 20 000 000.00 : 100 = 200 000.00). Ef fjárþörf þessa sveitarfélags er samkvæmt fjárhagsáætlun 1.5 millj. krónur þarf að jafna kr. 7.50 á hverjar 100 kr. skattskyldra tekna til þess að upphæðin náist (7.5 × 200 000.00 = 1.5 millj.). Skattkróna þessa sveitarfélags er því sjö krónur og fimmtíu aurar. Ef nú á að finna útsvar manns, sem hefur haft t. d. 18 þúsund kr. skattskyldar tekjur 1959, finnst það einfaldlega með því að reikna út 7.5% af 18 þús. krónum, en það eru 1 350.00 krónur, sem væri þá útsvar mannsins.

B. Skattanefndir.

Í hverju sveitarfélagi starfar niðurjöfnunarnefnd eða skattanefnd (taxeringsnämnden). Þær geta verið fleiri en ein ef sveitarfélagið er stórt, og er því þá skipt í skattsvæði. Annars er hvert sveitarfélag sjálfstætt skattsvæði. Lénsráðið skiptir sveitarfélaginu í skattsvæði og ákveður tölu skattanefndarmanna, og nefnir tvo menn í hverja skattanefnd, formanninn (ordförande) og stjórnarumboðsmanninn (kronoombud). Aðra nefndarmenn velja viðkomandi sveitarstjórnir. Fæstir mega nefndarmenn þessir vera þrír, en flestir átta.

Aðalstarfið í nefndum þessum hvílir á formanninum og starfsfólki nefndarinnar. Nefndirnar taka við framtölum manna og yfirfara þau. Þannig verður raunverulega til í hverju sveitarfélagi skattstofa, sem fer með gaumgæfni yfir öll framtöl, og í stærri stöðum eru þessar skattstofur fastar stofnanir með launuðu starfsliði, er starfar allt árið. Ríkissjóður ber allan kostnað af niðurjöfnunarnefndunum annan en laun þeirra nefndarmanna, sem sveitarstjórnirnar velja, þau greiða sveitarsjóðir.

C. Skattstjórar.

Í hverju léni er sérstakur skattstjóri (taxeringsintendant), sem hefur það hlutverk að sjá um, að rétt sé að öllu farið við álagningu skattanna, leiðbeina skattanefndunum og yfirleitt fylgjast með öllu skattkerfinu í léninu, bæði að því er tekur til ríkisins og sveitarfélaganna.

D. Álagning skattanna.

Álagningu skattanna framkvæma skattstofurnar fyrir hvert lén, þegar til þeirra hafa borizt þær upplýsingar og efniviður, sem skattanefndum ber að safna og skila. Þar með talinn listi yfir þá, sem skattskyldir eru og skattskyldar tekjur þeirra, svo og hver „skattkróna“ hvers sveitarfélags er.

Álagningin er framkvæmd sameiginlega fyrir skatt til sveitarfélags og ríkis og persónufrádráttur hinn sami vegna beggja. Niðurjöfnunarskráin eða skattskráin sýnir hlið við hlið hvorn skattinn fyrir sig. Niðurjöfnun skal lokið eigi síðar en í lok júlímánaðar ár hvert.

Fyrir nokkrum árum var persónufrádráttur hækkaður verulega og gerður hinn sami og við ríkisskattinn, en við það hefðu útsvör til sveitarsjóða stórlækkað ef ekkert hefði verið að gert til að mæta því. En til þess að svo yrði ekki, tóku stjórnarvöldin að sér, að greiða sveitarfélögunum þennan mismun úr ríkissjóði, svo nú er það svo, að flest sveitarfélög fá verulega fúlgu úr ríkissjóði vegna þessarar breytingar. Alls greiðir ríkissjóður í þessu skyni 1960 yfir 600 milljónir króna.

E. Kærur.

Þeim, sem óánægðir eru með skatt sinn — útsvar eða ríkisskatt —, er heimilt að kæra til sérstakrar nefndar — skattanefndar — (prövningsnämnden). Hvert lén er sérstakt kæruumdæmi (prövningsdistrikt) og í því ein skattakærunefnd, sem í eru minnst fjórir, en mest átta menn, auk formanns. Hún er skipuð af konungi til fjögra ára í senn (varamenn einnig). Formaður nefndarinnar er „landskamraren“ (lénsgjaldkerinn).

Auk þessa kærustigs er annað æðra, fyrir allt ríkið — den mellankommunala prövningsnämnden — sem konungur skipar til fjögra ára í senn.

Kærur má einnig bera fram við Kammarrätten og loks við Regeringsrätten, en þær verða ekki lagðar fyrir alm. dómstóla.

IV.

Innheimta skattanna.

Innheimtu allra beinna skatta til ríkisins og sveitarfélaganna annast ríkisvaldið, og er þar um sérstök löggjöf — lög um innheimtu opinberra skatta — Uppbördsförordningen, — sem svo er nefnd og áður er að vikið. Sérstakt fyrirkomulag, svokallað „källskattsystem“ (staðgreiðslukerfi), hefur verið lögboðið vegna þessara skattgreiðslna, en aðalatriðið í því er, að skattarnir greiðist af launum manna eða tekjum um leið og launin eru greidd eða við tekjunum er tekið. Skattþegnunum er skipt í tvo hópa og greiðir annar þeirra svonefndan A-skatt en hinn svonefndan B-skatt. Tekjur sveitarfélaga af A-skatti eru um 70% en af B-skatti um 30%. A-skatt greiða allir, sem laun taka í hvaða mynd, sem er, en B-skatt greiða atvinnurekendur og þeir, sem hafa sjálfstæðan atvinnurekstur. Yfirleitt greiða allir skatta

þessa, nema þeir séu undanþegnir með ákvæðum í lögum. Í árslokin fer svo fram lokauppgjör samkvæmt niðurjöfnuninni eða skattaútreikningnum, og eru þá greiddar eftirstöðvarnar (kvarstående skatt).

A-skatturinn er álagður fyrirfram eftir sérstökum töflum, sem þar um gilda, og er tekið tillit til aðstæðna s. s. fjölskyldustærðar o. fl. Atvinnurekandinn, eða sá, sem launin greiðir, heldur eftir þeim hluta skattsins, sem taka ber í hvert sinn, sem útborgun fer fram, og ber honum að gera skil fyrir greiðslunum til innheimtustofnunarinnar eigi sjaldnar en mánaðarlega. Öll slík skil fara fram gegnum pósthús eða bankareikninga og hefur verið komið á mjög hentugu innheimtukerfi til að annast þessar greiðslur. „Länsstyrelsen" eða umboðsmaður þess — landskamraren — (lénsgjaldkerinn) veitir öllum sköttum viðtöku og annast skiptingu þeirra og greiðslur til réttra aðila.

Bezt er að átta sig á þessu fyrirkomulagi með einföldu dæmi. Maður, sem greiða á A-skatt í ársbyrjun 1960, greiðir hann miðað við þær tekjur, er hann hafði á árinu 1958, því þá er enn ekki búið að gera upp framtal hans fyrir árið 1959 (því er fyrst skilað í febrúar það ár). Af þessum tekjum (1958), sem vitað er hverjar voru, er haldið eftir t. d. 25%, á árinu 1960. Á því ári (1960) fer svo fram fullnaðaruppgjör á tekjum þessa manns fyrir árið 1959, og er því lokið í júlílok árið 1960. Þá kemur í ljós, hver raunverulegur skattur þessa manns á að vera fyrir árið 1959. Komi það nú í ljós, að of lítið var tekið í fyrirframgreiðslu (A-skatt) af þessum manni 1959, fær hann í árslokin kröfu um viðbótarskatt (kvarskatt), sem honum ber að greiða og skal þeirri greiðslu lokið ekki síðar en í apríl næsta ár (1961). Hafi skattgr. hins vegar greitt of mikið 1959, fær hann það endurgreitt í desembermánuði 1960.

B-skatt greiða atvinnurekendur, stofnanir og fyrirtæki. Þar er einnig miðað við skatt fyrra árs, og viðkomanda gert að greiða ákveðinn hluta ársfjórðungslega, eftir því sem skattayfirvöldin ákveða. Sá skattur er einnig gerður upp í árslokin og þá annaðhvort greiddur viðbótarskattur eða viðkomanda endurgreitt það, sem ofreiknað var. Ekki eru nein tök á því að gera hér tæmandi grein fyrir þessu fyrirkomulagi, en safnað hefur verið um það miklum gögnum, sem tiltæk eru, ef að því yrði horfið að taka það upp, og samræma íslenzkum aðstæðum. Svo virðist sem menn séu í Svíþjóð á einu máli um, að ekki komi til mála að hverfa frá þessu fyrirkomulagi til fyrri skipulagshátta, heldur beri að stefna að því að gera kerfið enn einfaldara en það er, og sníða af þá agnúa, sem á því eru.

Um undanþágur frá skattgreiðslum er mjög lítið og yfirleitt greiða allir skatt til ríkis og sveitarfélaga, sem einhvern rekstur hafa með höndum. Bankar eru þar yfirleitt hlutafélög og greiða skatt samkvæmt þeim lögum (40% af nettótekjum). Sparisjóðir greiða einnig skatt af nettótekjum sínum. Kaupfélag og hvers konar samvinnurekstur er skattskyldur eftir almennum reglum, happdrætti og happdrættisvinningar er skattskylt eftir lögum þar um, allur rekstur góðgerðafélaga, trúfélaga, stjórnmálafélaga, íþróttafélaga og annarra slíkra stofnana, s. s. bókaútgáfa, blaðaútgáfa, rekstur skemmtistaða, veitingastaða, heilsuhæla o. s. frv. — er allt skattskyld til ríkis og sveitarfélaga, ef um ágóða er að ræða.

Innheimtu allra skatta — þar með taldir skattar til sveitarfélaganna, — annast, eins og fyrr segir, ríkisvaldið og fara lénin með þá starfsemi alla, án nokkurra afskipta sveitarstjórnanna.

Niðurjöfnunar- eða skattskrá sveitarfélagsins er hjá lénsráðinu, sem sér um og ábyrgist innheimtu allra niðurjafnaðra útsvara í sveitarfélaginu (að örfáum gömlum, úreltum sköttum undanteknum, sem ætlunin er nú að breyta eða leggja niður). Framkvæmdin er með þeim hætti, að í janúarmánuði (15. jan.) greiðir lénsgjaldkerinn (lenskamraren) 1/6 hluta allra álagðra útsvara í sveitarfélaginu til sveitarstjórnarinnar, og síðan sömu upphæð annan hvern mánuð.

Ef útsvar eða skattur næst ekki inn hjá gjaldanda, greiðir innheimtustofnunin (ríkissjóður) hann einnig sveitarfélaginu, þannig ber ríkissjóður algjöra ábyrgð

á, að allt, sem á er lagt, fáist greitt. Sveitarfélögin tapa því aldrei neinum útsvörum, það tap lendir á ríkissjóði, ef eitthvert verður. Ekki greiða sveitarsjóðir ríkissjóði nein innheimtulaun vegna innheimtra útsvara.

Þetta kerfi nær til allra sveitarfélaga — jafnt hinna smæstu hreppa, sem hinna stærstu kaupstaða og undantekningar eða frávik eru svo til engin. Ekki skerðir þetta fyrirkomulag á neinn hátt sjálfstæði sveitarfélaganna, nema síður sé, þar sem fjárhagur þeirra verður traustari vegna þess öryggis, sem í þessu fyrirkomulagi felst.

Fyrirsvarsmenn sveitarfélagasambandanna telja, að það hafi verið til mikilla hagsbóta fyrir sveitarfélögin að þetta fyrirkomulag og innheimtukerfi var upp tekið, og næstu stóru skrefin, sem þeir telja að þurfi að stíga, eru þau að fella með öllu niður fasteignaskattinn í núverandi mynd, og að fullkomna staðgreiðslukerfið „källskatten" svo, að komizt verði hjá framtölum frá fólki, sem engan atvinnurekstur hefur með höndum, þ. e. þeim sem greiða A-skatt, því við það mundi stórfelldur sparnaður verða í framkvæmd skattheimtunnar. Aðalröksemdin gegn staðgreiðslukerfinu hefur komið frá þeim, sem telja að þessi innheimtuaðferð kosti of mikið. Hún er talin kosta 25% meira en hinar eldri aðferðir.

Það er almenn skoðun, að meira fé fáist inn með „källskatt"-kerfinu og það sé á margan hátt hagkvæmara, bæði skattgreiðendum og því opinbera, en það sé dýrara og fólksfrekara í framkvæmd.

Noregur.

I.

Skattakerfið.

Löggjöfin.

Í Noregi eru þrír lagabálkar, sem fjalla um tekjur sveitarfélaga og hvernig þær skuli á lagðar og innheimtar.

Þessir lagabálkar eru:

1. Skattalög fyrir hreppsfélög og fylki (Skattelov for landet, frá 1911, síðast breytt 1959).
2. Skattalög fyrir kaupstaði (Skattelov for byerne. Frá sama tíma og hin fyrrnefndu og svo til samhljóða þeim).
3. Skattgreiðslulög (Lov om betaling og innkreving av skatt frá 21. nóv. 1952, en breytt síðast 1959).

Undanfarin ár hafa Norðmenn unnið að því að endurskoða tekjulöggjöf sveitarfélaganna og 1. janúar 1957 tóku þeir upp nýtt fyrirkomulag á allri greiðslu beinna skatta til ríkis og sveitarfélaga, er ný skattgreiðslulög (frá 21. nóv. 1952) gengu í gildi. Er sú löggjöf öll að miklu leyti sniðin eftir sambærilegri löggjöf í Svíþjóð, en þó eru ýmis atriði, sem máli skipta, á annan veg í Noregi, og verður því reynt að gera hér í stuttu máli grein fyrir hinu norska kerfi í heild.

Með skattgreiðslulögunum frá 1952 er fyrst og fremst breytt um innheimtuaðferð, þar sem tekinn er upp staðgreiðsluskattur (kildeskat), er Norðmenn kalla „skatt av årets inntekt", en þetta fyrirkomulag hefur haft í för með sér verulegar breytingar á öllu kerfinu, ekki sízt á niðurjöfnun og útreikningi beinna skatta á eignir og tekjur.

Tekjustofnarnir.

Beinir skattar til ríkis og sveitarfélaga eru í Noregi hinir sömu og annars staðar á Norðurlöndum, sem sé þessir:

1. Fasteignaskattur (Kommunal eiendomsskatt) greiddur af svo til öllum eignum, hvar sem er í ríkinu, og án tillits til áhvílandi skulda. Skatturinn rennur til sveitarsjóðs, þar sem fasteignin er, og til fylkissjóðs.
2. Skattar af eignum og tekjum (Skatt av formue og inntekt) — útsvar, — tekju-

og eignaskattur — greiðist bæði til ríkisins og sveitarfélaganna. Tekju- og eignaskatturinn til ríkisins er stighækkandi (progressiv), en til sveitarfélaga er hann hlutfallslegur (proportionell) þ. e. ekki stighækkandi.

3. Hluti af hátekjuskatti. Heimildarskattur. Prósenta, sem bætt er við stighækkandi ríkisskatt af tekjum yfir 20 þús. krónur. Skatturinn skiptist milli skattjöfnunarsjóðs (⅔) og sveitarsjóðs (⅓), en skattjöfnunarsjóður hefur það hlutverk að styrkja illa stæð sveitarfélög.

Aðrir beinir skattar eru ekki teljandi, enda eru þessir skattar aðaltekjulindir norskra sveitarfélaga og eru yfirleitt um og yfir 90% af tekjum þeirra.

II.

Fasteignaskatturinn.

Fasteignaskattur greiðist ekki til ríkissjóðs, en er annar aðaltekjustofn sveitarfélaga og aðaltekjustofn fylkissjóða, ásamt fylkisskattinum (repartisjonsskatt).

Fasteignamat fer fram 5. hvert ár í sveitum og 10. hvert ár í kaupstöðum og er framkvæmt af niðurjöfnunarnefndum á þeim eignum, sem eru undir 100 þús. króna virði, en af sérstakri, þriggja manna nefnd, sem sveitarstjórn sérstaklega velur til þess, á eignum, sem eru yfir 100 þús. króna virði. Niðurjöfnunarnefnd getur þó falið matsnefnd þessari mat allra fasteigna í sveitarfélaginu og matsnefndin getur, hvenær, sem hún telur þess þörf, kvatt sérfróða menn sér til aðstoðar. Eigandi eða umráðamaður eignar getur á eigin kostnað einnig kvatt til sérfróða menn, ef honum þykir mat ósanngjarnt. Mati má áfrýja til yfirskattanefndar. Hvert sveitarfélag er sérstakt matssvæði, en að mati loknu er matið samræmt innan hvers fylkis eftir sérstökum reglum, sem þar um gilda, og miðar sú samræming að því, að matið verði í sem mestu samræmi við raunverulegt verðmæti fasteignanna, eins og það er á hverjum tíma innan hvers fylkis. Matseiningin er svokallað „skyldmark“ (þúsund krónur) og er metið saman í flokki, land (lóðir) og húseignir, en aðrar fasteignir svo sem verksmiðjur, trjávinnslustöðvar (savbruk), kornmyllur, skipasmíðastöðvar, aflstöðvar, rafveitur og önnur iðjuver, söltunarstöðvar, fiskiðjuver, vatnsveitur, hafnarmannvirki og aðrar vinnslu- eða vinnustöðvar, eru metnar sér í flokki.

Fasteignaskattur í sveitum má ekki vera lægri en ein króna og ekki hærri en 4 krónur á „skyldmark“ (fjórir af þúsundi) og í kaupstöðum ekki lægri en 2 krónur og ekki hærri en 7 krónur af þúsundi virðingarverðs.

Heimilt er í sveitum að ákveða, að nokkur hluti niðurjafnaðra skatta skuli lagður á fasteignirnar sérstaklega og afgangurinn þá á tekjur og eignir (eins og í Danmörku) en ekki er þetta skylda og er sveitarstjórn heimilt að fella fasteignaskatt til sveitarsjóða alveg niður, og jafna útsvarinu á tekjur og eignir skattþegnanna eingöngu. Víða er nú að því stefnt í Noregi að hætta að taka fasteignaskatt í sveitarsjóð, en láta fylkissjóðina sitja sem mest að honum.

Í kaupstöðum er fasteignaskatturinn þýðingarmeiri skattur og fastari í formum en í sveitunum, og virðast ekki uppi neinar tillögur þar um niðurfellingu hans.

Fylkisskattar.

Í fylkissjóð er greiddur skattur af fasteignum (matrikkelskatt) í fylkinu og er hann frá 2—5 krónur á „skyldmark“. Hann er lagður á með sama hætti og til sveitarfélaganna og innheimtur af „hreppstjóra“ (skattefoged) sveitarfélagsins. Ennfremur er lagður á vegna fylkissjóðs sérstakur skattur, er nefnist fylkisskattur (repartisjonsskatt) og er hann lagður á sveitarfélögin eftir margbrotnum reglum, og svipar honum um margt til sýslusjóðsgjaldsins hér á landi.

III.

Tekju- og eignaskattur — Útsvar —.

Skatteyrir.

Reikningsár sveitarfélaga í Noregi hefur til þessa verið frá 1. júlí til 30. júní, en breytist 1. jan. 1961 og verður eftir það almanaksárið, og fyrir þann dag eiga sveitarstjórnir að hafa samið og samþykkt fjárhagsáætlun sína, og þar með ákveðið hve miklu námu samanlagðar skattskyldar tekjur allra skattþegna sveitarfélagsins fyrir næstliðið ár, og hverjar voru samanlagðar skuldlausar eignir þeirra.

Á þessar upphæðir skal svo leggja hlutfallslega (proportionelt) þá fjárhæð, sem taka þarf í skatt til sveitarfélagsins á næsta fjárhagsári. Er álagseiningin nefnd „skatteyrir“ (skattöre).

Greint er milli „eignaskattseyris“ og „tekjuskattseyris“. „Eignaskattseyrir“ er sú krónutala, sem jafnað er á hverjar 1000 krónur skattskyldra eigna, en „tekjuskatteyririnn“ er sú krónutala, sem jafnað er á hverjar 100 krónur skattskyldra tekna. Í daglegu tali er það „tekjuskattseyririnn“, sem nefndur er „skatteyrir“. Skatteyrir sveitarfélags er fundinn með því að margfalda upphæðina, sem jafna á niður, með 100 og deila í útkomuna með samanlagðri upphæð skattskyldra tekna sveitarfélagsins.

Sem dæmi mætti taka:

Skattskyldar tekjur í sveitarfélagi eru kr. 3 557 200.00, en áætluð útsvarsupphæð kr. 586 257 52.

Skatteyrir er þá

$$\frac{586\,257.52 \times 100}{3\,557\,200.00} = 16.48$$

Áður en „skatteyrir“ er fundinn er eignaskatturinn reiknaður út í heild og færður sem sérstakur tekjuliður á fjárhagsáætlunina. Eignaskattseyririnn má ekki hærri vera en fjórar krónur á þúsund skattskyldrar eignar. Hann er ekki stighækkandi heldur hlutfallslegur (proportionell), þ. e. sama prósenta á öllum eignum.

Skatteyririnn — tekjuskattseyririnn — má aftur á móti hvergi vera lægri en 14% og hvergi hærri en 17,5%, þó getur ráðuneyti sveitarstjórnarmála leyft, að hann sé 18% ef fjárhagur íbúanna er talinn leyfa það, og sérstakar ástæður krefjast þess. Ef þetta hámark dugir ekki verður sveitarstjórn annaðhvort að lækka útgjöldin eða verða háð eftirliti um fjármál sveitarfélagsins.

Félög (þar með talin samvinnufélög) eru skattlögð þannig, að þau greiða þrjár krónur af þúsundi í eignaskatt og 15 af hundraði í tekjuskatt (útsvar) til sveitarfélagsins. Sérstakar reglur eru um útsvarsgreiðslur útgerðarfélaga (rederiskatt) og um innflutning og sölu áfengra drykkja er svo mælt, að viðkomandi ráðuneyti ákveður árlega eigna- og tekjuskattsprósentu af þeirri starfsemi og skal prósentan vera hin sama fyrir allt landið, og skiptist upphæðin milli sveitarfélaga eftir ákveðnum reglum.

Niðurjöfnunin.

Til niðurjöfnunar útsvara og skatts er landinu skipt í skattumdæmi (skattedistrikter) (um 760 að tölu). Venjulega er hvert sveitarfélag sérstakt skattumdæmi, en þó er stórum sveitarfélögum skipt í fleiri en eitt slíkt umdæmi.

Niðurjöfnunarnefndin (ligningsnemden) er venjulega skipuð þremur mönnum: niðurjöfnunarstjóra (ligningssjef) og tveim mönnum, er sveitarstjórnin kýs til fjögra ára í senn. Heimilt er að hafa nefndarmenn 5 og velur þá sveitarstjórn fjóra þeirra. Með sérstöku ráðuneytissamþykki mega nefndarmenn verða sex.

Niðurjöfnunarstjóri (ligningssjef) skal vera í hverju sveitarfélagi, þó geta tvö sveitarfélög sameinazt um einn niðurjöfnunarstjóra, en það er sjaldgæft. Hann er valinn af sérstakri nefnd eða ráði, sem er þannig skipuð: Formaður er fylkismaður-

inn í viðkomandi umdæmi, skatteftirlitsmaðurinn í fylkinu (skatteinspektören), tveir menn kjörnir af sveitarstjórn þeirri, sem í hlut á, og einn maður kjörinn af félagi niðurjöfnunarstjóra í fylkinu. Þetta ráð getur einnig sagt niðurjöfnunarstjóra upp starfi og vikið honum úr starfi. Verði ágreiningur um ráðningu niðurjöfnunarstjóra getur bæði viðkomandi sveitarstjórn og yfirmaður skattstofu ríkisins (direktören for skattevesenet) skotið málinu til ráðuneytisins, sem þá sker úr. Sama rétt á niðurjöfnunarstjóri ef honum er sagt upp starfi.

Sveitarstjórn ákveður laun niðurjöfnunarstjóra og greiðir þau en ríkisskattanefndin (riksskattestyret) setur honum erindisbréf eða starfsreglur.

Niðurjöfnunarstjóri hefur á hendi allan undirbúning framtala og athugar framtöl, þegar þau berast og gerir skrá yfir þau eftir reglum, sem þar um gilda. Hann gerir og tillögu um hverjar skuli teljast skattskyldar tekjur manna og hann annast yfirleitt allt, er að störfum þessum lýtur, sem framkvæmdastjóri niðurjöfnunarnefndarinnar. Víða er sá háttur á hafður, að niðurjöfnunarnefndin heldur ekki fasta fundi heldur skiptir sveitarfélögunum í svæði og fær hver nefndarmanna til yfirlestrar og athugunar skattframtöl af sínu svæði. Hann fer svo yfir þau og ritar samþykki sitt eða athugasemdir sínar á viðkomandi framtal, sem hann svo endursendir niðurjöfnunarstjóra. Verði ágreiningur milli niðurjöfnunarstjóra og nefndarmanns, fer málið annaðhvort fyrir fund í nefndinni, eða þriðji nefndarmaðurinn fær það til athugunar og þá ræður afstaða hans úrslitum. Með þessum hætti geta nefndarmenn unnið að störfum þessum í frístundum sínum heima og athugað fyrst og fremst þau framtöl, sem þeir hafa bezta aðstöðu til að vita bezt skil á hvort séu rétt. Þykir þetta fyrirkomulag hafa gefizt vel.

Niðurjöfnunarnefnd getur breytt framtölum, sem hún telur röng eða ófullnægjandi, en gera verður viðkomandi skattþegni grein fyrir breytingunum og ástæðunum fyrir þeim. Þegar lokið er við að yfirfara framtölin og niðurjöfnunarstjóri hefur gert skrá yfir eignir og tekjur, sem skatt skal greiða af, framkvæmir hann útreikninginn bæði á ríkisskattinum og útsvarinu samkvæmt skattprósentu sveitarfélagsins og þeim skattstiga, sem fjármálaráðuneytið ákveður frá ári til árs, hver vera skuli á skatta þessa til ríkissjóðs.

Skattþegn er skattskyldur í því sveitarfélagi, sem hann átti lögheimili í 1. nóvember næstan fyrir niðurjöfnun. Skipting á útsvari einstaklinga milli sveitarfélaga þekkist ekki.

Skattflokkar.

Samkvæmt skattalögunum er gert ráð fyrir skattflokkum, sem sveitarstjórnir geta valið um, þegar þær ákveða, hver skuli vera hinn skattfrjálsi frádráttur skattþegnanna. Frádráttartöflur þessar (reduksjonstabeller) eru teknar upp í skattalögin og er gert ráð fyrir 8 skattflokkum. Samkvæmt núgildandi reglum er t. d. í fyrsta flokki persónufrádráttur fyrir einhleypan 600 krónur en í sjöunda flokki er hann 1300 krónur, og fyrir fjölskyldu með 4 börn er frádrátturinn í fyrsta flokki 4800 krónur, en í sjöunda flokki 8300 krónur. Svo er til ætlazt, að frádráttartöflurnar séu í sem mestu samræmi við framfærslukostnað (leveomkostninger) í héraðinu. Fylkismaðurinn getur leitað úrskurðar ráðuneytis um frádráttartöflur sveitarstjórna í umdæmi hans, ef honum þykir sveitarstjórn misnota aðstöðu sína í þessum efnum.

Kærur yfir niðurjöfnun útsvars og tekju- og eignaskatts má bera fram við niðurjöfnunarstjóra og niðurjöfnunarnefnd. Úrskurði þeirra má áfrýja til yfirskattanefndar í sveitarfélaginu, sem aðeins hefur það verkefni að fara með skatta- og útsvarskærur. Ef skattþegn unir ekki úrskurði yfirskattanefndar (overligningsnemden) getur hann kært mál sitt til almennra dómstóla.

Eftirlit með niðurjöfnun skatta og útsvars er í höndum fylkisins og ríkisins, svo og margs konar leiðbeiningarstarfsemi. Af fylkisins hálfu fara með þau mál skattaeftirlitsmaður fylkisins (skatteinspektören) og fylkisskattaráðið (fylkesskattestyret). Formaður þess er fylkismaðurinn en varaformaður er skattaeftirlitsmaður-

inn í fylkinu, en auk þeirra eiga fjórir menn úr fylkinu, kosnir af fylkisþingi, sæti í fylkisskattaráðinu. Kjörtímabil þeirra er 4 ár.

Hvert fylkisskattaráð hefur auk þess í þjónustu sinni endurskoðendur, sem það sendir niðurjöfnunarnefndum bæði til eftirlits og leiðbeiningar við störf þeirra, sérstaklega við athugun og úrskurð á framtölum, og öðrum vandasömum viðfangsefnum.

Ríkisskattanefndin (Riksskattestyret) er æðsta stofnun útsvars og skattamála í ríkinu. Formaður hennar er ríkisembættismaður (skattedirektören) og í ríkisskattanefndinni eiga sæti auk hans fjórir menn og eru þrír þeirra kjörnir af Stórþinginu til þriggja ára en einn skipaður af konungi. Varamenn eru jafnmargir aðalmönnunum og valdir á sama hátt.

Ríkisskattanefndin og sérstaklega ríkisskattstjórinn (skattedirektören) annast rekstur og stjórn ríkisskattstofunnar, sem skipt er í nokkrar deildir, með aðgreindum verkefnum. Ein þessara deilda er ný — skattedirektoratet for skatt av årets inntekt — og verður vikið nánar að þeirri stofnun eða deild sérstaklega síðar í þessari skýrslu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, er ljóst, að sveitarstjórnirnar og ríkið annast í félagi allan undirbúning útsvars og skattaálagningar beinna skatta í ríkinu, sveitarstjórnirnar annast fyrst og fremst framkvæmdina en ríkið leiðbeiningar- og eftirlitsstarfið, sem er ekki síður umfangsmikið og nauðsynlegt en sjálf skattlagningin. Þetta fyrirkomulag hefur þótt gefast vel í Noregi og engar raddir eru uppi um að hverfa frá því.

Innheimta útsvars og skatta.

Fram til ársins 1957 var sá háttur á hafður um innheimtu útsvars og skatta í Noregi, að sveitarstjórnirnar innheimtu útsvörin og aðra beina skatta til sveitarsjóðs, en ríkið innheimti hina beinu skatta til ríkissjóðs. Með lögum frá 21. nóvember 1952 um greiðslu og innköllun skatta (lov om betaling og innkreving av skatt), er ekki tóku þó gildi fyrr en 1957/1958 var horfið frá þessu fyrirkomulagi og tekið upp hið svonefnda staðgreiðsluskattkerfi — („kildeskatt"-kerfi) — í aðalatriðum eins og það, sem þá hafði verið notað í Svíþjóð um tíu ára tíma.

Samkvæmt ákvæðum skattgreiðslulaganna, er innheimta allra beinna skatta til sveitarsjóða og ríkissjóðs í höndum sveitarstjórnar, eða öllu heldur bæjargjaldkerans eða tilsvarandi starfsmanna sveitarstjórnarinnar (kommunekasseren, herredskasseren, kemneren). Hann tekur við niðurjöfnunar- og skattskrám sveitarfélagsins, þegar fullgengið er frá þeim, og innheimtir skattana. Ekki bera sveitarstjórnirnar ábyrgð á ríkisskattinum, enda ber þeim að leggja ríkisskattinn, um leið og hann innheimtist, inn á sérstakan reikning í banka, og því verður það fé ekki notað sem rekstrarfé sveitarfélagsins meðan það er í vörzlu gjaldkerans, eins og á sér stað í Danmörku. Þegar greiðslu er veitt viðtaka er henni skipt í réttu hlutfalli við útsvar og skatt gjaldþegnsins milli sveitarfélagsins og ríkisins. Ríkissjóður greiðir sveitarsjóði 9 krónur í þóknun fyrir innheimtuna af hverjum skattþegn, sem greiða ber ríkisskatt.

Bókhald sveitarfélaganna hefur verið samræmt og endurbætt vegna þessa nýja greiðslufyrirkomulags og vélabókhald víðast hvar upp tekið.

„Skattur af tekjum ársins" (Skatt av årets inntekt) er sérstakt fyrirfram greiðslufyrirkomulag, sem lokið er með niðurjöfnun síðar. Fyrirkomulag þetta var upp tekið í Noregi eftir langan undirbúning 1. janúar 1957. Það mætti kalla staðgreiðslukerfi. —

Í höfuðdráttum er kerfið þannig, að skattgreiðandinn innir af hendi fyrirfram-greiðslu upp í væntanlega skatta sína um leið og tekjur hans falla til. Það sem greitt er á tekjuárinu er því ekki hinn endanlegi skattur gjaldþegnsins, heldur verður að fara fram, að árinu loknu, endanlegt uppgjör á grundvelli framtals viðkomandi manns og þá fyrst er skattur hans til ríkis og sveitar að fullu ákveðinn og greiddur.

Um þrjú stig er að ræða.

Fyrsta stigið er það, að skattayfirvöldin gera áætlun, sem byggð er á tekjum næsta árs á undan, um það, hverjar muni verða tekjur skattgreiðandans á skattárinu, og gera allnákvæmar töflur yfir það, hvað taka þurfi háa prósentu af tekjum manna til að ná þeim upphæðum, sem niður er jafnað í útsvörum og ákveðnar eru í skatt til ríkisins í viðkomandi sveitarfélagi. Þennan undirbúning annast og framkvæmir í öllum meginatriðum sérstök deild ríkisskattstofunnar, sem nefnd er „direktoratet for skatt af årets inntekt".

Annað stigið er það, að þessi gögn eru send innheimtustofnunum sveitarfélaganna, sem þá fullbúa þau til útsendingar og senda síðan atvinnurekendum, en á þeim hvílir sú skylda að landslögum að halda eftir hinum ákveðna hluta af launum starfsmanna eða verkamanna, sem eru í þjónustu, og standa innheimtustofnun sveitarfélagsins skil á þessum greiðslum mánaðarlega.

Þriðja stigið er það, að hver skattþegn telur fram tekjur sínar í árslok hver, og skal hafa skilað því framtali í febrúarmánuði. Er þá til fulls ákveðið útsvar hans og skattur, og komi það þá í ljós, að of mikið hafi verið tekið af skattgreiðanda, er honum endurgreitt það, en hafi hann ekki greitt nóg með fyrirframgreiðslu sinni (forskott) er honum gert að greiða lokaskatt (restskatt). Þann skatt greiðir skattþegn sjálfur beint til innheimtustofnunarinnar.

Af viðtölum við sveitarstjórnarmenn í Noregi og aðra, sem með þessi mál fara þar, er ljóst, að ekki hefur í upphafi verið fullkomin eining um að taka þetta kerfi upp. Nú er hins vegar svo komið, að allir telja, að ekki verði á ný horfið til hinna fyrri hátta og framtíðin muni endurbæta þetta kerfi og fullkomna svo, að það festist og verði varanlegt.

Höfuðgallarnir eru aðallega taldir vera tveir:

Annar er sá, að það sé mun dýrara í framkvæmd en hitt var. Starfsfólki varð að fjölga um 25% við innheimtu og álagningarstörf yfirleitt í sveitarfélögunum frá því, sem áður var. Hinn er sá, að það hafi í för með sér óþarflega mikla skriffinnsku, en erfitt mun að komast hjá slíku, sérstaklega í byrjun.

Aðalkostir þessa staðgreiðslukerfis eru aftur á móti taldir vera þessir:

1. Sveitarsjóðirnir fá meiri tekjur en áður og eru aldrei févana.
2. Skattgreiðendum líkar betur að greiða skatt sinn smátt og smátt með þessum hætti og kemur vel að „eiga inni" hjá sveitarsjóði dálitla upphæð, sem þeim er greidd í desembermánuði, þegar útgjöld þeirra eru mest.
3. Kerfið venur menn á skilsemi, bæði atvinnurekendur og launþega, og menn fylgjast betur með skattgreiðslum sínum en þeir gerðu áður, þar sem þeir eru minntir á skatta sína í hvert skipti og kaup er greitt.
4. Þær truflanir, sem óhjákvæmilega fylgja framlagningu á skatta- og útsvarsskrám, hverfa svo að segja alveg, því álagning, innheimta og fullnaðaruppgjör stendur yfir svo að kalla allt árið.

Norðmenn munu, eins og Svíar, endurbæta þetta kerfi og halda því áfram, og í Noregi varð hins sama vart og í Svíþjóð, að æskilegast væri að geta fundið það fyrirkomulag að hætta mætti við niðurjöfnun á launafólk og láta staðgreiðsluskattinn nægja hvað það snerti, en halda áfram niðurjöfnun á stofnunum og atvinnurekstri.

Nokkurrar togstreitu varð vart milli sveitarfélaganna og ríkisins út af málum þessum, sem ekki varð vart við í Svíþjóð eða Danmörku, þar sem gagnkvæmt traust virðist vera meira milli þessara aðila.

England.

Tekjustofnar sveitarfélaga skiptast í þrjá meginflokka, sem hér segir:

1. Skattur af afnotavirði fasteignar (Rates).
2. Leyfisgjöld ýmis, arður af eignum o. s. frv. (Fees, rents, recoupments o. s. frv.)

3. Ríkisframlög (Government Grants), sem eru með tvennu móti.
A. Almenn framlög (General Grants).
B. Sérframlög (Special Grants).

Skipting heildartekna sveitarfélaganna í þessa þrjá flokka hefur verið sem hér segir, miðuð hverju sinni við skattárið, sem lýkur 31. marz:

	Skattur af afnotavirði fasteigna	Leyfisgjöld og arður af eignum	Ríkisframlög
1931	45%	15%	40%
1938	48%	16%	36%
1954	39%	19%	42%

Um lið 1.

Skattur af afnotavirði fasteigna.

Skattur þessi á sér langa sögu og mun hafa verið kominn á þegar á 15. öld, en það var ekki fyrr en með lögum frá 1925 (Rating and Valuation Act), að sú skipan mála, sem nú er höfð, komst endanlega á. Fram að þeim tíma hafði álagning og innheimta skattsins verið í höndum margra aðila, og annaðist þá hver innheimtu til sinna sérþarfa. Með áðurgreindum lögum varð sú breyting á, að álagning og innheimta skattsins var fengin sveitarstjórnum (Borough and District Councils), sem síðan eru skattheimtustofnanir (Rating authorities) hver í sínu umdæmi.

---

1. Grundvöllur að þessum skatti er það, sem kalla mætti árlegt „afnotavirði" fasteigna (annual value). Með afnotavirði er átt við það, hvað ætla má, að tiltekin fasteign geti gefið af sér í leigu frá ári til árs eða eins og segir í lögunum frá 1925: „.... the rent at which the hereditament might reasonably be expected to let from year to year".

Skatturinn er þó ekki lagður á þá fjárhæð, sem ætla má, að eignin geti gefið af sér, heldur er leyfilegt að draga frá minniháttar greiðslur vegna eignarinnar, sbr. 4. lið hér á eftir. Þá fjárhæð, sem þá er fengin, mætti kalla skattskylt afnotavirði (Rateable value).

Sá skattur, sem ákveðinn er á afnotavirðið, samkvæmt þessu, er tilgreindur sem tiltekin fjárhæð, miðuð við sterlingspund, t. d. 5 sh. á sterlingspund. Nú er árlegt skattskylt afnotavirði af tiltekinni eign talið 100 sterlingspund, og er þá skatturinn 25 sterlingspund.

2. Gjaldandi skattsins er notandi eignar (occupier). Eigandi er ekki skattskyldur að þessu leyti, og er ekki hægt að ganga að honum til greiðslu á skattinum, nema hann sé jafnframt notandi. Ef skatturinn næst ekki hjá notanda, verður ekki frekar aðhafzt.

Orkað getur álitum, hver sé notandi, og er þá miðað við, að aðili hafi vörzlur viðkomandi eignar nokkurn tíma. Sá, sem leigir t. d. eitt herbergi úr íbúð eða er gestkomandi um tíma, telst því ekki notandi, þannig að gjaldskyldu varði. Ef hús stendur autt telst eigandi vera notandi, nema hann sanni, að hann hafi árangurslaust reynt að leigja eignina, og falla þá skattgreiðslur niður. Frá þessari aðalreglu er ein mjög mikilvæg undantekning, og hún er sú, að eigandi leiguíbúða jafnar yfirleitt skattinum á leigjendur sína. Þeir greiða síðan vikulega til hans sinn hluta af skattinum ásamt leigunni, en eigandi stendur síðan sveitarstjórn skil á skattinum tvisvar á ári.

3. Skattandlag. Skatturinn er lagður á fasteignir, eins og byggingarlóðir, byggingar á þeim, byggingar í sveitum, kolanámur, vatnsleiðslur, holræsi o. s. frv.

Undantekningar frá skattskyldu eru þessar helztar:

A. Land, sem notað er til landbúnaðar, var algerlega leyst undan skattskyldu árið 1929. Áður hafði hún verið takmörkuð, en vegna landbúnaðarkreppunnar,

sem þá hófst, var hún algerlega felld niður og hefur ekki verið tekin upp á ný.

B. Af svipuðum ástæðum var skattskylda vegna eigna iðnfyrirtækja (industrial hereditaments) takmörkuð verulega um sömu mundir.

C. Eignir ríkisins eru ekki skattskyldar að lögum, en undir flestum kringumstæðum er þó greitt af þeim með svipuðum hætti og vera mundi, ef þær væru í einkaeign. Þetta á þó ekki við um eignir hersins. Sérreglur gilda um járnbrautir, gasstöðvar og rafstöðvar síðan þessi fyrirtæki voru þjóðnýtt. Eru lögð á þau gjöld samsvarandi skattinum, en þeim síðan skipt milli sveitarfélaga á athafnasvæði hvers fyrirtækis eftir tilteknum reglum. Sambærilegar reglur gilda um skipaskurði.

D. Kirkjur og aðrar byggingar, sem notaðar eru til guðsþjónustuhalds, eru undanþegnar skatti. Svo er og um eignir sumra skóla, vísinda- og bókmenntafélaga. Frá 1955 hefur verið heimilt að fella niður eða lækka skatt af eignum líknarfélaga og annarra félaga, er verja tekjum sínum eingöngu til almenningsheilla. Undanþáguákvæðin munu þó að jafnaði túlkuð mjög þröngt, svo sem sjá má af því, að háskólinn í Oxford á nú í miklu máli út af skattgreiðslum af eignum skólans. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að skattur er greiddur af eignum sveitarfélaganna sjálfra.

4. Ákvörðun afnotavirðis. Þar sem skatturinn er lagður á notanda eignar, hefur lengi verið litið svo á, að rétt væri að miða afnotavirðið við það, hvað ætla mætti, að fengizt gæti í leigu eftir eignina, svo sem um getur hér að framan (í 1. lið þessa kafla).

Þegar skattskylt afnotavirði er ákveðið getur það farið eftir mismunandi reglum.

Ef um er að ræða eignir til iðnrekstrar og almenningsnota (public utilities), er gert ráð fyrir, að leigutaki greiði viðhaldskostnað eignarinnar. Skattskylt afnotavirði verður því áðurgreint leigumat að frádregnum viðhaldskostnaði. Ef um er að ræða íbúðarhúsnæði, er gert ráð fyrir, að eigandi greiði slíkan kostnað. Er hér byggt á enskri venju um leigumála.

Í lögunum frá 1925 var ráðgert, að ákvörðun afnotavirðis eða mat þess færi fram á fimm ára fresti. Raunar fór endurmat aðeins fram tvisvar. (Hið síðara átti sér stað 1934). Vegna heimsstyrjaldarinnar og takmarkana, er þá voru settar á hámark leigu, féll endurmat niður og hélzt matið frá 1934 óbreytt allt til 1948.

Það ár var ákveðið að færa mat á verzlunar-, skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði til samræmis við raunverulega leigu og gildir það enn. Nokkur breyting var þá gerð á mati íbúðarhúsnæðis, en lögunum var aftur breytt nokkuð 1953, og gilda þau ákvæði nú. Samkvæmt þeim á að miða mat á afnotavirði alls íbúðarhúsnæðis við það, hvað ætla mætti, að fengizt hefði í ársleigu eftir húsnæðið á tímabilinu kringum 30. júní 1939.

Þessi ákvæði eiga jafnt við um það húsnæði, er til var á þeim tíma, og hitt, sem síðar hefur verið byggt.

Það er augljóst, að með þessum ákvæðum er allt annar grundvöllur á mati t. d. skrifstofuhúsnæðis en íbúðarhúsnæðis. Skatturinn af íbúðarhúsnæði hefur því hlutfallslega minnkað mikið miðað við skatt af skrifstofuhúsnæði. Eftir að matinu, skv. lögum frá 1953, var lokið, þ. e. 1. apríl 1956, kom í ljós, að af heildarupphæð alls mats í landinu var mat á íbúðarhúsnæði 49.4%, en hafði verið 59.8%, en mat á verzlanir 14.3%, en hafði verið 10.7% og skrifstofuhúsnæði, hótel, skóla o. þ. h. 27.3%, en hafði verið 21.1%.

Þar sem matinu á íbúðarhúsnæði hefur verið haldið niðri á þennan hátt, og það er í engu samræmi við raunverulegt afnotavirði húsnæðisins, hefur þróunin orðið sú, að skattprósentan, miðuð við sterlingspund, hefur stöðugt hækkað, og er nú orðin meira en eitt sterlingspund, t. d. var meðalskattur innheimtur skattárið 1955—56 22 sh. og 2 p. á hvert sterlingspund afnotavirðis.

Þegar mati er lokið á þeim eignum í tilteknu umdæmi, sem skattskyldar eru,

er matið birt opinberlega. Hver skattgreiðandi á rétt á því að kæra mat það, sem lagt verður til grundvallar álagningu á hann, eins og áður segir, svo og mat á eignum annarra í umdæminu.

5. Mat afnotavirðis er framkvæmt af sérstökum starfsmönnum ríkisins (valuation officers), þ. e. þeirrar deildar fjármálaráðuneytisins, sem nefnist Central Department. Mati þeirra má skjóta fyrst til matsmanna sjálfra, en síðan til sérstaks yfirmats, sem er í hverju umdæmi, Valuation Court. Lokastig áfrýjunar er Lords' Tribunal. Sérstök atriði í sambandi við matið má bera undir almenna dómstóla og áfrýja þeim svo sem almennum málum, allt til lávarðadeildarinnar.

Um það er naumast ágreiningur, að matsstarfið er oft á tíðum mjög erfitt, ekki síst þegar um er að ræða eignir, sem yfirleitt eru ekki seldar á leigu, t. d. skipasmíðastöðvar, kolanámur, holræsi o. s. frv.

Með dæmum er bezt að gera sér ljóst, hvernig skattur þessi verkar í framkvæmd:

1. Verzlunarhúsnæði við aðalgötu. Sannanlegt er, að húsnæði verzlunarinnar er leigt á 10 þús. krónur á mánuði, eða að matsnefnd hefur metið árlegt afnotavirði þess til þeirrar upphæðar. Skattskylt afnotavirði (rateable value) þessa húsnæðis væri þá 120 þús. krónur á ári, eða sem næst 1 200 sterlingspund. Ef nú þessi verzlun er í borginni Holborne (einni af undirborgum Lundúna), þar sem skattprósentan (the general rate) er 15 shillingar á hvert pund skattskylds afnotavirðis, er skatturinn 1 200 × 15 = 18 000 shillingar eða 900 sterlingspund, þ. e. a. s. sem næst 90 000.00 ísl. krónur. Skattinn ætti að greiða í tvennu lagi, 1. apríl kr. 45 000.00 og 1. október 45 000.00 krónur.
2. Bílskúr er metinn til afnotavirðis á 32 sterlingspund (þ. e. 3 200.00 ísl. krónur). Álagningarprósentan er hin sama (15 sh. á £). Skatturinn er þá 24 sterlingspund eða 2 400.00 krónur af bílskúrnum. (Það athugist, að matið á bílskúrnum er miðað við verðlag 1939).
3. Íbúðarhús með 5 íbúðum er sannanlega leigt út á 1 500.00 krónur hver íbúð, eða þær allar samanlagt á 7 500.00 krónur á mánuði. Árlegt afnotavirði hússins (annual value) er þá 90 þús. krónur (7 500 × 12). Frá því dragast engir kostnaðarliðir, því þá greiðir húseigandinn. Skattskylt afnotavirði (rateable value) hússins er þá 90 000.00 krónur. Álagningarprósentan er hin sama, 15 sh. á hvert sterlingspund, en það er sama og 75.00 krónur á hverjar 100.00 ísl. krónur skattskylds afnotavirðis. Greiðsla eða skattur af þessari húseign væri þá 67 500.00 krónur á ári, eða ca. 5 625.00 krónur á mánuði. Ef allar 5 íbúðirnar eru jafnverðmætar, er skatturinn af hverri þeirra 1 125.00 krónur á mánuði. Þann skatt innheimtir húseigandi mánaðarlega eða vikulega, um leið og hann innheimtir húsaleiguna hjá leigjendunum, og skilar í bæjarsjóð tvisvar á ári.
4. Eigin íbúðir eru skattlagðar á sama hátt. Maður, sem á hús eða íbúð, sem metin er að leigja mætti á 3 600.00 krónur á mánuði, mundi greiða skatt þannig:

Árlegt afnotavirði (Annual Value) (3 600 × 12)	kr.	43 200.00
Frádráttur (15%) vegna lögmæltra gjalda	—	6 480.00
Skattskylt afnotavirði	kr.	36 720.00

Álagsprósenta 75%.

Skattur kr. 27 540.00, sem greiddist tvisvar á ári kr. 13 770.00 í hvort sinn.

5. Atvinnufyrirtæki, sem notar við rekstur sinn tiltölulega óvandað húsnæði, óbyggðar lóðir, bryggjur o. s. frv., sem metið væri til afnotavirðis af matsnefndinni samanlagt á 60 000.00 krónur árlega (5 000.00 kr. á mánuði), þegar tillit hefur verið tekið til frádráttar, mundi greiða með 75% skattprósentu 3/4 þessarar upphæðar í skatt eða 45 þús. krónur. Þess ber hér að gæta, að hér er alls staðar reiknað með hinni háu skattprósentu, sem er í Bretlandi, en hún stafar af því, eins og fyrr segir, að matið þar fæst ekki fært til samræmis við verðbreytingarnar, sem orðið hafa síðan 1939, og þess vegna er skattprósentan komin upp

úr öllu valdi alls staðar í landinu. Ef matið væri rétt, væri skattprósentan miklu lægri.

6. Heildarupphæð skattsins í hverju umdæmi og þar með álagningarprósenta fer eftir sams konar reglum og er um útsvör á Íslandi, þ. e. upphæðin nemur þeirri fjárhæð, sem þarf til að brúa bilið milli útgjalda annars vegar og annarra tekjustofna hins vegar.

Viðkomandi ráðuneyti (þ. e. Ministry for Housing and Local Government) lætur sveitarfélögunum í té áætlun um það, hverra fjárframlaga megi vænta úr ríkissjóði á næsta fjárhagsári; að fengnum þeim upplýsingum og eftir að gerð hefur verið áætlun um, hvað aðrir tekjustofnar, sem eru óverulegir, nema hárri fjárhæð, kemur í ljós, hve hárri fjárhæð skatturinn þarf að nema. Þá liggur fyrir, hve mikilli fjárhæð afnotavirði allra skattskyldra eigna í umdæminu nemur. Þegar heildarvirði eignanna er deilt í skattupphæðina, kemur í ljós, hver skattprósentan þarf að vera. Samkvæmt því er síðar lagt á gjaldendur.

7. Tillögur um breytingar hafa oft komið fram. Sjónarmið kaupstaðasambandsins brezka og sennilega flestra sveitarfélaga er það, að sveitarfélögin séu orðin óþarflega háð ríkinu um fjáröflun og verður vikið að því nánar síðar. Talið er nauðsynlegt, að sveitarfélögunum séu fengnir fastir öruggir tekjustofnar og í því sambandi hefur sérstaklega verið bent á, að eðlilegt sé, að skattur á afnotavirði, þ. e. mat afnotavirðis, sé fært til samræmis við raunverulegt afnotavirði hverju sinni, en horfið sé frá því að binda mat allra íbúðarhúsa við ímyndað afnotavirði þeirra árið 1939.

Á þessu munu taldir allmiklir pólitískir erfiðleikar, því að hækkun þessa skatts er talin mundu verða mjög óvinsæl meðal almennings, þó að heildarskattabyrðin ætti ekki að aukast, því að með auknum tekjum sveitarfélaga ættu ríkisframlög og þar með ríkisskattar að minnka.

Má fullyrða, að í meira lagi er vafasamt, að nokkur breyting í þessa átt fáist samþykkt.

8. Gallar á þessu kerfi. Eigi má svo skiljast við þetta efni, að ekki sé gerð grein fyrir þeim göllum, sem taldir eru á því fyrirkomulagi, sem hér er lýst.

Upphaflega byggist skatturinn á því, að hann sé eins konar endurgjald fyrir þjónustu. Meðan verkefni sveitarfélaga í Englandi voru fyrst og fremst vegagerð, brúagerð og slíkt, var þannig litið á, að sá, sem ætti stóra eign og verðmikla, nyti fremur góðs af slíkum framkvæmdum en hinir, sem litla eign ættu eða enga, og ætti því að greiða meira.

Nú er þetta sjónarmið fyrir löngu úr sögunni, og þessi skattur er ekki fremur en almennur tekju- og eignaskattur talinn á neinn hátt endurgjald fyrir þjónustu sveitarfélagsins.

Aðalannmarkar á skattinum eru taldir þessir:

A. Skatturinn þarf ekki að standa í neinu sambandi við greiðslugetu gjaldanda. Barnafjölskylda, sem þarf mikið húsnæði, þarf e. t. v. að greiða miklu hærri skatt en efnamaður, sem býr við lítinn húsakost.

B. Skatturinn dregur úr viðleitni manna til að endurbæta eignir sínar, því að endurbætur verða til þess að auka afnotavirðið og þar með skattinn.

9. Innheimta skattsins er að öllu leyti í höndum sveitarfélaganna, og hefur ríkið engin afskipti af þeirri innheimtu.

Um lið 2.

Hér er um að ræða ýmislega tekjustofna, sem ekki gefa hver út af fyrir sig miklar tekjur.

Má þar nefna leigu af húsnæði í eigu sveitarfélagsins, ýmis önnur gjöld fyrir afnot eigna bæjarins, gjöld fyrir ýmsa þjónustu, skrásetningargjöld, leyfisgjöld, skemmtanaskatt.

Einnig er þarna talinn með arður, er verða kann af rekstri fyrirtækja, er sveitarfélög reka, og geta þau verið með ýmsu móti, og má nefna vatnsveitur og fyrirtæki, sem annast fólksflutninga, sem dæmi. Fyrir þjóðnýtingu var algengt, að sveitarfélög rækju rafmagns- og gasstöðvar.

Um lið 3.

Fjárveitingar úr ríkissjóði. Á undanförnum áratugum hafa ríkisframlögin orðið hlutfallslega stöðugt hærri hluti af tekjum sveitarfélaganna. Fyrir 1939 var talið, að sveitarfélögin öfluðu sjálf um 75% tekna sinna, en 25% væru ríkisframlög, en nú er svo komið, að sveitarfélögin afla sjálf helmings tekna sinna, en hinn helmingurinn er ríkisframlög.

Þessi þróun á að sjálfsögðu rót sína að rekja til þess, að á síðustu áratugum hefur sífellt verið bætt á sveitarfélögin verkefnum án þess að séð hafi verið fyrir tekjustofnum á móti, og þeir, sem fyrir voru, jafnvel skertir eins og áður er vikið að.

Ríkið hefur því komið til móts við sveitarfélögin með því að veita þeim fjárframlög bæði til almennra þarfa og til greiðslu sérstakra útgjalda.

Þá hefur og verið talið nauðsynlegt að jafna nokkuð hag manna í landshlutum: Veita sérstök framlög til þeirra sveitarfélaga, þar sem hagur manna er í lakara lagi, takmarkaðir möguleikar á tekjuöflun sveitarfélaga o. s. frv.

Verður nú vikið að þessu nokkru nánar.

A. Almenn framlög úr ríkissjóði nema samtals á árinu 1960 um 480 milljónum sterlingspunda. Almenna framlaginu er skipt í tvo hluta, er nefna mætti „grunnstyrki" (basic grants) og viðbótarstyrki (supplementary grants). Grunnstyrkirnir (basic grants) eru greiddir öllum sveitarfélögum og miðaðir við fólksfjölda eingöngu. Viðbótarstyrkurinn (supplementary grant) er ekki miðaður við fólksfjölda heldur ýmsa aðra þætti, sem máli skipta um hag manna í tilteknu sveitarfélagi, s. s. tölu gamalmenna, fjölda barna á skólaskyldualdri, fólksfækkun í byggðarlaginu, vegalengdir, svæðisbundna dýrtíð (s. s. í London) og ýmislegt fleira. Sveitarstjórnarmálaráðuneytið (Ministry of Housing and Local Government) gerir tillögur til þingsins, til tveggja ára í senn, um upphæð og skiptingu fjárins milli hinna einstöku sveitarfélaga, og þarf staðfestingu þingsins á endanlegri skiptingu.

B. Sérstök framlög (Special grants). Hér er átt við það, að ríkið leggur fram tiltekinn hluta af kostnaði sveitarfélags við ákveðna starfsemi. Er þetta fyrirkomulag mjög áþekkt því, sem þekkist hér á landi, þó að um framlög til annars konar starfsemi sé að ræða og önnur hlutföll.

Nefna má nokkur dæmi til skýringar:

Til vegamála (vegalagningar og viðhald) er greitt í mismunandi hlutföllum eftir tegund vega. Geta framlög orðið 50%, 60%, 75% og 100%. Þetta nær þó ekki til gatna í bæjum. Til heilsugæzlu voru greidd 50% kostnaðar, en þau framlög voru afnumin 1958. Sama er um 50% kostnaðar við barnavernd og 25% kostnaðar við eldvarnir. Hins vegar greiðir ríkið 50% lögreglukostnaðar.

Ríkisframlög til fræðslumála eru miðuð bæði við nemendafjölda og útgjöld sveitarfélaga til fræðslumála.

Framlög til húsnæðismála eru tiltekinn hluti af byggingarkostnaði hvers húss, sem framlag fær. Var sá hluti um skeið 75%, en er nú 50%.

C. Skattjöfnunarstyrkir (Rate-deficiency Grants). Auk þeirra styrkja, sem að framan greinir, er í fjárlögum sérstök fjárhæð — 100 milljónir sterlingspunda, — sem ráðuneytið skal skipta milli þeirra sveitarfélaga, þar sem skattskylt afnotavirði er lægra en meðaltal skattskylds afnotavirðis á öllu landinu, sem fundið er út og ákveðið eftir sérstökum reglum.

Þessar greiðslur, sem nefndar eru „penny rate", eiga að jafna hlutfallið milli álagningarprósenta sveitarfélaganna í skattaumdæmunum, svo að þær verði í sama

hlutfalli við sveitarfélagaskatta í öðrum skattumdæmum Englands og Wales eins og íbúafjöldi umdæmisins er, samanborið við heildaríbúafjölda landsins.

Frá sjónarmiði sveitarfélaganna er svo litið á, að æskilegra sé, að ríkisframlögin séu almenn, þ. e. ekki bundin við tiltekna starfsemi, heldur til frjálsrar ráðstöfunar. Rökin fyrir þessu eru ekki aðeins þau, að við þetta sé sveitarfélögunum fengið meira sjálfstæði, heldur einnig þau, að meiri ráðdeild og hagsýni sé viðhöfð með því. Oft vilji draga úr því, þegar „ríkið borgar" tiltekinn hluta.

Um ríkisskatta.

Að lokum er rétt að fara örfáum orðum um tekjuskatt þann, sem ríkið krefur.

Launþegar, þ. e. þeir, sem taka „Wages and salaries", greiða skatt sinn jafnóðum og teknanna er aflað. Atvinnurekendur og aðrir slíkir greiða hins vegar eftir á.

Fyrir hver áramót gerir launþegi áætlun um tekjur sínar á næsta ári. Þar ber honum að taka fram, hver séu áætluð laun hans, konu hans, arður af eignum o. s. frv. Þar er líka gerð grein fyrir frádráttarliðum, t. d. barnafjölda o. fl. Á grundvelli þessarar áætlunar ákveða síðan viðkomandi skattayfirvöld vikulegar eða mánaðarlegar skattgreiðslur, sem vinnuveitandinn innheimtir.

Í árslok telur hver gjaldandi fram með venjulegum hætti og er þá lagt á hann. Kemur þá í ljós, hvort ofgreitt er eða vangreitt. Ef ofgreitt er, á maður rétt á endurgreiðslu, en að jafnaði munu þessar greiðslur látnar renna upp í skattgreiðslur næsta árs. Ef vangreitt er, mun leyft, að greiðslu eftirstöðva sé dreift á nokkurn tíma. Skattstiginn er stighækkandi og mjög flókinn. Skattur getur orðið allt að 75% tekna.

Um það hefur verið rætt, að sveitarfélögin fengju leyfi til að leggja á sérstakan skatt, en það hefur ekki þótt fært enn þá.

Holland.

Tekjustofnar sveitarfélaga.

Í Hollandi hefur sú þróun orðið, sem víða annars staðar, að sveitarfélögin hafa í vaxandi mæli orðið háð ríkisvaldinu um tekjuöflun. Þessi þróun hófst árið 1865, og er nú svo komið, að langmestur hluti af tekjum sveitarfélaganna kemur frá ríkinu eða öllu heldur sérstökum sveitarfélagasjóði (Gemeentefonds), sem stofnaður var 1931, en fé hans kemur að öllu leyti frá ríkinu.

Verður nú gerð frekari grein fyrir tekjuöflun sveitarfélaganna.

1. *Ríkisframlög.*

A. Sveitarfélagasjóðurinn fær árlega sem svarar 15% álagi á heildartekjur ríkisins af tollum og sköttum, þ. e. tekju- og eignarskatti, söluskatti, almennum tollum og sérstökum tollum á áfengi, tóbaki, sykri o. fl., ýmsum leyfisgjöldum, happdrættissköttum o. s. frv. Sjóðurinn er undir stjórn innanríkisráðherra, en sérstök sjóðstjórn er honum til ráðuneytis, og eru 7 af 15 stjórnarmönnum tilnefndir af sambandi hollenzkra sveitarfélaga. Svo er ákveðið, að ekkert sveitarfélag fái minna framlag en 35 gyllini á íbúa, en raunverulega fá þau töluvert meira. Úthlutunarreglur eru mjög flóknar. Koma þar ótal atriði til greina, eins og t. d. kostnaður við fræðslumál, framfærslubyrði, tjón af hernaðaraðgerðum í síðasta stríði, skuldabyrði o. fl. Þessi framlög eru veitt til frjálsrar ráðstöfunar sveitarfélagsins og engum skilyrðum bundin.

Ef sveitarfélag er svo illa sett fjárhagslega, að ekki er unnt að afla tekna fyrir óhjákvæmilegum útgjöldum, getur sveitarfélagið leitað aukaframlags úr sjóðnum. Þau framlög eru bundin skilyrðum, t. d. um tiltekið eftirlit með sveitarfélaginu. Þessi ákvæði voru sett 1948, en enn hefur ekkert sveitarfélag sótt um slíkt aukaframlag.

B. Sérstök framlög eru greidd úr ríkissjóði, þ. e. með milligöngu ráðuneytanna, og eru þau óviðkomandi sveitarfélagasjóðunum. Er hér um að ræða framlög til ákveðinnar starfsemi sveitarfélaganna. Má nefna nokkur dæmi: Greidd er tiltekin fjárhæð á lögregluþjón í borgum. Aftur á móti er löggæzla í sveitum að öllu leyti í höndum ríkisins. Greiddur er tiltekinn hluti af kostnaði við fræðslumál. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögunum allan kostnað vegna stuðnings við atvinnuleysingja. Tiltekinn hluti af kostnaði við vegagerð, brúargerð, gerð skipaskurða, húsnæðismál, lýðvarnir o. s. frv. Enn fremur fá sveitarfélög vissar bætur vegna þess, að með lögum hafa verið settar tilteknar takmarkanir á möguleika sveitarfélaga til að nota að fullu tiltekna tekjustofna, t. d. fasteignaskattinn.

Árið 1957 skiptust sérstök framlög hollenzka ríkisins til sveitarfélaga sem hér segir:

1.	Löggæzla	116	millj. gyllini
2.	Fræðslumál	152	— —
3.	Félagsmál	94	— —
4.	Húsnæðismál	112	— —
5.	Vega- og brúagerð og gerð skipaskurða, svo og viðhald	30	— —
6.	Endurreisn eftir stríðið	60	— —
7.	Lýðvarnir	23	— —
8.	Bætur vegna flóðanna 1953	13	— —
9.	Bætur vegna skertra tekjustofna	57	— —
10.	Annað	3	— —
		660	millj. gyllini

Framlög ríkisins eru greidd sveitarfélögum ársfjórðungslega.

2. *Aðrir tekjustofnar.*

A. Arður af eignum. Sveitarfélögin í Hollandi reka ýmis fyrirtæki, t. d. rafveitur, gasstöðvar, vatnsveitur, strætisvagna o. fl. Af þessari starfsemi hafa sum sveitarfélög nokkrar tekjur, enda er ekki talið óeðlilegt, að slík fyrirtæki séu rekin í hagnaðarskyni.

B. Fasteignaskattur. Um hann fer samkvæmt lögum frá 1870 og er hann byggður á fasteignamati frá 1877—1896 og eru ný hús metin á þeim grundvelli. Skatturinn er tiltekinn hundraðshluti af matsupphæð, en heimilt er að leggja á skattinn 30%, ef um er að ræða óbyggt land, en 60%, ef byggt er.

C. Leiguskattur var upphaflega lagður á árið 1821. Þessi skattur er miðaður við leigu eftir íbúðarhúsnæði eða mat á eigin leigu, svo og við verðmæti innbús. Mat er framkvæmt af sérstökum embættismönnum og er eins og fasteignamatið miðað við verðlag, sem er lægra en nú er, svo að sveitarfélögum er heimilað að leggja á vissan hundraðshluta. Álagið er yfirleitt um 150%. Áður en skatturinn er lagður á, er leyfður ýmislegur frádráttur, t. d. hefur fjölskyldustærð áhrif á upphæð skattsins. Að meðaltali mun skattur þessi nema um 3.8% leigunnar. Leiguskattur er aðeins lagður á íbúðarhúsnæði.

Fasteignaskattur og leiguskattur er innheimtur af ríkinu, en það stendur sveitarfélögunum skil á þeim ársfjórðungslega. Þetta fyrirkomulag er frá þeim tíma, að skattar þessir runnu til ríkisins, en þeir voru síðar fengnir sveitarfélögunum, en innheimtufyrirkomulagið hélzt óbreytt.

D. Vegaskattur. Þessi skattur er lagður á fasteignir (land og byggingar) og nemur 80% af kostnaði við viðhald gatna, sem eignirnar liggja við. Áður var skatturinn miðaður hlutfallslega við lengd eignar meðfram götu, en er nú að jafnaði miðaður við fasteignamat.

E. Verðhækkunarskattur. Sveitarfélög í Hollandi hafa heimild til að leggja

sérstakan skatt á þá verðhækkun, sem talin er verða á tiltekinni fasteign fyrir aðgerðir sveitarfélagsins, t. d. vegna gatnagerðar, brúargerðar o. s. frv. Viðkomandi skattayfirvöld eiga að meta, hvaða eignir njóti góðs af framkvæmdinni og síðan, hver sé ávinningur hjá hverjum eiganda um sig. Þetta þýðir, að mismunandi skattur kemur á eignir á sama matssvæði. Um það mun varla ágreiningur, að slíkur skattur geti verið eðlilegur. Hins vegar er álagning hans mjög erfið í framkvæmd. Hafa orðið miklar greinir með mönnum út af þessum skatti og málaferli. Er svo komið, að sum sveitarfélög hafa algerlega gefizt upp á að leggja þennan skatt á.

F. Skemmtanaskattur. Sveitarfélög í Hollandi hafa lengi innheimt skemmtanaskatt. Skatturinn er almennt 20—25% af aðgangseyri. Þegar um er að ræða dansstaði, þar sem ekki er seldur aðgangur, er skatturinn miðaður við flatarmál staðarins.

G. Aðrir skattar. Nokkra aðra skatta er heimilað að innheimta, en ekki skipta þeir þó verulegu máli, t. d. hundaskatt, auglýsingaskatt, hótelskatt, sem hvergi mun innheimtur lengur, o. s. frv.

Eins og segir hér í upphafi, byggist afkoma hollenzkra sveitarfélaga í stöðugt vaxandi mæli á ríkisframlögum. Því til staðfestingar má nefna, að 1957 voru 54% af heildartekjum þeirra almenn framlög ríkisins, 36% sérstök framlög, en aðeins 10% hinir sérstöku tekjustofnar sveitarfélaganna.

Sviss.

I.

Almennur inngangur.

Þótt undarlegt megi virðast, er ókleift að gera grein fyrir almennum reglum, er gildi um tekjustofna sveitarfélaga í Sviss, og það er af þeirri ástæðu, að slíkar almennar reglur eru alls ekki til. Þetta þarf nokkurra skýringa.

Eins og kunnugt er, er Sviss sambandsríki 25 fylkja eða kantóna. Sambandsríkið hefur mjög takmörkuð verkefni með höndum, miðað við það, sem gerist í löndum þeim, sem áður hefur verið getið. Segja má, að verkefni þess séu varla önnur en utanríkismál, þar með utanríkisverzlun, hermál, póstmál, símamál, járnbrautarrekstur, myntslátta og dómsmál að vissu marki.

Kantónurnar hafa því mjög mikið sjálfstæði gagnvart sambandsstjórninni, hafa þær hver um sig sjálfstæða lagasetningu, að því leyti sem stjórnarskráin felur ekki sambandsþinginu slíka lagasetningu.

Kantónuþingið ákveður algerlega skiptingu í sveitarfélög innan kantónunnar og verkefni og valdsvið hverrar sveitarstjórnar innan áðurgreindra marka.

Tegundir sveitarstjórna geta verið með ýmsu móti. Almennasta skiptingin er í það, sem segja má að svari til kaupstaða og hreppa hér á landi (Einwohnergemeinde). Er fjöldi þeirra sveitarfélaga 3101, en íbúafjöldi mjög ólíkur.

Skipta má sveitarfélagi eða skipa saman sveitarfélögum til framkvæmda tiltekinna málefna, skólamála, framfærslumála o. s. frv. Að jafnaði eru þó slík málefni fengin hinni almennu sveitarstjórn.

Ekkert er því til fyrirstöðu, að ólíkar reglur gildi um starfsemi sveitarfélaga innan sömu kantóna. Um slíkt fer einungis eftir þeim reglum, er kantónuþingið setur. Ekki er til nein formleg skipting í kaupstaði, kauptún eða sveitarhreppa.

II.

Verkaskipting milli ríkis, kantóna og sveitarfélaga.

Sakir þess, hversu viðfangsefni sambandsríkisins eru takmörkuð, lendir megnið af almennum verkefnum hins opinbera á kantónum og sveitarfélögum. Varla verður talið, að hægt sé að benda á nokkurn málaflokk, umfram það, sem áður getur, þar sem sé skýr verkaskipting milli þessara þriggja aðila.

Nefna má nokkur dæmi til skýringar:

Ríkið hefur t. d. tiltekna, að vísu mjög umfangslitla, yfirstjórn heilbrigðismála, en að öðru leyti fer skipan þeirra mála eftir ákvörðun kantónuþinganna. Sjúkrahús eru oftast reist og rekin af kantónunum, en þó er það allalgengt í stærri borgum, að þær hafi sjálfar þessi málefni með höndum.

Ríkið hefur mjög lítið af löggæzlu að segja, þegar sleppt er útlendingaeftirliti og ríkisleynilögreglu. Um löggæzlu að öðru leyti skiptir mjög í tvö horn, sums staðar ber kantónan svo að segja allan löggæzlukostnað, nema kostnað við götulögreglu, en í sumum sveitarfélögum, einkum þó stærri borgum, lendir svo að segja allur löggæzlukostnaður á þeim sjálfum.

Svona mætti lengi halda áfram, en af þessu verða engar almennar reglur dregnar. Til upplýsingar þykir því eðlilegast að víkja að einu sveitarfélagi og aðstöðu þess til kantónu og ríkis eftir því sem ástæða þykir til. Fyrir valinu hefur orðið stærsta borg landsins, Zürich, sem er þó aðeins eitt af 170 sveitarfélögum í Zürichkantónunni, og það eins þótt helmingur íbúa hennar búi í borginni.

III.

Tekjustofnar Zürichborgar

eru sem hér segir:

A. *Tekjustofnar, sem hún fær ein og innheimtir sjálf.*

1. Fasteignaskattur (Liegenschaftensteuer), sem er eins og nafnið bendir til skattur, sem lagður er árlega á allar fasteignir í borginni. Skatturinn í Zürichkantónu má nema allt að 0.5‰ af verðmæti viðkomandi eignar í ársbyrjun hverju sinni. Undanþegnar skattskyldu eru stofnanir ríkis og kantónu, svo og eignir borgarinnar, sem notaðar eru til opinberra þarfa. Enn fremur eignir félaga og stofnana, sem starfa í almannaþágu, t. d. skólar og aðrar menntastofnanir, kirkjur o. s. frv.
2. Söluskattur fasteigna (Handänderungssteuer). Þegar eigendaskipti verða á fasteign, má leggja skatt, allt að 2%, á söluverð eignarinnar. Nokkrar undantekningar eru frá skattskyldu með sama hætti og er um fasteignaskatt, svo og ef um er að ræða eignayfirfærslu vegna stofnunar eða slita á félagsbúi hjóna, erfða, breytinga á rekstrarformi, gjaldþrots, útlagningar til ófullnægðs veðhafa o. fl.
3. Gróðaskattur fasteigna (Grundstückgewinnsteuer). Auk söluskatts fasteigna má leggja í sambandi við eignayfirfærslu fasteigna sérstakan skatt á gróða þann, er seljandi hefur af sölunni. Eignir ríkis, kantónu og sveitarfélags eru undanþegnar þessum skatti, svo og eignir kirkna, skóla og stofnana, er starfa til almenningsheilla.

   Nokkrar fleiri undanþágur eru frá skattskyldu.

   Skattandlagið er sá mismunur, sem verður á söluverði eignar og því verði, er seljandi varð að gjalda fyrir eignina (matsverði, ef hann hefur byggt hús, sem selt er).

   Til frádráttar þeirri hækkun, sem verða kann, kemur eftir vissum reglum kostnaður við endurbætur á eigninni, framlög, er greidd kunna að hafa verið vegna gatnagerðar, gangstétta o. fl.

   Skatturinn getur orðið allt að 40% af hreinum söluhagnaði. Hann er stighækkandi eftir því sem ágóði er meiri en fer lækkandi eftir því, sem aðili hefur átt eignina lengur, t. d. getur hann komizt niður í 5%, ef eignarhald hefur staðið lengur en 20 ár.
4. Brunavarnaskattur (Feuerwehrersatssteuer) er óverulegur nefskattur, sem er lagður á þá karlmenn, er ekki starfa persónulega að brunavörnum.
5. Einstaklingsskattur (Personalsteuer) er einnig óverulegur, þ. e. 8 frankar á

hvern einstakling, 20 ára og eldri, og er lagður á án tillits til tekna og annarra aðstæðna. Hjón greiða sem einstaklingar.

6. Skemmtanaskattur er lagður á ýmsar skemmtanir og er að jafnaði um 10% af verði aðgöngumiða.

B. *Tekju- og eignarskattsviðauki.*

Aðaltekjustofn ríkisins er tekju- og eignarskattur, sem er beinn skattur, lagður á einstaklinga og ópersónulega aðila.

Skattur þessi er mjög stighækkandi. Undanþágur frá skattgreiðslu eru nauðafáar. Stofnanir sambandsríkisins, kantóna og sveitarfélaga eru undanþegnar, svo og líknarfélög. Lagt er í einu lagi á tekjur hjóna.

Sambandsríkið ákveður með lögum hver tekjuskattur skuli vera hjá hverjum greiðanda og er þar settur sérstakur skattstigi.

Svo er kantónu og sveitarfélagi heimilað hvoru um sig að leggja í sínar þarfir á skatt hvers gjaldanda tiltekinn hundraðshluta, þó ekki meira en 250%. Álagið verður í hvoru tilvikinu um sig að verða nægilegt til að brúa bilið milli útgjalda og annarra tekna sveitarfélagsins, og fer álagsprósentan eftir því.

Álag Zürichkantónu 1955 var 105% og álag Zürichborgar var 148%.

Í ársbyrjun hverju sinni er hverjum gjaldanda gert að skila framtali tekna fyrir liðið ár ásamt greinargerð um eignir. Þetta framtal er síðan metið af sérstökum embættismanni kantónunnar, sem síðan ákveður skattinn eða áætlar, ef framtal hefur ekki borizt.

Ef maður vill ekki una álagningu, á hann rétt á skriflegri greinargerð embættismannsins um álagninguna, og getur hann síðan skotið álagningunni til 5 manna nefndar, sem skipuð er úr hópi almennra borgara (Steuer-kommission). Kostar það málsskot ekkert.

Ef hann vill ekki heldur una niðurstöðu nefndarinnar, má skjóta álagningunni til 5 manna sérfræðinganefndar (Rekurz-kommission). Ef álagning verður óbreytt, þarf að greiða málskostnað.

Þar fyrir ofan er stjórnsýsludómstóll (Verwaltungsgericht) kantónunnar og að lokum má leggja mál til hæstaréttar.

Talið er, að um 98% gjaldenda uni að jafnaði álagningu, 1% unir fyrsta dómsstigi, en um 1% heldur kæru áfram.

Sá einkennilegi háttur er á hafður, að kantónur innheimta tekju- og eignarskatt ríkisins, en sveitarfélögin innheimta, auk álags síns á þann skatt, álag kantónanna. Eru síðan réttum aðilum staðin skil á skattinum.

Gjalddagar eru 3 á ári, 1. júní, 1. sept. og 1. des. Ef gjaldandi greiðir að fullu fyrir 1. júní, fær hann 1% afslátt af þeim ⅔, sem mátt hefðu greiðast síðar.

Skattgreiðslur ganga svo að segja eingöngu gegnum póstskrifstofur, og hafa atvinnurekendur ekkert með að gera innheimtu hjá starfsmönnum. Innheimta virðist þó ganga vel. Árið 1957 voru í Zürichborg aðeins gerð um 4000 lögtök, þar af 2400 með árangri, en 1600 árangurslaus. Virðist það ekki há tala, þegar haft er í huga, að í Zürichborg búa um 430 þúsund íbúar.

Þessi skattur nemur almennt um helmingi af tekjum kantóna og sveitarfélaga.

C. *Arður af eignum.*

Mörg sveitarfélög stunda atvinnurekstur, svo sem rekstur rafmagnsveitna, vatnsveitna og gasveitna o. s. frv. Af þessum rekstri hefur Zürichborg nokkurn ágóða. Virðist hann hafa verið um 7% heildartekna.

D. *Tekjur frá æðra settum aðilum.*

1. Kantónur eiga rétt á ýmiss konar ríkisframlögum vegna kvaða, sem ríkið leggur á kantónuna, t. d. að því er varðar vegagerð, heilbrigðismál og menntamál og ýmissa fleiri.

2. Sveitarfélögin eiga rétt á framlögum vegna ýmissa kvaða, er ríkið og kantónurnar leggja á þau.
3. Þar sem sveitarfélögin eru eins og að líkum lætur mjög misjafnlega sett fjárhagslega, getur svo farið, að sumum takist ekki að ná saman endum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Verður þá að leita til kantónunnar um hjálp. Ef kantónan telur, að fyrirliggjandi frumvarp sé eðlilegt eftir aðstæðum, veitir hún féð. Hins vegar er henni heimilt að gera kröfur um lækkun útgjalda, ef henni þykir í of mikið ráðizt. Við þetta kemst sveitarfélagið undir eins konar eftirlit kantónunnar, og mun þetta eina dæmið um afskiptarétt kantóna af sveitarfélagi umfram það, sem beinlínis er ákveðið í lögum, en það er fyrst og fremst í sambandi við staðfestingu á reglugerðum og slíku. Hvorki fjárhagsáætlanir né reikningar eru að öðru leyti háð staðfestingu eða eftirliti annarra aðila.

Að lokum má geta þess, að ekki varð séð, að neinn áhugi væri á því að breyta til með álagningu og innheimtu skatta í Sviss. Var talið þar með öllu ástæðulaust að innheimta skatta jafnóðum og tekna er aflað.

Nd. 390. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

14. gr. 1. málsgr. laganna orðist svo:

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkvæmt II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í II. og III. kafla frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga felst, að félagi því, er um ræðir í lögum nr. 43/1947, um innlenda endurtryggingu o. fl., er skylt að greiða fasteignaskatta til sveitarfélags og aðstöðugjald. Þykir heppilegt að breyta lögum um félagið til samræmis við greind ákvæði frumvarpsins. Um vatnsskatt, holræsagjöld, gangstéttagjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.

Nd. 391. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

7. gr. 1. málsgr. laga nr. 102/1936 orðist svo:

Landssmiðjan greiðir fasteignaskatt samkv. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga svo og landsútsvar samkv. IV. kafla sömu laga, en hún greiðir hvorki aðstöðugjald né útsvör.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 17. gr., er gert ráð fyrir, að landssmiðjan greiði landsútsvar, og einnig felst það í II. kafla þess frumvarps, að fyrirtæki þetta greiði fasteignaskatta til sveitarfélags. Þykir heppilegt að lögum um landssmiðju sé breytt til samræmis við þessi ákvæði frumvarpsins um tekjustofna sveitarfélaga. Um vatnsskatt, holræsagjöld, gangstéttagjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.

Nd. 392. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga felst, að vátryggingafélög samkv. lögum nr. 61/1947 skuli gjalda fasteignaskatt og aðstöðugjald samkv. II. og III. kafla frv. Þykir heppilegt að breyta lögum nr. 61/1947 til samræmis við greind ákvæði frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Um vatnsskatt, holræsagjald, gangstéttagjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.

Nd. 393. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignaskatti og landsútsvari samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 17. gr., er lagt til, að sementsverksmiðjan greiði landsútsvar, og einnig felst það í II. kafla þess frumvarps, að fyrirtækið gjaldi fasteignaskatta til sveitarfélaga. Þykir heppilegt að breyta lögum um sementsverksmiðju til samræmis við greind ákvæði frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Um vatnsskatt, holræsagjöld, gangstéttargjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.

Nd. 394. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkv. II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 17. gr., er lagt til, að Áburðarverksmiðjan greiði landsútsvar, og einnig felst það í II. kafla þess frv., að fyrirtækið gjaldi fasteignaskatta til sveitarfélaga. Þykir heppilegt að breyta lögum um Áburðarverksmiðjuna til samræmis við greind ákvæði frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Um vatnsskatt, holræsagjöld, gangstéttargjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.

Nd. 395. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

14. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1955, orðist svo:

Síldarverksmiðjurnar eru undanþegnar tekju- og eignarskatti, svo og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 37 14. maí 1955.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 17. gr., er lagt til, að Síldarverksmiðjurnar greiði landsútsvar, og einnig felst það í II. kafla þess frv., að Síldarverksmiðjurnar gjaldi fasteignaskatt til sveitarfélaga. Þykir heppilegt að breyta lögum um Síldarverksmiðjurnar til samræmis við greind ákvæði frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Um vatnsskatt, holræsagjöld, gangstéttagjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.

Nd. 396. Frumvarp til laga [185. mál]

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

14. gr. 2. málsgr. orðist svo, en núverandi 2. málsgr. verður 3. málsgr.:

Einkasalan greiðir fasteignaskatta og landsútsvar samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 17. gr., er lagt til, að Viðtækjaverzlun ríkisins greiði landsútsvar, og einnig felst það í II. kafla þess frv., að fyrirtækið gjaldi fasteignaskatta til sveitarfélaga. Þykir heppilegt að breyta lögum um útvarpsrekstur ríkisins til samræmis við greind ákvæði frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Um vatnsskatt, holræsagjöld, gangstéttargjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.

Nd. 397. Frumvarp til laga [186. mál]

um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Tekjur vátryggingarfélaga af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga, en félögin skulu þó gjalda fasteignaskatt og aðstöðugjald samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í II. og III. kafla frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga felst, að félög þau, er um ræðir í 1. gr. laga nr. 25/1954, eru skyld til að greiða fasteignaskatta og aðstöðugjöld til sveitarfélaga. Þykir heppilegt að breyta lögum nr. 25/1954 til samræmis við þetta. Um vatnskatt, holræsagjöld, gangstéttagjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.

Nd. 398. Frumvarp til laga [187. mál]

um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Tekjur vátryggingafélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélags, en félögin skulu þó gjalda fasteignaskatta og aðstöðugjald samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í II og III. kafla frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga felst, að félög þau, er um ræðir í lögum nr. 50/1954, 1. gr., eru skyld til að greiða fasteignaskatta og aðstöðugjald. Þykir heppilegt að breyta lögum nr. 50/1954 til samræmis við þetta. Um vatnsskatt, holræsagjöld, gangstéttargjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.

Ed. 399. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 11. gr. Í stað orðanna „og aðstöðugjald eða“ í 1. málsl. A-liðar komi: aðstöðugjald og.
2. Við 13. gr.
   a. Aftan við síðustu málsgr. D-liðar komi nýr málsl., svo hljóðandi:
      Fyrir þá, sem eru ekki aðilar að lífeyrissjóðum, má þó frádráttur nema allt að 6000 kr.
   b. E-liður orðist svo:
      Námskostnað, sem stofnað er til eftir tuttugu ára aldur, má, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu 5 ár, eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum.
3. Við 22. gr.
   a. Fyrir orðin „5 ára í senn“ í B-lið komi: 1 árs í senn.
   b. Fyrir orðin „næstliðin 5 ár“ í sama lið komi: síðastliðið ár.
4. Við 28. gr.
   a. Fyrir orðin „Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Vestmannaeyjakaupstað“ komi: Rangárvallasýslu og Árnessýslu.
   b. Á eftir 7. tölul. komi nýr liður, svo hljóðandi:
      Vestmannaeyjakaupstaður.
5. Við fyrirsögn VI. kafla. Orðið „tekna“ falli niður.
6. Við 52. gr. Fyrir orðin „slys eða mannslát hefur“ í 1. tölul. komi: slys, mannslát eða skuldatöp hafa.
7. Við 55. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist:
   Falla þá niður umboð allra skattanefnda og ríkisskattanefndar.

Ed. 400. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 22. gr. 2. málsl. H-liðar orðist svo:
Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum þeim eignarhluta á nýja matsverðinu, er svarar til þess árafjölda, sem liðinn er af áætluðum endingartíma, sbr. 15. gr.

Ed. 401. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 33. gr. Orðin „og varaskattstjóri sæti skattstjóra“ falli niður.

Nd. **402. Frumvarp til laga** [139. mál]

um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed., 13. marz.)

Samhljóða þskj. 375 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

A. Rekstrarkostnað, það er þau gjöld, sem eiga á árinu að ganga til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er beinlínis stafa af atvinnu eða öflun tekna, svo og fyrningu, sbr. 15. gr., aðstöðugjald og það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur launauppbót greidd starfsmönnum og verkamönnum, hvort sem hún er goldin í reiðufé eða hlutabréfum. Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefur varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann hefur sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingafé, og ekki má færa til gjalda greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.

B. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. Það árið kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún sé töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð, að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, sem greiðsla átti sér stað.

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið fyrir ráðstafanir hins opinbera.

C. Frá embættistekjum skal daga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefur í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættinu hvíla.

13. gr. hljóðar svo:

Frá tekjum skal enn draga, áður en skattur er á þær lagður:

A. Kostnað við stofnun heimilis. Skal hann dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjúskap, og skal sá frádráttur nema 20000 kr. Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.

B. Helming af björgunarlaunum, er áhafnir skipa hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir þeirra skipa, sem eingöngu eru björgunarskip.

C. Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, atvinnuleysissjóða, þó ekki umfram 5% — fimm af hundraði — af hreinum tekjum einstaklinga. Enn fremur félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5‰ — fimm af þúsundi — af veltu fyrirtækjanna.

D. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærri

upphæð en 10000 kr. á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslu til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi, sem því nemur, og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árabil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár (annuitetstrygging).

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkv. lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyristryggingu dragist frá tekjum samkv. framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar meðal annars fyrirmæli um vörzlu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki hærra iðgjald en 4000 kr. Fyrir þá, sem eru ekki aðilar að lífeyrissjóðum, má þó frádráttur nema allt að 6000 kr.

E. Námskostnað, sem stofnað er til eftir tuttugu ára aldur, má, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu 5 ár, eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum.

22. gr. hljóðar svo:

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

A. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati, eða áætluðu matsverði, ef fasteignamat er ekki fyrir hendi.

B. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með verðlagi, er ríkisskattanefnd ákveður til 1 árs í senn, í fyrsta sinn með hliðsjón af matsverði til skatts síðastliðið ár.

C. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.

D. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.

E. Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.

F. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.

G. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau, þegar skatturinn er lagður á. Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

H. Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1962—63 að láta meta áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna og breyta bókfærðu verði á eignum samkvæmt því, enda telst verðhækkunin ekki til skattskyldra tekna. Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum þeim eignarhluta á nýja matsverðinu, er

svarar til þess árafjölda, sem liðinn er af áætluðum endingartíma, sbr. 15. gr. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd matsins.

28. gr. hljóðar svo:

Á landinu skulu vera þessi skattumdæmi:

1. Reykjavík.
2. Vesturlandsumdæmi, sem nær yfir Akraneskaupstað, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
3. Vestfjarðaumdæmi, sem nær yfir Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstað svo og Strandasýslu.
4. Norðurlandsumdæmi vestra, sem nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
5. Norðurlandsumdæmi eystra, sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað.
6. Austurlandsumdæmi, sem nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
7. Suðurlandsumdæmi, sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.
8. Vestmannaeyjakaupstaður.
9. Reykjanesumdæmi, sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Kópavogskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað og Keflavíkurflugvöll.

Fjármálaráðherra ákveður aðsetur skattstjóra í hverju umdæmi. Þá getur og fjármálaráðherra, ef sérstaklega stendur á, ákveðið önnur mörk milli einstakra skattumdæma en í 1. málsgr. segir.

33. gr. hljóðar svo:

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef það mál varðar hann sjálfan, konu hans, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini, fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti eigi litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í ríkisskattanefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

Fyrirsögn VI. kafla hljóðar svo:

Um framtöl, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.

52. gr. hljóðar svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef veikindi, slys, mannslát eða skuldatöp hafa skert gjaldþol skattþegns verulega.
2. Ef skattþegn hefur veruleg útgjöld haft vegna menntunar barna sinna, eldri en 16 ára.
3. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað. Nú fellst skattstjóri á umsókn framfæranda, og skal hann þá eiga rétt á tvöföldum barnafrádrætti vegna barna þessara, sbr. 16. gr.
4. Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu, má veita sama frádrátt og fyrir börn.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglugerð. Skattstjóri getur af eigin hvötum veitt lækkun samkvæmt þessari grein. Ríkisskattstjóri skal fylgjast sérstaklega með lækkunum samkvæmt þessari grein og sjá til þess, að samræmis sé gætt.

55. gr. hljóðar svo:

Ákvæði I., II., III., IV. og VIII. kafla laga þessara, svo og 31. gr., taka gildi þegar í stað, að fráskildum ákvæðum 52. og 53. gr., og skal ákveða skatta af tekjum og eignum ársins 1961 samkvæmt því. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði I., II., III., VII. og VIII. kafla laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, að fráskildri 62. gr., ásamt breytingarlögum nr. 36/1958, 40/1959 og 18/1960, og einnig falla þá úr gildi lög nr. 59/1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, og lög nr. 33/1960, um breyting á þeim lögum. Enn fremur falla úr gildi frá sama tíma öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við greind ákvæði laga þessara.

Ákvæði V., VI. og VII. kafla svo og ákvæði 52. og 53. gr. laga þessara taka gildi 1. okt. 1962, og frá sama tíma falla úr gildi ákvæði IV., V. og VI. kafla og 62. gr. laga nr. 46/1954, svo og öll önnur lagafyrirmæli, sem fara í bága við greind ákvæði laga þessara. Falla þá niður umboð allra skattanefnda og ríkisskattanefndar.

Reglugerðir um tekju- og eignarskatt, sem settar hafa verið samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu, eftir því sem við getur átt, unz ný reglugerðarákvæði hafa verið sett.

Nú hafa undirskattanefndum eða yfirskattanefndum verið falin sérstök störf samkvæmt lögum eða reglugerðum, og skulu þá skattstjórar þeir, sem skipaðir verða eftir lögum þessum, leysa þau störf af hendi, unz öðruvísi verður ákveðið.

Sþ. 403. Þingsályktun [61. mál]

um undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar.

(Afgreidd frá Sþ. 14. marz.)

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta athuga, á hvern hátt heppilegast verði að koma fyrir hérlendis tæknifræðikennslu fyrir iðnaðarmenn, sem í vaxandi mæli leita til erlendra tækniskóla. Sé í því sambandi athugað, hvort unnt sé að koma upp tæknifræðideild við Vélskóla Íslands eða Iðnskólann í Reykjavík. Þar til unnt verður að veita slíka fræðslu hér á landi, stuðli ríkisstjórnin í samráði við Tæknifræðingafélag Íslands að undirbúningsnámskeiðum fyrir þá, er hafa í huga að komast á tæknifræðiskóla erlendis.

Nd. 404. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til laga um Hjúkrunarskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 10. gr. Fyrir orðið „geðfræði“ í 1. málsl. komi: geðsjúkdómafræði.
2. Við 12. gr. Fyrir orðið „framhaldsnám“ í 1. málsl. komi: framhaldsmenntun.
3. Við 14. gr. Fyrir orðið „bæjarsjúkrahússins“ komi: borgarsjúkrahússins.

Alþingi, 15. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.
Birgir Finnsson, fundaskr.
Jón Skaftason.
Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara.
Jón Kjartansson.

Nd. 405. Framhaldsnefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 28 30. apríl 1959, um breyting á þeim lögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Þann 23. febr. s. l. gaf nefndin út álit um mál þetta á þskj. 317, þar sem einnig er að finna breytingartillögur nefndarinnar við frumvarpið. Með því að frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 24/1956, á þskj. 250, 125. mál, fjallar um breytingu á b-lið 52. gr. laganna, eins og frumvarpið á þskj. 287, 146. mál, hefur nefndin ákveðið að breyta tillögum sínum þannig, að þær nái tilgangi beggja frumvarpanna. Nefndin tekur þess vegna aftur breytingartillögurnar á þskj. 317 og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   b-liður 52. gr. laganna orðist svo:
   Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn greiða þó 10 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 25 kr. fyrir hverja vitjun. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein (sem verði 2. gr.):
   Við 2. mgr. 54. gr. sömu laga bætist:
   Sé um að ræða héraðslækni, sem situr í kauptúni eða kaupstað, getur sjúkrasamlag á þeim stað með samþykki Tryggingastofnunarinnar krafizt þess, að hann taki að sér að gegna heimilislæknisstörfum gegn föstu gjaldi. Takist samningar ekki, ákveður heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum.
3. Aftan við 2. gr. (sem verði 3. gr.) bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 30. apríl 1959.
4. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Alþingi, 15. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Hannibal Valdimarsson.
Jón Skaftason. Jón Kjartansson.

Nd. 406. Breytingartillaga [171. mál]

við frv. til l. um almannavarnir.

Frá Benedikt Gröndal.

Við 3. gr. Á undan fyrri málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ríkisstjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að stjórnarvöld geti gegnt hlutverki sínu og haft samband við þjóðina, þótt til hernaðaraðgerða komi í landinu.

Ed. 407. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmaður (ÁB) var ekki viðstaddur afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 15. marz 1962.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.
Sig. Ó. Ólafsson, fundaskr.
Jón Þorsteinsson.
Páll Þorsteinsson.

Nd. 408. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Telur meiri hluti hennar (BF, JK og SB), að það sé spor í rétta átt, og leggur því til, að það sé samþykkt óbreytt. Hins vegar telur meiri hlutinn, að óhjákvæmilegt sé að gera allvíðtækar aðrar ráðstafanir til þess að bæta úr þeim skorti á læknum og heilbrigðisþjónustu, sem ríkt hefur víðs vegar um land undanfarin ár.

Alþingi, 15. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.
Birgir Finnsson, fundaskr.
Jón Kjartansson.

Nd. 409. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 16 1955.

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Jónasi Péturssyni, Eysteini Jónssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Á undan 1. gr. frv. komi ný grein (er verði 1. gr.), svo hljóðandi:
36. og 37. tölul. 1. gr. laganna orðist svo:

36. **Austur-Egilsstaðahérað:** Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Eiðahreppur og Hjaltastaðahreppur. Læknissetur í Egilsstaðaþorpi;
37. **Bakkagerðishérað:** Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi.

Ed. 410. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og borið saman við ríkisreikninginn. Hefur nefndin ekki fundið neitt athugavert við niðurstöðutölur. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en tveir nefndarmenn (KK og BjörnJ) munu væntanlega skila séráliti.

Alþingi, 16. marz 1962.

Ólafur Björnsson, form.	Magnús Jónsson, frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.

Nd. 411. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Daníel Ágústínusson.

1. gr.

7. gr. laganna breytist þannig:

1. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður, þannig:
   Vinna með skurðgröfum, jarðvinnsluvélum og hvers konar vegagerðarvélum.
2. 2. tölul. (verður 3. tölul.) orðist svo:
   Vinna við viðgerðir á skipum, flugvélum, landbúnaðarvélum og vegagerðarvélum.
3. Á eftir 11. tölul. (verður 12. tölul.) komi tveir nýir töluliðir, þannig:
   a. Þvottahús sjúkrahúsa, bæjar- og sveitarfélaga og samvinnuþvottahús.
   b. Samkomur ungmennafélaga, íþróttafélaga, kvenfélaga, skátafélaga, bindindisfélaga og annarra menningarfélaga. Enn fremur allar samkomur annarra aðila, sem haldnar eru til ágóða fyrir líknar- og menningarstarfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta flutti ég á síðasta þingi, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Lögin um söluskatt eru senn ársgömul. Er ekki óeðlilegt, þótt á jafnviðtækri löggjöf hafi komið fram ýmsir vankantar, sem nauðsynlegt er að sníða af. Með frumvarpi þessu er stigið spor í þá átt. Tekin eru fá atriði, sem snerta starfsemi og þjónustu. Er farið mjög hóflega í breytingar í þeirri von, að um þær geti orðið almennt samkomulag og þær hljóti afgreiðslu á þessu þingi, svo sem mikil nauðsyn er á. Ég hef leyft mér að flytja fjórar breytingartillögur um aukin undanþáguákvæði í 7. gr. laganna. Skulu breytingar þessar skýrðar í einstökum atriðum:

1) Lagt er til, að skurðgröfur, jarðvinnsluvélar og allar tegundir vegagerðarvéla verði undanþegnar söluskatti. Í upphafi héldu margir, að vinna með fyrrnefnd tæki væri ekki söluskattskyld. Hafa þeir sennilega gert ráð fyrir því, að hún félli undir úrskurð ráðherra og hlyti þannig undanþágu. En niðurlag 7. gr. laganna er þannig: „**Ráðherra kveður nánar á um það, hvað fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar og næstu greinar hér á undan.**“

Í leiðbeiningum um söluskatt, sem fjármálaráðherra hefur látið gefa út — til viðbótar reglugerðinni — og skattheimtumönnum ríkissjóðs er ætlað að fara eftir, segir m. a.:

„**Búnaðarfélög og ræktunarsambönd** eru söluskattskyld af allri seldri vinnu og hliðstæðri starfsemi, sbr. úrsk. um vélavinnu.

Vélamenn: Vinna vélamanna skoðast sem hluti af vélavinnu og er söluskattskyld, sbr. vélavinna.

Vélavinna, þar með talin vinna þeirra, er vélunum stjórna.

Vinna með vélum og öðrum meiri háttar tækjum, sem notuð eru við húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð, svo sem ámokstursvélar, steypuvélar, jarðýtur, skurðgröfur, vegagerðarvélar o. s. frv., er skattskyld. Gildir þetta jafnt, hvort í hlut eiga einstaklingar eða fyrirtæki ríkis og bæjar. Vinna þeirra manna, sem með vélarnar fara, er einnig skattskyld."

Það er því ekki um það að villast, að samkvæmt úrskurði ráðherra er starfsemi þessi söluskattskyld, enda þótt furðulegt megi teljast. Hér er yfirleitt ekki um venjulega sölu að ræða. Þótt búnaðarfélög og ræktunarsambönd semji gjaldskrár fyrir vélar sínar, miðast hún við það eitt að greiða nauðsynlegan rekstrarkostnað og halda tækjunum sæmilega við. Hér er því um samvinnu margra bænda að ræða um kaup og rekstur á jarðvinnsluvélum, í stað þess að einstakir bændur kaupi vélar til þeirrar starfsemi. Hefur þetta reynzt ágætlega og skilað margföldum árangri við það, sem einstaklingum væri kleift. Ræktunarframkvæmdirnar — hvort sem um er að ræða skurðgröft eða jarðvinnslu — eru því nánast gerðar á kostnaðarverði. Með jarðræktarstyrknum greiðir svo ríkissjóður hluta af kostnaðinum. **Það er óhugsandi, að ræktunarframkvæmdir bænda geti nokkurn tíma orðið tekjustofn fyrir ríkissjóð, eins og ætlazt er til með lögunum um söluskatt.** Hér hlýtur því að vera um regin-misskilning að ræða, sem nauðsynlegt er að leiðrétta strax. En eins og lögin eru nú með viðeigandi skýringum, er hér um að ræða beinan skatt — 3% — á stærstu kostnaðarliðina við alla nýrækt í landinu.

Sama er að segja um söluskatt á vegagerðarvélar. **Hann er ekkert annað en skerðing á fjárveitingu til vegamála.** Ríkissjóður veitir tugi milljóna til vega- og brúamála í landinu, og alltaf er þörfin umfram fjárveitingu. Hvernig í ósköpunum má það svo ske, að vegagerðin er allt í einu orðin tekjustofn fyrir ríkissjóð? Allt þetta háttalag minnir á karlinn í þjóðsögunni, sem sagði, um leið og hann axlaði pjönkur sínar og settist á bak klárnum: „Hesturinn ber ekki það, sem ég ber." Hér hlýtur því einnig að vera um mikinn misskilning að ræða, sem leiðrétta þarf án tafar.

2) Viðgerð á skipum og flugvélum er undanþegin söluskatti, samkv. 7. gr. laganna. Það er með öllu óeðlilegt, að sama gildi ekki um landbúnaðarvélar og vegagerðarvélar, því að annars er aðalatvinnuvegum þjóðarinnar stórlega mismunað. Með frumvarpinu er lagt til, að úr misræmi þessu verði bætt.

Búnaðarfélög og ræktunarsambönd hafa víða komið sér upp viðgerðarverkstæðum eða gerzt aðilar að þeim. Með þeim hætti er viðhald vélanna raunverulega unnið á kostnaðarverði. Verkstæði þessi hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir íslenzkan landbúnað til viðhalds og endurbóta á þeim mikla vélakosti, sem bændur hafa aflað sér á undanförnum árum. Það er alveg fráleitt að skattleggja þetta samvinnustarf íslenzkra bænda, frekar en verkstæði, sem einstakir bændur kynnu að reka á heimilum sínum til viðhalds eigin tækjum. Hér er því um mjög eðlilega og sjálfsagða leiðréttingu að ræða.

3) Samkvæmt 7. gr. laganna um söluskatt er rekstur sjúkrahúsa undanþeginn söluskatti. Hins vegar segir ráðherra í leiðbeiningum til skattheimtumanna sinna eftirfarandi:

„**Þvottahús bæjar- og sveitarfélaga** og annarra opinberra aðila, þar með talin þvottahús sjúkrahúsa, eru söluskattskyld af allri starfsemi sinni."

Það orkar vart tvímælis, að þvottur er mikilsverður þáttur í rekstri sjúkrahús-

anna. Þess vegna munu öll sjúkrahús landsins telja jafnnauðsynlegt að hafa rúmgott þvottahús með fullkomnum vélum eins og eldhús, skurðstofu og herbergi til myndatöku. Það mætti því nákvæmlega á sama hátt leggja söluskatt á matinn í sjúkrahúsunum, skurðaðgerðir, myndatökur o. s. frv. Sama gildir og um þvottahús annarra heilbrigðisstofnana og elliheimila. Þetta er því fráleitara, þegar þess er gætt, að flest eða öll sjúkrahús landsins eru rekin með miklum halla og njóta þar að auki daggjalda frá ríkissjóði. **Hvaða vit er í því að gera slíkan rekstur að tekjustofni fyrir ríkissjóð?** Það þarf mikla vanþekkingu á rekstri sjúkrahúsa til að láta sér slíkt til hugar koma.

Sama er auðvitað að segja um þvottahús bæjar- og sveitarfélaga. Það er mjög skynsamleg ráðstöfun, sem ýmis sveitarfélög hafa gert, t. d. í Borgarfirði, að byggja almenningsþvottahús — eitt eða tvö í hverju hreppsfélagi eftir staðháttum — með stórvirkum og fjölbreyttum þvottavélum, í stað þess að hvert heimili sé að kaupa slíkar vélar, þótt í smærri stíl sé. Með þessu fást betri vélar og öruggari í rekstri, auk hins mikla sparnaðar á vélakaupum. Rekstrarkostnaður vélanna skiptist svo á notendurna. **Hvaða skynsamleg rök mæla með því að gera þessa samhjálp þegnanna að tekjustofni fyrir ríkissjóð frekar en þvottavélar einstakra húsmæðra í landinu?** Áreiðanlega verða þau vandfundin. Það er einnig mjög virðingarverð þjónustustarfsemi, ef einstök bæjarfélög tækju að sér rekstur þvottahúsa til hagræðis fyrir íbúana. Ekki væri sæmandi, að ríkið gerði slíka starfsemi að tekjustofni sínum, frekar en annað, sem nefnt er hér að framan. Sama máli gegnir um þvottahús, sem rekin eru í landinu.

Það virðist vera í fleiri atriðum en um þvottahús sjúkrahúsanna, sem framkvæmdin gengur jafnvel lengra en lögin ætlast til. Samkvæmt 7. gr. þeirra er **útfararþjónusta** undanþegin söluskatti. Hins vegar segja leiðbeiningar ráðherra, sem hann gefur eftir sömu lagagrein:

„Sala á líkkistum og líkklæðum er söluskattskyld.“

Er þá spurningin: Hvað er undanþegið söluskatti við hinztu ferð skattþegnanna úr þessum heimi? Einhvern tíma hefði þessi skattheimta þótt ganga nokkuð langt. Væntanlega verður þetta tekið til athugunar ásamt öðrum breytingum við meðferð málsins nú.

4) **Samkomuhald er söluskattskylt.** Í fyrrnefndum leiðbeiningum ráðherra er fyrst rætt um skemmtanir, sem eru háðar hinum almenna skemmtanaskatti. Síðan segir:

„Af öðrum skemmtunum, sem aðgangur er seldur að, hvort heldur um er að ræða skemmtun, sem skattur er greiddur af til sveitarfélaga, eða skemmtun, sem aðeins þarf leyfi lögreglustjóra til að halda, skal söluskattur reiknaður af söluverði aðgöngumiða. Sé aðgangur ekki seldur, skal skatturinn miðast við veltu, sem svarar til heildarkostnaðar skemmtunarinnar. Lögreglustjóri skal jafnan tilkynna formanni skattanefndar um hverja skemmtun, sem leyfi eru veitt fyrir.“

Það er fráleit lagasetning, að menn megi aldrei koma saman til fagnaðar án þess að gjalda ríkinu skatt eða verða lögbrjótar ella. En framangreind skýring ráðherra sýnir það ljóslega. Hér er lagt til að rýmka þetta ákvæði stórum og veita tilteknum félögum og samkomum undanþágu frá skattheimtunni. Öll eiga þessi félög það sameiginlegt að vanta fé til starfsemi sinnar og berjast í bökkum fjárhagslega. Hér er því um mjög óeðlilegan tekjustofn að ræða. Þó tekur út yfir, að þegar fólk kemur saman til gleðskapar og skiptir sameiginlegum kostnaði niður á þátttakendur, þá skuli samt vera skylt að leggja söluskatt á samkomuhaldið. Hér gengur skattheimtan áreiðanlega út yfir öll skynsamleg takmörk.

Eins og áður segir, hef ég í frumvarpi þessu valið fá atriði í von um það, að um þau fáist samkomulag á þessu þingi, enda ætti öllum að vera ljóst, að eðlilegt er að leiðrétta ýmsa vankanta á jafnviðtækri löggjöf, eftir að nokkur reynsla er fengin af framkvæmd hennar. Hér er ekki um tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð að ræða, sem skiptir verulegu máli, og í ýmsum þeim atriðum, sem frumvarp þetta

fjallar um, hlýtur innheimtan að vera seinleg og erfið. Ég vænti því, að Alþingi geti fallizt á breytingartillögur þær, sem í frumvarpinu felast, og telji þær sanngjarnar og eðlilegar eftir þá reynslu, sem fengin er.

Ed. 412. Lög [140. mál]

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1912, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Afgreidd frá Ed. 16. marz.)

Safhljóða þskj. 306.

Nd. 413. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Mál þetta hefur verið rætt á mörgum fundum nefndarinnar. Einnig hefur landlæknir, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og ráðunautar þeirra mætt á fundum nefndarinnar, sumir oftar en einu sinni, og hefur einkum verið rætt við þá um læknaskortinn í hinum fámennari læknishéruðum.

Samkomulag hefur ekki náðst um afgreiðslu frumvarpsins. Minni hlutinn, Hannibal Valdimarsson og Jón Skaftason, telur, að frumvarpið gangi allt of skammt, til þess að hægt sé að fylgja því, og komi það í þessu formi að engu gagni til þess að bæta úr læknaskorti fámennustu læknishéraðanna.

Meiri hlutinn, þeir Sigurður Bjarnason, Birgir Finnsson og Jón Kjartansson, leggur til, að það sé samþykkt óbreytt.

Á þessu þingi hefur Alþingi haft til meðferðar frv. til l. um að auka tekjur lækna í Reykjavík með því að heimila þeim að taka 10 og 25 króna gjald fyrir viðtal og sjúkravitjun.

Héraðslæknum stærri kaupstaðanna hefur þegar verið heimilað að taka greiðslu fyrir aukastörf samkvæmt taxta starfandi lækna, og hefur það orðið þeim til verulegra tekjubóta.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að embættislaun héraðslækna greiðist fyrir embættisstörf eingöngu, þ. e. hvers konar heilsuverndarþjónustu, og fyrir gegningarskyldu. En fyrir lækningar er þeim heimilað að taka greiðslu til jafns við starfandi lækna, sem ekki eru sérfræðingar.

Þetta frumvarp verður því aðallega til tekjuauka héraðslæknunum í hinum miðlungsstóru læknishéruðum.

Í fámennustu læknishéruðunum bætir þetta lítt launakjör héraðslæknisins sökum þess, hve aukatekjur eru þar litlar.

Má vissulega um það deila, hvort rétt sé og sanngjarnt að heimila héraðslæknunum, sem hafa þó embættislaunin sem launagrundvöll, að taka jafnmikið fyrir aukastörf sín sem „praktíserandi“ læknum, er að öllu leyti verða á þeim tekjum að byggja, sem þeir fá fyrir lækningastörfin. En með þessu frumvarpi er þó að því ráði horfið.

Minni hlutinn telur, að brýnasta verkefnið sé það að reyna að fá lækna í hin fámennustu héruð, sem oft hafa verið læknislaus á undanförnum árum. En þessu verkefni er að engu sinnt með þessu frumvarpi.

Þess vegna er minni hlutinn þeirrar skoðunar, að hér sé byrjað á öfugum enda. Aðaláherzluna hefði átt að leggja á að bæta úr læknisleysi hinna fámennustu læknishéraða.

Ávallt þegar rætt hefur verið á undanförnum árum um læknaskortinn sem

þjóðfélagsvandamál, hefur fyrst og fremst verið átt við öryggisleysi fólksins í hinum strjálbýlustu og fámennustu læknishéruðum og hvernig úr því mætti bæta.

Fram hjá þessu telur minni hlutinn að ekki megi ganga án aðgerða, fyrst málinu er hreyft á annað borð.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er prentuð sem fylgiskjal skýrsla og tillögur landlæknis um ráðstafanir vegna héraðslæknaskorts. Þar leggur hann til, að lögleidd verði svonefnd staðaruppbót í hinum fámennari læknishéruðum og sé hún 33⅓—50% af föstum launum læknishéraðsins.

Í annan stað leggur landlæknir til, að fámennustu læknishéruðin útvegi sjálf og kaupi nauðsynlegustu lækningatæki, er héraðslæknir þarfnast í starfi sínu, samkvæmt skrá, er landlæknir semur. Einnig leggur landlæknir til, að þessi sömu læknishéruð kaupi húsgögn í læknisíbúð og lækningastofu, svo að hinir ungu læknakandidatar, sem oftast þjóna þessum héruðum stuttan tíma, þurfi ekki ofau á námsskuldir sínar að stofna til aukinna skulda vegna þessara nauðsynja á hinum nýja stað.

Minni hlutinn telur þessar tillögur einna líklegastar til að bæta úr læknaskorti fámennustu læknishéraðanna og tekur því upp þessar tillögur landlæknis.

Enn er þess að geta, að í ályktun Alþingis frá seinasta þingi um ráðstafanir vegna læknaskorts reyndist þingmeirihluti fyrir því, að greidd yrði staðaruppbót á laun í fámennum héruðum og að hið opinbera eigi þá sjálft hin nauðsynlegustu lækningatæki.

Nú bregður hins vegar svo undarlega við, að ýmsir þeir, sem á seinasta þingi stóðu að þessum tillögum, hafa reynzt ófáanlegir til að fylgja þeim sem breytingartillögum við þetta frumvarp.

Minni hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar vill nú fá úr því skorið, hvort ekki er enn þingmeirihluti fyrir þessum tillögum til að reyna að bæta úr læknaskorti hinna fámennustu læknishéraða.

Því leggur minni hlutinn til, að frumvarpið verði því aðeins samþykkt, að á því fáist eftirfarandi

BREYTINGAR:

Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (1. gr.) Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Í mannfæstu læknishéruðunum skal greiða álag á föst laun, er nefnist staðaruppbót, samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Héraðslæknar í héruðum með færri en 600 íbúa hljóti staðaruppbót, er nemi 50% fastra launa.
b. Héraðslæknar í héruðum með 600—800 íbúa hljóti staðaruppbót, er nemi 33⅓% fastra launa.

Gegni héraðslæknir í héraði, er staðaruppbótar nýtur, öðru héraði ásamt sínu, fellur staðaruppbót niður.

b. (2. gr.) Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Læknishéruð með færri en 600 íbúa skulu sjálf útvega og kaupa nauðsynlegustu lækningatæki, er héraðslæknir þarfnast í starfi sínu. Skal slík útvegun tækja gerð í fullu samráði við heilbrigðisstjórnina hverju sinni.

Enn fremur kaupi sömu héruð húsgögn í lækningastofu og í sem svarar 2—3 herbergja læknisíbúð. Húsgögnin skulu vera af einföldustu gerð og þannig valin, að auðvelt sé að geyma þau tímum saman án skemmda.

Lyfjaforði í þessi héruð skal keyptur af héraðslækni og er hans eign sem í öðrum héruðum, en heimilt er Lyfjaverzlun ríkisins að veita honum allt að fjögurra mánaða greiðslufrest á andvirði lyfjanna.

Alþingi, 17. marz 1962.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Jón Skaftason.

Ed. 414. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar, stuðningsmenn stjórnarinnar, vill samþykkja frumvarpið óbreytt, en við undirritaðir álítum, að gera þurfi breytingar á frumvarpinu.

Í formála fyrir bráðabirgðalögunum, sem frumvarpi þessu er ætlað að staðfesta, er frá því skýrt, að ríkisstjórnin hafi gefið fyrirheit um breytingu á hluta af lausaskuldum bænda í föst lán til langs tíma með svipuðum hætti og gert hefur verið með sérstökum lögum gagnvart fyrirtækjum, sem stunda útgerð fiskiskipa og fiskvinnslu.

Í frumvarpi þessu og fyrirhugaðri framkvæmd laganna er langt frá því, að staðið sé við þetta fyrirheit, því að bændum er að ýmsu leyti ætlað að búa við miklu lakari kjör en útvegsmönnum. Í lögunum um breytingar á lausaskuldum útgerðarfyrirtækja var stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabankann gert að skyldu, að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum, að veita lánin til langs tíma. Í frumvarpi því um lausaskuldir bænda, sem hér liggur fyrir, er enga tryggingu að finna fyrir því, að nokkur stofnun eða skuldheimtumaður taki við bréfum þeim, sem lánin eru veitt í, á nafnverði. Var því augljóst, að erfitt eða jafnvel ókleift yrði fyrir bændur að notfæra sér bréfin til skuldagreiðslu.

Nú hefur að vísu náðst um það samkomulag við Seðlabankann og ríkisbankana þrjá, Landsbankann, Útvegsbankann og Búnaðarbankann, að þeir taki bankavaxtabréf þessi af viðskiptamönnum sínum á nafnverði. Er að því mikil bót, enda þótt samkomulagið sé takmarkað við skuldagreiðslu eða innlán í bundinn reikning. Samt sem áður skortir enn mikið á, að bændur eigi að njóta sömu kjara og útvegsmenn þeir, sem á síðastliðnu ári fengu lausaskuldum breytt í föst lán.

Af skuldaskilalánum sjávarútvegsins eru vextir ákveðnir 6½%. Bændum er hins vegar ætlað að greiða 8% vexti eftir reglum þeim, sem settar hafa verið samkvæmt bráðabirgðalögunum, sem hér á að staðfesta. Samkvæmt frumvarpi þessu skulu lán aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda og mannvirkjum, sem á jörðunum eru. Útvegsmenn fengu hins vegar lán gegn veði í vinnslustöðvum og vélum. Vegna óvissu þeirrar, sem lengi var ríkjandi um það, hvort bankavaxtabréfin yrðu raunverulega gjaldgeng eða ekki, létu ýmsir undir höfuð leggjast að sækja um lán þessi. Fékkst eigi vitneskja um það fyrr en löngu eftir að umsóknarfrestur var liðinn, að bankarnir mundu taka bréfin. Ef ranglæti á að afstýra, þarf því að ákveða nýjan umsóknarfrest.

Það eru alls engin rök fyrir því, að bændur sæti lakari lánskjörum en útvegsmenn við hliðstæðar lánveitingar. Það er þvert á móti að okkar dómi eðlilegt, að lánskjör samkvæmt þessu frumvarpi séu sem líkust því, sem nú er á hliðstæðum lánum til útgerðarfyrirtækja. Flytjum við á sérstöku þingskjali nokkrar breytingartillögur, sem allar miða í þá átt, að svo verði. Er þar gengið til móts við óskir bænda, er fram komu í bréfi stjórnar Stéttarsambands bænda frá 3. nóv. s. l., en það er birt sem fylgiskjal með nefndaráliti 1. minni hluta fjárhagsnefndar neðri deildar á þingskjali 132. Verður nánari grein gerð fyrir þeim breytingartillögum í framsögu.

Alþingi, 17. marz 1962.

Ólafur Jóhannesson, frsm. Björn Jónsson.

Alþt. 1961. A. (82. löggjafarþing). 148

Ed. 415. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá Ólafi Jóhannessyni og Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „1960“ í 2. málsgr. komi: 1961:
   b. Við greinina bætist:
   og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á undanförnum árum hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en hafa ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.
2. Við 2. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
   Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, landbúnaðarvélum bænda og vinnslustöðvum landbúnaðarins.
   b. 2. málsgr. orðist svo:
   Lánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir allt að 20 ár. Lán út á vélar allt að 10 ár.
   c. Við 3. málsgr. bætist:
   en þó séu vextirnir eigi hærri en 6½% á ári.
3. Við 6. gr. Framan við greinina komi:
   Umsóknir um lán samkvæmt lögum þessum skulu sendar veðdeildinni fyrir 1. maí 1962.

Nd. 416. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Í 11. gr. laganna bætist ný málsgr., sem verður 1. málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er kirkjustjórn að ákveða, að fengnum tillögum sóknarnefnda prestakalls og með ráði sóknarprests og héraðsprófasts, að flytja skuli prestssetur á hentugri stað í prestakalli. Ákvörðun um þetta efni skal birta með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. samkvæmt ósk dóms- og kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Frv. fylgir eftirfarandi greinargerð:

Í eldri lögum um skipun prestakalla voru prestssetur ekki lögákveðin, en ákvæði um það voru tekin upp í lög 31 1952. Nú á síðari árum hafa orðið mjög örar breytingar á búskaparháttum sóknarpresta og byggð í prestaköllum, sem leiðir til þess, að mjög oft koma fram óskir um flutning á aðsetri sóknarpresta innan prestakalls þeirra. Þykir því hentugt, að almenn heimild til flutnings prestsseturs sé í lögum, að uppfylltum skilyrðum um tillögur hlutaðeigandi aðila.

Ed. 417. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Munu tveir nefndarmenn skila séráliti, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frv. felur í sér miklar hagsbætur fyrir bændur, þar eð ætla má, að hægt verði að verulegu leyti að losa þá við lausaskuldir sínar. Tryggt hefur verið fyrir milligöngu landbúnaðarráðherra, að Seðlabankinn og viðskiptabankarnir munu gera sparisjóðum og viðskiptafyrirtækjum bænda kleift að losna við veðdeildarbréfin að verulegu leyti, þannig að þessir aðilar geta auk bankanna veitt þá fyrirgreiðslu, sem frv. gerir ráð fyrir. Þá er með frv. ríkisstjórnarinnar um stofnlánadeild landbúnaðarins lagður grundvöllur að mikilli eflingu stofnlánastarfsemi í þágu bænda, þannig að lausaskuldir vegna framkvæmda ættu ekki á næstu árum að þurfa að myndast í sama mæli og verið hefur.

Alþingi, 19. marz 1962.

Ólafur Björnsson,	Jón Þorsteinsson,	Magnús Jónsson,
form.	fundaskr.	frsm.

Nd. 418. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á tveimur fundum og sendi það til umsagnar þremur aðilum, Tryggingastofnun ríkisins, Íþróttasambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands.

Tryggingastofnunin viðurkennir fyllilega þörf þess, að allir íþróttamenn séu tryggðir, en lætur í ljós, að frjáls trygging gæti einnig komið til greina.

Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands mæla fastlega með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndin er sammála um, að þörf sé á, að íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni, sé örugglega tryggt, en þó fékkst ekki samkomulag um að mæla með samþykkt frumvarpsins að þessu sinni.

Upplýst var, að nefnd starfaði að endurskoðun tryggingalaganna, og féllust allir nefndarmenn á að fara þess á leit við hæstvirtan félagsmálaráðherra, að hann riti nefndinni bréf og leggi fyrir hana að gera einnig tillögur um slysatryggingu íþróttafólks.

Með tilliti til framanritaðs leggur nefndin til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að félagsmálaráðherra riti nefnd þeirri, er nú vinnur að endurskoðun vissra atriða í tryggingalöggjöfinni, og leggi fyrir hana að taka einnig til athugunar og gera tillögur um slysatryggingar íþróttafólks, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. marz 1962.

Sigurður Bjarnason,	Birgir Finnsson,	Hannibal Valdimarsson,
form.	fundaskr.	frsm.

Jón Skaftason. Jón Kjartansson.

Sþ. 419. Nefndarálit [83. mál]

um till. til þál. um gufuveitu frá Krýsuvík til iðnaðarþarfa og rekstrar hitaveitna.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 16. marz 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Halldór E. Sigurðsson.
Halldór Ásgrímsson.	Ingvar Gíslason.	Gunnar Gíslason.
Guðlaugur Gíslason.	Karl Guðjónsson.	Jón Árnason.

Ed. 420. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Einn nefndarmanna (AGl) var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Nefndin mælir með samþykkt frv. með þessum

BREYTINGUM:

Við 6. gr.

a. Í stað orðanna „þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðar þessarar greinar“ í 1. tölul. komi: löglegum félagsmönnum.
b. Í stað „60 þúsund“ í 4. tölul. komi: 65 þúsund.
c. Í stað orðanna „vísitölu framfærslukostnaðar“ í 4. tölul. komi: breytingar á almennu kaupgjaldi verkamanna.
d. Síðasti málsl. 8. tölul. orðist svo:
Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir upp lánið.

Alþingi, 19. marz 1962.

Jón Þorsteinsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm.	Auður Auðuns.
	Karl Kristjánsson, með fyrirvara.	

Ed. 421. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. AGl skilar séráliti. KK var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 18. marz 1962.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.

Nd. 422. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1955, um breyting á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (BFB) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 19. marz 1962.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Unnar Stefánsson, fundaskr. Gunnar Jóhannsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 423. Breytingartillaga [156. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Við 3. gr. Í stað orðanna „150 þúsund krónur“ komi: 200 þúsund krónur.

Sþ. 424. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]

varðandi 5 ára áætlunina um framkvæmdir í landinu.

Flm.: Ingvar Gíslason, Ólafur Jóhannesson, Halldór Ásgrímsson, Sigurvin Einarsson, Gunnar Guðbjartsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að vera í ráðum með ríkisstjórninni við gerð fyrirhugaðrar 5 ára áætlunar um framkvæmdir í landinu.

Jafnframt ályktar þingið að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Alþingi það, er nú situr, skýrslu um það, er þegar hefur verið unnið að áætlun þessari, og niðurstöður, sem fyrir hendi kunna að vera.

Greinargerð.

Á fyrra hluta s. l. árs varð kunnugt af almennum blaðafréttum, að komnir væru til landsins norskir hagfræðingar á vegum ríkisstjórnarinnar til þess að gera áætlun um framkvæmdir í landinu nokkur ár fram í tímann. Ekki hafði verið haft samráð við Alþingi um málið, en snemma á þingtímanum í vetur gerði Bjarni Benediktsson, þáverandi forsætisráðherra, mál þetta að umræðuefni á Alþingi, og varð ljóst af orðum hans, sem raunar var á flestra vitorði, að unnið væri að fimm ára framkvæmdaáætlun á vegum ríkisstjórnarinnar, og af orðum annars ráðherra, Gylfa Þ. Gíslasonar, sem blað hans, Alþýðubl., hafði eftir honum hinn 26. okt. s. l., mátti ætla, að áætlunargerð þessari væri þá mjög langt komið, enda kveður blaðið ráðherrann hafa sagt, að framkvæmdaáætlunin mundi móta starf ríkisstjórnarinnar síðari helming kjörtímabils hennar og hér væri um mikið stórmál að ræða. Þessi ummæli viðskiptamálaráðherra urðu tæplega skilin á annan veg en þann, að byrjað yrði að framkvæma áætlunina á þessu ári, enda þá komið fram á síðari helming kjörtímabilsins.

Flestum mun hafa þótt tilhlýðilegt frá upphafi, að áætlun sem þessi væri birt almenningi og a. m. k. lögð fyrir Alþingi, áður en ríkisstjórnin tæki endanlega ákvörðun um framkvæmd hennar. Eins er sú skoðun bæði sanngjörn og eðlileg, að sérlega kjörnir fulltrúar Alþingis hefðu frá byrjun verið með í ráðum um undirbúning og samningu slíkrar áætlunar. Fyrir sjónum okkar flutningsmanna þessarar tillögu er framkvæmdaáætlunin í eðli sínu slíkt stórmál, eins og viðskiptamálaráðherra orðaði það, að hún verður tæplega gerð með réttu án fulls samráðs við Alþingi eða kjörna fulltrúa þess.

Fimm ára framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar bar seinast á góma á Alþingi hinn 15. febr. s. l. í sambandi við fyrirspurn nokkurra þingmanna Framsóknarflokksins um það, hvenær áætluninni lyki og hvort hún yrði lögð fyrir Alþingi og þá hvenær þess væri að vænta. Var af hálfu fyrirspyrjenda bent á það, sem áður hafði vitnazt um málið, og hvaða ályktanir mátti af því draga.

Forsætisráðherra, Ólafur Thors, varð fyrir svörum af hálfu ríkisstjórnarinnar og kvað hann drög að áætlun þá liggja fyrir og væru þau til nánari athugunar hjá ríkisstjórninni. Þá lét forsætisráðherra svo um mælt, að enn væri mikið og vandasamt verk óunnið og tæki marga mánuði að ljúka því. Enn fremur sagði hann, að þegar ríkisstjórnin hefði gengið endanlega frá tillögum sínum, yrðu þær lagðar fyrir Alþingi, eftir því sem talið yrði við eiga og efni stæðu til.

Eftir þessum ummælum forsætisráðherra að dæma virðast næsta litlar líkur til þess, að orð viðskiptamálaráðherra fái rætzt um það, að framkvæmdaáætlunin muni móta gerðir ríkisstjórnarinnar síðari helming kjörtímabilsins, þar sem enn er óunnið mikið og vandasamt verk, sem aðeins verður leyst á mörgum mánuðum. Hitt er þó jafngreinilegt, að drög liggja fyrir að áætluninni, en hversu viðtæk þau eru, verður ekki ráðið af ummælum forsætisráðherra. Þó er sennilegt, að af drögum þessum mætti greina, hvert stefnan liggur, og væri því ærið tilefni til þess að birta þau, þingmönnum og alþjóð til upplýsingar um málið.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru efnislega sammála ríkisstjórninni um nauðsyn framkvæmdaáætlunar nokkur ár fram í tímann, enda er það í fullu samræmi við stefnu Framsóknarflokksins, svo sem m. a. kemur fram í ályktunum miðstjórnar flokksins undanfarin ár. Jafnframt skal á það bent, að átta þingmenn Framsóknarflokksins fluttu á síðasta þingi (1960—61) tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þjóðarinnar.

Hinu er þó ekki að leyna, að okkur gezt ekki alls kostar að málsmeðferð ríkis-

stjórnarinnar í sambandi við þá áætlunargerð, sem upplýst er, að hún hefur með höndum, og væntum við þess, að ríkisstjórnin sjái sig um hönd, að því er þetta atriði varðar, og leitist við að koma til móts við sanngjarnar óskir um breytta málsmeðferð, enda ærinn tími til stefnu, þar sem áætluninni er fjarri því að vera lokið. Ef þessi tillaga verður samþykkt, teljum við að verulegu leyti fullnægt því réttlæti um málsmeðferð, sem við hefðum óskað, að ríkisstjórnin hefði haft í huga frá byrjun, og lítum svo á, að með því verði betur tryggt, að tekið verði tillit til mismunandi sjónarmiða, sem kunna að vera fyrri hendi, m. a. að því er tekur til þarfa landsbyggðarinnar.

Nd. 425. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að samræmis gætti um afgreiðslu þessa frv. milli deilda þingsins, fól nefndin 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar deildar, að athuga ásamt skrifstofustjóra Alþingis frv. og umsóknir, er því fylgdu, sem og allmargar umsóknir um ríkisborgararétt, sem borizt höfðu beint til Alþingis.

Að athugunum sínum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðstjónar við athuganir sínar.

Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt sér lögheimili 10 ár, Norðurlandabúar 5 ár.
3. Maður eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir fimm ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem ekki hafa náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Þeir 34 umsækjendur, sem greindir eru í tölulið 1—34 í breytingartillögum nefndarinnar, fullnægja þeim skilyrðum, sem greind eru hér að framan, að dómi nefndarinnar, en aðrir umsækjendur ekki.

Alþingi, 19. marz 1962.

Einar Ingimundarson, form. Unnar Stefánsson, fundaskr. Alfreð Gíslason, frsm.

Björn Fr. Björnsson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. **426. Breytingartillögur** [16. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

a. Aftan við 11. tölulið komi: (Fær réttinn 18. apríl 1962).

b. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Altman, Christa Maria Josefa Agnes, húsmóðir, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. janúar 1932.
2. Andersen, Hans Schlander, vélvirki, Reykjavík, f. í Danmörku 12. júlí 1940.
3. Annegret Baldursdóttir, húsmóðir, Akureyri, f. í Þýzkalandi 13. marz 1943.
4. Ayers, Theodora Mabel Norton, húsmóðir, Reykjavík, f. í Bandaríkjum Norður-Ameríku 24. maí 1887.
5. Beckemeyer, Gerda Wally Waltraud Emma, húsmóðir, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 4. október 1927.
6. Graap, Kristel Helena, húsmóðir í Borgargerði í Akrahreppi, f. í Þýzkalandi 25. janúar 1930.
7. Guðjón R. Sigurðsson, smiður, Höfn í Hornafirði, f. á Íslandi 26. apríl 1903. (Fær réttinn 24. september 1962).
8. Hansen, Knud Alex, landbúnaðarverkamaður, Haga í Gnúpverjahreppi, f. í Danmörku, 16. desember 1932.
9. Hemstock, Maurice David, flugvélavirki í Reykjavík, f. í Englandi 21. febrúar 1942.
10. Hermann, Wally Luise, húsmóðir í Brekku, Aðaldælahreppi, f. í Þýzkalandi 6. febrúar 1921.
11. Hilmar Hafsteinn Gunnarsson, barn, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. október 1959.
12. Hriberschek, Herbert August Maria, hljóðfæraleikari, Reykjavík, f. í Austurríki 8. ágúst 1926. (Fær réttinn 1. október 1962).
13. Jacobsen, Jacob Henrik Valdemar Johannes, bifreiðaviðgerðarmaður, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 2. október 1930.
14. Jacobsen, Jolana, húsmóðir, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 27. október 1934.
15. Jacobsen, Robert, verkamaður, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 12. marz 1923.
16. Jacobsen, Sólrunn, húsmóðir, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 14. júlí 1932.
17. Jacobsen, Thomas Theodor, vélvirkjameistari, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 13. maí 1925.
18. Kröyer, Unni Börde, húsmóðir, Reykjavík, f. í Noregi 30. desember 1930. (Fær réttinn 16. september 1962).
19. Langfeldt, Jürgen Heinrich, bóndi á Ásmundarstöðum í Rangárvallasýslu, f. í Þýzkalandi 31. marz 1925.
20. Lindenskov, Jörgen, framreiðslumaður, Akureyri, f. í Danmörku 13. júní 1934. (Fær réttinn 13. júní 1962).
21. Madsen, Jens Bruun, rafvirki, Hafnarfirði, f. í Danmörku 2. ágúst 1939.
22. Magnús Gamalíel Gunnarsson, barn, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. október 1958.
23. Mölk, Uwe Jens, rakari, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 14. maí 1936.
24. Olsbo, Ida Elvira, húsmóðir, Reykjavík, f. í Danmörku 4. júlí 1932.
25. Pedersen, Erik Max, vélvirkjanemi, Reykjavík, f. í Danmörku 6. ágúst 1942.
26. Petersen, Ingolf Jóns, nemandi, Reykjavík, f. í Danmörku 30. marz 1940.
27. Richardt, Hertha Maria, húsmóðir, Seyðisfirði, f. í Færeyjum 13. september 1939.
28. Schiöth, Helga Henni Elisabeth Karla, húsmóðir, Siglufirði, f. í Þýzkalandi 10. júní 1937.

29. Sigríður Bjarnadóttir, húsmóðir, Akureyri, f. á Íslandi 10. október 1921.
30. Stolpmann, Maria, húsmóðir, Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 8. marz 1934.
31. Sørensen, Rønn, múrari, Neskaupstað, f. í Danmörku 2. maí 1933.
32. Thomasen, Thomas Johan, trésmiður, Reykjavík, f. í Færeyjum 2. nóvember 1888.
33. Wiggert, Ingeborg Ella Anna, húsmóðir, Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 21. september 1929.
34. Wächter, Harri, trésmiður, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. júlí 1933.

Nd. 427. Lög [141. mál]

um breyting á lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

(Afgreidd frá Nd. 19. marz.)

Samhljóða þskj. 274.

Sþ. 428. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]

um byggingarannsóknir.

Flm.: Gunnar Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar koma til framkvæmda ákvæði 77.—79. gr. laga um landnám, ræktun og byggingar í sveitum varðandi rannsóknir um ódýrari og hagkvæmari gerð útihúsa í sveitum, þar sem hægt yrði að koma við meiri vinnutækni við bústörf.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur byggingarkostnaður farið ört hækkandi. Þar hafa mestu valdið tvær nýlega gerðar breytingar á skráðu gengi íslenzkrar krónu.

Segja má, að afleiðing þessara verðhækkana sé stórfelldur samdráttur byggingarframkvæmda í sveitum landsins.

Bændur eiga lítið fé til að leggja í nauðsynlegar framkvæmdir á þessu sviði, lánsfé er líka mjög takmarkað til þessara hluta, og afurðaverð á framleiðsluvörum bænda er ekki svo hátt, að það geti staðið undir kostnaði við þessar dýru framkvæmdir, þó að meira lánsfé fengist en verið hefur.

Komið hafa fram hugmyndir um nýjar gerðir húsa, sem í senn yrðu ódýrari í stofnkostnaði og gæfu möguleika til hagnýtingar aukinnar vinnutækni við bústörf og yrðu þar með til afkastaaukningar bændum og þjóðarbúinu öllu til hags.

Teiknistofa landbúnaðarins hefur gert teikningar í samræmi við þessar nýju hugmyndir, en eftir er að fá bændur til að byggja eftir þeim og reyna nýjungarnar.

Þá hefur fyrirtæki, sem heitir Byggingariðjan, ráðagerðir uppi um að gera hús með nýju sniði, sem það telur að stefni að því marki, sem hér er rætt um.

Þessar nýjungar þarf að reyna. Landbúnaðinum er lífsnauðsyn að geta dregið úr stofnfjárþörf sinni. Á sama hátt er honum eins og öðrum atvinnugreinum nauðsynlegt að tileinka sér á þessu sviði sem öðrum alla nýja tækni, sem orðið getur til afkastaaukningar og framfara, og fylgjast með í þeirri þróun, sem er hjá öðrum þjóðum í þessu efni.

Í lögunum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum eru ákvæði um nefnd sérfróðra manna, sem á að hafa það verkefni með höndum, að rannsaka og reyna nýjungar á þessu sviði.

Nefnd þessi hefur ekki fengið neitt fé til að vinna fyrir, en með þessari tillögu er lagt til, að ríkisstjórnin geri lögin að þessu leyti virk. Þess er vissulega brýn þörf.

Byggingarframkvæmdir í sveitum mega ekki varanlega dragast saman, því að þá er strax komin afturför. Þess vegna verður að gera allt, sem unnt er, til að finna úrræði, sem létt geti undir með bændum í þessu efni.

Nd. 429. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin ræddi þetta frv. á nokkrum fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Nefndarmennirnir HV og JSk leggja til, að það verði samþykkt óbreytt, en við undirritaðir leggjum til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Frumvarpinu, ef að lögum verður, er ætlað að tryggja sjómönnum 200 þús. kr. hærri slysa- og dánarbætur en öðrum stéttum, og um kostnaðinn við trygginguna segir svo í 1. gr. frumvarpsins: „Kostnaður af sértryggingu þessari greiðist að hálfu af almannatryggingum og að hálfu af útgerðarmönnum.“ Þetta ákvæði út af fyrir sig virðist þurfa nánari skýringa við og fær naumast staðizt, eins og það er orðað. Til þessa hafa iðgjöld slysatrygginga verið uppborin af atvinnurekendum einum. Einnig eru formgallar á frumvarpinu, sem bent er á í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 4. des. 1961, en háttv. minni hluti nefndarinnar hefur ekki tekið tillit til þeirra ábendinga.

Þessi atriði skipta ekki höfuðmáli um afstöðu undirritaðra til þessa máls. Afstaða okkar markast af því, að þegar lögum um almannatryggingar var breytt árið 1960, var samkv. till. nefndar þeirrar, sem undirbjó lagabreytinguna, tekin upp sú meginregla, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur, sem almannatryggingar greiða, skuli vera hinar sömu fyrir alla.

Í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins, sem getið er hér að framan og prentuð er sem fskj. I með nál. háttv. minni hluta, segir svo um breytinguna, sem gerð var hvað þetta snertir 1960:

„Í nefnd, sem skipuð var árið 1959 til þess að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga, er fjalla um upphæð slysabóta (í nefndinni áttu m. a. sæti Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, og Eðvarð Sigurðsson, núverandi formaður Dagsbrúnar), var þetta mál rætt, og í nefndaráliti, dags. 23/11 1959, segir m. a. svo: „Dánarbætur nema nú kr. 87130.84 fyrir lögskráðan sjómann, en kr. 19143.34 fyrir aðra, sbr. 38. og 39. gr. og lög nr. 27/1959. Ekki verður komið auga á skynsamlegar ástæður fyrir því, að t. d. kona, sem missir mann sinn af slysförum við vegavinnu, fái aðeins kr. 19143.34 í dánarbætur á sama tíma og kona, sem missir mann sinn, sem er sjómaður, fái kr. 87130.84. Nefndin telur því rétt, að dánarbætur verði hinar sömu fyrir alla ...“ Þess má geta, að tillögur nefndarinnar voru samþykktar með lögum nr. 13/1960.“

Í þessari umsögn er þannig skýr ábending frá Tryggingastofnun ríkisins um það, að fylgja beri þeirri reglu áfram, sem upp var tekin 1960, að greiða jafnháar bætur vegna allra tryggðra. Þessa ábendingu tekur háttv. minni hluti nefndarinnar ekki til greina, heldur leggur hann til, að frv. á þskj. 25 verði samþykkt óbreytt, og

þar með, að aftur verði farið að mismuna hinum tryggðu eftir stéttum í greiðslu umræddra bóta.

Þessu erum við andvígir. Hins vegar er það skoðun okkar, að hækka þurfi verulega slysa- og dánarbætur frá því, sem nú er, og höfum við komið þeirri skoðun okkar á framfæri við hæstvirtan félagsmálaráðherra, og hefur hann tekið málinu mjög vinsamlega og falið nefnd þeirri, sem nú vinnur að endurskoðun laga um almannatryggingar, að gera tillögur um hækkun bótanna.

Er nauðsynlegt, að málið fái á þennan hátt betri undirbúning, því að fleira þarf að endurskoða en bótaupphæðirnar einar.

Þess vegna leggjum við til, að frv. á þskj. 25 verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur, sem almannatryggingarnar greiða, verði hækkaðar, í framhaldi af þeirri endurskoðun, sem nú fer fram á almannatryggingalögunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Jón Kjartansson.

Nd. 430. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955.

Frá Gísla Guðmundssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (1. gr.) Í fámennum læknishéruðum skal greiða álag á föst laun, er nefnist staðaruppbót, allt að 50% fastra launa, samkvæmt reglum, er heilbrigðisstjórnin setur.

Gegni héraðslæknir í héraði, er staðaruppbótar nýtur, öðru héraði ásamt sínu, fellur staðaruppbót niður.

b. (2. gr.) Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heilbrigðisstjórnin leggur, á kostnað ríkissjóðs, fámennum læknishéruðum til einu sinni fyrir allt eftirfarandi samkvæmt reglum, er hún setur um það efni:

1. Nauðsynlegustu lækningatæki og lyfjaforða, er héraðslæknir þarfnast í starfi sínu.
2. Nauðsynlegan útbúnað í lækningastofu ásamt einföldum og óhjákvæmilegum húsgögnum í læknisíbúð.

Nd. 431. Lög [147. mál]

um breyting á lögum nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk.

(Afgreidd frá Nd. 20. marz.)

Samhljóða þskj. 288.

Nd. **432. Frumvarp til laga** [119. mál]

um Hjúkrunarskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. marz.)

I. KAFLI
Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Ríkið rekur heimavistarskóla, er hefur það hlutverk að veita nemendum hjúkrunarfræðslu. Kennslan skal veitt ókeypis.

2. gr.

Skólinn heitir Hjúkrunarskóli Íslands. Hann starfar undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

3. gr.

Stjórn skólans annast 5 manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: Landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, forstöðukona Landsspítalans og þrír aðrir, sem ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Hjúkrunarfélags Íslands, annan samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands og hinn þriðja án tilnefningar, og skal hann vera sérfróður um skólamál. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólanefndar.

II. KAFLI
Um kennara skólans.

4. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru starfsmenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Til þess að geta orðið settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við skólann þarf sérmenntun hjúkrunarkennara samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Ráðherra setur og skipar skólastjóra og fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans í samráði við skólanefnd og eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Eigi skal skipa kennara fyrr en eftir 2—3 ára reynslutíma. Um starfstíma fastra kennara og starfstilhögun skulu sett ákvæði í reglugerð. Ráðherra setur skólastjóra og kennurum erindisbréf að fengnum tillögum skólanefndar.

6. gr.

Um orlof kennara frá störfum eftir 10 ára kennslu skulu gilda sömu reglur og í öðrum skólum, sem þeirra réttinda njóta.

III. KAFLI
Inntökuskilyrði.

7. gr.

Þessi eru aðalinntökuskilyrði í skólann:

1. Að umsækjandi sé fullra 18 ára og eigi eldri en 30 ára. Þó getur skólanefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.
2. Að umsækjandi hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti stafað hætta af eða orðið honum til trafala í námi og starfi.
3. Að umsækjandi hafi góða framkomu og óspillt siðferði.

4. Að umsækjandi hafi lokið landsprófi miðskóla, gagnfræðaprófi eða hlotið hliðstæða menntun. Umsækjendur, sem hlotið hafa frekari menntun, skulu ganga fyrir að öðru jöfnu.
5. Skólanum skal heimilt að láta umsækjendur ganga undir inntökupróf samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

IV. KAFLI
Um námstíma og námsefni.

8. gr.

Námstími skólans skal vera 3 ár, og hefst hann með námskeiði, sem má taka allt að 16 vikna tíma. Að því loknu skal ákveða, hvort nemandi telst hæfur til að hefja verklegt hjúkrunarnám. Eigi síðar en eftir 4 mánaða reynslutíma í verklegu hjúkrunarnámi í sjúkrahúsi skal fundur fastra kennara skólans, að fengnu áliti viðkomandi yfir- eða deildarhjúkrunarkvenna, skera úr því, hvort nemandi sé hæfur til að halda námi áfram.

9. gr.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóklega námið fer fram í námskeiðum, en hið verklega í Landsspítalanum, svo og í öðrum stofnunum samkvæmt ákvörðun skólanefndar.

10. gr.

Í skólanum skal kenna þessar aðalnámsgreinar: Hjúkrunarfræði og ágrip almennrar heilsufræði og heilsuverndar, líffæra- og lífeðlisfræði, sjúkdóma- og sýklafræði, lyfjafræði, lyflæknisfræði, handlæknisfræði, sálarfræði og geðsjúkdómafræði. Í reglugerð skal ákveða undirgreinar og aukagreinar, enn fremur kennslustundafjölda í hverri námsgrein og tilhögun kennslu að öðru leyti.

V. KAFLI
Próf og einkunnir.

11. gr.

Próf skulu haldin í lok hvers námstímabils eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Kennarar skólans prófa, en landlæknir skipar prófdómara. Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum og tíundu hlutum frá 0 upp í 10.

VI. KAFLI
Framhaldsnám og námskeið.

12. gr.

Skólanum skal heimilt að fenginni sérstakri fjárveitingu að veita framhaldsmenntun í hjúkrunarfræðum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig má ákveða í reglugerð, að skólinn haldi uppi sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, t. d. fyrir ljósmæður, í því skyni að gera þær færari um að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum, ásamt ljósmóðurstörfum.

VII. KAFLI
Um fjármál og fleira.

13. gr.

Um fjárreiður skólans skal fara eftir ákvæðum í reglugerð.

14. gr.

Samningsaðilar um laun og hlunnindi hjúkrunarnemenda skulu vera: Skólanefnd H. S. Í. annars vegar og hins vegar fulltrúar stjórnarnefndar ríkisspítalanna og stjórnar borgarsjúkrahússins í Reykjavík.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla þá jafnframt úr gildi lög um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, nr. 76 frá 20. desember 1944.

Nd. 433. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. marz.)

1. gr.

b-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn greiða þó 10 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 25 kr. fyrir hverja vitjun. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.

2. gr.

Við 2. mgr. 54. gr. sömu laga bætist:

Sé um að ræða héraðslækni, sem situr í kauptúni eða kaupstað, getur sjúkrasamlag á þeim stað með samþykki Tryggingastofnunarinnar krafizt þess, að hann taki að sér að gegna heimilislæknisstörfum gegn föstu gjaldi. Takist samningar ekki, ákveður heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 30. apríl 1959.

Nd. 434. Frumvarp til laga [192. mál]

um breyting á lögum nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og lögum nr. 18 1958.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Gíslason, Friðjón Þórðarson, Jón Kjartansson.

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs og húsmæðraskóla að þremur fjórðu hlutum, en stofnkostnað heimavistarskóla (héraðsskóla) gagnfræðastigs að fullu.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Þegar húsmæðraskóli nýtur ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður ¾ hluta upphitunarkostnaðar, en sama kostnað greiðir ríkissjóður að fullu vegna héraðsskóla.

3. gr.

2. málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Annan kostnað af skólahaldi heimangönguskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóðum. Annan kostnað vegna heimivistarskóla gagnfræðastigs (héraðsskóla) greiðir ríkissjóður að fullu að frádregnum tekjum.

4. gr.

Ákvæði laga nr. 18/1958 skulu falla niður, að því er tekur til heimavistarskóla gagnfræðastigs (héraðsskóla).

5. gr.

Ákvæði laga þessara skulu gilda frá 1. janúar 1962.

Greinargerð.

Frumvörp svipaðs efnis og þetta hafa verið flutt á undanförnum þingum, fyrst af Pétri Ottesen, þáv. þingmanni Borgf., árin 1956 og 1957. Náðu þau þá ekki fram að ganga. Fylgdi þeim þá ýtarleg greinargerð, þar sem m. a. var komizt að orði á þessa leið:

„Á síðastliðnu hausti áttu fund með sér í Reykjavík fulltrúar frá nokkrum af þeim sýslufélögum, sem standa undir kostnaði af héraðsskólum og húsmæðraskólum í sveitum: Frá Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu Björn Björnsson sýslumaður. Frá Árnessýslu Páll Hallgrímsson sýslumaður og Bjarni Bjarnason skólastjóri. Frá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Jón Steingrímsson sýslumaður. Frá Norður-Ísafjarðarsýslu Jóhann Gunnar Ólafsson sýslumaður. Frá Vestur-Ísafjarðarsýslu þeir Jóhannes Davíðsson, Hjarðardal, og Sturla Jónsson, Suðureyri. Frá Vestur-Húnavatns- og Strandasýslu Sæmundur Guðjónsson skólastjóri. Mun þeir og hafa haft samráð við ráðamenn í öðrum sýslufélögum, sem eins stendur á um í þessu efni, og má ganga út frá, að þau sýslufélög standi einnig að þeirri ályktun, sem fyrrnefndir fulltrúar samþykktu á fundi sínum í Reykjavík.

Fer ályktun þeirra hér á eftir ásamt greinargerð, er henni fylgir:

„Vér undirritaðir fyrir hönd hlutaðeigandi skóla og sýslufélaga beinum hér með þeirri áskorun til ríkisstjórnar og alþingismanna, að á Alþingi því, er nú situr að störfum, verði gildandi lögum varðandi gagnfræðanám og húsmæðrafræðslu breytt þannig, að héraðsskólar og húsmæðraskólar í sveitum verði kostaðir og reknir að fullu af ríkinu, — en til vara, að ríkissjóður greiði öll kennaralaun við skóla þessa og 90% af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði og öðrum rekstrarkostnaði þeirra.“

Greinargerð sú, er fyrr getur, hljóðar svo:

„Með lögum frá 1946 virðist vera gengið út frá, að nokkrum sýslufélögum í landinu verði lagðar þær skyldur á herðar að greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað héraðsskóla og húsmæðra, ákveðið hlutfall á móti ríkissjóði. Engin samráð voru þó höfð við forráðamenn þessara sýslufélaga um álögur þessar, og ekki var þeim jafnframt séð fyrir auknum tekjum, sem réttlætt gátu þessar álögur.

Eftir ákvæðum eldri laga um skóla þessa var styrkur úr ríkissjóði það ríflegur, að hann ásamt skólagjöldum stóð undir rekstri og að nokkru leyti undir stofnkostnaðarframlagi.

Sýslufélög og jafnvel einstök hreppsfélög veittu smávegis styrki til þessara skóla. Var það frjálst framlag og fór þá að sjálfsögðu eftir efnum og ástæðum í hvert sinn.

Við setningu skólalöggjafarinnar 1946 var ekki gengið formlega frá því, hvaða sýslufélög tækju þessa skóla að sér. Var það raunar ekki fyrr en frá leið, að sýslunefndum varð ljóst, hvað hér var í efni.

Í hlut sumra sýslufélaga komu tveir skólar, í annarra hlut einn skóli.

Við framkvæmd hinnar nýju skólalöggjafar voru stofnaðir nýir framhalds-

skólar á flestum hinna þéttbýlli staða. Í Árnessýslu, sem stendur undir héraðsskóla og húsmæðraskóla ásamt ríkinu, eru t. d. 4—5 framhaldsskólar, sem kostaðir eru af sjóðum viðkomandi hreppa á móti ríkissjóði. Það er hvorki til þess ætlazt né heldur mögulegt, að sýslusjóður veiti styrk til þessara skóla einstakra hreppsfélaga. Aftur á móti verða þessi sömu hreppsfélög að bera hlutfallslega kostnað af skólunum á Laugarvatni. Sama ástand og hér hefur verið lýst er einnig innan sýslufélaga, er að hinum héraðs- og húsmæðraskólunum standa. Verður af þessu misræmi og réttmæt óánægja.

Nokkur sýslufélög sleppa algerlega við allan kostnað af þessu hliðstæða skólahaldi.

Heill landsfjórðungur, Austurland, fær allan kostnað við Eiðaskóla greiddan úr ríkissjóði, og sama er að segja um húsmæðraskólann á Staðarfelli í Dalasýslu.

Þá viljum vér benda á það, að skólar þessir eru yfirleitt ekki nema að litlu leyti sóttir af nemendum úr þeim sýslum, sem kostnaðinn bera. Veldur þar að sjálfsögðu mestu fámenni sveitanna. Skal einnig á það bent, að varla mundu kaupstaðir landsins telja sér skylt að standa undir skólahaldi, sem væri um 50—75% vegna nemenda úr öðrum héruðum að því er héraðsskólana snertir — en 50—97%, þegar húsmæðraskólar eru meðtaldir.

Að lokum skal það svo nefnt, sem veigamest er, en það er féleysi sýslusjóðanna, hjá sumum m. a. vegna fámennis, hjá öðrum vegna margvíslegra bundinna útgjalda og hjá öllum vegna takmarkaðra tekjustofna.

Afleiðing þess ástands eru skuldir og vanskil við skólana annars vegar, en ónógt viðhald mannvirkja og skortur á hæfilegri aðbúð og búnaði hins vegar.

Vér teljum hvorki sanngjarnt né mögulegt að ætla einstökum sýslufélögum að standa undir kostnaði, sem að mestu leyti er vegna annarra skólahéraða, en láta önnur sýslufélög og heilan landsfjórðung sleppa við hliðstæð gjöld.

Skal á það bent, að hér er um svo greinilega sérstöðu að ræða innan íslenzka skólakerfisins, að engin ástæða er til þess að gera ráð fyrir, að sú breyting, sem hér hefur verið farið fram á að gerð verði, geti orðið fordæmi um aðra skóla."

Til viðbótar þessum rökum í greinargerð fyrrgreindra frv. vilja flm. þessa frv. taka eftirfarandi fram:

Við leggjum til, að ríkissjóður greiði stofnkostnað héraðsskóla að fullu. Annan kostnað vegna þessara skóla skal ríkissjóður einnig greiða að fullu, að frádregnum tekjum þeirra.

Um kostnaðarauka ríkissjóðs vegna þessarar breytingar, ef að lögum yrði, vísast til álitsgerðar Aðalsteins Eiríkssonar eftirlitsmanns með fjármálum skóla, sem fylgir hér með sem fylgiskjal.

Af henni sést, að hér er ekki um stórfelldan kostnaðarauka að ræða fyrir ríkissjóð. Hins vegar er þessi lagabreyting lífsnauðsynleg, til þess að ýmis fámenn og févana héruð geti haldið uppi héraðsskólum sínum og búið þannig að þeim og þeirri æsku, sem þá sækir, að sæmilegt geti talizt. Liggur nú við borð, að einstökum héraðsskólum verði lokað, vegna þess að húsakynni þeirra eru orðin svo léleg, að ekki er hægt að bjóða ungu fólki vist í þeim, enda þótt þeir séu eftirsóttar og ágætar menntastofnanir. Við svo búið má ekki standa. Það er von flm. þessa frv., að það geti orðið grundvöllur að lausn þessa vandamáls, sem ekki aðeins er vandamál ýmissa fámennra sveitahéraða, heldur þjóðarinnar í heild, er sendir æsku sína í vaxandi mæli á héraðsskóla sveitanna.

Fylgiskjal.

Útgjaldaaukning ríkissjóðs á ári, ef stofnkostnaður og rekstrarkostnaður héraðsskóla, að frádregnum tekjum, yrði að öllu greiddur úr ríkissjóði. Rekstrarkostnaður er miðaður við *árið 1959*, en stofnkostnaður við *fjárlög 1961*.

Samanburður þessi nær til 7 héraðsskóla: Reykholt, Núpur, Reykjanes, Reykir, Laugar, Skógar og Laugarvatn.

	Hlutur ríkissjóðs samkv. núgildandi reglum	Hlutur ríkissjóðs, ef hann tekur skólana að sér 100%	Árl. útgjaldaaukning af breytingunni. Miðað við rekstur 1959, stofnkostnað fjárlög 1961
1. Árleg hlutdeild ríkissjóðs í rekstri 7 héraðsskóla, miðað við 1959	1595968.18	1485258.21	—
2. Árleg hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði 7 héraðsskóla, miðað v. fjárv. 1961	2571789.00	3429052.00	—
Samtals	4167757.18	4914310.21	
3. Mism., árl. útgjaldaaukning ríkissjóðs	746553.03	—	746553.03
Alls	4914310.21	4914310.21	746553.03

Helztu ókostir gildandi greiðsluforma:

1. Sýslufélög hafa ekki gerzt þeir aðilar í stofn- og rekstrarkostnaði héraðsskóla, sem þeim ber samkvæmt lögum. Fjárveitingar úr sýslusjóðum til þessara skóla eru mjög takmarkaðar og alltaf 1—2 árum eftir að kostnaður gjaldfellur.
   a) Fjárskortur sýslufélaga. Tekjustofnar þeirra þannig, að varla getur talizt rökrétt, að þau séu aðilar um skólakostnað á móti ríkissjóði.
   b) Skólarnir eru sóttir af nemendum alls staðar að á landinu, bæði úr sveitum og kaupstöðum, heimamenn líta ekki á þá sem skóla sérstaklega fyrir þeirra hérað.
   c) Meiri hluti sýslufélaga sleppur við allan slíkan kostnað, en notar að sjálfsögðu héraðsskólana á borð við þá, sem kosta eiga skólana á móti ríkinu. Heill landsfjórðungur, Austurland, fær slíkan skóla kostaðan að fullu úr ríkissjóði.
2. Vantandi framlag sýslusjóða, 25%, til stofnkostnaðar veldur því, að aldrei er lokið við byggingar þessara skóla — en þær hálfkaraðar árum saman.
3. Af þessum ástæðum er viðhaldi þeirra mjög ábótavant, enda þótt miklu fé sé til þess varið árlega. Þetta kemur harðast niður á ríkissjóði.
4. Breyting sú, sem gerð var 1958, að láta allar leigutekjur koma í hlut heimaaðilans, hefur orðið til þess, að lögð er áherzla á sjóðsmyndanir, sem jafnóðum renna til að bjarga að einhverju leyti hlut sýslufélaga í stofnkostnaði, en viðhald er vanrækt.
5. Mikið misræmi verður milli skólanna í tekjuöflun þessari, þar sem þeir standa svo misjafnt að vígi. Á s. l. 4 árum, eða síðan breytingin var gerð (1957—1960), hefur héraðsskólinn á Laugarvatni fengið slíkan tekjuafgang, en sýslufélög, sem að Skógaskóla standa, orðið að greiða álíka upphæð í hallarekstur.

Kostir þess, að skólarnir væru á einni hendi:

1. Áframhaldandi framkvæmdir og viðhald væri í höndum þess aðilans, sem nú hefur mestra hagsmuna að gæta, þar sem hann kostar skólana að mestum hluta, en hefur nú yfir þeim takmörkuð yfirráð.
2. Sýslufélög landsins sætu þá öll við sama borð í þessu efni, og aðstaða skólanna innbyrðis yrði sambærilegri en nú er.
3. Ríkisvaldið fengi umráð yfir þessum skólum, m. a. til gistihúsahalds að sumrinu til og annarra ráðstafana, ef þörf kallar á einhverju sviði uppeldis- og fræðslumála.

Það er skoðun mín, sem hægt væri að rökstyðja betur í lengra og rækilegra máli en hér er gert, að það yrði ávinningur fyrir alla, sem hér eiga hlut að máli, að sú breyting yrði á, að skólar þessir kæmust á eina hendi, og að hrein málamyndaþátttaka sýslufélaga í kostnaði þeirra væri úr sögunni. Það væri í senn réttlátara og hreinlegra en skipan þessara mála er nú eftir gildandi reglum.

29. janúar 1961.

Aðalsteinn Eiríksson.

Sþ. 435. Fyrirspurnir. [193. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um lausn verkfræðingadeilunnar og verkfræðingaþörf ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hefur ríkisstofnunum eins og vitamálaskrifstofunni, vegamálaskrifstofunni, raforkumálaskrifstofunni og landssímanum tekizt að ráða nógu marga verkfræðinga í þjónustu sína eftir lausn verkfræðingadeilunnar, til þess að hægt sé fullkomlega að anna tæknilegum undirbúningi áformaðra verklegra framkvæmda á vegum ríkisins?
2. Hve margir fastráðnir verkfræðingar eru nú í þjónustu þessara stofnana hverrar um sig?
3. Hver eru launakjör þeirra hvers um sig?
4. Hve margir verkfræðingar voru í þjónustu þessara stofanna hverrar um sig, áður en verkfræðingaverkfallið hófst?

II. Til félagsmálaráðherra varðandi fæðingarorlof.

Frá Margréti Sigurðardóttur.

1. Hvað hefur félagsmálaráðuneytið gert til undirbúnings löggjöf um fæðingarorlof eða til fyrirgreiðslu því máli, sem vísað var til þess með samþykkt Alþingis 16. marz 1961?
2. Er þess að vænta, að ráðuneytið leggi frumvarp fyrir Alþingi um málið á þessu þingi?

Nd. 436. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við orðin „að auka hlutaféð“ bætist: allt upp í 10 milljón krónur.

Eins og fram er tekið í greinargerð fyrir frumvarpinu, er hlutafé Iðnaðarbanka Íslands h/f nú ákveðið með lögum 6½ millj. kr., og á ríkissjóður þar af 3 millj. kr.

Í 5. gr. laganna um Iðnaðarbanka Íslands h/f er tekið fram, að stjórn bankans skuli kosin með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi og skuli hún skipuð fimm mönnum. Þar sem ákveðið er í nefndum lögum, að engar takmarkanir skuli vera á atkvæðisrétti, að því er hlutafé ríkissjóðs snertir, hefur ríkið ráðið 2 mönnum í stjórn bankans.

Nefndin gengur út frá því, að ríkið tryggi, að það hafi áfram atkvæðamagn á hluthafafundi til að ráða tveimur mönnum í stjórn bankans. — Ragnhildur Helgadóttir var fjarverandi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 20. marz 1962.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Unnar Stefánsson, fundaskr. Eðvarð Sigurðsson.
Þórarinn Þórarinsson.

Ed. 437. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samgmn. hefur athugað frv., en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, er andvígur frv.

Það fer ekki á milli mála, að tveir landshlutar, Vestfirðir og Austurland, eru verr settir með vegakerfi en önnur héruð þessa lands. Það er einnig staðreynd, að hlutur þessara héraða hefur ekki fengizt bættur til jafns við önnur héruð með venjulegum fjárveitingum, og horfur eru ekki á því, að svo verði á næstu árum. Er því varla um aðra leið að ræða en að ríkið taki lán til vegagerðar í þessum landshlutum og bæti þannig úr brýnustu þörfunum.

Til skamms tíma hefur þeirri mótbáru verið haldið á lofti, að ekki sé gerlegt að leggja vegi fyrir lánsfé. Þessari mótbáru verður ekki við komið lengur af hálfu stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, þar sem ríkisstjórnin hefur tekið á síðastliðnu ári 10 millj. kr. lán til að leggja fyrir nýjan veg milli Reykjavíkur og Suðurnesja, þrátt fyrir að þar er annar vegur fyrir.

Þá hafa andstæðingar þessa frv. mótmælt frv. með því, að verið sé að endurskoða vegalög og ekki komi til greina að samþykkja lántöku til vegagerðar á Vestfjörðum og Austurlandi, fyrr en þeirri endurskoðun sé lokið.

Þessi röksemd virðist þó haldlítil, því að ekki hindraði endurskoðun vegalaga ríkisstjórnina við lántöku til vegagerðar á síðastliðnu ári, eins og fyrr er sagt.

Sú afstaða meiri hl. n. til umbóta á samgöngumálum þeirra héraða, sem verst eru sett, er torskilin, að rétt sé að taka lán til þess að leggja steinsteypta vegi, þar sem vegir eru fyrir, en hins vegar megi ekki heimila lántöku til að koma byggðarlögum í vegasamband eða bæta þá vegi, sem óviðunandi eru. Verði þessari stefnu í samgöngumálum fram haldið, horfir ískyggilega um jafnvægi í byggð landsins og framfarir í ýmsum héruðum þess.

Alþingi, 20. marz 1962.

Sigurvin Einarsson, frsm. Ólafur Jóhannesson.

Nd. **438. Frumvarp til laga** [194. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Daníel Ágústínusson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

Á eftir nr. 11 í 77. kafla tollskrár komi svofelld athugasemd:

Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af sýningarvélum fyrir kvikmyndir, sem fluttar eru inn af félagsheimilum í sveitum eða kauptúnum með 500 íbúa eða færri, þó ekki nema af einni vél á hvern stað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hef ég flutt á tveimur undanförnum þingum.

Það er byggt á þeirri þörf hinna mörgu og nýju félagsheimila að eignast sýningarvél fyrir kvikmyndir. Við það eykst notagildi hinna rúmgóðu og myndarlegu félagsheimila stórlega. Að vísu munu sums staðar til 16 m/m sýningarvélar, en þær 16 m/m kvikmyndir, sem hér eru til, eru næsta einhæfar.

Í kaupstöðum landsins, 14 að tölu, eru alls staðar kvikmyndahús — eitt eða fleiri. Þau eru ýmist í einkaeign eða rekin af opinberum aðilum eða félögum. Íbúafjöldi þessara kaupstaða er 120772 samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 1. des. 1961. Í þeim er því alls staðar greiður aðgangur að kvikmyndahúsum.

Í 62 kauptúnum landsins eru 35 m/m kvikmyndavélar í 18 þeirra, einkum þeim stærstu. Íbúafjöldinn er um 26240, og mun helmingur þeirra búa í umræddum 18 kauptúnum.

Í 152 sveitarfélögum, þar sem eigi eru nein kauptún, eru hvergi 35 m/m kvikmyndavélar. Íbúafjöldi þeirra er 32709.

Af íbúum landsins búa því um 46 þús. í sveitum og kauptúnum, sem hafa ekki aðstöðu til að njóta venjulegra kvikmynda í heimabyggð sinni. Þetta er rúmlega ¼ hluti þjóðarinnar.

Kvikmyndavél fyrir 35 m/m myndir kostar nú með sýningartjaldi og öðrum nauðsynlegum útbúnaði um £ 1003—7—10, eða í ísl. kr. 121621.00 með núverandi gengi. Samkvæmt útreikningi tollstjóraskrifstofunnar í Reykjavík 20. marz 1962 leggjast á fob-verðið kr. 99183.00 og sundurliðast þannig:

1. Verðtollur 50%	kr.	60811.00
2. Tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald 2%	—	1216.00
3. Innflutningssöluskattur 16.5%	—	30101.00
4. Viðskiptasöluskattur 3.3%	—	7054.00
Alls kr.		99183.00

Kaupverð vélanna verður þá með aðflutningsgjöldum og söluskatti kr. 220804.00. Það er hærri upphæð en svo, að líklegt sé, að fámenn byggðarlög rísi undir kaupum á svo dýrum sýningarvélum.

Við gengisbreytinguna sumarið 1961 hækkaði innkaupsverð vélanna, en hins vegar voru aðflutningsgjöld lækkuð og innflutningsgjald afnumið s. l. haust á þessum kafla tollskrárinnar. Við þá breytingu lækkaði verð vélanna allverulega. Hér var vissulega stigið spor í rétta átt, en lengra þarf að ganga, svo að árangur náist.

Kvikmyndasýningar geta aldrei orðið arðvænlegar í fámenninu, en kvikmyndir eiga samt sem áður jafnbrýnt erindi þangað og í fjölmennið. Með frumvarpi þessu er því lagt til að auðvelda ¼ hluta þjóðarinnar að veita sér þá skemmtun og fræðslu, sem kvikmyndir gera, með því að veita ráðuneytinu heimild til að fella niður aðflutningsgjöld á einni sýningarvél handa hverju félagsheimili í hinum fámennari byggðum.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ekki skapað neitt nýtt fordæmi, sem hættulegt gæti talizt. Í lögum um tollskrá er að finna heimild til undanþágu fyrir hljóðfæri í skóla, kirkjuhljóðfæri, hljómplötur með verkum eftir íslenzka höfunda og sitt hvað fleira. Það virðist því vera sanngjarnt, að þessum þætti sé bætt við, ef það gæti stuðlað að því, að kvikmyndir næðu til allrar þjóðarinnar. Ríkissjóður verður tæpast af neinum tekjum, því að engar líkur benda til þess, að byggðarlög þau, sem undanþágunnar eiga að njóta, hafi minnstu möguleika til að eignast sýningarvélar þessar við því verði, sem þær kosta nú, þar sem tekjur af rekstri þeirra yrðu jafnan sáralitlar í fámennum byggðarlögum. Með frumvarpi þessu er stuðlað að því, að merkilegt menningartæki geti náð til allrar þjóðarinnar.

Alþingi bárust í fyrra nokkur erindi frá stjórnum félagsheimila og sveitarstjórnum, þar sem skorað var á Alþingi að samþykkja frumvarp þetta. Sýnir það vakandi áhuga fyrir málinu víðs vegar um landið.

Ed. 439. Lög [14. mál]

um heyrnleysingjaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 20. marz.)

Samhljóða þskj. 321.

Ed. 440. Lög [88. mál]

um breyting á lögum nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

(Afgreidd frá Ed. 20. marz.)

Samhljóða þskj. 127.

Ed. 441. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, sbr. lög nr. 25 16. febr. 1953.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við stjórn Lögmannafélagsins. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (AGl) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 21. marz 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.
Ólafur Björnsson, fundaskr.
Magnús Jónsson.
Ólafur Jóhannesson.

Ed. 442. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til laga um kirkjugarða.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

1. Við 4. gr. Orðin „en sveitarfélag í lögum þessum er jafnframt haft um bæjarfélög“ í 1. málsgr. falli burt ásamt umlykjandi svigum.
2. Við 6. gr. Í stað orðanna „er hann leggur ásamt umsögn sinni fyrir“ í 3. málsgr. komi: en hann leggur þessi skilríki síðan ásamt umsögn sinni fyrir.
3. Við 12. gr. Burtu falli orðin „gegn 1 kr. gjaldi fyrir hvert ár, sem friðun á að vara. Gjald greiðist við afhendingu leyfisbréfs“.
4. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Grafhýsi má eigi gera í kirkjugarði.

Nd. 443. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Í stað orðanna „og tveir kosnir hlutfallskosningu af bæjarstjórn Keflavíkur og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps“ í fyrri málsgr. frvgr. komi: einn kosinn af bæjarstjórn Keflavíkur og einn af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps.
2. Á eftir frvgr. (sem verður 1. gr.) komi ný grein og ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.
   b. (Ákvæði til bráðabirgða.) Við gildistöku laga þessara skulu bæjarstjórn Keflavíkur og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps kjósa hvor um sig mann í stjórn landshafnarinnar, og skal kjörtími þeirra vera til ársloka 1965.

Nd. 444. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til meðferðar og rætt efni þess á nokkrum fundum. Ekki náðist samkomulag um afgreiðslu málsins, og mun minni hlutinn (LJós og SkG) skila séráliti.

Meiri hlutinn er samþykkur frumvarpinu og telur þá tilskipan að færa gengisskráninguna í hendur Seðlabankanum, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, eðlilega og til bóta. Gengisbreytingar hafa oftast víðtæk áhrif á efnahag einstaklinga, fyrirtækja og atvinnuvega og þurfa því nauðsynlega að ákvarðast með sem minnstum fyrirvara og að vera á sem fæstra vitorði, áður en þær koma til framkvæmda. Umræður á Alþingi, áður en gengi er breytt, koma í veg fyrir slíkar varúðarráðstafanir. Sá háttur að láta löggjafarsamkundur taka ákvörðun um gengi mynta hefur því í flestum löndum verið lagður af, svo að nú mun aðeins eitt af ellefu löndum í Vestur-Evrópu, sem upplýsingar hafa fengizt frá, hafa þá tilhögun á. Öll hin hafa svipaða skipan á gengisskráningu sinni og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Reynslan hefur leitt í ljós, að æskilegt er, að í lög um Seðlabanka Íslands sé bætt skýrum og ótvíræðum ákvæðum um heimild bankans til þess að taka lán erlendis. Að vísu er litið svo á af lögfræðingum, að það hljóti að felast í almennum ákvæðum seðlabankalaganna og í hlutverki bankans, að hann geti tekið lán erlendis, og beri því ekki beina lagalega nauðsyn til, að sérstök ákvæði séu um þetta sett í lögum bankans. Hins vegar skiptir það mjög miklu máli fyrir aðstöðu bankans út á við og viðskipti við erlenda aðila, að enginn vafi leiki á, að slík heimild sé fyrir hendi. Bankastjórn Seðlabankans hefur því í samráði við bankaráð og bankamálaráðherra eindregið óskað eftir því, að flutt verði breytingartillaga við 20. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabankann, um þetta efni.

Samkvæmt breytingartillögunni bætast þrjár nýjar málsgreinar við 20. grein seðlabankalaganna.

Í 1. málsgr. breytingartillögunnar er lagt til, að Seðlabankanum verði veitt heimild til að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti. Er hér einkum átt við þau stuttu viðskiptalán, sem Seðlabankinn hefur hvað eftir annað þurft að taka erlendis til að bæta úr tímabundnum þörfum fyrir gjaldeyri, en slíka lántökuheimild hefur Seðlabankinn og Landsbankinn á undan honum ætíð haft.

Í 2. málsgr. breytingartillögunnar er Seðlabankanum heimilað að taka lán erlendis í því skyni að endurlána það innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlán. Með þessu er Seðlabankanum gert kleift að taka að sér, ef æskilegt þykir, lántökur erlendis fyrir hönd ríkissjóðs, enda er þessi lántökuheimild eingöngu bundin við það, að ríkisábyrgð sé fyrir hendi. Með þessu ákvæði er í raun inni verið að skýra nánar það ákvæði í núgildandi 20 gr. seðlabankalaganna, að Seðlabankinn sé ríkisstjórninni til ráðuneytis um erlendar lántökur og geti tekið að sér framkvæmd í þeim efnum, eftir því sem um verður samið.

Í síðustu málsgrein breytingartillögunnar er Seðlabankinn undanþeginn ákvæðum 7. gr. laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Þykir ástæðulaust, að Seðlabankinn þurfi enn að fá leyfi ríkisstjórnarinnar til að taka löng lán erlendis, þar sem slíkar lántökur hans eru eingöngu bundnar við lántökur á vegum ríkisstjórnarinnar, enda er tilskilin ríkisábyrgð varðandi endurlán fjárins hér innanlands.

Vill meiri hl. fjárhagsnefndar mæla með, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við 20. gr. laganna bætist:

Seðlabankanum er heimilt að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti sín.

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.

Seðlabankinn er undanþeginn ákvæðum 7. gr. laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, að því er varðar lán skv. 2. og 3. málsgrein.

Alþingi, 21. marz 1962.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.

Nd. **445. Nefndarálit** [44. mál]

um frv. til l. um Handritastofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til ýtarlegrar athugunar. Í fyrstu var það sent heimspekideild Háskóla Íslands til umsagnar, og gerði deildin þá tillögu, að nafni stofnunarinnar skyldi breytt í „Stofnun Jóns Sigurðssonar“ (sjá fylgiskjal I). Að fengnu þessu áliti skrifaði n. háskólaráði, sem hafði undirbúið frv. fyrir ráðherra, og spurði álits þess. Háskólaráð kvaðst ekki óska að breyta fyrri afstöðu sinni um nafnið, eins og það er í frv. (fylgiskjal II).

Þá barst n. erindi frá Félagi íslenzkra fræða, og kom stjórn félagsins einnig á fund n. til að ræða málið. Félagið studdi heimspekideild varðandi nafnið og gerði nokkrar frekari tillögur (sbr. fylgiskjal III).

Jafnframt þessu ræddi menntamálanefnd málið á víðtækum grundvelli, og kom fram í n. áhugi á frekari aðgerðum í tilefni af heimkomu handritanna en þetta frv. gerir ráð fyrir. Var mest rætt um nauðsyn á byggingu þjóðarbókhlöðu, þar sem hýsa mætti handritin og hið sameinaða Landsbókasafn og Háskólabókasafn, sbr. ályktun Alþingis 1957. N. ræddi mál þetta við menntamálaráðherra, og vakti hann máls á því við ríkisstjórn. Lýsti ríkisstj. áhuga á málinu, en taldi ekki rétt að blanda því saman við þetta mál. Menntamálanefnd vill engu að síður benda á þörf veglegrar byggingar fyrir handritin, þar sem væri mikið safn handbóka og fræðirita. Þar sem orðið er aðkallandi að leysa mál hinna bókasafnanna, virðist hentugt að byggja á einum stað fyrir alla þessa aðila.

Menntamálanefnd hefur ekki getað fallizt á tillögu um að breyta nafni handritastofnunarinnar, m. a. sökum þess, að handritin kallast, þegar þau koma, deild úr Safni Árna Magnússonar og ekki á valdi Íslendinga að breyta því. Nefndin lítur svo á, að nafn stofnunarinnar muni á engan hátt takmarka starfssvið hennar, heldur eigi stjórn hennar að marka það sem víðast, eftir aðstæðum hverju sinni.

N. vill benda á, að það fjárframlag, sem tekið hefur verið á fjárlög til handritastofnunar, er aðeins byrjunarframlag. Stjórn stofnunarinnar byrjar væntanlega á því að skipuleggja starf hennar og gera þá frekari fjárhagsáætlun, sem vænta má að Alþingi taki með velvild og skilningi.

Einn nefndarmanna, Einar Olgeirsson, hafði lagt fram í nefndinni tillögur um breytingar á frumvarpinu í þá átt að koma upp ríkisbókhlöðu og að jafnframt yrði ákveðið ríkisframlag til rekstrar handritastofnunarinnar, ekki minna en 2½ millj. króna á ári. Einar var ekki á þingi við endanlega afgreiðslu málsins í nefndinni, en við sæti hans hafði tekið Margrét Sigurðardóttir. Fallizt var á að draga till. Einars til baka, þar sem ekki gat orðið fullt samkomulag um þær, en allir nefndarmenn hins vegar sammála um, að æskilegast væri að skapa sem bezta samstöðu um afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og háskólaráð og ríkisstjórn gengu frá því. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 20. marz 1962.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Sv. S. Einarsson, fundaskr. Alfreð Gíslason.

Margrét Sigurðardóttir. Björn Fr. Björnsson.

Fylgiskjal I.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
— Heimspekideild —

Reykjavík, 9. des. 1961.

Frumvarp til laga um Handritastofnun Íslands.

Heimspekideild hefur haft til athugunar frumvarp til laga um Handritastofnun Íslands, sem fylgdi bréfi háttvirtrar menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 23. nóv. þ. á. Heimspekideild samþykkti einróma svo hljóðandi ályktun:

„Heimspekideild Háskóla Íslands vill láta í ljós ánægju af framkomu frumvarps til laga um Handritastofnun Íslands og væntir sér mikils af framkvæmd þess máls.

Frumvarpið fer mjög nærri tillögum háskólaráðs, sem undirbúnar voru af heimspekideild. Breytingar eru smávægilegar, og um flest af því, sem niður er fellt í frumvarpinu, er rætt í athugasemdum (t. d. um örnefnasafn og þjóðfræðasafn, sem heimspekideild leggur áherzlu á, en eins vel má lögfesta í reglugerð).

Um fjármálin óskar heimspekideild að taka fram, að með því fyrirheiti, sem athugasemdir aftan við frumvarpið gefa, telur deildin ekki ástæðu til að ræða þau mál. Það verður verkefni stjórnar stofnunarinnar, jafnskjótt og hún hefur tekið til starfa, að gera sér grein fyrir fjárþörf hennar.

Þó telur deildin, að laun styrkþega þurfi að vera hið minnsta 75 þúsund krónur til hvers, og hefur deildin þar í huga fjárveitingar raunvísindadeildar Vísindasjóðs (hæstar 80 þúsund krónur).

Um húsnæði óskar deildin að taka fram, að hún telur húsrýmið í Landsbókasafni (sbr. athugasemdir og tillögur háskólaráðs) aðeins tiltækilegt til bráðabirgða."

Enn fremur var eftirfarandi tillaga samþykkt með 5 atkvæðum gegn 1. Tveir sátu hjá:

„Heimspekideild vill láta í ljós þá ósk, að stofnuninni verði valið nafnið **Stofnun Jóns Sigurðssonar.**"

Þetta tilkynnist hér með menntamálanefnd neðri deildar Alþingis.

Virðingarfyllst,

Matthías Jónasson
deildarforseti.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 18. febr. 1962.

Frumvarp til laga um Handritastofnun Íslands.

Háskólaráð hefur veitt viðtöku bréfi háttvirtrar menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 6. þ. m., varðandi þá tillögu, að nafninu Handritastofnun Íslands í ofangreindu frumvarpi verði breytt í Stofnun Jóns Sigurðssonar.

Háskólaráð ræddi bréf nefndarinnar á fundi sínum í gær. Svo sem greint er í bréfi háttvirtrar nefndar, er frumvarpið að mestu sniðið eftir tillögum háskóla-

ráðs. Í háskólaráði var m. a. á sínum tíma fjallað um heiti stofnunarinnar, og var það tillaga háskólaráðs, að stofnunin bæri það heiti, sem greinir í frumvarpinu. Háskólaráð telur heiti stofnunarinnar ekki vera neitt aðalatriði, en telur nafnbreytingu af ýmsum ástæðum ekki æskilega á þessu stigi málsins og óskar því ekki að breyta afstöðu sinni til heitisins nú.

Virðingarfyllst,

Ármann Snævarr,
rektor.

Til menntamálanefndar neðri deildar,
Alþingi.

Fylgiskjal III.

Stjórn Félags íslenzkra fræða lýsir ánægju sinni yfir því, að lagt hefur verið fram á Alþingi stjórnarfrumvarp um Handritastofnun Íslands, og telur fullvíst, að slík stofnun, er frumvarpið gerir ráð fyrir, verði til hins mesta gagns fyrir íslenzk fræði.

Jafnframt telur stjórn félagsins rétt að benda heiðraðri menntamálanefnd neðri deildar á nokkur atriði í sambandi við frumvarp þetta.

Fjárveiting.

Stjórn Félags íslenzkra fræða telur augljóst hverjum þeim, er þekkir til þeirra starfa, sem í stofnuninni verða unnin, að fjárveiting sú, sem gert er ráð fyrir á fjárlögum 1962, nær mjög skammt. Kemur það og fram í athugasemdum við frumvarpið, að ríkisstjórnin mun gera tillögur um aukna fjárveitingu, þegar stofnunin er tekin til starfa, enda hefur hæstvirtur menntamálaráðherra vikið að þessu í ræðu.

Stjórn félagsins þykir samt rétt að benda á, að mikið átak þarf, ef Íslendingar vilja sýna lit á svipuðum myndarskap og Danir hafa gert á síðari árum í rannsóknum og útgáfu handrita úr Árnasafni.

Má til dæmis nefna, að árið 1960 komu út 11 bindi íslenzkra handrita og rita um rannsóknir á þeim, að einhverju eða öllu leyti í Kaupmannahöfn. Prentunarkostnaður slíkra rita er ákaflega misjafn, en óvarlegt er að áætla hann minni en 7—10 þús. kr. á örk hér á landi. Til prentunar einnar saman til að halda til jafns við Dani þyrfti því minnst 850 þús. kr. árlega, miðað við 10 arkir til jafnaðar í hverju riti. Þar við bætast svo laun eða styrkir til þeirra, sem vinna við slíkar útgáfur.

Til samanburðar er rétt að minna á, að greiðslur danska ríkisins til Árnasafns í Kaupmannahöfn munu nú nema um 100 þús. kr. á ári, auk húsnæðiskostnaðar og launa fastra starfsmanna. Þar við bætast drjúgar upphæðir í styrkjum, sem ýmsir vísindasjóðir (Carlsbergssjóðurinn o. fl.) veita til ýmissa verka, og eru úr slíkum sjóðum veittir til prentunar a. m. k. tveir 40 þús. kr. styrkir og einn 70 þús. kr. styrkur á þessu ári (allt í dönskum krónum).

Þess ber að gæta, að upphæðir þessara styrkja til prentunar eru ekki hinar sömu frá ári til árs. En allt um það telur stjórn Félags íslenzkra fræða ljóst, að hin fyrirhugaða stofnun verði fljótlega að hafa til umráða eigi minni fjárhæð en 2 milljónir árlega, miðað við núgildandi verðlag, auk nægilegs húsrýmis og annarrar starfsaðstöðu, ef Íslendingar eiga að halda til jafns við Dani í þessum efnum.

Stjórn stofnunarinnar.

Stjórn Félags íslenzkra fræða telur eðlilegt, að félagið tilnefni einn fulltrúa í yfirstjórn stofnunarinnar. Þessu til stuðnings skal bent á eftirfarandi atriði:

1. Félagið er samtök þeirra manna, sem lokið hafa prófi í íslenzkum fræðum við Háskóla Íslands eða samsvarandi prófum frá erlendum háskólum. Virðist eðlilegt, að slík allsherjarsamtök íslenzkufræðinga eigi einn fulltrúa í yfirstjórn þeirri, sem velja mun stofnuninni viðfangsefni, ráða menn til starfa, meta umsóknir um styrki o. s. frv.

2. Flestir eða allir þeir menn, sem starfa munu á vegum stofnunarinnar, verða úr hópi félagsmanna.

3. Stjórn félagsins metur mikils það traust, sem félaginu hefur verið sýnt með því að fela því kjör eins fulltrúa í stjórn hugvísindadeildar Vísindasjóðs, þar sem fjallað er um rannsóknir á öllum sviðum hugvísinda. En jafnframt leyfir stjórnin sér að benda á það, að hitt liggur sýnu nær, að félagið fái að hafa hönd í bagga með þeim rannsóknum, sem einvörðungu eru bundnar við sérsvið félagsins.

Heiti stofnunarinnar.

Stjórn Félags íslenzkra fræða leyfir sér að beina þeirri tillögu til háttvirtrar menntamálanefndar, að fyrirhugaðri stofnun verði valið nafnið **Stofnun Jóns Sigurðssonar.**

Rök fyrir þeirri tillögu telur stjórnin þessi:

1. Stofnunin er sett á fót á afmælisári Jóns Sigurðssonar, er 150 ár eru liðin frá fæðingu hans, en Jón Sigurðsson var alger brautryðjandi um vísindaleg vinnubrögð við útgáfustörf og handritarannsóknir og fremsti fræðimaður í íslenzkum fræðum um sína daga.

Á afmælissýningu Jóns Sigurðssonar, sem Félag íslenzkra fræða og Þjóðminjasafn Íslands efndu til á liðnu sumri, kom skýrt í ljós, hvert ótrúlegt þrekvirki Jón Sigurðsson vann á mörgum sviðum íslenzkra fræða, m. a. með því að hleypa af stokkum og stýra mestu útgáfustórvirkjum íslenzkum, sem efnt hefur verið til.

Þegar þessa er gætt, þykir stjórn félagsins viðeigandi, að rannsóknarstofnun, sem á að sinna þeim verkefnum, sem Jón Sigurðsson helgaði mestan hluta starfskrafta sinna, og þar að auki er sett á laggir á afmælisári hans, verði tengd nafni hans.

2. Samkvæmt frumvarpinu er stofnuninni ætlað víðtækara starfssvið en útgáfa og rannsókn handrita, m. a. útgáfa fræðirita til að auka „þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar".

Af þeim sökum telur stjórn félagsins nafnið **Handritastofnun Íslands** of þröngt og fara miður vel á titilblaði væntanlegra útgáfurita, sem fjalla um önnur efni en handritaútgáfur eða handritarannsóknir, t. d. rit um menningarsögu, örnefni, málýzkur o. s. frv. Nafn eins og **Stofnun Jóns Sigurðssonar** er hins vegar víðtækara, þar sem það bendir út yfir allt hið víðlenda svið íslenzkra fræða, hugðarefni og fræðavettvang Jóns Sigurðssonar.

3. Stjórn félagsins telur það ómetanlegan styrk fyrir stofnunina, út á við og inn á við, að bera nafn ástsælasta leiðtoga þjóðarinnar, enda ber engin önnur stofnun nafn Jóns Sigurðssonar.

4. Alsiða er með öðrum þjóðum að kenna vísindastofnanir við mestu afreksmenn viðkomandi greinar. Má þar til nefna Pasteur-stofnunina í París, Niels Bohr-stofnunina og Finsens-stofnunina í Kaupmannahöfn o. s. frv.

5. Í athugasemdum við lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar er komizt svo að orði: „Þegar lög þau, sem þjóðþing Dana samþykkti á síðastliðnu vori um afhending íslenzkra handrita til Íslands, koma til framkvæmda, og koma skal á fót „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi", ætti hún að verða kjarni þessarar handritastofnunar."

Hér er gert ráð fyrir, að hin íslenzka deild Árnastofnunar verði hluti væntan-

legrar stofnunar. Sýnist stjórn Félags íslenzkra fræða þá fara vel á þeirri verkaskiptingu, að þau útgáfu- og fræðistörf, er sérstaklega varða handrit Árnasafns, verði á vegum þeirrar deildar stofnunarinnar, er ber nafn Árna Magnússonar, en önnur útgáfustörf verði á vegum Stofnunar Jóns Sigurðssonar. Með því móti yrði á veglegan hátt minnzt þeirra tveggja manna, sem íslenzk fræði standa í hvað mestri þakkarskuld við.

Reykjavík, 6. nóvember 1961.

Stjórn Félags íslenzkra fræða.

Árni Böðvarsson, formaður.	Jónas Kristjánsson, ritari.	Jón Aðalsteinn Jónsson, gjaldkeri.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 446. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Hinn 11. des. s. l. var frumvarpi þessu um samþykkt ríkisreikningsins 1960 útbýtt á Alþingi, og þann sama dag var frumvarpið tekið til 1. umræðu í Ed. og vísað til fjárhagsnefndar deildarinnar.

Í fjárhagsnefnd hefur frumvarpið legið síðan, verið nokkrum sinnum tekið fyrir, en afgreiðslu frestað jafnharðan, þar til meiri hlutinn tók sig til 16. þ. m. og gaf út nefndarálit og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Meiri hlutann skipa stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni (JÞ, MJ og ÓB).

Það, sem tafið hefur þetta mál, er, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna láta fylgja reikningnum athugasemdir, sem telja má til einsdæma að efni til í sambandi við ríkisreikninga. Á ég þar við athugasemdirnar nr. 39 vegna rekstrar togarans Brimness. Þessar athugasemdir er að finna á bls. 238—241 í „Ríkisreikningnum".

Ljóst er af athugasemdunum, að stórkostleg óreiða hefur átt sér stað í bókhaldi, sem hvorki er búið að upplýsa né gera skil á.

Í athugasemdunum er vitnað í ýmis skilríki, svo sem bréf, dags. 3. des. 1960, til fjármálaráðuneytisins frá skilanefnd, sem ráðuneytið hafði skipað, og svör útgerðarstjórans við framkomnum athugasemdum að því leyti, sem hann hafði skriflega reynt að bera hönd fyrir höfuð sér.

Þessi skilríki fékk ég sem fjárhagsnefndarmaður leyfi til að skoða. Komst ég við þá athugun að þeirri niðurstöðu, að athugasemdir yfirskoðunarmannanna væru síður en svo harðar um of.

Fjármálaráðherrann svaraði 5. des. s. l. athugasemdum yfirendurskoðendanna (sjá bls. 252—253 í „Ríkisreikningnum") og sagði:

„Ráðuneytið hefur fullan hug á því, að reikningsskilum þessarar útgerðar ljúki sem allra fyrst. Hefur ríkisendurskoðanda verið falið málið, og vinnur hann nú að því að upplýsa þau atriði, sem enn eru óljós eða eigi hafa verið skýrð á fullnægjandi hátt, og leggur ráðuneytið áherzlu á, að þeirri rannsókn sé hraðað, svo sem verða má."

Ríkisendurskoðandinn sagði mér fyrir um það bil mánuði, að hann væri búinn að skila skýrslu sinni um málið til fjármálaráðherrans.

Við minnihlutamennirnir í fjárhagsnefnd höfum krafizt þess, að nefndin fengi

að sjá skýrslu endurskoðandans. En fjármálaráðherrann hefur endurtekið neitað að verða við þeirri kröfu.

Ekki veit ég til, að slík neitun eigi sér fordæmi. Þingnefnd, sem ríkisreikningi er til vísað til athugunar og umsagnar, hlýtur að eiga rétt til að fá um hann allar þær upplýsingar, sem fjármálaráðherra — eða ráðuneyti hans — getur gefið.

Synjun ráðherrans er furðuleg og hlýtur að vekja grunsemdir um, að fram hafi komið óþægilegar upplýsingar.

Ég tel — meðan svona standa sakir — ekki rétt, að efri deild afgreiði reikninginn. Ég tel einboðið, að deildin bíði með samþykkt sína á reikningnum, þangað til þetta einstæða óreiðumál hefur verið betur upplýst eða gerðar hafa verið fullkomnar ráðstafanir til, að það verði gert upp að lögum.

Uppgjöri rekstrarmáls togarans Brimness þarf að hraða, en samþykkt ríkisreikningsins liggur ekki sérstaklega á.

Tillaga mín er, að frumvarpi þessu verði frestað enn um sinn eða þar til fyllri upplýsingar liggja fyrir um rekstrarmál togarans.

Verði vefengt réttmæti tillögunnar, mun ég við umræðu málsins lesa upp úr áðurnefndu bréfi skilanefndarinnar til sönnunar því, að hér er um óvenjulegt og alvarlegt mál að ræða.

Alþingi, 21. marz 1962.

Karl Kristjánsson.

Ed. 447. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til laga um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir 3. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (4. gr.). Með reglugerð má samræma gjalddaga einstakra opinberra gjalda, sem innheimt verða með þessum hætti, setja sameiginleg ákvæði um dráttarvexti, vangreiðslu á hluta gjalda, fyrirframgreiðslu, skyldur kaupgreiðenda til að halda eftir af kaupi fyrir opinberum gjöldum og annað það, er einvörðungu lítur að innheimtu gjalda, enda þótt frávik sé að því leyti frá gildandi heimildarlögum.

b. (5. gr.) Sé sjúkrasamlag aðili að innheimtu, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs, samkv. 58. gr. laga nr. 24 frá 1956, um almannatryggingar, sbr. 21. gr. laga nr. 13 frá 1960, miðast við innheimtar tekjur samlagsins, eins og þær verða samkvæmt samningi aðila um innheimtuna.

Í samþykktum slíks samlags má ákveða:

1. Að iðgjald hjóna skuli krafið í einu lagi.
2. Að víkja frá reglum 78. gr., sbr. 50. og 51. gr. almannatryggingalaga um greiðslufrest iðgjalda og viðurlög við vangreiðslu.

Sþ. 448. Þingsályktun [70. mál]

um bætta aðstöðu og aukið öryggi opinna vélbáta.

(Afgreidd frá Sþ. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 89.

Sþ. 449. Þingsályktun [83. mál]

um gufuveitu frá Krýsuvík til iðnaðarþarfa og rekstrar hitaveitna.

(Afgreidd frá Sþ. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 110.

Nd. 450. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin flytur þetta frumvarp í því skyni að fá staðfest bráðabirgðalög, er út voru gefin 1. ágúst s. l. Frumvarpinu var útbýtt í þingdeildinni 11. okt., og að lokinni 1. umræðu var því vísað til fjárhagsnefndar 13. nóv. Samkomulag er ekki í nefndinni um málið. Fulltrúar stjórnarflokkanna mæla með frv., en aðrir nefndarmenn gegn því.

Með bráðabirgðalögunum var Seðlabanka Íslands falið að ákveða stofngengi íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli, þó þannig, að ákvarðanir bankans um þetta efni skyldu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar. Áður var gengið ákveðið í lögum frá Alþingi, síðast í 1. gr. laga nr. 4 frá 1960.

Við útgáfu bráðabirgðalaganna var vitnað til 28. gr. stjórnarskrárinnar. Í upphafi þeirrar greinar segir svo:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga."

Samkvæmt þessu ákvæði má því aðeins gefa út bráðabirgðalög milli þinga, að brýna nauðsyn beri til. En engin rök er hægt að færa fram fyrir því, að nauðsynlegt hafi verið að færa gengisskráningarvaldið til Seðlabankans með bráðabirgðalögum, eins og hér var gert.

Af því, er að framan greinir, verður ekki komizt hjá að álykta, að útgáfa bráðabirgðalaganna hafi verið stjórnarskrárbrot.

Ríkisstjórnin taldi nauðsynlegt að breyta gengisskráningunni. Hér verður ekki fallizt á, að svo hafi verið. En úr því að stjórnin taldi nauðsynlegt að breyta genginu, hefði hún átt að kveðja þingið saman til að fjalla um það stóra mál. Þetta gerði ríkisstjórnin ekki, og hún ákvað ekki heldur nýtt gengi með bráðabirgðalögum. Bráðabirgðalögin, sem hér liggja fyrir, eru ekki um gengisbreytingu, heldur um tilfærslu á gengisskráningarvaldinu, eins og áður segir.

Seðlabankinn brá skjótt við, eftir að bráðabirgðalögin voru gefin út, og breytti gengisskráningunni með samþykki ríkisstjórnarinnar. Verð á erlendum gjaldeyri var hækkað um 13.1%, og er það 11.6% lækkun á krónunni. Af hálfu bankans og ríkisstjórnarinnar var því haldið fram, að gengisbreytingin væri nauðsynleg vegna þeirra kauphækkana, sem samkomulag hafði orðið um skömmu áður milli atvinnurekenda og verkamanna.

Á þá kenningu verður alls ekki fallizt.

Þar sem gengisbreytingin hefur verið sett í samband við þær breytingar á kaupgjaldi, sem urðu á síðastliðnu ári, er ástæða til að fara nokkrum orðum um kaupgjaldsmálin.

Í októbermánuði 1958 var tímakaup verkamanna í Reykjavík kr. 21.85 í dagvinnu. Tillögur þær um efnahagsmál, er ráðherrar Framsóknarflokksins í þáverandi ríkisstjórn lögðu fram þá um haustið, voru við það miðaðar, að kaupmáttur tímakaups héldist óbreyttur, eins og hann var í október 1958 eða í febrúar sama ár.

Þeim tillögum var hafnað, svo sem kunnugt er, og ágreiningur um þau mál leiddi til stjórnarskipta í desember 1958. Breyttist þá hagur verkamanna skjótt til hins verra, og síðan hafa þeir búið við miklu lakari kjör en þeir áttu kost á að semja um fyrir stjórnarskiptin 1958. Í febrúarbyrjun 1959 var dagvinnukaup þeirra lækkað niður í kr. 20.67 á klst., og hélzt það óbreytt fram á árið 1961. Var það 5.4% lægra en verið hafði í október 1958, en kaupmáttur tímakaupsins rýrnaði miklu meira á þessu tímabili. Fyrir 8 klst. vinnu alla virka daga nemur þetta kaup rúmlega 4100 kr. á mánuði að meðaltali.

Með gengisfellingu í febrúar 1960 og fleiri ráðstöfunum núverandi ríkisstjórnar var framfærslu- og framkvæmdakostnaður aukinn ákaflega. Lækkun á tekjuskatti var aðallega til hagsbóta fyrir þá tekjuhærri og hafði yfirleitt litla þýðingu fyrir verkamenn. Og hækkun fjölskyldubóta hrökk skammt til að mæta gífurlegum hækkunum á tollum og sölusköttum. Eins og sjá mátti fyrir, gátu áætlanir stjórnarinnar um óbreytt kaup eftir svo mikla skerðingu á kaupmætti krónunnar alls ekki staðizt. Verkamenn sýndu þó þolinmæði og tóku til greina tilmæli ríkisstjórnarinnar um frestun á mótaðgerðum, svo að heilt ár leið frá fyrri gengislækkun stjórnarinnar, án þess að nokkur hækkun yrði á kaupgjaldi.

Um mánaðamótin febr. og marz 1961 var samið um kauphækkun verkamanna í Vestmannaeyjum, og mun sú hækkun hafa numið 14—15%. Þremur mánuðum síðar lagði sáttasemjari fram tillögu um 6% hækkun á kaupi verkamanna í Reykjavík, 4% kauphækkun til viðbótar að ári liðnu og 3% viðbótarhækkun eftir 2 ár. Í aðalmálgagni ríkisstjórnarinnar, Morgunblaðinu, voru verkamenn hvattir til að samþykkja tillögu sáttasemjara, og í ummælum blaðsins kom glöggt fram sú skoðun, að atvinnuvegirnir gætu borið þá kauphækkun, sem tillagan fól í sér.

Tillaga sáttasemjara var felld. En um þær mundir voru gerðir nýir kaupgjaldssamningar á Húsavík, og litlu síðar náðu atvinnurekendur á Akureyri og Vinnumálasamband samvinnufélaganna samningum við verkamannafélögin um kaupgjaldsmálin. Var samið um 10% hækkun á dagvinnu- og næturvinnukaupi, nokkru meiri hækkun á eftirvinnukaupi og um 1% gjald af dagvinnukaupi í styrktarsjóði. Að nokkrum tíma liðnum, frá því að þessir samningar voru gerðir, tókust einnig samningar milli verkalýðsfélaga og Vinnuveitendasambands Íslands.

Með þeim samningum við verkalýðsfélögin, sem samvinnufélögin höfðu forgöngu um vorið 1961, var afstýrt áframhaldandi verkfalli í byrjun síldarvertíðar, en verkfallið hefði að öðrum kosti getað staðið um lengri tíma og valdið gífurlegu tjóni fyrir þjóðarbúið. Samið var til eins árs, þó þannig, að segja mátti upp kaupgjaldsákvæðum samninganna, ef gengi íslenzkrar krónu yrði breytt á árinu eða vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 5%. Væri samningum ekki sagt upp að ári liðnu, átti kaup að hækka um 4% og samningar að gilda áfram með sama fyrirvara vegna gengisbreytingar eða hækkunar framfærslukostnaðar fram úr vissu marki. Samningarnir færðu verkamönnum kauphækkun, sem þeir höfðu brýna þörf fyrir vegna þeirra byrða, er efnahagsráðstafanirnar 1960 lögðu þeim á herðar, en jafnframt var með samkomulaginu lagður grundvöllur að vinnufriði næstu árin. Gengisbreytingin í ágúst s. l. eyðilagði þann grundvöll. Þá var enn skertur kaupmáttur krónunnar og með því móti tekin af verkamönnum sú kauphækkun, sem þeir höfðu samið um. Í kjölfarið kom uppsögn kaupgjaldssamninga, eins og við mátti búast, og nýjar kröfur um kjarabætur. Hjá þessu hefði mátt komast, því að vegna atvinnuveganna var ekki þörf að lækka gengið.

Dagvinnukaup verkamanna er nú kr. 22.74 á klst., samkvæmt samningunum frá í júní s. l. ár. Það er 89 aurum hærra en í okt. 1958, og nemur sú hækkun tæpl. 4.1%. En samanburður á verðlagi sýnir, að kaupmáttur tímakaupsins er nú langtum minni en þá var.

Eins og áður er nefnt, var þeirri skoðun lýst yfir í aðalmálgagni ríkisstjórnarinnar, að atvinnuvegirnir gætu borið þá hækkun á kaupgjaldi, sem sáttasemjari gerði tillögur um vorið 1961. Munurinn á kaupgjaldstillögu sáttasemjara og samn-

ingunum, er gerðir voru, var ekki svo mikill, að hans vegna væri nokkur þörf að lækka gengi krónunnar. Það sést m. a. af því, er greint verður hér á eftir.

Freðfiskurinn er langstærsti liðurinn í útflutningnum. Hjá fiskfrystihúsunum nam hækkunin á kaupinu, umfram þá hækkun, er fólst í tillögu sáttasemjara, ekki nema 1—2% af fob-verði framleiðslunnar. Lækkun vaxta um 2% hefði lækkað rekstrarkostnað frystihúsanna a. m. k. sem svaraði þessari kauphækkun og um leið bætt mjög afkomu annarra atvinnugreina. Vextir hefðu þá orðið eins og þeir voru fyrir 2 árum. Sú breyting á vöxtum hefði síður en svo verið óhagkvæmari fyrir sparifjáreigendur heldur en gengislækkunin.

Verð á saltfiski hækkaði árið 1961 í erlendum gjaldeyri. Og þrátt fyrir hækkun vinnulauna við hagnýtingu síldaraflans gátu útvegsmenn og sjómenn fengið hærra verð en áður fyrir síldina, að óbreyttu gengi.

Enn er þess að geta, að sjávarafli varð meiri s. l. ár en nokkru sinni áður. Um þetta segir svo í nýkominni ársskýrslu frá Seðlabanka Íslands:

„Heildarfiskaflinn á árinu 1961 var samkvæmt bráðabirgðatölum 634 þús. tonn á móti 514 þús. tonnum 1960, og er þetta mesti ársafli, sem orðið hefur. Verðmæti aflans jókst hins vegar ekki að sama skapi, þar sem aflaaukningin stafaði svo að segja eingöngu af auknum síldarafla. Áætlað er, að heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurða á árinu 1961 hafi numið nærri 3000 millj. kr. á móti 2628 millj. kr. 1960 og 2838 millj. kr. 1959, og eru þá allar tölurnar umreiknaðar til sama verðs og þess gengis, sem nú er í gildi.“

Samkvæmt þessu hefur aflinn aukizt 1961 um rúml. 23%, en framleiðsluverðmæti sjávarafurða aukizt um rúml. 14% frá árinu áður, enda segir í áðurnefndri skýrslu Seðlabankans, að verð á útflutningsafurðum hafi batnað verulega á árinu 1961, þegar á heildina er litið.

Togaraútgerðin á við erfiðleika að etja, en þeir verða ekki leystir með gengisbreytingu. Það er ríkisstjórninni ljóst eins og öðrum, enda hefur hún lagt fyrir þingið aðrar tillögur um það vandamál.

Gengislækkunin er ekki til hagsbóta fyrir landbúnaðinn, heldur hið gagnstæða. Með þeirri ráðstöfun eru enn lagðar byrðar á þann atvinnuveg.

Iðnaðarfyrirtækin gátu undantekningalítið greitt þær kauphækkanir, sem samið var um s. l. ár, án þess að hækka verð á framleiðsluvörunum.

Af því, sem að framan er rakið, verður dregin sú ályktun, að vegna atvinnuveganna hafi alls ekki verið þörf að lækka gengi krónunnar.

Eins og áður segir, tel ég, að samkvæmt stjórnarskránni hafi algerlega skort heimild til að gefa út þau bráðabirgðalög, sem hér liggja fyrir. Og það er mitt álit, að gengislækkunin, sem fylgdi þeim, hafi ekki átt rétt á sér. Hún hafi verið óþörf og því óhappaverk. Verðgildi gjaldmiðilsins á ekki að skerða, nema óhjákvæmilegt sé.

Það er því tillaga mín til þingdeildarinnar, að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 21. marz 1962.

Skúli Guðmundsson.

Sþ. **451. Tillaga til þingsályktunar** [195. mál]

um varanlega gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Daníel Ágústínusson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að láta fara fram rannsókn sérfróðra manna á því, úr hvaða efni sé heppilegast að gera varanlegar götur í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Að undirbúa löggjöf — að þeirri rannsókn lokinni — um fjárhagslegan stuðning ríkissjóðs við varanlega gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum landsins.

Greinargerð.

Við fluttum þingsályktun þessa á síðasta þingi, en hún varð þá ekki útrædd. Varanleg gatnagerð er eitt stærsta verkefnið hjá flestum kaupstöðum landsins og mörgum kauptúnum næstu árin. Vaknað hefur hreyfing meðal bæjanna hin síðustu ár fyrir framkvæmdum í þessum málum, og sér þegar árangur í nokkrum kaupstöðum. Tvær leiðir hafa einkum verið farnar: malbikun og steinsteypa.

Verkfræðingar, sem eitthvað hafa látið frá sér heyra um varanlega gatnagerð, hafa yfirleitt mælt með malbikun. Ástæðurnar eru einkum þessar:

1. Þar sem fjölþætt kerfi af leiðslum er í götum, sem oft þarf að endurbæta, er langtum auðveldara að brjóta upp malbikið en steypuna og gera þannig við göturnar aftur, að lítið sjái á.
2. Malbikaðar götur eru sléttari og fara betur með ökutækin.
3. Steyptar götur eru 50% dýrari eða jafnvel meir.
4. Vanda þarf betur undirstöðuna fyrir steypta vegi en malbikaða, og getur það oft orðið mikið fjárhagsatriði.

Hins vegar væri steypan sterkari og endingarbetri og því heppilegra efni í þjóðvegina, þar sem ekki væru neinar leiðslur.

Það er því mjög nauðsynlegt, að rannsókn sérfróðra manna fari nú þegar fram um þau atriði, sem tillaga þessi greinir, að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, svo að óvefengjanlegur samanburður fáist um malbik og steinsteypu til varanlegrar gatnagerðar eða hvort enn aðrar leiðir koma til greina, eins og t. d. að olíubera vegi og steypa plötur í verksmiðjum og nota þær sem slitlag á götur.

Það er allt of dýrt, að einstök bæjarfélög séu stöðugt að gera tilraunir í þessum málum. Álitsgerð hinna færustu kunnáttumanna ætti hér að geta leitt sannleikann í ljós, svo að ekki þurfi að styðjast við ágizkanir.

Verulegt átak í varanlegri gatnagerð kaupstaða og kauptúna kostar mikið fé. Það er því nauðsynlegt, að stuðningur ríkissjóðs komi hér til. Útvegun lánsfjár leysir þennan vanda ekki. Vextir eru háir og greiðslugetu bæjarfélaganna takmörk sett, enda þarfirnar margvíslegar. Útvegun lána með háum vöxtum — svo að ekki sé rætt um gengisáhættu — gæti orðið bæjarfélögunum bjarnargreiði, þar sem hér er um óarðbærar framkvæmdir að ræða í venjulegri merkingu þess orðs. Stórlán til varanlegrar gatnagerðar fást tæplega nema með ríkisábyrgð. Hinar ábyrgari sveitarstjórnir mundu fara varlega í framkvæmdir, ef greiða þyrfti háa vexti af öllum stofnkostnaðinum. Þær óábyrgari mundu hugsa sér að velta byrðunum á ríkissjóð, ef svo bæri undir, og sjá þá væntanlega flestir, í hvert óefni er komið. Lánaleiðin hefur því augljósa ágalla.

Hér þarf að gera skynsamlega fjárhagsáætlun um varanlega gatnagerð, sem miði m. a. að þessu: Notuð sé sú aðferð, sem ódýrust er, en þó fullkomlega örugg, svo að sem lengstar götur fáist byggðar upp fyrir sem minnst fé. Ríkissjóður veiti hæfilegt framlag. Bæjarfélögin leggi strax fram ákveðinn hundraðshluta, og einhver

hluti fengist í innlendu láni með hóflegum vöxtum. Með þessari eða svipaðri tilhögun væri varanleg gatnagerð bæjar- og sveitarfélaga byggð á traustum fjárhagsgrundvelli, sem flestum þeirra ætti ekki að vera um megn, ef tæknileg þjónusta og sameiginleg forusta kæmi frá einhverjum aðila, eins og t. d. gatnagerðarfélagi Sambands ísl. sveitarfélaga. Þar sem hér er um að ræða merkilegt framfaramál kaupstaða og kauptúna í landinu er nauðsynlegt, að lagður verði sá fjárhagsgrundvöllur, sem tryggi örugga framkvæmd, en málið sé ekki byggt á blekkingum, er komi sveitarfélögunum í óviðráðanlegt skuldafen.

Um langt árabil hafa 95 þús. kr. verið á fjárlögum til stuðnings varanlegri gatnagerð í bæjum. Slík fjárhæð skiptir nú orðið litlu máli. Í þessu sambandi má gjarnan á það minna, að ríkið innheimtir nú kr. 1.47 af hverjum benzínlítra í skatt, og er sú upphæð áætluð í heild 75 millj. kr. Þar af eiga 14 aurar að fara í sjóð til vegalagningar milli byggðarlaga, sem gerir 7 millj. kr., og 19 aurar í brúasjóð, sem verða 10 millj. kr., en 114 aurar renna í ríkissjóð, og er sú upphæð áætluð 58 millj. kr. Með þessu móti er langmestur hluti benzínskattsins gerður að venjulegri tekjuöflun fyrir ríkissjóð í stað þess að byggja upp samgöngukerfi landsmanna með ýmsum hætti.

Gatnagerðin er sameiginlegt vandamál allra kaupstaða og kauptúna í landinu. Óvíða hafa verið gerðar götur úr varanlegu efni, sem nokkru nemur, og setur það svipmót sitt á marga kaupstaði og kauptún. Víðast hvar verður að notast við hinar frumstæðu malargötur, með misjafnlega slæmum ofaníburði. Þetta veldur því, að farartækin slitna fyrr en ella og viðhald þeirra verður óeðlilega dýrt. Jafnframt er varanleg gatnagerð mjög mikilvægt hreinlætis- og menningarmál fyrir bæina og hvetur íbúa þeirra til snyrtilegrar umgengni á lóðum og húsum.

Við væntum því, að ljóst megi vera, að hér er um mikilvægt framfaramál að ræða, sem varðar stóran hluta þjóðarinnar, sem býr í kaupstöðum og kauptúnum landsins, — enn fremur að nauðsynlegt er að koma fastri skipan á þessi mál með sérstakri löggjöf, eftir að sú rannsókn hefur farið fram, sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um.

Ed. 452. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Af sérstökum og óvenjulegum ástæðum hefur nú svo farið, mót allri hefð og venju, að fjárhagsnefnd hefur ekki orðið einhuga um afstöðu til frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi, heldur eru það stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í fjhn., sem einir eru reiðubúnir að mæla með tafarlausri samþykkt ríkisreikningsins fyrir fyrsta „viðreisnarárið".

Ástæður fyrir því, að fulltrúar minnihlutaflokkanna, undirritaður og KK, hafa ekki talið sér fært að mæla með frv. að svo komnu, eru þó ekki þær, að þeir telji fremur nú en áður efni til að vefengja tölulegar niðurstöður ríkisreikningsins, heldur eru orsakir ágreiningsins óvenjuleg og að dómi undirritaðs þingræðislega óhæf ráðabreytni hv. fjármálaráðherra varðandi meðferð málsins, svo sem hér skal í örstuttu máli rakið.

Þegar er ríkisreikningurinn fyrir árið 1960 var lagður fram, var ljóst, að nokkrar af athugasemdum yfirskoðunarmanna voru óvenjulega harðorðar og gáfu beint tilefni til ýtarlegrar athugunar Alþingis og jafnvel beinna aðgerða af þess hálfu. Sérstaklega á þetta við um svonefnt Brimnesmál, en í því máli hafa tvær ríkisstjórnir, sú er nú situr og sú sem við völd var næst á undan henni, gerzt

sekar um að fara langt út fyrir takmörk þeirra útgjaldaheimilda, sem fjárlög kváðu á um, og að auki að halda að öðru leyti af harla lítilli gætni á beinum hagsmunum ríkisins. Enn kemur og til, að hlutur viðskiptaaðilans í þessu máli hefur vakið miklar grunsemdir og öll reikningsskil af hans hálfu þarfnast nákvæmrar rannsóknar, svo sem yfirskoðunarmenn benda rækilega á í athugasemdum sínum. Þegar þeir gengu frá þessum athugasemdum, höfðu þeir þó engan veginn óyggjandi gögn til þess að byggja á tillögur um sérstakar aðgerðir af hálfu Alþingis, enda var þá ekki lokið fullnaðarrannsókn ríkisendurskoðanda í málinu.

Nú er hins vegar upplýst, að ríkisendurskoðandi hefur lokið athugunum sínum á reikningshaldi og skilum Brimnesútgerðarinnar og skilað skýrslu sinni þar að lútandi til hv. fjármálaráðherra. En þá gerast þau furðulegu tíðindi, að hv. fjármálaráðherra synjar minni hl. fjárhagsnefndar um að fá að kynna sér skýrslu ríkisendurskoðanda og gera honum þannig fært að móta afstöðu sína í samræmi við fyrirliggjandi staðreyndir málsins.

Undirritaður telur, að sú ráðabreytni hv. fjármálaráðherra að halda leyndum fyrir Alþingi eða nefndum þess málsskjölum, sem beint varða afgreiðslu ríkisreikningsins eða aðgerðir hann varðandi, sé algerlega óhæf og óviðunandi og eigi sér naumast fordæmi í þingsögunni og að með henni sé verið að gera Alþingi ófært að gegna skyldum sínum. Eftir að ríkisreikningur hefur verið lagður fyrir Alþingi, er hann ekki fremur í höndum fjármálaráðherra en hvers annars einstaks alþingismanns. Og hann hefur þá heldur enga heimild til að halda neinum gögnum leyndum, sem reikninginn varða eða geta haft áhrif á afstöðu til hans í heild eða á aðgerðir Alþingis varðandi einstök atriði hans.

Eftir að framangreind afstaða hv. fjármálaráðherra er augljós orðin, virðist ekki annað fyrir hendi en að hv. þingdeild fresti umræðu um frv., þar til hún kann að breytast við nánari íhugun, og legg ég því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin telur óviðeigandi að afgreiða frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1960, án þess að fjárhagsnefnd, sem haft hefur frv. til athugunar, hafi áður átt þess kost að kynna sér mikilsverð gögn, sem reikninginn varða, samþykkir deildin að fresta frekari umræðum um frv., þar til fjhn. hefur fengið þau gögn í hendur, sem minni hl. hennar hefur óskað eftir að fá að kynna sér, en hv. fjármálaráðherra hefur synjað um til þessa, — og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. marz 1962.

Björn Jónsson.

Ed. 453. Breytingartillaga [155. mál]

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

Við 6. gr. 5. tölul. orðist svo:

Að íbúðir séu hagkvæmar og teikningar eða uppdrættir séu samþykktir af stjórn Byggingarsjóðs og að öll efniskaup til þeirra og tilhögun byggingarframkvæmda sé gerð á sem hagkvæmastan hátt.

Ed. 454. Frumvarp til laga [196. mál]

um þjóðskrá og almannaskráningu.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Sérstök stofnun, þjóðskráin, annast almannaskráningu samkvæmt lögum þessum og annað það, er þau mæla fyrir um. Hagstofan fer með stjórn þjóðskrárinnar, og skal hún rekin sem deild í Hagstofunni. Fjárreiður þjóðskrárinnar skulu vera algerlega greindar frá fjárreiðum Hagstofunnar.

Hagstofan leggur þjóðskránni til starfslið eftir þörfum hennar á hverjum tíma, gegn endurgreiðslu launa hlutaðeigandi starfsmanna.

2. gr.

Auk þjóðskrárinnar og Hagstofunnar starfa sveitarstjórnir og sóknarprestar utan kaupstaða að almannaskráningu samkvæmt þessum lögum. Í kaupstöðum, þar sem sóknarprestur hefur hingað til starfað að almannaskráningu með bæjarstjórn, skal hann þó halda því áfram á sama hátt og verið hefur.

Ákvæði 10., 14. og 15. gr. varðandi sóknarpresta eiga við þá presta eina, er starfa að almannaskráningu, en þar, sem minnzt er á sóknarpresta annars staðar í lögum þessum, er átt við alla starfandi presta og safnaðarstjóra.

3. gr.

Hlutverk sitt leysir þjóðskráin af hendi með því:

1. að láta opinberum aðilum í té árlega íbúaskrá samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga,
2. að láta sveitarstjórnum í té stofn að kjörskrá, þá er forsetakosningar, alþingiskosningar eða sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram,
3. að láta opinberum aðilum og öðrum í té aðrar skrár en þær, er um ræðir í 1. og 2. tölulið, endurgjaldslaust eða gegn greiðslu, hvort tveggja samkvæmt nánari ákvörðunum Hagstofunnar,
4. að láta opinberum aðilum og almenningi í té upplýsingar og vottorð samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga,
5. að stuðla að því með skrárgerð sinni, annars vegar að enginn gjaldskyldur einstaklingur sleppi við álagningu lögboðinna gjalda og hins vegar að tvísköttun manna eigi sér ekki stað, — enn fremur að hafa um það meðalgöngu milli sveitarfélaga, að einstaklingar með óljóst eða umdeilanlegt heimilisfang verði skráðir í ákveðnu umdæmi,
6. að láta í té efnivið í mannfjöldaskýrslur Hagstofunnar.

4. gr.

Almannaskráning byggist á þeim gögnum, sem hér eru talin:

1. Tilkynningar um aðsetursskipti, samkvæmt lögum nr. 73/1952 með síðari breytingum.
2. Skýrslur sóknarpresta til Hagstofunnar um fæðingar, skírnir, nafngiftir, hjónavígslur og mannslát.
3. Mannskaðaskýrslur til Hagstofunnar, samkvæmt lögum nr. 42/1913, þær þeirra er varða horfna menn, sem taldir eru látnir.
4. Skýrslur héraðsdómara til Hagstofunnar um hjónavígslur og um leyfi til skilnaðar að borði og sæng.
5. Skýrslur dómsmálaráðuneytisins til Hagstofunnar um leyfi til lögskilnaðar, ættleiðingarleyfi og breytingar á ríkisborgararétti o. fl. í því sambandi.

6. Sérstakar upplýsingar sveitarstjórna, sóknarpresta, útlendingaeftirlits og annarra opinberra aðila um menn.
7. Upplýsingar, sem þjóðskráin aflar sér sjálf með eftirgrennslan eða henni berast á einn eða annan hátt, eftir því sem þörf krefur og heimildir leyfa.

Hagstofan lætur gera eyðublöð undir skýrslur þær, sem um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., og kveður á um skil þeirra.

5. gr.

Hagstofan getur krafizt þess af opinberum aðilum, að þeir láti þjóðskránni í té skýrslur og upplýsingar, sem hún þarfnast til starfsemi sinnar, enda séu þær á reiðum höndum. Hagstofunni er heimilt að ákveða skilafresti í þessu sambandi.

6. gr.

Nú bregzt það, að skýrslur, sem um ræðir í 4. og 5. gr., séu látnar í té, áður en fresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað hlutaðeiganda með dagsektum, 50—300 kr. á dag, til að láta gögnin í té. Dagsektir skulu taka gildi 5 dögum eftir að Hagstofan tilkynnir hlutaðeigandi aðila þær með símskeyti eða bréfi afhentu sama dag og það er skrifað, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar taka einnig til skila sóknarpresta á dánarvottorðum, svo og til skila ljósmæðra á tilkynningum um barnsburði, samkvæmt reglugerð nr. 103/1933 eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 158/1942.

Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar gr., og rennur það í ríkissjóð. Hlutaðeigandi skal inna greiðslu sektarfjárins af hendi ekki síðar en 7 dögum eftir að hann afhenti Hagstofunni hinar síðbúnu skýrslur eða setti þær í póst.

7. gr.

Nú kemur það í ljós, að sóknarprestur hefur vanrækt að gera lögboðna skýrslu til Hagstofunnar um fæðingu, skírn, nafngift, hjónavígslu eða mannslát eða skýrsla um slíkt er fyrst látin í té að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt allt að 500 kr. Sama gildir, ef sóknarprestur framkvæmir líksöng án þess að hafa áður fengið í hendur dánarvottorð hins látna.

Nú annast annar prestvígður maður en hlutaðeigandi sóknarprestur (safnaðarstjóri) skírn eða hjónavígslu, og skal hann þá tilkynna hana bæði sóknarpresti prestakallsins og Hagstofunni innan 7 daga, en útfararathöfn, sem hann annast, skal hann tilkynna bæði hlutaðeigandi sóknarpresti og Hagstofunni áður en 3 dagar eru liðnir frá útförinni. Sé þetta vanrækt, varðar það sekt allt að 500 kr.

Nú vanrækir ljósmóðir að láta í té lögboðna tilkynningu um barnsburð eða tilkynning um hann er fyrst afhent að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt allt að 500 kr.

8. gr.

Á grundvelli gagna þeirra, er um ræðir í 4. og 5. gr., fylgist þjóðskráin með breytingum á skráningaratriðum frá 1. desember ár hvert til jafnlengdar næsta ár og hefur tiltækar upplýsingar um þær, eftir því sem föng eru á.

9. gr.

Eftir gögnum þeim um breytingar skráningaratriða, sem þjóðskráin fær í hendur, skal gera árlega íbúaskrá fyrir hvert sveitarfélag, miðað við 1. desember, með nöfnum allra einstaklinga, er aðsetur hafa í því þann dag, ásamt upplýsingum um fæðingardag og þau atriði önnur um hvern einstakling, er máli skipta fyrir opinber not skránna.

Að því er snertir skráningaratriði, sem vandkvæðum er bundið að fá skýrslur um í tæka tíð, er heimilt að miða íbúaskrár við annan tíma á hausti en 1. desember. Um aðsetur manna skal þó ávallt miða við 1. desember í íbúaskrám.

10. gr.

Í janúarmánuði ár hvert sendir þjóðskráin sveitarstjórnum, sóknarprestum utan kaupstaða og skattyfirvöldum eintak af íbúaskrá viðkomandi umdæmis 1. desember næsta ár á undan.

Sveitarstjórnir og sóknarprestar skulu fara yfir íbúaskrána í sameiningu eins fljótt og auðið er eftir móttöku hennar. Sveitarstjórn gerir athugasemdir um oftalda eða vantalda einstaklinga á henni, samkvæmt nánari fyrirmælum þjóðskrárinnar. Hlutaðeigandi prestur aðstoðar sveitarstjórn við þetta verk og leggur í því sambandi til upplýsingar um breytingar, sem hann fékk vitneskju um við húsvitjanir haustið áður eða á annan hátt. Að þessu loknu tilkynnir sveitarstjórn þjóðskránni athugasemdir sínar um oftalda og vantalda einstaklinga.

Sveitarstjórn má ekki breyta íbúaskrá sinni til samræmis við athugasemd, sem hún gerir samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr., nema þjóðskráin fallist á hana, sbr. ákvæði 11.—13. gr.

Sveitarstjórn skal, um leið og hún fer yfir íbúaskrá sína, gera á henni nauðsynlegar leiðréttingar og lagfæringar, aðrar en þær, sem samþykki þjóðskrárinnar þarf til, sbr. 3. málsgr. Sveitarstjórn gerir þjóðskránni grein fyrir öllum slíkum breytingum á íbúaskránni, um leið og hún tilkynnir athugasemdir sínar um oftalda og vantalda menn á íbúaskrá samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr.

Þjóðskráin ákveður sveitarstjórnum fresti til að tilkynna athugasemdir samkvæmt 2. málsgr. og breytingar samkvæmt 4. málsgr. Heimilt er að beita dagsektum í þessu sambandi samkvæmt ákvæðum 6. gr. þessara laga.

11. gr.

Þegar lokið er skilafresti þeim, sem ákveðinn hefur verið samkvæmt 5. málsgr. 10. gr., ber þjóðskráin saman athugasemdir sveitarstjórna um oftalda og vantalda menn á íbúaskrám.

Nú er einstaklingur oftalinn á íbúaskrá samkvæmt athugasemd einnar sveitarstjórnar, en vantar á íbúaskrá samkvæmt athugasemd annarrar sveitarstjórnar, og tilkynnir þjóðskráin þá aðilum breytingar á íbúaskrám viðkomandi sveitarfélaga til samræmis, eins fljótt og auðið er.

Nú ber sveitarstjórn fram þá athugasemd, áður en fresti lýkur, að tiltekinn einstaklingur sé vantalinn á íbúaskrá umdæmis hennar, og skal þjóðskráin þá taka athugasemdina til greina að jafnaði, ef önnur sveitarstjórn, sem hlut á að máli, vanrækir að tilkynna henni leiðréttingar sínar og athugasemdir við skrána, áður en fresti lýkur. Þjóðskráin tilkynnir hlutaðeigandi sveitarstjórnum breytingar á íbúaskrá þeirra af þessum sökum.

Nú ber tveim sveitarstjórnum, sem haldið hafa skilafresti, ekki saman um, hvar maður skuli vera á íbúaskrá, og tilkynnir þá þjóðskráin þeim það og skorar á þær að rökstyðja mál sitt fyrir ákveðinn tíma. Að fresti loknum tekur þjóðskráin ákvörðun í málinu samkvæmt fengnum gögnum og tilkynnir hlutaðeigandi sveitarstjórnum niðurstöðuna án tafar.

12. gr.

Nú telur sveitarstjórn einhvern einstakling oftalinn á íbúaskrá sveitarfélagsins, án þess að nokkur önnur sveitarstjórn telji hann vantalinn á íbúaskrá sinni að svo stöddu, og gerir þjóðskráin þá ráðstafanir til að fá það upplýst, í hvaða sveitarfélagi hann hafðist við undangenginn 1. desember. Síðan tilkynnir hún hlutaðeigandi sveitarstjórn, að hann skuli settur þar á íbúaskrá, nema í ljós komi, að hann teljist heimilisfastur í enn öðru umdæmi. Þjóðskráin getur og, ef ástæða er til, mælt svo fyrir, að einstaklingur, sem þannig er ástatt um, sé tekinn á íbúaskrá sveitarfélags, sem hann settist að í eftir 1. desember. Sömuleiðis getur þjóðskráin lagt fyrir sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hlutaðeigandi var upphaflega á íbúaskrá, að hann sé aftur settur á hana.

13. gr.

Ákvarðanir þjóðskrárinnar samkvæmt 11. og 12. gr. um, hvar menn skuli vera á íbúaskrá, ráða úrslitum um það, í hvaða umdæmi tekju- og eignarskattur og hliðstæð þinggjöld eru á þá lögð, og verður þeim ekki áfrýjað. En það eitt, að maður er á íbúaskrá sveitarfélags samkvæmt slíkri ákvörðun þjóðskrárinnar og án samþykkis sveitarstjórnar, getur aldrei leitt af sér neinn rétt annarra sveitarfélaga eða einstaklinga til að gera fjárkröfu á hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi vegna manns, sem svo er ástatt um.

14. gr.

Þjóðskráin sendir hlutaðeigandi skattyfirvaldi og sóknarpresti afrit af tilkynningum þeim, er hún sendir sveitarstjórn samkvæmt 11.—13. gr., og breyta þessir aðilar íbúaskránni til samræmis. Sama gildir um aðrar breytingar, sem þjóðskráin tilkynnir þessum aðilum.

Sveitarstjórn skal tilkynna hlutaðeigandi skattyfirvaldi og sóknarpresti allar breytingar á íbúaskrá, sem hún gerir samkvæmt 4. málsgr. 10. gr., og rita þessir aðilar þær á íbúaskrá.

Sveitarstjórn skal rita breytingar, sem gerðar eru á íbúaskrá, á aðrar skrár, sem leiddar eru af henni, eftir því sem við á.

15. gr.

Sóknarprestar skulu, er þeir húsvitja á hverju hausti, safna upplýsingum um allar breytingar, sem orðið hafa á aðsetri manna miðað við síðustu íbúaskrá, og í því sambandi ber þeim eftir föngum að afla vitneskju um fullt aðsetur hvers einstaklings, sem hefur tekið sér annað aðsetur en hann hafði samkvæmt síðustu íbúaskrá. Leggja skal upplýsingar þessar til grundvallar, þegar næsta íbúaskrá er endurskoðuð af sveitarstjórn og sóknarpresti, sbr. 10. gr., að svo miklu leyti sem þess gerist þörf.

Sóknarprestar skulu aðstoða við söfnun aðseturstilkynninga í prestakalli sínu, eftir því sem föng eru á.

Þriðja hvert ár skal hver sóknarprestur bera allar upplýsingar íbúaskrárinnar um nöfn, fæðingardaga og hliðstæð atriði saman við það, sem skráð er um sömu einstaklinga í embættisbókum prestakallsins. Að loknum þessum samanburði lætur sóknarprestur þjóðskránni í té þær leiðréttingar, er hann telur gera þurfa á íbúaskrá prestakallsins.

Biskupsskrifstofan og Hagstofan ákveða sameiginlega framkvæmd á ákvæðum þessarar gr. í einstökum atriðum.

16. gr.

Hverri sveitarstjórn er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að afla upplýsinga um breytingar, sem kann að þurfa að gera á íbúaskrá umdæmisins til þess að hún verði rétt, miðað við 1. desember hvert ár. Þjóðskráin getur, ef svo ber undir, lagt fyrir sveitarstjórn að gera tilteknar ráðstafanir í þessu skyni, þar á meðal láta fara fram almenna manntalskráningu í umdæminu.

Nú telur þjóðskráin, að framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 73/1952 sé ábótavant í umdæmi, og getur hún þá lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn að gera tilteknar ráðstafanir til úrbóta, þar á meðal láta fara fram almenna manntalsskráningu í umdæminu.

17. gr.

Iðgjöld til almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, og sóknargjöld samkvæmt lögum nr. 36/1948, um sóknargjöld, skulu lögð á menn á sömu stöðum og tekju- og eignarskattur er á þá lagður eftir íbúaskrá 1. desember hvert ár, sbr. 1. málslið 1. málsgr. í 32. gr. laga nr. 46/1954, um tekju- og eignarskatt.

18. gr.

Þjóðskráin lætur embættum og sveitarstjórnum í té hvers konar upplýsingar um einstaklinga, sem skrár hennar og önnur gögn hafa að geyma, enda þurfi þau upplýsinganna við vegna embættisrekstrar eða hliðstæðra starfa. Þjóðskráin lætur slíkar upplýsingar í té ókeypis, en sé um að ræða meiri háttar verk, getur hún þó krafizt þess, að hlutaðeigandi endurgreiði henni kostnað við það.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. taka ekki til opinberra fyrirtækja.

19. gr.

Þjóðskráin veitir hverjum sem er upplýsingar um aðsetur manna og önnur atriði samkvæmt skrám sínum og gögnum, eftir reglum, sem Hagstofan setur.

Þjóðskráin skal frá ársbyrjun 1963 annast útgáfu allra fæðingarvottorða og hliðstæðra vottorða til opinberra nota, annarra en þeirra, sem sóknarprestar láta í té eftir kirkjubókum, meðan þær eru lögum samkvæmt í vörzlu þeirra. Vottorð þjóðskrárinnar skulu veitt samkvæmt kirkjubók eða skýrslu sóknarprests til Hagstofunnar.

Þjóðskráin tekur gjald fyrir veitingu upplýsinga og útgáfu vottorða samkvæmt þessari gr., og fer það eftir gjaldskrá, sem Hagstofan setur. Þegar sérstaklega stendur á, má veita afslátt af gjaldi eða fella það niður. Gjald fyrir upplýsingar og vottorð skal greitt um leið og ósk er borin fram þar um.

Þjóðskráin getur lagt fyrir einstakar sveitarstjórnir að láta almenningi í té upplýsingar samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr., og ber þjóðskránni þá ekki skylda til að veita íbúum viðkomandi umdæma slíka þjónustu.

20. gr.

Ríkissjóður stendur straum af árlegum kostnaði við rekstur þjóðskrárinnar að 9/10 hlutum og Tryggingastofnun ríkisins að 1/10 hluta.

21. gr.

Hið árlega framlag Tryggingastofnunarinnar samkvæmt 20. gr. er endurgjald fyrir not hennar á vélspjöldum þjóðskrárinnar til skrárgerðar, svo og fyrir almenna þjónustu og aðstoð, sem þjóðskráin lætur Tryggingastofnuninni í té og eigi skal koma greiðsla fyrir. Hins vegar á ákvæðið í 2. málslið 1. málsgr. 18. gr. við Tryggingastofnunina jafnt og við aðra opinbera aðila.

Sveitarfélög eiga, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir, rétt á árlegum íbúaskrám samkvæmt 9. gr. og kjörskrárstofni samkvæmt 2. tölulið 3. gr., og auk þess njóta þau upplýsingaþjónustu þjóðskrárinnar samkvæmt 18. gr. En aðrar skrár en þær, sem hér er gert ráð fyrir, svo og önnur þjónusta heldur en veiting upplýsinga, skal greidd þjóðskránni sérstaklega.

22. gr.

Reikningsár þjóðskrárinnar er almanaksárið. Ríkisendurskoðunin endurskoðar reikninga hennar.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 31 27. marz 1956, um þjóðskrá og almannaskráningu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Ákveðið hefur verið, með samkomulagi Þjóðskjalasafns Íslands og menntamálaráðuneytis annars vegar og Hagstofunnar hins vegar, að leggja það til, að þjóðskráin taki við vottorðagjöfum af Þjóðskjalasafninu frá og með byrjun árs

1963. Til þess þarf að breyta gildandi lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 31/1956, þar eð í 24. gr. þeirra er svo fyrir mælt, að þjóðskráin skuli „ekki láta í té vottorð um fæðingartíma manna og önnur atriði, sem er í verkahring presta að votta um samkvæmt embættisbókum". Þetta samkomulag fyrr nefndra aðila er tilefni þessa frumvarps, en jafnframt þótti rétt að nota þetta tækifæri til að gera ýmsar lagfæringar á gildandi þjóðskrárlögum. Þó að þær feli ekki í sér miklar efnisbreytingar, leiða þær af sér það mikla röskun á lögum nr. 31/1956, að rétt er að leggja fram frv. til nýrra heildarlaga um þjóðskrána. Gerð er nánari grein fyrir þessu í II. kafla þessara athugasemda.

Allt frá því að Þjóðskjalasafn Íslands var stofnað um síðustu aldamót hefur það annazt útgáfu fæðingarvottorða og annarra vottorða eftir kirkjubókum í vörzlu safnsins. Á síðustu áratugum hafa þessar vottorðagjafir aukizt mjög mikið og sívaxandi hluti af starfstíma skjalavarða farið í þau störf, er verða að teljast óviðkomandi hlutverki safnsins, en önnur nauðsynleg störf í þágu þess hafa orðið útundan. Auk þess spillir átroðningur fólks í vottorðsleit vinnufriði og reglu á lestrarsal safnsins.

Núverandi þjóðskjalavörður hefur unnið að því síðan hann tók við forstöðu safnsins fyrir rúmlega 4 árum, að vottorðagjöfum yrði létt af því, og hefur það nú leitt til áður nefnds samkomulags um, að þjóðskráin — sem starfar sem deild í Hagstofunni — taki við þessu verkefni frá ársbyrjun 1963. Hún hefur mjög góð skilyrði til að taka við þessu hlutverka, þar sem hún hefur sitt eigið afgreiðslukerfi, og vottorðagjafirnar eru sama eðlis og upplýsingaþjónusta þjóðskrárinnar, sem er stór þáttur í starfsemi hennar. Munar því ekki mikið um vottorðagjafirnar sem viðbót við þau störf, sem fyrir eru, og kostnaðarauki vegna breytingarinnar ætti af þeim sökum að verða tiltölulega lítill.

Gert er ráð fyrir, að vottorð þjóðskrárinnar um fæðingar frá og með árinu 1916 verði gefin út samkvæmt fæðingarskýrslum presta, sem tiltækar eru á Hagstofunni, en vottorð um fæðingar fyrir 1916 verða að byggjast á kirkjubókum í vörzlu Þjóðskjalasafnsins. Til þess að öllu umstangi í sambandi við vottorðagjafir verði létt af Þjóðskjalasafninu, verður hér sennilega farin sú leið, að þjóðskráin fái mikrófilmur af þeim blaðsíðum kirkjubóka 1890—1915, þar sem fæðingar eru skráðar.

Ákvæðin um, að þjóðskráin taki við vottorðagjöfum, eru í 2. málsgr. 19. gr. frv. Eins og þar kemur fram, er gert ráð fyrir, að verksvið þjóðskrárinnar í þessu efni verði hið sama og Þjóðskjalasafnsins, meðan það annaðist þessa þjónustu. Ekki verður því nein breyting á vottorðagjöfum sóknarpresta og safnaðarstjóra.

Til frekari skýringar þykir rétt að birta hér bréf þjóðskjalavarðar, dags. 7. febrúar 1961, til menntamálaráðuneytisins, þar sem hann gerir grein fyrir nauðsyn safnsins á að losna við vottorðagjafir og bendir á þann möguleika, að þjóðskráin taki við þessu verkefni:

> „Allt frá því að Þjóðskjalasafn Íslands — eða Landsskjalasafn, eins og það hét áður fyrr — var opnað til almenningsnota um síðustu aldamót, hefur það verið háð þeirri kvöð að annast vottorðagjafir — fæðingarvottorð, aldursvottorð, hjúskaparvottorð og dánarvottorð — úr kirkjubókum safnsins. Finnst að vísu hvergi neinn lagabókstafur fyrir henni, svo mér sé kunnugt um; en strax í fyrstu reglugerðinni, sem safninu var sett 10. ágúst 1900, var svo fyrir mælt, að „skylt sé skjalaverði að veita embættismönnum, sýslunarmönnum, hreppsnefndum og öðrum, er eiga heimili annars staðar en í Reykjavík, staðfestar afskriftir af eða úr skjölum eða embættisbókum í skjalasafninu, ef þeir beiðast þess og ætla má, að þeim eða öðrum sé slíkt nauðsynlegt"; og er augljóst, að í þessu reglugerðarákvæði, sem ítrekað var með óbreyttum orðum í reglugerð um Landsskjalasafn 27. maí 1911 og reglugerð um Þjóðskjalasafn Íslands 13. janúar 1916, fólst meðal margs annars sú kvöð, sem áður er getið, enda vottorð þau, sem Þjóðskjalasafn hefur alla tíð síðan orðið að gefa úr

kirkjubókum sínum — einnig íbúum Reykjavíkur, þótt hún væri í þessu reglugerðarákvæði undanskilin — ekkert annað en staðfestar afskriftir úr embættisbókum þess.

Á síðustu áratugum hafa þessar vottorðagjafir Þjóðskjalasafns farið mjög í vöxt, ekki aðeins vegna stöðugrar fólksfjölgunar í landinu, heldur og vegna margvíslegra stórbreytinga bæði í löggjöf og þjóðlífi, svo sem víðtækra almannatrygginga, aukinnar skólasóknar og ört vaxandi bílanotkunar, sem allt útheimtir fæðingarvottorð eða aldursvottorð úr kirkjubókum. Úr hundruðum árlegra vottorða Þjóðskjalasafns hafa orðið þúsundir, og er þá ótalinn allur sá aragrúi fólks, sem árlega kemur á lestrarsal þess til þessa að biðja um fæðingarvottorð, sem það getur ekki fengið þar, af því að kirkjubækur, sem til þess þarf, eru ókomnar á safnið. Með hverju ári, sem líður, tekur allur þessi erill af vottorðagjöfum skjalasafnsins upp meira og meira að starfskröftum skjalavarðanna, sem að réttu lagi þyrftu að sinna allt öðrum störfum, fyrst og fremst afgreiðslu, röðun og skrásetningu á skjölum safnsins, og spillir auk þess stórlega öllum vinnufriði og reglu á lestrarsal þess. En um annað húsrúm til vottorðagjafanna hefur aldrei verið að ræða, né getur orðið að ræða í núverandi húsakynnum þess.

Síðan ég tók við embætti þjóðskjalavarðar fyrir rúmum þremur árum, hefur mér orðið það æ betur ljóst með hverju ári, að á þessu yrði að verða róttæk breyting, og skjalasafnið að losna með öllu við þessar vottorðagjafir, ef það ætti að geta orðið það, sem það á að vera: friðsæl, vistleg og aðgengileg stofnun fyrir fræðimenn og embættismenn þjóðarinnar, sem þangað þurfa að leita, eins og ríkisskjalasöfn og önnur opinber skjalasöfn eru í öllum nálægum löndum. Ég notaði því tækifæri, sem mér gafst, er ég fór á alþjóðaþing skjalavarða í Stokkhólmi í ágúst síðastliðið sumar og gat heimsótt Ríkisskjalasafnið í Kaupmannahöfn á heimleiðinni, til þess að kynna mér, hvernig vottorðagjöfum úr kirkjubókum væri háttað hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum. Fékk ég þá fulla vissu fyrir því, sem ég hafði áður rökstuddan grun um, að hvorki ríkisskjalasöfnin né landsskjalasöfnin þurfa þar neitt um þær að fjalla. Landsskjalasöfnin í Danmörku, Noregi og Svíþjóð varðveita að vísu eitt eintak af hverri kirkjubók, þegar nokkur tími er liðinn frá því að lokið var færslu hennar; en það eru sóknarprestarnir sjálfir, sem í þessum löndum veita vottorð úr þeim, enda kirkjubækurnar þar alls staðar færðar í tvíriti síðan snemma á 19. öld, og annað þeirra að staðaldri geymt við embætti þeirra.

Sem sjá má af þessu er Þjóðskjalasafn Íslands ekki aðeins eina ríkisskjalasafnið, heldur og eina opinbera skjalasafnið yfirleitt á Norðurlöndum, sem ætlað er það erilsama, tímafreka og öllum skjalasöfnum óskylda verk, að annast vottorðagjafir úr varðveittum kirkjubókum lands síns. Segja má að vísu, að hér hafi á sínum tíma verið nauðugur einn kostur: að leggja slíka kvöð á Þjóðskjalasafn, eftir að kirkjubækurnar voru komnar þangað, þar eð sá ágæti siður, að færa þær í tvíriti, hafði aldrei fest rætur hjá okkur. En jafnvel þótt það sé rétt og þar af leiðandi augljóst, að hér verði að hafa annan hátt á um vottorðagjafir úr kirkjubókunum en annars staðar á Norðurlöndum, er nú, síðan ljósmyndatæknin var tekin í þjónustu allrar opinberrar skjalavörzlu og margs embættisreksturs annars, engin nauðsyn lengur á því, að láta Þjóðskjalasafn eyða dýrmætum starfskröftum sínum til þess að skrifa vottorð handa hjónaefnum, námsfólki, styrkþegum almannatrygginganna og jafnvel bílstjórum, úr kirkjubókum þess. Slík vottorð getur hvaða opinber stofnun, sem til þess þætti heppileg, t. d. þjóðskráin, sem eðlilegast virðist, að hefði það starf með höndum, nú gefið með miklu ódýrari starfskröftum, eftir mikrófilmum af kirkjubókunum.

Ég leyfi mér því hér með að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það taki þetta mál sem fyrst til alvarlegrar athugunar, með það fyrir augum, að

létta vottorðagjöfunum með öllu af Þjóðskjalasafni. Ég fæ ekki séð, að nein skynsamleg rök mæli lengur með því, að sérmenntaðir skjalaverðir þess séu látnir eyða starfskröftum sínum við svo annarleg störf, meðan margt það, sem sérhvert vel rækt og skipulagt skjalasafn þarfnast, er óunnið, þar á meðal viðhlítandi röðun og skrásetning á skjölum þess. Og mér finnst það ganga fullkominni misnotkun næst á lestrarsal safnsins, að láta slíkar vottorðagjafir fara fram þar, með allri þeirri ókyrrð, sem þeim fylgir, enda augljóst, að ómögulegt er að skapa þar frið til fræðiiðkana fyrr en vottorðagjafirnar hafa verið gerðar útlægar þaðan.

Það er margt, sem gera þarf við Þjóðskjalasafnið á komandi árum, ef vel skal vera. En ekkert af því er eins aðkallandi og þetta; enda má segja, að það sé beinlínis skilyrði fyrir öðrum nauðsynlegum umbótum við safnið.“

II.

Eins og að framan greinir er lagt til, að gerðar séu ýmsar lagfæringar á ákvæðum gildandi þjóðskrárlaga um leið og lögfest yrði, að þjóðskráin skuli taka við vottorðagjöfum af Þjóðskjalasafninu. Þessar lagfæringar snerta hvorki skráningarkerfi né starfshætti þjóðskrárinnar — enda var hvort tveggja komið í fast horf þegar lögin um þjóðskrá og almannaskráningu voru sett 1956 — heldur eru þær aðallega vegna breyttra kringumstæðna.

Skal nú gerð grein fyrir, hverjar þessar breytingar eru og hvaða ástæður liggja þeim til grundvallar.

a) Lagt er til, að ákvæði um sérstaka stjórn þjóðskrárinnar verði felld niður og að Hagstofan taki við þeim fáu verkefnum, sem stjórn þjóðskrárinnar hefur samkvæmt stofnlögum hennar. Samkvæmt 3. gr. laganna er stjórnin skipuð 6 mönnum, sem tilnefndir eru af hverjum eftirtalinna aðila: Berklavarnir ríkisins, borgarsjóður Reykjavíkur, félagsmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Þessi skipun yfirstjórnar þjóðskrárinnar byggðist að verulegu leyti á því, að eftir ákvæðum frv. um þjóðskrá, eins og það var lagt fyrir Alþingi 1956, áttu sveitarfélögin að standa undir verulegum hluta af rekstrarkostnaði hinnar nýju stofnunar. Við meðferð frv. á þingi varð hér sú breyting á, að ríkissjóður tók að sér að greiða allan rekstrarkostnað, nema 1/10 hluta, er Tryggingastofnunin skyldi greiða. Þó að þetta gæfi tilefni til að fella þá þegar úr frv. ákvæði þess um stjórnartilhögun þjóðskrárinnar, var það ekki gert að sinni, aðallega vegna þess að það hefði tafið samþykkt frv. Með hliðsjón af þessu og af því, að ástæðulitið virðist, samkvæmt fenginni reynslu, að hafa sérstaka stjórn yfir þjóðskránni, er nú lagt til, að hún verði lögð niður.

b) Í 15. gr. núgildandi þjóðskrárlaga eru ákvæði um árlega gerð kjörskrárstofna handa sveitarstjórnum. Þessi ákvæði eru miðuð við það, að kjörskrár séu samdar árlega, án tillits til þess, hvort kosningar eiga að fara fram á árinu eða ekki. Þessu var breytt með ákvæði 14. gr. alþingiskosningalaga, nr. 52/1959, um, að kjörskrár skuli aðeins samdar, þá er kosningar eiga að fara fram. Ákvæðin í 15. gr. þjóðskrárlaga um árlega gerð kjörskrárstofna eru af þessum ástæðum úrelt og því felld niður, jafnframt því að í frv. er sett ákvæði um, að þjóðskráin skuli láta sveitarfélögum í té kjörskrárstofn, þegar kosningar eiga að fara fram, sjá 2. tölulið 3. gr. í frv.

c) Gert er ráð fyrir niðurfellingu 8. gr. gildandi þjóðskrárlaga, varðandi skil dánarvottorða o. fl. Ástæðan er sú, að ákvæði þessarar gr. eru tekin upp í frv. um breytingu á lögum nr. 42/1950, um dánarvottorð og dánarskýrslur, þar sem þau eiga heima með réttu. Er það frv. samið samhliða þessu frv. og verður lagt fyrir Alþingi um líkt leyti.

d) Þá er lagt til, að breytt verði ákvæðum 23. gr. núgildandi þjóðskrárlaga (18. gr. í frv.) varðandi greiðslu fyrir verk, sem þjóðskráin vinnur fyrir opinbera aðila. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur þótti rétt að kveða skýrar á

um það, að opinber *fyrirtæki* skulu greiða fyrir þjónustu, sem þjóðskráin lætur þeim í té. Upplýsingar, sem opinberir aðilar fá hjá þjóðskránni vegna embættisrekstrar og hliðstæðra starfa, eiga eftir sem áður yfirleitt að vera ókeypis.

e) Að öðru leyti er aðeins um að ræða orðalagsbreytingar og skýrari ákvæði um einstök atriði, sem eru ekki eins ljós og æskilegt væri í gildandi þjóðskrárlögum. — Samkvæmt eðli málsins þarf víða að breyta orðalagi, vegna þess að gert er ráð fyrir niðurfellingu stjórnar þjóðskrárinnar. Að öðru leyti er aðeins um að ræða orðalagsbreytingar og viðbætur til skýringar og áréttingar, einkum í eftirtöldum greinum gildandi þjóðskrárlaga, og eru samsvarandi greinar í frv. tilgreindar í sviga: 9. gr. (5. gr.), 1. málsgr. 11. gr. (1. málsgr. 7. gr.), 14. gr. (10. gr., tveimur nýjum málsgr. bætt við), 19. gr. (14. gr.), 23. gr. (18. gr.), 24. gr. (19. gr.).

Nd. 455. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands h/f.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. marz.)

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögmætur hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð allt upp í 10 milljón krónur, og skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að aukningunni í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hafi hluthafi eigi neytt forkaupsréttar síns innan þriggja mánaða frá auglýsingu bankaráðs um hlutafjárauka, skal heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutafjárauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 456. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta, sem er til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 3. ágúst 1961, kom til 1. umræðu þann 28. nóv. s. l. og var afgreitt til fjárhagsnefndar í desember, eða fyrir þinghléið. Þær ástæður liggja til þess, að nefndin hefur eigi afgreitt málið frá sér fyrr en nú, að ríkisstjórnin óskaði eftir, að bið yrði á afgreiðslu málsins, þar sem hún fyrirhugaði breytingartillögur við bráðabirgðalögin í sambandi við samkomulag við samtök útvegsmanna og í sambandi við ráðstafanir til aðstoðar togaraútgerðinni.

Ríkisstjórnin hefur ekki alls fyrir löngu látið nefndinni í té breytingartillögur, sem hún óskaði að nefndin flytti við frv. — Málið var þá tekið fyrir til athugunar í nefndinni. Aflað var ýmissa upplýsinga, sem einstakir nefndarmenn óskuðu eftir, og að lokum var frv. tekið til afgreiðslu á fundi nefndarinnar þann 20. marz. Á fundinum mættu ráðuneytisstjórarnir Gunnlaugur Briem og Jónas H. Haralz.

Niðurstaðan varð sú, að nefndin klofnaði í málinu. Undirritaður meiri hluti fjárhagsnefndar leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem ríkisstjórnin óskar eftir, að fluttar séu við frv. — Minni hl. (SkG og LJós) er andvígur frv. og skilar sérálitum.

Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir þeim breytingartillögum, sem meiri hl. fjárhagsnefndar flytur að beiðni ríkisstjórnarinnar, og verða hér raktar athugasemdir við hinar einstöku breytingartillögur:

1. Við 6. gr.
   a. Í bráðabirgðalögunum var svo kveðið á í 3. málsl. 2. málsgr., að af gengishagnaðarreikningnum skyldi greiða hækkun útflutningsgjalds á sjávarafurðum, framleiddum á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961 (sbr. 2. málsl. 1. málsgr. 7. gr. laganna). Samkvæmt breytingartillögunni skal ekki aðeins endurgreiða af reikningnum hækkun útflutningsgjaldsins, heldur einnig hækkun hlutatryggingasjóðsgjaldsins (sbr. 8. gr.). Leiðir þessa breytingu af þeirri breytingu, sem lagt er til að gerð verði á 8. gr. laganna (sbr. lið 3 hér á eftir).
   b. Í bráðabirgðalögunum var kveðið svo á, að gengishagnaðarreikningurinn skyldi notaður til að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna, að öðru leyti en því, sem fé væri notað til greiðslu á gengistapi ríkissjóðs vegna gjaldeyrisskulda og til endurgreiðslu á hækkun útflutningsgjaldsins. Samkvæmt breytingartillögunni á fé að renna til ríkisábyrgðasjóðs, og leiðir þessa breytingu af stofnun þess sjóðs.
   c. Þá er lagt til með breytingartillögunni, að því sé bætt inn í lögin, að heimilt sé að nota allt að 13 millj. kr. af gengishagnaðarreikningi til þess að greiða vátryggingargjöld fiskiskipa fyrir árið 1960. Í lögum nr. 84/1960, um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál, var svo ákveðið, að fé það, sem afgangs yrði í útflutningssjóði, þegar hann hefði innt af hendi greiðslur, er um ræðir í bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum b, e og f, skyldi afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gengi til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960. Vátryggingariðgjöld þessi námu kr. 84068502.43, og af þessari upphæð gat útflutningssjóður greitt kr. 71068502.43.

      Í sambandi við aðalfund L. Í. Ú. síðastliðið haust lofaði ríkisstjórnin að gera ráðstafanir til, að greitt yrði það, sem á vantaði að eftirstöðvar útflutningssjóðs hrykkju til greiðslu vátryggingariðgjaldanna 1960. Hér er um að ræða 13 millj. kr., og er gert ráð fyrir, að þessi fjárhæð verði greidd úr gengishagnaðarreikningi skv. 6. gr. laganna.

2. Við 7. gr.

   Samkvæmt 4. málsgr. 7. gr. bráðabirgðalaganna skyldi tekjunum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum ráðstafað þannig frá ágústbyrjun 1961, að 32% gengju til nýs tryggingakerfis fiskiskipa, 30% til Fiskveiðasjóðs Íslands, 30% til Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, 5% til fiskimálasjóðs, 1.3% til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips, 1% til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins og 0.7% til L. Í. Ú.

   Í samræmi við tilmæli aðalfundar L. Í. Ú., sem haldinn var á s. l. hausti, óskar ríkisstjórnin nú eftir því, að þessu ákvæði verði breytt þannig, að 32% greiðslan til nýs tryggingakerfis og 30% greiðslan til stofnlánadeildarinnar falli niður fyrst um sinn. Í stað þess renni 62% af gjaldinu til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa fyrir árin 1961 og 1962. Þegar þessum greiðslum er lokið, skal útflutningsgjaldinu ráðstafað á þann hátt, sem bráðabirgðalögin upphaflega gerðu ráð fyrir, þó með þeirri breytingu, að í stað þess, að 30% útflutningsgjaldsins skyldu renna til Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, er nú lagt til, að það renni til stofnlánasjóða sjávarútvegsins eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

3. Við 8. gr.

   Í bráðabirgðalögunum var kveðið svo á í 6. gr., að útflytjendur skyldu fá greidda af gengishagnaðarreikningi ⅔ hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961. Kom þetta ákvæði til af því, að útflytjendur fá afurðir framleiddar á áðurnefndu tímabili greiddar á eldra gengi, en ekki á því gengi, sem tók gildi þann 4. ágúst s. l. Þótti þess vegna ekki

réttmætt, að þeir greiddu hækkun útflutningsgjaldanna á þessum afurðum, en sú hækkun nemur um ⅔ hlutum útflutningsgjaldsins, eins og það er ákveðið í lögunum.

Sama máli og um útflutningsgjaldið gegnir um hækkun hlutatryggingasjóðsgjalds af vörum, sem framleiddar eru á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961. Eðlilegt er, að þessi hækkun greiðist einnig af gengishagnaðarreikningnum, en um þetta voru ekki ákvæði í bráðabirgðalögunum. Breytingartillagan gerir ráð fyrir, að slík ákvæði verði felld inn í lögin. Hækkunin, sem endurgreiða á, nemur 47% fyrir síldarafurðir og 65% fyrir aðrar gjaldskyldar afurðir. Þar sem hér verður um endurgreiðslu að ræða á fé, sem útflytjendur þegar hafa greitt, er nauðsynlegt, að þeir sæki um greiðsluna.

4. Ný grein á eftir 12. gr.

Um s. l. áramót tók gjaldeyriseftirlit Seðlabankans í sínar hendur afgreiðslu bóta úr útflutningssjóði samkvæmt VII. kafla laga nr. 4/1960. Í auglýsingu um þessa ráðstöfun var tekið fram, að kröfum um bætur bæri að lýsa fyrir 1. júlí 1962, enda gert ráð fyrir, að ógreiddar kröfur væru fáar og ekki stórar.

Æskilegt er, að innköllunarfresturinn verði ákveðinn í lögum, til þess að hægt sé að ljúka sem fyrst endanlegum reikningsskilum útflutningssjóðs.

Að framangreindu athuguðu leggur meiri hl. fjárhagsnefndar til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Í stað 3. og 4. málsl. 2. málsgr. komi:

Af fé á þessum reikningi skal enn fremur greiða hluta útflutningsgjalds og hlutatryggingasjóðsgjalds af sjávarvörum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, samkvæmt nánari ákvæðum 1. málsgr. 7. gr. og 2. málsgr. 8. gr. laga þessara. Að öðru leyti skal fé þetta renna til ríkisábyrgðasjóðs. Þó er heimilt að nota allt að 13 milljónum króna til þess að greiða það, sem á vantar, að fé útflutningssjóðs hrökkvi til greiðslu vátryggingargjalda fiskiskipa árið 1960.

2. Við 7. gr. 4. málsgr. orðist svo:

Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: Til Fiskveiðasjóðs Íslands 30%, til fiskimálasjóðs 5%, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips 1.3%, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 1.0%, til Landssambands ísl. útvegsmanna 0.7% og til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa árin 1961 og 1962, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, 62%. Þegar vátryggingariðgjöldin fyrir þessi ár eru greidd, skal 32% útflutningsgjaldsins renna til trygginga fiskiskipa samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins og 30% til stofnlánasjóða sjávarútvegsins eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Hlutatryggingasjóðsgjald samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1949 skal frá 3. ágúst 1961 og þar til þau lög falla úr gildi nema 1¼% af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Á sama tímabili skal gjald þetta innheimt af afurðum, sem koma frá togurum.

Endurgreiða skal útflytjendum samkvæmt umsóknum þeirra 47% greidds hlutatryggingasjóðsgjalds á síldarafurðum og 65% greidds hlutatryggingasjóðsgjalds á öðrum gjaldskyldum sjávarvörum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, en útfluttum eftir gildistöku þessara laga. Endurgreiðsla þessi skal innt af hendi með fé af reikningi þeim, er um getur í 2. málsgr. 6. gr. laga þessara.

Framlag ríkissjóðs í hlutatryggingasjóð árið 1961 og 1962 skal ekki vera hærra en ákveðið er í fjárlögum þessara ára.

4. Á eftir 12. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Allir þeir, sem telja sig eiga rétt til bóta úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum stafliða b og c í VII. kafla laga nr. 4 20. febr. 1960, skulu tilkynna gjaldeyriseftirliti Seðlabankans kröfur sínar fyrir 1. júlí 1962 og jafnframt leggja fram fullnægjandi gögn til stuðnings þeim. Bótakröfur, sem bornar eru fram að liðnum þessum fresti, falla niður ógildar.

Alþingi, 22. marz 1962.

Birgir Kjaran,	Unnar Stefánsson,	Jóhann Hafstein,
form.	fundaskr.	frsm.

Ed. 457. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefur rætt frumv. Minni hl. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Meiri hl. n. viðurkennir, að þörf sé á auknum framkvæmdum í vegagerð á Austfjörðum og Vestfjörðum. En slík þörf er fyrir hendi um allt land. Og þar sem vegalög eru nú í endurskoðun á breiðum grundvelli hjá stjórnskipaðri nefnd, sem skila mun áliti og tillögum á næsta hausti, telur meiri hl. n. ekki tímabært að samþykkja frumv. og leggur til, að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 22. marz 1962.

Jón Þorsteinsson,	Jón Árnason,	Bjartmar Guðmundsson,
form.	fundaskr.	frsm.

Nd. 458. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vildi samþykkja frumv., en ég og Skúli Guðmundsson vorum því andvígir.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem ríkisstjórnin setti 1. ágúst s. l. sumar. Efni frumv. er í raun og veru það eitt **að færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis í hendur bankastjóra Seðlabankans.**

Í beinu framhaldi af setningu þessara bráðabirgðalaga s. l. sumar ákvað svo Seðlabankinn samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar að lækka gengi íslenzkrar krónu.

Enginn vafi leikur á því, að setning bráðabirgðalaganna um það að færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis í hendur Seðlabankans brýtur í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Í 28. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga.“

Samkvæmt þessari grein stjórnarskrárinnar er útgáfa bráðabirgðalaga bundin því skilyrði, að „brýna nauðsyn beri til“ slíkrar lagasetningar á milli þinga.

Enginn getur haldið því fram, að „brýna nauðsyn“ hafi borið til þess 1. ágúst s. l. sumar að ákveða að svipta Alþingi þeim rétti, sem það eitt hefur haft til þess að ákveða gengi íslenzkrar krónu. Þó að ríkisstjórnin hafi ef til vill álitið nauðsynlegt fyrir sig að lækka gengi krónunnar á s. l. sumri, þurfti hún ekki til þess að framkvæma gengislækkunarvilja sinn að svipta Alþingi lagalegu valdi sínu. Ríkisstjórnin gat lækkað gengið með bráðabirgðalögum án þess að breyta um vald Alþingis í þessum efnum.

Gengislækkunin s. l. sumar er svo mál út af fyrir sig.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, ber að mínu áliti að fella, þar sem það er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem tvímælalaust voru sett án heimildar í stjórnarskrá landsins.

En auk þess er ég andvígur sjálfu efni frumvarpsins. Ég tel rangt að færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis í hendur Seðlabankans.

Það vald, sem felst í þeim rétti að ráða skráningu gengisins, er mikið. Með slíku valdi er hægt að gera að engu eða að litlu ýmis samningsbundin réttindi eða bein verðmæti þjóðfélagsþegnanna. Með gengisbreytingu er hægt á svipstundu að ógilda t. d. efnahagsráðstafanir, sem Alþingi hefur samþykkt. Slíkt vald tel ég, að bankastjórar Seðlabankans eigi ekki að hafa. Slíkt vald á Alþingi eitt að hafa.

Telji ríkisstjórn sér nauðsynlegt að breyta gengi krónunnar utan þess tíma, að Alþingi situr að störfum, getur hún að sjálfsögðu sett bráðabirgðalög um nýja gengisskráningu. Slík bráðabirgðalög yrðu síðan að samþykkjast af Alþingi, og þá kæmi í ljós, hvort meiri hluti þess væri samþykkur hinni nýju gengisskráningu. Eftir að gengisskráningarvaldið er komið í hendur Seðlabankans, verður ný gengisskráning ekki borin undir Alþingi til staðfestingar. Þá gæti svo farið, að meiri hluti alþingismanna lýsti sig andvígan gengisbreytingu, en hún yrði framkvæmd þrátt fyrir það.

Ég legg því til, að frumv. verði fellt.

Alþingi, 22. marz 1962.

Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 459. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Flm.: Unnar Stefánsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Þorsteinsson, Birgir Finnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, með hverjum hætti hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni fyrirtækja til að hafa með sameiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun í landinu og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á seinasta þingi, en varð eigi afgreidd.

Ísland er nú eina ríkið meðal þjóða Vestur-Evrópu, sem hefur ekki lög um heimild hins opinbera til að hamla móti einokun eins fyrirtækis eða samtökum

fyrirtækja um að halda uppi í skjóli einkasöluaðstöðu óeðlilega háu verði til að afla sér óréttmæts ágóða. Verðlagseftirlit í núverandi mynd gegnir ekki þessu hlutverki. Í Noregi er verðlagseftirlit. Þar hafa þó verið bannaðir nær 400 verðsamningar einkaaðila.

Mikil brögð eru hérlendis að samtökum fyrirtækja í sömu grein viðskipta, sem geta haft óæskileg áhrif, þótt ekki sé um risafyrirtæki að ræða. Verðsamkomulag tveggja eða þriggja smáaðila, sem ráða yfir miklum hluta framboðs í einni grein viðskipta, hefur ekki síður skaðleg áhrif á sínu sviði en myndun stórhrings, sem auðveldara væri að henda reiður á.

Í umsögn Hagstofu Íslands um sömu tillögu á seinasta þingi segir m. a.: „Ýmislegt bendir til þess, að fyrirtækjasamtök séu nú orðin talsvert útbreidd hér á landi, en hins vegar vantar alla vitneskju um ástand þessara mála hér í einstökum atriðum, vegna þess að aldrei hefur farið fram nein athugun á þeim. Hníga ýmis rök að því, að slík athugun verði látin fara fram."

Við þetta má því bæta, að með hliðsjón af væntanlegri aðild okkar að markaðsbandalagi með nágrannaþjóðunum beri enn þá brýnni nauðsyn til en áður að gefa gaum að þessari hlið viðskiptamálanna, og má eigi lengur dragast, að Alþingi láti það til sín taka.

Um frekari atriði vísast til grg. frá fyrra ári, svo hljóðandi:

„Íslenzk löggjöf hefur ekki ákvæði, sem lúta að heimild hins opinbera til að hafa eftirlit með tilraunum fyrirtækjasamtaka til aðgerða, sem gætu haft óæskilega áhrif á vöruval og verðlag í landinu. Með flutningi þessarar tillögu er lagt til, að ríkisstjórnin láti rannsaka starfsemi þeirra fyrirtækjasamtaka, sem hafa einkasöluaðstöðu eða líkleg þykja til að geta öðlazt hana, og láti síðan undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um opinbert eftirlit með slíkum samtökum einkafyrirtækja.

Myndun fyrirtækjasamtaka hefur verið eitt meginvandamálið í markaðsþróun síðustu áratuga, einkum meðal þeirra þjóða, sem hafa vilja í heiðri lögmál frjálsrar verðmyndunar og athafnafrelsi einstaklinga. Sérstaklega kveður að þessum vanda í þeim ríkjum, sem nú eru með lækkun tolla og afnámi innflutningshafta að taka upp frjálsari viðskiptahætti sín á milli.

Víðari markaðsheild á Vesturlöndum ásamt greiðari samgöngum og fullkomnara vörudreifingarkerfi eykur til muna hagkvæmni sérgreiningar og stórrekstrar, sem á hinn bóginn skapar skilyrði til enn víðtækari verkaskiptingar yfir landamærin, en það er einmitt ein aðalundirstaða efnahagslegra framfara.

En samtímis því, að aukin sjálfvirkni í vélvæðingu og nýjar uppfinningar, sem gera byltingu á sviði tækniframfara, leiða til enn frekari stóriðju, þá safnast framleiðsla hverrar einstakrar vörutegundar saman á færri og stærri hendur, sem fá með þessum hætti einokunaraðstöðu og efnahagsleg völd.

Þessi þróun stafar meðal annars af því, að markaðshættir nútímans mótast í vaxandi mæli af einkasölusamkeppni með miklum fjölbreytileika vörutegunda, þar sem hver framleiðandi keppir að því að gefa afurð sinni einhverja sérstöðu, sem veitir honum tækifæri til að reka sjálfstæða verðstefnu án verulegs tillits til verðákvörðunar annarra.

Reynsla undanfarinna áratuga hefur sýnt, að rík tilhneiging hefur verið til samvinnu fyrirtækja í stað samkeppni. Hafa fyrirtækin myndað með sér efnahagssamsteypur (trusts) eða efnahagssamtök (cartels) til að sölsa undir sig einhvers konar einkasöluaðstöðu á markaðinum. Í staðinn fyrir verðsamkeppni kemur þá formlegur verðsamningur eða leynilegt samkomulag, og er þannig úr sögunni frjáls samkeppni um verð, og í hennar stað kemur samkeppni á sviði sölustarfs, viðskiptagæða, þjónustu og auglýsinga.

Af þessum ástæðum má fullyrða, að stórum hafi dregið úr gildi frjálsrar samkeppni um verð í nútíma verzlunarháttum. Er ekki aðeins, að sjálfstæð einkafyrirtæki geti í krafti samtaka sinna með hömlum á framboði eða framleiðslu dregið

úr eða útilokað samkeppni, heldur geta þau einnig staðið gegn auknum afköstum, hagnýtingu tækninýjunga og eðlilegri framþróun, sem ella mundi leiða til meiri heildarframleiðslu og aukinnar hagsældar. Einstök afbrigði fyrirtækjasamtaka geta haft að markmiði, auk þess að halda uppi verði, að takmarka gæði, samræma söluskilmála, leggja höft á innflutning og hömlur á framboð, skipta með sér sölusvæðum og viðskiptavinum og ákvarða sölukvóta í því skyni að bæta hag meðlima sinna á kostnað neytenda.

Samræmdar aðgerðir, sem að yfirlögðu ráði hafa þvílík markmið, geta ekki talizt einkamál viðkomandi fyrirtækja, sem geta verið mikilsverður hlekkur í þjóðarbúskapnum og eiga því skyldum að gegna við samfélagið.

Ríkisvaldið hefur því víðast hvar látið þetta vandamál til sín taka, annaðhvort bannað slík samtök með öllu, eins og í Bandaríkjunum, Ástralíu og Japan, eða tekið upp strangt eftirlit með starfsemi þeirra, eins og á Norðurlöndum, Englandi, Írlandi, Hollandi, Belgíu, Kanada og víðar. Fyrirtækjum er þá yfirleitt gert að tilkynna alla samninga sína hinu opinbera og gefa þær upplýsingar, sem það biður um.

Íslenzki markaðurinn er þröngur og hefur vegna smæðar sinnar og mikils innflutnings þá sérstöðu, að hér væri auðvelt fyrir kaupmenn, innflytjendur eða framleiðendur með framleiðendasamtökum og innkaupasamböndum að öðlast einkasöluaðstöðu og efnahagsleg völd.

Hins vegar hefur ríkisvaldið um langt skeið með verðlagseftirliti og sérstakri skipan innflutnings- og gjaldeyrismála tryggt sér aðstöðu til að fylgjast allnáið með verðmyndun innanlands, sem af þeim sökum hefur ekki lotið neinum lögmálum frjálsrar verðmyndunar. Hefur af þessum sökum ekki verið talin ástæða til frekari íhlutunar um verðmyndun með markaðsrannsóknum og nánara eftirliti af hálfu hins opinbera.

Enda þótt verðlagseftirlit sé mikilsvert tæki til að vernda hagsmuni neytenda, þá hefur það að óbreyttri löggjöf engin skilyrði til að ná þeim tilgangi, sem hér er gert ráð fyrir. Ríkisstjórnin stefnir að frjálsum innflutningi og heitir landsmönnum, að með því vilji hún stuðla að meira vöruframboði og frjálsara neyzluvali, en svo fremi getur hún náð þessu marki, að innflytjendur sjálfir láti ekki samtök sín viðhalda þeim óæskilegu höftum, sem hún vill afnema, og komi þannig beinlínis í veg fyrir, að ráðstafanir hennar í þessum efnum nái tilætluðum árangri.“

Sþ. 460. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]

um eflingu héraðsstjórnar.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga leiðir til að efla framkvæmdarstjórn í héruðum landsins, m. a. með sameiningu sveitarfélaga og með aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdarvalds í sýslum.

Greinargerð.

Lagt er til, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort ekki sé orðið tímabært að leggja grundvöll að stækkun sveitarfélaga landsins með því að sameina sveitarfélög og breyta hreppamörkum, þar sem ástæða þykir til. Sveitarfélög í dreifbýli eru vegna smæðar sinnar og fámennis ómegnug þess að efla framkvæmdarstjórn í héruðum landsins, svo sem æskilegt væri að gera. Sameining fámennra hreppa mundi gera þeim kleift að leysa betur af hendi en áður ýmis þau

viðfangsefni, sem þeim eru ætluð, t. d. með því að ráða sérstakan sveitarstjóra. Samstarf sveitarfélaga um rekstur félagsheimila, skóla og um lausn margháttaðra menningarmála hefur víða reynzt vel, og bættar samgöngur, tilkoma talsímans og tilfærsla framfærslubyrðar af sveitarfélögum með eflingu almannatrygginga eru allt rök, sem hníga að því, að stækkun sveitarfélaganna fylgi í kjölfarið sem eðlileg þróun.

Með samruna eða samtengd sýslna í „hérað" mætti skilja að framkvæmdarvaldið og dómsvaldið og ráða sérstakan „héraðsstjóra", sem færi með sameiginleg verkefni byggðarlagsins. Kemur þá jafnframt til álita, hvort heppilegt væri að breyta sýslumörkum. Hvert skref í slíkri þróun verður að taka að vel yfirlögðu ráði. Hún tekur nokkur ár og þarfnast undirbúnings. En áður en langt líður, er þó án efa tímabært að hefjast handa um að stuðla að sameiningu hinna fámennari sveitarfélaga í nánu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Slík stækkun mundi tryggja sjálfstæði og treysta sjálfstjórn sveitarfélaganna og efla vald héraðanna í landinu. Að því er stefnt með flutningi þessarar tillögu.

Nd. 461. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á 5 fundum, þar sem Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri var einnig mættur, en hann var formaður nefndar þeirrar, sem frumvarpið samdi. Nefndinni bárust erindi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, bæjarstjóranum á Siglufirði, stjórn samtaka kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi og Skattstjórafélagi Íslands. Einnig ræddi nefndin við fulltrúa frá L.Í.Ú. og frá kaupstaðasamtökunum. Hefur meiri hl. nefndarinnar (BF, JK, SB og JSk) orðið sammála um breytingartillögur á þskj. 462, en nefndarmennirnir JSk og HV áskilja sér rétt til að flytja frekari breytingartillögur og munu skila sérálitum. Undirritaðir mæla með frumvarpinu með þeim breytingum, sem eru á þskj. 462.

Fyrirsvarsmenn sveitarfélaganna hafa lengi talið, að sveitarfélögin þyrftu að fá nýja tekjustofna, m. a. vegna þess, að lögboðin útgjöld þeirra hafa stöðugt farið vaxandi. Þessum óskum var ekki sinnt, fyrr en núverandi stjórnarflokkar tóku þá ákvörðun að láta sveitarfélögin fá 20% af söluskatti, sbr. lög nr. 19/1960, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Síðan hefur verið úthlutað úr sjóðnum kr. 54750317.00 árið 1960, kr. 69954357.00 árið 1961 og á þessu ári er áætlað að til jöfnunarsjóðs fari kr. 83400000.00. Er þetta drjúg viðbót við tekjur sveitarfélaga af útsvörum, sem voru í heild kr. 420672585.00 árið 1960 og kr. 474354228.00 árið 1961. Stjórnarflokkarnir vilja samt gera betur við sveitarfélögin í þessu efni, og að því miðar frumvarpið á þskj. 389, þótt þar sé ekki um að ræða eins stórt spor og stigið var 1960.

Að þessu sinni er aðallega um það að ræða að lögfesta landsútsvör, en það er tekjustofn, sem fyrirsvarsmenn sveitarfélaganna hafa margsinnis óskað eftir að lögboðinn yrði. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að þessi tekjustofn gefi rúml. 29 millj. kr. tekjur, sem renna eiga í jöfnunarsjóð og skiptist þaðan til sveitarfélaganna á sama hátt og söluskatturinn. Fyrirtæki þau, sem ætlað er að greiða landsútsvar samkv. frv., hafa að vísu flest greitt nokkur gjöld áður til þeirra sveitarfélaga, þar sem þau hafa starfrækslu, t. d. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Af þessu leiðir það, að mestur ávinningur verður að landsútsvörunum fyrir þau sveitar-

félög, þar sem engin slík starfræksla hefur áður verið, en nokkur sveitarfélög kunna að tapa á breytingunni, a. m. k. í fyrstu. Þar sem svo stendur á, þarf að vera möguleiki fyrir jöfnunarsjóð til að hlaupa undir bagga, og að því miðar 6. brtt. á þskj. 462, sem kveður svo á, að ráðherra skuli heimilt að verja nokkru fé úr jöfnunarsjóði í þessu skyni.

Ýmsir hafa borið fram tillögur þess efnis að gera fleiri aðilum skylt að greiða landsútsvör, og verður það mál til áframhaldandi athugunar.

Það tvennt, sem nú hefur verið nefnt, söluskattshlutinn og landsútsvörin, eru mikilsverðir sigrar fyrir sveitarfélögin, og munu þessir tekjustofnar efla fjárhagslegt sjálfstæði þeirra og getu til framkvæmda.

Jafnframt því að auka þannig tekjustofna sveitarfélaganna hafa stjórnarflokkarnir beitt sér fyrir lagfæringum og samræmingu á reglum um útsvarsálagningu. Var það starf hafið með setningu laga nr. 43/1960, um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögunum, og eru þau ákvæði frumvarpsins, sem að þessu lúta, sett í beinu framhaldi af þeim lögum og með hliðsjón af fenginni reynslu síðan. Jafnframt er tekinn upp í frumvarpið sérstakur kafli um fasteignaskatt.

Varðandi fasteignaskattinn er það nýmæli, að hann skuli vera fastákveðinn, en ekki aðeins heimilaður.

Um útsvörin er það að segja, að frumvarpið gerir ráð fyrir einum útsvarsstiga fyrir allt landið, í stað þess að samkv. l. nr. 43/1960 eru stigarnir nú þrír. Er með þessu stefnt að því, að útsvör séu eins jöfn og framast er unnt, hvar sem er á landinu, miðað við sambærilegar ástæður gjaldenda. Er það réttlætismál, sem til þessa hefur ekki verið nægilegur gaumur gefinn.

Veltuútsvör hafa verið mörgum þyrnir í auga á liðnum árum, en samt nauðsynlegur tekjustofn fyrir sveitarfélögin. Frumvarpið gerir ráð fyrir afnámi veltuútsvara, en í staðinn verði sveitarfélögunum heimilað að leggja á aðstöðugjald, er miðist við útgjöld atvinnurekstrarins.

Komið hefur fram sú gagnrýni á till. í frumvarpinu um aðstöðugjaldið (9. gr.), að útgjöldin séu ranglát viðmiðun, og tekin hafa verið dæmi á þá leið, að ef menn yrðu fyrir óhöppum í rekstri og þar af leiðandi útgjöldum, þá yrði slíkt skattlagt. Einnig hefur verið á það bent, að eigin fjárfesting geti fallið undir aðstöðugjald, eins og frumvarpsgreinin hljóðar. Brtt. við 9. gr. miðar að því að kveða skýrar á um þessi atriði. Þar er tekið fram, að gjaldið miðist við samanlögð rekstrarútgjöld og að aldrei megi reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum. Vert er að benda á, að aðstöðugjaldið hefur þá kosti umfram veltuútsvar, að það er frádráttarbært, og með því er komið í veg fyrir tvísköttun.

Auk þess, sem nú hefur verið rakið, skal getið eftirtalinna atriða í frumvarpinu:

Skerðing á framlagi jöfnunarsjóðs minnkar þannig, að hún miðast við 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum í stað 50% af útsvörum áður. Ráðherra verður heimilað að halda eftir 1% af tekjum jöfnunarsjóðs, unz myndazt hefur 5 millj. kr. sjóðseign, sem gerir jöfnunarsjóði fært að aðstoða sveitarfélögin, eins og nánar er fyrir mælt í frumvarpinu. Vegna skerðingarinnar urðu eftir í sjóðnum kr. 1249683.00 árið 1960 og kr. 962443.00 árið 1961. Sést af þessu, að skerðingin mun stöðugt fara minnkandi. Þess vegna er sett ákvæðið um 1% af tekjum sjóðsins, sem haldið verði eftir, eins og fyrr var sagt.

Gert er ráð fyrir, að skattstjórar annist álagningu útsvara, en verði þó bundnir af úrskurðum sveitarstjórna eða framtalsnefnda á framtölum. Þó er lagt til, að sveitarstjórnum fámennari sveitarfélaga verði heimilað að leggja útsvörin á án milligöngu skattstjóra, sbr. 45. gr. og brtt. við hana. Þrátt fyrir þessa undanþágu er það meginstefna frumvarpsins, að sveitarfélögin hafi sem nánast samstarf við skattstjórana um framtölin og álagningu útsvara og að þau notfæri sér sem mest þá þjónustu, sem skattstofurnar geta veitt þeim.

Aðrar brtt. en þær, sem getið hefur verið, þarfnast ekki skýringa.

Við teljum mikinn ávinning að frumvarpinu og mælum með samþykkt þess og brtt. á þskj. 462.

Alþingi, 23. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Jón Kjartansson.

Nd. 462. Breytingartillögur [178. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Birgi Finnssyni, Jóni Kjartanssyni, Sigurði Bjarnasyni og Jóni Skaftasyni.

1. Við 9. gr. Greinin orðist þannig:
   Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár, þar með taldar fyrningarafskriftir samkvæmt ákvæðum skattalaga, svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja.
   Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum.
   Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.
2. Við 21. gr. Í stað „15. júlí“ í 1. mgr. komi: 15. maí.
3. Við 45. gr. Í stað „300 íbúa“ komi: 500 íbúa.
4. Við 51. gr. Greinin falli niður.
5. Á eftir 66. gr. bætist við ný grein, svo hljóðandi:
   Heimilt er sveitarstjórn að breyta gjalddögum þeirra gjalda, sem renna eiga í sveitarsjóð, til samræmis við gjalddaga útsvara.
6. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
   f. Á árunum 1963—1965 skal ráðherra heimilt að verja fé úr jöfnunarsjóði til þess að bæta sveitarfélögum að nokkru eða öllu leyti þann halla, sem þau kunna að bíða vegna ákvæðanna um landsútsvör, ef hallinn er verulegur fyrir sveitarfélagið og útsvarsbyrði þess til muna meiri en almennt gerist.

Ed. 463. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, sbr. lög nr. 25 16. febr. 1953.

Frá Jóni Þorsteinssyni.

Við 3. gr. Á eftir a-lið greinarinnar komi nýr liður, svo hljóðandi:
Aftan við orðin „sem lagapróf þarf til“ í 6. tölulið komi: og hefur flutt a. m. k. 40 mál munnlega eða kveðið upp dóma í 40 munnlega fluttum einkamálum.

Ed. 464. Lög [21. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 21.

Ed. 465. Frumvarp til laga [199. mál]

um innflutning búfjár.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

I. KAFLI
Um innflutning búfjár.

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, þar með taldir fuglar.

Landbúnaðarráðherra getur þó vikið frá banni þessu, sbr. 2. gr., og leyft innflutning á búfé, öðrum dýrum og búfjársæði, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim.

Komi það fyrir, að einhverjir flytji inn dýr án heimildar, skulu þau tafarlaust drepin og skrokkarnir brenndir.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur þó því aðeins notað heimild 1. gr. þessara laga, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn, enda sé farið eftir tillögum ráðunauta í hlutaðeigandi búfjárgrein, eftir því sem við verður komið, um val fénaðarins, sem fluttur er til landsins.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður, hvaða búfjártegundir og frá hvaða landi og héraði búfé er keypt, enda leiti yfirdýralæknir upplýsinga hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda búfjár um, að þar séu eigi til staðar þeir búfjársjúkdómar, er sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

3. gr.

Allan kostnað við kaup búfjárins skal greiða úr ríkissjóði, enda sé hið innflutta búfé eign ríkisins. Fjárframlög ríkissjóðs í þessu skyni skulu ákveðin í fjárlögum.

4. gr.

Áður en búfé eða önnur dýr eru flutt inn samkvæmt lögum þessum, skal ríkið byggja sóttvarnarstöð, svo og setja saman bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem hins innflutta fénaðar er gætt og hann ræktaður eins og lög þessi mæla fyrir um og þær reglugerðir, sem eftir þeim verða settar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að kaupa eða leigja eyju eða eyjar til þessara þarfa.

5. gr.

Þegar búfé er keypt til innflutnings, skal hver einstök skepna skoðuð af viðurkenndum dýralækni, áður en hún er flutt úr landi, og skal vottorð um þá skoðun fylgja skepnunni hingað til lands. Enn fremur skal íslenzkur dýralæknir vera við skoðunina og hafa eftirlit með skepnunum á leiðinni til landsins.

Áður en fénaðurinn er fluttur úr landi, þar sem hann er keyptur, skal hann einangraður eigi skemur en 6 vikur undir eftirliti dýralæknis.

Áður en búfé er flutt í land, skal yfirdýralæknir skoða það og athuga heilbrigðisvottorð þess. Reynist ekkert athugavert við heilsufar búfjárins að lokinni skoðun yfirdýralæknis, skal skipa búfénu á land þar, sem sóttvarnarstöð ríkisins er, sbr. 4. gr., og er með öllu óheimilt, hvernig sem á stendur, að setja það á land annars staðar.

6. gr.

Einangra skal hið innflutta búfé á sóttvarnarstöðinni 16 vikna tíma undir stöðugu eftirliti yfirdýralæknis. Að þeim tíma liðnum ákveður yfirdýralæknir, hvort

það skuli leyst úr sóttkví og látið ganga með búfé sömu tegundar á eynni eða haldið lengur í sóttkví.

Aldrei má flytja búfé af búi ríkisins á eynni í land eða á aðrar eyjar, þar sem búfé hefur samgang við búfé í landi.

Heimilt er þó með leyfi landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð rándýr svo og fugla, að loknum ákveðnum einangrunartíma.

7. gr.

Að fengnum tillögum yfirdýralæknis setur landbúnaðarráðherra reglugerð um allt, er lýtur að rekstri búsins. Þar skulu vera glögg og ákveðin fyrirmæli um, hvaða afurðir megi selja frá búinu í land og í hvaða ástandi. Einnig skulu þar vera ströng ákvæði um, hvernig samgöngum við eyjuna skuli fyrir komið til að hindra, að sjúkdómar, sem upp kynnu að koma í hinu einangraða búfé, berist í land, svo og annað, er varðar búreksturinn.

8. gr.

Á búi ríkisins á eynni skal hreinræktað hið erlenda búfé, en auk þess má gera þar hvers konar tilraunir með blöndun þess með innlendu búfé, eftir tillögum ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í hlutaðeigandi búgreinum.

9. gr.

Bústjórinn á eynni skal ráðinn með sérstöku erindisbréfi af landbúnaðarráðherra eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og samþykki yfirdýralæknis. Skal hann sjá um og vera ábyrgur fyrir því, að öllum fyrirmælum um einangrun fénaðarins sé hlýtt út í æsar og að starfsemin fari nákvæmlega eftir lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirmælum, sem um þetta verða gefin.

10. gr.

Eftir að hið innflutta búfé hefur verið í eitt ár í einangrun með íslenzku búfé, má, ef það er heilbrigt og grunsamlegir sjúkdómar hafa ekki komið fram í hinum innlenda bústofni, sem með því hefur gengið, flytja sæði úr því til lands. Skal það gert eftir þeim varúðarreglum, er yfirdýralæknir setur, og af þeim mönnum, er hann samþykkir.

II. KAFLI

Um innflutning á sæði úr nautum af Galloway-kyni.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. getur landbúnaðarráðherra heimilað innflutning á sæði úr nautum af Galloway-kyni, en einvörðungu í sóttvarnarstöð ríkisins að Bessastöðum á Álftanesi. Heimild þessa má þó því aðeins nota, að fyrir liggi umsögn forstöðumanns Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði um fyrirhugaðan innflutning, stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með honum og yfirdýralæknir samþykki hann. Fara skal eftir tillögum ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt um val þeirra gripa, sem sæði er tekið úr til innflutnings, enda hafi yfirdýralæknir gengið úr skugga um hjá hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvöldum búfjár, að eigi séu til staðar þeir sjúkdómar, sem sérstaklega þarf að óttast hér á landi. Við innflutning skal stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Óheimilt er að hafa annað búfé í landareign Bessastaða en það, sem er innan sóttvarnarstöðvarinnar.

12. gr.

Nú er ákveðið, að flytja skuli nautasæði til landsins samkvæmt 1. gr. Skal þá landbúnaðarráðherra hlutast til um, að valdir verði hæfir gripir, sbr. 15. gr., í þeim tilgangi að taka úr þeim sæði til innflutnings. Kostnaður við sæðistöku, rannsóknir og aðrar varúðarráðstafanir greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra skal láta setja á stofn og starfrækja sóttvarnarstöð á Bessastöðum, og skal með erindisbréfi ákveðið, hver skuli sjá um framkvæmdir og daglegan rekstur hennar. Þar skal hafa í vörzlu þá nautgripi innlenda, sem sæða á með hinu innflutta sæði til kynblöndunar. Í því skyni útvegar landbúnaðarráðherra blendinga af holdakyni frá Gunnarsholti í sóttvarnarstöðina, og greiðir ríkissjóður þann kostnað, sem því er samfara. Jafnframt skulu, ef ástæða þykir til, keyptir nokkrir gripir af íslenzku mjólkurkyni á sóttvarnarstöðina til athugunar á smitnæmi þeirra. Hlíta skal fyrirsögn yfirdýralæknis um tilhögun girðinga, bygginga og annarra mannvirkja á sóttvarnarstöðinni í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Að fengnum tillögum ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt skal landbúnaðarráðherra setja reglur um ræktun nautgripa í sóttvarnarstöðinni, og hlíta skal tillögum nautgriparæktarráðunautar um val hinna innlendu nautgripa.

Áður en hinir innlendu nautgripir eru fluttir í sóttvarnarstöðina, skal umsjónarmaður stöðvarinnar og yfirdýralæknir ganga úr skugga um, að nautgripirnir séu eigi haldnir smitsjúkdómum.

14. gr.

Umsjónarmaður sóttvarnarstöðvarinnar skal ráðinn af landbúnaðarráðherra með sérstöku erindisbréfi eftir tillögum yfirdýralæknis. Hann skal vera dýralæknir, er hafi sérstaka þjálfun í búfjársæðingum og sóttvarnaraðgerðum. Hann skal sjá um og vera ábyrgur fyrir því, að öllum fyrirmælum um einangrun búfjár sé hlýtt út í æsar og starfsemin fari nákvæmlega eftir lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirmælum, sem um það verða gefin. Umsjónarmanni er óheimilt að stunda önnur dýralæknisstörf.

15. gr.

Þeir gripir, sem valdir eru erlendis til væntanlegrar sæðistöku, skulu skoðaðir sérstaklega af embættisdýralækni, er gefa skal vottorð um heilbrigði þeirra. Jafnframt skulu gripirnir skoðaðir af íslenzkum dýralækni, og framkvæma skal á þeim sjúkdómsgreiningarpróf eftir því, sem yfirdýralæknir segir fyrir um.

Gripi þessa má eigi flytja til Íslands, heldur skulu þeir einangraðir erlendis í hæfilegan tíma eftir því, sem ástæða þykir til, að dómi yfirdýralæknis, áður en sæðistaka úr þeim hefst.

Umsjónarmaður sóttvarnarstöðvar ríkisins eða fulltrúi hans skal hafa umsjón með sæðistökunni, geymslu sæðis og merkingu.

Reynist gripirnir heilbrigðir að lokinni sæðistöku, er heimilt að flytja sæðið til landsins og hefja sæðingu gripa á sóttvarnarstöðinni. Leiki vafi á fullkomnu heilbrigði gripanna að lokinni sæðistöku, að því er tekur til smitsjúkdóma, skal leitast við að kanna það til hlítar og fella gripinn og kryfja, ef nauðsyn ber til.

16. gr.

Aldrei má flytja búfé úr sóttvarnarstöð ríkisins, og girða skal tryggilega fyrir það, að það hafi nokkurn samgang við búfé utan hennar.

Landbúnaðarráðherra er heimilt í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralækni að kaupa íslenzka nautgripi og flytja á sóttvarnarstöðina til ræktunar,

ef brýna nauðsyn ber til þess að auka eða endurnýja hinn upphaflega stofn, enda séu gripir þessir eigi haldnir smitsjúkdómum.

17. gr.

Að fengnum tillögum yfirdýralæknis setur landbúnaðarráðherra reglugerð um allt, er lýtur að rekstri sóttvarnarstöðvarinnar. Þar skulu vera glögg og ákveðin fyrirmæli um, hvaða afurðir megi flytja að og frá stöðinni og í hvaða ástandi.

Einnig skulu vera þar skýr ákvæði um, hvernig samgöngum við sóttvarnarstöðina skuli komið fyrir til þess að hindra, að sjúkdómar, sem upp kunna að koma í hinu einangraða búfé, berist þaðan, svo og annað, er varðar rekstur stöðvarinnar og einangrun.

18. gr.

Í sóttvarnarstöð ríkisins skal hreinrækta holdanautastofn með erlendu sæði, samkvæmt áætlun og tillögum nautgriparæktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, og skal hann hafa yfirumsjón með ræktuninni.

19. gr.

Eigi er heimilt að flytja sæði úr nautgripum í sóttvarnarstöðinni til notkunar utan hennar fyrr en 2 árum eftir, að fyrst var sætt í henni með hinu innflutta sæði, enda hafi þá ekki komið fram neinn hættulegur smitsjúkdómur í nautgripum sóttvarnarstöðvarinnar. Umsjónarmaður stöðvarinnar skal taka sæðið, merkja og búa um það, áður en það fer úr sóttvarnarstöðinni, eftir þeim reglum, sem landbúnaðarráðherra setur um það samkvæmt tillögum yfirdýralæknis og nautgriparæktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands. Um dreifingu sæðis skal farið eftir ákvæðum búfjárræktarlaga. Í því skyni skal landbúnaðarráðherra skapa aðstöðu utan sóttvarnarstöðvarinnar til framhaldsræktunar með notkun nautasæðis frá henni.

20. gr.

Verði að 10 árum liðnum eigi talin þörf á frekari innflutningi á nautgripasæði að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands, er landbúnaðarráðherra heimilt að leggja sóttvarnarstöðina niður. Skal þá slátra öllu búfé stöðvarinnar til frekari tryggingar því, að smit berist eigi með því frá sóttvarnarstöðinni.

Hús og önnur mannvirki skulu sótthreinsuð eftir fyrirmælum, er sett verða um það í reglugerð.

III. KAFLI

Um sektarákvæði o. fl.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 1000—100000 krónum. Berist sjúkdómur til landsins vegna vanrækslu, varðar það þann, er vanrækslu hefur sýnt, starfs- og stöðumissi, eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 15/1948.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af þeim Ólafi E. Stefánssyni, ráðunaut, Pétri Gunnarssyni, deildarstjóra og Páli A. Pálssyni, yfirdýralækni, og létu þeir fylgja greinargerð þá, sem hér fer á eftir, og þrjú fylgiskjöl.

Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir, skrifaði undir frumvarpið og greinargerð með fyrirvara.

Búnaðarþing það, sem nú setur, hefur haft frumvarp þetta til athugunar, og mælt með samþykkt þess með 19 atkvæðum gegn 4. Er ályktun Búnaðarþings prentuð hér á eftir sem fylgiskjal IV.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur lýst yfir í bréfi, dags. 17. þ. m., að hún styðji eindregið afstöðu Búnaðarþings í þessu máli.

Greinargerð.

„Á s. l. hausti fól landbúnaðarráðherra þeim Ólafi E. Stefánssyni, ráðunaut, Pétri Gunnarssyni, deildarstjóra og Páli A. Pálssyni, yfirdýralækni, að endurskoða frumvarp til laga um innflutning á búfjársæði og lifandi dýrum, sem samið hafði verið að tilhlutan hans s. l. sumar.

Í því frumvarpi var gert ráð fyrir aðstöðu til sóttvarna fyrir hvers konar húsdýr, er flutt yrðu til landsins. Með tilliti til þess, að kostnaður við stofnun og rekstur slíkrar stöðvar yrði mjög hár, var þess óskað, að endurskoðunin miðaðist eingöngu við innflutning á holdanautgripum, enda voru óskir Búnaðarþings árið 1961 miðaðar við slíkan innflutning. Undirritaðir gerðu sér það ljóst, að ekki væri unnt að draga stórlega úr kostnaðinum við innflutninginn nema takmarka hann **í fyrsta lagi** við eitt holdanautakyn og aðeins innflutning á sæði **og í öðru lagi,** að valinn yrði staður, þar sem góð aðstaða væri til sóttvarna og nægur húsakostur fyrir hendi, þótt að sjálfsögðu verði aldrei hægt að komast hjá töluverðum kostnaði við að setja á stofn sóttvarnarstöð. Undirritaðir voru sammála um, að heppilegast væri að koma sóttvarnarstöðinni upp í landi og í nágrenni Reykjavíkur. Til þess að draga úr kostnaði var talið hagkvæmast, ef hægt væri að skapa slíka aðstöðu á ríkisbúi.

Með þetta í huga var talið, að bezt aðstaða væri fyrir hendi á Bessastöðum á Álftanesi. Jörðin liggur aðeins 14 km frá Reykjavík, er vel fallin til einangrunar og húsakostur mikill og góður.

Landbúnaðarráðherra spurðist fyrir um afstöðu forseta Íslands til þessa máls, og sýndi forseti því strax mikinn skilning og áhuga og vildi fyrir sitt leyti heimila aðstöðu á staðnum til þessa.

Með tilliti til alls þessa, ákvað ráðuneytið, að við endurskoðun frumvarpsins skyldi byggja á eftirfarandi atriðum:

1. Væntanleg sóttvarnarstöð verði á Bessastöðum.
2. Innflutningur nautgripasæðis verði eingöngu úr nautum af Galloway-kyni og nautgripir í Gunnarsholti verði notaðir til kynblöndunar.
3. Ekki verði á nokkurn hátt dregið úr þeim varúðarráðstöfunum, sem framangreint frumvarp gerði ráð fyrir í sambandi við rekstur sóttvarnarstöðvar og innflutning sæðis.

Eins og um getur í fyrrnefndu frumvarpi, fylgir minni sjúkdómshætta sæðisinnflutningi en gripa. Er því hér eingöngu miðað við sæðisinnflutning.

Undirritaðir voru sammála um að velja Galloway-kynið í þessu skyni, eftir að ákveðið var, að innflutningur skyldi miðaður við aðeins eitt holdanautakyn. Blendingar af þessum gripum eru til í landinu, og flýtir það fyrir hreinræktuninni, bæði innan stöðvarinnar og utan. Einnig á þetta kyn mjög vel við íslenzka staðhætti og

er tiltölulega hraust. Þá eru líkur fyrir því, að auðveldara sé að kaupa Galloway-sæði frá viðurkenndum útflytjendum, sem fylgja ströngum reglum um sóttvarnir.

Við viljum sérstaklega taka fram, að eins og frumvarpið ber með sér (19. gr.), er nauðsynlegt í sambandi við framkvæmd þessara laga að tryggja framhaldsræktun holdanautgripanna utan stöðvarinnar á skipulegan hátt, þegar sæðingar frá henni hefjast, og yrði sú starfsemi undir eftirliti Búnaðarfélags Íslands eða á vegum þess.

Um þær breytingar á útihúsum á Bessastöðum, sem kunna að reynast nauðsynlegar vegna sóttvarna, þarf að hafa samráð við þá aðila, er sjá um skipulag og útlit bygginga á staðnum.

Til frekari skýringar og athugunar á málinu í heild, leyfum við okkur að benda á tvo kafla úr greinargerð með fyrra frumvarpi, fylgiskjali III.

Þar sem frumvarp það, sem nú hefur verið samið, nær aðeins til lítils hluta af lagaákvæðum um innflutning búfjár, verður ekki komizt hjá því að láta hin eldri lög nr. 15, 8. marz 1948, halda gildi sínu, og er því þessi viðauki felldur inn í þau.

Tíu fyrstu greinar núgildandi laga um innflutning búfjár standa óbreyttar og mynda I. kafla: Um innflutning búfjár. Aftan við þann kafla koma 10 viðaukagreinar, nr. 11 til 20, II. kafli: Um innflutning á sæði úr nautgripum af Galloway-kyni.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 11. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er landbúnaðarráðherra heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr., að flytja inn djúpfryst sæði úr Galloway-nautum í einangrunarstöð, sem komið yrði upp á Bessastöðum á Álftanesi.

Hins vegar er með þessari grein ekki fyrirhugað að flytja inn lifandi gripi í sóttvarnarstöðina. Gert er ráð fyrir, að útihús Bessastaðabús og jarðnytjar verði hagnýttar í þessu skyni, en allt annað búfjárhald þar verði lagt niður.

Um. 12. og 15. gr.

Til þess að skapa sem mest öryggi fyrir því, að smitsjúkdómar berist ekki til landsins með hinu innflutta sæði, er mikilsvert að gerðar verði allar þær varúðarráðstafanir, sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar, og farið verði í hvívetna eftir þeim fyrirmælum, sem hann setur.

Um 13. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að hið innflutta sæði verði einvörðungu notað til þess að frjóvga með holdanautablendinga, sem útvegaðir yrðu frá Gunnarsholti, og á þann hátt flýtt fyrir hreinræktun gripanna í sóttvarnarstöðinni.

Þar sem Bessastaðabú er rekið á vegum forsætisráðuneytisins þykir rétt, að ákveðið sé með erindisbréfi, hver skuli sjá um framkvæmdir og daglegan rekstur sóttvarnarstöðvarinnar, en talið eðlilegt, að staðarráðsmaður, sem er starfsmaður ríkisins, hafi þetta með höndum.

Um 14. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ráða sérstakan umsjónarmann með sóttvarnarstöðinni, sem sé dýralæknir, til þess að tryggja sem bezt sóttvarnir, meðferð og geymslu sæðis, framkvæmd sæðinga og daglegt heilbrigðiseftirlit, enda fáist hann ekki við venjuleg dýralæknisstörf utan sóttvarnarstöðvarinnar.

Um 15. gr.

Sjá skýringar á 12. gr.

Um 16. gr.

Þarfnast eigi skýringar.

Um 17. gr.

Þarfnast eigi skýringar.

Um 18. gr.

Þarfnast eigi skýringar.

Um 19. gr.

Til að tryggja sem bezt, að smitsjúkdómar berist ekki frá sóttvarnarstöðinni, er gert ráð fyrir kynblöndun þaðan með sæðisflutningum, en búfé yrði aldrei flutt úr stöðinni, sbr. 16. gr. Hæfilegt þykir að ákveða, að sæðisflutningar frá stöðinni geti hafizt 2 árum eftir, að fyrst var sætt í henni með hinu innflutta sæði. Um dreifingu sæðis skal farið eftir ákvæðum búfjárræktarlaga, er meðal annars feli í sér, að aðstaða sé utan sóttvarnarstöðvarinnar til framhaldsræktunar með notkun nautasæðis frá henni.

Um 20. gr.

Þarfnast eigi skýringar.

Páll A. Pálsson, með fyrirvara. Ólafur E. Stefánsson. Pétur Gunnarsson.“

Fylgiskjal I.

Greinargerð vegna fyrirvara Páls A. Pálssonar, yfirdýralæknis, við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Í nóvember 1961 fól landbúnaðarráðherra Ingólfur Jónsson Ólafi Stefánssyni, ráðunaut, Pétri Gunnarssyni, deildarstjóra, og undirrituðum að semja frumvarp það, sem hér liggur fyrir.

Að fyrirlagi landbúnaðarráðherra skyldi miða frumvarpið við tvö atriði fyrst og fremst: Að komið yrði upp bráðabirgðasóttvarnarstöð að Bessastöðum á Álftanesi og að flutt yrði inn sæði úr Gallowaynautum til notkunar í þessari sóttvarnarstöð.

Ég hafði fyrr á árinu 1961 samkvæmt tilmælum landbúnaðarráðherra tekið þátt í að endurskoða gildandi lagaákvæði um innflutning búfjár á breiðum grundvelli, er miðuðu að auknu öryggi fyrst og fremst, en þær tillögur munu hafa verið taldar of kostnaðarsamar.

Vegna starfs míns sem yfirdýralæknir taldi ég rétt og skylt að verða við tilmælum landbúnaðarráðherra og hefi því tekið þátt í öllum störfum varðandi undirbúning þessa frumvarps. Ég hefi þó einkum haft afskipti af þeim atriðum frumvarpsins, er miða að sem mestu öryggi um það, að smitsjúkdómar berist ekki til landsins með fyrirhuguðum sæðisflutningi.

Þar sem ýmsar hættur eru því samfara að flytja til landsins ný búfjárkyn, tel ég mér skylt að benda á nokkur atriði í því efni.

Nú eru nær 14 ár liðin síðan lög nr. 15 1948 um sóttvarnarstöð í eyju voru samþykkt á Alþingi. Ríkisvaldið hefur þó öll þessi ár eigi sinnt þeirri skyldu að koma slíkri stöð á fót. Ástæður fyrir því munu einkum hafa verið þær, að áhugi bænda fyrir innflutningi búfjár virðist hafa verið lítill á undanförnum árum, þegar undan er skilinn tiltölulega fámennur hópur, sem nokkuð hefur beitt sér fyrir þessu máli, og að verulegur kostnaður er því samfara að setja á stofn og reka sóttvarnarstöð þá, sem lögin gera ráð fyrir.

Með skilyrðum þeim, sem okkur voru sett, er semja skyldi frumvarp þetta, er þó enn á nokkurn hátt verið að sniðganga gildandi löggjöf, þar sem með lagaviðauka er stofnað til sérstakrar bráðabirgðasóttvarnarstöðvar vegna innflutnings á sæði úr einu nautgripakyni, án þess að koma upp fullkominni sóttvarnarstöð eins og lög gera ráð fyrir.

Ég tel að hér sé valin varhugaverð leið, sem gæti leitt til þess að aðhald í þessum málum yrði örðugra en verið hefur.

Vitað er, að fast verður sótt á um innflutning annarra búfjárkynja og búfjártegunda, ef nú verður hafizt handa um innflutning, og þá örðugra gegn að standa, ef fordæmi um bráðabirgðasóttvarnarstöð er fengið.

Gæti því svo farið, að innflutningur sá, sem fyrirhugaður er með frumvarpinu, verði upphaf að því, að meira los komist á þessi mál en verið hefur um skeið, nema viðkomandi stjórnarvöld taki nú þegar og ótvírætt af skarið í því efni.

Við Íslendingar erum betur settir en flestar aðrar þjóðir, þar sem búfé hér á landi hefur lengst af verið laust við alvarlega smitsjúkdóma, ef undan eru skildir þeir sjúkdómar, sem hingað hafa borizt með innfluttu búfé og reynzt hafa meiri bölvaldar en nokkurn óraði fyrir.

Ég hefi þrásinnis bent á þá staðreynd, að þekking vor á ýmsum smitsjúkdómum búfjár er enn svo takmörkuð, að ógerlegt er að tryggja með fullu öryggi, að ekki berist sjúkdómar með innfluttu sæði. Eru nokkur dæmi um það, að alvarlegir smitsjúkdómar hafi borizt með sæði, þótt reynt hafi verið að forðast það eftir megni. Er hér helzt að óttast ýmsa veirusjúkdóma, flesta enn lítt þekkta, en einnig ýmsa sjúkdóma, er sýklar valda og einkum leggjast á getnaðarfærin. Samt sem áður munu flestir álíta að hætta við sæðisflutning sé mun minni en við innflutning lifandi gripa.

Að sjálfsögðu er unnt að draga mjög verulega úr hættu af sæðisinnflutningi með varúðarráðstöfunum, svipað og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, þar sem fyrirhugað er að flytja sæðið aðeins í sérstaka sóttvarnarstöð, en aldrei verður þó hægt að búa svo um hnútana, að eigi verði nein áhætta af sæðisinnflutningi.

Meiri hluti Búnaðarþings 1961 hvatti stjórnarvöld landsins til þess að hefjast handa um innflutning holdanautakynja. Landbúnaðarráðherra mun fyrst og fremst af þeirri ástæðu hafa beitt sér fyrir því, að frumvarp þetta var samið.

Af því tilefni þykir rétt að minna á, að Búnaðarþing studdi líka einróma á sínum tíma innflutning þess sauðfjár, sem flutti til landsins garnaveiki, þurramæði, votamæði og e. t. v. fleiri smitsjúkdóma. Er sú hörmungasaga öllum kunn.

Bein útgjöld ríkissjóðs vegna þessara fjárpesta hafa numið um það bil 136 milljónum króna á árunum 1937—1960. Ef þessi fjárhæð er umreiknuð á núverandi gengi íslenzku krónunnar, yrði upphæðin vart undir 400 milljónum króna. Þar við bætist tjón það, sem sauðfjáreigendur sjálfir hafa orðið fyrir. Það tjón er örðugt að meta, en mun nema mun hærri upphæð að dómi Sæmundar Friðrikssonar, framkvæmdastjóra, sem þessum málum er kunnugastur. Heildartjón vegna þessara sauðfjársjúkdóma mun því nema allt að einum milljarð íslenzkra króna.

Ennþá nema árleg útgjöld ríkissjóðs vegna ýmissa aðgerða í sambandi við þessar fjárpestir milljónum króna, og talið er, að fyrirhuguð fjárskipti vegna mæðiveiki í svonefndu Mýrahólfi muni nema allt að 100 milljónum króna eins og nú horfir. Þeim mönnum, sem í ljósi þessara staðreynda hvetja nú til innflutnings, mun einhvers annars frekar vant en áræðis.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda, sem haldinn var síðastliðið haust, gerði einróma svofellda ályktun: „Aðalfundur Stéttarsambands bænda leggur sérstaka áherzlu á, að ráðandi aðilar um hugsanlegan innflutning erlendra búfjárstofna gæti fyllstu varúðar í því máli, og minnir á hina bitru reynslu bændastéttarinnar í þessum efnum“.

Í ályktun þessari gætir greinilega beygs af innflutningi eins og vænta mátti af öllu því, sem á undan er gengið. Hvergi er í ályktuninni á það minnzt, að innflutningur sé talinn æskilegur.

Mun eigi fjarri að ályktа að hér komi fram hugur bænda almennt til þessa máls.

Ef hagnaðarvonir af innflutningi á sæði úr holdanautum af Gallowaykyni væru miklar og auðsæjar, er eðlilegt og afsakanlegt, þótt menn vilji nokkru til hætta.

Um þetta atriði liggja fyrir upplýsingar milliþinganefndar Búnaðarþings, sem

Búnaðarþing og landbúnaðarráðherra fólu að kanna mál þetta sérstaklega, bæði hér á landi og erlendis, sbr. skýrslu frá Búnaðarþingi 1961, bls. 55—77.

Í skýrslu þessari telur meiri hluti milliþinganefndar „það vægast sagt mjög vafasamt, að hjarðbúskapur með holdanaut verði arðvænlegur hér á landi eða taki sauðfjárbúskap fram".

Enn fremur greinir meiri hluti nefndarinnar frá því, að samkvæmt tilraun, sem gerð var í Laugardælum á vegum Tilraunaráðs búfjárræktar 1958—1960 með uppeldi á íslenzkum gripum af holdanautakyni hafi holdanautablendingar reynzt vænni til frálags heldur en þeir íslenzku. Þrátt fyrir það hafi tap á uppeldi holdanautablendinga numið ca. 1500 kr. á hvern grip, enda þótt kostnaðarreikningi virðist hafa verið stillt í hóf.

Síðan hafa aðstæður til uppeldis sláturgripa sízt orðið hagstæðari hér á landi.

Samkvæmt þessu áliti meiri hluta milliþinganefndar Búnaðarþings virðist mér hagnaðarvonin, sem hægt er að tengja við innflutning holdanautastofns, svo lítil og óviss, að hún réttlæti á engan hátt áhættu- og kostnaðarsaman innflutning nautasæðis.

Þess má og geta, að kunnugt er um nokkra bændur, sem reynt hafa búskap með holdanautablendinga undanfarin ár, en hætt við það aftur, þar sem þeir töldu sig eigi hafa af því hagnað.

Í Gunnarsholti hefur búskapur með holdanaut verið styrktur af ríkisfé um allmörg ár.

Oft hefur verið bent á, að fleiri hættur séu tengdar holdanautarækt en sjúkdómahætta í sambandi við innflutninginn.

Fyrrverandi ráðunautur í nautgriparækt hjá Búnaðarfélagi Íslands, sem hefur lengri og yfirgripsmeiri þekkingu á nautgriparækt hér á landi en flestir aðrir, hefur þráfaldlega látið í ljós þá skoðun, að margir bændur gættu þess ekki að halda holdanautgripum og mjólkurgripum aðskildum í ræktuninni. Því stafi veruleg hætta af því fyrir íslenzka nautgripastofninn, sem er mjólkurkyn, ef holdanautablendingar dreifast mjög víða um landið og af því leiði skaða fyrir mjólkurframleiðendur. Ýmsir búfjárræktarmenn hafa látið í ljós sömu skoðun og mun erfitt að rengja að álit þetta sé rétt.

Ráðunautur í búfjárrækt hjá Búnaðarsambandi Suðurlands hefur réttilega bent á, að innflutningur erlendra nautgripakynja muni verða mjög alvarlegt áfall fyrir kynbótastarfsemina í landinu, en af henni hefur orðið mjög mikið gagn að flestra dómi. Hann hefur einnig bent á, að vegna fæðar þeirra gripa af erlendu kyni hér á landi, sem komið yrði upp með innflutningi sæðis, væri óhjákvæmilegt að endurtaka innflutning, er frá liði, til kynblöndunar. Skapar slíkur síendurtekinn innflutningur að sjálfsögðu aukna áhættu.

Þá vil ég ekki láta hjá líða að minna á þá staðreynd, að þegar smávöxnum kúm af mjólkurkyni er haldið undir naut af holdakyni, eru erfiðleikar við burð algengir og oft verður að lima kálfana frá kúnum. Er sennilegt að þetta verði einnig reynslan hér á landi, þegar farið verður að nota sem næst hreinkynja holdanaut á íslenzkar kýr.

Þó að reynt hafi verið að fella inn í frumvarp þetta þau öryggisákvæði, sem við töldum framkvæmanleg til þess að draga sem allra mest úr hættu á smiti með sæðisflutningi, er mér fullljóst að laga- og reglugerðarákvæði eru eigi einhlít til þess að girða fyrir óhöpp eða slys, og alltaf getur brugðið út af með framkvæmd á settum reglum, einkum er frá líður.

Sem yfirdýralæknir og ráðunautur ríkisstjórnarinnar um innflutningsmál búfjár, hef ég talið mér skylt að vekja sérstaka athygli á og vara við þeim annmörkum og hættum, sem falizt geta í sæðisinnflutningi þeim, sem gert er ráð fyrir, samkvæmt frumvarpi þessu.

Hvaða mat, sem menn leggja á þær hagnaðarvonir, sem sumir tengja við þennan innflutning, verður að gera sér þess ljósa grein, að með innflutningi sæðis fylgir

alltaf sú hætta, að smitsjúkdómar geti borizt til landsins, jafnvel þótt hinum öflugustu varúðarráðstöfunum verði beitt eins og hér er gert ráð fyrir. Löng og bitur reynsla hefur sannað að mikið er í húfi ef illa tekst til.

Páll A. Pálsson.

Fylgiskjal II.

Athugasemdir og skýringar frá Ólafi E. Stefánssyni nautgriparæktarráðunaut, og Pétri Gunnarssyni, deildarstjóra.

Með hliðsjón af greinargerð vegna fyrirvara Páls A. Pálssonar, yfirdýralæknis, viljum við undirritaðir, að eftirfarandi komi skýrt fram.

Við undirbúning frv. þess um viðauka við lög um innflutning búfjár, sem hér liggur fyrir, ríkti hin bezta samvinna, og kom aldrei til ágreinings um nein þau ákvæði, sem í því felast, og tæpast um nein atriði önnur, sem rædd voru í sambandi við það.

Innflutningur holdanautgripa hefur árum saman verið til umræðu á Búnaðarþingi. Samþykkt þess á síðasta ári er því fram komin eftir langa íhugun og undirbúning, þar sem leitað hefur verið hvað eftir annað álits margra manna, sem búfjárræktarnefnd þingsins hefur kvatt á sinn fund, og er yfirdýralæknir í þeim hópi. Samþykkt þingsins s. l. ár er því gerð með fullri vitund um það, að hann er andvígur innflutningi og hver rök hans eru fyrir því, þótt hann væri ekki kvaddur á fund búfjárræktarnefndar þingsins þá vegna fjarveru. Ágreiningur Búnaðarþings í þessum málum til þess tíma hefur aðallega orðið um það, hvort óska ætti eftir innflutningi, fyrr en sóttvarnarstöð hefði verið reist, þótt hitt hafi einnig komið fram, að menn óttuðust óskynsamlega blöndun holdanautgripa við íslenzka kúakynið. Hinir einu atkvæðisbæru menn á Búnaðarþingi eru bændafulltrúar úr hverju kjördæmi, og er því full ástæða til að ætla, að meiri hluti bændastéttarinnar standi nú að baki ályktun þingsins. Enn fleiri fulltrúar bænda sækja aðalfund Stéttarsambands bænda, sem s. l. haust lagði, eins og Búnaðarþing, áherzlu á það, að fyllstu varúðar yrði gætt við innflutninginn. Er þessi ályktun fundarins gerð í tilefni af samþykkt Búnaðarþings fyrr á árinu til frekari áherzlu um aðgát í sambandi við sóttvarnir við fyrirhugaðan innflutning. Því fer fjarri, að ályktun Búnaðarþings hafi verið mótmælt af Stéttarsambandsfundi, heldur virðist sá fundur samþykkja sína ályktun í trausti þess, að ályktun Búnaðarþings verði framfylgt.

Báðir þessir fulltrúafundir bænda leggja því sérstaka áherzlu á sóttvarnir, og við undirbúning málsins hefur ríkt einhugur um að ganga sem tryggilegast frá þessu atriði, enda beinlínis fram tekið af hálfu landbúnaðarráðuneytisins, að svo skuli gert. Í frv. er því gert ráð fyrir, að „hinum öflugustu varúðarráðstöfunum verði beitt.“ Þótt fyrirhugaðri sóttvarnarstöð sé ætlað að starfa um takmarkaðan tíma aðeins og innflutningur sé takmarkaður við sæði úr einu nautgripakyni, ættu sóttvarnir í þessari stöð ekki að verða síður öflugar varðandi þennan innflutning en í stærri stöð, þar sem gert væri ráð fyrir innflutningi fleiri búfjártegunda og jafnvel lifandi dýra.

Það er álitamál, hvort átt hefði að koma á fót slíkri stöð í stað þess að leysa eitt atriði innflutningsmálanna að sinni, en þetta er einmitt sá innflutningur, sem umræður hafa nær eingöngu snúizt um að undanförnu og áherzla hefur verið lögð á. Hins vegar teljum við, að innflutningur sumra annarra búfjártegunda komi ekki til greina, þar sem búfé okkar hefur yfirburði, t. d. mjólkurkúakynið. En þótt stöðin sé til bráðabirgða að þessu leyti, hlýtur sjúkdómshætta einmitt að minnka með hinum miklu takmörkunum á innflutningi, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Viðhorf gagnvart sóttvörnum í sambandi við innflutning nautgripa hafa gerbreytzt á undanförnum árum, eftir að farið var að djúpfrysta nautasæði. Hægt er

að taka á stuttum tíma sæði úr sama nauti, sem nægir til að sæða með hundruð kúa. Nota má hluta af þessum skömmtum strax í sóttvarnarstöð, en geyma meginhlutann mánuðum saman eða lengur, unz skorið fæst úr því, hvort sæðið sé laust við smit. Við umræður hefur komið fram, að yfirdýralæknir óttast ekki, að með fyrirhuguðum innflutningi nautasæðis mundu berast sumir hinna alvarlegustu smitsjúkdóma, sem annars staðar eru þekktir, svo sem smitandi kálfalát (Brucellosis), kúaberklar og gin- og klaufaveiki, heldur gæti verið um að ræða „ýmsa veirusjúkdóma, flesta enn lítt þekkta, en einnig ýmsa sjúkdóma, er sýklar valda og einkum leggjast á getnaðarfærin."

Sízt skal gert lítið úr þessari hættu, en bent skal á, að sumir sjúkdómar, sem lítt eru þekktir, kynnu einnig að berast til landsins á annan hátt svo sem vegna aukinna samgangna, en ferðalög milli landa taka nú aðeins nokkrar klukkustundir, og með farfuglum.

Þær varúðarráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, munu standast fyllilega þær kröfur, sem dýralæknar telja nauðsynlegar að því, er tekur til nautasæðis, og sóttvarnarráðstafanir munu vera með þeim ströngustu, sem kunnugt er um. Þá má geta þess, að útflutningur búfjársæðis, t. d. frá Bretlandi, er háður eftirliti og leyfum landbúnaðarráðuneytisins þar og ströngum prófunum á þeim gripum, sem sæði er tekið úr til útflutnings. Er þessum aðilum umhugað um, að smit berist ekki með sæðinu og eyðileggi á þann hátt markaðinn. Þær reglur, sem British Semen Exports, Ltd., hlíta í þessu sambandi, virðast vera mjög strangar. Liggja þær fyrir til athugunar, ef óskað er. Þótt við séum ekki dýrasjúkdómafræðingar, og því ekki færir um að ræða þessi atriði á jafnræðisgrundvelli við sérfræðinga, viljum við, að fram komi, að í þeirra hópi eru menn, sem telja afar litlar líkur fyrir smithættu með nautasæði, þegar fyllstu varúðar er gætt. Jafnvel þótt svo óheppilega vildi til, að sjúkdómur bærist í sóttvarnarstöðina, ættu að vera litlar líkur fyrir því, að hann bærist út frá henni. Teljum við í frv. séð fyrir hinu fyllsta öryggi með því að ætla sérstökum dýralækni daglegt eftirlit með stöðinni og með því, að allur innflutningur er háður samþykki yfirdýralæknis, sem hefur í hendi sér að fylgjast með rekstri sóttvarnarstöðvarinnar eins nákvæmlega og hann telur ástæðu til.

Eins og fram kemur í Fylgiskjali III, kafla II, álíta fræðimenn um búfjárrækt, bæði innlendir og erlendir, sem um það hafa fjallað, að hjarðbúskapur með holdanautgripi komi varla til greina hér á landi, heldur beri að framleiða nautakjöt með einblendingsrækt holdanautgripa og íslenzkra og spara jafnframt þannig stofnkostnað að verulegu leyti. Í hópi hinna erlendu manna, sem fengnir hafa verið til að kynna sér þessi mál hér, eru hinir þekktustu sérfræðingar í kjötframleiðslu, sem nú eru uppi. Með þessari aukabúgrein er hvorki átt við útigang né neina samkeppni við sauðfjárbúskap, heldur að hún geti orðið til búdrýginga og nýttir verði með tiltölulega litlum tilkostnaði möguleikar, sem annars yrðu látnir ónotaðir að mestu.

Tilraun sú, sem gerð var í Laugardælum um kjötframleiðslu og vitnað er í í Fylgiskjali III, kafla II, var samanburðartilraun milli holdanautablendinga og íslenzkra, sem gaf ótvírætt til kynna mikla yfirburði blendinganna, og verður því ekki hnekkt. Sé hins vegar hver búgrein einangruð reikningslega og allur kostnaður reiknaður fullu verði, verður væntanlega tap á nær öllum greinum íslenzkrar landbúnaðarframleiðslu eftir því, sem búreikningar benda til. Þannig er reikningslegt tap af mjólkurframleiðslu. Þó láta menn sér ekki til hugar koma, að leggja beri hana niður. Sé hins vegar mismunandi mikið tap eftir framleiðsluaðferðum, ber að velja þá leið, sem minnst tap er á. Við hverja nýja búfjárgrein eins og þessa, sem tekin er upp, þarf öflugar leiðbeiningar um, hvernig allri meðferð og fóðrun skuli hagað. Ásamt þeirri reynslu, sem jafnframt yrði aflað við aðstæður hérlendis, mundu þær leiða til hagfelldari framleiðslu er frá liði, en slík leiðbeiningarstarfsemi hefur ekki verið tekin upp enn þá um nautakjötsframleiðslu, þar sem hennar hefur ekki verið þörf. Hins vegar er hægt að hefja hana, hvenær sem er.

Sú skoðun hefur oft verið látin í ljós, að sú hætta yrði samfara innflutningi

holdanautgripa, að bændur mundu blanda þeim saman við íslenzka kúakynið til annars en framleiðslu á sláturgripum og eyðileggja það sem sérstakt kyn. Væri þá illa farið. Búast má við, að einhver brögð yrðu að slíku fyrst í stað fyrir forvitnissakir, en með aðvörunum og leiðbeiningum mætti draga úr því til stórra muna. Hins vegar mundu strangar reglur um þetta koma að litlu haldi, þar sem eftirlit með því, að þeim yrði fylgt, er svo til óframkvæmanlegt. Hins vegar er það reynsla núverandi nautgriparæktarráðunautar, að öllum þorra bænda sé nú ljós þessi hætta. Helztu nautgriparæktarfélögin, sem kynbótagripir eru fengnir frá, eru gömul félög, sem skilja vel hlutverk sitt, og ætti ekki að vera hætta á slíkri blöndun á starfssvæðum þeirra. Nú þegar eru yfir 40% af íslenzkum kúm sæddar frá sæðingarstöðvum, og mun sá hluti stækka ört næstu ár og áratugi. Með því fækkar óvöldum nautum mjög, en hægt að vanda enn betur nautaval sæðingarstöðvanna. Dregur hvort tveggja úr þessari hættu. Loks mætti svo gera sérstakar ráðstafanir til þess að halda hluta íslenzka kúakynsins hreinum, ef það yrði talið í hættu af þessum sökum.

Að sjálfsögðu er ekki vitað til fullnustu um það, hvernig Galloway-kynið muni blandast hinu íslenzka til framleiðslu sláturgripa, þótt sú reynsla, sem fyrir hendi er, spái góðu, og blendingar hafi bæði mun betra kjöt og meira. Galloway-kýr eru taldar vega um 425 kg á fæti, sem er aðeins meira en íslenzkar kýr, sem nú vega sennilega liðlega 400 kg, en voru taldar vega um 340 kg árið 1928 og 360 kg árið 1948. Víðtækar mælingar þúsunda íslenzkra kúa undanfarin ár sýna, að kýr í öllum landsfjórðungum stækka nú mjög ört. Hefur brjóstmál undanfarin ár aukizt um ½ cm á ári að jafnaði á kú, sem mun jafngilda um 3.5 kg þyngdaraukningu á ári. Líkur fyrir erfiðri fæðingu á blendingskálfum munu því fara minnkandi, ef svo heldur áfram, sem nú horfir, sé sú hætta á annað borð fyrir hendi.

Ólafur E. Stefánsson. Pétur Gunnarsson.

Fylgiskjal III.

Úr greinargerð með frv. til laga um innflutning á búfjársæði og lifandi dýrum sömdu sumarið 1961.

„I. KAFLI

Um innflutning búfjár og löggjöf um það efni.

Eigi er ástæða til þess að rekja hér sögu innflutnings búfjár til Íslands á liðnum tímum, þar sem það hefur verið gert áður allítarlega, t. d. í sögulegri greinargerð eftir Metúsalem Stefánsson, búnaðarmálastjóra, og fylgdi sú greinargerð frumvarpi til laga, er heimilar ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta og lagt var fyrir Alþingi 1931.

Einnig má nefna „Þætti um innflutning búfjár og Karakúlsjúkdóma“, sem teknir voru saman af nefnd, er landbúnaðarráðherra skipaði 3. sept. 1946, og gefnir voru út í bókarformi á kostnað ríkissjóðs 1947.

Þó skal lauslega minnt á þau alvarlegu óhöpp, sem fylgt hafa hvað eftir annað innflutningi búfjár, þó að þeir, sem að innflutningnum stóðu á hverjum tíma, hafi án efa gert sér ljósa grein fyrir þeim hættum, sem innflutningnum voru samfara, og reynt að sneiða hjá þeim, enda að jafnaði til innflutningsins stofnað af bjartsýni og framfarahug.

Árið 1760 voru fluttir til landsins spánskir hrútar á vegum stjórnarvalda, í þeim tilgangi að auka ullargæði sauðfjár hér á landi.

Með þessum kindum er talið að fjárkláði hafi fyrst borizt til landsins. Þegar kláðinn barst til landsins, er talið að sauðfjáreign Íslendinga hafi verið 357000. Þegar kláðinn hafði herjað í 10 ár, var sauðfjáreignin komin niður í 140000. Alls

er talið, að úr kláðanum hafi farizt eða verið skorið um 280000 fjár. Fyrir mikið harðfylgi tókst að útrýma kláðanum á tæpum 20 árum. Fátækt og sums staðar bjargarskortur fylgdi í kjölfar þessa búfjársjúkdóms, sem víða er jafnað til mestu hörmunga, er yfir þjóðina hafa gengið.

Árið 1855 barst fjárkláði aftur til landsins með enskum lömbum, sem flutt voru að Hraungerði í Flóa. Á næstu 5 árum eftir að kláðans varð vart, fækkaði fé landsmanna um nær þriðjung og enn hefur ekki tekizt að útrýma fjárkláðanum, þrátt fyrir baráttu, sem staðið hefur nú á aðra öld.

1878 var fluttur frá Danmörku hrútur af brezku kyni til Skagafjarðar. Nokkrar líkur benda til þess, að með honum hafi borizt til landsins riðuveiki, sem landlæg er í Húnavatns-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum og hefur staðið af sér fjárskipti og aðrar útrýmingaraðgerðir.

Hundapest hefur þrásinnis borizt til landsins vegna ógætilegs innflutnings hunda og nærri strádrepið hunda í stórum landshlutum. Síðast barst sjúkdómur þessi hingað til lands á stríðsárunum með hundum norskra herdeilda.

Smitandi svínasjúkdómar hafa þrásinnis borizt til landsins, bæði með innfluttum dýrum og matarleifum hersins.

Með lögum frá 17. marz 1882 var bannað að flytja til Íslands útlent kvikfé, en sérstaka undanþágu mátti þó gera með stjórnarleyfi gegn varúðarreglum og tryggingum.

Ákvæðum þessum er síðan nokkuð breytt með lögum nr. 56, 10. nóv. 1905 og enn breytt með lögum nr. 25, 9. júlí 1909 og þá bannað að flytja inn hunda nema með sérstöku leyfi. Enn er lagaákvæðum þessum breytt með lögum nr. 22, 15. júní 1926, þar sem bannað er að flytja inn lifandi spendýr, en þó gert ráð fyrir, að stjórnarvöld geti veitt undanþágu frá banninu.

Þessi lög eru svo felld úr gildi tveimur árum síðar með lögum nr. 11, 23. apríl 1928 um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Er þar enn hert á innflutningsbanninu, sem auk spendýra nær einnig til fugla og ýmissa sláturafurða.

Vegna þess að stjórnarvöld sáu eigi ástæðu til þess að nota undanþáguheimild laganna, þrátt fyrir áskoranir Búnaðarþings og annarra aðila, var enginn innflutningur að kalla um nær 50 ára skeið, frá 1878 til 1929.

Með stoð laga nr. 50, 14. júní 1929 um innflutning og ræktun sauðnauta voru tvívegis flutt til landsins sauðnaut. Öll þau dýr drápust á fyrsta og öðru ári eftir komuna.

1931 er tekin upp ný stefna í innflutningsmálum búfjár og þar með látið undan sífelldum kröfum Búnaðarþings og annarra er kröfðust innflutnings. Með lögum nr 27, 8. sept. 1931, heimilar Alþingi ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta. Í skjóli þessara laga var flutt Border-Leichesterfé frá Skotlandi 1932 og Karakúlfé frá Þýzkalandi 1933.

Með Karakúlfénu bárust alvarlegar sauðfjárpestir til landsins, t. d. mæðiveiki, votamæði, garnaveiki, og kýlapestar verður fyrst vart eftir innflutning þessara ára. Mæðiveiki hefur enn eigi verið útrýmt, þrátt fyrir baráttu, sem kostað hefur hundruð milljóna, og garnaveiki er orðin landlægur sjúkdómur bæði í sauðfé og nautgripum í stórum landshlutum. Kýlapest er nú útbreidd um allt Austurland að kalla og verður seint útrýmt.

Með lögum nr. 45, 19. júní 1933 er enn rýmkuð heimild fyrir ríkisstjórnina til innflutnings og heimilaður innflutningur nautgripa af brezku holdakyni.

Sama ár voru flutt inn holdanaut af ýmsum kynjum frá Bretlandi. Með þeim barst hvimleiður sjúkdómur, sem smitaði íslenzkan nautpening, sem gekk með hinum erlendu gripum í einangruninni í Þerney. Var öllum gripunum slátrað hálfu ári síðar, en einum nýfæddum kálfi skotið undan í óleyfi og er hann ættfaðir hins svonefnda holdanautastofns, sem enn er við líði hér á landi.

Enn er flutt til landsins sauðfjársæði veturinn 1946—1947 og enn fremur á

vegum landbúnaðarráðuneytisins hrútar frá Bretlandi haustið 1947. Svo illa tókst þó til, að kindur þessar sýndu einkenni smitsjúkdóms, sem er óþekktur hér á landi, strax og kaupin voru gerð. Eigi að síður var féð flutt til landsins, en öllu lógað fáum dögum síðar. Sérstakt ábyrgðarleysi var sýnt í sambandi við innflutning þennan, er fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda voru brotin á hinn freklegasta hátt, þann stutta tíma, sem féð var í einangrun hér á landi.

Virðist þá sem mönnum hafi þótt óhöppin í sambandi við innflutning búfjár verið orðin nógu mörg í bráð, enda tjón af völdum þeirra gífurlegt, því með lögum nr. 15, 8. marz 1948 herðir Alþingi á ný ákvæði þau, sem varða innflutning búfjár. Eftir gildistöku þeirra laga hefur eigi til þessa verið ráðizt í innflutning búfjár.

Óhöpp í sambandi við innflutning búfjár eru víðar þekkt en á Íslandi, og hafa öll lönd, sem leyfa innflutning búfjár, sérstakar varúðarreglur og þjálfað starfslið til þess að tryggja að slík óhöpp komi eigi fyrir. En þrátt fyrir alla varfærni, varúðarreglur og rannsóknir ýmiss konar við innflutning dýra, hefur það þráfaldlega komið fyrir, að alvarlegir smitsjúkdómar hafa borizt milli landa með innfluttu búfé hin síðari ár, jafnvel til þeirra landa, þar sem hömlur á innflutningi eru miklar og stranglega er gætt langrar sóttkvíunar. Þessi óhöpp eru ótvíræð sönnun þess, að enn nær þekking vor á eðli margra smitsjúkdóma húsdýra okkar of skammt til þess að hægt sé með fullu öryggi að girða fyrir þær sýkingarhættur, sem samfara eru innflutningi búfjár, og á það einnig við um þær þjóðir, sem standa í fremstu röð um þekkingu og rannsóknir á búfjársjúkdómum.

Í þessu sambandi er einnig rétt að minna á, hve erfiðlega hefur gengið að útrýma þeim smitsjúkdómum í búfé, sérstaklega þó sauðfé, sem til Íslands hafa borizt, og hve mikilli og örri útbreiðslu þeir hafa náð oft á tíðum.

Með tilliti til þess, sem hér er fram tekið, miða ákvæði frumvarps þess, sem hér liggur fyrir, að því að tryggja enn frekar en gert er með núgildandi löggjöf, að hingað geti ekki borizt smitsjúkdómar með innflutningi.

II. KAFLI

Notkun holdanautgripa á Íslandi.

Íslenzka kúakynið er lélegt til kjötframleiðslu, en ágætt til mjólkurframleiðslu, enda hefur það verið ræktað sem mjólkurkyn.

Á undanförnum áratugum hefur mikið verið rætt um nauðsyn þess, að flytja til landsins holdakyn til þess að hægt væri að framleiða hér betra nautakjöt en nú er unnt.

Væru holdanautgripir í landinu, er um tvær aðferðir að ræða til framleiðslu á nautakjöti. Önnur sú, að rækta hjarðir holdanautgripa, eins og tíðkast í hálöndum Skotlands og sums staðar í Bandaríkjunum og víðar í strjálbyggðum löndum. Ganga þá kálfarnir undir mæðrum sínum fyrsta sumarið. Hin aðferðin er sú að nota naut af holdakyni til þeirra kúa af mjólkurkyni, sem ákveðið er ala ekki undan til viðhalds mjólkurkúastofninum, og framleiða á þann hátt einblendinga til slátrunar, eins og nú er gert í stórum stíl í Bretlandi og víðar. Þá yrði holdanautaframleiðslan aukabúgrein mjólkurframleiðenda, og sparast þá sá kostnaður, sem fylgir því að eiga, hýsa og fóðra kýr af holdakyni til þess eins að eiga einn kálf á ári og fóðra hann fyrsta sumarið.

Fræðimenn um búfjárrækt, bæði innlendir og erlendir, og þeir síðarnefndu úr hópi þekktustu sérfræðinga í kjötframleiðslu, hafa athugað hvor þessara aðferða mundi henta betur á Íslandi. Þeir hafa orðið sammála um, að fyrri aðferðin komi varla til greina hér á landi, enda þótt með þeirri aðferð sé hægt að framleiða enn þá betra kjöt en með síðari aðferðinni. Ástæður fyrir þessu eru þessar: Það yrði of kostnaðarsamt hér á landi að eiga, fóðra og hýsa kýr af holdastofni til þess eins að eiga kálf og mjólka honum í nokkra mánuði, bæði vegna mikillar

fjárfestingar og of mikils fóðurkostnaðar kúnna. Það er alger misskilningur, sem komið hefur fram hér á landi, að hægt sé að láta kýr af holdakyni ganga hér sjálfala á vetrum, þótt hafa mætti þær í tiltölulega ódýrum byggingum. Þær munu þurfa um 15—20 hestburði af heyi, og er þá gert ráð fyrir að hýsa þær og gefa þeim álíka lengi og sauðfé.

Öðru máli gegnir með síðari aðferðina. Með henni þarf ekki að leggja fjármuni í aukinn kúastofn og byggingar yfir þær né fóður handa þeim, heldur aðeins ala upp kálfana til 1½—2½ árs aldurs. Að vísu þarf hús yfir þá kálfa og vetrunga og fóður handa þeim. Þótt gefa þurfi kálfunum frá fæðingu, yrði samt fóðrun þeirra mun ódýrari heldur en ala önn fyrir kú árlangt, til þess að mjólka kálfi fyrsta sumarið. Einblendingskálfar þessir þurfa gott fóður til þess að gefa gott kjöt, en gera má ráð fyrir, að framleiðsla nautakjöts af slíkum einblendingum yrði mun hagkvæmari en framleiðsla nautakjöts af hreinræktuðum íslenzkum gripum. Tilraun, sem gerð var í Laugardælum á vegum Tilraunaráðs búfjárræktar, og lauk haustið 1960, sýndi, að blendingar (ca. ¼ af Galloway-kyni) gáfu 45 kg þyngra meðalfall tveggja ára að aldri en hreinræktaðir íslenzkir kálfar, auk þess sem föllin af kynblendingunum voru betur holdfyllt. Miðað við verðlag innanlands lögðu kynblendingarnir sig allt að 1000 krónum betur, en þeir hreinræktuðu íslenzku við sömu aðbúð. Að vísu var ekki unnt að mæla, hvort kynblendingarnir bitu meira úti eða átu meira á stalli síðari veturinn, en allt annað fóður var jafnt. Gera má ráð fyrir, að hálfblóðsgripir mundu reynast enn betur til kjötframleiðslu en fjórðungsblendingar þeir, sem notaðir voru í þessari tilraun.

Á þessu stigi málsins er ekki hægt að fullyrða, hvort nautakjötsframleiðsla með þessari aðferð yrði arðgæf búgrein til útflutnings, en öruggt má teljast, að allmikil eftirspurn yrði á slíku kjöti á innanlandsmarkaði. Ekki má einblína á, hvort holdanautaframleiðsla ber sig sem sjálfstæð búgrein, því að hún mundi vera stuðningur við þær búgreinar, sem fyrir eru, t. d. gætu mjólkurframleiðendur, sem þegar hafa eins margar mjólkurkýr og þeir hafa aðstöðu til að mjólka eða hýsa, aukið tekjur bús síns með lítilli aukavinnu, með því að framleiða árlega nokkra holdagripi til slátrunar. Ekki gæti síður verið hagkvæmt fyrir bændur, sem ekki hafa mjólkursölu, að ala holdakálfa vegna þess, að þeir hafa flestir meiri mjólk en þeir þurfa til heimila sinna, sem erfiðleikum er bundið að breyta í söluhæfar afurðir á hagkvæman hátt með núverandi búskaparlagi. Einnig eru sumar jarðir óhentugar til sauðfjárframleiðslu, þótt auðvelt muni að framleiða þar nautakjöt."

Fylgiskjal IV.

BÚFJÁRRÆKTARNEFND.

Framsögum.: Baldur Baldvinsson.

BÚNAÐARÞING 1962.
Mál nr. 13.
Þskj. nr. 44.

Frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948 um innflutning búfjár.

Ályktun.

Búnaðarþing ályktar að mæla með því, að samþykkt verði efnislega óbreytt frumvarp það til laga, er fyrir liggur á þskj. nr. 13, um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948 um innflutning búfjár.

Baldur Baldvinsson. Bjarni Bjarnason. Gísli Magnússon.
Jóhannes Davíðsson. Sigurður Snorrason. Össur Guðbjartsson.

Nd. 466. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frv. svo og breytingartill. við frv. á þskj. 324. Frv. ásamt breytingartill. var sent landnámsstjóra og jarðeignadeild ríkisins. Hvorir tveggja mæla með sölu jarðanna. Í umsögn sinni um frv. segir landnámsstjóri m. a.:

„Með tilvísun til rökstuðnings í greinargerð með frumvarpinu sé ég ekkert athugavert við, að sala fari fram á landi af Mörkunum, sem fullnægjandi væri til viðauka við Hvannárland, svo að á Hvanná II geti orðið stofnað nýbýli, en jafnframt legg ég áherzlu á, að eigi sé selt af heiða- og fjalllendi jarðarinnar meira en svo, að Hofteigur I hafi fullnægjandi beitar- og sumarhagaaðstöðu.

Samkvæmt því mæli ég með því, að sala sé heimiluð, en að lagt verði í hendur þess ráðuneytis, er söluna framkvæmir, hve mikið land skuli selja og hver landamerki verði sett fyrir því landi.“

Nefndin telur sjálfsagt, að þessar ábendingar landnámsstjóra verði hafðar í huga, er til sölu landsins kemur.

Alþingi, 22. marz 1962.

Gunnar Gíslason, form. Benedikt Gröndal, fundaskr. Jónas Pétursson, frsm.
Karl Guðjónsson. Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 467. Frumvarp til laga [164. mál]

um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda.

(Eftir 3. umr. í Ed., 23. marz.)

1. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, forráðamönnum sveitarfélaga, svo og opinberum stofnunum að semja sín í milli um, að innheimt skuli í einu lagi gjöld, er greiða ber þessum aðiljum. Má fela gjaldheimtuna innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða eða sérstakri innheimtustofnun.

2. gr.

Nú takast samningar um gjaldheimtu samkvæmt 1. gr., og skal þá samið um hlutdeild hvers aðilja í kostnaði við hana til eigi skemmri tíma en eins árs í senn.

3. gr.

Allar skyldur, sem innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða og opinberra stofnana eru lagðar á herðar lögum samkvæmt, svo og allar heimildir, sem þeim eru veittar til þess að framfylgja gjaldheimtunni, skulu falla til þess aðilja, sem samkvæmt samningi tekur innheimtuna að sér.

4. gr.

Með reglugerð má samræma gjalddaga einstakra opinberra gjalda, sem innheimt verða með þessum hætti, setja sameiginleg ákvæði um dráttarvexti, van-

greiðslu á hluta gjalda, fyrirframgreiðslu, skyldur kaupgreiðenda til að halda eftir af kaupi fyrir opinberum gjöldum og annað það, er einvörðungu lýtur að innheimtu gjalda, enda þótt frávik sé að því leyti frá gildandi lögum.

5. gr.

Sé sjúkrasamlag aðili að innheimtu, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs, samkv. 58. gr. laga nr. 24 frá 1956, um almannatryggingar, sbr. 21. gr. laga nr. 13 frá 1960, miðast við innheimtar tekjur samlagsins, eins og þær verða samkvæmt samningi aðilja um innheimtuna.

Í samþykktum slíks samlags má ákveða:

1. Að iðgjald hjóna skuli krafið í einu lagi.
2. Að víkja frá reglum 78. gr., sbr. 50. og 51. gr. almannatryggingalaga um greiðslufrest iðgjalda og viðurlög við vangreiðslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 468. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um landþurrkun á Fljótsdalshéraði.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, svo fljótt sem verða má, mæla vegna framræslu allt ræktanlegt votlendi á Fljótsdalshéraði og gera áætlun um, hvað kosta muni að þurrka þetta land.

Greinargerð.

Fljótsdalshérað er eitt stærsta samfellda láglendissvæði á Íslandi. Þar skiptast á klapparásar, móar, mýrlendi og flóar. Mýrlendi er þar víðáttumikið, og hefur þegar verið ræst þar fram allmikið land, en mikið er þó eftir að þurrka af því landi, sem vel er þurrkunarhæft.

Það er almennt viðurkennt, að þurrkun víðlendra mýra og flóa hafi áhrif til hækkunar á meðalhita. Getur því framræsla, auk þess beinlínis að stórauka verðmæti landsins með því að leysa úr læðingi frjóefni jarðvegsins, aukið notagildi stærra landsvæðis en beint nýtur þurrkunarinnar. En hitastig loftsins er einn veigamesti þátturinn, sem áhrif hefur á uppskeruna.

Kornrækt hefur verið talsverð á Fljótsdalshéraði síðustu árin og fer vaxandi. Reynslan bendir í þá átt, að kornræktarskilyrði muni betri á Fljótsdalshéraði en víða, ef ekki víðast hvar annars staðar á landinu. Þar eru einna víðlendustu og þroskamestu birkiskógar landsins, sem bendir til þess, að skilyrði skógargróðurs muni hvergi vera betri. En kornyrkja og skógrækt eru systurgreinar í ræktun.

Óþarft er að fjölyrða um, hve mikil verðmætisaukning fylgir þurrkun landsins einni saman, auk þess sem ræktun fylgir á eftir. En ekki hefur enn þá verið reynt, hver áhrif það hefði umfram hin venjulegu afnot til beitar og ræktunar, ef allt votlendi í heilu héraði væri þurrkað og skógrækt fylgdi til skjóls.

Flm. þessarar tillögu telja ástæðu til, að gerð verði stórfelld tilraun í þessu efni með því að þurrka samfellt landsvæði á fáum árum, og telja Fljótsdalshérað til þess kjörið. Það mætti verða upphaf skipulegrar áætlunar um þurrkun alls votlendis á Íslandi.

En til að átta sig á þessu viðfangsefni og hvað kleift er, verða ýmsar athuganir að fara fram, Mæla þarf landið og gera áætlanir um kostnað við þurrkunina miðað við hagfelldustu vinnubrögð. Þegar þetta lægi fyrir, kæmi til athugunar fjármála- og framkvæmdahliðin.

Flm. leggja til, að svo fljótt sem unnt er verði þessi undirbúningsvinna framkvæmd, og er þá ætlun þeirra, að athuganir verði hafnar á Fljótsdalshéraði á komandi sumri.

Nánar í framsögu.

Nd. 469. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundum sínum. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 23. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.

Jón Kjartansson.

Nd. 470. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundum sínum, en einn nm. (HV) var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

Alþingi, 23. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.

Jón Kjartansson.

Nd. 471. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundum sínum. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 23. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Jón Kjartansson.

Nd. 472. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundum sínum, en einn nm. (HV) var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

Alþingi, 23. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Jón Kjartansson.

Nd. 473. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundum sínum, en einn nm. (HV) var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

Alþingi, 23. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Jón Kjartansson.

Nd. 474. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundum sínum, en einn nm. (HV) var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1963.

Alþingi, 23. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Jón Kjartansson.

Nd. 475. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundum sínum, en einn nm. (HV) var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

Alþingi, 23. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Jón Kjartansson.

Nd. 476. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundum sínum. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 23. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Jón Kjartansson.

Nd. 477. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundum sínum. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 23. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Jón Kjartansson.

Nd. 478. Breytingartillaga [25. mál]

við till. til rökstuddrar dagskrár á þskj. 249 [Almannatryggingar].

Frá Geir Gunnarssyni og Hannibal Valdimarssyni.

Í tillöguna bætist á eftir orðunum „verði hækkaðar“ orðin: í a. m. k. 290000 kr.

Til vara: í a. m. k. 200000 kr.

Nd. 479. Frumvarp til laga [201. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Félagsheimilasjóði, sem nokkur hluti skemmtanaskatts rennur í, sbr. lög nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og breyting á þeim lögum, skal varið til þess að styrkja byggingar félagsheimila samkv. 1. gr. Ekki má þó styrkur til hvers félagsheimilis eins félags eða samtaka félaga þeirra, sem talin eru í 1. gr., nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði þess, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Menntamálaráðherra getur sett sem skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum til félagsheimilis, að fleiri en eitt félag standi að byggingu þess, til þess að afnotaþörf verði sem bezt fullnægt og rekstur geti orðið sem hagkvæmastur.

Styrk má veita til sameiginlegs félagsheimilis, sem ætlað er að vera samhýsi — héraðsheimili — félaga og sveitarfélaga ákveðins héraðs, enda hafi 80% sveitarfélaga héraðsins og eigi færri en þrjú gert með sér samning um að reisa og reka félagsheimilið. Styrkur til slíks héraðsheimilis má nema allt að 50% af byggingarkostnaði þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 47 5. júní 1957.

Greinargerð.

Síðan lögin um félagsheimili tóku gildi og farið var 1948 að starfa samkvæmt þeim, hafa félagsheimili verið reist víðs vegar um landið. Félagsheimilum þessum má skipta í þrjá stærðarflokka:

1. Lítil hús 600—900 m³.
2. Miðlungshús 1000—2400 m³.
3. Stór hús 2500 m³ og stærri.

Ríkið viðurkennir þá nauðsyn byggðarlaga að eiga mannsæmandi samkomuhús með því, lögum samkvæmt, að leggja fram fé til byggingar félagsheimila, og breyting sú, sem hér er farið fram á að gerð verði á lögunum um félagsheimili, skerðir eigi þá aðstoð.

Af skiljanlegum ástæðum hafa víða verið reist félagsheimili, sem að nokkru hafa verið sniðin eftir þörf íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags og einnig með tilliti til þess að geta samtímis tekið á móti fleira eða færra utansveitarfólki.

Rekstur þessara húsa hefur í sumum tilfellum reynzt mjög erfiður fyrir hlutaðeigendur, og veldur þar mestu um, að stofn- og rekstrarkostnaður er of mikill miðað við afnotamöguleikana.

Sums staðar hagar svo til, að sveitarfélögum er mikil þörf á að hafa yfir að ráða sameiginlegu samkomuhúsi til fundarhalda og mannfagnaðar, en til slíkra nota reynast eðlilega félagsheimili hinna einstöku sveita að jafnaði of lítil. Auk þess eru þau venjulega þannig staðsett, að illa hentar fyrir íbúa margra sveita að eiga þangað sameiginlega sókn, sérstaklega að vetrarlagi. Þar sem svona hagar til, hefur á síðustu árum nokkuð verið unnið að því að mynda samtök fleiri sveitarstjórna og annarra aðila hlutaðeigandi sveita, þeirra sem um ræðir í 1. gr. laganna um félagsheimili, til að reisa sameiginlegt héraðsheimili á hinum hentugasta stað innan héraðsins, sem væri svo stórt, að fullnægði sameiginlegri þörf. Er þá jafnframt gert ráð fyrir, að hin einstöku sveitarfélög innan héraðsins byggi sín félagsheimili, hæfilega stór til að fullnægja þeim með tilliti til mannfjölda.

Það, sem vinnst við þetta fyrirkomulag og byggingu héraðsheimila, þar sem slíkt á við, er m. a. þetta:

1. Meiri möguleikar fyrir nánara menningarlegu og félagsmálalegu samstarfi sveita innan sama héraðs.

2. Minni stofnkostnaður vegna byggingar félagsheimila og því hagkvæmara fyrir hlutaðeigandi sveitir og félagsheimilasjóð.

3. Meiri hagkvæmni um heilbrigðan rekstur félagsheimilanna.

4. Héraðsheimili, sem byggt er samkvæmt þörfum heils héraðs, hefur m. a. skilyrði til að vera menningarmiðstöð héraðsins, þar sem héraðsbúar geta sameiginlega notið þess bezta, sem á boðstólum er á hverjum tíma, hvort sem það er flutt af heimamönnum eða aðkomufólki. Ljóst má vera, að það er miklum fjárhagslegum erfiðleikum bundið fyrir sveitarfélögin að koma upp slíkri menningarmiðstöð sem hér um ræðir jafnhliða því að byggja sín eigin félagsheimili, þótt þau að sjálfsögðu verði minni og ódýrari en ella, þar sem þau verða meir en áður sniðin eftir heimaþörf einni. Flm. telja því rétt og eðlilegt, að hið opinbera hlutist til um, að héraðsheimili fái nokkru hærri byggingarstyrk en félagsheimili einstakra sveitarfélaga, og geri þannig stærri félagsheildum auðveldara um úrlausn verkefnis, sem líklegt er að efli félagslega samvinnu, betra samkomuhald og sparnað á fjármunum.

Flm. leggja svo að lokum til, að síðasta málsgrein 2. gr. laganna um félagsheimili verði felld niður. Reynslan hefur sýnt, að telji aðilar að byggingu félagsheimilis sig eiga rétt á auknum styrk úr ríkissjóði, hefur 4. gr. laganna verið beitt.

Nánar í framsögu.

Sþ. **480. Tillaga til þingsályktunar** [202. mál]

um smíði fiskiskipa innanlands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hið bráðasta hvers konar ráðstafanir, sem þörf er á, bæði með útvegun nægilegs lánsfjár, tæknilegs undirbúnings, skipulagningar starfsins og á annan hátt, til þess að smíði fiskiskipa færist inn í landið.

Sérstaklega skal allra úrræða leitað til þess, að hér hefjist smíði stálskipa frá 70—250 tonna stærð í svo stórum stíl, að fullnægi þörf þjóðarinnar.

Greinargerð.

Það verður með engu móti talið vansalaust, að fiskveiðaþjóð eins og Íslendingar skuli að langmestu leyti láta aðrar þjóðir smíða fiskiskip sín.

Á þessu sviði verða Íslendingar að setja sér það takmark að verða sjálfum sér nógir hið allra fyrsta. Og að því marki verður að stefna föstum og ákveðnum skrefum. Óhætt er að fullyrða, að yfirgnæfandi meiri hluti fiskiskipa okkar, sem byggð eru úr tré og eru 40 lestir eða stærri, séu smíðuð erlendis.

Jafnvíst er þó hitt, að þau fiskiskip, sem byggð hafa verið í íslenzkum skipasmíðastöðvum, hafa í hvívetna reynzt jafngóð hinum erlendu og þó á ýmsan hátt betur. En þrátt fyrir þessa góðu reynslu höfum við haldið áfram að flytja inn fullgerð fiskiskip úr tré, en íslenzk tréskipasmíði sífellt átt í vök að verjast og síður en svo tekið æskilegum eða eðlilegum vexti.

Svo erfitt hefur innlenda skipasmíðin átt uppdráttar, að hlutur hennar í viðhaldi og aukningu fiskiskipaflotans hefur síður en svo farið vaxandi hin síðari ár, þegar smíði smærri báta er undanskilin.

Um seinustu áramót munu aðeins 6 eða 7 skip stærri en 36 rúmlestir hafa verið í smíðum hér á landi, og skiptast þau þannig á staði og skipasmíðastöðvar:

Í Vestmannaeyjum	1	36	lesta	trébátur
Í Njarðvíkum	1	40	—	—
Í Neskaupstað	1	75	—	—
Á Akureyri	2	ca. 100	—	trébátar
Á Akranesi	1	100	—	trébátur
Í Stálsmiðjunni í Rvík ..	1	130	—	stálskip

Þetta er, eins og menn sjá, aðeins lítið brot þess, sem með þarf til árlegrar endurnýjunar og aukningar skipastólsins.

Um þessar mundir munu Íslendingar eiga um 665 þilfarsskip undir 100 rúmlestum, enn fremur 101 fiskiskip yfir 100 rúmlestir auk togaranna — alls 23500 lestir.

Segjum, að helmingur þessara 665 skipa sé stærri en 35 rúmlestir og að endingartími þeirra sé að meðaltali um 20 ár. Kemur þá í ljós, að til þess að halda flotanum við þurfum við a. m. k. 16—17 skip innan 100 rúmlesta og a. m. k. 6—7 skip 100 lestir og þar yfir, og eru togarar þar ekki með taldir. Þetta er takmarkið, sem við þurfum að ná á næstu árum.

En þegar miðað er við reynsluna, verður að teljast ólíklegt, að skipasmíðin færist inn í landið af sjálfu sér. Sú aðstaða, sem ætla má, að ríkið þurfi að veita, til þess að þróunin færist í rétta átt, er í fyrsta lagi útvegun lánsfjár, í annan stað að hafa hönd í bagga um tæknilegan undirbúning og skipulagningu framkvæmdanna. Hér er m. a. átt við það, að ríkið hlutist til um, að skipasmíðastöðvar rísi í öllum landshlutum, — að erlent efni í ákveðna tölu skipa sé keypt í einu lagi og þar með á hagstæðara verði en ella, t. d. af landssmiðjunni, — að hafa stjórn á

því, að allar skipasmíðastöðvarnar smíði ekki sams konar skip og þannig e. t. v. fleiri en þörf væri fyrir af þeirri stærð og gerð, en önnur vantaði.

Alveg sérstaklega mundi vera þörf opinberrar fjárhagsaðstoðar við uppbyggingu stöðva til byggingar stálskipa og tæknilegrar aðstoðar og skipulags í því sambandi. Hér á landi hafa nú verið byggð þrjú stálskip. Smíði dráttarbátsins Magna (184 lestir) var lokið á árinu 1955, smíði varðskipsins Alberts á árinu 1957 (201 lest), og nú er eitt 130 lesta skip í byggingu. Hefur smíði þess tekið langan tíma, og mun þó nokkuð í land með, að það verði fullgert.

Hér er fyrst tveggja ára bil milli Magna og Alberts, og síðan eru liðin 5 ár, án þess að nokkurt stálskip hafi runnið af stokkum í íslenzkri skipasmíðastöð. Hins vegar er sjálfsagt þörf fyrir ein 10—12 skip á ári frá 70—250 lesta. Á þessu sviði erum við því miklu verr á vegi staddir en með smíði tréskipanna, og er það að vonum. En samt höfum við einnig á þessu sviði stigið fyrstu og erfiðustu sporin. Reynsla er fengin fyrir því, að Íslendingar geta smíðað góð og vönduð stálskip, sem fyllilega standast samanburð við erlend skip að gæðum. Og íslenzkir iðnaðarmenn hafa þegar sýnt það og sannað, að þeir hafa næga kunnáttu til að smíða fiskiskip úr stáli.

Allt bendir til þess, að það, sem vanti, sé öðru fremur fjármagn og gott skipulag.

Með þessari þingsályktunartillögu er til þess ætlazt, að ríkisstjórnin láti þegar rannsaka, hvað því veldur, að skipasmíði innanlands tekur ekki vexti og viðgangi, og lagt til, að þegar slíkri rannsókn er lokið, geri ríkisstjórnin hið bráðasta hvers konar ráðstafanir, sem þörf er á, bæði um útvegun nauðsynlegs lánsfjár, tæknilegs undirbúnings og stuðli á sérhvern hátt að því, að smíði fiskiskipa færist inn í landið. Áherzla er á það lögð, að allra úrræða verði leitað til eflingar innlendrar stálskipasmíði í svo stórum stíl, að fullnægi þörf þjóðarinnar að nokkrum árum liðnum.

Auðvitað verður þetta ekki gert í einu vetfangi, og gott væri að geta farið hægt og sígandi af stað. Við erum svo heppnir, að mikið hefur verið keypt af nýjum og góðum skipum inn í landið hin síðari ár. En nú hefur mjög dregið úr skipakaupum, og á þessum vetri hafa stór skörð verið höggvin í fiskiskipaflotann. Lengi megum við því ekki halda að okkur höndum. Við þurfum að nota tímann vel, því að verkefnið er stórt og aðkallandi, ekki aðeins sem gjaldeyrismál, heldur einnig sem metnaðarmál og sjálfstæðismál.

Íslendingar eiga að smíða fiskiskip sín sjálfir. Á þessu sérstaka sviði verða þeir a. m. k. að vera orðnir sjálfum sér nógir, áður en mörg ár eru liðin.

Ed. 481. Breytingartillögur [155. mál]

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni og Karli Kristjánssyni.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð“ í 2. tölul. komi: Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn tvöfalda þá upphæð.
2. Við 4. gr. Síðasti málsl. 2. málsgr. orðist svo:
   Seðlabankinn ákveður vexti á lánunum í samráði við ríkisstjórnina, en eigi mega þeir vera hærri en 3% — þrír af hundraði.
3. Við 6. gr. 5. töluliður orðist svo:
   Að íbúðir séu hagkvæmar, teikningar samþykktar af stjórn Byggingarsjóðs og bygging íbúðanna boðin út.

Nd. 482. Lög [132. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1955, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 261.

Nd. 483. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 16. des. 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Tveir nefndarmenn (AGb og GJóh) voru fjarstaddir, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 24. marz 1962.

Einar Ingimundarson, form.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.

Nd. 484. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt.
Tveir nefndarmenn (AGb og GJóh) voru fjarstaddir, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 24. marz 1962.

Einar Ingimundarson, form.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.

Nd. 485. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 10. apríl 1956, um prentrétt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt.
Tveir nefndarmenn (AGb og GJóh) voru fjarstaddir, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 24. marz 1962.

Einar Ingimundarson, form.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.

Sþ. 486. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um verknámsskóla í járniðnaði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að stofnsettur verði í Reykjavík verknámsskóli í járniðnaði á grundvelli heimildar í 1. gr. laga um iðnskóla frá 1955. Skólinn skal taka til starfa eigi síðar en 1. okt. 1964.

Greinargerð.

Í 1. gr. laga um iðnskóla, sem gildi tóku 1. okt. 1955, segir svo: „Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, sem skólarnir hafa ráð á.“ Lagagrein þessi heimilar iðnskólum að útskrifa iðnsveina án þess, að þeir (sem iðnnemar) séu á námssamningi hjá iðnmeisturum eða iðnfyrirtækjum.

Iðnnemasamband Íslands hefur allt frá stofnun þess á árinu 1945 bent á nauðsyn verklegrar kennslu í iðnskólunum. Þá hafa þing Landssambands iðnaðarmanna gert samþykktir í þessa átt á undanförnum árum. Af þessu er ljóst, að áhugi er hjá báðum þessum aðilum fyrir því, að þessi þáttur iðnskólalaganna komi til framkvæmda. Flutningsmenn þessarar tillögu álíta því fyllilega tímabært að hrundið verði sem fyrst í framkvæmd stofnun verknámsskóla í járniðnaði, svo sem umrædd lagagrein heimilar.

Skólinn skal vera staðsettur í Reykjavík. Gert skal ráð fyrir, að í skólanum fari fram sem nemur 75% af iðnnáminu. Að skólanum loknum skulu nemendur stunda 1 árs nám hjá meistara, svo sem nú gerist, enda hljóti þeir ekki full réttindi eða ljúki sveinsprófi fyrr en að þeim tíma liðnum. Skulu laun þeirra hjá meistara miðast við, að þeir hafi í skólanum hlotið 75% af hæfni fullnuma sveins.

Með tillögu þessari er gert ráð fyrir, að með vel skipulagðri kennslu í verknámsskólanum megi stytta heildarnámstímann um 1½ ár og tryggja nemunum þó mun betri menntun í iðninni en almennt gerist með núverandi námstilhögun. Í þessu sambandi má benda á, að gagnfræðastig verknámsins gefur 6 mánaða styttingu iðnnámsins, samkv. samþykkt iðnfræðsluráðs.

Það er skoðun flutningsmanna, að í framtíðinni eigi allt iðnnám að fara fram í slíkum verknámsskólum, en rétt sé að hefjast handa nú þegar með eina iðngrein og þá að sjálfsögðu þá, sem langflesta nema hefur.

Nd. 487. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með stjórnarfrumvarpi þessu eru lögð fyrir þingið bráðabirgðalög, er út voru gefin 3. ágúst s. l. Voru þau gefin út í sambandi við bráðabirgðalög frá 1. ágúst um Seðlabanka Íslands og gengisbreytinguna, er þeim fylgdi.

Í nefndaráliti á þingskjali 450 legg ég til, að bráðabirgðalögin um færslu á gengisskráningarvaldinu til Seðlabankans verði felld. Ég legg því einnig til, að þessi bráðabirgðalög verði felld, þar sem þau eru í samhengi við seðlabankalögin og gengislækkunina og þannig einn þáttur þess máls.

Í 1. gr. frv. segir, að sú hækkun, er verður á skuld ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn vegna gengisbreytingarinnar, skuli færð á vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Á þann reikning verði einnig færður gengismunur, er af sömu ástæðu kemur fram hjá bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. — Samhljóða ákvæði voru sett í lög nr. 4/1960, um efnahagsmál, vegna gengisbreytingarinnar, sem þá var gerð.

Af ársskýrslu Seðlabanka Íslands 1961 má sjá, að halli á framannefndum gengisreikningi ríkissjóðs hjá bankanum vegna gengisbreytingarinnar 1960 hefur numið 190.1 millj. kr. Upp í þennan halla fékk Seðlabankinn innstæður ríkissjóðs í mótvirðissjóði og á sérstökum skuldagreiðslureikningi, samtals 112½ millj. kr., en innstæður þessar höfðu verið geymdar í bankanum árum saman. Að öðru leyti tók Seðlabankinn að sér að greiða hallann, og borgaði 37.6 millj. af honum fyrir síðustu áramót, en 40 millj. eru enn óafskrifaðar á svonefndum gengistapsreikningi bankans. — Hins vegar er upplýst af Seðlabankanum, að hreinn hagnaður, rúml. 2 millj. kr., hafi orðið á gengisreikningnum, sem stofnaður var skv. 1. gr. þessara bráðabirgðalaga í sambandi við gengisbreytinguna 1961.

Samkvæmt efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands 31. des. 1961 hefur myndazt innstæða á nýjum mótvirðissjóðsreikningi hjá bankanum árið 1961, að upphæð um 75.3 millj. kr. Um þennan reikning segir svo í ársskýrslu bankans:

„Þar er um að ræða 90% af mótvirði 6 millj. dollara óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar. Í árslok höfðu verið notaðar tæplega 2 millj. dollara af þessari fjárveitingu."

Af því, sem hér segir, má ætla, að á þennan reikning komi samtals töluvert á þriðja hundrað millj. króna, þegar allt 6 millj. dollara framlagið hefur borizt.

Fyrir efri deild Alþingis liggur nú frumvarp á þingskjali 286, flutt af þingmönnum Framsóknarflokksins, um, að ríkissjóður taki að sér að greiða gengistöp Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja. Talið er, að þau gengistöp nemi alls um 123 millj. kr. — Ég tel eðlilegt, að það verði gert með þeim hætti, að gengistöpin verði færð á nýjan vaxtalausan reikning ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Þá tel ég einnig rétt, að gengistap Fiskveiðasjóðs Íslands, sem talið er að nemi 37—38 millj. kr., verði fært á sama reikning.

Þeir þrír lánasjóðir, sem hér hafa verið nefndir, ræktunarsjóður, byggingarsjóður og fiskveiðasjóður, eru allir ríkisstofnanir. Þeir hafa fengið lán í erlendum gjaldeyri, og við gengislækkanirnar að undanförnu hafa þar komið fram gengistöp. Það verður að teljast eðlilegt, að með gengistöp þessara sjóða verði farið á sama hátt og gengistöp ríkissjóðs og ríkisbanka vegna annarra erlendra lána, sem tekin hafa verið til að mæta lánsfjárþörf þjóðarinnar. Til stuðnings þeirri tillögu, að hækkun á skuldum sjóðanna vegna gengisbreytinganna verði færð á reikning ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, má benda á, að nú er að myndast nýr mótvirðissjóður í vörzlum bankans, eins og áður er getið, sem var orðinn rúml. 75 millj. kr. um síðustu áramót, og er þá aðeins kominn tæplega einn þriðji hluti af væntanlegri innborgun á þann reikning. Mætti síðar semja um, að fé úr þessum nýja mótvirðissjóði yrði notað til að greiða skuldina á gengisreikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, eins og eldra mótvirðisfé var notað s. l. ár til greiðslu á gengistapi.

Í 6. gr. frv. er ákvæði um eignarnám á hluta af andvirði útflutningsvöru, sem framleidd er fyrir 1. ágúst s. l., en greidd eftir þann tíma. Er það framkvæmt á þann hátt, að borgað er lægra verð fyrir gjaldeyri, sem fæst fyrir þær afurðir, heldur en greiða ber samkv. gengisskráningunni, þegar greiðsla fer fram. Ég tel þetta ákvæði um eignaupptöku óréttmætt og einnig mjög varhugavert. Má í því sambandi vísa til fyrirmæla í stjórnarskrá lýðveldisins.

Í 7. gr. eru ákvæði um mikla hækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Talið er, að hækkunin nemi rúml. 100 millj. kr. á ári, og er þá miðað við áætlaðan útflutning að verðmæti 2830 millj. kr. Í brtt. meiri hl. fjárhagsnefndar við þessa

grein er lagt til, að hækkunin á útflutningsgjaldinu gangi fyrst í stað til greiðslu á vátryggingargjöldum fiskiskipa árin 1961 og 1962, en síðan renni um það bil helmingur hækkunarinnar til stofnlánasjóða sjávarútvegsins eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Ég tel ekki rétt að leggja ný gjöld á sjávarútveginn í því skyni að afla fjár til lánastofnana.

Eins og áður segir, legg ég til, að frumvarpið um breytingu á seðlabankalögunum og einnig þetta frv. verði felld. En ef ekki verður fallizt á þær tillögur mínar, mun ég flytja breytingartillögur við þetta frv.

Alþingi, 26. marz 1962.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 488. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. marz.)

1. gr.

1. málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Kaup- og sölugengi má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir stofngengi. Innan þessara marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda, sem þörf er á vegna almennra viðskipta.

2. gr.

Við 20. gr. laganna bætist:

Seðlabankanum er heimilt að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti sín.

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.

Seðlabankinn er undanþeginn ákvæðum 7. gr. laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, að því er varðar lán skv. 2. og 3. málsgrein.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, falla úr gildi, þá er nýtt gengi hefur verið ákveðið samkvæmt 1. gr. þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 489. Frumvarp til laga [204. mál]

um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Um rannsókn og meðferð brota, sem refsing er lögð við í lögum þessum, fer að hætti opinberra mála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og 55. gr. er nú orðuð, tekur hún aðeins til mála samkvæmt 44., 45. og 46. gr. laganna. Í lögunum eru hins vegar einnig refsiákvæði í 39., 41., 42., 47. og 53. gr., og er því eigi unnt að fara með mál út af brotum gegn þeim að hætti opinberra mála. Er eigi sjáanleg ástæða til að svo sé og virðist hér vera um mistök að ræða, er rekja má til breytinga á stofnfrumvarpi að lögunum á þinginu 1942—1943.

Ed. 490. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá minni hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

I.

Megintilgangurinn með lögum um verkamannabústaði er og hefur frá öndverðu verið sá að hjálpa efnaminnstu þjóðfélagsþegnunum til að eignast þak yfir höfuð sér, og er að þeim tilgangi stefnt eftir ýmsum leiðum. Áherzla er t. d. á það lögð að haga byggingu íbúða þannig í framkvæmd, að þær verði sem ódýrastar og um leið hollar og hentugar þeim, er þeirra eiga að njóta. Eru í lögunum mörg ákvæði, sem miða í þessa átt. Eitt þeirra er það, að bygging þessara íbúða skuli jafnan boðin út, og er það að sjálfsögðu sett í því skyni að draga úr byggingarkostnaði. Í stjórnarfrumvarpinu, sem hér liggur fyrir, er þetta ákvæði um útboð fellt niður viljandi, og má það undarlegt heita, enda engin skýring á því gefin. Það er þó víst, að fyrir væntanlega íbúðarbyggjendur er þetta ekki gert. Erlendis mun slíkt ákvæði talið sjálfsagt í lögum sem þessum, og mundi þar sennilega valda hneykslun að ætla að nema það burt.

II.

Í frumvarpinu er, eins og í lögunum, svo ráð fyrir gert, að ekki njóti aðrir lána úr Byggingarsjóði verkamanna en þeir, sem tekjulægstir eru og eignaminnstir í þjóðfélaginu. Í því efni er markið sett svo lágt, að aðeins einn tíundi hluti launþega í kauptúnum og kaupstöðum getur gert sér vonir um að fá lán úr þessum sjóði. Þannig eru það einungis þeir allra fátækustu, sem rétt eiga til lána.

Ef aðstoð á að koma þessu fólki að nokkru haldi, verða byggingarlánin að vera mjög há. Þau verða að vera nærri því eins há og byggingarkostnaðurinn. Þetta hefur löggjafinn viðurkennt í orði, og sama viðurkenning kemur fram í frumvarpinu og greinargerð þess. Þar er gert ráð fyrir, að lánsfjárhæðin megi vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar og þó aldrei yfir 300 þúsund krónum. Þetta er gott, svo langt sem það nær. Gallinn er hins vegar, að ákvæðið dugir lítt, ef ekki er samtímis séð fyrir nægu fjármagni til útlána. Þar kreppir skórinn að og mun gera áfram, þótt þetta frumvarp verði að lögum.

Fyrir 20 árum námu lán byggingarsjóðsins 85% af byggingarkostnaði, en síðan hefur jafnt og þétt sigið á ógæfuhliðina, svo að síðustu árin eru lánin komin niður fyrir 50% kostnaðarverðs. Með þeirri þróun er byggingarsjóður verkamanna raunverulega hættur að gegna því meginhlutverki sínu að hjálpa þeim, sem efnahagslega eru verst settir.

Meinið liggur í því, að byggingarsjóðinn vantar tilfinnanlega fjármagn til starfsemi sinnar. Úr þeim skorti er bráð nauðsyn að bæta, og er raunar í frumvarpinu sýnd lítils háttar viðleitni í þá átt. Samkvæmt því eiga skylduframlög þeirra sveitarsjóða, sem hlut eiga að máli, svo og ríkissjóðs að hækka úr 24 kr. fyrir hvern íbúa í 40 kr. Fyrir þetta ákvæði munu árlegar tekjur byggingarsjóðsins aukast

nokkuð, ef til vill um 4—5 millj. króna, en þær verða þó eftir sem áður allsendis ófullnægjandi.

Sveitarfélög hafa mjög takmarkaða möguleika til fjáröflunar, og auk þess eru þeim lögð margs konar útgjöld á herðar af hálfu ríkisvaldsins. Þess vegna sýnist ekki sanngjarnt að heimta af þeim meira fé til byggingarsjóðsins en gert er í frumvarpinu. Um ríkissjóð gegnir nokkuð öðru máli. Þar hefði hækkunin mátt vera ríflegri en í frumvarpinu er ráðgert, og er þá höfð í huga hin brýna þörf byggingarsjóðsins. Virðist ekki óréttmætt, að ríkissjóður greiði tvöfalda þá upphæð, sem sveitarfélögin leggja fram.

Þrátt fyrir þá tekjuaukningu, sem hér er minnzt á, verður óhjákvæmilegt, að byggingarsjóðurinn taki stór lán til starfseminnar. Í því sambandi kemur mjög til greina að leita til atvinnuleysistryggingasjóðs um lán með góðum kjörum. Það virðist ekki óeðlilegt, að sá sjóður láni fé til byggingar verkamannabústaða, enda auðvelt að koma því svo fyrir, að þess lánsfjár njóti fyrst og fremst þeir félagsmenn, sem innan verkalýðssamtakanna eru.

Hjá stórum lántökum verður ekki komizt nú, eigi lög um verkamannabústaði að ná tilgangi sínum. Þess vegna hefði ekki verið úr vegi, að aðstandandi þessa frumvarps, ríkisstjórnin, hefði þegar kannað möguleika á lántökum og helzt boðað þær samtímis því, að um frumvarpið er fjallað á Alþingi. Þetta hefur verið vanrækt, og ber að harma það, því að á fjáröfluninni veltur, hvernig til tekst um framkvæmd þeirra meginatriða, sem í frumvarpinu felast.

III.

Hér hefur verið bent á þann stóra ágalla frumvarpsins, að ekki er nægilega séð fyrir fé til útlána, en fjárvana íbúðabyggjendum gagnar ekkert minna en hæstu lán. Raunar er það ekki nóg, að lánin séu há, heldur verða þau einnig að veitast með góðum kjörum að öðru leyti, og skipta vaxtakjörin þar miklu máli. Stór lán verða tekjulitlum mönnum ofviða, ef vextir af þeim eru háir. Þessum vanda hafa frumvarpshöfundar smeygt fram af sér með öllu.

Vaxtahæð lána hefur alltaf verið ákveðin í lögum um verkamannabústaði. Á árunum 1946—1955 voru ársvextir 2%, en hækkuðu síðan upp í 3½%. Stóð svo þar til viðreisnarstjórnin tók við völdum árið 1960, en þá voru þeir hækkaðir upp í 6%. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinni lækkun þessara háu viðreisnarvaxta, heldur er svo ákveðið, að Seðlabanki og ríkisstjórn skuli haga þeim að eigin geðþótta. Þetta ákvæði mun jafngilda því, að vaxtalækkun sé ekki fyrirhuguð. Þetta er einn af megingöllum frumvarpsins.

Fjögurra herbergja íbúð, byggð á vegum byggingarsjóðs verkamanna, mun vart kosta minna nú en 500 þús. kr. Ef byggjandi hennar fær hámarkslán (300 þús. kr.) úr byggingarsjóði, nema ársvextir af því 18 þús. kr., en ómakslaun og afborganir bætast þar við. Eitthvert viðbótarlán yrði slíkur byggjandi að fá annars staðar, því að eign hans sjálfs má ekki vera yfir 150 þús. kr. Þannig er augljóst, að árlegar vaxtagreiðslur þessa manns og afborganir af lánum geta tæpast orðið minni en um 30 þús. kr., og segir það sig sjálft, að slík fjárhagsbyrði vegna húsnæðis er allt of þung fjölskyldumanni, sem hefur aðeins um 70 þús. kr. árstekjur. Vextina þarf að lækka um helming að minnsta kosti frá því, sem nú er, og tryggilegast er að gera það með beinu ákvæði í lögum.

IV.

Það, sem helzt er áfátt þessu frumvarpi, hefur nú verið rakið nokkuð, og verða fluttar á sérstöku þingskjali breytingartillögur í því skyni að fá úr bætt. Í því felast að auki allmargar breytingar, sem kunna að orka tvímælis, en eru ekki stórvægilegar. Þannig er t. d. lagt til, að 150 þús. kr. fast árlegt framlag ríkissjóðs verði fellt niður. Enn fremur skulu afnumin ákvæði um, að byggingarfélög verkamanna standi á samvinnugrundvelli, að heimilt sé að stofna innlánsdeildir í sam-

bandi við byggingarsjóðinn og að lánaflokkar séu þrír. Sum þessara ákvæða eru talin að fenginni reynslu hafa litla raunhæfa þýðingu, en þar fyrir táknar afnám þeirra í sjálfu sér engar umbætur.

Meiri hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar mælir með samþykkt frumvarpsins með fjórum smábreytingum, sem ekkert snerta fyrrnefnda megingalla þess, enda undirritar einn nefndarmanna (KK) nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara.

Alþingi, 25. marz 1962.

Alfreð Gíslason.

Nd. 491. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er fylgifiskur með gengislækkun þeirri, sem ríkisstjórnin lét framkvæma s. l. sumar. Þann 1. ágúst gaf ríkisstjórnin út bráðabirgðalög um það að færa gengiskráningarvaldið úr höndum Alþingis í hendur bankastjóra Seðlabankans. Þann 3. ágúst lækkaði síðan Seðlabankinn gengi íslenzkrar krónu, og sama dag gaf ríkisstjórnin síðan út önnur bráðabirgðalög, og það er efni þeirra, sem nú liggur fyrir Alþingi í því frumvarpi, sem hér er til afgreiðslu.

Frumvarp þetta sýnir í rauninni býsna vel, að gengislækkunin s. l. sumar var algerlega óþörf. Það sannar beinlínis, að þær ástæður, sem ríkisstjórnin einkum færði fram fyrir gengislækkuninni, fá alls ekki staðizt.

Það voru fyrst og fremst þrjár ástæður, sem ríkisstjórnin færði fram til stuðnings því, að gengislækkunin hafi verið nauðsynleg.

Í fyrsta lagi, að samið hafi verið um of hátt kaupgjald s. l. sumar.

Í öðru lagi, að útflutningsatvinnuvegunum hafi stafað hætta af þessu of háa kaupgjaldi.

Og í þriðja lagi, að heildarafli sjávarafurða mundi verða minni árið 1961 en 1959 og tekjur þjóðarbúsins frá sjávarútvegi um 320 millj. kr. minni árið 1961 en 1959.

Aðalefni þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, er að finna í eftirtöldum 4 efnisatriðum:

1. Ákveðið er að taka 150 millj. kr. gengishagnað, sem fram kemur við gengislækkunina vegna fyrirliggjandi birgða af útflutningsvörum, og leggja þessa fjárhæð í ríkissjóð.
2. Ákveðið er að hækka útflutningsgjöld á sjávarafurðum úr 2.9% í 7.4%, eða um 135 millj. kr. á ári.
3. Ákveðið er, að hækkun útflutningsgjaldanna skuli renna í sérstakan lánasjóð, í fyrirhugaðan vátryggingarsjóð og í hlutatryggingasjóð.
4. Ákveðið er að gerbreyta grundvelli og allri starfsemi hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins og gera sjóðinn jafnframt að styrktarsjóði fyrir togaraútgerðina.

Þegar þessi atriði eru skoðuð hvert um sig, ætla ég, að heldur verði lítið úr ástæðum þeim, sem ríkisstjórnin færði fyrir gengislækkuninni.

Fyrsta atriðið er um það, að nauðsyn hafi borið til að ákveða með bráðabirgðalögum, að 150 millj. kr. gengishagnaður, sem til féll vegna birgða útflutningsvöru, skyldi ekki falla til sjávarútvegsins, heldur til ríkissjóðs. Þessi ráðstöfun bendir til þess, að ríkisstjórnin hafi talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir það, að sjávarútvegurinn fengi of mikið fé í sinn hlut.

Nú leikur enginn vafi á því, að sjávarútvegurinn átti þessa upphæð að réttum

lögum. Hafi ríkisstjórninni fundizt, að þessi upphæð ætti ekki að koma eigendum birgðanna einum til góða, þá var ofur auðvelt að skipta fjárhæðinni á milli útflytjenda á annan hátt. Með þessari ráðstöfun er viðurkennt, að gengislækkunin, svo mikil sem hún varð, var ekki miðuð við þarfir sjávarútvegsins.

Annað atriði frumvarpsins er um gífurlega hækkun á útflutningsgjöldum á sjávarafurðum. Hækkunin nemur auknum gjöldum á sjávarútveginn um 135 millj. kr. á ári.

Þessi aukni skattur bendir ekki heldur til þess, að gengislækkunin hafi verið miðuð við **brýnustu þarfir** sjávarútvegsins. Þvert á móti sannar þessi nýja skattlagning, að ríkisstjórnin hefur talið sjávarútveginn standa **of vel** og því vel geta borið stórfelldar álögur.

Raunverulega viðurkennir ríkisstjórnin með þessum tveimur atriðum, að gengislækkunin hafi verið svo mikil, að þörf hafi verið að taka allmikið af henni aftur af sjávarútveginum.

Sú röksemd ríkisstjórnarinnar fyrir gengislækkuninni, að heildarfiskaflinn mundi verða 3% minni árið 1961 en hann var 1959 og að tekjur þjóðarbúsins af sjávarútvegi mundu verða minni en þá, hefur gersamlega oltið um koll. Fiskaflinn var mun meiri á árinu 1961 en nokkru sinni áður, og heildarverðmæti sjávaraflans varð allmiklu meira en 1959.

Um það er ekki að villast, að tvær meginástæður lágu til gengislækkunarinnar s. l. sumar. Önnur var sú, að ríkisstjórnin var í hefndarhug gagnvart verkalýðssamtökunum í landinu, en hin var sú, að ríkisstjórnin sá allmikla möguleika til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð með lækkun gengisins.

Stefna þeirra flokka, sem nú fara með stjórn í landinu, hefur verið markvís í þessum efnum, að lækka jafnt og þétt laun verkafólks og annarra launþega í landinu. Eftirfarandi dæmi sanna það:

1. Samstarf núverandi stjórnarflokka hófst með því í ársbyrjun 1959 að lækka kaup með lögum um 5.4%.
2. Þegar viðreisnarstefnan var samþykkt á Alþingi í febrúar 1960, var kaupmáttur tímakaups talinn 99 stig (1947 = 100), en í maímánuði 1961, þegar verkalýðsfélögin kröfðust kauphækkunar, þá var kaupmáttur tímakaupsins orðinn 84 stig, eða hafði minnkað um 15%.
3. Þegar verkalýðssamtökin knýja fram nokkra launahækkun s. l. sumar eftir 2½ árs kauplækkunartímabil, þá bregzt ríkisstjórnin þannig við, að hún kippir allri kauphækkuninni til baka með nýrri gengislækkun, og í árslokin 1961 var kaupmáttur tímakaupsins kominn niður í 83 stig, eða var orðinn lægri en hann hefur nokkru sinni verið um 15 ára skeið.

S. l. ár, þegar ríkisstjórnin greip til þess ráðs að ógilda nýgerða kaupgjaldssamninga með bráðabirgðalögum, var þó mjög hagstætt framleiðsluár. Sumarsíldveiðar gáfu í þjóðarbúið um 350 millj. kr. meira en þær hafa gefið í mörg ár. Verð á útflutningsvörum fór hækkandi. Heildarframleiðsla þjóðarinnar fór vaxandi. En samt hélt ríkisstjórnin sér við fjandskaparpólitík sína gagnvart launastéttunum. Stefna ríkisstjórnarinnar á þó engan þátt í hagstæðu árferði og vaxandi þjóðartekjum. Hin mikla framleiðsla byggðist fyrst og fremst á þeim nýju og fullkomnu atvinnutækjum, sem hafizt var handa um að kaupa, áður en dýrtíðar- og samdráttarstefna viðreisnarinnar tók hér við.

Af því, sem hér hefur verið sagt, er ég andvígur fyrirliggjandi frumvarpi. Það er afleiðing af hefndarpólitík ríkisstjórnarinnar gagnvart verkalýðssamtökunum s. l. sumar. Gengislækkunin þá var óþörf og óréttlát, og ég tel, að Alþingi eigi því að fella þau frumv., sem fjalla um þær sérstöku ráðstafanir, sem gengislækkuninni fylgdu.

Alþingi, 26. marz 1962.

Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 492. Tillaga til þingsályktunar [205. mál]

um vatnsöflun í Vestmannaeyjum.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka í samráði við bæjarstjórn Vestmannaeyja, hvernig heppilegast sé að leysa til frambúðar vandamál vatnsöflunar í Vestmannaeyjum.

Greinargerð.

Andrúmsloftið hefur um skeið verið mengað eiturefnum eftir risakjarnorkusprengingar Rússa við Norður-Íshaf aðeins 700—900 km frá Íslandi. Kjarnageislun er að vísu hvarvetna geigvænleg, en eitt byggðarlag hérlendis, Vestmannaeyjar, býr þó við algera sérstöðu, þar sem regnvatn af húsþökum er notað til almennrar neyzlu. Kjarnageislun í regnvatni hefur aukizt geipilega við þessar sprengingar. Á fyrri helmingi seinasta árs mældist hún 2 til 8 pico Curie/lítra (mælieiningar), en það sem af er þessu ári 440 til 481 pico Curie/lítra, samkvæmt upplýsingum frá Eðlisfræðistofnun háskólans, sem fær vikulega send sýnishorn af vatni frá Vestmannaeyjum. Búizt er við, að geislun aukist enn vegna rykskýja, sem yfir ber úr háloftum, og er þá ekki gert ráð fyrir áframhaldi á sprengingum, sem því miður virðast horfur á að verði vegna andstöðu Rússa við raunhæft eftirlit með alþjóðlegri afvopnun. Fari svo, að kjarnageislun aukist að ráði í vatni, er talið óhjákvæmilegt að banna neyzlu regnvatns af húsþökum, sem oft er blandað loftryki. Óþarft er að geta um þá hættu, sem yrði, ef ófrið bæri að höndum.

Þessi nýju viðhorf valda vaxandi áhyggjum og beina jafnframt athygli að öðrum þætti málsins, því ástandi, að sjór skuli vera notaður við fiskvinnslu í Vestmannaeyjum, þar sem verulegur hluti af heildarmagni útfluttra sjávarafurða er verkaður. Meðan svo er að sjór er tekinn skammt frá hafnarmynni til fiskþvotta, vofir stöðugt yfir viss hætta. Matvælaeftirlit í sumum ríkjum fiskkaupenda okkar gerir stöðugt strangari kröfur um hreinlæti í meðferð innfluttra matvæla, og eru sýnishorn af þeim rannsökuð nákvæmlega. Finnist skaðlegir sýklar í íslenzkum fiski, mundi afleiðing þess geta varðað allan fiskútflutning landsmanna. Hér er því um að ræða alvarlegt mál, sem tvímælalaust er í verkahring ríkisvaldsins. Auk þessara ástæðna er skortur á fersku vatni til almennra heimilisnota orðinn svo tilfinnanlegur í Vestmannaeyjum, að leita verður varanlegra úrræða.

Þrjár leiðir koma þar til greina:

I. **Lagning vatnsveitu úr landi.** Bæjarverkfræðingurinn, Þórhallur Jónsson, hefur þegar gert áætlun um þá framkvæmd og telur heildarkostnað um 34 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir að stífla Leitisá, sem er bergvatnsá, við Seljaland undir Eyjafjöllum, 10.5 km frá ströndinni, leggja pípur úr plastefni 13.5 km vegalengd í sjó og reisa loks dælistöð og vatnsgeymi á Heimaey.

II. **Djúpborun eftir vatni.** Gerð hefur verið tilraun með leit að vatni á Heimaey með ófullkomnum jarðbor, en án árangurs. Reynsla, sem fengizt hefur á Reykjaneskaga, bendir til, að hugsanlegt sé, að með djúpborun megi finna jarðvatn, en til þessa verks þyrfti að nota jarðbor ríkisins og Reykjavíkurborgar. Ef jarðfræðingar telja líkindi til, að slík tilraun geti borið árangur, væri þessi lausn öruggari en leiðsla úr landi og ef til vill hagkvæmari, og ber að meta það.

III. **Vinnsla vatns úr sjó.** Á allra seinustu árum hefur átt sér stað ör tækniþróun í vinnslu vatns úr sjó, og hafa uppfinningar á nýjum framleiðsluaðferðum gert hana kostnaðarminni en áður. Er þessi leið farin í mörgum borgum erlendis, sem eiga við sama vanda að glíma. Magnús Magnússon póst- og símstöðvarstjóri í Vestmannaeyjum hefur í blaðagrein vakið athygli á þessu. Er nauðsynlegt, að

kannað verði til þrautar, hvort unnt væri að hagnýta slíkar tækninýjungar, og þá jafnvel stofna til saltvinnslu, með því að ódýr raforka sem aflgjafi er fyrir hendi.

Eðlilegt virðist að telja, að ríkisstjórnin feli sérmenntuðu starfsliði í stofnunum sínum að kanna þær leiðir, sem hér hafa verið nefndar, og gera á þeim vísindalegan samanburð, enda á ríkissjóður verulega hagsmuni bundna við farsæla lausn, þegar til framkvæmda kemur, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna. Að sjálfsögðu ber að hafa um alla framkvæmd náið samstarf við bæjarstjórn og hagnýta þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru um málið. En aðkallandi er, að niðurstöður fáist hið allra fyrsta, og er því tillagan fram borin.

Nd. 493. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Á þeim skamma tíma, sem liðinn er, síðan málinu var vísað til heilbrigðis- og félagsmálanefndar, hafa verið haldnir um það margir fundir, og mætti Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, er var formaður milliþinganefndar þeirrar, er frumvarpið samdi, á flestum fundum nefndarinnar og veitti ýmiss konar gagnlegar upplýsingar.

Meðan nefndin starfaði að málinu, bárust henni erindi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, stjórn samtaka kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi, Skattstjórafélagi Íslands og frá bæjarstjóranum á Siglufirði. Einnig ræddu nokkrir þessara aðila við nefndina og rökstuddu nánar mótmæli sín, athugasemdir og breytingartillögur við frumvarpið.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna mótmælir harðlega aðstöðugjaldinu og telur grundvöll þess, samanlögð útgjöld fyrirtækja, mjög ranglátan. Telur Landssambandið veltuútsvarið útgerðinni jafnvel hagstæðara en þessi nýi skattstofn, sem hlotið hefur heitið aðstöðugjald.

Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi er einnig mjög andvígt aðstöðugjaldinu.

Stjórn kaupstaðasamtakanna bar fram allmargar breytingartillögur við frumvarpið, þar á meðal til takmörkunar á aðstöðugjaldinu.

Bæjarstjórinn á Siglufirði vekur athygli á því, að Siglufjörður muni verða fyrir alltilfinnanlegum tekjumissi, ef frumvarpið verði að lögum óbreytt. Er þessu að vonum harðlega mótmælt, þar sem um er að ræða frumvarp til laga um aukna tekjustofna fyrir sveitarfélögin. Hið sama mun þó einnig verða upp á teningnum gagnvart nokkrum öðrum sveitarfélögum, svo sem Njarðvíkurhreppi, Raufarhöfn og Seyðisfirði og e. t. v. einhverjum fleiri.

Ekki varð heilbrigðis- og félagsmálanefnd sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Á lokafundi nefndarinnar um málið gat ég ekki mætt sökum sjúkleika. Tel ég þó breytingartillögur meiri hlutans á þskj. 462 flestar vera til bóta og sumar til nokkurra lagfæringa á frumvarpinu. — Fjórðu tillögunni, um niðurfellingu 51. gr. frumvarpsins, er ég þó algerlega andvígur.

Svo sem kunnugt er, er atvinnurekendum nú gert að skyldu, ef krafizt er, að halda eftir andvirði opinberra gjalda af kaupi launþega og standa ríki eða sveitarfélagi skil á greiðslu gjaldanna. Í 51. gr. frumvarpsins er á hliðstæðan hátt til þess ætlazt, að sölusambönd og slíkir aðilar, er annast sölumeðferð vara fyrir framleiðendur, skuli, ef krafizt er, halda eftir útsvari og aðstöðugjaldi framleiðanda eða seljanda vöru og standa skil á hinum vangreiddu gjöldum til sveitarsjóðs.

Þetta ákvæði mundi mjög auðvelda innheimtu sveitargjalda hjá framleiðendum og ýmsum öðrum, og vil ég því, að þetta ákvæði frumvarpsins haldist. Hins vegar legg ég til, að ákveða megi með reglugerð þóknun til atvinnurekenda fyrir slíkar skyldur, sem á þá verða lagðar með frumvarpinu.

Legg ég til, að miklu gagngerðari breytingar verði gerðar á frumvarpinu en felast í hinum fáu og veigalitlu tillögum meiri hlutans. — Eru breytingartillögur mínar birtar á sérstöku þingskjali.

Um þær mundir, sem þetta frumvarp getur orðið að lögum, verða flest hin stærri sveitarfélög búin að ganga frá fjárhagsáætlun sinni fyrir árið 1962 og hafa þá þegar ákveðið heildarupphæð útsvaranna. Auk þess er það viðurkennt, að breyting sú, sem í frumvarpinu er áformuð í sambandi við skattayfirvöldin, verði ekki komin til framkvæmda svo snemma á árinu 1962, að hin nýju skattayfirvöld geti annazt álagningu aðstöðugjalds og útsvara á þessu ári með þeim hætti, sem ráðgert er í frumvarpinu.

Með tilliti til þessa hvors tveggja svo og hins, hversu þýðingarmikið mál hér er á ferðinni fyrir sveitarfélögin, þar sem um er að ræða grundvöll tekjuöflunar þeirra, hefði verið eðlilegast, að frumvarpið hefði nú verið sent til umsagnar sveitarstjórnum og lokaafgreiðslu þess frestað til næsta þings, er umsagnir sveitarstjórnanna hefðu borizt. — Á þessa eðlilegu málsmeðferð hefur stjórnarliðið ekki viljað fallast, heldur hefur afgreiðsla málsins verið knúin fram á mjög skömmum tíma, svo að tæpast hefur gefizt tóm til að athuga þennan mikla lagabálk svo vandlega sem æskilegt hefði verið.

Meginefni breytingartillagna minna er í skemmstu máli það, sem nú skal greina:

Aðstöðugjaldið verði, að því er útgerðar- og fiskiðnaðarfyrirtæki varðar, aldrei miðað við hærri rekstrarútgjöld en bráttótekjum rekstrarins nemi. — Þá er og lagt til, að aðstöðugjaldið verði ekki frádráttarbært.

Lagt er til, að heimilað sé að leggja hæsta aðstöðugjald á skartgripaverzlanir, sælgætissölur, kvikmyndahús í einkarekstri, blómaverzlanir og lyfjabúðir.

Í tillögum mínum er gert ráð fyrir, að landsútsvör verði lögð á miklu fleiri aðila en í frumvarpinu segir, eða yfirleitt á hvers konar fyrirtæki og stofnanir, sem reka starfsemi, er nær til landsins alls, svo sem olíufélög, skipafélög, bankar, tryggingarfélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, verzlunarstofnanir ríkisins, Sementsverksmiðjan, Áburðarverksmiðjan, Landssmiðjan, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg og þau fyrirtæki önnur, sem félagsmálaráðuneytið úrskurðar, að eðli málsins samkvæmt falli undir þessi ákvæði.

Samkvæmt þessu yrðu landsútsvörin miklu þýðingarmeiri gjaldstofn fyrir sveitarfélögin en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þau mundu og samkvæmt tillögum mínum skiptast allnokkuð öðruvísi á sveitarfélögin en til er ætlazt í frumvarpinu, eða nánar til tekið í réttu hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna.

Hér er einnig lagt til, að landsútsvarið verði á lagt eftir sömu reglum og lög ákveða hverju sinni um álagningu útsvara á fyrirtæki.

Ég legg til, að öll skipting útsvara milli sveitarfélaga falli niður. Slík skipting er í flestum tilfellum óeðlileg, stundum með öllu ranglát, en því fyrirkomulagi fylgir alltaf mikil skriffinnska og vafstur.

Þá er það ein af meginbreytingartillögum mínum við frumvarpið, að útsvar á einstaklinga verði eigi lagt á lægri hreinar tekjur en 30000 kr. í stað 15 þús. kr. í frumvarpinu. Er hér þó vissulega staðnæmzt við lægri upphæð en æskilegt hefði verið. Útsvarsstiganum er í tillögum mínum breytt í samræmi við þessa breytingu lágmarksteknanna. — Þá er útsvarsfrádráttur vegna mikillar ómegðar hækkaður nokkuð í tillögum mínum frá því, sem ákveðið er í frumvarpinu.

D-liður V. kafla frumvarpsins, þ. e. um álagningu útsvaranna og verkaskiptingu milli svonefndra framtalsnefnda og skattstjóranna, legg ég til að falli niður, en um álagningu útsvara gildi áfram þau lagaákvæði, sem nú eru í lögum.

Ég óttast, að sú dreifing ábyrgðar, sem leiða mundi samkv. frumvarpinu af

verkaskiptingu skattstjóra og framtalsnefnda, mundi reynast óheppileg, ef til ágreinings kæmi vegna útsvarsálagningarinnar. Þá tel ég störf framtalsnefnda lítt framkvæmanleg með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu. Einnig má telja víst, að skattstjóraembættin með umboðsmönnum þeirra í hverju sveitarfélagi og fjölmennu starfsliði verði mjög dýr í framkvæmd. Er fásinna hin mesta að tala um sparnað í sambandi við hina fyrirhuguðu skipan skattstjóraembættanna. Einnig er meira en vafasamt, hversu starfhæft það skipulag mundi reynast á ýmsum stöðum á landinu.

Breytingartillögur mínar við frumvarpið taka til ýmissa fleiri atriða en hér hafa verið nefnd, en fyrir þeim verður gerð nánari grein í framsögu.

Eins og frumvarpið er úr garði gert, er vandséð, hversu mikinn tekjuauka sveitarfélögin fengju yfirleitt við samþykkt þess. Það yrði nokkuð sitt á hvað. Eins og fyrr segir, mundu nokkur sveitarfélög beinlínis verða fyrir tekjuskerðingu við lögfestingu þess, en þó skal játað, að hin eru fleiri, sem af því fengju eitthvað auknar tekjur, ef allar heimildir þess eru notaðar.

Samkvæmt frumvarpinu er það einungis hinn óverulegi vísir til landsútsvars, sem talizt getur nýr tekjustofn. Sveitarfélögin hafa haft fulla heimild til að leggja á fasteignaskatt. Aðstöðugjaldið kemur í stað veltuútsvaranna og má raunar heita aðeins nýtt nafn á þeim tekjustofni. Eðlismunur á veltuútsvari og aðstöðugjaldi er ekki verulegur. Hér hefur því orðið minna úr en ýmsir forráðamenn sveitarfélaganna gerðu sér vonir um í sambandi við að bæta úr fjárhagsvanda sveitarfélaganna með útvegun nýrra tekjustofna. Má því búast við, að margur sveitarstjórnarmaðurinn, sem vonaraugum hefur litið til þessa frumvarps, verði fyrir nokkrum vonbrigðum, er það kemur til framkvæmda, ef að lögum verður óbreytt.

Nokkur ákvæði frumvarpsins eru þó til bóta frá gildandi löggjöf. Má þar einkum tilnefna þá breytingu, að nú verður einn útsvarsstigi fyrir landið allt í stað þess ógeðfellda fyrirkomulags, að lögfestur var 1960 sérstakur útsvarsstigi fyrir hreppsfélögin, annar fyrir kaupstaðina og sá þriðji fyrir Reykjavík.

Breytingartillögur mínar við frumvarpið snerta sumar grundvallarákvæði þess, svo sem tillögurnar um aðstöðugjaldið, landsútsvarið, skattstigann og um álagningu útsvaranna. Legg ég mikla áherzlu á, að þær fáist samþykktar, og tel, að það væri til mikilla bóta.

Vel er hugsanlegt, að heildarsamkomulag kynni að hafa fengizt í heilbrigðis- og félagsmálanefnd fyrir einhverjum af breytingartillögum mínum, en úr því hefur enn ekki fengizt skorið, þar sem svo mikið kapp var á það lagt af meiri hlutanum að ljúka afgreiðslu málsins í nefndinni, að hún var klofin, án þess að þess gæfist kostur að bera ráð sín saman um lokaafgreiðslu málsins á fullskipuðum nefndarfundi, svo sem fyrr er frá sagt.

Alþingi, 26. marz 1962.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 494. Breytingartillögur [178. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld vegna atvinnurekstrarins næstliðið almanaksár, þar með talin efnis- og vörukaup iðnfyrirtækja svo og fyrningarafskriftir skv. ákvæðum skattalaga.

Aðstöðugjald útgerðar- og fiskiðnaðarfyrirtækja skal þó aldrei miðast við hærri rekstrarútgjöld en bruttótekjum rekstrarins nemi.

Aðstöðugjald skal ekki vera frádráttarbært.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.

2. Við 10 gr. Á eftir c-lið komi nýr stafliður:

Allt að 3% af rekstri skartgripaverzlana, sælgætissala, kvikmyndahúsa í einkarekstri, blómaverzlana og lyfjabúða.

3. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Landsútsvör greiða:

Fyrirtæki og stofnanir, sem reka starfsemi, er nær til landsins alls, svo sem olíufélög, skipafélög, bankar, tryggingafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, verzlunarstofnanir ríkisins, þar með talin sölunefnd varnarliðseigna, einnig Sementsverksmiðja ríkisins, Áburðarverksmiðjan, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg og þau fyrirtæki önnur, sem félagsmálaráðuneytið úrskurðar, að samkvæmt eðli málsins falli undir þessi ákvæði.

Landsútsvörin skulu renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og skiptist heildarupphæð þeirra milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra. Gjalddagi landsútsvara skal vera 1. júlí.

4. Á eftir 17. gr. komi ný grein (er verði 18. gr.), svo hljóðandi:

Samband íslenzkra sveitarfélaga skipar 5 manna nefnd, er annast niðurjöfnun landsútsvara, en félagsmálaráðuneytið sér um innheimtu þeirra.

Landsútsvarið skal á lagt eftir sömu reglum og lög ákveða hverju sinni.

Kærur vegna álagðra landsútsvara koma fyrst til úrskurðar nefndar þeirrar, sem jafnar þeim niður, en heimilt er útsvarsgreiðanda að kæra útsvarið áfram til ríkisskattanefndar, ef hann vill ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndarinnar. Landsútsvarsskyld fyrirtæki skulu ekki greiða sveitarútsvar af þeim viðskiptum, sem landsútsvar nær til.

5. Við 18. gr. Greinin falli niður.

6. Við 19. gr. Greinin falli niður.

7. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið annast úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna.

Kostnaður við störf niðurjöfnunarnefndar landsútsvara skv. 18. gr. greiðist af heildarupphæð landsútsvara.

Við úthlutun ráðuneytisins á landsútsvörum til sveitarfélaganna er því heimilt að halda eftir 1% af tekjum Jöfnunarsjóðs til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna skv. 15. gr., unz sjóðurinn nemur alls 7 milljónum króna.

8. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna skal greitt þrisvar sinnum á ári, fyrir 15. maí, 15. október og 15. janúar.

Nú kemst sveitarsjóður eftir setningu þessara laga í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og skal þá taka upp samninga um greiðslu ábyrgðarskuldarinnar, áður en hluti sveitarfélagsins er greiddur. Þó má aldrei ganga nær gjaldgetu sveitarfélags en svo í slíkum samningum, að útsvarsbyrðar gjaldenda í viðkomandi sveitarfélagi geti orðið innan eðlilegra takmarka, miðað við önnur sveitarfélög með hliðstæða aðstöðu.

9. Við 30. gr. Greinin orðist svo:

a. Hvert sveitarfélag leggur útsvar á sína íbúa, sbr. 13. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili.

b. Á aðra aðila skal útsvar lagt í því sveitarfélagi, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram.

c. Þar í sveit skal útsvar gjalda, sem það var á lagt, og á hún allt útsvarið.

d. Eigi verður útsvar lagt á aðila nema í einu sveitarfélagi á sama ári.

10. Við 32. gr.
A-liður greinarinnar orðist svo:
Af hreinum tekjum skal útsvör greiða sem hér segir:
1. Einstaklingar:

Af	30— 40 þús. kr.	greiðist kr.	1000	af 30 þús. kr.	og 16% af afg.
Af	40— 50 þús. kr.	greiðist kr.	2800	af 40 þús. kr.	og 18% af afg.
Af	50— 60 þús. kr.	greiðist kr.	4800	af 50 þús. kr.	og 20% af afg.
Af	60— 70 þús. kr.	greiðist kr.	7000	af 60 þús. kr.	og 22% af afg.
Af	70—100 þús. kr.	greiðist kr.	9500	af 70 þús. kr.	og 25% af afg.
Af	100 þús. kr. og þar yfir	kr.	17000	af 100 þús. kr.	og 30% af afg.

Frá útsvari, eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldufrádráttur, kr. 800.00 fyrir konu, en fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda samkvæmt þeim reglum, er hér fara á eftir:

Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1200.00, en úr því hækki frádráttur fyrir hvert barn um kr. 200.00.

Auk þess frádráttar, sem hér um ræðir, er heimilt að draga frá útsvari samkvæmt 1. málsgr. allt að kr. 1000.00, þannig að útsvör allra verði lækkuð um hér um bil sömu upphæð.

Heimilt er að fella niður með öllu útsvarsálagningu á tekjur, sem lægri eru en svo, að útsvar af þeim verði 1000 kr.

2. Félög:

Af	1—75 þús. kr.	greiðist	200	kr. af 1 þús. kr.	og 20% af afg.
Af	75 þús. kr. og þar yfir		15000	kr. af 75 þús. kr.	og 30% af afg.

11. 37.—46. gr. (kafli D. Um álagningu útsvara) falli niður, en um álagningu útsvara gildi ákvæði IV. kafla laga nr. 66/1945, um útsvör.
12. Við 47. gr. b-liður greinarinnar orðist svo:
Álagt útsvar, að frádregnu því, sem greiða ber samkvæmt a-lið, ber gjaldanda að greiða með sex jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. febrúar eftir ákvörðun sveitarstjórnar þannig: 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember, 1. janúar og 1. febrúar.
13. Við 48. gr. n-liður greinarinnar orðist svo:
Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein, þar á meðal um þóknun til atvinnurekenda fyrir störf þau, sem þeim er falið að inna af hendi skv. lögum þessum, og má kveða nánara á um allt slíkt í reglugerð.

Nd. 495. Breytingartillögur [178. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Gunnari Jóhannssyni og Gísla Guðmundssyni.

1. Við 17. gr. Orðin „Síldarverksmiðjur ríkisins“ falli niður.
2. Eftir 32. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
Síldarverksmiðjur ríkisins skulu greiða 1% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til sveitarfélaga, þar sem þær eru starfræktar.

Ed. 496. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumv. á 5 fundum og borið það saman við l. nr. 48 1957 og l. um breytingar á þeim lögum, nr. 49 1960 og nr. 64 1961.

Á fyrsta fundi n. var ákveðið að senda frumv. til umsagnar bankaráði Búnaðarbankans, stjórn Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélagi Íslands. Bankaráð Búnaðarbankans mælir með frumv. Stjórn Stéttarsambandsins telur neyðarúrræði að afla fjár til Stofnlánadeildarinnar með 1% gjaldi á framleiðsluvörur landbúnaðarins, sjá 2. lið 4. gr., og að samsvarandi tekna handa Stofnlánadeildinni þurfi að afla eftir öðrum leiðum, en bendir þó ekki á þær leiðir. Að öðru leyti styður stjórn Stéttarsambandsins frumv. í aðalatriðum. Búnaðarmálastjóri sendi nefndinni ályktun búnaðarþings út af erindi frá Búnaðarsambandi Suðurlands um þetta mál o. fl. Verður sú ályktun því að skoðast sem umsögn Búnaðarfélagsins og búnaðarþings um frumv. Sú ályktun var samþ. á búnaðarþingi með 17 atkv. gegn 4, en 4 fulltrúar voru fjarstaddir, er atkvæðagreiðsla fór fram. Ályktun þessa verður að skoða sem mótmæli gegn frumv. í meginatriðum og um leið því, að lánamál landbúnaðarins verði leyst á þessu þingi á þá leið, sem frumv. gerir ráð fyrir.

Landbúnaðarnefnd hefur klofnað um málið. Minni hlutinn mun skila séráliti. En meiri hl. n. leggur til, að frumv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 12. gr. 2. mgr. Í stað orðanna „fyrst og fremst“ komi: aðeins.

Alþingi, 26. marz 1962.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.

Ed. 497. Frumvarp til laga [155. mál]

um verkamannabústaði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. marz.)

1. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að bæta úr húsnæðisþörf þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem ekki hafa tekjur né eiga eignir yfir það hámark, er greinir í 4. tölulið 6. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

2. gr.

Byggingarsjóður verkamanna lánar til bygginga skv. skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst 15 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið land, að talizt geti lögbýli.

3. gr.

Byggingarsjóður verkamanna skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Frá og með árinu 1962 greiði sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., í sjóðinn árlega upphæð, sem nemi eigi minna en 40 kr. og eigi meira en 60 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt. Ef sveitarfélag vanrækir að greiða framlag sitt til Byggingarsjóðs, er heimilt að krefja sveitarfélagið um dráttarvexti, svo sem nánar er ákveðið í reglugerð.
2. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þess krónufjölda á íbúa kaupstaðar eða kauptúns, er sveitarstjórn þar hefur ákveðið með samþykkt þeirri, er í 1. tölulið segir, að leggja fram til sjóðsins, þegar sýnt er, að þörf er fyrir starfsemi Byggingarsjóðs, sbr. 2. gr.
3. Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður, en hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu af lánsfé sjóðsins.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til Byggingarsjóðs jafnað niður á þá íbúa kauptúnsins, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

4. gr.

Byggingarsjóður verkamanna veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Lán þessi skulu vera tryggð með 1. veðrétti í húsum og lóðarréttindum. Lánin séu affallalaus og endurborgist með jöfnum árlegum greiðslum á 42—75 árum. Lánsfjárhæð má vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, en þó ekki yfir 300 þúsund krónur. Seðlabankinn ákveður vexti á lánunum í samráði við ríkisstjórnina.

Stjórn Byggingarsjóðs ákveður, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og stjórnar byggingarfélags, hvers konar lánskjör eru hverju sinni veitt.

Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska þess, en ekki skal það hafa áhrif á söluverð íbúða samkvæmt 8. tl. 6. gr.

5. gr.

Lausafé Byggingarsjóðs verkamanna skal jafnan ávaxta í peningastofnunum með ríkissjóðsábyrgð.

6. gr.

Byggingarfélög hafa rétt á að fá lán úr Byggingarsjóði skv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð 5 mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af löglegum félagsmönnum.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
3. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með eins til fjögra herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútíma þægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna, þar á meðal stærð íbúðanna, samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.
4. Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, hafi ekki átt viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína síðastliðin tvö ár og hafi eigi haft yfir 65 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 5 þúsund krónum fyrir hvern ómaga á framfæri, né yfir 150 þúsund króna skuldlausa eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við breytingar á almennu kaupgjaldi verkamanna.

5. Að íbúðir séu hagkvæmar og teikningar eða uppdrættir séu samþykktir af stjórn Byggingarsjóðs og að öll efniskaup til þeirra og tilhögun byggingarframkvæmda sé gerð á sem hagkvæmastan hátt.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru skv. 4. gr. Skal gerður sérstakur kaupsamningur um hverja íbúð við þann, er íbúðina fær, og eru þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau löglegir félagar byggingarfélagsins.
7. Að byggingarnar séu reistar á skipulögðum leigulóðum sveitarfélaga eða ríkisins eða skipulögðum eignarlóðum byggingarfélaga. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignahlutföllum í byggingunni. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, er sveitarfélaginu heimilt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið skv. lögum nr. 61 frá 14. nóvember 1917.
8. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja, nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættri verðhækkun, sem skv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja skv. mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda skv. mati á íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir upp lánið.
9. Að ákveðið sé með reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðar jafnað niður á eigendur eftir eignahlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal notandi hennar greiða. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
10. Að stjórn Byggingarsjóðs hafi fallizt á samþykktir félagsins og ráðuneytið staðfest þær.

7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingu eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlun, dagheimili, leikskóla fyrir börn og mötuneyti. Ákvæði skulu sett í reglugerð um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

8. gr.

Í stjórn Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera 5 menn kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann sjóðsstjórnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum skv. reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins til bráðabirgða milli deilda, ef það þykir henta.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík og nágrenni, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti

skyldna sinna skv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn einn eða fleiri í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild Byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi sveitarfélag hefur rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélagsins og hefur rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

9. gr.

Ársreikningar byggingarfélagsins skulu ætíð lagðir fyrir stjórn Byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af því láni, er veitt hefur verið til bygginganna. Ef stjórn Byggingarsjóðs hefur ekki borizt í hendur reikningur byggingarfélags fyrir síðasta ár fyrir 1. september ár hvert, er óheimilt að halda áfram lánveitingum til byggingarfélagsins, fyrr en reikningurinn berst sjóðsstjórn í hendur.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga Byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, skv. lögum þessum, og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög skv. lögum þessum.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti af húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún í samráði við stjórn Byggingarsjóðs og hlutaðeigandi sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa skv. lögum þessum.

12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn I. kafli laga nr. 36 frá 16. febrúar 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kosning fyrstu stjórnar Byggingarsjóðs verkamanna og endurskoðenda fer fram á Alþingi því, er setur þessi lög, eftir gildistöku laganna, og fellur þá niður umboð stjórnar og endurskoðenda Byggingarsjóðs skv. lögum nr. 36 frá 16. febrúar 1952.

Ed. 498. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 7. gr. Aftan við greinina komi:
   d-liður sömu lagagreinar falli niður.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   26. gr. laganna orðist svo:
   Ættarjarðir heita í lögum þessum þær jarðir, sem eru ekki óðalsjarðir, hafi þær:
   a. Verið skrásettar sem ættarjarðir samkvæmt lögum nr. 116/1943 eða með sérstökum gerningi, áður en þessi lög taka gildi.
   b. Verið í ábúð eða eign sömu ættar í 75 ár eða lengur og eru enn í eigu hennar, þegar lög þessi öðlast gildi.
   c. Verið ráðstafað til erfingja, ættmenna eða annarra með sérstökum gerningi samkv. 30. gr.
   d. Þetta ákvæði tekur einnig jafnóðum til jarða, er síðar fullnægja skilyrði b-liðar um eigu eða ábúð sömu ættar.

   Eftir gildistöku þessara laga skulu sýslumenn, hver í sinni sýslu, tilkynna hlutaðeigandi ábúendum eða eigendum jarða, er falla undir a- og b-lið þessarar greinar, að jarðir þeirra verði skrásettar sem ættarjarðir að átta mánuðum liðnum, frá því að lögin taka gildi, hafi eigandi eða ábúandi ekki innan þessa tíma tilkynnt sýslumanni skriflega, að hann hafni því, að jörð hans falli undir ákvæði laganna. Sama rétt til höfnunar hafa ábúendur og eigendur jarða, sem getið er í d-lið. Ákvörðun jarðareiganda gildir, á meðan hlutaðeigandi maður býr á jörðinni.
3. Við 10. gr. 1. efnismálsgr. orðist svo:
   Jörð, sem um ræðir í a- og b-lið 26. gr., má ekki selja úr ættinni fyrr en að ættmennum frágengnum, sbr. 19. gr.
4. Á eftir 10. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   28. gr. laganna orðist svo:
   Nú vill eigandi ættarjarðar samkv. a- og b-lið 26. gr. selja jörðina, og skal hann þá bjóða hana fyrst niðjum sínum til kaups og ábúðar, systkinum sínum og afkomendum þeirra fyrir fasteignamatsverð, að viðbættu matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að fasteignamat hefur farið fram. Vilji þessir aðilar ekki kaupa, er jarðeiganda frjálst að selja jörðina hæstbjóðanda.
5. Við 11. gr. Á eftir orðunum „aðalfasteignamat fór fram“ í 1. málsgr. komi: þó ekki lægra en áhvílandi veðskuldir.
6. Á eftir 11. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   30. gr. laganna breytist þannig, að niður falli „og að frádregnum ½ jarðabótastyrk á þær umbætur.“

Ed. 499. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Byggingarsjóður sveitabæja og Ræktunarsjóður Íslands hafa gegnt mikilvægu hlutverki, allt frá því að Framsóknarflokkurinn kom því til leiðar, að þeir voru

stofnaðir. Sjóðir þessir hafa um rúmlega 30 ára skeið veitt lán með hagkvæmum kjörum til bygginga og ræktunar í sveitum.

Eftir 1950 jukust mikið útlán þessara sjóða vegna framkvæmda í sveitum. Á árunum 1955—1958 lánuðu sjóðir þessir árlega 40—50 millj. kr. samtals. Á árunum 1950—1958 var sjóðum þeim, sem hér um ræðir, aflað fjár til lánveitinga — til viðbótar eigin fé þeirra — eftir ýmsum leiðum. Á þessu tímabili varð oft verulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, sem Alþingi ráðstafaði með sérstökum lögum. Af því fé fengu þessir sjóðir 52 millj. kr. Ræktunarsjóði var tryggt allmikið fjármagn árlega af fé mótvirðissjóðs. Enn fremur voru af hálfu ríkisins tekin erlend lán til að endurlána Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði Íslands.

Til þess að efla þessa sjóði var sumum þeirra lána, sem þeim höfðu verið veitt af ríkisfé, breytt í óafturkræf framlög.

Við gengisbreytingar þær, sem gerðar hafa verið að undanförnu, hækkuðu svo stórkostlega í íslenzkum krónum hin erlendu lán, sem hvíla á byggingarsjóði og ræktunarsjóði, og árlegar greiðslur af þeim, að fjárhagsgrundvöllur sjóðanna raskaðist.

Það er talinn tilgangurinn með flutningi þessa frv. að styrkja fjárhagsgrundvöll Byggingarsjóðs sveitabæja og Ræktunarsjóðs Íslands. Samkvæmt frv. á að sameina þá í einn sjóð: Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Þegar dæmt er um leiðir þær, sem fara á samkvæmt frv. að þessu marki, verður að taka tillit til fjárhagsaðstöðu þjóðfélagsins og hafa til samanburðar það, sem gert er á ýmsum sviðum.

Stjórnarflokkarnir guma af því um þessar mundir, að umráðafé bankanna hafi aukizt að miklum mun að undanförnu og fari vaxandi, og að hagur ríkissjóðs sé góður, þótt ríkisútgjöld hafi samkvæmt fjárlögum rúmlega tvöfaldazt að krónutölu síðan 1958.

En samkvæmt frv. þessu á að afla Stofnlánadeild landbúnaðarins fjár m. a. með sérstökum skatti á bændastétt landsins gegn jafnháu framlagi ríkissjóðs. Skattur þessi mun nema um kr. 1700.00 árlega af afurðum bús, sem lagt er til grundvallar við verðlagningu landbúnaðarafurða, og samsvarar 2% kauplækkun hjá bónda á meðalbúi.

Þennan sérstaka skatt á að leggja á eina stétt, bændastéttina, á sama tíma og gerð er gangskör að því með nýrri lagasetningu að lækka stórkostlega skatt af hreinum gróða og eignum auðugustu félaganna í landinu.

Þessu hafa Búnaðarþing og stjórn Stéttarsambands bænda mótmælt eindregið með umsögnum um frv. til nefndarinnar.

Enn fremur á samkvæmt frv. að innheimta í þessu skyni sérstakt álag á útsöluverð landbúnaðarafurða.

Á þessa skattlagningu getur minni hl. nefndarinnar ekki fallizt.

Byggingarsjóður ríkisins, sem veitir lán til íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, starfar ekki með eigin fé nema að litlu leyti, heldur þarf hann á miklu lánsfé að halda til starfsemi sinnar og skortir fjármagn til að geta fullnægt eftirspurn eftir lánum. Enn hafa stjórnarflokkarnir, sem nú standa að þessu frv., þó ekki leyft sér að leggja 2% launaskatt á launþega til fjáröflunar fyrir þann sjóð, enda ósennilegt, að launastéttirnar tækju því vel í ofanálag á aðrar búsifjar, sem hin svokallaða „viðreisn“ hefur valdið almenningi. — En þetta á nú að bjóða bændum.

Réttmætt er, að ríkið taki á sig halla stofnlánasjóða landbúnaðarins vegna gengisfellinganna, enda ber ríkissjóður ábyrgð á skuldbindingum þessara sjóða. Með lögum nr. 4/1960, um efnahagsmál, var stofnaður reikningur á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum og á þann reikning færður gengismunur, sem er hliðstæður gengishalla sjóða þeirra, sem hér um ræðir. Sams konar ráðstöfun var gerð með bráðabirgðalögum í sambandi við gengislækkun s. l. sumar.

Atvinnuvegir þjóðarinnar þurfa á miklu lánsfé að halda til að standa straum af framkvæmdum og rekstrarkostnaði.

Landbúnaðurinn er einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar og á rétt á að njóta stuðnings af því fjármagni, sem til útlána er í þjóðfélaginu á hverjum tíma, og með þeim kjörum, að ríkissjóður leggi fram nægilega háa fjárhæð árlega til að greiða vaxtamun af því fé, sem þannig er fengið til stofnlána í landbúnaði.

Formælendur þessa frv. segja, að örðugt sé að afla stofnlánasjóðum landbúnaðarins lánsfjár, vegna þess að fjárhagur þeirra sé ekki traustur. Slík fullyrðing fær ekki staðizt, þegar þess er gætt, að ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum þeirra.

Ræktun landsins er landnámsstarf og til þjóðnytja, en skilar ekki skjótfengnum arði. Bóndinn, sem leggur orku sína og verðmæti í það að rækta landið og reisa varanleg hús, nýtur ekki ávaxtanna af því sjálfur nema að nokkru leyti. Hann er viss um þetta: að alheimta ei daglaun að kvöldum. En hann nýtur þess að sjá gróður vaxa upp af verkum sínum og föðurlandið verða betra og byggilegra en ella fyrir eftirkomendur hans. Framlög ríkisins til þess að halda lágum vöxtum af stofnlánum til landbúnaðarins með því að greiða vaxtamun er hlutdeild þjóðfélagsins í hinu mikilvæga landnámsstarfi, sem unnið er vegna árvekni og framtakssemi bændastéttarinnar.

Minni hl. nefndarinnar leggur til, að miklar breytingar verði gerðar á frv. og það fært í þetta horf:

Að ríkið taki á sig að greiða þann halla, sem Byggingarsjóður sveitabæja og Ræktunarsjóður Íslands hafa orðið fyrir vegna gengisfellinganna 1960 og 1961.

Að Stofnlánadeild veiti ekki lán framvegis með gengisákvæði.

Að felld verði niður úr frv. ákvæðin um sérstakan skatt á bændastéttina og enn fremur ákvæðin um sérstakt álag á útsöluverð landbúnaðarafurða, en stuðningur ríkissjóðs við Stofnlánadeildina aukinn frá því, sem lagt er til í frv.

Að upphæð lána til íbúðarhúsa í sveitum megi nema allt að 75% af kostnaðarverði þeirra.

Að „viðreisnar"-vextirnir af stofnlánum til landbúnaðar verði lækkaðir, en vextir af þeim lánum lögbundnir, 3½% af lánum til íbúðarhúsa og 4% af öðrum lánum Stofnlánadeildar.

Að aukið verði að miklum mun fé veðdeildar Búnaðarbankans frá því, sem lagt er til í frv.

Að framlög til nýbýla og ræktunar á jörðum, sem hafa minna en 10 ha. tún, verði hækkað vegna þeirrar verðhækkunar, sem leiðir af gengislækkuninni 1961.

Að stofnaður verði bústofnslánasjóður.

Minni hl. n. ber fram á sérstöku þingskjali breytingartillögur um þetta og fleiri atriði.

Afstaða minni hl. til frv. fer eftir því, hvort brtt. þessar verða samþykktar eða ekki.

Alþingi, 26. marz 1962.

Páll Þorsteinsson, frsm. Gunnar Guðbjartsson.

Fylgiskjal I.

Búnaðarþing 1962.

Umsögn um frumvarp til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Ályktun:

1. Búnaðarþing telur réttmætt og gerir kröfu til, að ríkissjóður greiði þann halla, sem deildir Búnaðarbankans, Byggingarsjóður sveitabæja og Ræktunarsjóður, hafa orðið fyrir vegna gengisfellingar, hliðstætt því, sem gert var skv. 5. gr. laga um efnahagsmál frá 19. febr. 1960 og skv. 1. gr. bráðabirgðalaga frá 3. ágúst 1961.

Búnaðarþing gerir enn fremur kröfu til þess, að stofnlánadeildin þurfi ekki að taka á sig gengisáhættu af erlendum lánum, sem tekin kunna að verða skv. 12. gr. frumvarpsins.

2. Búnaðarþing telur, að landbúnaðurinn eigi fullan rétt á, sem einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, að fá fjármagn til stofnlána landbúnaðarins af sameiginlegu fjármagni þjóðarinnar. Gerir þingið kröfu til þess, að auk árlegra fjárframlaga úr ríkissjóði fái stofnlánadeildin lán frá Seðlabankanum, hliðstætt því, sem ákveðið er í lögum um Stofnlánadeild sjávarútvegsins frá 29. apríl 1946.
3. Búnaðarþing mótmælir eindregið þeirri sérstöku skattlagningu á bændastéttina og gjaldi á útsöluverð landbúnaðarvara, sem kveðið er á um í 4. gr. frumvarps um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi.
4. Búnaðarþing lýsir yfir því, að landbúnaðinum er það mjög nauðsynlegt, að vextir af stofnlánum séu lágir, vegna þess að stofnfé til bygginga í sveitum og ræktunar skilar arði seinna en stofnfé annarra atvinnuvega.
5. Búnaðarþing telur, að tryggja þurfi veðdeild Búnaðarbankans sérstakt fjárframlag, sbr. ályktun búnaðarþings 1961.
6. Verði framanskráð atriði tekin til greina, vill búnaðarþing mæla með samþykkt frumvarps til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. í meginatriðum.
7. Búnaðarþing gerir kröfu til þess, að landbúnaðurinn njóti jafnréttis við sjávarútveginn um lánveitingar vegna lausaskulda, og verði því ákvæðinu um vaxtakjör í frumvarpi til laga um lausaskuldir bænda breytt til samræmis við það, sem gildir um sams konar lán til sjávarútvegsins.
8. Búnaðarþing leggur til, að rannsóknir þær, sem um ræðir í 71. gr. frumvarps til laga um Stofnlánasjóð landbúnaðarins o. fl., verði kostaðar af ríkissjóði. Árleg fjárveiting verði 350 þús. kr.

Fylgiskjal II.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 21. marz 1962.

Bréf yðar, dags. 15. þ. m., um frumvarp til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, var rætt á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda í dag. Allir stjórnarmenn voru viðstaddir. Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt með öllum atkvæðum:

„Stjórn Stéttarsambands bænda hefur tekið til athugunar frumvarp frá Alþingi um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Stjórn Stéttarsambandsins viðurkennir, að með frumvarpinu er reynt að bæta aðstöðu byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs frá því, sem nú er, en telur hins vegar, að sú leið, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að skattleggja bændur í þessu skyni, sé neyðarúrræði, sbr. 2. málsgrein 4. gr., og að afla þurfi fjárins á annan hátt.

Þá telur stjórn Stéttarsambandsins, að ákvæði frumvarpsins um kaup Stofnlánadeildar á bankavaxtabréfum veðdeildar Búnaðarbankans sé ófullnægjandi fyrir veðdeildina, sbr. 13. gr., og að nauðsyn beri til að sjá betur fyrir stofnfé til hennar. Einnig þurfi að setja skýrari ákvæði um gengistöp. Að öðru leyti getur stjórn Stéttarsambandsins fellt sig við frumvarpið í aðalatriðum."

Fleira var ekki samþykkt í málinu.

Virðingarfyllst,
f. h. Stéttarsambands bænda,
Sverrir Gíslason.

Sæm. Friðriksson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Nd. 500. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá Birni Pálssyni og Þórarni Þórarinssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Á eftir 2. málslið 13. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
Ákvörðun sína um hámark vaxta skal bankinn miða við það, eftir því sem unnt er, að íslenzkir atvinnuvegir sæti ekki lakari vaxtakjörum en atvinnuvegir þeirra þjóða, sem Íslendingar þurfa einkum að keppa við.

Sþ. 501. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um biskupssetur í Skálholti.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Ágúst Þorvaldsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara í samráði við biskupinn yfir Íslandi nauðsynlegan undirbúning að flutningi biskupsseturs að Skálholti, að lokinni þeirri uppbyggingu staðarins, sem nú stendur yfir.

Greinargerð.

Hið forna biskupssetur, Skálholt í Biskupstungum, hefur nú verið endurreist með byggingu nýrrar og reisulegrar dómkirkju, ásamt myndarlegum íbúðarhúsum. Land staðarins hefur verið ræktað, gömul og hrörleg hús rifin og nýr vegur lagður heim á staðinn. Um þessar framkvæmdir hefur almenningur í landinu og ríkisvaldið sameinazt. Um allt Ísland hefur ríkt almennur áhugi fyrir endurreisn Skálholts úr langri og niðurlægjandi niðurníðslu. Í Skálholti var biskupssetur, frá því er biskupsdæmi var fyrst sett hér á stofn 1056 fram undir aldamótin 1800, er biskupsstóllinn var fluttur til Reykjavíkur, þegar ófrelsi og fátækt svarf sem fastast að íslenzku þjóðinni.

Það virðist nú tímabært að gera sér ljóst, hvort ekki sé rétt að fá biskupnum yfir Íslandi að nýju búsetu í Skálholti, sögufrægasta staðnum í kirkjusögu þjóðarinnar. Staðurinn hefur verið endurreistur og húsaður þannig, að hann getur innan fárra ára tekið við æðsta kirkjuhöfðingja þjóðarinnar til búsetu. Samgöngur við staðinn eru svo góðar, að þangað er aðeins 1½ klst. ferð frá Reykjavík. Símasamband við staðinn er einnig öruggt. Biskup Íslands gæti því auðveldlega unnið þar öll störf sín í þágu kirkjunnar og embættis síns. Ýmis umboðsstörf, sem biskup og skrifstofa hans vinna nú, væri sjálfsagt að fela kirkjumálaráðuneytinu. Auk þess mundi biskup eins og áður hafa skrifstofu áfram í höfuðborginni.

Raddir hafa verið uppi um það undanfarið, að nauðsynlegt sé, að biskupar séu tveir. Hefur þá jafnframt verið rætt um, að annar þeirra hafi búsetu á Hólum í Hjaltadal, hinu forna biskupssetri Norðlendinga.

Mjög líklegt er, að þegar þjóðinni hefur fjölgað verulega, verði talið nauðsynlegt að hafa biskupana tvo. Mundi þá einnig eðlilegt, að biskup sæti á Hólum. En um sinn virðist nægilegt, að einn aðalbiskup sé yfir Íslandi og tveir vígslubiskupar, eins og nú er.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja einnig koma til greina, að þjóðaratkvæðagreiðsla verði látin fara fram um það, hvar biskupssetur eigi að vera. Virðist sann-

gjarnt, að þjóðin ákveði það með almennri atkvæðagreiðslu. Það er skoðun flutningsmanna, að vel fari á því, að æðsti kirkjuhöfðingi þjóðarinnar sé búsettur á hinu forna biskupssetri. Með slíkri ráðstöfun væru tengslin á ný treyst milli fortíðar og nútíðar, forn arfleifð sögu og hefðar hafin til nýs vegs og virðingar. Biskupsembættið fengi nýjan og traustari grundvöll í skjóli minninga merkilegrar sögu Skálholtsstaðar. Þjóðlegasta og elzta embætti landsins fengi nýtt gildi og aukið sjálfstæði í hugum Íslendinga.

Ed. 502. Breytingartillögur [170. mál]

við frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar (PÞ og GGuðbj).

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara skal færa á vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum hækkun þá í krónum, sem orðið hefur vegna breyttrar skráningar íslenzkrar krónu eftir 1. janúar 1960, á þeim erlendu lánum, sem hvíla á Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði Íslands.
   Heimilt er Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu að semja um það sín á milli, að inn á reikning þann, sem um ræðir í 1. málsgr., greiðist óráðstafaðar innstæður ríkissjóðs í Seðlabankanum af mótvirðisfé.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur deildarinnar eru:
   1. Árlegt framlag ríkissjóðs, 25 millj. kr.
   2. Vaxtatekjur.
3. Við 7. gr. Í stað 1. málsl. komi tveir málsliðir, svo hljóðandi:
   Lán til íbúðarhúsa í sveitum mega nema allt að 75% kostnaðarverðs. Upphæð annarra lána Stofnlánadeildar má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega.
4. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Vextir af lánum til íbúðarhúsa í sveitum skulu vera 3½% og af öðrum lánum Stofnlánadeildar 4%.
5. Við 12. gr. 2. málsgr. falli burt.
6. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, þó eigi yfir 50 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.
7. Á eftir 23. gr. komi nýr kafli með 10 nýjum greinum undir fyrirsögninni: **Um bústofnslánadeild,** svo hljóðandi:
   a. (24. gr.) Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist bústofnslánasjóður. Hann skal vera í vörzlum Búnaðarbanka Íslands. Bústofnslánasjóður veitir frumbýlingum og efnalitlum bændum lán eða styrk til bústofnsaukningar, vélakaupa og til greiðslu bráðabirgðalána og lausaskulda, eftir því sem nánar segir í lögum þessum.
   b. (25. gr.) Stofnfé bústofnslánasjóðs er:
      a. 20 milljón króna óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal sjóðnum á næstu fjórum árum með 5 milljón króna framlagi á ári;
      b. 30 milljón króna lán, er stjórn bústofnslánasjóðs heimilast að taka, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

c. (26. gr.) Bústofnslánasjóður veitir lán:
   a. frumbýlingum og efnalitlum bændum til bústofnskaupa, enda hafi þeir of lítinn bústofn að dómi sjóðsstjórnar;
   b. frumbýlingum og efnalitlum bændum til búvélakaupa;
   c. efnalitlum bændum til að greiða víxilskuldir og aðrar lausaskuldir, er búrekstur þeirra fær ekki undir risið að mati sjóðsstjórnarinnar, enda séu slíkar skuldir eigi við nána venzlamenn lánsumsækjanda.

d. (27. gr.) Skilyrði fyrir lánveitingu úr bústofnslánasjóði eru:
   a. að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg;
   b. að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum — eða lausaskuldir hans séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum að óbreyttum ástæðum ókleift að standa við skuldbindingar sínar og reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli;
   c. að umsækjandi sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni:
   d. að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda;
   e. að umsækjandi geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið stuðning samkvæmt lögum þessum.

e. (28. gr.) Lán úr bústofnslánasjóði má veita gegn eftirtöldum tryggingum:
   1. gegn veði í fasteign;
   2. gegn veði í vélum og verkfærum;
   3. gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóvember 1887;
   4. gegn hreppsábyrgð;
   5. gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila.

   Sjóðsstjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.

f. (29. gr.) Heimilt er stjórn bústofnslánasjóðs að veita lánsumsækjanda styrk úr sjóðnum allt að 30 þúsundum króna, enda verði búrekstri hans eigi að öðrum kosti komið á heilbrigðan grundvöll að dómi sjóðsstjórnarinnar.

g. (30. gr.) Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

h. (31. gr.) Vextir af lánum úr bústofnslánasjóði mega ekki vera hærri en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 12 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé sjóðsstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

   Heimilt er sjóðsstjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.

   Gjalddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.

i. (32. gr.) Umsóknir um lán og stuðning samkvæmt 26. og 29. gr. skulu sendar sjóðsstjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er sjóðsstjórnin ákveður.

j. (33. gr.) Stjórn bústofnslánasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 stjórnarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum flokki, en sá fimmti, sem er formaður stjórnarinnar, skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

   Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

8. Við 27. gr. Í stað „6.5 millj. kr.“ komi: 8 millj. króna.

9. Við 48. gr.
   a. Í stað „40 þúsund krónur“ komi: 50 þúsund krónur.
   b. Í stað „2.0 millj. krónur“ komi: 2.5 millj. króna.
10. Við 64. gr. Í stað „6.0 millj. króna“ komi: 7 millj. króna.
11. Við 71. gr. Í stað orðanna „eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum“ komi: minnst 350 þúsund krónur á ári.

Nd. 503. Frumvarp til laga [13. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. marz.)

1. gr.

Hækkun sú, er verður á skuld ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn vegna nýákveðinnar breytingar á stofngengi íslenzkrar krónu, skal færð á sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Á reikning þennan skal einnig færa þann gengismun, er af sömu ástæðu kemur fram hjá einstökum bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Á reikning þann, er um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., skal færa gengismun, sem myndast vegna ákvæðis 2. gr., þá er banki hefur innt af hendi greiðslu vegna bankaábyrgðar áður en hið nýja gengi tók gildi. Sama gildir um gengismun, er myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu vegna ákvæða 3. gr.

2. gr.

Nú er bankaábyrgð til handa erlendum aðila ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 1. ágúst 1961 eða gjalddagi hennar er eftir þann tíma, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi.

3. gr.

Allar greiðslur fyrir verk, sem innlendir aðilar hafa unnið samkvæmt samningi við varnarliðið eða aðila á þess vegum fram að gildistöku hins nýja gengis, skulu fara fram á því gengi, sem gilti fyrir þann dag. Sama gildir um hvers konar kröfur innlendra aðila vegna sölu á vörum eða þjónustu til varnarliðsins eða aðila á þess vegum áður en hið nýja gengi tók gildi.

4. gr.

Nú er gjald af fob-verði bifreiðar eða bifhjóls samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 greitt eftir 3. ágúst 1961, og skal þá innheimt á því gengi, sem er á greiðsludegi gjaldsins, án tillits til þess, hvenær ákvörðun um veitingu leyfis er tekin.

5. gr.

Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls, söluskatts (sbr. lög nr. 10 22. marz 1960 með síðari breytingum) og innflutningsgjalds (sbr. 9. gr. laga nr. 4 20. febr. 1960) á innfluttum vörum reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á

innflutningsfarmskrám, sem farmflytjendur afhenda tollyfirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenzkum krónum. — Í fob-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi fyrir 4. ágúst 1961 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengi, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 virkra daga frá gildistöku þessara laga.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

6. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 4. ágúst 1961. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falli undir ákvæði þessarar málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkvæmt 1. málsgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Skal nota fé á þessum reikningi til greiðslu gengistaps vegna skuldar ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn, ef það fé, er verður til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum 1. gr., nægir ekki til þess. Af fé á þessum reikningi skal enn fremur greiða hluta útflutningsgjalds og hlutatryggingasjóðsgjalds af sjávarvörum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, samkvæmt nánari ákvæðum 1. málsgr. 7. gr. og 2. málsgr. 8. gr. laga þessara. Að öðru leyti skal fé þetta renna til ríkisábyrgðasjóðs. Þó er heimilt að nota allt að 13 milljónum króna til þess að greiða það, sem á vantar, að fé útflutningssjóðs hrökkvi til greiðslu vátryggingargjalda fiskiskipa árið 1960.

7. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum (þar á meðal hvalafurðum) samkvæmt 1. gr. laga nr. 66/1957 skal frá gildistöku þessara laga nema 6% af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Að því er snertir sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. ágúst 1961 skal gjaldið þó að ⅔ hlutum greitt af mismun þeim, er fram kemur við gjaldeyrisskil vegna viðkomandi vörusendingar, sbr. ákvæði 6. gr. Allir, sem flytja út sjávarafurðir frá gildistöku þessara laga, skulu greiða þriðjung útflutningsgjalds af þeim um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd, og jafnframt skulu þeir afhenda tollyfirvaldi ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir ⅔ hlutum gjaldsins. Tollyfirvöld senda gjaldeyriseftirlitinu ávísanir þessar, og tekur það fé til greiðslu á þeim af söluandvirði gjaldskyldra afurða, en ávísanir vegna útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum fyrir 1. ágúst 1961 falla úr gildi, sbr. ákvæði 2. málsliðs þessarar málsgr.

Útflutningsgjald af niðursoðnum sjávarafurðum og af afurðum frá selveiðum fluttum út eftir gildistöku laga þessara skal vera 2% af fob-verði reiknuðu á nýju gengi, og innheimtist gjaldið um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir ákvæði 1. og 2. málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: Til Fiskveiðasjóðs Íslands 30%, til fiskimálasjóðs 5%, til byggingar

haf- og fiskirannsóknarskips 1.3%, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 1.0%, til Landssambands ísl. útvegsmanna 0.7% og til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa árin 1961 og 1962, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, 62%. Þegar vátryggingariðgjöldin fyrir þessi ár eru greidd, skal 32% útflutningsgjaldsins renna til trygginga fiskiskipa samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins og 30% til stofnlánasjóða sjávarútvegsins eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

8. gr.

Hlutatryggingasjóðsgjald samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1949 skal frá 3. ágúst 1961 og þar til þau lög falla úr gildi nema 1¼% af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Á sama tímabili skal gjald þetta innheimt af afurðum, sem koma frá togurum.

Endurgreiða skal útflytjendum samkvæmt umsóknum þeirra 47% greidds hlutatryggingasjóðsgjalds á síldarafurðum og 65% greidds hlutatryggingasjóðsgjalds á öðrum gjaldskyldum sjávarvörum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, en útfluttum eftir gildistöku þessara laga. Endurgreiðsla þessi skal innt af hendi með fé af reikningi þeim, er um getur í 2. málsgr. 6. gr. laga þessara.

Framlag ríkissjóðs í hlutatryggingasjóð árið 1961 og 1962 skal ekki vera hærra en ákveðið er í fjárlögum þessara ára.

9. gr.

Gjald vegna ferskfiskseftirlits (sbr. 7. gr. laga nr. 42/1960) og gjald af útfluttri saltsíld til síldarútvegsnefndar samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 132/1952 skal frá gildistöku þessara laga miðað við fob-verð reiknað á nýju gengi.

10. gr.

Skattur sá á útfluttum vörum framleiddum 1960, er um ræðir í 8. gr. laga nr. 4/1960 (sbr. lög nr. 84/1960), skal frá gildistöku laga þessara nema 0.44% af niðursoðnum sjávarvörum og 2.2% af öðrum vörum, og skal miða skattinn við fob-verð reiknað á nýju gengi.

11. gr.

Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenzkum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.

Ákvæði í lánssamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gild, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsgr. þessarar gr.

12. gr.

Bannað er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 4. ágúst 1961, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. — Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

13. gr.

Allir þeir, sem telja sig eiga rétt til bóta úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum stafliða b og c í VII. kafla laga nr. 4 20. febr. 1960, skulu tilkynna gjaldeyriseftirliti Seðlabankans kröfur sínar fyrir 1. júlí 1962 og jafnframt leggja fram fullnægjandi gögn til stuðnings þeim. Bótakröfur, sem bornar eru fram að liðnum þessum fresti, falla niður ógildar.

14. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerðum eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 504. Frumvarp til laga [159. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu og eyðijörðina Austmannsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Jökuldalshreppi í Norður-Múlasýslu, svonefndar Merkur, ekkjunni Lilju Magnúsdóttur, Hvanná í sömu sveit.

Ríkisstjórninni er og heimilt að selja eyðijörðina Austmannsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu bóndanum Gísla Ólafssyni á Kirkjubóli í sama hreppi.

Kaupverðið skal vera eins og um semst, eða ef samkomulag verður ekki, þá samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 505. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
   Hækkun á erlendum skuldum Ræktunarsjóðs Íslands, Byggingarsjóðs sveitabæja og Fiskveiðasjóðs Íslands vegna breytinga, sem orðið hafa á gengi íslenzkrar krónu eftir 1. jan. 1960, skal færð á sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Fjármálaráðuneytinu og Seðlabankanum er heimilt að semja um það sín á milli, að fé úr mótvirðissjóði í vörzlum bankans verði varið til greiðslu á þeirri skuld, er myndast samkv. ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar.
2. Við 6. gr. Greinin falli niður.
3. Við 7. gr. Síðasti málsl. 4. málsgr. orðist svo:
   Þegar vátryggingariðgjöldin fyrir þessi ár eru greidd, skal útflutningsgjaldið lækka um 30% og framlögin til tryggginganna minnka sem sem því svarar.

Nd. 506. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 8. gr. Í stað orðanna „en útfluttum eftir gildistöku þessara laga“ komi: en útfluttum eftir 3. ágúst 1961.

Nd. 507. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Daníel Ágústínussyni og Þórarni Þórarinssyni.

Við 32. gr. Í stað orðanna „Fyrir 1. barn kr. 1000.00 .... kr. 100.00 fyrir hvert barn“ komi: Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1300.00, fyrir 4. barn kr. 1600.00, fyrir 5. barn kr. 2000.00, fyrir 6. barn kr. 2500.00, fyrir 7. barn kr. 3100.00, fyrir 8. barn kr. 3800.00, fyrir 9. barn kr. 4600.00 o. s. frv.

Nd. 508. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Daníel Ágústínussyni og Birni Pálssyni.

Við 45. gr. 1. málsliður orðist svo:

Í sveitarfélögum með færri en 5000 íbúa er sveitarstjórn heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur þeim í té afrit af skattskrá hreppsins til hliðsjónar við álagninguna.

Nd. 509. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Daníel Ágústínussyni.

Við 10. gr.

a. Í stað „½%“ í a-lið komi: ¼%.
b. Á eftir c-lið komi nýr stafliður:
   Allt að 3%: barar, billiardstofur, söluturnar, verzlanir og veitingastaðir opnir til kl. 23.30, tóbaks- og sælgætisverzlanir.

Nd. **510. Nefndarálit** [178. mál]

um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta hefur verið rætt á allmörgum fundum í nefndinni. Hafa nefndinni borizt erindi út af því frá eftirtöldum aðilum: Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, bæjarstjóranum á Siglufirði, stjórn samtaka kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi og Skattstjórafélagi Íslands. Þá ræddu fulltrúar frá L.Í.Ú. og kaupstaðasamtökunum við nefndina.

Frumvarp þetta um tekjustofna sveitarfélaga er samið af nefnd, sem fjármálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 7. des. 1959, til þess að endurskoða gildandi ákvæði um tekjustofna sveitarfélaga og semja frumvarp til laga um þau efni.

Á undanförnum árum hafa þær raddir gerzt æ háværari í röðum þeirra, sem með sveitarstjórnarmálefni fara, að tryggja þurfi sveitarfélögunum nýja tekjustofna. Með lagasetningu hafa útgjöld sveitarfélaganna verið stóraukin, og má þar sérstaklega til nefna, að hækkun á bótagreiðslum almannatrygginganna á árunum 1960 og 1961 hefur kostað sveitarfélögin mikið fé.

Eins og löggjöf er nú háttað, er sveitarfélögunum afmarkaður þröngur bás um alla tekjuöflun. Tekjuútsvör og veltuútsvör hafa verið aðaltekjustofnar þeirra, en því eru að sjálfsögðu takmörk sett, hversu langt sveitarfélögin geta gengið í skattlagningu á þeirri braut, ekki sízt nú, þegar sumar greinar atvinnurekstrarins eiga við mikla fjárhagserfiðleika að stríða og almenningur má hafa sig allan við til þess að hafa í sig og á. Það ber því brýna nauðsyn til þess að lögbjóða sveitarfélögunum nýja tekjustofna, og sýnist ekki óeðlilegt, að ríkissjóður afhendi þeim einhverja þá tekjustofna, sem hann nú hefur.

Margir af forustumönnum sveitarfélaganna munu hafa bundið talsverðar vonir að þessu leyti við hið nýja frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem nú hefur séð dagsins ljós.

En þeir hafa áreiðanlega orðið fyrir vonbrigðum. Í frv. er ekki að finna nein ákvæði um nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin. Landsútsvörin t. d. geta ekki talizt nýr tekjustofn. Þau þýða að vísu nokkurn tekjuauka fyrir einstaka sveitarfélag, en tilsvarandi tekjutap fyrir önnur og þau sum, er sízt skyldi. Að mínu áliti fer því fjarri, að frumvarp þetta feli í sér viðunandi frambúðarlausn á fjárhagsvandræðum sveitarfélaganna. Þar þarf meira til að koma.

Vil ég þá víkja að helztu ákvæðum frv. og geta í leiðinni breytingartillagna minna.

II. kafli þess fjallar um fasteignaskatta. Sá tekjustofn hefur um árabil verið notaður af sveitarfélögunum. Heimildin í 5. gr. frv. um, að innheimta megi fasteignaskatt með allt að 200% álagi, þýðir þreföldun fasteignaskattsins frá því, sem er, ef heimildin verður notuð. Þótt velflest sveitarfélögin neyðist eflaust til þess að nota þessa hækkunarheimild til tekjuöflunar, er augljóst, að aukin skattheimta sveitarfélaganna á húseigendur til viðbótar stórkostlegum álögum ríkisvaldsins á þá, sem eru að brjótast í því að byggja, er neyðarúrræði. Var sízt ástæða til þess að höggva aftur í þann knérunn.

III. kafli frumvarpsins fjallar um aðstöðugjald. Kenna má þar gamlan tekjustofn sveitarfélaganna, veltuútsvörin, afturgenginn í breyttu formi.

Aðstöðugjaldið á að leggja á samanlögð útgjöld atvinnurekstrarins, en ekki heildarsölu vöru og þjónustu, eins og veltuútsvörin voru lögð á.

Eins og 9. gr. frv. er orðuð, mætti leggja aðstöðugjald á taprekstur fyrirtækja.

Í heilbrigðis- og félagsmálanefnd deildarinnar fékkst hins vegar samkomulag um að leggja til breytingu á þessu ákvæði á þann veg, að aldrei skyldi aðstöðugjaldið reiknað af hærri upphæð en brúttótekjum nemur. Er hér um breytingu til

bóta að ræða, enda fráleit hugsun að gera taprekstur fyrirtækja að gjaldstofni fyrir sveitarfélögin.

Sennilegt er, að þau atvinnufyrirtæki, er framleiða fyrir erlendan markað, séu einu gjaldendur aðstöðugjaldsins, sem geta ekki velt því yfir á aðra. Hittir aðstöðugjaldið því fyrirtæki sjávarútvegsins umfram allar aðrar atvinnugreinar. Var þó sízt ástæða til þess að lögbjóða auknar álögur á þá atvinnugrein. Ekki eru nema nokkrir mánuðir liðnir, síðan ríkisstjórnin með löggjöf hrifsaði til sín allt að 150 milljónir króna frá útvegsmönnum og sjómönnum með upptöku gengishagnaðar í ríkissjóð og hækkaði útflutningsskatt af sjávarafurðum um 125 milljónir króna á heilu ári.

Inn í frv. vantar þar að auki ákvæði, er komið geti í veg fyrir, að hægt sé að stórhækka álögur á fyrirtæki sjávarútvegsins frá því, sem var, þegar veltuútsvörin voru í gildi. Fyrsta breytingartillaga mín við frv. á að girða fyrir, að til þess komi.

IV. kafli frv. fjallar um jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Þar er að finna ákvæðin um landsútsvör, sem nú eru tekin upp í fyrsta skiptið. Þótt landsútsvörin séu nýmæli, er ekki hægt að telja þau nýjan tekjustofn sveitarfélaganna. Flestir þeir aðilar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að greiði landsútsvör, hafa áður greitt sveitarútsvör í einhverri mynd. Nýmælið er það eitt, að samkv. frv. á að skipta sveitarútsvörum þessum á öll sveitarfélögin eftir mannfjölda.

Ég er fylgjandi hugmyndinni um landsútsvör, en tel, að taka eigi fleiri aðila inn sem gjaldendur landsútsvara en frv. ráðgerir. Flyt ég breytingartillögur um, að auk þeirra aðila, sem frv. gerir ráð fyrir að greiði landsútsvör, þá renni tekjur ríkissjóðs skv. 12. gr. laga nr. 4/1960 frá ársbyrjun 1963 í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, en skv. fjárlögum 1961 er tekjuliður þessi áætlaður 15 millj. kr. Auk þessa greiði tryggingarfélögin ¾% af iðgjaldatekjum sínum í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Þá legg ég til, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og sölunefnd varnarliðseigna greiði 7% af hagnaði í stað 5% í jöfnunarsjóðinn. Lengra vil ég ekki ganga að sinni, m. a. vegna þess, að enginn tími hefur gefizt til nákvæmrar athugunar á þessu atriði, þar sem knúið er fast á um afgreiðslu frumvarpsins.

V. kafli fjallar um útsvör. Helzta nýmæli þar er að lögbjóða einn útsvarsstiga á tekjur fyrir landsmenn alla. Tel ég það til bóta.

Við 32. gr. frumvarpsins flyt ég breytingartillögu um hækkun persónufrádráttar frá og með 4. barni. Er hér um mikið sanngirnismál að ræða. Barnmörgu fjölskyldurnar hafa orðið verst úti allra við þær stórauknu álögur í hvers konar óbeinum sköttum, sem átt hafa sér stað á valdaferli núverandi ríkisstjórnar.

Um önnur atriði frv. mun ég fjalla í framsögu fyrir nefndaráliti þessu.

Ég hef nú gert grein fyrir þeim breytingartillögum, sem ég tel nauðsynlegt að gerðar verði á frumvarpinu. Ef ekki verður fallizt á þessar tillögur, mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðslu um frumvarpið.

Alþingi, 27. marz 1962.

Jón Skaftason.

Nd. 511. Breytingartillögur [178. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Jóni Skaftasyni.

1. Við 9. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist:
   Óheimilt er framtalsnefndum og hreppsnefndum að leggja aðstöðugjald á útgjöld, er stafa af tjóni, sem gjaldandi hefur orðið fyrir í atvinnurekstri sínum.

Aðstöðugjald má ekki nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en hundraðshluti veltuútsvars var á hverjum stað 1960. Heimilt er þó sveitarfélögum utan Reykjavíkur að hækka hundraðshluta aðstöðugjalds upp í það, sem gildir í Reykjavík, miðað við sömu tegund gjaldstofns.

2. Við 17. gr. Við greinina bætist 2 nýir stafliðir:
   a. Tryggingafélög.
   b. Bankar, sbr. 18. gr. e.
3. Við 18. gr.
   a. Í stað „5% af hagnaði" í a-lið komi: 7% af hagnaði.
   b. Aftan við greinina bætist tveir nýir stafliðir:
      1. Tryggingarfélög ¾% af iðgjaldatekjum.
      2. Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu frá ársbyrjun 1963 greiða í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis, sbr. 12. gr. l. nr. 4/1960. Frá sama tíma hættir gjald þetta að renna í ríkissjóð.
4. Við 32. gr. Í stað orðanna „Fyrir 1. barn kr. 1000.00 .... kr. 100.00 fyrir hvert barn" kemur: Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1200.00, fyrir 4. barn kr. 1500.00 og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um kr. 300.00 fyrir hvert barn úr því.

Ed. 512. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 27. marz 1962.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Alfreð Gíslason. Auður Auðuns.

Ed. 513. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. marz 1962.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Alfreð Gíslason. Auður Auðuns.

Sþ. 514. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um heildarskipulag Suðurlandsundirlendis.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela skipulagsnefnd ríkisins í samráði við rannsóknaráð ríkisins, hagstofustjóra, Framkvæmdabankann, nýbýlastjórn, raforkumálastjóra og aðra sérfróða aðila ásamt þar til kjörnum fulltrúum viðkomandi sýslufélaga að gera svo fljótt sem auðið er frumdrög að heildarskipulagi Suðurlandsundirlendis, miðað við 10—15 ára tímabil. Skal að því stuðlað, að mannvirkjagerð hins opinbera og önnur fjárfesting á svæðinu miðist við að fá sem hagkvæmasta nýtingu orkulinda og annarra lands- og sjávargæða.

Greinargerð.

Fyrirfram-heildarskipulagning landssvæða ryður sér mjög til rúms erlendis, og er nauðsynlegt, að Íslendingar fylgist með þeirri þróun. Þjóðin hefur ekki efni á að láta byggð og atvinnulíf þróast á jafn-tilviljunarkenndan hátt og verið hefur til þessa. Er því nauðsynlegt að auka hlutverk ríkisvaldsins og skipulagsstjórnarinnar á þessu sviði. Ýtarlegar rannsóknir þurfa að fara fram á hugsanlegri nýtingu auðlinda landsins, svo að unnt sé að gera viðtækari skipulagsáætlanir en hingað til hefur tíðkazt, um lengri tíma í senn og þó sérstaklega um stærri svæði, heil byggðarlög eða landshluta.

Þá er og ekki aðeins rétt, að skipulagsstjórnin fylgist með eða áætli þróun byggðar í landinu, heldur láti hún einnig rannsaka og gera áætlanir um æskilega þróun byggðarinnar, svo að ríkisvaldið á þeim grundvelli geti með sérstökum aðgerðum beinlínis stuðlað að hraðari uppbyggingu þeirra landssvæða, sem undangengnar rannsóknir leiða í ljós að séu bezt til búsetu fallin, og hafi þannig forustu um að beina fjárfestingu inn á þær brautir, sem mest gildi hafa.

Lög um skipulagsmál frá árinu 1921 hafa til þessa einvörðungu miðazt við skipulag einstakra þorpa og kaupstaða, og eru löngu úrelt. Eru þau nú í endurskoðun hjá sérstakri nefnd, og mun Alþingi fá tækifæri til að fjalla um skipulagsmálin í heild sinni á næsta þingi. Með tillögu þessari er stefnt að því, að nú þegar verði lagður grundvöllur að þeim vinnubrögðum, sem óhjákvæmilega verður að viðhafa á þessu sviði, ef vel á að takast. Lagt er til, að byrjað verði á Suðurlandsundirlendinu, sem er eðlilega afmarkað landssvæði, auðugt að orkulindum með mikla framtíðarmöguleika, svo að mikilvægt er, að nú þegar verði reynt að gera sér sem bezta grein fyrir þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru, og hvernig þeir verði bezt nýttir, miðað við framtíðarþarfir.

Með framkvæmd tillögunnar, ef samþykkt yrði, tekur skipulagsstjórn ríkisins að sér að skipuleggja frá grunni lítt byggð svæði, svo sem kringum hafnarstæði, fyrirhuguð orkuver o. s. frv., og auk þess yrðu gerðar heildartillögur um nýbýlahverfi á sviði landbúnaðar og garðyrkju, viðskipta- og samgöngukerfi, staðsetningu félagsheimila, skóla, heilbrigðisstofnana og íþróttamannvirkja og aðrar opinberar framkvæmdir.

Loks fengist af slíkri heildarskipulagningu heils landshluta dýrmæt reynsla, sem kæmi að miklu gagni við skipulagningu annarra byggðarlaga. Jafnframt yrði að fenginni slíkri reynslu mun auðveldara að semja sérstök lög um heildarskipulagningu landsins alls (national planning), svo sem æskilegt væri að gera svo fljótt sem kostur er.

Tillaga þessi var flutt á ofanverðu seinasta þingi og var þá send nokkrum aðilum til umsagnar. Fékk tillagan jákvæðar undirtektir m. a. frá sýslufundi Árnessýslu. Rannsóknaráð ríkisins segir í umsögn: „Ekki er að efa, að hér er um mjög

mikilvægt verkefni að ræða“, og enn fremur: „Slík skipulagning verður ekki unnin í flýti eða án verulegs undirbúnings.“

Í umsögn frá bankastjóra Framkvæmdabankans segir svo: „Það fer meir og meir í vöxt erlendis, að ákveðnir landshlutar séu teknir til skipulagningar í einu lagi. Mönnum er það ljóst, að atvinnulífið með sínum orku- og hráefnalindum og samgönguæðum myndar ásamt byggðarlaginu lífræna heild og að bezt fer á því, að þessa sé gætt strax í upphafi, ef um nýtt land eða landssvæði er að ræða, eða um meiri háttar nýjar framkvæmdir á landssvæði, þar sem byggð er fyrir. Ég tel æskilegt, að samið verði heildarskipulag fyrir Suðurlandsundirlendið, þar sem ekki er ólíklegt, að farið verði af stað með meiri háttar mannvirkjagerð þar á næstu árum, og að tillaga sú um þingsályktun, sem háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur sent mér, stefni í rétta átt. Leyfi ég mér að mæla með því, að hún verði samþykkt.“

Í framsögu fyrir þessari tillögu á seinasta þingi var að því vikið, að nauðsyn bæri til að gera sér grein fyrir framtíðarskipan hafnarmála héraðsins, fyrirkomulagi heilbrigðismála, hvað snertir sjúkrahús eða heilsuverndarstöðvar, og færð voru rök að því, að mikil fjárfesting í félagsheimilum mundi nýtast betur í þágu íbúa héraðsins með því að haga staðsetningu þeirra eftir fyrirframgerðri áætlun til langs tíma.

Enn fremur var þess getið, að mikilvægt sé að skipuleggja frá grunni hagnýtingu jarðhita í Hveragerði til orkuvinnslu og lækninga. Gerð hefur verið áætlun um gufuorkuver til rafmagnsframleiðslu, en afgangsorka frá því mundi skapa skilyrði til efnaiðnaðar ýmiss konar og stórrekstrar í ræktun gróðurhúsaafurða. Einnig hafa vísindamenn gert áætlun um vinnslu á þungu vatni, en ákvörðun um framkvæmdir hefur verið frestað til ársins 1965. Í Hveragerði eru hin ákjósanlegustu skilyrði til rekstrar heilsuhæla að erlendri fyrirmynd, og Alþýðusamband Íslands áformar að reisa orlofsdvalarheimili á landssvæði, sem einnig mundi henta vel undir almenn hressingarhæli. Af þessu er ljóst, að reyna verður að fyrirbyggja, að eitt reki sig á annars horn, þegar til framkvæmda kemur. Verksmiðja og sjúkrahús fara ekki vel saman, en með skipulagningu fyrir fram, gerðri meðan tími er til, mætti ráðstafa landi með þeim hætti, að hvort tveggja kæmist fyrir, svo að vel færi.

Þá þarf ekki síður að skipuleggja í dreifbýlinu og stefna að því að gera landbúnaðinn arðsamari en verið hefur. Fyrst og fremst kemur til greina að vinna markvisst að eflingu landbúnaðar á þeim svæðum landsins, þar sem búast má við mestum árangri, þar sem skilyrðin eru bezt frá náttúrunnar hendi. Koma þarf skipulagi á sandgræðslu í ríkum mæli og á kornrækt jafnvel í byggðahverfum, sem stofnuð yrðu sérstaklega um þessa búgrein, og svipaða tilhögun mætti hugsa sér um grasrækt til framleiðslu heymjöls í verksmiðjum. Skógrækt á vegum ríkisins kynni að verða til meiri nytsemdar en nú er með ræktun skjólbelta þvert yfir héruð. Leggja ber drög að aukinni landþurrkun í lágsveitum, rannsaka þarf beitarþol afréttanna og bæta nýtingu þeirra m. a. með samstarfi sveitarfélaga um dreifingu áburðar úr lofti. Allt eru þetta atriði, sem hafa verður í huga við væntanlega heildarskipulagningu.

Þá er til þess ætlazt, að gerð verði áætlun um nýjar atvinnugreinar. Óvenjugóð skilyrði eru víða til laxaeldis. Með dælingu sjávar í áveituskurði mætti sennilega koma á stórfelldu fiskaeldi, og vel kæmi til greina, að hið opinbera hefði forgöngu um stofnun almenningssamtaka með bændum á öllu vatnasvæði Ölfusár og Hvítár um stórátök sem þarf, til þess að laxaklak og laxveiði verði hin arðvænlegasta búgrein. Rannsaka þarf möguleika á hagnýtingu hinna margvíslegu náttúruauðlinda. Hafin er með góðum árangri vinnsla þangmjöls úr sjávargróðri, en ókannað er með öllu, hvort útflutningur vikurgjalls og annarra byggingarefna væri arðbær. Þá er þess enn ógetið, að senn líður að fyrstu virkjun Þjórsár við Búrfell til vinnslu raforku til handa alúmíníumveri, sem til greina kemur að staðsetja í Þorlákshöfn. Þjórsá er virkjanleg á 8 eða 10 stöðum, og eru þá ótaldir fjölmargir virkjunarstaðir

við önnur stórfljót. Að þessu ber að huga, svo mjög sem afkoma landsmanna er undir því komin, að fljótlega takist að nýta þá orkuauðlegð, sem óbeizluð fellur í elfum landsins.

Það er engin tilviljun, að hagvöxtur hefur hér á landi verið hægari en efni standa til. Þjóðin hefur af vanefnum hagnýtt aðeins 3% af virkjanlegri vatnsorku, sem talin er vera um 4 millj. kw., og aðeins 1% af hitaorku landsins, sem talin er þreföld vatnsorkan og jafnframt ódýrasta orkulindin. En að mörgu má líta, þótt minna sé. Aðkallandi er að bæta skilyrði til móttöku erlendra ferðamanna á Suðurlandi. Staðsetningu og innréttingu skólahúsa ber að haga svo, að húsin megi nota sem gistihús að sumri til, og hraða þarf lagningu vegar milli Þingvalla, Laugardals, Geysis og Gullfoss. Þá þarf skjótlega að ákveða, hvort réttara sé að leggja Austurveg að Selfossi um Ölfus eða um brú á Ölfusárósi, sem nú er í athugun, samkvæmt tillögu, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar á seinasta þingi.

Af framansögðu má ráða, að margt kemur til greina við svæðaskipulag og að ærin ástæða er til að taka skipulagsmál Suðurlandsundirlendis fyrir sem sérstakt verkefni. Kynslóðar okkar bíður langur verkefnalisti, sem verður ekki tæmdur á augabragði. Velja verður þær framkvæmdir, sem leiða til mestrar framleiðniaukningar. Handahóf fortíðarinnar verður að víkja fyrir vísindalegri skipulagningu í þágu framtíðarinnar. Þá gefast tækifæri til að ná hraðari vexti þjóðartekna hér en í öðrum ríkjum. Væntanleg framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um þjóðarbúskapinn í heild verður vafalaust mikilsvert framfaraspor, en hvort sem litið er langt eða skammt fram á veginn, er ljóst, að framkvæmd þessarar tillögu um svæðaskipulag með nýtízkulegum hætti yrði einnig talsvert spor í áttina til velferðarríkis.

Sþ. 515. Fyrirspurnir. [208. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um jarðhitarannsóknir á Norðurlandi.

Frá Karli Kristjánssyni.

Hvað veldur því, að jarðbor sá, er ríkið keypti til jarðhitarannsókna á Norðurlandi, hefur enn ekki verið látinn taka til starfa?

Hvenær má vænta þess, að jarðborinn verði tekinn í not, og hvar verður hann látinn hefja starf?

II. Til félagsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar varðandi flutning fólks frá Íslandi.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 27. marz 1961, þess efnis, að ríkisstjórnin láti gera nákvæma skýrslu um brottflutning fólks frá Íslandi síðustu 10 ár og rannsaka eftir föngum ástæður fyrir brottflutningnum?

Nd. 516. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Karli Guðjónssyni.

Við 6. gr. Við greinina bætist:

Þá er ríkisstjórninni enn fremur heimilt að greiða af þessu fé gengistöp þau, sem framleiðendur útflutningsvara urðu fyrir við lækkun gengis íslenzkrar krónu þann 3. ágúst 1961, að því leyti sem þau töp hafa orðið vegna kaupa á framleiðslutækjum þeirra.

Ed. 517. Frumvarp til laga [13. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 27. marz.)

Samhljóða þskj. 503 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:

Hlutatryggingasjóðsgjald samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1949 skal frá 3. ágúst 1961 og þar til þau lög falla úr gildi nema 1¼% af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Á sama tímabili skal gjald þetta innheimt af afurðum, sem koma frá togurum.

Endurgreiða skal útflytjendum samkvæmt umsóknum þeirra 47% greidds hlutatryggingasjóðsgjalds á síldarvörum og 65% greidds hlutatryggingasjóðsgjalds á öðrum gjaldskyldum sjávarvörum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, en útfluttum eftir 3. ágúst 1961. Endurgreiðsla þessi skal innt af hendi með fé af reikningi þeim, er um getur í 2. málsgr. 6. gr. laga þessara.

Framlag ríkissjóðs í hlutatryggingasjóð árið 1961 og 1962 skal ekki vera hærra en ákveðið er í fjárlögum þessara ára.

Nd. 518. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er, að fengnum tillögum landlæknis, að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar við nauðsynleg lækningartæki og útbúnað í lækningastofu héraðslæknis í fámennum læknishéruðum, gegn jafnmiklu framlagi frá læknishéraðinu.

Sþ. 519. Tillaga til þingsályktunar [209. mál]

um hagnýtingu jarðhita til lækninga.

Flm.: Unnar Stefánsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna til hlítar möguleika á hagnýtingu jarðhita til lækninga og leita innanlands og utan eftir einkafjármagni til samstarfs við opinbera aðila um að reisa og reka heilsuhæli í Hveragerði.

Greinargerð.

Erlendir sérfræðingar hafa oftlega látið í ljós þá skoðun, að hér á landi væru hin ákjósanlegustu skilyrði til rekstrar heilsuhæla með hagnýtingu hveravatns og hveraleirs til lækninga. Eftir því sem fjárhagsgeta almennings hér á landi sem annars staðar verður meiri, vex þörfin á hvers konar heilsuverndarstöðvum og heilsuhælum, bæði til baðlækninga og til hressingar í orlofsdvölum. Á s. l. sumri var nokkrum

Íslendingum boðið að kynna sér nokkra heilsulindabæi í Þýzkalandi, en þar eru rekin fjölmörg heilsuhæli, bæði af hálfu hins opinbera, af tryggingarfélögum, launþegasamtökum og einstaklingum. Margra ára reynsla sýnir, að verulegs árangurs má vænta í lækningu hvers konar gigtarsjúkdóma, hjartasjúkdóma og ýmissa annarra sjúkdóma.

Á árinu 1957 skilaði stjórnskipuð nefnd áliti um þessi mál til heilbrigðismálaráðuneytis, sem vísaði frekari aðgerðum til hreppsnefndar Hveragerðishrepps. Fyrir nokkru reis á laggirnar í Hveragerði myndarlegt heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands, sem náð hefur árangri á sviði baðlækninga, en er einskorðað við ákveðið mataræði. Hveragerðishreppur og Ölfushreppur hafa í hyggju að ráðast í að reisa baðstað við héraðssundlaugina í Laugaskarði, þar sem yrði aðstaða til að veita hveravatnsböð, leirböð, nudd og aðrar þær aðgerðir, sem algengast er að gestir spyrji eftir, en framkvæmdir hafa strandað á fjárskorti. Augljóst er, að fámennt sveitarfélag veldur ekki því verkefni, sem hér er um að ræða. Er því lagt til, að ríkisstjórnin láti nú kanna til þrautar þær leiðir, sem til greina koma í hagnýtingu hverahitans til lækninga, og leiti eftir því, hvort heilbrigðisstjórnin eða Tryggingastofnun ríkisins væri líkleg til að leysa þetta verkefni, og ef æskilegt þætti að leita eftir samstarfi við erlent eða innlent einkafjármagn um stofnun hlutafélags með opinberum aðilum til að koma á fót myndarlegri baðlækningastofnun.

Heilbrigðisyfirvöldin gera sér án efa fullkomlega grein fyrir því verkefni, sem kallar að á þessu sviði, en þau hafa ekki talið sig geta sinnt því af fjárhagslegum ástæðum, meðan ekki grynnir á þeim stórverkefnum, sem yfir standa í byggingu sjúkrahúsa í Reykjavík. Slík baðlækningastofnun gæti jafnframt gegnt því hlutverki að taka á móti afturbatasjúklingum og mundi þannig verulega létta af sjúkrahúsunum. Kemur því mjög til álita, hvort hið opinbera ætti ekki að taka þetta mál til alvarlegrar athugunar og úrlausnar.

Nd. 520. Frumvarp til laga [210. mál]

um Samvinnubanka Íslands h.f.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Samvinnubanki Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja samvinnurekstur landsmanna.

2. gr.

Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 10 millj. króna. Samband ísl. samvinnufélaga skal safna innan sinna vébanda og leggja fram sem hlutafé 10 millj. króna. Ábyrgðarmenn Samvinnusparisjóðsins skulu hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri upphæð núverandi hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Samvinnnusparisjóðsins. Innan níu mánaða, frá því að lög þessi taka gildi, skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins, en hafi ofangreindir aðilar þá eigi safnað tilskildu hlutafé, skal stjórn Samvinnusparisjóðsins bjóða út innanlands það, sem á vantar.

3. gr.

Heimili og varnarþing Samvinnubanka Íslands h.f. er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú.

4. gr.

Samvinnubanki Íslands h.f. skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Samvinnusparisjóðsins og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Samvinnusparisjóðsins eignayfirfærsluna.

5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á aðalfundi ár hvert. Skal hún skipuð að minnsta kosti þrem aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

6. gr.

Stjórn félagsins ræður bankastjóra, ákveður ráðningarkjör hans og setur honum erindisbréf.

7. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Í samþykktum og reglugerð skal setja nánari ákvæði um félagið og bankann. Skulu þar á meðal vera ákvæði um aukningu hlutafjár, aðiljaskipti að hlutabréfum og endurskoðun á reikningum bankans. Samþykktir og reglugerð bankans (félagsins) skulu vera háð staðfestingu viðskiptamálaráðherra.

8. gr.

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningum og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu.

9. gr.

Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:

1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg, auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.
6. Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

10. gr.

Bankinn skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptamálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

11. gr.

Bankinn skal njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. gr. laga nr. 11 29. marz 1961.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Bankinn tekur þó ekki til starfa, fyrr en samþykktir hans og reglugerð hafa verið staðfestar af ráðherra og helmingur lofaðs hlutafjár hefur verið greiddur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 14. febrúar s. l. ritaði stjórn Samvinnusparisjóðsins í Reykjavík ríkisstjórninni bréf, þar sem farið var fram á, að ríkisstjórnin flytti frumvarp til laga þess efnis, að sparisjóðnum verði breytt í banka. Með því að starfsemi sparisjóðsins er orðin mjög umfangsmikil og svipaðs eðlis og bankanna, taldi ríkisstjórnin rétt að verða við þessum tilmælum. Hafa farið fram viðræður á milli forráðamanna sparisjóðsins og viðskiptamálaráðuneytisins um efni frumvarpsins. Er frumvarpið í samræmi við óskir forráðamanna sparisjóðsins, en ákvæði þess eru að flestu leyti hliðstæð þeim, sem gilda um Verzlunarbanka Íslands h.f.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þessa að geta:

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að bankanum sé valið hlutafélagsform, enda hentar það bezt starfsemi slíkrar stofnunar, og sama form og valið hefur verið einkabönkum hér.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að hlutafé félagsins nemi eigi lægri fjárhæð en 10 milljónum króna. Um hugsanlega aukningu hlutafjár verði ákvæði í samþykktum félagsins. Í greininni eru ákvæði um það, hvernig haga skuli hlutafjársöfnun og um forgangsrétt ábyrgðarmanna Samvinnusparisjóðsins til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu. Í greininni er gert ráð fyrir, að Samband ísl. samvinnufélaga skuli safna innan sinna vébanda og leggja fram sem hlutafé 10 milljónir króna. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ábyrgðarmenn Samvinnusparisjóðsins skuli hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri upphæð núverandi hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Samvinnusparisjóðsins. Ef ofangreindir aðilar hafa ekki tök eða hug á að skrifa sig fyrir þessu hlutafé, innan níu mánaða frá gildistöku laga þessara, skal stjórn Samvinnusparisjóðsins bjóða út innanlands það, sem á vantar.

Um 3. gr.

Þar sem talað er um útibú í greininni, er að sjálfsögðu bæði átt við útibú í Reykjavík og utan hennar.

Um 4. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að Samvinnubanki Íslands h.f. komi að öllu leyti í stað Samvinnusparisjóðsins, þ. á m. er honum ætlað að taka við einstökum sjóðum sparisjóðsins, þar með talin inneign í Tryggingarsjóði sparisjóða og innstæða í Seðlabankanum. Samkvæmt greininni er nægilegt, að meiri hluti ábyrgðarmanna sparisjóðsins samþykki eignayfirfærsluna.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um kosningu stjórnenda og varastjórnarmanna.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um ráðningu bankastjóra og ráðningarkjör, svo og um erindisbréf honum til handa.

Um 7. gr.

Samþykktir félagsins og reglugerð um bankann eru samkvæmt þessari grein háð staðfestingu viðskiptamálaráðherra, sem ætlazt er til að bankinn heyri yfirleitt undir stjórnarfarslega. Þar sem frumvarpið sjálft er stuttort, verður að skipa ýmsum efnum með samþykktum og í reglugerð með svipuðum hætti og gert hefur verið varðandi Verzlunarbankann og Iðnaðarbankann.

Um 8. gr.

Rétt þykir að hafa þetta ákvæði, þar sem það eykur nokkuð tryggingu innstæðueigenda.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er bankanum ætlað að annast öll venjuleg bankastörf, eftir því sem nú tíðkast eða síðar kann að tíðkast.

Um 10. gr.

Ákvæðið er svipað og hliðstæð ákvæði í öðrum bankalögum.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega hliðstæð þeim, sem gilda um Verzlunarbankann.

Um 12. gr.

Gildistökuákvæði þetta stendur að sjálfsögðu í tengslum við ákvæði 2. gr., en þar er mælt fyrir um stofnun Samvinnubanka Íslands h.f.

Rétt þykir að áskilja, að bankinn taki ekki til starfa, fyrr en ráðherra hefur staðfest reglugerð og samþykktir félagsins og helmingur lofaðs hlutafjár verið greiddur.

Nd. 521. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en nefndarmennirnir HV og JSk munu skila sérálitum.

Alþingi, 28. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Jón Kjartansson.

Ed. 522. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til laga um Hæstarétt Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali og gerð mun nánari grein fyrir í framsögu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða styðja frekari breytingartillögur, ef til kemur.

Alþingi, 28. marz 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Magnús Jónsson, frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr.

Ólafur Jóhannesson. Alfreð Gíslason.

Ed. **523. Breytingartillögur** [77. mál]

við frv. til laga um Hæstarétt Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður aðra starfsmenn dómsins.
   Hæstaréttarritari skal hafa lokið embættisprófi í lögum og fullnægja að öðru leyti almennum dómaraskilyrðum. Hann tekur laun samkvæmt V.—III. launaflokki laga nr. 92 24. des. 1955 eftir ákvörðun ráðherra að fenginni umsögn Hæstaréttar.
2. Við 16. gr. Í stað „Hæstarétti“ í 1. málslið greinarinnar komi: ráðherra.
3. Við 20. gr.
   a. Í stað „æðra dóms“ í 1. málslið 1. mgr. komi: Hæstaréttar.
   b. Í stað „næstu 4 mánuði“ í 2. mgr. komi: næstu 6 mánuði.
   c. 4. málsgr. greinarinnar orðist svo:
      Rétt er dómsmálaráðherra, þótt frestur samkvæmt 2. mgr. sé liðinn, að veita leyfi til áfrýjunar máls allt að tvö ár frá lokum dómsathafnar, ef ríkar ástæður eru til, enda hafi aðilja eigi verið unnt að áfrýja fyrr og honum sjálfum verði eigi um það kennt.
4. Við 21. gr.
   a. Fyrsti töluliður orðist svo:
      1. Úrskurðir héraðsdómara um:
         a. Að víkja eigi sæti.
         b. Að mál skuli falla niður eða því vísað frá dómi.
         c. Skyldu vitnis til vættisburðar, staðfestingu vættis, viðurlög á hendur vitni, vitnaþóknun og önnur atriði varðandi vitnaleiðslu.
         d. Hæfi matsmanna og skoðunar, skyldu þeirra til starfans, viðurlög á hendur þeim fyrir vanrækslu í starfi, þóknun þeim til handa og önnur atriði, er varða matsstarfann.
         e. Skyldu gagnaðilja eða þriðja manns til að leggja fram skjöl eða aðra hluti og viðurlög vegna tregðu til þess.
         f. Synjun að afla gagna fyrir dómi til tryggingar á sönnun og synjun um öflun gagna erlendis.
         g. Ákvörðun um tryggingu fyrir málskostnaði.
         h. Synjun að taka stefnu gilda vegna ónógrar málsreifunar.
         i. Synjun að heimila meðalgöngu.
         j. Að frestur skuli veittur.
         k. Réttarfarssektir.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Einnig er hverjum þeim, sem telur héraðsdómara hafa gert á hluta sinn í dómarastarfi, rétt að kæra hann fyrir Hæstarétti, og getur Hæstiréttur veitt dómara áminningu eða dæmt honum að greiða sekt að fjárhæð 200—4000 krónur til ríkissjóðs.
5. Á eftir 21. gr. komi 12 nýjar greinar (22.—33. gr.) svo hljóðandi, og breytist greinatalan eftir því:
   a. (22. gr.) Nú vill maður kæra dómsathöfn, og afhendir hann héraðsdómara kæru, áður en tvær vikur eru liðnar frá uppsögu dómsathafnar, ef hann eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim tíma, er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um hana.
      Vitni og matsmenn, sem staddir eru við dómsathöfn þá, er þeir vilja kæra, mega bera fram kæru með bókun í þingbók.

b. (23. gr.) Í kæru skal kærandi greina:
   1. Dómsathöfn þá, sem kærð er.
   2. Kröfu um breytingar á henni.
   3. Ástæður, sem hann reisir kæruna á.

   Kæru má styðja með tilvísun til málsatvika, sem hafa eigi áður verið borin fyrir, svo og með nýjum sönnunargögnum.

   Nú vill kærandi bera fyrir sig nýja sönnun, og skal hann í kæru greina sönnunargögnin og hvað hann hyggst sanna með þeim.

   Skriflegt sönnunargagn skal fylgja kæru í frumriti eða staðfestu endurriti.

   Kærandi eða umboðsmaður hans skal undirrita kæru.

c. (24. gr.) Með beiðni leggur kærandi lögmælt dómgjöld fyrir Hæstarétti, og sendir dómari vottorð um þá greiðslu með skjölum málsins.

d. (25. gr.) Nú kemur kæra of seint fram, og beinir héraðsdómari því til kæranda að taka kæruna aftur. Ef kæra fullnægir eigi ákvæðum 23. gr., brýnir héraðsdómari fyrir kæranda að ganga frá henni lögum samkvæmt.

e. (26. gr.) Nú virðist héraðsdómara kæra á engum rökum reist, og getur hann ákveðið, að kærandi skuli, ef gagnaðili krefst þess, setja tryggingu fyrir tjóni og óhagræði, er kæra kann að baka gagnaðilja, svo framarlega sem hún veldur frestun málsins. Tryggingu skal setja innan tveggja daga, frá því er kæru er lýst. Ella afgreiðir dómari eigi skjölin, og mál fer leiðar sinnar.

f. (27. gr.) Dómari gefur út, svo fljótt sem kostur er, endurrit í þrennu lagi af öllu því, sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið. Jafnframt er honum rétt, ef því er að skipta, að láta fylgja hverju eintaki athugasemdir sínar. Síðan sendir dómari eitt eintakið til Hæstaréttar, en tilkynnir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, að þeirra eintök séu tilbúin til afhendingar.

g. (28. gr.) Þá er kæra er fram komin, krefur héraðsdómari kærða þegar um greinargerð, er geymi kröfur hans og atvik þau, er hann reisir kröfur sínar á. Rétt er honum að bera fram ný málsatvik og sönnunargögn.

   Ef kærði vill bera fyrir sig ný sönnunargögn, skal hann í greinargerð nefna þau og hvað hann hyggst sanna með þeim.

   Skriflegt sönnunargagn skal fylgja kæru í frumriti eða staðfestu endurriti.

   Kærði eða umboðsmaður hans skal undirrita greinargerð.

h. (29. gr.) Eigi síðar en viku eftir að skjölin komu til Hæstaréttar, geta aðiljar sent honum athugasemdir sínar, og getur hann þá þegar lokið dómsorði á kæruatriði. Jafnan skal þó athuga skjöl þau, sem aðiljar senda, svo framarlega sem málinu er þá eigi lokið í Hæstarétti.

i. (30. gr.) Nú er kæra eigi svo úr garði gerð sem í 23. gr. segir eða annars ófullkomin, og leggur Hæstiréttur fyrir kæranda að bæta úr því, sem ábótavant er, á tilteknum fresti. Ef kærandi fer eigi eftir leiðbeiningum Hæstaréttar, getur hann vísað kærumáli frá sér.

j. (31. gr.) Hæstiréttur getur lagt fyrir héraðsdómara að leita frekari skýrslna um einstök atriði.

   Hæstiréttur getur með þeim fyrirvara, sem hann telur hæfilegan, veitt aðiljum kost á að koma fyrir sig og flytja mál munnlega.

k. (32. gr.) Hæstiréttur kveður á um greiðslu kostnaðar af kæru.

l. (33. gr.) Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu samkvæmt skjölum þess eða munnlegum flutningi, ef því er að skipta. Skal dómur upp kveðinn svo fljótt sem kostur er. Hæstiréttur skal þegar í stað senda héraðsdómara dóminn.

6. Við 29. gr. Í stað „þriggja mánaða“ komi: fjögurra mánaða.

7. Við 32. gr. 5. og 6. töluliður falli niður.
8. Við 37. gr. Í 1. mgr. falli niður orðin „í samhengi".
9. Við 49. gr. 3. mgr. greinarinnar orðist svo:
   Frá gildistöku laga þessara fellur og úr gildi XV. kafli laga nr. 85 23. júní 1936. Enn fremur falla þá úr gildi ákvæði þeirra laga um kæru til Hæstaréttar, önnur en ákvæði 169. gr., 1. mgr. 170. gr. og ákvæði í XVI.—XIX. kafla.

Ed. 524. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um þjóðskrá og almannaskráningu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 28. marz 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm. Alfreð Gíslason.
Ólafur Jóhannesson. Magnús Jónsson.

Nd. 525. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið, en samkomulag varð ekki um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, þeir GunnG, JP og BGr, vill fresta afgreiðslu málsins, en undirritaðir, sem eru minni hluti nefndarinnar, vilja láta lögfesta frumvarpið á þessu þingi.

Frumvarpið hefur verið lagt fjórum sinnum fyrir Alþingi, en afgreiðslu þess alltaf verið frestað. Sýnist minni hlutanum, að svo til megi ekki lengur ganga.

Uppgræðsla foksanda og afréttarlanda, sem eru að blása upp, er aðkallandi mál, og þótt unnið sé að sandgræðslu á ári hverju og mikið og gott starf hafi á því sviði verið af hendi leyst, þá eru þó enn meiri verkefni fyrir hendi og mega ekki bíða.

Reynsla síðustu ára, síðan tilbúinn áburður kom til sögu og ýmsar frætegundir, sem reyndar hafa verið, sýnir, að uppgræðslan er tiltölulega auðveld með þeirri tækni, sem nú er fyrir hendi við þetta starf, og er þar sérstaklega átt við flugvélar til að dreifa með áburði og fræi.

Með þessari tækni er mögulegt að breyta svörtum sandauðnum í grónar lendur, bæði til heyöflunar og beitar fyrir búpening.

Sauðfé hefur mjög fjölgað á landi hér hin síðustu ár, eftir að mæðiveiki og garnaveiki hafa orðið að lúta í lægra haldi fyrir vörnum og lækningu. Víða skortir nú sumarhaga fyrir sauðfé, og hætta er á, að land fari í örtröð vegna þrengsla í högum, og er því mikil uppblásturshætta yfirvofandi.

Flestir munu sammála um, að hér þurfi að taka rösklega til verks við að græða landið og auka á þann hátt nytsemi þess. Um það var enginn ágreiningur í landbúnaðarnefnd. Það, sem ágreiningi veldur, er sú tekjuöflunarleið til stuðnings sandgræðslunni, sem 32. gr. frumvarpsins kveður á um. En þar er svo fyrir mælt,

að leggja skuli gjöld, er nemi 5 krónum, á lítra af áfengi í því formi, sem það er selt og afgreitt frá Áfengisverzlun ríkisins.

málum togaraútgerðarinnar hefur verið beðið. En mál þetta er nú, að dómi minni hl., ekki lagt fyrir Alþingi á þann hátt, sem vænta mátti og æskilegt hefði verið.

Fyrir Alþingi liggja engar viðhlítandi upplýsingar um hag og rekstur togaranna. Frá því hefur verið skýrt, að skipuð hafi verið þriggja manna nefnd til að rannsaka það mál og að sú nefnd hafi skilað greinargerð og tillögum til ríkisstjórnarinnar. En sjávarútvegsnefnd hefur ekki getað fengið greinargerð þessa til athugunar, þótt eftir því hafi verið leitað. Fulltrúar frá Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hafa tjáð nefndinni, að þeir telji þá aðstoð, sem gert er ráð fyrir í frv., ófullnægjandi og að hún leysi ekki þann vanda, sem við er að fást.

Eftir atvikum telur minni hl. rétt að mæla með því, að nokkuð verði aukin aðstoð sú, sem gert er ráð fyrir í frv. vegna rekstrarörðugleika á árunum 1960 og 1961, og að fjár til hennar verði að verulegu leyti aflað með öðrum hætti en þar er áformað, enda verði aðstoðin veitt í þeim tilgangi, að skip þau, er hennar njóta, verði gerð út. Hins vegar getur minni hl. ekki fallizt á, að aðstoð þessi verði veitt að meira eða minna leyti á kostnað bátaútvegsins, og er því andvígur, að gjald af útfluttum bátaafurðum verði hækkað sérstaklega með það fyrir augum, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Minni hl. telur eðlilegt, að aðstoðin til togaraflotans vegna aflabrests 1961 verði — eins og aðstoðin vegna ársins 1960 er í frv. — algerlega aðgreind frá tryggingastarfsemi þeirri, sem felst í frv. að öðru leyti og rekin hefur verið samkv. lögum um hlutatryggingasjóð, enda á tryggingagrundvöllurinn tæpast við, þegar ráðstafanir eru gerðar eftir á vegna áfalla á liðnum tíma. Fjár til aðstoðarinnar 1961 — og e. t. v. að nokkru leyti vegna ársins 1960 — telur minni hl. rétt að afla á þann hátt, að varið verði til hennar 50 millj. kr. af gengishagnaði þeim, er lagður var inn á sérstakan reikning samkv. bráðabirgðalögum 3. ágúst s. l. Áætlað var í s. l. desembermánuði, að gengishagnaður þessi næmi um 150 millj. kr., og ætti mikill meiri hluti þeirrar upphæðar að geta verið til ráðstöfunar. Komið hefur fram sú skoðun, að ákvæði brbl. um, að útflytjendur skuli ekki njóta þessa gengishagnaðar, kunni að fara í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. En meiri hl. Alþingis hefur ekki fallizt á þá skoðun, hvað sem síðar kann að verða, og er ráðstöfun hagnaðarins þegar hafin. Þykir þá réttmætt, að togaraútgerðin, sem er í vanda stödd, njóti hér nokkurs af. Gert er ráð fyrir, að nokkrum hluta af 50 milljónunum megi verja til aðstoðar vegna ársins 1960, til viðbótar þeim 30 millj. kr., sem til hennar eru ætlaðar (í skuldabréfum) í frumvarpi því, er fyrir liggur. Lagt er til, að samþykkt verði sérstakt ákvæði til þess að tryggja, svo sem unnt er, að aðstoðin komi að notum.

Einnig telur minni hl. rétt, að ákvæðum stjórnarfrumvarpsins um starfsemi aflatryggingasjóðs almennt verði breytt og þá jafnframt ákvæðum þeim, er fjalla um aflatryggingasjóðsgjald og mótframlag ríkissjóðs. Tillögur minni hl. um það efni eru í meginatriðum þessar:

1. Að felld verði niður ákvæði frv. um sérstaka jöfnunardeild, togaradeild bætt við sjóðinn, þannig að deildir sjóðsins verði þrjár, og fjárhagur þeirra aðskilinn, eins og verið hefur, þannig að ekki sé um að ræða óafturkræft framlag („styrki") frá einni deild til annarrar. Hins vegar virðist minni hl. vel koma til greina, að deild geti veitt annarri deild lán, eins og tíðkazt hefur hingað til, enda sé tryggt, að fé verði handbært, þegar deild sú, er lán veitir, þarf á því að halda.

2. Að aflatryggingasjóðsgjald verði mishátt eftir deildum, en lækkað frá því, sem gert er ráð fyrir í stjórnarfrumvarpinu, enda ekki ætlazt til, að fé bátadeildanna verði að neinu leyti yfirfært til togaradeildarinnar sem styrkur eða óendurkræft framlag, og tillaga gerð um, að séð verði á sérstakan hátt fyrir aðstoð til togaranna vegna ársins 1961. Lagt er til, að aflatryggingagjald til togaradeildar verði 1¼% (eins og í frv.), til síldveiðideildar 1%, og til almennu bátadeildarinnar (þorskveiðideildar) ¾%, og að á móti komi alls staðar jafnhátt framlag úr ríkissjóði, eins og verið hefur, en ekki helmingi minna, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Hér er um hóflega hækkun að ræða frá því, sem verið hefur, á gjaldi til síldveiðideildar og þorskveiðideildar, en lagt til, að það verði á valdi sjóðsstjórnar, hvort sú hækkun verður í gildi. Meðal sjávarútvegsmanna hefur verið mikill áhugi á því að efla bátadeildirnar, sem m. a. kom glöggt fram á síðasta fiskiþingi, til þess að gera sjóðnum kleift að draga meira úr áhættu sjávarútvegsins en hingað til hefur verið gert. Eru tillögur minni hl. við það miðaðar að skapa frjálsa möguleika í þessa átt.

3. Tekið er fram í brtt. minni hl., að hlutatryggingasjóðsgjaldi, sem innheimt hefur verið síðan í byrjun ágústmánaðar s. l., skuli skipt milli deilda þannig, að hækkun sú, sem þá varð á gjaldinu, verði séreign hlutaðeigandi deilda.

4. Tekið er fram, að bótagreiðslur togaradeildar hefjist ekki fyrr en á árinu 1962, þ. e. vegna aflabrests á því ári. Eru þannig gerð glögg skil á milli togaraaðstoðarinnar vegna ársins 1960—1961 og aflatryggingastarfsemi togaradeildar, sem upp verður tekin.

5. Minni hl. telur rétt, að það teljist framvegis aflabrestur á þorskveiðum báta, ef meðalafli er minni en 85% af ákveðnu meðalveiðimagni, eins og frv. gerir ráð fyrir, að því er togveiðar varðar. Hins vegar getur minni hl. fallizt á, að aflabrestur á síldveiðum verði áfram miðaður við 75%, eins og verið hefur. Þessi brtt., ef samþykkt verður, mundi auka nokkuð útgjöld almennu bátadeildarinnar til bótagreiðslna.

Loks skal það fram tekið, að minni hl. leggur áherzlu á, að lög og reglur um tryggingastarfsemi þá í heild, sem hér er um að ræða, verði endurskoðuð sem fyrst.

Samkvæmt því, sem nú er fram komið, leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Sjóðurinn skiptist í 3 deildir: Síldveiðideild, almenna deild bátaflotans og almenna deild togaraflotans.
   b. Síðasta málsgr. falli niður.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli í einhverjum flokki deildar er minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni, sbr. 4. gr. Í síldveiðideild miðast þó almennur aflabrestur við 75%.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „Hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins“ komi: það, er þær deildir eiga, hvor um sig.
4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Árlegar tekjur sjóðsins eru:
   1. 1% af fob-verði síldarafla, 1¼% af fob-verði annarra afurða frá togaraflotanum og ¾%af fob-verði afurða frá bátaflotanum, annarra en síldarafurða. Skal gjald þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, en ríkissjóður annast innheimtu þess. Afurðir af selveiðum og hvalveiðum eru undanþegnar gjaldinu. Sjóðsstjórnin getur um lengri eða skemmri tíma lækkað aflatryggingasjóðsgjald einstakra deilda um ¼% af fob-verði afurða, enda lækkar þá mótframlag ríkissjóðs að sama skapi.
   2. Framlag ríkissjóðs jafnhátt tekjum sjóðsins samkv. 1. tölulið.
   3. Vextir og aðrar tekjur af eignum deildanna, enda verði þær séreign þeirra.

   Tekjur samkv. 1. tölul. skiptast milli deildanna þannig, að tekjur vegna síldveiði renna til síldveiðideildar, tekjur vegna annarrar bátaveiði til hinnar almennu deildar bátaflotans og tekjur vegna togaraveiði, annarrar en síldveiði, til hinnar almennu deildar togaraflotans. Tekjur samkv. 2. tölul. skiptast milli deilda í sömu hlutföllum.

   Heimilt er sjóðsstjórninni, með samþykki ráðherra, að veita deild lán af fé annarrar deildar gegn sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, þannig að tryggt sé, að

lánið sé endurkræft og féð handbært, þegar deild sú, er lánið veitir, þarf á því að halda til útgjalda sinna samkv. lögum þessum. Ákvörðun um lánveitingu kemur þó ekki til framkvæmda, nema hún hafi verið samþykkt með samhljóða atkvæðum í sjóðsstjórninni.

5. Við bráðabirgðaákvæði:
   a. Á eftir 1. málsgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
      Af gengishagnaði á reikningi ríkissjóðs samkv. 6. gr. brbl. nr. 80 3. ágúst 1961, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal afhenda stjórn aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 50 millj. kr. til ráðstöfunar vegna aflabrests togaranna á árinu 1961 og, ef ástæða þykir til, einnig á árinu 1960, samkvæmt nánari ákvæðum sjóðsstjórnar og ráðuneytisins, enda komi til samþykki 5 manna undirnefndar, er sjávarútvegsnefndir Alþingis kjósa sameiginlega á þingi því, er samþykkir lög þessi. Aðstoð samkv. 1. og 2. málgsr. skal því aðeins veita, að eigandi skips, sem aðstoðar nýtur, noti hana til að tryggja, að skipið verði gert út áfram eða útgerð þess hafin á ný, þegar eftir að aðstoðin er veitt, nema um sé að ræða hindrun, sem sjóðsstjórnin metur gilda.
      Hlutatryggingasjóðsgjaldi, sem innheimt hefur verið samkv. 8. gr. brbl. nr. 80 3. ágúst 1961, skal skipta milli deilda samkv. ákvæðum 9. gr. þessara laga, svo og tilsvarandi framlagi úr ríkissjóði.
   b. Síðari málsgr. ákvæðisins orðist svo:
      Bætur úr togaradeild aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins skulu greiddar í fyrsta sinn vegna aflabrests, sem orðið hefur á árinu 1962.

Alþingi, 29. marz 1962.

Gísli Guðmundsson, frsm. Geir Gunnarsson.

Nd. 532. Lög [130. mál]

um breyting á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

(Afgreidd frá Nd. 29. marz.)

Smhljóða þskj. 259.

Nd. 533. Lög [131. mál]

um breyting á lögum nr. 57 10. apríl 1956, um prentrétt.

(Afgreidd frá Nd. 29. marz.)

Samhljóða þskj. 260.

Nd. 534. Lög [133. mál]

um breyting á lögum nr. 64 16. des. 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

(Afgreidd frá Nd. 29. marz.)

Samhljóða þskj. 262.

Nd. 535. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til l um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við 10. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Aðstöðugjald af rekstri fiskiskipa og hvers konar starfsemi við fiskvinnslu má eigi nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en veltuútsvar var á hverjum stað árið 1961. Heimilt skal þó sveitarfélögum, sem ekki lögðu á veltuútsvör, eða lögðu á lægri veltuútsvör á árinu 1961, miðað við tegund gjaldstofns, en lögð voru á í Reykjavík það ár, að hækka aðstöðugjald allt að þeim hundraðshluta, sem veltuútsvör þar voru þá á lögð.

Nd. 536. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. marz)

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn kosinn af bæjarstjórn Keflavíkur og einn af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál, skipar formann hafnarstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Hafnarstjóri skal ráðinn sem fastur starfsmaður hafnarinnar og skipaður í starfið af áðurnefndum ráðherra. Hafnarstjóri skal hafa framkvæmdastjórn og daglegan rekstur hafnarinnar með höndum. Hann situr fundi hafnarstjórnar og hefur þar tillögurétt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skulu bæjarstjórn Keflavíkur og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps kjósa hvor um sig mann í stjórn landshafnarinnar, og skal kjörtími þeirra vera til ársloka 1965.

Nd. 537. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. marz.)

1. gr.

7. gr. 1. málsgr. laga nr. 102/1936 orðist svo:

Landssmiðjan greiðir fasteignaskatt samkv. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga svo og landsútsvar samkv. IV. kafla sömu laga, en hún greiðir hvorki aðstöðugjald né útsvör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

Nd. 538. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. marz.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignaskatti og landsútsvari samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

Nd. 539. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. marz.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkv. II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

Nd. 540. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. marz.)

1. gr.

14. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1955, orðist svo:

Síldarverksmiðjurnar eru undanþegnar tekju- og eignarskatti, svo og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1963.

Nd. 541. Frumvarp til laga [185. mál]

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. marz.)

1. gr.

14. gr. 2. málsgr. orðist svo, en núverandi 2. málsgr. verður 3. málsgr.:

Einkasalan greiðir fasteignaskatta og landsútsvar samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

Nd. 542. Frumvarp til laga [16. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. marz.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Altman, Christa Maria Josefa Agnes, húsmóðir, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. janúar 1932.
2. Andersen, Hans Schlander, vélvirki, Reykjavík, f. í Danmörku 12. júlí 1940.
3. Annegret Baldursdóttir, húsmóðir, Akureyri, f. í Þýzkalandi 13. marz 1943.
4. Ayers, Theodora Mabel Norton, húsmóðir, Reykjavík, f. í Bandaríkjum Norður-Ameríku 24. maí 1887.
5. Beckemeyer, Gerda Wally Waltraud Emma, húsmóðir, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 4. október 1927.
6. Bjerkhoel, Andreas, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. í Noregi 12. apríl 1931.
7. Füllgraf, Ursel, húsmóðir að Refsmýri í Fellum, Norður-Múlasýslu, f. í Þýzkalandi 8. desember 1936. (Fær réttinn 24. september 1962).
8. Graap, Kristel Helena, húsmóðir í Borgargerði í Akrahreppi, f. í Þýzkalandi 25. janúar 1930.
9. Guðjón R. Sigurðsson, smiður, Höfn í Hornafirði, f. á Íslandi 26. apríl 1903. (Fær réttinn 24. september 1962).
10. Hansen, Knud Alex, landbúnaðarverkamaður, Haga í Gnúpverjahreppi, f. í Danmörku 16. desember 1932.
11. Hemstock, Maurice David, flugvélavirki í Reykjavík, f. í Englandi 21. febrúar 1942.
12. Hermann, Wally Luise, húsmóðir í Brekku, Aðaldælahreppi, f. í Þýzkalandi 6. febrúar 1921.
13. Hermanns, Ruth Stefanie, fiðluleikari, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. ágúst 1913.
14. Hilmar Hafsteinn Gunnarsson, barn, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. október 1959.
15. Hriberschek, Herbert August Maria, hljóðfæraleikari, Reykjavík, f. í Austurríki 8. ágúst 1926. (Fær réttinn 1. október 1962.
16. Hunter, Geofrey Trevor, prentari í Reykjavík, f. í Bretlandi 5. marz 1935.
17. Jacobsen, Jacob Henrik Valdemar Johannes, bifreiðaviðgerðarmaður, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 2. október 1930.

18. Jacobsen, Jolana, húsmóðir, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 27. október 1934.
19. Jacobsen, Robert, verkamaður, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 12. marz 1923.
20. Jacobsen, Sólrunn, húsmóðir, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 14. júlí 1932.
21. Jacobsen, Thomas Theodor, vélvirkjameistari, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 13. maí 1925.
22. Juzova, Jarmila (Ólafsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 8. nóvember 1926.
23. Kröyer, Unni Börde, húsmóðir, Reykjavík, f. í Noregi 30. desember 1930. (Fær réttinn 16. september 1962).
24. Langfeldt, Jürgen Heinrich, bóndi á Ásmundarstöðum í Rangárvallasýslu, f. í Þýzkalandi 31. marz 1925.
25. Lindenskov, Jörgen, framreiðslumaður, Akureyri, f. í Danmörku 13. júní 1934. (Fær réttinn 13. júní 1962).
26. Madsen, Jens Bruun, rafvirki, Hafnarfirði, f. í Danmörku 22. ágúst 1939.
27. Magnús Gamalíel Gunnarsson, barn, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. október 1958.
28. Meyer, Hedwig Franziska Elisabeth (Guðjónsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 25. marz 1929.
29. Mölk, Uwe Jens, rakari, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 14. maí 1936.
30. Nielsen, Niels Peter Frederik, landbúnaðarverkamaður á Álfsnesi, Kjalarneshreppi, f. í Danmörku 12. júní 1903.
31. Olsbo, Ida Elvira, húsmóðir, Reykjavík, f. í Danmörku 4. júlí 1932.
32. Pedersen, Erik Max, vélvirkjanemi, Reykjavík, f. í Danmörku 6. ágúst 1942.
33. Petersen, Ingolf Jóns, nemandi, Reykjavík, f. í Danmörku 30. marz 1940.
34. Richardt, Hertha Maria, húsmóðir, Seyðisfirði, f. í Færeyjum 13. september 1939.
35. Rüttermann, Sonja Elsa (Haraldsson), húsmóðir í Seltjarnarneshreppi, f. í Þýzkalandi 10. apríl 1937.
36. Schiöth, Helga Henni Elisabeth Karla, húsmóðir, Siglufirði, f. í Þýzkalandi 10. júní 1937.
37. Sigríður Bjarnadóttir, húsmóðir, Akureyri, f. á Íslandi 10. október 1921.
38. Steinmüller, Wilfried Hans-Günther, nemandi, Stóra-Hofi á Rangárvöllum, f. í Þýzkalandi 2. október 1944.
39. Stolpmann, Maria, húsmóðir, Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 8. marz 1934.
40. Ström, Össur, matreiðslumaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 21. október 1936. (Fær réttinn 14. ágúst 1962).
41. Sørensen, Rønn, múrari, Neskaupstað, f. í Danmörku 2. maí 1933.
42. Thomasen, Thomas Johan, trésmiður, Reykjavík, f. í Færeyjum 2. nóvember 1888.
43. Thomsen, Ove Helmuth, landbúnaðarverkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 13. júní 1932. (Fær réttinn 18. apríl 1962).
44. Wiggert, Ingeborg Ella Anna, húsmóðir, Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 21. september 1929.
45. Wächter, Harri, trésmiður, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. júlí 1933.
46. Ziebert, Christel (Kristinsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. nóvember 1926. (Fær réttinn 30. maí 1962).

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 543. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Heimilt er þó sveitarstjórnum að innheimta aðstöðugjald af öllum öðrum rekstri verksmiðjanna en síldarbræðslu, þar á meðal vegna seldrar vinnu vélaverkstæða þeirra.

Nd. 544. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá efri deild og hefur hlotið samþykki þar. Efni þess er að hækka hámark lána úr fiskimálasjóði úr 150 þús. kr. upp í 400 þús. kr.
Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér, hafa frá öndverðu til síðustu áramóta verið veitt 460 lán úr sjóðnum og 11 á þessu ári, en útistandandi voru í lánum í árslok 1961 31.6 millj. kr. Útlán úr sjóðnum voru 6.5 millj. kr. á árinu 1960 og á árinu 1961 5.9 millj. kr. Mestur hluti lánanna hefur verið veittur til bygginga og vélakaupa fiskverkunar- og fiskiðnaðarfyrirtækja út á síðari veðrétt, og má lán samkv. lögum nema allt að 25% af stofnkostnaði.
Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 29. marz 1962.

Birgir Finnsson, form. Gísli Guðmundsson, frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr.
Davíð Ólafsson. Geir Gunnarsson.

Nd. 545. Breytingartillaga [16. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Birgi Finnssyni.

Við 1. gr. Á eftir 43. tölulið komi:
Weidemann, Alma Dorothea Erna, ráðskona á Hafrafelli í Reykhólahreppi, f. í Þýzkalandi 3. október 1930.

Nd. 546. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um almannavarnir.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á mörgum fundum og rætt það við nokkra aðila. Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn (BF, JK, SB)

mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jón Kjartansson, frsm.

Nd. 547. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til laga um sjúkraþjálfun.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. ýtarlega á mörgum fundum. Leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jón Kjartansson.
	Jón Skaftason.	

Nd. 548. Frumvarp til laga [211. mál]

um lántöku vegna Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar).

Flm.: Skúli Guðmundsson, Einar Ingimundarson, Gunnar Jóhannsson, Björn Pálsson, Gunnar Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 15 millj. kr., til þess að greiða kostnað við lagningu Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar), og verði við það miðað, að vegargerð þessari verði lokið á árinu 1964.

2. gr.

Lán það, er tekið verður samkv. 1. gr., skal endurgreitt af árlegum fjárveitingum til vegarins á fjárlögum, eftir að vegargerðinni er lokið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Siglufjarðar. Er þar lagt til, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til lántöku, allt að 15 millj. kr., til framkvæmda við Siglufjarðarveg ytri (Strákaveg). Kostnaðarmesta framkvæmdin við vegargerðina er að gera jarðgöng, um 900 metra löng. Til þess þarf stórvirk tæki, og þarf að halda verkinu viðstöðulaust áfram, eftir að það er hafið, en talið er, að unnt sé að ljúka því á einu ári. Lánsfjáröflun er nauðsynleg í því sambandi, þar sem ekki er mögulegt að fá fjárveitingu til verksins í einu lagi.

Vegargerðin er eitt af mestu áhugamálum Siglfirðinga, enda mjög þýðingarmikil fyrir þá, en jafnframt hagsmunamál Skagfirðinga og fleiri landsmanna. Er brýn þörf að hrinda verkinu í framkvæmd sem allra fyrst.

Frumvarpið er flutt í samráði við Ólaf Jóhannesson, 3. þm. Norðurlandskjördæmis vestra, og Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm., sem sæti eiga í efri deild.

Nd. 549. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög.

Umsagnir bárust frá þessum aðilum: síldarútvegsnefnd, L. Í. Ú., F. F. S. Í. og Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.

Nefndin mælir með frumvarpinu með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Aftan við 3. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Heimilt er síldarútvegsnefnd að setja umráðamönnum skipa þeirra, er veiða síld til söltunar, reglur um meðferð síldarinnar um borð í skipunum og við löndun síldarinnar. Sé réttum reglum eigi hlýtt, getur nefndin svipt viðkomandi rétti til þess að leggja upp síld til söltunar um lengri eða skemmri tíma.
2. Aftan við 9. gr. frv. komi: pökkunar og tegundar, enda sé síldin flutt út með leyfi nefndarinnar og fengizt hafi fyrir hana eigi lægra verð en fyrirframselda síld af sambærilegum gæðum.
   Greiða skal af óskiptu síldarandvirði, áður en jafnaðarverð er fundið, hæfilegt gjald að dómi síldarútvegsnefndar fyrir geymslu, pökkun og annan kostnað í sambandi við sérstaka verkun og meðferð síldarinnar.

Alþingi, 30. marz 1962.

Birgir Finnsson, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Geir Gunnarsson.
Davíð Ólafsson. Gísli Guðmundsson.

Ed. 550. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu og eyðijörðina Austmannsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir með, að það verði samþykkt. Jón Þorsteinsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. marz 1962.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Gunnar Guðbjartsson.

Nd. **551. Nefndarálit** **[156. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta hefur inni að halda eftirfarandi efnisbreytingar á l. nr. 42/1957:

1. Húsnæðismálastjórnarmönnum er fjölgað úr 4 í 5.
2. Kjörtímabil húsnæðismálastjórnarmanna er lengt úr 3 árum í 4 ár.
3. Hámarkslán byggingarsjóðs ríkisins eiga að hækka úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. á íbúð, og heimild Landsbanka Íslands til útgáfu bankavaxtabréfa er hækkuð úr 100 millj. í 150 millj. kr. á ári.
4. Ríkissjóður leggi árlega fram jafnháa fjárhæð og sveitarfélögin ákveða til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum í stað 4 millj. kr. á ári í núgildandi lögum. Sveitarfélög skulu eiga rétt til að fá helming ríkisframlagsins útborgaðan, þegar hinar nýju íbúðir eru fokheldar, í stað þess að framlagið er skv. núgildandi lögum greitt, þegar nýja íbúðin er fullgerð og afhent kaupanda eða leigjanda.

Breytingar þessar eru ekki veigamiklar. Í frv. er ekki nein ákvæði að finna, er tryggi byggingarsjóðnum auknar tekjur frá því, sem er, þannig að hægt verði að standa undir aukinni tekjuþörf hans vegna hækkunar hámarkslánsins úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. Þetta er höfuðgalli frumvarpsins. Ég tel það tvímælalaust rétta stefnu að efla sjálfstæðan lánasjóð til íbúðabygginga á vegum hins opinbera og tryggja honum fasta árlega tekjustofna umfram það, sem gert var með l. nr. 42/1957. Það eitt getur skapað þá festu og það öryggi í þessari lánastarfsemi, sem nauðsynlegt er og mundi, auk annars, geta lækkað verulega byggingarkostnaðinn með því að stytta byggingartímann frá því, sem er.

Aðrar breytingar, er frv. þetta hefur í för með sér, eru svo smávægilegar, að óþarft er að rekja þær. Þó ber að fagna þeirri breytingu, sem er að finna í 4. gr. frv., því að hún er til bóta.

Ég hef leyft mér að flytja tvær breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali.

Fyrri breytingartillagan gerir ráð fyrir því, að byggingarsjóður ríkisins fái nýjan, fastan árlegan tekjustofn, þar sem er 4% af hluta ríkissjóðs vegna innheimts söluskatts af vörusölu og þjónustu innanlands og bráðabirgðasöluskatti af innflutningi (8%). Skv. fjárlögum ársins 1962 mundi tekjustofn þessi hafa gefið tæpar 17 millj. kr., og sennilegt er, að hann fari vaxandi ár frá ári.

Hin síðari er við 3. gr. frv., að í stað 150 þús. kr. komi 200 þús. kr.

Breyting þessi er í samræmi við efni frv., sem ég flutti ásamt fleiri þingmönnum í byrjun þessa þings á þskj. 75. Vísa ég til greinargerðar, er fylgdi því frumv. og sýnir vel sanngirni þessarar breytingartillögu.

Ég er andvígur ákvæði 1. gr. frv., en tel ákvæði hinna greina frv. til bóta, svo langt sem þær breytingar ná.

Alþingi, 30. marz 1962.

Jón Skaftason.

Nd. 552. Breytingartillögur [156. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá Jóni Skaftasyni.

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir d-lið 3. gr. laganna komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
   Ríkissjóður greiði byggingarsjóði ríkisins 4% árlega frá og með árinu 1963 af innheimtum söluskatti af vörusölu og þjónustu innanlands og bráðabirgðasöluskatti af innflutningi (8%), þó ekki af hluta sveitarfélaganna.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „150 þúsund krónur“ komi: 200 þúsund krónur.

Ed. 553. Lög [146. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 30. marz.)

Samhljóða þskj. 433.

Ed. 554. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. marz.)

1. gr.

d-liður 1. gr. laganna orðist svo:

Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kunna að hafa verið teknar í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði, ræktunarsjóði og raforkusjóði vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til, eða lánsstofnunum, sem koma kunna í þeirra stað.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 1. gr.

Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í umdæmi hans, ásamt staðfestu samriti af óðalsréttarsamningi.

Búnaðarfélag Íslands skal láta gera fyrirmynd, í samráði við landbúnaðarráðuneytið, að óðalsréttarsamningi, þar sem fram sé tekið, auk þess sem áður er tilgreint, þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og ræktanlegs, meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin, hlunnindi og aðra aðstöðu til búrekstrar. Enn fremur skrá yfir fylgifé, skjöl, minjagripi og annað það, er óðalinu kann að fylgja. Gerninginn skal þinglesa á næsta manntalsþingi.

Verði misbrestur á, að stjórn Búnaðarfélags Íslands berist þau gögn, er að framan greinir, skal stjórn félagsins krefjast, að úr því verði bætt.

3. gr.

Niðurlag 10. gr. laganna, orðin „og færast ekki sem fylgifé þess“ o. s. frv. til enda greinarinnar falli burt.

4. gr.

Á eftir 2. málslið 11. gr. laganna komi:

Við skipti má eigi skerða ræktað land óðalsjarðar, nema um sé að ræða túnauka, fráskilinn heimatúni. Komi hlunnindi til skipta, skal óðalsjörðin ávallt halda að minnsta kosti ⅗ hlutum þeirra. Um reka fer þó eftir fjörumáli, sem hverjum jarðarhluta tilheyrir, ef hann kemur til skipta.

5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands, Ræktunarsjóði Íslands og raforkusjóði samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

Fylgja skulu beiðninni um lán teikningar af hinni fyrirhuguðu byggingu, samþykktar af Teiknistofu landbúnaðarins, og byggingarvottorð um framkvæmd verksins frá byggingarfulltrúa viðkomandi héraðs. Ef um aðrar framkvæmdir er að ræða, þá skal fylgja lánbeiðninni úttekt og möt samkvæmt þeim reglum, er um þessi lán gilda á hverjum tíma.

6. gr.

8. málsgrein 14. gr. laganna orðist svo:

Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafizt yfirmats, og fer um það samkvæmt 53. gr. ábúðarlaganna.

7. gr.

b-liður 19. gr. laganna orðist svo:

Til barna þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt, hafi óðalsréttarhafi veitt þeim þann rétt með sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi.

d-liður sömu lagagreinar falli niður.

8. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnunum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni, ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda.

Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 11. gr., og sitji það barn eða þau börn fyrir, sem hafa að staðaldri unnið með foreldrum sínum á jörðinni og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr. Sama regla gildir um ættarjarðir.

9. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Ættarjarðir heita í lögum þessum þær jarðir, sem eru ekki óðalsjarðir, hafi þær:

a. Verið skrásettar sem ættarjarðir samkvæmt lögum nr. 116/1943 eða með sérstökum gerningi, áður en þessi lög taka gildi.

b. Verið í ábúð eða eign sömu ættar í 75 ár eða lengur og eru enn í eign hennar, þegar lög þessi öðlast gildi.
c. Verið ráðstafað til erfingja, ættmenna eða annarra með sérstökum gerningi samkv. 30. gr.
d. Þetta ákvæði tekur einnig jafnóðum til jarða, er síðar fullnægja skilyrði b-liðar um eigu eða ábúð sömu ættar.

Eftir gildistöku þessara laga skulu sýslumenn, hver í sinni sýslu, tilkynna hlutaðeigandi ábúendum eða eigendum jarða, er falla undir a- og b-lið bessarar greinar, að jarðir þeirra verði skrásettar sem ættarjarðir að átta mánuðum liðnum, frá því að lögin taka gildi, hafi eigandi eða ábúandi ekki innan þessa tíma tilkynnt sýslumanni skriflega, að hann hafni því, að jörð hans falli undir ákvæði laganna. Sama rétt til höfnunar hafa ábúendur og eigendur jarða, sem getið er í d-lið. Ákvörðun jarðareiganda gildir, á meðan hlutaðeigandi maður býr á jörðinni.

10. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Jörð, sem um ræðir í a- og b-lið 26. gr., má ekki selja úr ættinni fyrr en að ættmennum frágengnum, sbr. 19. gr.

Nú hefur ættarjörð við skipti dánarbús eða á annan hátt skipzt í tvo eða fleiri hluta, sem eru minni en svo, að þeir fullnægi þeim kröfum, er nýbýlastjórn gerir um stofnun nýbýla, eða eigandi hefur ekki aðstöðu til að nytja sjálfur þennan jarðarhluta, þótt nægjanlega stór sé, og er honum þá skylt að leigja sinn hluta jarðarinnar þeim eiganda hennar og ábúanda, ef fleiri eru, sem hann kýs helzt, og fer þá um leigumála samkvæmt 35. gr.

Ákvæðin um ófullnægjandi landstærð koma þó ekki til framkvæmda, ef eigandi hluta úr ættarjörð, sem ekki telst nægilegur til stofnunar sjálfstæðs býlis, getur fengið keypt til viðbótar samliggjandi land frá annarri jörð, þannig að hvort tveggja til samans, ættarhlutinn og viðbótin, fullnægi þeim skilyrðum, sem nýbýlastjórn setur um stofnun nýbýla, enda hafi hann hafizt handa um stofnun nýbýlis innan 5 ára, frá því að hann fékk viðbótarlandið.

11. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Nú vill eigandi ættarjarðar samkv. a- og b-lið 26. gr. selja jörðina, og skal hann þá bjóða hana fyrst niðjum sínum til kaups og ábúðar, systkinum sínum og afkomendum þeirra fyrir fasteignamatsverð, að viðbættu matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að fasteignamat hefur farið fram. Vilji þessir aðilar ekki kaupa, er jarðeiganda frjálst að selja jörðina hæstbjóðanda.

12. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð á hverjum tíma, að viðbættu matsverði á þeim umbótum, sem gerðar hafa verið á jörðinni, frá því að aðalfasteignamat fór fram, þó ekki lægra en áhvílandi veðskuldir. Seljandi getur enn fremur krafizt hækkunar á söluverði fasteignar, ef tekjur af veiðiréttindum, jarðhita eða öðrum hlunnindum svo og tekjur af malarnámi, er jörðinni fylgja, hafa hækkað að mun, frá því að síðasta fasteignamat fór fram.

Mat á umbótum og auknum hlunnindatekjum skal framkvæmt af úttektarmönnum. En krafizt getur jarðareigandi þess, að kaupandi greiði honum jarðarverðið að fullu við undirskrift kaupsamnings, að frádregnum áhvílandi veðskuldum.

Nú er ættarjörð leigð til ábúðar, og hafa þá ættmenn forgangsrétt að ábúðinni eftir sömu reglu og þegar um kaup er að ræða samkvæmt 28. gr. Fer þá um leigumála eftir ákvæðum 35. gr.

13. gr.

30. gr. laganna breytist þannig, að niður falli „og að frádregnum ½ jarðabótastyrknum á þær umbætur".

14. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sýslumenn skulu halda skrá yfir allar ættarjarðir innan síns lögsagnarumdæmis og færa þær í sérstaka bók samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, séu þær ekki óðalsjarðir. Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, með aðstoð fróðustu manna og beztu heimilda, sem föng eru á, gera skrá yfir þær jarðir í hreppnum, sem falla undir a- og b-liði 26. gr., ásamt greinargerð fyrir ábúð eða eignarhaldi hlutaðeigandi ættar á hverri jörð um sig síðastliðin 75 ár.

Þegar hreppstjóri skrásetur ættarjörð, skal hann jafnframt gera lýsingu af jörðinni, svo sem fyrir er mælt í 3. gr. um skrásetningu óðalsjarða, sbr. 3. málsgr. hennar, eftir því sem við á. Skal það gert í samráði við jarðareiganda eða ábúanda. Leita skal staðfestingar jarðareiganda á, að skýrsla hreppstjóra sé rétt. Skrásetningu þessa og annað, er henni tilheyrir, skal hreppstjóri færa í úttektar- og virðingarbók hreppsins.

Skrásetning ættarjarðar ásamt greinargerð og jarðarlýsingu skal gera í tvíriti og færa á þar til gerð eyðublöð, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera í samráði við landbúnaðarráðuneytið. Skal annað eintakið varðveitt á skrifstofu sýslunnar. Hitt eintakið skal sýslumaður senda Búnaðarfélagi Íslands, eftir að hann hefur fullvissað sig um, að ekkert sé við það að athuga.

Nú verður ágreiningur um, hvort jörð sé ættarjörð. Skal sýslumaður þá rannsaka málavexti og fella því næst úrskurð í málinu. Geta skal þess í afsals- og veðmálabókum hlutaðeigandi sýslu eða kaupstaðar, að jörð sé ættarjörð, og sömuleiðis breytinga, er á því kunna að verða.

Hreppstjórar skulu endurskoða árlega skrána yfir ættarjarðir í hreppnum og fella niður eða bæta við jörðum, eftir því sem tilefni er til. Tilkynna skal sýslumanni allar slíkar breytingar.

15. gr.

Aftan við 1. málsgr. 34. gr. laganna komi:

Heimilt er þó að byggja slíkar jarðir í lífstíðarábúð, ef viðtakandi óskar sérstaklega eftir því.

16. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 34. gr., skal vera 3% af fasteignamatsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst, og kúgildi með verðlagsskrárverði. Við ákvörðun jarðarafgjalds skal jafnframt miða við þá tölu búfjár eða það magn afurða, er þarf til að greiða eftirgjaldið, er leigusamningurinn er gerður, og miðað við verðlag þess árs. Eftirgjaldið greiðist í peningum eftir verðlagsskrárverði eða gangverði þessara afurða í viðkomandi sýslu ár hvert, sbr. 10. gr. ábúðarlaga.

Nú leggur landsdrottinn fram fé til umbóta á jörðinni, og skal þá landskuld hækka, þannig að af framlagi til íbúðarhúsa greiðist sömu vextir og af lánum hjá byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands, en af framlagi til annarra umbóta sömu vextir og af lánum ræktunarsjóðs, eins og þessir vextir eru á hverjum tíma.

Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum, ef annað er ekki fram tekið í byggingarbréfi.

Skylt er erfðaleiguábúanda að greiða árleg iðgjöld af brunabótavirðingu húsa á erfðaleigujörðum án endurgjalds frá landsdrottni. En kostnað við virðingu á eignum landsdrottins greiðir hann að sínum hluta.

17. gr.

Fyrri málsliður 36. gr. laganna orðist svo:

Ábúandi greiðir leiguliðabót, svo sem fyrir er mælt í ábúðarlögum, 14. gr., og auk þess af fé því, er landsdrottinn hefur greitt til húsabóta og annarra umbóta á jörðinni.

18. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Þurfi að byggja jörð, sem er í erfðaábúð, til bráðabirgða (sbr. 46. gr., 6. lið), fer um upphæð jarðarafgjalds eftir samkomulagi. Hús og önnur mannvirki á jörðinni, sem aðrir eiga, skulu auk þess leigð að minnsta kosti fyrir þeim vöxtum af lánum, er ber að standa straum af, ella sparisjóðsvexti.

19. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið ekki hækka umfram það, er leiðir af hækkun fasteignamats vegna verðbreytinga og framlags ríkissjóðs. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal afgjaldið ákvarðast samkvæmt ákvæðum 35. gr. Þó getur hvor aðili krafizt millimats fasteignamatsnefndar, ef liðin eru þrjú ár eða meira, frá því að síðasta fasteignamat fór fram.

20. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú verður jörð fyrir skemmdum, svo að jarðarnytjar rýrna að mun, og fer þá um það samkvæmt 35. gr. ábúðarlaga.

21. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Þegar ábúandaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru í erfðaábúð, skal fara fram úttekt af lögskipuðum úttektarmönnum, og fer um það samkvæmt ákvæðum 13., 50. og 53. gr. ábúðarlaganna.

22. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem eru í erfðaábúð, að skipta þeim milli barna sinna. Skal erfðaábúandi tilkynna það landsdrottni og leita samþykkis hans á skiptingunni.

Tryggt skal, að hvert býli hafi að minnsta kosti þá lágmarksstærð, er nægi til framfærslu meðalfjölskyldu (sbr. 14. gr. laga nr. 48/1957) að dómi nýbýlastjórnar, enda samþykki hún skiptinguna. Við skipti skal ekki skerða tún heimajarðar, ef unnt er (sbr. 28. gr. laga nr. 48/1957), og að öðru leyti fer um skiptinguna samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

Leigumáli á úrskiptu býli skal ákveðinn samkvæmt ákvæðum 35. gr. þessara laga.

Ef búrekstraraðstaða á heimajörðinni breytist verulega við slíka skiptingu, getur ábúandi krafizt endurskoðunar á leigumála jarðarinnar að undangengnu mati úttektarmanna.

23. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir hreppsnefnd eða sýslunefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er í erfðaábúð, og skulu þá þessir aðilar snúa sér til nýbýlanefndar viðkomandi sýslu, sem skal rannsaka allar aðstæður og gefur viðkomandi aðilum rökstutt álit um málið. Að svo búnu getur sýslunefnd eða hreppsnefnd, ef þeim þykir ástæða til, sent álit nýbýlanefndar og tillögur sínar um skiptingu jarðarinnar til nýbýlastjórnar ríkisins.

Verði skipti ákveðin á jörðinni, skulu þau fram fara samkvæmt ákvæðum 43. gr., eftir því sem við getur átt.

Ábúandi á rétt á því, að ættingjar hans, er hann kýs til, sitji fyrir ábúð á hinu úrskipta landi.

Nú taka aðrir, ábúanda óskyldir, ábúð á hinu úrskipta landi, og skal þá sá, er hefur ábúð á jörðinni, og samerfingjar hans fá fullar bætur fyrir það, sem hið úrskipta land hefur hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, en taka skal tillit til eðlilegrar fyrningar á jarðabótum.

Um lækkun á jarðarleigu hans í þessu sambandi gilda ákvæði síðustu málsgr. 43. gr.

Aldrei má það land, sem hann hefur eftir, vera minna virði en land jarðarinnar var, þegar hans ætt tók við jörðinni, nema landeigandi og ábúandi samþykki.

Einnig skal ábúandi fá hæfilegar bætur, ef svo mikið er tekið af landi jarðarinnar, að það land, sem eftir er, samsvarar eigi þeim húsum, sem byggð hafa verið á jörðinni, enda hafi þau samsvarað heilbrigðum búrekstri á jörðinni allri.

Um byggingu þeirra jarða, er verða til við skiptingu eftir þessari grein, fer eftir fyrirmælum 35., 38. og 46. gr., 9. lið. Þó skulu ákvæði 43. gr. gilda um þá jarðarhluta, sem ráðstafað er á þennan hátt innan ættar ábúanda.

24. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðinni til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni í byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

Beiðni um veðleyfi skulu fylgja teikningar, samþykktar af Teiknistofu landbúnaðarins, áritaðar yfirlýsingu úttektarmanna viðkomandi hrepps, að byggingarnar séu við hæfi, miðað við hagfelldan búrekstur á jörðinni.

Sé um jarðabætur að ræða, skal lögð fram með beiðninni yfirlýsing héraðsráðunautar um, að framkvæmdin sé nauðsynleg og líkleg til að stuðla að aukinni arðgæfni í búrekstri á jörðinni.

Jarðeignadeild ríkisins getur krafizt þess af veðleyfisbeiðanda, að hann leggi fram ábyrgð hreppsnefndar hlutaðeigandi hrepps fyrir því, að lán það, er leiguliði tekur með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra umbóta, er úttektarmenn og héraðsráðunautur telja hagkvæmar og nauðsynlegar fyrir búrekstur á jörðinni.

25. gr.

Töluliður 2 í 46. gr. laganna orðist svo:

Erfðaréttur erfist til barna þess hjónanna, sem erfðaábúðarréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum, og á sama hátt fá kjörbörn erfðaábúðarrétt, sbr. 19. gr.

26. gr.

Fyrirsögn XI. kafla laganna verði:

Um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, og 47. gr. orðist svo:

Ábúendur þjóð- og kirkjujarða og annarra opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja ákvæðum 1. gr. og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa búið á jörðinni minnst 3 ár.
2. Gefa út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi.

3. Fyrir liggi yfirlýsing hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þeirra jarða, er að dómi Búnaðarfélags Íslands eða Landnáms ríkisins, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

Námuréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu og sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

27. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 47. gr., skulu seldar fyrir fasteignamatsverð að viðbættu álagi og framlögum þeim, er ríkið kann að hafa lagt til umbóta á jörðinni, eftir að fasteignamat fór fram, en að frádregnu fasteignamatsverði þess, sem ábúandi kann að eiga í jörðinni, er salan fer fram.

Nú fylgir jörð, sem selja á samkvæmt 47. gr., veiðiréttur, er gefur eða líkur eru til að gefi leigutekjur, sem um munar, og er þá jarðareiganda heimilt að fá hann sérmetinn af dómkvöddum mönnum, og kemur það mat til viðbótar fasteignamatsverði, að svo miklu leyti sem veiðirétturinn kann að verða hærra metinn heldur en í gildandi fasteignamati.

Hið sama skal gilda, vilji ríkissjóður neyta forkaupsréttar, eftir að jörð hefur verið gerð að ættaróðali.

Jarðarverðið greiðist að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær eru gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

28. gr.

51. gr. laganna orðist svo:

Um þau atriði, er lúta að afhendingu og úttekt jarða og ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum ábúðarlaganna. Sama gildir um önnur atriði, sem ekki er sagt fyrir um á annan veg í lögum þessum.

29. gr.

52. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—10000 kr.

30. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4 26. febr. 1946, lög nr. 16 22. febr. 1950 og lög nr. 4 14. marz 1955 svo og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

32. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 116 30. des. 1943 og gefa lögin út svo breytt.

Fyrirsögn laganna verði: Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

Ed. **555. Frumvarp til laga** **[77. mál]**

um Hæstarétt Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. marz.)

I. KAFLI

1. gr.

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll lýðveldisins.

Hæstiréttur hefur aðsetur í Reykjavík. Þó má halda dómþing annars staðar, ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

Hæstarétt skipa fimm dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins.

Forseti Íslands skipar dómara, en þeir kjósa sér forseta til eigi skemmri tíma en eins árs í senn og varaforseta til sama tíma.

3. gr.

Synódalréttur er æðsti dómstóll í málum, sem að lögum liggja undir kirkjudóm í héraði.

Synódalrétt skipa fimm dómarar, forseti Hæstaréttar, sem formaður, tveir hæstaréttardómarar, hinir elztu að embættisaldri, og tveir guðfræðingar, er Hæstiréttur kveður til.

4. gr.

Nú víkur hæstaréttardómari sæti í máli, forfallast frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra að fengnum tillögum dómsins dómara í hans stað prófessor í lögum við Háskóla Íslands, hæstaréttarlögmann eða héraðsdómara, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður dómari í Hæstarétti, og er rétt, að setning gildi hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skylt er nefndum aðiljum að taka við setningu.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa dómurum, er taka sæti í dóminum í einstöku máli eða til bráðabirgða eftir þessari grein, fyrir hvert mál, er þeir taka þátt í dómi eða úrskurði.

5. gr.

Þann einn er rétt að skipa hæstaréttardómara, sem:

1. Fullnægir almennum dómaraskilyrðum.
2. Hefur lokið embættisprófi í lögum með fyrstu einkunn.
3. Hefur náð 30 ára aldri.
4. Hefur verið þrjú ár hið skemmsta prófessor í lögum við Háskóla Íslands, hæstaréttarlögmaður, hæstaréttarritari, héraðsdómari, ráðuneytisstjóri, lögreglustjóri í Reykjavík eða fimm ár fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, fulltrúi saksóknara ríkisins eða fulltrúi héraðsdómara í kaupstöðum landsins og starfað sjálfstætt að dómsmálum.

Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar mega ekki samtímis eiga dómarasæti í Hæstarétti.

Áður en dómaraembætti er veitt, skal leita umsagnar dómsins um dómaraefni.

6. gr.

Hæstaréttardómari víkur úr dómarasæti, ef:

1. Hann er aðili máls eða mál varðar hann að mun fjárhagslega eða siðferðislega.
2. Hann er fyrirsvarsmaður aðilja, hefur flutt málið eða leiðbeint aðilja í því.

3. Hann er skyldur eða mægður aðilja eða í kjörsifjum við hann að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki eða fyrrverandi maki, niðji systkinis aðilja eða gagnkvæmt eða mægður með sama hætti, unnusti eða unnusta, fósturforeldri eða fósturbarn. Telja skal mægðir haldast, þótt sifjum þeim, sem þær helgast af, sé lokið.
4. Hann hefur borið vitni um málsatvik eða verið skoðunar- eða matsmaður í máli.
5. Hann hefur verið héraðsdómari, gerðardómsmaður um sakarefni eða látið í ljós álit sitt um það sem opinber sýslunarmaður.
6. Hann er svo venzlaður vitni sem í 3. tölulið segir, enda sé krafizt úrskurðar um skyldu vitnis eða heimild til að bera vitni eða heitfesta skýrslu. Sama gildir, ef úrskurða skal um skyldu eða heimild jafnvenzlaðs mats- eða skoðunarmanns til að framkvæma gerð eða staðfesta hana og um skyldu jafnvenzlaðs manns til að láta í té sakargögn.
7. Mál varðar venzlamenn samkvæmt 3. tölulið að mun siðferðislega eða fjárhagslega.
8. Hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
9. Horf hans við aðilja eða sakarefni er slíkt, að hætta er á því, að hann fái eigi litið óhlutdrægt á málavexti.

7. gr.

Aðiljar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í Hæstarétti geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli af ástæðum þeim, er í 6. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

8. gr.

Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður aðra starfsmenn dómsins.

Hæstaréttarritari skal hafa lokið embættisprófi í lögum og fullnægja að öðru leyti almennum dómaraskilyrðum. Hann tekur laun samkvæmt V.—III. launaflokki laga nr. 92 24. des. 1955 eftir ákvörðun ráðherra að fenginni umsögn Hæstaréttar.

9. gr.

Hæstaréttarritari hefur þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til Hæstaréttar.
2. Heldur bækur Hæstaréttar.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit af bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómskjölum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf vinnur hæstaréttarritari fyrir Synódalrétt.

10. gr.

Hæstiréttur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, hvaða dag það skuli þingfesta, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.

5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

11. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum Hæstaréttar, hvaða dag og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hvenær þingleyfi skuli vera.

II. KAFLI

12. gr.

Rétt er að skjóta til Hæstaréttar málum samkvæmt því, er í lögum segir.

13. gr.

Haldast skulu ákvæði um málsskot í lögum um meðferð opinberra mála.

Rétt er að skjóta til Hæstaréttar úrlausn héraðsdóms í einkamáli, enda banni sérákvæði í lögum það eigi. Nú varðar mál fjárkröfu einkaréttareðlis, og er það áfrýjunarskilyrði, að fjárhæð hennar nemi verðmæti, metið til peninga, kr. 5000.00.

Ákvæði héraðsdóms um kostnað af máli verður eigi skotið til Hæstaréttar, nema í sambandi við áfrýjun dóms eða dómsathafnar.

14. gr.

Áfrýjunarfjárhæð skal ákveða eftir kröfugerð í áfrýjunarstefnu. Nú eru réttilega sóttar saman í máli fleiri kröfur en ein, og skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Nú er krafa höfð uppi, en gagngreiðsla jafnframt boðin, og skal eigi litið til gagngreiðslunnar við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar.

15. gr.

Nú varðar krafa innstæðuréttindi, greiðslur, er inna skal af hendi með vissu millibili, kvaðir, afnotaréttindi, ógildingu á skjölum, eignarréttindi yfir fasteign, gildi réttinda o. s. frv., og ákveður Hæstiréttur, að fenginni umsögn aðilja, hvort verðmæti hagsmuna, sem í húfi eru, skuli í því máli teljast nema áfrýjunarfjárhæð.

16. gr.

Rétt er ráðherra að leyfa áfrýjun máls, þó að sakarefni nemi eigi áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 13. gr., enda séu úrslit málsins mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja. Áður en ákvörðun er tekin um, hvort slíkt leyfi skuli veita, skal gefa aðiljum kost á að tjá sig um málið.

17. gr.

Hvarvetna þess sem heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 13.—16. gr., eftir því sem við á.

18. gr.

Skjóta má dómsathöfn til Hæstaréttar í því skyni, að mál verði ómerkt, því verði vísað frá héraðsdómi, því verði vísað heim til löglegrar meðferðar, dómsathöfn verði breytt að efni til eða hún staðfest.

19. gr.

Rétt er, að máli sé áfrýjað af hendi beggja eða allra aðilja, en áfrýjunarmálin ber að sameina og flytja í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Afsal á rétti til áfrýjunar, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður eigi gefið, fyrr en genginn er dómur sá eða úrskurður, sem afsalið á að taka til.

20. gr.

Dómsathöfnum þeim, sem eigi sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt 21. gr., má áfrýja innan þriggja mánaða frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar. Haldast skulu þó ákvæði 96. gr. skiptalaga nr. 3 12. apríl 1878, lögtakslaga nr. 29 16. desember 1885, 11. gr., uppboðslaga nr. 57 25. maí 1949, 4. gr., laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 39 27. júní 1921, 99. gr., og önnur sérákvæði í lögum um áfrýjunarfrest.

Áfrýjunarleyfi í málum þeim, er í 1. mgr. 1. málslið segir, getur dómsmálaráðherra veitt næstu 6 mánuði til viðbótar, enda sé slíks leyfis getið í áfrýjunarstefnu, er taka skal út á næstu fjórum vikum eftir útgáfu leyfis, sem annars kostar er fyrirgert.

Nú áfrýjar aðili máli, og er gagnaðilja rétt að gagnáfrýja á næstu þremur vikum, þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn.

Rétt er dómsmálaráðherra, þótt frestur samkvæmt 2. mgr. sé liðinn, að veita leyfi til áfrýjunar máls allt að tvö ár frá lokum dómsathafnar, ef ríkar ástæður eru til, enda hafi aðilja eigi verið unnt að áfrýja fyrr og honum sjálfum verði eigi um það kennt.

21. gr.

Kæru til Hæstaréttar sæta:

1. Úrskurðir héraðsdómara um:
   a. Að víkja eigi sæti.
   b. Að mál skuli falla niður eða því vísað frá dómi.
   c. Skyldu vitnis til vættisburðar, staðfestingu vættis, viðurlög á hendur vitni, vitnaþóknun og önnur atriði varðandi vitnaleiðslu.
   d. Hæfi matsmanna og skoðunar, skyldu þeirra til starfans, viðurlög á hendur þeim fyrir vanrækslu í starfi, þóknun þeim til handa og önnur atriði, er varða matsstarfann.
   e. Skyldu gagnaðilja eða þriðja manns til að leggja fram skjöl eða aðra hluti og viðurlög vegna tregðu til þess.
   f. Synjun að afla gagna fyrir dómi til tryggingar á sönnun og synjun um öflun gagna erlendis.
   g. Ákvörðun um tryggingu fyrir málskostnaði.
   h. Synjun að taka stefnu gilda vegna ónógrar málsreifunar.
   i. Synjun að heimila meðalgöngu.
   j. Að frestur skuli veittur.
   k. Réttarfarssektir.
2. Úrskurðir skiptaréttar, þar á meðal úrskurðir í sambandi við nauðasamninga, nema úrskurðir um:
   a. Töku bús til gjaldþrotaskipta, meðan skuldunautur lifir.
   b. Réttmæti kröfu til greiðslu eða eigna í bú og sæti kröfu í kröfuflokki.
   c. Hvaða eignir draga skuli undir skipti.
   d. Riftingu ráðstafana, að svo miklu leyti sem þau atriði kunna að koma undir úrlausn skiptaréttar.
   e. Skiptagerðin sjálf.
3. Úrskurðir fógetaréttar, nema:
   a. Um það, hvort fógetagerð skuli yfirleitt fara fram eða ekki.
   b. Til hvaða verðmæta hún skuli ná.
   c. Fógetagerðin sjálf.
4. Úrskurðir uppboðsréttar, nema:
   a. Um það, hvort uppboð skuli yfirleitt fara fram eða ekki.
   b. Hvaða verðmæti skuli selja.

c. Uppboðsgerðin sjálf.
d. Hverjir skuli fá uppboðsandvirði greitt og hversu mikið hver.
e. Útgáfa uppboðsafsals á fasteign eða skipi.

Einnig er hverjum þeim, sem telur héraðsdómara hafa gert á hluta sinn í dómarastarfi, rétt að kæra hann fyrir Hæstarétti, og getur Hæstiréttur veitt dómara áminningu eða dæmt honum að greiða sekt að fjárhæð 200—4000 krónur til ríkissjóðs.

22. gr.

Nú vill maður kæra dómsathöfn, og afhendir hann héraðsdómara kæru, áður en tvær vikur eru liðnar frá uppsögu dómsathafnar, ef hann eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim tíma, er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um hana.

Vitni og matsmenn, sem staddir eru við dómsathöfn þá, er þeir vilja kæra, mega bera fram kæru með bókun í þingbók.

23. gr.

Í kæru skal kærandi greina:
1. Dómsathöfn þá, sem kærð er.
2. Kröfu um breytingar á henni.
3. Ástæður, sem hann reisir kæruna á.

Kæru má styðja með tilvísun til málsatvika, sem hafa eigi áður verið borin fyrir, svo og með nýjum sönnunargögnum.

Nú vill kærandi bera fyrir sig nýja sönnun, og skal hann í kæru greina sönnunargögnin og hvað hann hyggst sanna með þeim.

Skriflegt sönnunargagn skal fylgja kæru í frumriti eða staðfestu endurriti.

Kærandi eða umboðsmaður hans skal undirrita kæru.

24. gr.

Með beiðni leggur kærandi lögmælt dómgjöld fyrir Hæstarétti, og sendir dómari vottorð um þá greiðslu með skjölum málsins.

25. gr.

Nú kemur kæra of seint fram, og beinir héraðsdómari því til kæranda að taka kæruna aftur. Ef kæra fullnægir eigi ákvæðum 23. gr., brýnir héraðsdómari fyrir kæranda að ganga frá henni lögum samkvæmt.

26. gr.

Nú virðist héraðsdómara kæra á engum rökum reist, og getur hann ákveðið, að kærandi skuli, ef gagnaðili krefst þess, setja tryggingu fyrir tjóni og óhagræði, er kæra kann að baka gagnaðilja, svo framarlega sem hún veldur frestun málsins. Tryggingu skal setja innan tveggja daga, frá því er kæru er lýst. Ella afgreiðir dómari eigi skjölin, og mál fer leiðar sinnar.

27. gr.

Dómari gefur út, svo fljótt sem kostur er, endurrit í þrennu lagi af öllu því, sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið. Jafnframt er honum rétt, ef því er að skipta, að láta fylgja hverju eintaki athugasemdir sínar. Síðan sendir dómari eitt eintakið til Hæstaréttar, en tilkynnir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, að þeirra eintök séu tilbúin til afhendingar.

28. gr.

Þá er kæra er fram komin, krefur héraðsdómari kærða þegar um greinargerð, er geymi kröfur hans og atvik þau, er hann reisir kröfur sínar á. Rétt er honum að bera fram ný málsatvik og sönnunargögn.

Ef kærði vill bera fyrir sig ný sönnunargögn, skal hann í greinargerð nefna þau og hvað hann hyggst sanna með þeim.

Skriflegt sönnunargagn skal fylgja kæru í frumriti eða staðfestu endurriti.

Kærði eða umboðsmaður hans skal undirrita greinargerð.

29. gr.

Eigi síðar en viku eftir að skjölin komu til Hæstaréttar, geta aðiljar sent honum athugasemdir sínar, og getur hann þá þegar lokið dómsorði á kæruatriði. Jafnan skal þó athuga skjöl þau, sem aðiljar senda, svo framarlega sem málinu er þá eigi lokið í Hæstarétti.

30. gr.

Nú er kæra eigi svo úr garði gerð sem í 23. gr. segir eða annars ófullkomin, og leggur Hæstiréttur fyrir kæranda að bæta úr því, sem ábótavant er, á tilteknum fresti. Ef kærandi fer eigi eftir leiðbeiningum Hæstaréttar, getur hann vísað kærumáli frá sér.

31. gr.

Hæstiréttur getur lagt fyrir héraðsdómara að leita frekari skýrslna um einstök atriði.

Hæstiréttur getur með þeim fyrirvara, sem hann telur hæfilegan, veitt aðiljum kost á að koma fyrir sig og flytja mál munnlega.

32. gr.

Hæstiréttur kveður á um greiðslu kostnaðar af kæru.

33. gr.

Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu samkvæmt skjölum þess eða munnlegum flutningi, ef því er að skipta. Skal dómur upp kveðinn svo fljótt sem kostur er. Hæstiréttur skal þegar í stað senda héraðsdómara dóminn.

34. gr.

Áfrýjanda ber að afhenda hæstaréttarritara áfrýjunarstefnu fyrir lok áfrýjunarfrests eða áður fjórar vikur séu liðnar frá veitingu áfrýjunarleyfis samkvæmt 2. og 4. mgr. 20. gr.

Í stefnu skal greina:

1. Þann dóm eða dómsathöfn, sem skotið er til Hæstaréttar, og skal dómsorð eða ályktarorð tekið orðrétt í stefnu.
2. Nöfn áfrýjanda og stefnda, stöðu þeirra og heimili.
3. Í hvaða skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir.
4. Í hvaða starfsmánuði Hæstaréttar þingfestingar máls er óskað.

Nú er farið fram á óhæfilega langan frest til þingfestingar, og leggur hæstaréttarritari málið fyrir forseta Hæstaréttar, er ákveður frestinn.

Þingfesta skal mál fyrsta þingdag þess mánaðar, sem stefnt er til, en rétt er forseta Hæstaréttar að ákveða annan þingfestingardag, þegar sérstaklega stendur á.

Hæstaréttarritari gefur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins og áritar hana um þingfestingardag.

35. gr.

Stefnufrest til Hæstaréttar skal miða við þingfestingardag samkvæmt 34. gr. Frestur skal fara eftir lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði. Hæstaréttarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum.

36. gr.

Ef mál, sem skotið hefur verið til Hæstaréttar innan lögmælts áfrýjunarfrests, fellur þar niður, er fellt niður eða því er vísað þar frá dómi, er aðilja rétt að

skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 20. gr. sé liðinn, enda sé áfrýjunarstefna gefin út að nýju innan mánaðar frá uppsögu dóms um niðurfellingu máls eða frávísun. Heimild þessari verður eigi beitt oftar en einu sinni.

37. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

38. gr.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, eftir að liðnir eru frestir þeir, er í 1. og 2. mgr. 20. gr. segir.

III. KAFLI

39. gr.

Áfrýjanda ber að koma fyrir Hæstarétt á hinum tiltekna þingfestingardegi og leggja fram áfrýjunarstefnu. Nú lætur áfrýjandi það undir höfuð leggjast, og ber að fella mál niður og dæma stefnda, sem fyrir dóm hefur komið, málskostnað eftir kröfu hans. Sömu meðferð skal hafa, er áfrýjandi mætir eigi á síðari dómþingum eða lætur þá farast fyrir að fylgja málinu fram.

40. gr.

Nú kemur stefndi eigi fyrir dóm við þingfestingu, þótt honum hafi verið birt lögleg stefna, en áfrýjandi leggur fram stefnu og skjöl og flytur mál sitt, og kveður Hæstiréttur upp dóm í málinu. Þessum ákvæðum skal einnig beita, ef stefndi kemur eigi fyrir dóm, er þing skal heyja síðar um mál hans.

Hæstarétti er rétt að leyfa stefnda, sem eigi hefur sótt fyrra dómþing, að taka til varnar í máli með samþykki áfrýjanda eða án þess, ef miklir hagsmunir stefnda eru í húfi.

41. gr.

Veita skal aðiljum frá þingfestingu fjögurra mánaða frest, enda telji Hæstiréttur eigi ástæðu til lengri frests eða skemmri, til að afla gagna og gera ágrip dómskjala. Gagnáfrýjun skapar eigi rétt til sjálfstæðs frests í máli, að því er gagnsökina varðar.

42. gr.

Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip dómsgerða héraðsdóms og dómskjala, sem fram koma eftir áfrýjun máls, og leggja það ásamt dómsgerðum héraðsdóms fram á skrifstofu Hæstaréttar fyrir lok þess frests, er 41. gr. segir, í svo mörgum eintökum sem dóminum nægir, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Nú er máli einungis áfrýjað til staðfestingar, og er nægilegt að leggja fram staðfest endurrit héraðsdóms, nema Hæstiréttur ákveði, að dómsgerðir skuli lagðar fram.

43. gr.

Nú er ástæða til að telja, að formgallar séu á máli, og er rétt að veita aðiljum sérstakan styttan frest frá því, sem í 41. gr. segir, til stuttrar greinargerðar um það efni, þar sem greindar séu málsástæður og rök þeirra um formhlið málsins.

44. gr.

Ágripi samkvæmt 42. gr. skal fylgja samandregin og gagnorð greinargerð hvors eða hvers málsaðilja, er geymi:

1. Kröfugerð hans í málinu, og sé gerð grein fyrir breytingum, er kunna að hafa orðið frá kröfugerð í héraði.

2. Sérstaka tilvísun til þeirra atvika, er eigi hafa áður verið nægilega rakin í málinu og héraðsdómi og aðili hyggst bera fyrir sig.
3. Nákvæma reikningsgerð, ef um hana er að tefla.
4. Upptalningu á sönnunargögnum og einkum þeim, er aflað hefur verið eftir uppsögu héraðsdóms.

45. gr.

Nú vill aðili bera fram kröfur og málsástæður umfram það, sem hann bar fram í héraði, og er Hæstarétti rétt að leyfa honum það, enda hafi hann áskilið sér það í stefnu, grundvelli máls sé eigi raskað, afsakanlegt sé, að þær voru eigi hafðar uppi í héraði, og það ylli aðilja réttarspjöllum, ef eigi væri tekið tillit til þeirra.

46. gr.

Rétt er Hæstarétti, ef sérstaklega stendur á, að leyfa vitnaleiðslur þar fyrir dómi svo og yfirheyrslu aðilja og matsmanna.

47. gr.

Er Hæstarétti hefur borizt ágrip máls samkvæmt 42. gr. og greinargerðir aðilja samkvæmt 43. og 44. gr., ákveður forseti, hvenær mál skuli flytja, og tilkynnir hæstaréttarritari það aðiljum eða umboðsmönnum þeirra með hæfilegum fyrirvara.

Málflutningur fyrir Hæstarétti skal vera munnlegur. Hæstarétti er þó rétt að ákveða skriflegan málflutning.

48. gr.

Flytja skal mál um formhlið máls, áður en efnishlið þess er tekin til meðferðar, nema Hæstiréttur ákveði, að málflutningur um formsatriði og efnis fari fram samtímis.

49. gr.

Málsmeðferð hefur á því, að stefna er lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi eða umboðsmaður hans frumræðu sína og les upp úr ágripi það, sem máli skiptir. Því næst talar stefndi eða gagnáfrýjandi, eða umboðsmenn þeirra, og les á sama hátt úr ágripi. Eigi skal aðili oftar tala en tvisvar. Er aðili flytur eigi mál sjálfur, er Hæstarétti rétt að leyfa honum að koma fram stuttum athugasemdum, eftir að umboðsmaður hans hefur lokið málflutningi.

Hæstiréttur getur ákveðið, að stefndi eða gagnáfrýjandi eða umboðsmenn þeirra hefji málflutning, enda sé aðiljum með hæfilegum fyrirvara gert viðvart um þá skipan.

50. gr.

Forseti stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

IV. KAFLI

51. gr.

Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið.

52. gr.

Áður en dómur eða úrskurður er upp kveðinn í máli, skulu dómendur ræða með sér fyrir luktum dyrum ástæður og niðurstöðu dóms eða úrskurðar, nema útivistardómur sé, og fer þá atkvæðagreiðsla fram. Atkvæði semur sá dómenda, sem forseti kveður til þess hverju sinni. Nú greinast dómendur í meiri og minni hluta, og ákveður meiri hlutinn þá þann dómara, er frumvarp að dómi semur, en minni hlutinn semur þá sératkvæði. Síðan gengur dómurinn í heild eða þeir, er sammála verða, ef ágreiningur verður, frá dómi eða úrskurði.

Forseti stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

53. gr.

Sá dómari, sem greitt hefur atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni máls, eftir því, sem við á, og gildir það jafnt, hvort sem mál er flutt munnlega eða skriflega.

Öll atkvæði skal rita á sams konar arkir, er dómurinn leggur til, og skulu þær geymdar og innbundnar að lokum með sama hætti sem tíðkazt hefur.

54. gr.

Í dómi skal greina:

1. Nöfn aðilja, heimili og stöðu, ef unnt er.
2. Greinargerð um kröfur aðilja í einkamálum. Að því leyti sem greinargerð um málsatvik í hinni áfrýjuðu dómsathöfn þykir ábótavant, skal úr því bætt í forsendum hæstaréttardóms. Ef og að því leyti, sem niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar er breytt í Hæstarétti, skal hann rökstyðja breytinguna. Nú fellst Hæstiréttur á niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar, en eigi á forsendur hennar, og greinir hann þá rök sín í forsendum.

55. gr.

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp í dómi í heyranda hljóði. Að því loknu skal þess getið, ef ágreiningur hefur verið um niðurstöðu, og lesa þá upp á sama hátt niðurlag ágreiningsatkvæðis.

Alla dóma Hæstaréttar og úrskurði og öll ágreiningsatkvæði skal orðrétt birta í dómasafni hans, enda fylgi hverju bindi af því rækileg efnisskrá. Sá af dómendum, sem dómurinn felur það, annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þá þóknun, sem dómurinn ákveður.

56. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefur komið í máli og sannað er eða viðurkennt.

57. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í hæstaréttardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk eða þola athöfn eða ástand. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir Hæstaréttar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni forseta.

Hæstaréttarritari undirritar dómsendurrit og önnur endurrit úr bókum eða skjölum dómsins.

V. KAFLI

58. gr.

Meginreglum laga um meðferð mála í héraði skal beita í Hæstarétti, eftir því sem við á, enda sé eigi á annan veg mælt í lögum.

VI. KAFLI

59. gr.

Rétt er Hæstarétti að leyfa samkvæmt umsókn aðilja, að mál, sem dæmt hefur verið í Hæstarétti, sé tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu af nýju, þá er sterkar líkur eru að því leiddar, að atvik málsins hafi eigi verið réttilega í ljós leidd í Hæstarétti, er málið var þar til meðferðar hið fyrra skipti, án þess að aðilja sé um að kenna, og að hin nýju gögn muni leiða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum og svo að öll atvik annars liggi til þess, að slíkt leyfi sé veitt, þ. á m. að stórfelldir hagsmunir aðilja séu í húfi.

Áður en leyfi samkvæmt 1. mgr. er veitt, skal veita gagnaðilja færi á að láta uppi álit sitt.

Hæstarétti er rétt, meðan slíkt mál er þar til meðferðar, að fella niður verkanir dóms þess, sem um er að tefla, að nokkru leyti eða öllu, þó þannig, að trygging sé sett, ef þurfa þykir.

Eigi fær aðili afsalað sér réttarleið þeirri, er getur í grein þessari.

VII. KAFLI

60. gr.

Nú er landsyfirrétti eða einstökum yfirdómara falið í lögum, sem enn eru í gildi, að framkvæma einhverja ráðstöfun, og kemur Hæstiréttur eða hæstaréttardómari í staðinn.

61. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1962 og taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Lög nr. 112/1935 falla úr gildi samkvæmt því, sem nú var sagt.

Frá gildistöku laga þessara fellur úr gildi XV. kafli laga nr. 85 23. júní 1936. Enn fremur falla þá úr gildi ákvæði þeirra laga um kæru til Hæstaréttar, önnur en ákvæði 169. gr., 1. mgr. 170. gr. og ákvæði í XVI.—XIX. kafla.

Ed. 556. Frumvarp til laga [212. mál]

um dánarvottorð.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Dánarvottorð samkvæmt ákvæðum laga þessara skal rita fyrir hvern mann, er deyr hér á landi, sbr. þó ákvæði 10. gr.

Landlæknir semur leiðbeiningar um ritun dánarvottorða, er ráðherra staðfestir.

Dánarvottorð ritar löggiltur læknir á eyðublað, er landlæknir gerir úr garði og lætur í té.

2. gr.

Þá er maður deyr í kaupstað eða kauptúni, þar sem læknir situr, eða í næsta nágrenni læknis, þó að utan kaupstaðar sé eða kauptúns, og læknir hefur stundað hinn látna í banalegunni, skoðar sá hinn sami læknir líkið og ritar að því búnu dánarvottorð.

Nú er ekki auðið að ná til læknis þess, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, og skal þá innan sólarhrings sækja lækni til að skoða líkið og rita dánarvottorð.

3. gr.

Þá er maður deyr utan kaupstaðar eða kauptúns, þar sem læknir situr, eða utan næsta nágrennis læknis (sbr. 2. gr.), og læknir hefur stundað hinn látna í banalegunni, ritar sá hinn sami læknir dánarvottorð.

Nú er ekki auðið að ná til læknis þess, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, og skal þá, svo fljótt sem við verður komið, tilkynna hlutaðeigandi héraðslækni mannslátið og skýra honum nákvæmlega frá tildrögum þess. Ritar héraðslæknir síðan dánarvottorð samkvæmt þeim upplýsingum.

4. gr.

Þá er maður deyr erlendis eða á höfum úti eða í lofti og líkið er flutt hingað til lands til að gera hér útför hans, fer um ritun og skil dánarvottorðs hins látna eins og hann hefði andazt á þeim stað, þar sem líkið er flutt á land.

5. gr.

Dánarvottorð skal ávallt afhenda sóknarpresti eða safnaðarstjóra í því prestakalli, þar sem látið bar að, samkvæmt nánari fyrirmælum 2.—7. málsgr. þessarar gr. Nú er jarðsettur hér á landi maður, sem dáið hefur erlendis, og skal þá dánarvottorð það, er fylgir líkinu, afhent þeim sóknarpresti eða safnaðarstjóra, sem annast útfararathöfn hans. Sama gildir, þá er sóknarprestur eða safnaðarstjóri aðstoðar við jarðsetningu eða hliðstæða ráðstöfun á ósku látins manns, sem brenndur hefur verið erlendis.

Nú fer útför látins manns fram í prestakallinu, þar sem hann dó, og skal þá dánarvottorð hans afhent þeim sóknarpresti eða safnaðarstjóra, sem annast útfararathöfnina.

Nú annast útfararathöfn prestvígður maður annar en hlutaðeigandi sóknarprestur (safnaðarstjóri), og skal hann þá fullvissa sig um það, áður en athöfnin fer fram, að dánarvottorð hins látna sé fyrir hendi. Hann skal enn fremur annast um, að dánarvottorðið sé, áður en athöfnin fer fram, afhent sóknarpresti þess prestakalls, þar sem dánarheimili hins látna var, og gildir þetta hvort sem hinn látni var í þjóðkirkjunni eða utan hennar. Loks skal hann tilkynna útförina bæði sóknarpresti prestakallsins og Hagstofunni innan þriggja daga. — Ákvæði 2. málsliðs þessarar málsgr. eiga ekki við, þegar hinn látni hefur dáið í öðru prestakalli en hann er jarðsettur í, en í þess stað skal hlutaðeigandi annast um, að staðfesting samkvæmt 6. gr. komist í hendur sóknarpresti prestakallsins.

Nú er ekki presti eða safnaðarstjóra ætlað að aðstoða við útför manns, og skal þá afhenda dánarvottorðið sóknarpresti þess prestakalls, þar sem dánarheimili hins látna var, og kvittar prestur fyrir viðtöku. Gildir þetta hvort sem hinn látni var í þjóðkirkjunni eða utan hennar. Er slík útför óheimil, nema fyrir hendi sé vottorð hlutaðeigandi sóknarprests til staðfestingar því, að í vörzlu hans sé dánarvottorð hins látna.

Nú er lík látins manns flutt úr því prestakalli, þar sem hann dó, í annað prestakall til útfarar, og skal þá afhenda dánarvottorð hans sóknarpresti þess prestakalls, þar sem dánarheimili hans var, hvort sem hinn látni var í þjóðkirkjunni eða utan hennar. Sama gildir, þegar lík er flutt úr landi. Skal þá enn fremur afhenda viðkomandi skipaútgerð eða flugfélagi staðfest eftirrit hlutaðeigandi sóknarprests af dánarvottorði hins látna, og fylgi eftirritið líkinu til móttakanda þess erlendis. Má ekki taka við líki til flutnings til útlanda, nema þessum fyrirmælum sé fylgt.

Ef fleiri en einn sóknarprestur aðstoða við útför, skal afhenda dánarvottorðið þeim sóknarpresti, sem kastar rekum við athöfnina, enda sé um að ræða þau atvik, er um ræðir í 2. málsgr. og í 2. og 3. málslið 1. málsgr. þessarar gr.

Reykjavíkurprófastdæmi skoðast sem eitt prestakall við framkvæmd á ákvæðum 2. málsgr. og 1. málsliðs 5. málsgr. þessarar gr. Heimilt er að ákveða, að sama skuli gilda um tvö eða fleiri prestaköll, sem liggja hvert að öðru.

6. gr.

Þá er lík er flutt úr einu prestakalli í annað til útfarar, skal sóknarprestur sá, er veitir dánarvottorðinu viðtöku samkvæmt 1. málslið 5. málsgr. 5. gr., láta í té skriflega staðfestingu þess, að hann hafi fengið það í hendur. Má enginn taka lík til flutnings milli prestakalla, nema því fylgi slík staðfesting, og skal hún fest við fylgibréfið, þegar um það er að ræða. Sá, er annast líkflutninginn, ber ábyrgð á því, að staðfestingarskjali þessu sé skilað með líkinu, og skal það afhent þeim, er annast útfararathöfn hins látna.

7. gr.

Nú annast útfararstjóri undirbúning að flutningi líks úr einu prestakalli í annað til útfarar, og skal hann þá sjá um öflun staðfestingar þeirrar, er um ræðir í 6. gr., og hann skal jafnframt gera ráðstafanir til, að hún fylgi líkinu til móttakanda. Útfararstjóri, sem annast móttöku líks frá útlöndum (sbr. 2. málslið 1. málsgr. 5. gr.) eða undirbýr flutning líks til útlanda (sbr. 2. málslið 5. málsgr. 5. gr.), skal sömuleiðis sjá svo um, að hlutaðeigandi sóknarpresti sé afhent dánarvottorð hins látna.

8. gr.

Ekki má gera útför manns, nema sá, sem hana annast, hafi áður fengið í hendur dánarvottorð hins látna samkvæmt 5. gr. eða staðfestingu um móttöku dánarvottorðs samkvæmt 6. gr.

Þá er sérstök vandkvæði eru á því vegna fjarlægðar eða samgönguerfiðleika, að hlutaðeiganda geti borizt dánarvottorð samkvæmt 5. gr., áður en útför er gerð, má í þess stað koma tilkynning (símleiðis eða á annan hátt) frá héraðslækni um, að hann hafi ritað og eigi í sínum vörzlum dánarvottorð hins látna.

9. gr.

Sóknarprestar (safnaðarstjórar) tölusetja og árita dánarvottorð, er þeim berast, og láta þeirra getið við nöfn hinna látnu í dánarskrá ministerialbókar (safnaðarbókar). Sóknarprestar og safnaðarstjórar láta einnig getið á sama hátt staðfestinga samkvæmt 6. gr., er þeir veita viðtöku.

Sóknarprestar (safnaðarstjórar) skulu senda Hagstofunni dánarvottorð, er þeir veita viðtöku, á sömu tímum og með sömu frestum og þessir aðilar senda Hagstofunni aðrar skýrslur samkvæmt ákvörðun hennar.

Hagstofan semur upp úr dánarvottorðum skýrslur um dánarorsakir hér á landi, í samræmi við alþjóðareglur, sem Ísland hefur gerzt aðili að.

10. gr.

Í mannskaðaskýrslur samkvæmt ákvæðum laga nr. 42/1913 sækir Hagstofan m. a. vitneskju um mannskaða, er verða, án þess að lík finnist, og fyrirmæli um dánarvottorð samkvæmt lögum þessum taka ekki til.

Fyrir andvana fædd börn eru ekki rituð dánarvottorð, en prestar og ljósmæður tilkynna þau Hagstofunni með lifandi fæddum börnum.

Óheimilt er að setja lík andvana fædds barns eða látins ungbarns í kistu með öðru líki, nema hlutaðeigandi presti (safnaðarstjóra) hafi áður verið tilkynnt það. Útfararstjóri ber ábyrgð á því, að þessu ákvæði sé fylgt.

11. gr.

Í viðurkenndum sjúkrahúsum er heimilt að fela sérfræðingi að rannsaka lík látinna sjúklinga í því skyni að leiða ýtarlega í ljós banamein þeirra, sbr. einnig ákvæði 6. gr. laga nr. 66/1933, varðandi rannsókn banameina í sambandi við framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana. Þá er slík rannsókn fer fram, skal ekki rita dánarvottorð fyrr en niðurstöður hennar eru kunnar.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, allt að 1000 krónum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt almennum lögum.

13. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 42 8. maí 1950, um dánarvottorð og dánarskýrslur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta á, ef að lögum verður, að koma í stað laga nr. 42/1950, um dánarvottorð og dánarskýrslur. Er það samið af hagstofustjóra í samráði við landlækni. Ákvæði 1.—4. gr. og 11.—13. gr. í núgildandi lögum um dánarvottorð eru tekin mikið til óbreytt upp í frv., en á 5.—10. gr. eru gerðar það miklar breytingar, að flytja þarf frv. til nýrra heildarlaga um dánarvottorð.

Frumvarpið hefur verið borið undir biskup, dómprófastinn í Reykjavík, borgarlækninn í Reykjavík og nokkra aðra aðila, sem hlut eiga að máli. Eru þeir allir samþykkir efni þess.

Samkvæmt núgildandi lögum um dánarvottorð eiga prestar að safna saman dánarvottorðum, sem þeir veita viðtöku á árinu, og senda þau í einu lagi til hlutaðeigandi héraðslækna eftir lok hvers árs. Síðan eiga héraðslæknar að senda dánarvottorðin landlækni, sem svo skilar þeim til Hagstofunnar. Þessu fylgdu miklar tafir og erfiðleikar á innheimtu vottorða, og hin árlega dánarmeinaskýrsla Hagstofunnar varð af þeim sökum mjög síðbúin. Hún gat t. d. aldrei orðið tilbúin fyrr en löngu eftir að henni átti að skila til hagstofu Sameinuðu þjóðanna og til Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Til þess að ráða bót á þessu var landlæknisskrifstofunni og Hagstofunni, í 8. gr. laga nr. 31/1956, um þjóðskrá og almannaskráningu, heimilað að ákveða, að prestar skyldu senda dánarvottorðin beint til Hagstofunnar, um leið og þeir sendu henni aðrar skýrslur ársfjórðungslega. Hefur þessi tilhögun verið á skilum dánarvottorða til Hagstofunnar síðan á árinu 1956, og hefur hún gefizt mjög vel. Innheimta dánarvottorða hefur kostað miklu minni vinnu en áður, og hin árlega dánarmeinaskýrsla hefur orðið tilbúin í maí—júní — áður gat hún ekki orðið til fyrr en í september—október. Nú eru í 2. málsgr. 9. gr. frv. bein fyrirmæli um, að prestar skuli senda dánarvottorð beint til Hagstofunnar, en heimildarákvæði 8. gr. þjóðskrárlaga nr. 31/1956 er ekki í frv. því um þjóðskrá og almannaskráningu, sem nú liggur fyrir Alþingi, þar eð þetta ákvæði á með réttu heima í lögum um dánarvottorð.

Aðaltilefni þess, að frv. þetta er borið fram, eru ákvæði 6. gr. núgildandi laga nr. 42/1950, þess efnis, að dánarvottorð skuli fylgja líki, ef það er flutt úr einu prestakalli í annað til útfarar. Slíkir flutningar hafa farið mikið í vöxt, vegna þess að fleiri og fleiri sjúklingar úr sveitum og kauptúnum deyja á sjúkrahúsum í kaupstöðum. Hefur þessi tilhögun, að dánarvottorð fylgi líkum, sem flutt eru úr einu prestakalli í annað, gefizt illa í framkvæmd, þar sem þessi vottorð fara um margar hendur og berast oft ekki hlutaðeigandi presti fyrr en seint og síðar meir, auk þess sem þau iðulega glatast. Leiðin til úrbóta er hér sú að láta slík dánarvottorð aldrei fara úr því prestakalli, þar sem mannslátið bar að. Í samræmi við það er í frv. (sjá 1. og 5. málsgr. 5. gr.) lagt til, að dánarvottorð skuli ávallt afhent sóknarpresti þess prestakalls, þar sem dánarheimili hins látna var, og ber hlutaðeigandi sóknarprestur ábyrgð á skilum vottorðsins til Hagstofunnar, á sama hátt og hann ábyrgist skil dánarvottorða þeirra, sem hann sjálfur syngur yfir. En með því að prestur sá, er annast útfararathöfn látins manns úr öðru prestakalli, verður að hafa í höndum dánarvottorð eða jafngildi þess, er gert ráð fyrir því í frv., að presturinn á dánarstað kvitti fyrir móttöku dánarvottorðsins með skriflegri staðfestingu, og skal hún fylgja líkinu til þess prests, er annast útfararathöfn hins látna í öðru prestakalli (sjá 6. gr. frv.). Það skal tekið fram, að samkvæmt 7. málsgr. 5. gr. eiga þessar reglur ekki að gilda við flutning á líki milli prestakalla í Reykjavíkurprófastdæmi. — Til þess að tryggja sem bezt framkvæmd á þessum reglum, er svo fyrir mælt í 7. gr. frv., að útfararstjóri, sem annast um flutning á líki úr einu prestakalli í annað, skuli sjá um öflun staðfestingar þeirrar, er fylgja skal líkinu.

Þá eru í frv. sérstakar reglur, er prestvígðir menn aðrir en sóknarprestar skulu fylgja, þegar þeir annast útfararathöfn. Ákvæði 3. málsgr. 5. gr. frv. um þetta sam-

svara ákvæðum 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 31/1956, um þjóðskrá og almannaskráningu, og 2. málsgr. 7. gr. í frv. um sama efni, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Þá eru í 5. gr. frv. ýtarlegri reglur um afhendingu dánarvottorða en eru í 5. gr. núgildandi laga. Þar á meðal er í þessari gr. kveðið á um, hvaða reglum skuli fylgt við afhendingu dánarvottorða, þá er lík er flutt hingað til lands til greftrunar (sjá 2. málslið 1. málsgr. 5. gr. og 2. málslið 7. gr.), og þá er lík er flutt úr landi (sjá 2.—4. málslið 5. málsgr. 5. gr. og 2. málslið 7. gr.).

Enn fremur er gert ráð fyrir niðurfellingu ákvæða um árlegar skýrslur presta til héraðslækna (sjá 8. gr. laga um dánarvottorð) og um samsvarandi árlegar skýrslur héraðslækna til landlæknis (sjá 9. gr. sömu laga). Er ekki lengur þörf á þessari skýrslugerð presta og héraðslækna, enda hefur Hagstofan á takteinum allar þær upplýsingar, er hér um ræðir og máli skipta.

Eins og fyrr greinir eiga dánarvottorð að ganga beint til Hagstofunnar frá prestum, til þess að innheimta vottorða verði sem öruggust og fljótust. Þetta þýðir, að héraðslæknar fá ekki í hendur dánarvottorð þeirra, sem deyja í læknishéraðinu, þ. e. a. s. þau vottorð, sem gefin eru út af öðrum læknum. Með því að æskilegt er, að héraðslæknir fái vitneskju um alla, sem deyja í héraðinu og úr hverju þeir hafi dáið, mun Hagstofan framvegis senda hverjum héraðslækni árlega skrá yfir öll mannslát í læknishéraðinu undangengið ár, með upplýsingum um dánarmein hvers manns og annað, er máli skiptir. Þetta á þó ekki að gilda hvað snertir Reykjavíkur-, Kópavogs-, Hafnarfjarðar- og Álafosshéruð, en hins vegar verður séð fyrir því, að héraðslæknar þessara umdæma hafi greiðan aðgang að dánarvottorðum hvers árs á Hagstofunni tiltekinn tíma á ári hverju. — Ástæðulaust er að lögbinda þetta, m. a. vegna þess að unnt á að vera að breyta tilhögun þessarar þjónustu með samkomulagi landlæknis og hagstofustjóra, án þess að koma þurfi til nýrrar lagasetningar. Hagstofan skuldbindur sig hins vegar til að láta héraðslæknum í té þessa eða hliðstæða þjónustu framvegis, meðan landlæknir telur hana æskilega. Með þessari árlegu skrárgerð Hagstofunnar í þágu héraðslækna er bætt úr þeim annmarka, að ekki er gert ráð fyrir því í frv., að héraðslæknar fái dánarvottorðin í hendur til athugunar og upplýsingar.

Nd. 557. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um verkamannabústaði.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

JSk áskilur sér rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur. Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 30. marz 1962.

Sigurður Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Jón Kjartansson.
	Jón Skaftason.	

Nd. 558. Breytingartillögur [155. mál]

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Jóni Skaftasyni.

1. Við 4. gr. Síðasti málsl. 2. málsgr. orðist svo:
   Seðlabankinn ákveður vexti á lánunum í samráði við ríkisstjórnina, en eigi mega þeir vera hærri en 3% — þrír af hundraði.
2. Við 6. gr. 5. töluliður orðist svo:
   Að íbúðir séu hagkvæmar, teikningar samþykktar af stjórn Byggingarsjóðs og bygging íbúðanna boðin út.

Ed. 559. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:
3. og 4. málsl. fyrri málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að kr. 400.00 á hvern teningsmetra, þó aldrei meiru en kr. 2000.00 á hvern fermetra gólfflatar. Byggingarlánin endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 50 árum.

Einn nefndarmanna (ÓB) var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 30. marz 1962.

Auður Auðuns, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson. Páll Þorsteinsson.
Finnbogi R. Valdimarsson.

Ed. 560. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (ÓB) var fjarverandi, þegar frv. var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 30. marz 1962.

Auður Auðuns, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson. Finnbogi R. Valdimarsson.
Páll Þorsteinsson.

Nd. 561. Frumvarp til laga [124. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. marz.)

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er, að fengnum tillögum landlæknis, að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar við nauðsynleg lækningatæki og útbúnað í lækningastofu héraðslæknis í fámennum læknishéruðum, gegn jafnmiklu framlagi frá læknishéraðinu.

2. gr.

2. málsgrein 10. greinar laganna falli niður, en í stað hennar komi svo hljóðandi:

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer sem hér segir:

1. Embættislaun héraðslækna skulu greidd fyrir embættisstörf, en til slíkra starfa telst einkum: Samfelld gegningarskylda læknis í héraði, öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisaðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðiseftirlit, svo sem með vatnsbólum, fráræslu, húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðum og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna.

2. Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir samningum, er stéttarfélög lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkrasamlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar.

3. Fyrir störf, önnur en embættisstörf, í þágu ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir sömu reglum og þá er sjúkrasamlög eða aðrar greinar almannatrygginga eiga í hlut.

4. Fyrir störf í þágu annarra en almannatrygginga, ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir reglum, er stéttarfélög lækna setja og birta almenningi. Nú eru slíkar reglur ekki birtar, og mega þá læknar, er í hlut eiga, ekki krefjast hærri greiðslu en þá er almannatryggingar eiga í hlut.

5. Ef samkomulag næst ekki um greiðslur samkvæmt liðum 2—4, semur landlæknir héraðslæknum gjaldskrá fyrir læknisverk, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 562. Frumvarp til laga [178. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Nd., 30. marz.)

Samhljóða þskj. 530 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:

Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir:

a. Allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
b. — — 1% — — verzlunarskipa.
c. — — 1½% — hvers konar iðnaðarrekstri.
d. — — 2% — öðrum atvinnurekstri.

Aðstöðugjald af rekstri fiskiskipa og hvers konar starfsemi við fiskvinnslu má eigi nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en veltuútsvar var á hverjum stað árið 1961. Heimilt skal þó sveitarfélögum, sem ekki lögðu á veltuútsvör, eða lögðu á lægri veltuútsvör á árinu 1961, miðað við tegund gjaldstofns, en lögð voru á í Reykjavík það ár, að hækka aðstöðugjald allt að þeim hundraðshluta, sem veltuútsvör þar voru þá á lögð.

Ed. 563. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l um breyt á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndarmenn greindi á um þetta frumvarp, sem er lagt fram af ríkisstjórninni til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 1. ágúst 1961.

Efni bráðabirgðalaganna er, að Seðlabankinn ákveði „að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli". Með lögunum er því gengisskráningarvaldið tekið af Alþingi og afhent Seðlabankanum.

Meiri hluti fjárhagsnefndar vill, að bráðabirgðalögin verði samþykkt óbreytt. Meiri hlutann skipa þrír stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar (JÞ, MJ, ÓB).

Við, hinir nefndarmennirnir (undirritaður og BjörnJ), teljum, að Alþingi eigi **ekki** að staðfesta frumvarpið, og skilum um það sérálitum.

Frumvarpið var lagt fram í upphafi þings og er því búið að velkjast í þinginu hátt á fimmta mánuð. Þessi langi tími stafar af því, að frumvarpið hefur haft mikinn mótbyr. Nú bíta stjórnarflokkarnir á jaxlinn, — ýta hvor á annan — og herða lífróðurinn til að ná landi með þetta ólánsfar sitt og hinn svonefnda „kálf", sem við það er bundinn og syndir í kjölfarið, — en „kálf" hafa þingmenn yfirleitt kallað frumvarp á þskj. 13, sem er „frumvarp til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu" — líka til staðfestingar á bráðabirgðalögum, útgefnum 3. ágúst 1961.

Um „kálfinn" ræði ég ekki frekar á þessu þingskjali. Hann er bráðabirgðalög, sem stjórnskipulega var heimilt að setja, þótt illu heilli væri gert, eins og sakir stóðu.

Hins vegar var óheimilt samkvæmt stjórnarskránni að taka með bráðabirgðalögum gengisskráningarvaldið af Alþingi og fela það Seðlabankanum.

Stjórnarskráin (28. gr.) heimilar útgáfu bráðabirgðalaga með svofelldum ákvæðum:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi."

Ljóst er af ákvæðunum, að ekki má samkv. grundvallarlögunum — stjórnarskránni — gefa út bráðabirgðalög nema **„milli þinga"** og aðeins **„þegar brýna nauðsyn ber til"**.

Engin haldbær rök finnast fyrir því, að „brýn nauðsyn" hafi verið á því að fela Seðlabankanum gengisskráningarvaldið í sumar sem leið. Ríkisstjórnin hafði sjálf það vald „milli þinga", ef hún taldi nýja gengisskráningu „brýna nauðsyn".

Eftirtektarvert er, að forseti Íslands „gerir kunnugt", um leið og hann setur bráðabirgðalögin, að viðskiptamálaráðherra, sem biður um setningu laganna, tjái, að það „þyki eðlilegast, að Seðlabanki Íslands" — — „skrái gengi íslenzkrar krónu".

Sjálf ríkisstjórnin hefur þá þegar fundið, að um „brýna nauðsyn" var ekki að ræða.

Útgáfa þessara bráðabirgðalaga brýtur í bág við stjórnarskrá Íslands.
Alþingi má ekki sóma síns vegna staðfesta slík lög og opna þar með vegna fordæmisins upp á gátt fyrir brotum á 28. gr. stjórnarskrárinnar eftirleiðis.
Ég legg til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 31. marz 1962.

Karl Kristjánsson.

Ed. 564. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 31. marz 1962.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.
Jón Þorsteinsson.
Gunnar Guðbjartsson, með fyrirvara.
Páll Þorsteinsson.

Nd. 565. Breytingartillaga [168. mál]

við frv. til l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða. Aftan við 1. málsgr. komi:
Heimilt er að veita togbátum aðstoð samkvæmt þessu ákvæði vegna aflabrests á árinu 1960.

Nd. 566. Frumvarp til laga [213. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1962—1965, að báðum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykja-

vík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk stjórnar Búnaðarfélags Íslands og byggingarnefndar Bændahallarinnar. Einstakir nefndarmenn áskilja sér allan rétt í afstöðu sinni til málsins og hafa um það óbundnar hendur.

Sem greinargerð með frv. birtist hér á eftir sem fylgiskjal bréf Steingríms Steinþórssonar búnaðarmálastjóra til nefndarinnar.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 24. marz 1962.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Á nýafstöðnu búnaðarþingi var samþykkt ályktun um framlengingu á bráðabirgðaákvæði laga um breytingu á lögum um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Ályktun þessi var svo hljóðandi:

„Búnaðarþing ályktar að skora á Alþingi að framlengja um 4 ár frá 1962—1965, að báðum árum meðtöldum, bráðabirgðaákvæði laga nr. 10 17. marz 1959, um breytingu á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, og felur stjórn Búnaðarfélags Íslands og byggingarnefnd að flytja málið við Alþingi, er nú situr.

Benedikt Grímsson. Helgi Kristjánsson. Bjarni Ó. Frímannsson.
Jón Sigurðsson. Einar Ólafsson. Ketill S. Guðjónsson.
Siggeir Björnsson."

Um leið og stjórn Búnaðarfélagsins sendir þessa ályktun búnaðarþings og leggur að sjálfsögðu hina mestu áherzlu á, að sú breyting á lögum um búnaðarmálasjóð, sem hér er farið fram á að gerð sé, verði samþykkt af hinu háa Alþingi, vill stjórn félagsins leyfa sér að taka eftirfarandi fram:

Í upphafi er gjaldið til búnaðarmálasjóðs lögfest á þeim grundvelli, að það gæti orðið til styrktar og til þess að efla félagssamtök landbúnaðarins. Var gjaldið lögfest þannig, að það skyldi renna að hálfu til Stéttarsambands bænda og að hálfu til búnaðarsambanda landsins.

Síðastliðin 4 ár fengu búnaðarsamtökin lögfest ½% aukagjald vegna byggingar Bændahallarinnar, sem rann að ⅔ hlutum til Búnaðarfélags Íslands og að ⅓ til Stéttarsambands bænda. Ástæðan fyrir því, að farið var fram á þetta framlag af bændanna hálfu, var sú, að til byggingarinnar hefur aðeins fengizt lán til 10 ára með háum vöxtum og er því mjög óhagstætt. Auk þess hefur allur byggingarkostnaður svo og verð á öllu innbúi í hótelið stórhækkað á síðastliðnum 2 árum, svo að öll framkvæmd verksins fer langt fram úr því, sem í upphafi var ætlað. Af þessu leiðir, að óumflýjanlegt er að fá nýtt lán til þess að geta lokið þessu stórvirki. Enn má geta þess, að þegar byggingarlánið var tekið, gerði Framkvæmdabankinn það að skilyrði, að hann fengi að tryggingu þetta framlag bændanna upp í greiðslu vaxta, og skyldi það lagt inn á sérstakan bankareikning, og má því telja

víst, að sama krafa verði gerð gagnvart nýrri lántöku. Það er því óhugsandi, þó að rekstur hússins bæri sig í bezta lagi, að unnt sé að standa undir vöxtum og afborgunum af skuldum byggingarinnar á svo skömmum tíma sem hér um ræðir, nema með þeirri aðstoð af bændanna hálfu, að umrætt ½% gjald til búnaðarmálasjóðs verði framlengt næstu 4 ár, eða 1962—65, að báðum árum meðtöldum.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands og byggingarnefnd Bændahallarinnar, sem er skipuð mönnum bæði frá Bf. Ísl. og Stéttarsambandinu, treystir því, að hið háa Alþingi bregðist jákvætt við þessari málaleitan vorri.

Virðingarfyllst,

Steingr. Steinþórsson.

Nd. 567. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Gísla Guðmundssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 1. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Verksmiðjurnar skulu greiða ¼% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. Heimilt er sveitarstjórnum að innheimta aðstöðugjald af öllum öðrum rekstri verksmiðjanna en síldarbræðslu, þar á meðal vegna seldrar vinnu vélaverkstæða þeirra. Að öðru leyti eru verksmiðjurnar undanþegnar gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, svo og tekju- og eignarskatti.

Ed. 568. Lög [34. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi.

(Afgreidd frá Ed. 31. marz.)

Samhljóða þskj. 37.

Ed. 569. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um aðstoð við fatlaða.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt

að 20 aurum af hverjum stokki, er verzlunin selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

Alþingi, 31. marz 1962.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.
Karl Kristjánsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 570. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til laga um Ríkisábyrgðasjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (BjörnJ) skrifar þó undir nefndarálitið með fyrirvara. Einn nefndarmanna (KK) tók ekki afstöðu til málsins.

Alþingi, 31. marz 1962.

Ólafur Björnsson, form. Magnús Jónsson, frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Björn Jónsson, með fyrirvara.

Ed. 571. Breytingartillögur [170. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 8. gr. Aftan við næstsíðustu málsgrein komi: ef nauðsynlegt þykir.
2. Við 12. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Stofnlánadeild er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr. og ákvæði 6. gr. að endurlána erlent lánsfé til bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasamtakanna, enda séu skuldabréf fyrir þeim lánum með gengisákvæði.

Ed. 572. Breytingartillaga [161. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Á eftir orðunum „fasteignamatsverð hennar“ í 17. gr. laganna komi: en skal þó ekki vera lægra en áhvílandi veðskuldir.

Nd. 573. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

(Eftir 3. umr. í Ed., 31. marz.)

1. gr.

d-liður 1. gr. laganna orðist svo:

Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kunna að hafa verið teknar í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði, ræktunarsjóði og raforkusjóði vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til, eða lánsstofnunum, sem koma kunna í þeirra stað.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 1. gr.

Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í umdæmi hans, ásamt staðfestu samriti af óðalsréttarsamningi.

Búnaðarfélag Íslands skal láta gera fyrirmynd, í samráði við landbúnaðarráðuneytið, að óðalsréttarsamningi, þar sem fram sé tekið, auk þess sem áður er tilgreint, þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og ræktanlegs, meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin, hlunnindi og aðra aðstöðu til búrekstrar. Enn fremur skrá yfir fylgifé, skjöl, minjagripi og annað það, er óðalinu kann að fylgja. Gerninginn skal þinglesa á næsta manntalsþingi.

Verði misbrestur á, að stjórn Búnaðarfélags Íslands berist þau gögn, er að framan greinir, skal stjórn félagsins krefjast, að úr því verði bætt.

3. gr.

Niðurlag 10. gr. laganna, orðin „og færast ekki sem fylgifé þess“ o. s. frv. til enda greinarinnar falli burt.

4. gr.

Á eftir 2. málslið 11. gr. laganna komi:

Við skipti má eigi skerða ræktað land óðalsjarðar, nema um sé að ræða túnauka, fráskilinn heimatúni. Komi hlunnindi til skipta, skal óðalsjörðin ávallt halda að minnsta kosti ⅗ hlutum þeirra. Um reka fer þó eftir fjörumáli, sem hverjum jarðarhluta tilheyrir, ef hann kemur til skipta.

5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands, Ræktunarsjóði Íslands og raforkusjóði samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

Fylgja skulu beiðninni um lán teikningar af hinni fyrirhuguðu byggingu, samþykktar af Teiknistofu landbúnaðarins, og byggingarvottorð um framkvæmd verksins frá byggingarfulltrúa viðkomandi héraðs. Ef um aðrar framkvæmdir er að ræða, þá skal fylgja lánbeiðninni úttekt og möt samkvæmt þeim reglum, er um þessi lán gilda á hverjum tíma.

6. gr.

8. málsgrein 14. gr. laganna orðist svo:

Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafizt yfirmats, og fer um það samkvæmt 53. gr. ábúðarlaganna.

7. gr.

Á eftir orðunum „fasteignamatsverð hennar“ í 17. gr. laganna komi: en skal þó ekki vera lægra en áhvílandi veðskuldir.

8. gr.

b-liður 19. gr. laganna orðist svo:

Til barna þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt, hafi óðalsréttarhafi veitt þeim þann rétt með sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi.

d-liður sömu lagagreinar falli niður.

9. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnunum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni, ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda.

Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 11. gr., og sitji það barn eða þau börn fyrir, sem hafa að staðaldri unnið með foreldrum sínum á jörðinni og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr. Sama regla gildir um ættarjarðir.

10. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Ættarjarðir heita í lögum þessum þær jarðir, sem eru ekki óðalsjarðir, hafi þær:

a. Verið skrásettar sem ættarjarðir samkvæmt lögum nr. 116/1943 eða með sérstökum gerningi, áður en þessi lög taka gildi.
b. Verið í ábúð eða eign sömu ættar í 75 ár eða lengur og eru enn í eign hennar, þegar lög þessi öðlast gildi.
c. Verið ráðstafað til erfingja, ættmenna eða annarra með sérstökum gerningi samkv. 30. gr.
d. Þetta ákvæði tekur einnig jafnóðum til jarða, er síðar fullnægja skilyrði b-liðar um eigu eða ábúð sömu ættar.

Eftir gildistöku þessara laga skulu sýslumenn, hver í sinni sýslu, tilkynna hlutaðeigandi ábúendum eða eigendum jarða, er falla undir a- og b-lið þessarar greinar, að jarðir þeirra verði skrásettar sem ættarjarðir að átta mánuðum liðnum, frá því að lögin taka gildi, hafi eigandi eða ábúandi ekki innan þessa tíma tilkynnt sýslumanni skriflega, að hann hafni því, að jörð hans falli undir ákvæði laganna. Sama rétt til höfnunar hafa ábúendur og eigendur jarða, sem getið er í d-lið. Ákvörðun jarðareiganda gildir, á meðan hlutaðeigandi maður býr á jörðinni.

11. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Jörð, sem um ræðir í a- og b-lið 26. gr., má ekki selja úr ættinni fyrr en að ættmennum frágengnum, sbr. 19. gr.

Nú hefur ættarjörð við skipti dánarbús eða á annan hátt skipzt í tvo eða fleiri hluta, sem eru minni en svo, að þeir fullnægi þeim kröfum, er nýbýlastjórn gerir um stofnun nýbýla, eða eigandi hefur ekki aðstöðu til að nytja sjálfur þennan jarðarhluta, þótt nægjanlega stór sé, og er honum þá skylt að leigja sinn hluta jarðarinnar þeim eiganda hennar og ábúanda, ef fleiri eru, sem hann kýs helzt, og fer þá um leigumála samkvæmt 35. gr.

Ákvæðin um ófullnægjandi landstærð koma þó ekki til framkvæmda, ef eigandi hluta úr ættarjörð, sem ekki telst nægilegur til stofnunar sjálfstæðs býlis, getur fengið keypt til viðbótar samliggjandi land frá annarri jörð, þannig að hvort tveggja til samans, ættarhlutinn og viðbótin, fullnægi þeim skilyrðum, sem nýbýlastjórn setur um stofnun nýbýla, enda hafi hann hafizt handa um stofnun nýbýlis innan 5 ára, frá því að hann fékk viðbótarlandið.

12. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Nú vill eigandi ættarjarðar samkv. a- og b-lið 26. gr. selja jörðina, og skal hann þá bjóða hana fyrst niðjum sínum til kaups og ábúðar, systkinum sínum og afkomendum þeirra fyrir fasteignamatsverð, að viðbættu matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að fasteignamat hefur farið fram. Vilji þessir aðilar ekki kaupa, er jarðeiganda frjálst að selja jörðina hæstbjóðanda.

13. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð á hverjum tíma, að viðbættu matsverði á þeim umbótum, sem gerðar hafa verið á jörðinni, frá því að aðalfasteignamat fór fram, þó ekki lægra en áhvílandi veðskuldir. Seljandi getur enn fremur krafizt hækkunar á söluverði fasteignar, ef tekjur af veiðiréttindum, jarðhita eða öðrum hlunnindum svo og tekjur af malarnámi, er jörðinni fylgja, hafa hækkað að mun, frá því að síðasta fasteignamat fór fram.

Mat á umbótum og auknum hlunnindatekjum skal framkvæmt af úttektarmönnum. En krafizt getur jarðareigandi þess, að kaupandi greiði honum jarðarverðið að fullu við undirskrift kaupsamnings, að frádregnum áhvílandi veðskuldum.

Nú er ættarjörð leigð til ábúðar, og hafa þá ættmenn forgangsrétt að ábúðinni eftir sömu reglu og þegar um kaup er að ræða samkvæmt 28. gr. Fer þá um leigumála eftir ákvæðum 35. gr.

14. gr.

30. gr. laganna breytist þannig, að niður falli „og að frádregnum ½ jarðabótastyrknum á þær umbætur“.

15. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sýslumenn skulu halda skrá yfir allar ættarjarðir innan síns lögsagnarumdæmis og færa þær í sérstaka bók samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, séu þær ekki óðalsjarðir. Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, með aðstoð fróðustu manna og beztu heimilda, sem föng eru á, gera skrá yfir þær jarðir í hreppnum, sem falla undir a- og b-liði 26. gr., ásamt greinargerð fyrir ábúð eða eignarhaldi hlutaðeigandi ættar á hverri jörð um sig síðastliðin 75 ár.

Þegar hreppstjóri skrásetur ættarjörð, skal hann jafnframt gera lýsingu af jörðinni, svo sem fyrir er mælt í 3. gr. um skrásetningu óðalsjarða, sbr. 3. málsgr. hennar, eftir því sem við á. Skal það gert í samráði við jarðareiganda eða ábúanda. Leita skal staðfestingar jarðareiganda á, að skýrsla hreppstjóra sé rétt. Skrásetningu þessa og annað, er henni tilheyrir, skal hreppstjóri færa í úttektar- og virðingarbók hreppsins.

Skrásetning ættarjarðar ásamt greinargerð og jarðarlýsingu skal gera í tvíriti og færa á þar til gerð eyðublöð, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera í samráði við landbúnaðarráðuneytið. Skal annað eintakið varðveitt á skrifstofu sýslunnar. Hitt eintakið skal sýslumaður senda Búnaðarfélagi Íslands, eftir að hann hefur fullvissað sig um, að ekkert sé við það að athuga.

Nú verður ágreiningur um, hvort jörð sé ættarjörð. Skal sýslumaður þá rannsaka málavexti og fella því næst úrskurð í málinu. Geta skal þess í afsals- og veðmálabókum hlutaðeigandi sýslu eða kaupstaðar, að jörð sé ættarjörð, og sömuleiðis breytinga, er á því kunna að verða.

Hreppstjórar skulu endurskoða árlega skrána yfir ættarjarðir í hreppnum og fella niður eða bæta við jörðum, eftir því sem tilefni er til. Tilkynna skal sýslumanni allar slíkar breytingar.

16. gr.

Aftan við 1. málsgr. 34. gr. laganna komi:

Heimilt er þó að byggja slíkar jarðir í lífstíðarábúð, ef viðtakandi óskar sérstaklega eftir því.

17. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 34. gr., skal vera 3% af fasteignamatsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst, og kúgildi með verðlagsskrárverði. Við ákvörðun jarðarafgjalds skal jafnframt miða við þá tölu búfjár eða það magn afurða, er þarf til að greiða eftirgjaldið, er leigusamningurinn er gerður, og miðað við verðlag þess árs. Eftirgjaldið greiðist í peningum eftir verðlagsskrárverði eða gangverði þessara afurða í viðkomandi sýslu ár hvert, sbr. 10. gr. ábúðarlaga.

Nú leggur landsdrottinn fram fé til umbóta á jörðinni, og skal þá landskuld hækka, þannig að af framlagi til íbúðarhúsa greiðist sömu vextir og af lánum hjá byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands, en af framlagi til annarra umbóta sömu vextir og af lánum ræktunarsjóðs, eins og þessir vextir eru á hverjum tíma.

Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum, ef annað er ekki fram tekið í byggingarbréfi.

Skylt er erfðaleiguábúanda að greiða árleg iðgjöld af brunabótavirðingu húsa á erfðaleigujörðum án endurgjalds frá landsdrottni. En kostnað við virðingu á eignum landsdrottins greiðir hann að sínum hluta.

18. gr.

Fyrri málsliður 36. gr. laganna orðist svo:

Ábúandi greiðir leiguliðabót, svo sem fyrir er mælt í ábúðarlögum, 14. gr., og auk þess af fé því, er landsdrottinn hefur greitt til húsabóta og annarra umbóta á jörðinni.

19. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Þurfi að byggja jörð, sem er í erfðaábúð, til bráðabirgða (sbr. 46. gr., 6. lið), fer um upphæð jarðarafgjalds eftir samkomulagi. Hús og önnur mannvirki á jörðinni, sem aðrir eiga, skulu auk þess leigð að minnsta kosti fyrir þeim vöxtum af lánum, er ber að standa straum af, ella sparisjóðsvexti.

20. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið ekki hækka umfram það, er leiðir af hækkun fasteignamats vegna verðbreytinga og framlags ríkissjóðs. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal afgjaldið ákvarðast samkvæmt ákvæðum 35. gr. Þó

getur hvor aðili krafizt millimats fasteignamatsnefndar, ef liðin eru þrjú ár eða meira, frá því að síðasta fasteignamat fór fram.

21. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú verður jörð fyrir skemmdum, svo að jarðarnytjar rýrna að mun, og fer þá um það samkvæmt 35. gr. ábúðarlaga.

22. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Þegar ábúandaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru í erfðaábúð, skal fara fram úttekt af lögskipuðum úttektarmönnum, og fer um það samkvæmt ákvæðum 13., 50. og 53. gr. ábúðarlaganna.

23. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem eru í erfðaábúð, að skipta þeim milli barna sinna. Skal erfðaábúandi tilkynna það landsdrottni og leita samþykkis hans á skiptingunni.

Tryggt skal, að hvert býli hafi að minnsta kosti þá lágmarksstærð, er nægi til framfærslu meðalfjölskyldu (sbr. 14. gr. laga nr. 48/1957) að dómi nýbýlastjórnar, enda samþykki hún skiptinguna. Við skipti skal ekki skerða tún heimajarðar, ef unnt er (sbr. 28. gr. laga nr. 48/1957), og að öðru leyti fer um skiptinguna samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

Leigumáli á úrskiptu býli skal ákveðinn samkvæmt ákvæðum 35. gr. þessara laga.

Ef búrekstraraðstaða á heimajörðinni breytist verulega við slíka skiptingu, getur ábúandi krafizt endurskoðunar á leigumála jarðarinnar að undangengnu mati úttektarmanna.

24. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir hreppsnefnd eða sýslunefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er í erfðaábúð, og skulu þá þessir aðilar snúa sér til nýbýlanefndar viðkomandi sýslu, sem skal rannsaka allar aðstæður og gefur viðkomandi aðilum rökstutt álit um málið. Að svo búnu getur sýslunefnd eða hreppsnefnd, ef þeim þykir ástæða til, sent álit nýbýlanefndar og tillögur sínar um skiptingu jarðarinnar til nýbýlastjórnar ríkisins.

Verði skipti ákveðin á jörðinni, skulu þau fram fara samkvæmt ákvæðum 43. gr., eftir því sem við getur átt.

Ábúandi á rétt á því, að ættingjar hans, er hann kýs til, sitji fyrir ábúð á hinu úrskipta landi.

Nú taka aðrir, ábúanda óskyldir, ábúð á hinu úrskipta landi, og skal þá sá, er hefur ábúð á jörðinni, og samerfingjar hans fá fullar bætur fyrir það, sem hið úrskipta land hefur hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, en taka skal tillit til eðlilegrar fyrningar á jarðabótum.

Um lækkun á jarðarleigu hans í þessu sambandi gilda ákvæði síðustu málsgr. 43. gr.

Aldrei má það land, sem hann hefur eftir, vera minna virði en land jarðarinnar var, þegar hans ætt tók við jörðinni, nema landeigandi og ábúandi samþykki.

Einnig skal ábúandi fá hæfilegar bætur, ef svo mikið er tekið af landi jarðarinnar, að það land, sem eftir er, samsvarar eigi þeim húsum, sem byggð hafa verið á jörðinni, enda hafi þau samsvarað heilbrigðum búrekstri á jörðinni allri.

Um byggingu þeirra jarða, er verða til við skiptingu eftir þessari grein, fer eftir fyrirmælum 35., 38. og 46. gr., 9. lið. Þó skulu ákvæði 43. gr. gilda um þá jarðarhluta, sem ráðstafað er á þennan hátt innan ættar ábúanda.

25. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðinni til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni í byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

Beiðni um veðleyfi skulu fylgja teikningar, samþykktar af Teiknistofu landbúnaðarins, áritaðar yfirlýsingu úttektarmanna viðkomandi hrepps, að byggingarnar séu við hæfi, miðað við hagfelldan búrekstur á jörðinni.

Sé um jarðabætur að ræða, skal lögð fram með beiðninni yfirlýsing héraðsráðunautar um, að framkvæmdin sé nauðsynleg og líkleg til að stuðla að aukinni arðgæfni í búrekstri á jörðinni.

Jarðeignadeild ríkisins getur krafizt þess af veðleyfisbeiðanda, að hann leggi fram ábyrgð hreppsnefndar hlutaðeigandi hrepps fyrir því, að lán það, er leiguliði tekur með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra umbóta, er úttektarmenn og héraðsráðunautur telja hagkvæmar og nauðsynlegar fyrir búrekstur á jörðinni.

26. gr.

Töluliður 2 í 46. gr. laganna orðist svo:

Erfðaréttur erfist til barna þess hjónanna, sem erfðaábúðarréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum, og á sama hátt fá kjörbörn erfðaábúðarrétt, sbr. 19. gr.

27. gr.

Fyrirsögn XI. kafla laganna verði:

Um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, og 47. gr. orðist svo:

Ábúendur þjóð- og kirkjujarða og annarra opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja ákvæðum 1. gr. og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa búið á jörðinni minnst 3 ár.
2. Gefa út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi.
3. Fyrir liggi yfirlýsing hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þeirra jarða, er að dómi Búnaðarfélags Íslands eða Landnáms ríkisins, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

Námuréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu og sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

28. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 47. gr., skulu seldar fyrir fasteignamatsverð að viðbættu álagi og framlögum þeim, er ríkið kann að hafa lagt til umbóta á jörðinni, eftir að fasteignamat fór fram, en að frádregnu fasteignamatsverði þess, sem ábúandi kann að eiga í jörðinni, er salan fer fram.

Nú fylgir jörð, sem selja á samkvæmt 47. gr., veiðiréttur, er gefur eða líkur eru til að gefi leigutekjur, sem um munar, og er þá jarðareiganda heimilt að fá hann sérmetinn af dómkvöddum mönnum, og kemur það mat til viðbótar fasteignamats-

verði, að svo miklu leyti sem veiðirétturinn kann að verða hærra metinn heldur en í gildandi fasteignamati.

Hið sama skal gilda, vilji ríkissjóður neyta forkaupsréttar, eftir að jörð hefur verið gerð að ættaróðali.

Jarðarverðið greiðist að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær eru gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

29. gr.

51. gr. laganna orðist svo:

Um þau atriði, er lúta að afhendingu og úttekt jarða og ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum ábúðarlaganna. Sama gildir um önnur atriði, sem ekki er sagt fyrir um á annan veg í lögum þessum.

30. gr.

52. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—10000 kr.

31. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4 26. febr. 1946, lög nr. 16 22. febr. 1950 og lög nr. 4 14. marz 1955 svo og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

33. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 116 30. des. 1943 og gefa lögin út svo breytt.

Fyrirsögn laganna verði: Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

Ed. 574. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir með því, að það verði samþ. óbreytt, en tveir nm., þeir KK og BjörnJ, munu skila sérálitum.

Alþingi, 30. marz 1962.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Ed. 575. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til laga um innflutning búfjár.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 11. gr.
   a. Orðin „að Bessastöðum á Álftanesi“ falli burt.
   b. Síðasti málsliður greinarinnar falli burt.

2. Við 13. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Landbúnaðarráðherra skal láta setja á stofn og starfrækja sóttvarnarstöð á hentugum stað í nágrenni Reykjavíkur o. s. frv.

Sþ. 576. Nefndarálit [46. mál]

um till. til þál. um verndun fiskstofna við strendur Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa og leitað umsagnar Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans, og eru umsagnir þessara aðila prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

Hefur nefndin orðið sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka hið fyrsta til athugunar, í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir tjón á fiskstofnum við landið vegna veiða á ungfiski.

Alþingi, 2. apríl 1962.

Benedikt Gröndal, form.	Davíð Ólafsson, fundaskr., frsm.	Gísli Jónsson.
Björn Pálsson.	Gísli Guðmundsson.	Geir Gunnarsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 21. febr. 1962.

Vér höfum haft til athugunar tillögu til þál. á þskj. 54 um verndun fiskstofna við strendur Íslands, sem þér óskuðuð umsagnar vorrar um. Gerir tillagan ráð fyrir athugun á, hvort eigi sé nauðsynlegt að banna ýsuveiðar með herpinót og smásíldarveiðar á grunnmiðum og fjarðabotnum.

Á s. l. ári reyndu nokkrir bátar veiðar á ýsu með herpinót í Faxaflóa, og voru þá notaðar venjulegar síldarnætur. Stóð þetta þó aðeins stuttan tíma, og magn það, sem veiddist, var smávægilegt.

Virðist rétt að athuga, hvort eigi væri ástæða til að setja einhverjar reglur um slíkar veiðar til þess að koma í veg fyrir, að smáfiski sé eytt.

Um smásíldarveiðar er það að segja, að þær hafa verið stundaðar á nokkrum stöðum við landið, en þó mest og stöðugast í Eyjafirði. Meginhluti aflans hefur farið í síldarverksmiðju, en aðeins lítill hluti til niðursuðu og beitu. Ástæða virðist einnig vera til að athuga, hvort ekki beri að gera einhverjar ráðstafanir vegna þessara veiða, bæði með tilliti til veiðanna sjálfra og hagnýtingar aflans.

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS · FISKIDEILD

Reykjavík, 29. jan. 1962.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Fiskideildinni hefur borizt bréf allsherjarnefndar, dags. 5. des. 1961, ásamt tillögu til þingsályktunar um verndun fiskstofna við strendur Íslands.

Ýsuveiðar með herpinót.

Í ársbyrjun 1961 veiddu nokkrir bátar ýsu í hringnót í Faxaflóa, og vakti sú veiði nokkurn úlfaþyt og var jafnvel líkt við rányrkju. Nam ýsuveiði þessi alls 93 tonnum, en árið 1960 varð heildarýsuveiði Íslendinga um 34 þús. tonn, svo að veiði þessi varð aðeins 0.2% af ýsuveiðinni það ár.

Undirritaður gerði ýtarlegar athuganir á afla nokkurra þeirra báta, er þátt tóku í veiðinni, og var fiskurinn mældur, bæði er hann kom upp úr nótinni og eins í landi. Veiðin byggðist svo til eingöngu á tveimur árgöngum af ýsu, þ. e. frá 1956 og 1957, og eru þetta hvort tveggja mjög sterkir árgangar, sérstaklega þó sá eldri, og höfum við fylgzt með árgöngum þessum í rannsóknum okkar undanfarin ár. Lengd ýsunnar í aflanum var frá 35—64 sm og meðallengdin ca. 45 sm, og eins og að framan er sagt, var aðeins um tvo aldursflokka að ræða, fjögurra og fimm ára gamlan fisk, og nokkurn veginn jafnmikið af hvorum um sig.

Til samanburðar var mældur afli útilegubáts á línu, er lagði upp sama dag og athugun þessi var gerð, og reyndist meðalstærð ýsunnar þar 52 sm, eða aðeins 7 sm meiri en ýsunnar, er veiddist í hringnótina.

Það er ekki hægt að segja, að ýsuveiðar bátanna í hringnót á umræddu tímabili hafi á nokkurn hátt verið skaðlegar fyrir stofninn, og því þótti ekki ástæða til að banna þær frá fiskifræðilegu sjónarmiði.

Annað mál er, að verði hafin veiði í stórum stíl með umræddri veiðiaðferð, þá er nauðsynlegt, að málið verði vandlega athugað fiskifræðilega og gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar gætu talizt til friðunar ýsustofnsins, ef í ljós kæmi, að um mikla veiði smáfisks væri að ræða. Eins og er, verður að telja, að ýsustofninn sé ekki í neinni hættu af völdum ofveiði, og ber því nauðsyn til að nýta hann sem bezt.

Það er sjálfsagt og eðlilegt, að við gerum allar ráðstafanir, sem á okkar valdi eru, til þess að tryggja vöxt og viðgang íslenzku fiskistofnanna. Á hinn bóginn verður að segja hér, að það getur verið jafnslæmt að veiða of lítið eins og að veiða of mikið.

Smásíldarveiði.

Nokkur undanfarin ár hefur verið veitt dálítið af smásíld (þ. e. síld á 1. og 2. ári) til bræðslu og niðursuðu norðanlands. Hefur síldin svo til eingöngu verið brædd í Krossanesi, og nam bræðslan árið 1961 um 5 þús. tonnum, en um 4 þús. tonnum árið 1960. Til samanburðar má geta þess, að árið 1960 var heildarsíldveiðin um 136 þús. tonn og árið 1961 nam hún um 320 þús. tonnum. Árið 1961 varð því smásíldarveiðin um 1.5% heildaraflans. Séu þessar tölur bornar saman við síldveiði Norðmanna, þá kemur í ljós, að fyrstu 11 mánuði ársins 1959 nam smásíldarveiðin þar við land rúmlega 20% af heildarsíldveiði þeirra og rúmlega 30% á sama tíma árið 1960. Þess má geta, að norskir fiskifræðingar halda því fram, að smásíldarveiði þessi sé ekki hættuleg stofninum, en um það eru rússneskir starfsbræður þeirra ekki sammála.

Það er álit Fiskideildarinnar, að smásíldarveiði undanfarinna ára geti ekki talizt hættuleg stofninum á þessu stigi, en það verður að gæta þess, að nýting

þessa síldarstofns hefur stórkostlega aukizt á síðustu árum með mjög bættri veiðitækni og á sennilega eftir að aukast allmikið frá því, sem nú er, ef að líkum lætur.

Með tilliti til þeirrar þróunar verður frekari aukning smásíldarveiðinnar að teljast óæskileg. Smásíldarveiði til bræðslu getur ekki talizt mikilvæg fyrir þjóðarbúskapinn, og er því eðlilegt, að veiðunum sé sett ákveðið hámark, frekar en að tefla eldri hluta stofnsins í hættu.

Því getur Fiskideildin fallizt á, að henni verði falið að gera tillögur um hámarksafla, er taka megi af smásíld árlega, og að stöðva megi algerlega veiðar þessar, ef vísindalegar rannsóknir telja það æskilegt.

Virðingarfyllst,

Jón Jónsson,
forstjóri Fiskideildar.

Ed. 577. Nefndarálit [13. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þessi bráðabirgðalög eru rökstudd þannig af forseta Íslands við útgáfu þeirra 3. ágúst 1961:

„Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem Seðlabanki Íslands hafi, með samþykki ríkisstjórnarinnar, ákveðið nýtt gengi íslenzkrar krónu, beri nauðsyn til að lögfesta ákvæði um ráðstöfun gengismunar, breytingar gjalda á útflutningi og nokkur atriði varðandi framkvæmd gengisbreytingarinnar.“

Ríkisstjórnin hafði gengizt fyrir útgáfu annarra bráðabirgðalaga, 1. ágúst 1961, um að fela Seðlabankanum valdið til að skrá gengi íslenzku krónunnar.

Menn spyrja: Hvers vegna réðst ríkisstjórnin í það af vanheimildum að fela Seðlabankanum gengisskráningarvaldið, úr því að hún gat sjálf „milli þinga“, samkv. stjórnarskránni, fellt gengið?

Líklegast er, að henni hafi hrosið hugur við að bera ein ábyrgð af því að fella gengi krónunnar í annað sinn á tveim árum, — og er það mannlegt. Von hennar hafi verið, að hún mundi geta komið þunga ábyrgðarinnar að verulegu leyti á Seðlabankann með þessu móti.

En eins og ríkisstjórnin hefði fyrir fram mátt vita, hefur sú von gersamlega brugðizt. Auðvitað heyrðu allir, að ákvörðun Seðlabankans var ekkert annað en bergmál af fyrirmælum ríkisstjórnarinnar til hans.

Forseti Íslands gerði kunnugt, um leið og hann gaf út bráðabirgðalögin 1. ágúst s.l.:

„Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna hinna miklu kauphækkana, sem átt hafa sér stað að undanförnu, séu fyrirsjáanlegir miklir erfiðleikar í efnahagsmálum, ef ekkert sé að gert. Áhrif kauphækkananna muni á skömmum tíma breiðast um allt hagkerfið og valda almennri hækkun framleiðslukostnaðar og aukinni eftirspurn eftir gjaldeyri, en þetta muni svo á hinn bóginn hafa í för með sér versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna og alvarlegan greiðsluhalla þjóðarbúsins út á við. Til þess að koma í veg fyrir þessa þróun og atvinnuleysi og gjaldeyrisskort, sem henni mundi fylgja, beri nauðsyn til að endurskoða gengisskráninguna í samræmi við breytt viðhorf — — — —“.

Í þessum tilfærðu orðum, sem frekar hefðu efnisins vegna átt að fylgja þessu frumvarpi en frumvarpinu um Seðlabankann, felst tilraun til greinargerðar um

það, hvers vegna ríkisstjórnin vildi fella gengi krónunnar enn á ný. Um leið eru þau fyrirmæli til Seðlabankans um að fella gengið. Þeim fyrirmælum hlýddi bankinn, eins og stjórnin ætlaðist til. Verður ekki sagt, að hann hafi verið óþjáll hinu pólitíska valdi augnabliksins.

Ástæður fyrir gengisfellingunni telur ríkisstjórnin samninga þá, sem vinnuveitendur og verkamenn gerðu sín á milli um kauphækkanir s. l. sumar.

Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. vestra, segir í nefndaráliti sínu í Nd. á þskj. 450 um kaupið, sem verkamenn höfðu átt við að búa:

„Í októbermánuði 1958 var tímakaup verkamanna í Reykjavík kr. 21.85 í dagvinnu. Tillögur þær um efnahagsmál, er ráðherrar Framsóknarflokksins í þáverandi ríkisstjórn lögðu fram þá um haustið, voru við það miðaðar, að kaupmáttur tímakaups héldist óbreyttur, eins og hann var í okótber 1958 eða í febrúar sama ár. Þeim tillögum var hafnað, svo sem kunnugt er, og ágreiningur um þau mál leiddi til stjórnarskipta í desember 1958. Breyttist þá hagur verkamanna skjótt til hins verra, og síðan hafa þeir búið við miklu lakari kjör en þeir áttu kost á að semja um fyrir stjórnarskiptin 1958. Í febrúar 1959 var dagvinnukaup þeirra lækkað niður í kr. 20.67 á klst., og hélzt það óbreytt fram á árið 1961. Var það 5.4% lægra en verið hafði í október 1958, en kaupmáttur tímakaupsins rýrnaði miklu meira á þessu tímabili. Fyrir 8 klst. vinnu alla virka daga nemur þetta kaup rúmlega 4100 kr. á mánuði að meðaltali."

Við þessa gagnorðu og glöggu skýrslu Skúla Guðmundssonar um kaupið er því að bæta, að talið er, að kaupmáttur launa verkamannsins hafi rýrnað frá því í febrúar 1960, þegar ríkisstjórnin setti efnahagslöggjöf þá, er hún vill kenna við „viðreisn", og til maíloka 1961 um 15% (þ. e. úr 99 stigum í 84 stig, ef kaupmátturinn er talinn hafa verið 100 stig árið 1947).

Þannig stóðu sakir, þegar verkalýðsfélögin leituðu kjarabóta fyrir félagsmenn sína og tilkynntu verkföll, ef samningar tækjust ekki. Þau höfðu lengi að undanförnu, án árangurs, beðið eftir úrbót á versnandi kjörum. Alþýðusamband Íslands hafði leitað til ríkisstjórnarinnar um lagfæringar á efnahagsmálunum, er gætu komið í stað kauphækkana, en stjórnin daufheyrzt við þeim málaleitunum.

Komið var sumar og hábjargræðistími, síldveiðar að hefjast við Norður- og Austurland, fiskur á miðum.

Enginn gat neitað því, að kröfur verkalýðsins um bætt kjör voru að fullum tilefnum gerðar.

Spurningin var: Átti að synja þeim eðlilegu kröfum og eyða sumrinu í verkföll?

Samvinnumenn svöruðu með því að semja fyrstir um sanngjarna lausn. Aðrir komu á eftir. Vinnufriðurinn var tryggður. Þjóðarbúinu bjargað úr bráðum háska og stjórn ríkisins gerður mikill greiði.

En hvernig brást ríkisstjórnin við? Hún misskildi hlutverk sitt og aðstöðu. Í stað þess að þakka greiðann, fagna niðurstöðunum og gera sitt til, að þær mættu bera sem heillaríkastan árangur, taldi ríkisstjórnin þetta vera tilræði við efnahagslífið í landinu, — og gerði gagnráðstafanir með því að fella í annað sinn skráð gengi íslenzku krónunnar og nú um 11.6%, en það þýðir 13.1% hækkun á erlendum gjaldeyri.

Með þessum hætti kippti ríkisstjórnin svo rækilega fótum undan kjarabótum þeim, sem verkamenn öfluðu sér með samningum sínum við vinnuveitendur s. l. sumar, að kaupmáttur launa verkamanns í Reykjavík, sem var, áður en samið var, 84 stig, hefur nú lækkað ofan í 83 stig.

Þegar ríkisstjórnin var að láta Seðlabankann fella gengið s. l. sumar, voru mjög góðar horfur með gjaldeyrisvöruframleiðslu og sölu hennar.

Landhelgisútfærslan, sem núverandi stjórnarflokkar voru dragbítar á að fengist, skilar miklum verðmætum í auknum sjávarafla, svo og hin nýja veiðitækni. Með þessu var ríkisstjórninni sjálfsagt og skylt að reikna í sambandi við gengismálið og haga sér þar eftir.

En hvað gerði hún?

Í opinberri greinargerð, sem ríkisstjórnin birti í Morgunblaðinu 14. sept. s. l., vegna gengislækkunarinnar, segir um framleiðsluverðmæti sjávarafurða miðað við gengið 1 dollar = 38 krónur:

	Ár 1959	Ár 1960	Ár 1961
Samtals millj. kr.	2511.6	2325.6	2431.3

Talan fyrir 1961, sem er áætlunartala ríkisstjórnarinnar, fær ekki staðizt, því að framleiðsluverðmæti sjávarafurða varð rúmlega 14% meira 1961 en 1960. (Þó mun sú tala verða í reynd nokkru hærri, af því að bankinn notar í samanburðinum vöruverðið 1961, en það var hærra en 1960).

Sé reiknað með hinu nýja gengi, er framleiðsluverðmæti sjávarafurða:

Árið 1959: 2838 millj. kr.
Árið 1960: 2628 millj kr.
Árið 1961: um 3000 millj. kr.

Þetta er samkv. skýrslu Seðlabankans, dags. 20. febr. 1962. Aukning gjaldeyristeknanna 1961 frá því, sem þær voru 1960, nemur 372 millj. kr., ef miðað er við sjávarafurðirnar einar. Munurinn á aukningu gjaldeyrisverðmæta annars vegar og hækkun peningatekna hins vegar er svo lítill. að hann réttlætir engan veginn gengisfellinguna s. l. sumar.

Hinn hagfræðilegi grundvöllur, sem ríkisstjórnin bjó sjálfri sér í hendur til þess að byggja gengisfellinguna á, er gersamlega brostinn. Reynslan — virkileikinn sjálfur — hefur eyðilagt þann grundvöll og sannað, að gengisfellingin var röng athöfn, sem skaðar almenning.

Hins vegar hefur gengisfellingin orðið drjúg tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Tolltekjurnar hafa aukizt vegna hækkaðs verðs á innflutningi í íslenzkum krónum. Útfluttar afurðir framleiddar á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961 eru greiddar útflytjendum á því gengi, er gilti fyrir 4. ágúst 1961, þó að síðar séu fluttar út. Þetta er gerræði gagnvart útflytjendunum. Gengismunur sá, sem þar kemur fram, er færður ríkissjóði til tekna á reikning í Seðlabankanum.

Talið er, að innstæða í þeim reikningi, eins og nú horfir, muni verða um 150 millj. kr. Er henni ætlað að ganga til greiðslu á ríkisábyrgðum (þ. e. í væntanlegan Ríkisábyrgðasjóð) og taka af ríkissjóði þau útgjöld.

Gengisfellingin átti ekki rétt á sér, og framkvæmdareglur hennar — út af fyrir sig — eru stórgallaðar.

Ég legg til, að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 2. apríl 1962.

Karl Kristjánsson.

Ed. 578. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er annað frv., sem flutt er til staðfestingar gengisfellingaraðgerðum ríkisstjórnarinnar á s. l. ári.

Meginefni frv. er það að lögfesta stórfelldar nýjar álögur á sjávarútveginn. Í fyrsta lagi er þar um að ræða upptöku í ríkissjóð á gengishagnaði vegna útflutningsbirgða, sem framleiddar voru á tímabilinu frá 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961, að

upphæð 150.4 millj. kr. skv. áætlunum Seðlabankans. Í öðru lagi er ákveðið að hækka útflutningsgjöld af sjávarafurðum úr 2.9% í 7.4%, eða um 130—140 millj. kr. á ári, og skal þessari hækkun gjaldanna skipt milli lánastarfsemi í þágu útvegsins, vátryggingasjóðs og hlutatryggingasjóðs.

Ríkisstjórnin og talsmenn hennar hafa reynt að verja gengisfellinguna með því tvennu, að hún hafi verið óhjákvæmileg, vegna þess að útflutningsatvinnuvegirnir gætu ekki borið það kaupgjald, sem verkalýðsfélögin og atvinnurekendur sömdu um á s. l. sumri, og að kauphækkunin þá mundi hafa leitt til stórfellds hallarekstrar þjóðarbúsins í utanríkisviðskiptum, ef genginu yrði haldið óbreyttu og láglaunafólk hefði fengið að halda því kaupgjaldi, sem um var samið.

Fyrri „röksemdinni" er feykt burt með flutningi þessa frv. Upptaka gengishagnaðarins og álagning hinna nýju gjalda, sem aðeins að nokkru leyti er skilað aftur til útvegsins, ásamt með þeim stóraukna tilkostnaði, sem af gengisfellingunni leiðir fyrir útveginn, þrengir alveg vafalaust miklu meira að starfsemi mikilvægustu greina hans heldur en hinar hóflegu kauphækkanir hefðu gert að óbreyttu gengi. Ein gleggsta sönnun þessa er sú, að Landssamband ísl. útvegsmanna hafnaði algerlega á aðalfundi sínum nú í vetur tillögu um að lýsa fylgi sínu við gengisfellinguna. Ástæðan til þeirrar afstöðu var auðvitað engin önnur en sú, að útvegurinn telur hag sínum verr borgið en áður.

Síðari fullyrðingin til stuðnings gengisfellingunni, sú, að kauphækkanirnar hefðu leitt til hættulegs ástands í gjaldeyrismálum vegna óhæfilegrar eftirspurnar eftir gjaldeyri, fær ekki heldur staðizt, þar sem allar líkur benda til, að aðeins litlum hluta þeirra hefði verið varið til kaupa á erlendum varningi, og alveg ósannað mál er, hvort sá hluti hefði orðið meiri, þótt vinnustéttirnar hefðu fengið að halda þeim kauphækkunum, sem um var samið, heldur en þótt þær hafi verið fengnar öðrum í hendur með fellingu gengisins. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar til þess að örva innflutning og gjaldeyriseyðslu í miður þarfan varning benda ekki heldur til þess, að ríkisstjórnin sé sjálf trúuð á þessa kenningu sína. Auðvelt var einnig að gera ráðstafanir til takmörkunar á gjaldeyrisnotkun, ef brýn nauðsyn krafði, án þess að grípa til kauplækkunaraðgerða.

Þegar núv. ríkisstjórn tók við völdum, hét hún því hátíðlega, að hún skyldi engin afskipti hafa af kaupgjaldssamningum atvinnurekenda og verkalýðsfélaga. Jafnframt og síðan við mörg tækifæri hefur hún látið í ljós, að 3—4% árleg raunhæf kauphækkun væri eðlileg og framkvæmanleg. Efndir þessara beinu og óbeinu fyrirheita hafa svo orðið þær m. a., að ríkisvaldið hefur í reynd hrifsað til sín valdið yfir kaupgjaldinu og ógilt hvað eftir annað frjálsa samninga þeirra aðila, sem að réttum lögum ber einum um það að fjalla. Og þetta hefur vissulega ekki verið gert í þeim tilgangi að tryggja þær „árlegu raunhæfu kjarabætur", sem ríkisstjórnin telur í orði sjálfsagðar, en á borði eru árlegar árásir á lífskjör vinnustéttanna.

Ef aðeins er litið á tímabilið frá samþykkt „viðreisnarinnar" í febr. 1960, sést, að vísitala kaupmáttar lækkaði úr 99 stigum (miðað við 100 1945) frá því í febr. 1960 og þar til í maí—júní 1961, þegar verkalýðssamtökin freistuðu þess að rétta hlut sinn nokkuð, um 15 stig, í 84 stig, eða um 16.2%, og enn hefur vísitala kaupmáttarins þrátt fyrir kauphækkanirnar s. l. sumar lækkað um 1 stig eða 1.2%, frá því er samningar voru gerðir í júní 1961 og er nú komin lægra en nokkru sinni á s. l. 17 árum. Enn er vitað, að mjög verulegar hækkanir á framfærsluvísitölu eru á næstu grösum, svo að kaupmáttur verkalauna mun enn minnka til muna, ef ekki verður að gert.

Þessi þróun kaupgjaldsmála á sér stað á sama tíma og framleiðsluverðmæti útflutningsvara fer sívaxandi, bæði vegna aukinnar framleiðslu og verðhækkana. En á s. l. ári óx útflutningsverðmæti sjávarafurða einna um 400 millj. kr., og framleiðsla annarra atvinnugreina fór einnig mjög vaxandi, svo sem bæði iðnaðar og landbúnaðar.

Gengisfellingin s. l. sumar og þar með rifting rétt gerðra kjarasamninga átti sér því engar frambærilegar efnahagslegar forsendur, heldur var þar um að ræða allt aðrar og ógöfugri ástæður. Í fyrsta lagi voru þeir réttlátu og hóflegu samningar, sem tókust milli verkalýðshreyfingarinnar og samvinnuhreyfingarinnar til lausnar á verkfallinu og mótuðu kjarasamningana alla að lokum, þyrnir í augum stjórnarflokkanna, sem óttuðust, að hér væri í uppsiglingu víðtækt samstarf þessara stærstu hagsmunasamtaka almennings hvoru öðru til styrktar í lífsbaráttunni. Og ekki þótti í það horfandi að beita alla launamenn í landinu hörðu til þess að eyðileggja árangur slíks samstarfs þegar í upphafi, til þess að það yrði síður fýsilegt í framtíðinni.

Í öðru lagi var gengisfellingin gerð til þess að reyna að sanna verkalýðshreyfingunni, að hún skyldi jafnan hafa verra af, ef hún þyldi ekki möglunarlaust hverjar kjaraskerðingaraðgerðir, sem ríkisstjórninni þóknaðist að leiða yfir almenning, að hún væri hinn sterki aðilinn, sem alltaf hlyti að koma sínu fram, á hverju sem ylti. Þannig átti að skapa vonleysi í röðum verkalýðshreyfingarinnar og gera hana óhæfa til þess að gegna frumskyldum sínum við alþýðu manna, þeim að verja og bæta launakjörin.

Í þriðja lagi hafði svo „viðreisnin“ í skattamálum, sem var í því fólgin að tengja nær allar tekjur ríkissjóðs við neyzluna, leitt af sér fyrirsjáanlegan hallarekstur ríkissjóðs vegna lífskjaraskerðingarinnar og minnkandi neyzlu. Með gengisfellingunni var unnt að stórauka þessa skattheimtu og bjarga stjórnarstefnunni í bili frá því áfalli og þeim álitshnekki, sem hallarekstur ríkissjóðs hefði leitt af sér. Er það og margra skoðun, að gripið hefði verið til gengisfellingar af þessari ástæðu einni, þótt engin kauphækkun hefði átt sér stað.

Af framangreindum ástæðum öllum er ég bæði andvígur sjálfri gengisfellingunni og einnig þeim aðgerðum hennar vegna, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og legg því til, að það verði fellt.

Alþingi, 2. apríl 1962.

Björn Jónsson.

Ed. 579. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 1. ágúst 1961, og hefur málið verið til meðferðar í Nd. frá 11. okt. og þar til fyrir fáum dögum. Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni mæla með samþykkt þess, en undirritaður og KK eru því andvígir.

Efni þessa frv. er það eitt að taka valdið til að skrá gengi gjaldmiðilsins úr höndum Alþingis og fá það í hendur Seðlabanka Íslands, sem frá gildistöku laganna og framvegis skal skrá gengið að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Verði þetta frv. því samþykkt, er endanlega fyrir því séð, að Seðlabankinn og ríkisstjórnin ráða ein genginu og Alþingi ræður þar engu um. Þannig yrði Alþingi svipt einu hinu mikilsverðasta valdi á sviði efnahagsmála og möguleikar skapaðir til þess, að skráning gengisins verði ákveðin í andstöðu við meiri hluta þess.

Slík valdsvipting er í sjálfu sér hrein óhæfa, hvernig sem að henni væri staðið og það jafnt þótt meiri hluti á Alþingi afsalaði sér valdinu að þeim leiðum, sem samrýmanlegar væru stjórnarskránni.

En nú er jafnvel ekki um slíkt að ræða. Valdsviptingin hefur farið fram með útgáfu bráðabirgðalaga, og ríkisstjórnin, sem að þeim stóð, stillir Alþingi frammi fyrir orðnum hlut: gengisfellingu, sem þegar hefur verið ákveðin samkvæmt valdsviptingarlögunum.

Samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga, **þegar brýna nauðsyn ber til.** Hér gat ekki verið um neina nauðsyn að ræða og enn síður brýna til þess að svipta Alþingi gengisskráningarvaldinu, því að ríkisstjórnin gat að sjálfsögðu fellt gengið með bráðabirgðalögum án þess að breyta í nokkru um vald Alþingis. Er því auðsætt, að útgáfa umræddra bráðabirgðalaga var brot á stjórnarskránni og felling gengisins 3. ágúst s. l. í krafti þeirra því á þann veg til komin, að hana ber að fordæma þegar vegna aðferðar þeirrar, sem beitt var henni til framgangs.

Að forminu til fjallar þetta frv. einvörðungu um tilfærslu gengisskráningarvaldsins, en ekki um sjálfa gengisfellinguna s. l. sumar, þótt hana verði að sjálfsögðu einnig að hafa í huga við mat á þessu frv. En um hana má segja, að ekki hallist á um vinnubrögðin og verknaðinn sjálfan. En um gengisfellinguna mun ég fjalla nánar í nefndaráliti um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Ég legg til, að þetta frv. verði fellt.

Alþingi, 2. apríl 1962.

Björn Jónsson.

Nd. 580. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um Samvinnubanka Íslands h/f.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum. Er hún á einu máli um að mæla með samþykkt frv., þar sem sparisjóðsformið sé ekki lengur heppilegt fyrir þá tegund viðskipta, sem Samvinnusparisjóðurinn rekur, enda bankarekstrarformið hið eðlilega fyrir svo umfangsmikil peningaviðskipti. Þá munu flestir nefndarmenn og vera þeirrar skoðunar, að í íslenzkum þjóðarbúskap geti verið æskilegt, að bankar með mismunandi rekstrarfyrirkomulagi, ríkisbankar, einkabankar og samvinnubankar, starfi jöfnum höndum hlið við hlið.

Nefndin hefur borið frumvarp þetta saman við lög um Verzlunarbanka Íslands h/f, og virðist í öllum meginatriðum gæta fullkomins samræmis þar í milli, bæði hvað skyldur og réttindi áhrærir.

Í ljósi þessara athugana eru nefndarmenn allir sammála um að mæla með, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. marz 1962.

Birgir Kjaran form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.

Jóhann Hafstein. Lúðvík Jósefsson.

Nd. **581. Frumvarp til laga** [214. mál]

um sérstakan stuðning við þau togaraútgerðarfyrirtæki, sem skortir hráefni til fiskvinnslustöðva sinna vegna aflabrests togaranna og siglinga á erlenda markaði.

Flm.: Geir Gunnarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 35 millj. kr., og endurlána til kaupa á nýjum fiskibátum þeim togaraútgerðarfyrirtækjum, sem skortir hráefni til fiskvinnslustöðva sinna vegna aflaleysis togaranna og siglinga þeirra á erlendan markað, allt með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast lán, samtals að upphæð allt að 20 millj. kr., sem ofangreindir aðilar taka til kaupa á nýjum fiskibátum.

3. gr.

Samanlögð lán úr Fiskveiðasjóði Íslands og lán veitt samkvæmt lögum þessum mega nema allt að 90% af kaupverði hvers fiskibáts, og ríkisábyrgð má veita fyrir eftirstöðvunum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins segir m. a., að athugun, sem fram hafi farið s. l. ár á hag togaraútgerðarinnar, hafi leitt í ljós, að afkoma hennar sé „svo bágborin, að þess er ekki að vænta, að hún komist af hjálparlaust“. Munu flestir sammála um þá skoðun. Í fyrrgreindu frumvarpi er gert ráð fyrir nokkurri aðstoð við togaraútgerðina vegna aflabrests árin 1960 og 1961, en ekki eru líkur á, að sú aðstoð sé togaraútgerðinni fullnægjandi og sumum fyrirtækjum a. m. k. alls ekki. Samkvæmt skoðun fulltrúa Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, sem komu á fund sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis vegna frumvarps til laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, mundi sú aðstoð, sem það frumvarp gerir ráð fyrir með beinum fjárgreiðslum, þurfa að vera tvöfalt hærri, til þess að hún dygði. Hvað sem hæft er í þeirri skoðun, má fullvíst telja, að gagnvart þeim togaraútgerðarfyrirtækjum, sem verst eru stödd, þarf meira að koma til en gert er ráð fyrir í ofangreindu frumvarpi. Þau skakkaföll, sem togaraútgerðin hefur orðið fyrir á síðustu árum, lýsa sér ekki einungis í stórfelldu fjárhagslegu tapi af rekstri togaranna og fjárþrotum af þeim sökum, heldur einnig í hinu, að vegna þess að fyrirtækin hafa neyðzt til þess að láta togarana sigla með afla sinn óunninn á erlendan markað, hafa vinnslustöðvar sömu fyrirtækja, þar á meðal nýleg og fullkomin frystihús, verið hráefnisvana og starfslaus að miklu leyti. Þannig hefur ofan á rekstrartap togaranna bætzt rekstrartap á fiskiðjuverum, sem ættu að geta gefið góðan arð, ef þau fengju hráefni í stað þess, sem togararnir sigla með, og fyrirtækin því að geta betur borið fjárhagslegt tap af rekstri togaranna, en þörfin á beinum fjárstyrk að minnka að sama skapi.

Vegna gífurlegs taprekstrar undanfarin ár, bæði af rekstri togaranna og vegna vannýtingar á fiskvinnslustöðvunum, er þessum togarafyrirtækjum um megn að ráðast í bátakaup til þess að tryggja fiskvinnslustöðvunum hráefni í stað þess, sem áður kom frá togurunum. Svo hart leikin eru sum togarafyrirtækjanna a. m. k., að þau hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að gera þær ráðstafanir til úrbóta,

sem líklegast er, að væru hagkvæmastar og skynsamlegastar, og bankarnir eru þeim lokaðir til þessara framkvæmda, þar sem fyrirtækin standa nú þegar svo illa gagnvart þeim. Hér horfa málin því vægast sagt óglæsilega, og lítil von er til þess, að aðstoð samkv. fyrirhuguðum lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins bæti úr í þessu efni, þar sem það fjármagn, sem þar er gert ráð fyrir að togarafyrirtækin fái, mun naumast verða á lausu til bátakaupa, sem þó væru mörgum fyrirtækjunum ein hin hagkvæmasta og jákvæðasta úrbót, sem um er að ræða. Fengju þessi fyrirtæki umráð yfir nokkrum góðum vélbátum, eru líkur á, að komið yrði í veg fyrir, að ofan á taprekstur togaranna bættist taprekstur á fiskiðjuverum, sem sum hver eru hin fullkomnustu í landinu. Miklar líkur eru á, að hinar fullkomnu fiskvinnslustöðvar yrðu reknar á arðbæran hátt, er þær gætu bætt sér upp hráefnistapið af völdum siglinga togaranna með bátafiski, og þannig yrði dregið úr þeim skakkaföllum, sem af rekstri togaranna kann að leiða enn um sinn.

Togaraútgerðarfyrirtækjum er mörgum hverjum um megn að eignast þá vélbáta, er hér þyrfti til, en vegna þess, hversu mikið er hér í húfi fyrir það verkafólk, sem við fiskiðjuverin hefur unnið, fyrir fyrirtækin sjálf og þjóðina alla, að nýtt sé til fulls það fjármagn, sem þegar hefur verið lagt í hinar dýru og fullkomnu fiskvinnslustöðvar, tel ég, að það eigi fullan rétt á sér, að ríkisvaldið komi hér til aðstoðar, þar sem hér er um þjóðfélagslegt vandamál að ræða.

Er því lagt til í frumvarpi þessu, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka lán að upphæð allt að 35 millj. kr., sem varið yrði til þess að gera togaraútgerðarfyrirtækjum, sem eiga fiskvinnslustöðvar, sem eru hráefnislausar vegna vandræða togaraútgerðarinnar, kleift að eignast báta af heppilegri stærð. Fyrirgreiðsla ríkissjóðs í þessu efni yrði á þann veg, að til viðbótar við lán úr Fiskveiðasjóði Íslands kæmu til lán framlánuð frá ríkissjóði, þannig að samanlögð lánsupphæð nemi allt að 90% af kaupverði hvers báts, og auk þess veiti ríkissjóður ábyrgð á láni fyrir eftirstöðvunum. Hér væri um að ræða jákvæða aðstoð, sem gæti bætt úr þeim atvinnumissi, sem af siglingum togaranna hefur leitt, og stórbætt aðstöðu ýmissa þeirra togarafyrirtækja, sem verst eru stödd, auk þess sem ráðstafanir þessar eru þjóðhagslega hagkvæmar, þar sem með þeim yrði stuðlað að því að nýta fiskvinnslustöðvar, sem þegar hefur verið varið tugum milljóna króna til að reisa og búa hinum fullkomnustu tækjum, án þess að þær hafi um skeið verið nýttar nema að litlu leyti, en hins vegar hlaðið á sig vöxtum og öðrum föstum kostnaði.

Nd. 582. Breytingartillögur [16. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Við bætist í stafrófsröð:

1. Danielsen, Sonja Johanna Nikolina, húsmóðir, Hafnarfirði, f. í Færeyjum 20. febrúar 1937.
2. Mikkelsen, Ida, húsmóðir, Reykjavík, f. í Færeyjum 22. september 1922.
3. Weidemann, Alma Dorothea Erna, ráðskona, Hafrafelli í Reykhólahreppi, f. í Þýzkalandi 3. október 1930.

Nd. 583. Frumvarp til laga [170. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 367 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Stofnlánadeildarinnar eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim, sem Stofnlánadeildin fær. Ef umbætur þær, sem lán eru veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum, sem keyptar eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir 1. tölulið, skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. 2.—4. tölulið, styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð sýslufélags, ef nauðsynlegt þykir.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr stofnlánadeildinni, að vátryggð séu í vátryggingastofnun, sem sjóðurinn tekur gilda.

12. gr. hljóðar svo:

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands vegna Stofnlánadeildarinnar að taka, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, allt að 300 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé deildarinnar nægir ekki til, að hún geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Eigi er Stofnlánadeild heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði, enda gangi slíkt lán aðeins til vinnslustöðva og vélakaupa.

Stofnlánadeild er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr. og ákvæði 6. gr. að endurlána erlent lánsfé til bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasamtakanna, enda séu skuldabréf fyrir þeim lánum með gengisákvæði.

Ed. 584. Frumvarp til laga [157. mál]

um aðstoð við fatlaða.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. apríl.)

1. gr.

Af þeim innlendum tollvörutegundum, sem taldar eru í lögum nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, 1. kafla nr. 1—7 og 2. kafla nr. 2—5, skal í næstu 10 ár greiða gjald, að upphæð kr. 3.00 af kg, og rennur gjald þetta í Styrktarsjóð fatlaðra, er vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins.

Fé sjóðsins skal ætíð vera handbært til framkvæmda samkvæmt 4. gr. Um stjórn sjóðsins skal nánar ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Sælgætisframleiðendur skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á sælgæti, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka, sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 20 aurum af hverjum stokki, er verzlunin selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 585. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. apríl.)

1. gr.

1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð eigi lægri upphæð en kr. 1000000.00 á ári næstu 20 ár.

2. gr.

3. og 4. málsl. fyrri málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að kr. 400.00 á hvern teningsmetra, þó aldrei meiru en kr. 2000.00 á hvern fermetra gólfflatar. Byggingarlánin endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 50 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 586. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til laga um Ríkisábyrgðasjóð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er um stofnun sjóðs, er heita skal Ríkisábyrgðasjóður, tekjur hans, verkefni o. fl. Á sjóðurinn að standa straum af ábyrgðum, sem ríkið gengur í, ef eitthvað ber út af með þær.

Heimilt skal ríkissjóði að semja við einhvern ríkisbankanna um, að sá banki taki að sér umsjá Ríkisábyrgðasjóðs.

Hinn 24. marz 1961 — þ. e. fyrir einu ári — voru sett sérstök lög um ríkisábyrgðir, og er frumvarpið og þau lög svo efnislega náskyld, að miklu heppilegra væri — að mínu áliti — að semja frumvarpið inn í lögin, svo að menn hafi að einum lagabálki að ganga um þessi efni.

Í öðru lagi tel ég óþarft að stofna sérstakan ríkisábyrgðasjóð. Sú fésýsla getur vel verið á sérstökum reikningi hjá fjármálaráðuneytinu.

Í þriðja lagi tel ég ekki ríkisábyrgðastarfsemina samrýmast bankasjónarmiðum og þess vegna rangt að láta banka fóstra þá starfsemi fyrir ríkið.

Í fjórða lagi tel ég rétt, ef sérstakur ríkisábyrgðasjóður verður stofnaður, að setja honum sérstaka stjórn, er kosin sé t. d. af fjárveitinganefnd Alþingis árlega. Með þeim hætti væri tryggt eftir föngum, að starfsemi þessi yrði — svo sem nauðsynlegt er — í lifandi tengslum við fjárhags- og framkvæmdalífið í landinu og Alþingi.

Ýmislegt fleira mætti nefna, sem gerir það að verkum, að rétt er og nauðsynlegt að athuga mál þetta betur en tími er til á þessu þingi, sem fer að ljúka.

Legg ég samkvæmt framansögðu til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að efri deild telur nauðsynlegt að athuga betur en tími er til á þessu þingi efni þessa frumvarps og skipun ríkisábyrgðastarfseminnar í heild og í trausti þess, að sú athugun verði gerð á næsta reglulegu Alþingi, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 31. marz 1962.

Karl Kristjánsson.

Nd. 587. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Í frumvarpi þessu er um mjög smávægilegar breytingar að ræða á lögunum um húsnæðismálastofnun ríkisins o. fl. Þar er lagt til, að fjölgað verði í húsnæðismálastjórn um einn mann, og mun Sjálfstæðisflokkurinn þar hafa ákveðinn mann í huga. Á þessu tel ég enga nauðsyn. Húsnæðismálastjórn hefur verið nægilega fjölmenn til að geta afgreitt málefni stofnunarinnar. Það er annað, sem húsnæðismálastjórnina hefur vantað, og það er fjármagn. En í frumvarpinu er alls engin viðleitni sýnd í því að bæta úr fjármagnsskorti hennar.

Jafnónýt er önnur breyting frumvarpsins um að lengja kjörtímabil húsnæðismálastjórnar um 1 ár úr þremur í fjögur.

Þá er það um heimild Landsbankans til að gefa út árlega bankavaxtabréf allt að 150 millj. á ári í stað 100 millj. kr. nú, að þetta er vitagagnslaust, þar sem Landsbankinn hefur lítt eða ekki notað þessa heimild og engar skyldur eru á hann lagðar í frumvarpinu um að nota hina nýju rýmkun heimildarinnar.

Þá er í frumvarpinu lagt til, að hámarkslán til hverrar íbúðar hækki úr 100 þús. kr. í 150 þús. Þetta er í rétta átt, en ófullnægjandi, þar sem byggingarkostnaður meðalíbúðar hefur hækkað um rúmar 100 þús. síðan lögin voru sett. Lánsupphæðina þarf því a. m. k. að hækka í 200 þús. kr., og hefur hún þá aðeins náð svipuðu verðgildi og upphaflega var ákveðið, en raunar hafa lánin alltaf verið allt of lág.

En hitt er verra, að þar sem um enga nýja tekjuöflun er að ræða í frumvarpinu, mundi hækkun lánahámarksins á íbúð hverja aðeins leiða til þess, ef notuð væri, að lánunum fækkaði að sama skapi.

Nú um allmörg ár hefur ríkissjóður lagt fram 4 millj. kr. árlega til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, gegn sama framlagi frá sveitarfélögunum. En þessi upphæð hefur ekki verið fullnotuð árum saman. Hér er því stefnt að því að lækka framlagið með því að fella niður ákvæðið um upphæðina. Það væri því aðeins að sveitarfélögin ykju mjög aðgerðir sínar til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, að hugsanlegt væri, að ríkissjóður þyrfti að auka framlög sín í því skyni. En ekkert útlit er fyrir, að svo verði.

Heimildin til að greiða sveitarfélögum nokkurn hluta ríkisframlags til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, þegar hið nýja íbúðarhúsnæði er fokhelt, er því aðeins til bóta, að vel sé tryggt eftir sem áður, að hið gamla húsnæði verði ekki áframhaldandi notað til íbúðar. Nú er til þess ætlazt, að ríkisframlagið sé þá fyrst greitt, er nýja húsnæðið er íbúðarfært og vottorð liggja fyrir um, að hið gamla húsnæði, sem útrýma skal, hafi verið rifið eða a. m. k. tekið úr notkun. Og auðvitað er það höfuðtilgangurinn með ríkisaðstoðinni. Að hinu er lítil bót, ef nýtt fólk sezt að í hinu heilsuspillandi húsnæði. Og á aðstoðin þá engan rétt á sér.

Í þessu frumvarpi er, sem fyrr segir, algerlega gengið fram hjá því, sem mest á ríður í sambandi við húsnæðismálin, nefnilega að auka fjármagn til húsnæðislána vegna þeirrar miklu hækkunar, sem orðin er á byggingarkostnaði.

Ekki er heldur neitt í þessu frumvarpi um að létta húsbyggjendum byrðarnar með lækkun vaxta né heldur neinum ráðstöfunum til að lækka byggingarkostnaðinn. Frumvarpið er því fremur ómerkilegt pappírsgagn, að mestu flutt til að sýnast.

Ég vil freista þess að fá frumvarpinu breytt á þann veg, að það geti þó komið húsbyggjendum að einhverju gagni, og legg því til, að á því verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR:

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   a. Í stað orðanna „100 þúsund krónur“ í B-lið 6. gr. laganna komi: 200 þúsund krónur.
   b. Í stað „með 7% ársvöxtum“ í E-lið sömu greinar komi: með 4% ársvöxtum.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrri málsgrein 16. gr. laganna orðist svo:
   Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti. Lán ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að húsnæðismálastjórn hafi borizt fullgerðar teikningar og sundurliðuð kostnaðaráætlun, áður en framkvæmdir hefjast, og að hið ónothæfa húsnæði sé tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert, en þó er heimilt að afgreiða til viðkomandi sveitarfélags helming lánsupphæðar, þegar nýbygging er fokheld. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánum ríkissjóðs í þessu skyni og hefur eftirlit með, að réttum skilyrðum sé fullnægt.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir 23. gr., en í upphafi VI. kafla laganna (Ýmis ákvæði) komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (24. gr.) Heimild ríkisstjórnarinnar, sbr. 32. gr. laga nr. 4/1960, til að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá byggingarsjóði ríkisins og byggingarsjóði verkamanna fellur niður.
   b. (25. gr.) Íbúðareigandi skal eiga rétt á að fá endurgreidd úr ríkissjóði aðflutningsgjöld og söluskatta af byggingarefni, sem til íbúðarinnar hefur þurft, enda sé íbúðin að hagkvæmni og stærð í samræmi við reglur húsnæðismálastofnunar.
   Endurgreiðsla skal miðuð við efni það, sem þurfti til að byggja vísitölu-

húsið í október 1960, og skal hún innt af hendi í einu lagi, þegar eftir að íbúðin hefur verið metin að fasteignamati.

Rétt til endurgreiðslu samkvæmt þessari grein eiga eigendur íbúða, sem lokið er við eftir gildistöku laga þessara.

c. (26. gr.) Seðlabankinn skal veita byggingarsjóði ríkisins 50 milljón króna lán með 5½% ársvöxtum til íbúðabygginga ár hvert í næstu 5 ár frá og með árinu 1962 að telja. Lánum þessum ráðstafar húsnæðismálastjórn í samræmi við útlánareglur sínar.

d. (27. gr.) Ríkissjóður greiðir byggingarsjóði ríkisins 20 milljónir króna sem óafturkræft framlag á árinu 1963 og síðan jafnháa upphæð árlega í næstu 4 ár.

Alþingi, 2. apríl 1962.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 588. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Sambandi ísl. tryggingarfélaga. Mæltu ofangreindir aðilar með frumvarpinu.

Nefndarmenn mæla með frumvarpinu, en Gísli Guðmundsson og Geir Gunnarsson áskilja sér rétt til að flytja eða styðja tillögur um frekari breytingar á lögunum.

Nefndin leggur til, að á orðalagi frv. verði gerð svofelld

BREYTING:

Við 1. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

6. Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingarfélagi um líf- og slysatryggingar skipverja, og skal skráningarstjóri ganga úr skugga um, að þær séu í samræmi við gildandi kjarasamninga.

Alþingi, 29. marz 1962.

Birgir Finnsson, form. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr., frsm. Davíð Ólafsson.

Geir Gunnarsson. Gísli Guðmundsson.

Sþ. 589. Nefndarálit [26. mál]

um till. til þál. um síldarleit.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Mál þetta var flutt rétt eftir að þing kom saman s. l. haust og hefur verið til athugunar í nefndinni alllengi. Nefndin sendi till. til umsagnar Fiskifélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Síldarverksmiðjum ríkisins, fiskideild atvinnudeildar háskólans og síldarútvegsnefnd. Allir þessir aðilar mæla með fyrri málsgr.

tillögunnar, sem fjallar um, að síldarleitarskipum fyrir Norður- og Austurlandi verði fjölgað um eitt þegar á næstu síldarvertíð. Varðandi síðari málsgr. um nefnd starfandi skipstjóra til ráðuneytis eru skoðanir nokkuð skiptar, og leggur minni hl. nefndarinnar til, að þeirri málsgr. verði breytt á þá leið, að skipstjóranefndin geri, áður en síldarvertíð hefst, tillögur um fyrirkomulag síldarleitarinnar. Einn undirritaðra nefndarmanna (GeirG) er ekki fylgjandi þessari málsgrein.

Þess skal getið, að á nýafstöðnu fiskiþingi var samþykkt ályktun um, að nauðsynlegt sé, „að þrjú eða fjögur síldarleitarskip verði við Norður- og Austurland yfir sumarsíldveiðitímann og þess jafnan gætt, að leitarskipin hefji leitina í tæka tíð fyrir hverja vertíð". En s. l. sumar voru síldarleitarskipin aðeins tvö, Ægir og Fanney.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið fram tekið, leggur minni hl. allshn. til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „til ráðuneytis um stjórn síldarleitarinnar" í síðari málsgr. tillgr. komi: er geri, áður en síldarvertíð hefst, tillögur um fyrirkomulag síldarleitar.

Alþingi, 2. apríl 1962.

Gísli Guðmundsson, frsm. | Geir Gunnarsson, með fyrirvara. | Björn Pálsson.

Nd. 590. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955.

Frá Gísla Jónssyni, Jónasi Péturssyni, Birgi Finnssyni og Jóni Kjartanssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Ríkisstjórninni er heimilt, til viðbótar heimildum, sem fyrir eru, að greiða allt að 300 þús. kr. árlega til þess að bæta læknisþjónustu í þeim héruðum, þar sem mestra úrbóta er þörf að dómi landlæknis.

Sþ. 591. Tillaga til þingsályktunar [215. mál]

um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit í Borgarfjarðarhéraði og athugun á hitaveitu fyrir Borgarnes.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Jón Árnason, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að á vegum jarðhitasjóðs verði gerð rannsókn á jarðhitasvæðum Borgarfjarðarhéraðs og víðtæk jarðhitaleit gerð í héraðinu. Leitin verði m. a. við það miðuð að athuga möguleika á hitaveitu fyrir Borgarnes.

Greinargerð.

Í Borgarfjarðarhéraði er mikill jarðhiti, svo sem kunnugt er. Notkun hans hefur farið vaxandi hin síðari ár. Nokkur hluti af skólum héraðsins er hitaður með jarð-

hita, og mikil gróðurhúsaframleiðsla á sér stað í héraðinu vegna jarðhitans. Mikill áhugi er fyrir því í Borgarfirði að auka notkun jarðhitans og fá vitneskju um það, hversu víðtæk jarðhitasvæðin í héraðinu eru.

Borgarnes er vaxandi kauptún, og áhugi er fyrir því þar að fá rannsakað, hvort jarðhiti er ekki svo nærri kauptúninu, að hagkvæmt reynist að hagnýta hann til hitaveitu fyrir Borgarnes. Nokkur ástæða er til að ætla, að svo sé, þar sem jarðhiti er vestur á Snæfellsnesi, að því er virðist í svipaðri línu og jarðhiti í Borgarfjarðarhéraði.

Möguleikar og þekking til skipulagðra jarðhitarannsókna og leitar eru nú mun meiri en fyrr og eðlilegt, að þetta verði eitt af fyrstu verkefnum jarðhitasjóðs.

Ed. 592. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að málinu sé **vísað til hæstv. ríkisstjórnar.** Meiri hl. telur að vísu, að tímabært sé að afnema skiptingu landsins í verðlagssvæði, en telur, að það þurfi meiri undirbúning en svo, að unnt sé að samþ. það nú, eftir að fjárlög hafa verið afgreidd.

Alþingi, 2. apríl 1962.

Jón Þorsteinsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm.	Auður Auðuns.

Nd. 593. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um almannavarnir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta hefur verið rætt á nokkrum fundum nefndarinnar. Á einum fundi heilbrigðis- og félagsmálanefndar mætti lögreglustjórinn í Reykjavík, borgarlæknirinn í Reykjavík og formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Gáfu þeir nokkrar upplýsingar um almannavarnir almennt og um einstök efnisatriði frumvarpsins.

Ljóst er af frumvarpinu, að útgjöld svo há, að mörgum milljónum skiptir, leggjast á ríkissjóð og sveitarsjóðina, ef frumvarpið verður að lögum og heimildir þess notaðar.

Allmörg ný embætti hálaunaðra embættismanna verða stofnuð með lögfestingu frumvarpsins.

Nefndinni hefur gefizt mjög naumur tími til að kynna sér þetta umfangsmikla mál, og ekkert tóm hefur heldur gefizt til að senda það til umsagnar þeim aðilum, er standa skulu undir framkvæmd þess fjárhagslega.

Meiri hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt á þessu þingi og afgreiðslu þess hraðað.

Minni hlutinn telur hins vegar, að rétt sé að senda frumvarpið til umsagnar öllum sveitarstjórnum, þó að af því leiddi, að afgreiðsla þess frestaðist til næsta hausts.

Á þetta hefur meiri hlutinn ekki viljað fallast, og hefur nefndin því klofnað um málið.

Minni hlutinn leggur því til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að lagðar yrðu miklar fjárupphæðir á herðar sveitarfélögunum, ef frumvarpið yrði samþykkt og heimildir þess notaðar, telur deildin rétt, að málið verði nú sent sveitarstjórnunum til athugunar og umsagnar og afgreiðslu þess frestað til næsta þings, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. apríl 1962.

Hannibal Valdimarsson.

Ed. 594. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [199. mál]

í málinu: Frv. til l. um innflutning búfjár.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Þar sem innflutningur búfjár á liðnum áratugum og öldum hefur valdið þjóðinni stórkostlegu tjóni, sem enn þá getur verið yfirvofandi, meðan innfluttum búfjársjúkdómum hefur ekki verið útrýmt að fullu, þar sem aðalkjarni þessa frv., bygging sóttvarnarstöðvar, er spor aftur á bak frá því, sem nú gildir í lögum frá 1948 um slíka stöð, og þar sem ekki er um mikla hagnaðarvon að ræða af búfjárinnflutningi samanborið við áhættuna, telur deildin ekki, eins og sakir standa, tímabært að afgreiða þetta mál og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 595. Frumvarp til laga [216. mál]

um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra og Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Árið 1962 skulu vinningar í happdrættum eftirtalinna félaga vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti:

Styrktarfélags vangefinna,
Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra,
Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra,
Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sams konar frv. var flutt á síðasta þingi að beiðni þriggja umræddra félaga. Þau hafa óskað eftir framlengingu á skattfrelsi happdrættisvinninga, og þar sem félögin vinna öll gott starf, hvert á sínu sviði, þykir rétt að verða við þeim óskum. Bætt er við Krabbameinsfélagi Reykjavíkur.

Nd. 596. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 16 1955.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Töluliður 2 orðist svo:
      Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir gjaldskrá, sem landlæknir semur og ráðherra staðfestir, eða samningum, er stéttarfélög lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkrasamlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar.
   b. Töluliður 5 falli niður.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Þangað til heilbrigðisstjórnin setur gjaldskrá skv. 2. tölulið 2. málsgr. 10. gr. laganna, skal núgildandi gjaldskrá héraðslækna gilda um störf þeirra í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga.

Nd. 597. Frumvarp til laga [217. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Síðasta málsgrein ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Á árinu 1960 skal hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af samkvæmt v-lið 3. gr. laga nr. 90 25. nóvember 1954, um tollskrá o. fl., vera 150 (sbr. 2. gr. laga nr. 27 29. maí 1957). Á sama hátt skal hámarkstala slíkra bifreiða vera 264 á árinu 1961 og 150 á árinu 1962.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., er heimild til að veita undanþágu frá aðflutningsgjöldum af 50 bifreiðum á ári til fatlaðra og lamaðra manna. Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., er mælt fyrir um, að á árunum 1960 og 1961 skuli hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af samkvæmt framangreindu ákvæði, vera 150 hvort árið.

Á s. l. sumri ákvað ríkisstjórnin að veita tollundanþágu af 114 bifreiðum til viðbótar á árinu 1961, með þeim fyrirvara, að ef Alþingi samþykkti eigi heimild til slíkrar fjölgunar, yrðu hlutaðeigendur að greiða aðflutningsgjöld að fullu.

Í samræmi við framanritað er með frumvarpi þessu lagt til, að tala bifreiða, sem lækka má af aðflutningsgjöld á árinu 1961, verði 264. Enn fremur er lagt til, að með sama hætti sé heimilt að lækka aðflutningsgjöld af 150 bifreiðum á árinu 1962.

Nd. 598. Breytingartillaga [156. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá Þórarni Þórarinssyni, Jóni Skaftasyni, Ingvari Gíslasyni og Birni Pálssyni.

Aftan við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins bætist svo hljóðandi málsgrein:

Veðdeild Landsbankans er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum þeirra, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til byggingar eigin íbúðar, sem þeir hafa ráðizt í á árunum 1956—61, að báðum árum meðtöldum. Lán þessi skulu vera gegn veði í íbúðum þeirra, sem lánin fá, og mega þau, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, ekki nema hærri fjárhæð en 70% af matsverði veðsins. Lánstími skal vera 20 ár og vextir hinir sömu og á lánum byggingarsjóðs ríkisins. Ráðherra setur, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, í reglugerð nánari ákvæði um þessi lán, og sé m. a. tryggt með þeim, að lánin verði aðeins veitt til greiðslu lausaskulda, sem hafa sannanlega orðið til vegna íbúðabygginga. Seðlabanka Íslands skal skylt að tryggja sölu þeirra bankavaxtabréfa, sem eru gefin út samkvæmt framansögðu.

Ed. 599. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um dánarvottorð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm. Ólafur Jóhannesson.

Magnús Jónsson. Alfreð Gíslason.

Sþ. 600. Tillaga til þingsályktunar [218. mál]

um úthlutun listamannalauna 1962.

Frá menntamálaráðherra.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að skipta fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 1962 til skálda, rithöfunda og listamanna.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1962 eru á 14. gr. B. XIII veittar 1550000 kr. til skálda, rithöfunda og listamanna. Undanfarin ár hefur þingkjörin nefnd annazt úthlutun þessa fjár. Þangað til lög verða sett um úthlutun listamannalauna, þykir rétt að halda þeim hætti.

Nd. 601. Breytingartillögur [192. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og lögum nr. 18 1958.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 1. málsgr. 18. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Heimavistarskólar gagnfræðastigs (héraðsskólar), sem nú eru starfræktir að Laugarvatni, Laugum, Núpi, Reykholti, Reykjanesi, Reykjum og Skógum, skulu þó vera séreign ríkisins, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess. Skulu sveitarfélögin þá afhenda ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust sinn hluta í eignum skólanna, eins og hann er í árslok 1961.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
6. Við fyrirsögn. Orðin „og lögum nr. 18 1958“ falli burt.

Nd. 602. Frumvarp til laga [169. mál]

um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 366 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar þannig:

Síldarútvegsnefnd veitir leyfi til söltunar á síld fyrir innlendan og erlendan markað með þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg til að tryggja sem bezt rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu síldarinnar. Hún hefur forgöngu um markaðsleit fyrir síld og annast um, að gerðar séu tilraunir með útflutning á síld, sem verkuð er með öðrum aðferðum en nú eru tíðkaðar, og annað það, sem orðið getur þeim til hagsbóta, sem vinna að framleiðslu saltaðrar síldar.

Heimilt er síldarútvegsnefnd að setja umráðamönnum skipa þeirra, er veiða síld til söltunar, reglur um meðferð síldarinnar um borð í skipunum og við löndun síldarinnar. Sé réttum reglum eigi hlýtt, getur nefndin svipt viðkomandi rétti til þess að leggja upp síld til söltunar um lengri eða skemmri tíma.

9. gr. hljóðar þannig:

Sé síldarútvegsnefnd eða heildarsamtökum síldarsaltenda veittur einkaréttur samkvæmt 8. gr., skal hver síldarsaltandi bera ábyrgð á gæðum sinnar síldar, en allir saltendur fá jafnt verð fyrir síld, sömu gæða, pökkunar og tegundar, enda sé síldin flutt út með leyfi nefndarinnar og fengizt hafi fyrir hana eigi lægra verð en fyrirframselda síld af sambærilegum gæðum.

Greiða skal af óskiptu síldarandvirði, áður en jafnaðarverð er fundið, hæfilegt gjald að dómi síldarútvegsnefndar fyrir geymslu, pökkun og annan kostnað í sambandi við sérstaka verkun og meðferð síldarinnar.

Nd. 603. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Vegna fjárskorts hefur starfsemi byggingarsjóðs verkamanna dregizt mjög saman. Á árinu 1960 voru aðeins veitt 8 lánsloforð úr sjóðnum, og á árinu 1961 ein 14. Þegar þess er gætt, að á árunum 1957—1959 voru veitt lán nokkuð á annað hundrað, er augljóst, að starfsemi byggingarsjóðs hefur dregizt mjög mikið saman og liggur við stöðvun.

Það, sem til þess þarf, að starfsemi byggingarsjóðsins eflist á ný, er útvegun mikils fjármagns.

Enginn litur er sýndur á því í þessu frumvarpi að útvega sjóðnum nýtt starfsfé á annan hátt en þann að hækka skylduframlög þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli, svo og mótframlög ríkissjóðs, úr 24 krónum á íbúa í 40 krónur. Að þessu verður sjóðnum vissulega nokkur tekjubót, en skammt mun það hrökkva, ef það er alvarlega meint, að veita skuli hinu tekjulága fólki, sem réttinda nýtur skv. frumvarpinu, lán, er nemi 90% af fullum byggingarkostnaði. Samkvæmt opinberum skýrslum kostaði 300 rúmmetra íbúð í október 1961 468 þús. kr. Mun því láta nærri, að slík íbúð kosti nú um 500 þús. kr. En við skulum miða við byggingarkostnaðinn, eins og hann var haustið 1961. Til slíkrar íbúðar ætti því lánið að vera 421 þús. kr. Sést þá strax, að ákvæðið um 90% lán er pappírsgagn eitt, því að í frumvarpinu er 300 þús. kr. hámark sett fyrir láni.

En segjum, að sú lagfæring fáist á frumvarpinu, að 90% lánin verði reglan. Þá þarf sjóðurinn að hafa rúmar 20 milljónir í árstekjur til að geta veitt lán til 50 íbúða á öllu landinu. Verður að játa, að starfsemi sjóðsins er næsta takmörkuð, ef hann verður ekki fær um að veita a. m. k. 50 lán á ári.

En á það vantar vissulega mikið, að sjóðurinn verði þess megnugur.

Þetta er auðvitað höfuðágalli frumvarpsins. En annar gallinn er sá, að í því er ekkert ákvæði um að lækka vextina af byggingarlánum sjóðsins. Þeir eru nú 6%, en mega alls ekki vera hærri en 3%, ef nokkur von á að vera til, að tekjulítið fólk rísi undir vaxtabyrðinni. — Upphaflega voru lán byggingarsjóðs, svo sem kunnugt er, með 2% vöxtum, og þyrfti helzt að færa þá í það horf á ný. — Að þessu leyti er frumvarpið einnig alls ófullnægjandi.

Þá óprýðir það frumvarp þetta, að ákvæði gildandi laga um skyldu til að bjóða byggingu verkamannabústaða út er fellt niður. En þetta ákvæði veitir aðhald um að leita allra úrræða til, að íbúðir byggðar skv. lögunum verði ávallt sem allra ódýrastar. Hvaða tilgang hefur það að fella slíkt ákvæði niður? Nokkur fleiri ákvæði laganna um verkamannabústaði eru felld niður með frumvarpinu, sem ástæðulaust er að fella burt og væri til bóta að héldust í lögunum.

Það verður engan veginn sagt, að fram hafi farið gagngerð endurskoðun á lögunum um verkamannabústaði með þessu frumvarpi. Aðalatriðið vantar a. m. k. alveg, eins og fyrr er sagt, nefnilega stóraukið fjármagn.

Það væri til nokkurra bóta, ef ríkisframlagið til byggingarsjóðs verkamanna væri ákveðið tvöfalt móti framlagi sveitarfélaganna. En þetta er ekki gert í þessu frumvarpi.

Einnig væri nauðsynlegt, að byggingarsjóði væru heimilaðar lántökur til nauðsynlegrar starfsemi sinnar gegn ábyrgð ríkisins. Ekki er neitt um þetta í frumvarpinu. Þess vegna eru sáralitlar líkur til, að bygging verkamannabústaða geti aftur hafizt af nokkrum þrótti, þó að þetta veigalitla stjórnarfrumvarp verði samþykkt.

Til nokkurrar lagfæringar á frumvarpinu teldi ég það, ef á því fengjust svo hljóðandi

BREYTINGAR:

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð“ í 2. tölulið komi: Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn tvöfalda þá upphæð.
2. Við 4. gr. Síðasti málsliður 2. málsgreinar orðist svo:
   Seðlabankinn ákveður vexti á lánunum í samráði við ríkisstjórnina, en aldrei mega þeir þó vera hærri en 3% — þrír af hundraði — á ári.
3. Við 6. gr. 5. töluliður orðist svo:
   Að íbúðir séu hagkvæmar, teikningar samþykktar af stjórn Byggingarsjóðs og bygging íbúðanna ávallt boðin út.

Alþingi, 3. apríl 1962.

Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 604. Nefndarálit [87. mál]

um till. til þál. um kvikmyndun íslenzkra starfshátta.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað þessa tillögu og sent hana þjóðminjaverði til umsagnar. Kemur fram í umsögn hans, að hann telur rétt og æskilegt, að fræðslumyndasafni ríkisins og menntamálaráði verði falið að beita sér fyrir því verkefni, sem tillagan fjallar um, og enn fremur telur hann eðlilegt, að þessir aðilar vinni verk sitt að einhverju leyti í samráði við þjóðminjavörð.

Í umsögn þjóðminjavarðar kemur fram það álit, að sú vinna, sem einstaklingar og félög hafi lagt í kvikmyndun þjóðlífshátta, sé ókerfisbundin og misjafnlega vel af hendi leyst. Telur hann, að hlutverk ríkisins eigi að vera að stuðla að skipulegu og markvissu starfi á þessu sviði. Telur þjóðminjavörður sjálfsagt fyrir þann aðila, sem fengi verkefni á þessu sviði, að byrja á að gera yfirlit yfir allt, sem nýtilegt getur talizt af þeim kvikmyndum, sem til eru um þetta efni, og safna því saman, með samkomulagi við eigendur myndanna.

Fyrst, þegar slíkt yfirlit liggur fyrir, er hægt að gera sér skynsamlega grein fyrir verkefninu, segir þjóðminjavörður. Í trausti þess, að byrjað verði á því viðfangsefni, sem þáltill. fjallar um, samkvæmt ábendingum þjóðminjavarðar, mælir fjárveitinganefnd með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 3. apríl 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Jón Árnason.
Halldór Ásgrímsson.	Karl Guðjónsson.	Halldór E. Sigurðsson.
Jón Pálmason.	Jón Kjartansson.	Ingvar Gíslason.

Nd. 605. Breytingartillaga [142. mál]

við frv. til laga um sjúkraþjálfun.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 4. gr. Í stað orðsins „landlæknis“ komi: ráðherra.

Nd. 606. Breytingartillögur [156. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir 23. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
   Seðlabankinn skal veita byggingarsjóði ríkisins 40 milljón króna lán með 4% ársvöxtum til íbúðabygginga ár hvert næstu 6 ár frá og með árinu 1962 að telja. Lánstíminn sé 40 ár. Lánum þessum skal húsnæðismálastjórn ráðstafa í samræmi við útlánsreglur sínar.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir 23. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkissjóður greiðir byggingarsjóði ríkisins 15 milljónir króna sem óafturkræft framlag á árinu 1963 og síðan jafnháa upphæð árlega í næstu 4 ár.

Nd. 607. Breytingartillögur [156. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 3. gr. Við greinina bætist:
   Í stað „með 7% ársvöxtum“ í E-lið sömu greinar komi: með 5% ársvöxtum.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir 23. gr., en í upphafi VI. kafla laganna, komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkissjóður skal greiða byggingarsjóði ríkisins árlega fjárhæð, sem nemur 1% af heildartekjum ríkisins.

Nd. 608. Lög [156. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 315.

Ed. 609. Frumvarp til laga [16. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 3. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Altman, Christa Maria Josefa Agnes, húsmóðir, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. janúar 1932.

2. Andersen, Hans Schlander, vélvirki, Reykjavík, f. í Danmörku 12. júlí 1940.
3. Annegret Baldursdóttir, húsmóðir, Akureyri, f. í Þýzkalandi 13. marz 1943.
4. Ayers, Theodora Mabel Norton, húsmóðir, Reykjavík, f. í Bandaríkjum Norður-Ameríku 24. maí 1887.
5. Beck, Signhild Johanne Katrine, starfsstúlka, Keflavík, f. í Færeyjum 25. nóvember 1909.
6. Beckemeyer, Gerda Wally Waltraud Emma, húsmóðir, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 4. október 1927.
7. Bjerkhoel, Andreas, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. í Noregi 12. apríl 1931.
8. Danielsen, Sonja Johanna Nikolina, húsmóðir, Hafnarfirði, f. í Færeyjum 20. febrúar 1937.
9. Frederiksen, Torben, viðskiptafræðingur, Reykjavík, f. í Danmörku 21. apríl 1934.
10. Füllgraf, Ursel, húsmóðir að Refsmýri í Fellum, Norður-Múlasýslu, f. í Þýzkalandi 8. desember 1936. (Fær réttinn 24. september 1962).
11. Graap, Kristel Helena, húsmóðir í Borgargerði í Akrahreppi, f. í Þýzkalandi 25. janúar 1930.
12. Guðjón R. Sigurðsson, smiður, Höfn í Hornafirði, f. á Íslandi 26. apríl 1903. (Fær réttinn 24. september 1962).
13. Hansen, Knud Alex, landbúnaðarverkamaður, Haga í Gnúpverjahreppi, f. í Danmörku 16. desember 1932.
14. Helga Gabriella Guðmundsdóttir, barn, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. apríl 1958.
15. Hemstock, Maurice David, flugvélavirki í Reykjavík, f. í Englandi 21. febrúar 1942.
16. Hermann, Wally Luise, húsmóðir í Brekku, Aðaldælahreppi, f. í Þýzkalandi 6. febrúar 1921.
17. Hermanns, Ruth Stefanie, fiðluleikari, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. ágúst 1913.
18. Heuttinen, Lauri Olavi, málari, Reykjavík, f. í Finnlandi 10. ágúst 1933.
19. Hilmar Hafsteinn Gunnarsson, barn, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. október 1959.
20. Hriberschek, Herbert August Maria, hljóðfæraleikari, Reykjavík, f. í Austurríki 8. ágúst 1926. (Fær réttinn 1. október 1962).
21. Hunter, Geoffrey Trevor, prentari í Reykjavík, f. í Bretlandi 5. marz 1935.
22. Jacobsen, Jacob Henrik Valdemar Johannes, bifreiðaviðgerðarmaður, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 2. október 1930.
23. Jacobsen, Jolana, húsmóðir, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 27. október 1934.
24. Jacobsen, Robert, verkamaður, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 12. marz 1923.
25. Jacobsen, Sólrunn, húsmóðir, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 14. júlí 1932.
26. Jacobsen, Thomas Theodor, vélvirkjameistari, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 13. maí 1925.
27. Jensen, Lillian Anne-Lise, húsmóðir, Keflavík, f. í Danmörku 2. marz 1934.
28. Juzova, Jarmila (Ólafsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 8. nóvember 1926.
29. Kröyer, Unni Börde, húsmóðir, Reykjavík, f. í Noregi 30. desember 1930. (Fær réttinn 16. september 1962).
30. Körner, Christel Marie, húsmóðir á Þórdísarstöðum í Eyrarsveit, f. í Þýzkalandi 27. ágúst 1922. (Fær réttinn 13. júní 1962).
31. Langfeldt, Jürgen Heinrich, bóndi á Ásmundarstöðum í Rangárvallasýslu, f. í Þýzkalandi 31. marz 1925.
32. Lindenskov, Jörgen, framreiðslumaður, Akureyri, f. í Danmörku 13. júní 1934. (Fær réttinn 13. júní 1962).
33. Madsen, Jens Bruun, rafvirki, Hafnarfirði, f. í Danmörku 2. ágúst 1939.

34. Magnús Gamalíel Gunnarsson, barn, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. október 1958.
35. Meyer, Hedwig Franziska Elisabeth (Guðjónsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 25. marz 1929.
36. Mikkelsen, Ida, húsmóðir, Neskaupstað, f. í Færeyjum 22. september 1922.
37. Mölk, Uwe Jens, rakari, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 14. maí 1936.
38. Nielsen, Niels Peter Frederik, landbúnaðarverkamaður á Álfsnesi, Kjalarneshreppi, f. í Danmörku 12. júní 1903.
39. Olsbo, Ida Elvira, húsmóðir, Reykjavík, f. í Danmörku 4. júlí 1932.
40. Pedersen, Erik Max, vélvirkjanemi, Reykjavík, f. í Danmörku 6. ágúst 1942.
41. Petersen, Ingolf Jóns, nemandi, Reykjavík, f. í Danmörku 30. marz 1940.
42. Rasmussen, Kamma, húsmóðir, Neskaupstað, f. í Færeyjum 19. október 1936.
43. Rasmussen, Samuel Andreas, skipasmiður, Neskaupstað, f. í Færeyjum 24. febrúar 1938.
44. Richardt, Hertha Maria, húsmóðir, Seyðisfirði, f. í Færeyjum 13. september 1939.
45. Rüttermann, Sonja Elsa (Haraldsson), húsmóðir í Seltjarnarneshreppi, f. í Þýzkalandi 10. apríl 1937.
46. Schiöth, Helga Henni Elisabeth Karla, húsmóðir, Siglufirði, f. í Þýzkalandi 10. júní 1937.
47. Sigríður Bjarnadóttir, húsmóðir, Akureyri, f. á Íslandi 10. október 1921.
48. Steinmüller, Wilfried Hans-Günther, nemandi, Stóra-Hofi á Rangárvöllum, f. í Þýzkalandi 2. október 1944.
49. Stolpmann, Maria, húsmóðir, Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 8. marz 1934.
50. Ström, Össur, matreiðslumaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 21. október 1936. (Fær réttinn 14. ágúst 1962).
51. Sørensen, Rønn, múrari, Neskaupstað, f. í Danmörku 2. maí 1933.
52. Thomasen, Thomas Johan, trésmiður, Reykjavík, f. í Færeyjum 2. nóvember 1888.
53. Thomsen, Ove Helmuth, landbúnaðarverkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 13. júní 1932. (Fær réttinn 18. apríl 1962).
54. Weidemann, Alma Dorothea Erna, ráðskona, Hafrafelli í Reykhólahreppi, f. í Þýzkalandi 3. október 1930.
55. Wiggert, Ingeborg Ella Anna, húsmóðir, Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 21. september 1929.
56. Wächter, Harri, trésmiður, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. júlí 1933.
57. Ziebert, Christel (Kristinsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. nóvember 1926. (Fær réttinn 30. maí 1962).

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 610. Breytingartillaga [199. mál]

við frv. til l. um innflutning búfjár.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Aftan við 21. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ef lifandi dýr eru flutt til landsins án heimildar, sbr. 1. gr., varðar það sektum, eins og að ofan greinir, fyrir skipstjóra þann eða flugstjóra, sem dýrin flutti, og jafnháum sektum fyrir eiganda dýranna.

Nd. 611. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 51 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

2. töluliður 37. gr. laga nr. 60/1957 orðist svo:
2. í læknadeild 12.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram að beiðni háskólaráðs og læknadeildar Háskóla Íslands. Felur það í sér stofnun tveggja prófessorsembætta í tannlæknisfræði.
Fylgdi frv. svofelld greinargerð frá háskólanum:

„I.

Kennsla í tannlækningum við Háskóla Íslands hófst haustið 1945. Var Jón Sigtryggsson tannlæknir þá skipaður dósent, en Guðmundur Hraundal tanntæknir var ráðinn aukakennari. Nokkru síðar bættust þó aukakennarar við þetta starfslið. Jón Sigtryggsson var skipaður prófessor 1951, og hefur hann alla stund verið forstöðumaður þessa deildarhluta, er tilheyrir læknadeild. Árið 1959 var Jóhann Finnsson tannlæknir, sem þá hafði verið aukakennari um nokkurt árabil, skipaður dósent, og 1960 var Bjarni Konráðsson læknir skipaður dósent við deildina. Þá hefur menntamálaráðuneytið veitt heimild til að skipa þriðja dósentinn, en í það starf hefur ekki verið ráðið að svo stöddu. Auk þeirra kennara, er nú hafa verið greindir, starfa nokkrir aukakennarar við deildina.

II.

Tannlækningastofa er rekin vegna kennslunnar, og var heildarkostnaður við kennslu í tannlækningum á árinu 1961 kr. 658 456, þ. e. kr. 288 456 vegna kennslunnar og kr. 370 000 vegna tannlækningastofunnar.
Árið 1960 fluttist tannlæknadeild úr Háskólabyggingunni í húsnæði Landsspítalans, og lagði háskólinn af mörkum 500 000 króna óendurkræft framlag vegna þess húsnæðis og greiddi 500 000 kr. í leigu fyrir húsnæðið.
Alls hafa 39 kandídatar brautskráðst frá tannlæknadeild. Um nemendafjölda skal þess getið, að hann ákvarðast mjög af húsrými og tækjum deildarinnar á hverjum tíma. Þegar deildin fluttist í Landsspítalann, var fjölgað þar stólum,

úr 6 í 12, og er nú hægt að brautskrá 6 kandídata árlega. Samkvæmt þessu hefur orðið að takmarka aðgang að deildinni, og verður árlega að vísa mörgum frá.

Síðustu misseri hefur reynzt æ örðugra að fá hæfa menn til kennslu í tannlækningum. Er nú svo komið, að þar ríkir slíkt neyðarástand, að ekki er nema tveggja kosta völ, annaðhvort að leggja niður deildina eða stórefla hana að kennaraliði. Forstöðumaður deildarinnar, deildarforseti læknadeildar og rektor, sem mest hafa sinnt þessum kennslumálum deildarinnar, eru á einu máli um, að kennslumálum og kennsluþörf deildarinnar verði ekki borgið með öðrum hætti en þeim að stofna tvö ný prófessorsembætti. Annað embættið felur ekki í sér ýkja mikinn aukakostnað, því að þá fellur niður heimild sú, sem nú er fyrir hendi til að ráða dósent, og má ætla, að kostnaðurinn verði ekki meiri við það embætti en u. þ. b. 35 000 kr. á ári. Við stofnun hins embættisins sparast hins vegar ekki neitt verulegt fé fyrst í stað, en þó er þess að geta, að fljótlega er þörf á nýjum dósent eða jafnvel dósentum, ef ekki verður horfið að því ráði að stofna þessi tvö nýju embætti. Eftir stofnun þessara tveggja embætta ætti kennslumálum deildarinnar að vera komið í viðhlítandi horf um nokkurt árabil, og stofnun þeirra gerir það kleift að fjölga nemendum, ef húsnæði deildarinnar væri rýmkað jafnframt og verkfærakostur hennar aukinn. Þess skal getið, að tilætlunin er að kennsluskylda prófessoranna verði allt að 15 klst. á viku.

Skal nú vikið að því nokkrum orðum, hver þörf er á fjölgun í stétt tannlækna.

III.

Samkvæmt skýrslum landlæknis hefur samtals 71 Íslendingur rétt til að stunda tannlækningar. Af þeim eru 11 erlendis búsettir og flestir til langframa, 3 eru búsettir erlendis til bráðabirgða (við framhaldsnám o. fl.), en af hér búsettum tannlæknum munu tveir ekki vera við störf. Í tannlæknadeild er nú skrásettur alls 31 stúdent. Námið tekur 6 ár, og mun mega áætla, miðað við reynslu undanfarinna ára, að af þessum hóp brautskráist u. þ. b. 25 kandídatar næstu 5 árin.

Um þörfina á tannlæknum hér á landi er erfitt að segja með fullri vissu, en geta má þess, að á Norðurlöndum er talið, að sá fjöldi íbúa sé um hvern tannlækni í starfi, sem nú segir:

Í Svíþjóð	1600
Í Noregi	1650
Í Danmörku	2150
Í Finnlandi	2720

Uppýsingar þessar eru frá árunum 1955 um Danmörku og Finnland, 1956 um Noreg og 1957 um Svíþjóð, og má búast við því, að tannlæknaþjónustu þessara landa sé mun betur farið nú en þessar tölur benda til, enda hefur verið gert mikið átak í öllum þessum löndum á síðustu árum í því skyni að efla og bæta tannlæknakennsluna. Má í því sambandi vekja athygli á, að nýlega er stofnaður tannlæknaskóli í Bergen, í Árósum og tveir í Svíþjóð.

Samkvæmt framanskráðu kemur einn tannlæknir á hverja 3120 íbúa hér á landi. Verður að telja mjög mikinn hörgul á tannlæknum hér, svo að heldur við neyðarástandi, og er sýnilegt, að brautskráning 6 tannlækna árlega er allt of lítil. Er það hið mesta nauðsynjamál að gera tannlæknadeild kleift að brautskrá fleiri kandídata árlega. Þarf hér til að koma samstillt átak af hendi Háskólans og heilbrigðisyfirvalda. Rýmka þarf til muna húsnæði tannlæknadeildar og auka verkfærakost hennar og fjölga kennurum svo sem hér er farið fram á. Virðist álitlegra að auka kennsluna hér heima í þessari grein heldur en að búa við það, að menn leiti þessa náms við erlenda háskóla, enda er námið þar dýrt og örðugt að fá skólavist.

Að því er þau tilmæli Háskólans varðar, að stofnað sé til tveggja prófessorsembætta í tannlækningum, ber að árétta það að lokum, að framundan er neyðarástand þegar á næsta hausti, ef ekki reynist unnt að koma þessum embættum á fót nú í sumar".

Nd. 612. Frumvarp til laga [220. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Í stað „1961“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 1963.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Efni frumvarps þessa er að framlengja um tvö ár gildandi lagaákvæði um ráðstöfun á hagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins.

Sþ. 613. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga þessi var flutt í byrjun yfirstandandi þings, og til fjárveitinganefndar var henni vísað hinn 15. nóvember. Afgreiðsla hennar hefur svo dregizt í nefndinni, sökum þess að meiri hlutinn, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, hefur ekki verið tilbúinn að taka afstöðu til hennar fyrr en nú hinn 3. apríl, og þá reynist það, sem meiri hlutinn hefur til málsins að leggja, aðeins vera að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Nú er það efni tillögunnar að fela ríkisstjórninni að verðbæta korn, sem framleitt er hér á landi, jafnmikið og korn, sem flutt er til landsins frá útlöndum, er greitt niður. Enginn hefur haft uppi nein rök gegn málinu, svo að vitað sé. Þvert á móti hafa allir, sem málið hafa rætt hér á þingi, mælt með því. Þannig hafa stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarnefnd efri deildar, auk talsmanna stjórnarandstöðuflokkanna, mælt með framgangi málsins.

Í nefndaráliti á þingskjali 359, sem meiri hluti landbúnaðarnefndar í efri deild gaf út um kornræktarfrumvarp, er sú deild hafði til meðferðar, var mjög látið að því liggja, að vert væri að taka upp verðbætur á innlendu korni, og það áform raunar notað sem röksemd fyrir því, að nefnt kornræktarfrumvarp þyrfti ekki að lögtaka. Um þetta efni fórust formanni landbúnaðarnefndar efri deildar, háttv. 10. landsk. þingmanni, svo orð í framsöguræðu fyrir nefndaráliti:

„Við vikjum einnig að því, að eins og nú hefur verið hagað í ein tvö ár niðurgreiðslum á fóðurbæti eða erlendu korni til fóðurbætis, þá væri mjög eðlilegt, að kornyrkja innanlands nyti að minnsta kosti sams konar stuðnings í því formi.“

Þessi ummæli verða vart skilin á annan veg en sem meðmæli með, ef ekki fyrirheit um, að efni þessarar þingsályktunartillögu beri að framkvæma, þótt sú virðist ekki raunin eftir afstöðu meiri hluta fjárveitinganefndar til þessa máls.

Með sérstöku tilliti til þess, að þetta er annað þingið, sem hefur þessa tillögu til meðferðar, og ríkisstjórnin hefur enn ekki hafið neinar framkvæmdir til þeirrar áttar, sem tillagan miðar að, þrátt fyrir fyllstu lagaheimildir, sem í gildi eru, þá getur minni hluti nefndarinnar ekki sætt sig við að vísa málinu óafgreiddu frá þinginu.

Um fjárhagslega þýðingu samþykktar tillögunnar skal þetta tekið fram:

Innlend kornframleiðsla er á síðasta ári talin hafa numið fast að 600 tonnum korns.

Verðlag á hinum ýmsu korntegundum er að vísu mismunandi, en ætla verður, að samþykkt tillögunnar mundi að meðaltali þýða 70 aura verðbætur á hvert kg korns og heildaruppbót því verða nálægt 400 þús. kr., miðað við ársframleiðslu 1961. Á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru ætlaðar 300 milljónir króna til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta, svo að samþykkt tillögunnar um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum mundi ekki setja fjárhag ríkisins úr skorðum, enda mun í áætlunum um niðurgreiðslur hafa verið gert ráð fyrir því, að enn yrði, svo sem jafnan til þessa, að flytja svo til allt korn til landsins frá útlöndum og því gert ráð fyrir verðbótum á það allt.

Innlenda framleiðslan sparar auðvitað innflutninginn, og gætu því komið verðbætur til hennar beint af því fé, sem ætlað hefur verið til niðurgreiðslna á erlenda korninu, sem nú sparast.

Í máli þessu hafa eftirtaldar staðreyndir komið í ljós:

1. Erlent korn nýtur fyrirgreiðslu ríkissjóðs, á sama tíma og innlenda kornræktin fær engin sambærileg framlög.
2. Verðbætur á íslenzka kornið til jafns við niðurgreiðslur á erlendu korni þurfa ekki að raska gerðum áætlunum um niðurgreiðslur.
3. Á Alþingi hefur enginn reynt að leiða rök gegn réttmæti málsins.
4. Öðru máli hefur verið vikið frá afgreiðslu Alþingis með þeim rökum, að efni þessarar þingsályktunartillögu beri að framkvæma.

Minni hluti nefndarinnar leggur því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 3. apríl 1962.

Karl Guðjónsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Halldór E. Sigurðsson.

Ingvar Gíslason.

Sþ. 614. Nefndarálit [50. mál]

um till. til þál. um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa og leitað umsagnar Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans, og eru umsagnir þessara aðila prentaðar hér með sem fylgiskjöl. Það kemur fram í umsögnunum, að enn skortir mikið á, að framkvæmdar hafi verið þær rannsóknir, sem þyrftu að vera undanfari hvers konar framkvæmda, er miði að friðun hrygningarsvæða nytjafiskanna við landið.

Að athuguðu máli hefur nefndin orðið sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hið fyrsta nauðsynlegar ráðstafanir til, að framkvæmdar verði rannsóknir á hrygningarsvæðum nytjafiska við landið.

Alþingi, 3. apríl 1962.

Benedikt Gröndal, form. Davíð Ólafsson, fundaskr., frsm. Gísli Jónsson.

Björn Pálsson. Gísli Guðmundsson. Geir Gunnarsson.

Jónas G. Rafnar.

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 27. febr. 1962.

Vér höfum haft til athugunar till. til þál. á þskj. 61, um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins, sem þér hafið óskað umsagnar vorrar um.

Um nokkur undanfarin ár hafa verið settar fram óskir um það af hálfu sjómanna og útvegsmanna, að gerðar yrðu ráðstafanir til friðunar hrygningarsvæða helztu nytjafiskanna og þá fyrst og fremst þorsksins.

Nýafstaðið fiskiþing hafði mál þetta til meðferðar og athugaði gaumgæfilega. Var samþykkt þar svo hljóðandi ályktun, sem vér leyfum oss að vísa til:

„Fiskiþingið ályktar, að rannsaka þurfi betur en orðið er nauðsyn þess að friða hrygningarstöðvar þorsksins umhverfis landið, og felur því fiskimálastjóra að halda þessu máli vakandi við fiskifræðinga og hlutast til um, að löggjöf verði sett um málið, ef ráðlegt þykir."

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Fylgiskjal II.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS · FISKIDEILD

Reykjavík, 30. jan. 1962.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Fiskideildin hefur móttekið bréf allsherjarnefndar, dags. 5. des. s. l., ásamt tillögu til þingsályktunar um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins.

Vitað er í stórum dráttum, að nokkurt samband virðist vera á milli fjölda þorska á hrygningarsvæðunum hér við land og styrkleika þess árgangs, sem þeir geta af sér hverju sinni. Það kemur þó margt annað til greina, sem miklu getur valdið um útkomu hrygningarinnar, svo sem veðurfar, straumar, hiti, selta o. fl.

Hér er um að ræða eina af erfiðustu spurningum fiskifræðinnar, sem engin þjóð hefur enn þá svarað til fullnustu, þótt rannsökuð hafi verið áratugum saman.

Mjög yfirgripsmiklar rannsóknir okkar undanfarin ár hafa leitt í ljós, að heildardánartalan í íslenzka þorskstofninum, sem kynþroska er orðinn, er um 60% á ári, og eru ⅘ hlutar þessarar tölu af völdum veiðanna, en ⅕ „eðlilegar" dánarorsakir.

Af þessu getum við dregið þá ályktun, að ekki veiðist á hrygningarsvæðunum meira en helmingur þess fisks, sem þangað kemur til þess að hrygna. Það virðist því vera svo, að helmingur stofnsins fái að hrygna í friði, auk þeirra, sem veiðast, en hafa þá lokið hrygningu.

Það virðist því vera allvel séð fyrir viðgangi stofnsins í venjulegu ári og tæplega ástæða til þess að minnka sóknina af þeim sökum.

Eins og að ofan er tekið fram, koma til greina ýmsar aðrar ástæður en fjöldi eggjanna, er miklu valda um útkomu klaksins. Óhentug veðurskilyrði geta tortímt eggjunum, sem velkjast í yfirborðinu, og þau geta einnig drepizt unnvörpum af fæðuskorti. Allt þetta og margt annað veldur því, að árgangarnir verða mjög misterkir, og er hlutfallið milli hins lélegasta og sterkasta í íslenzka þorskstofninum um það bil 1:50.

Þetta sýnir, að við verðum að athuga mjög vel okkar gang, áður en gripið er til jafnróttækra ráðstafana og að takmarka heildaraflann á þorskvertíð. Að áliti fiskideildarinnar er það ekki tímabært, en allt að einu er tillaga þessi mjög athyglisverð og sýnir vel hug manna í máli þessu.

Þekking okkar á þessu sviði nær enn þá skammt, og verður að stórauka rannsóknir allar í sambandi við hrygningu þorsks og annarra fiska hér við land. Standa vonir til, að það verði hægt með tilkomu hins nýja rannsóknarskips.

Virðingarfyllst,

Jón Jónsson,

forstjóri fiskideildar.

Sþ. 615. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt og athugað þessa þingsályktunartillögu og eigi orðið á einu máli um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að þetta mál sé tekið til athugunar í sambandi við niðurgreiðslur á vörum almennt og sé tillögunni **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. apríl 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Pálmason, frsm.

Jón Kjartansson. Jón Árnason.

Sþ. 616. Nefndarálit [57. mál]

um till. til þál. um heyverkunarmál.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu og eigi orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar telur ekki rétt að setja milliþinganefnd í þetta mál. Hitt kemur fremur til mála, að taka á næstu fjárlög einhverja upphæð til að aðstoða búnaðarsamböndin eða Búnaðarfélag Íslands til framkvæmda í þessu nauðsynjamáli. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að tillögunni sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. apríl 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Pálmason, frsm.

Jón Kjartansson. Jón Árnason.

Sþ. 617. Nefndarálit [65. mál]

um till. til þál. um jarðaskráningu og jarðalýsingar.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu, en eigi orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að hún verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem unnið hefur verið að þessu máli að undanförnu af landnámsstjóra, Pálma Einarssyni, og þar sem í undirbúningi er nýtt allsherjarfasteignamat, sem á að koma í gildi 1965, þá telur Alþingi tillögu þessa óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. apríl 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Pálmason, frsm.
Jón Kjartansson. Jón Árnason.

Nd. 618. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um jarðgöng á þjóðvegum.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum sínum og sent það vegamálastjóra og vegalaganefnd til umsagnar með bréfi, dags. 15. f. m.

Umsagnir ofangreindra aðila hafa borizt nefndinni, og eru þær prentaðar sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti. Báðir leggja þeir til, að frestað sé afgreiðslu frv., þar sem efni þess og tilgangur falli innan verkahrings vegalaganefndar, og þess vænzt, að hún hafi lokið störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, sem kemur saman í haust.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv.

Það er álit meiri hl. nefndarinnar, að það verkefni, sem nefnt frv. um jarðgöng á þjóðvegum fjallar um, eigi að heyra undir störf vegalaganefndar, eins og formaður þeirrar nefndar og vegamálastjóri benda á í umsögnum sínum um frv. Leggur meiri hl. nefndarinnar því til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. apríl 1962.

Sigurður Ágústsson, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Jónas Pétursson.

Fylgiskjal I.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 16. marz 1962.

Umsögn um frumvarp til laga um jarðgöng á þjóðvegum á þskj. 46.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 15. þ. m., sent mér til umsagnar frumvarp til laga um jarðgöng á þjóðvegum á þskj. 46.

Frumvarp sama efnis var flutt á Alþingi 1960, en náði þá ekki fram að ganga.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samhljóða frumvarpinu frá 1960 með þeirri breytingu einni, að í 2. gr. b-lið er gert ráð fyrir 3 aura viðbótarskatti á benzínlítra, er renna skal í brúasjóð, og er ekki heimilt að verja þeim tekjum til annarra framkvæmda en jarðgangagerðar. Í frumvarpinu frá 1960 var ekki gert ráð fyrir neinum auknum tekjum til brúasjóðs til þess að mæta þessu nýja verkefni.

Í umsögn um frumvarpið frá 1960, sem send var samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis með bréfi, dags. 22. des. 1960, og fylgir hér með í afriti, var lagt gegn samþykkt frumvarpsins, en jafnframt bent á, að eðlilegra væri að efla vegasjóð, sem einnig hefur tekjur sínar af benzínskatti, til þess að standa undir greiðslu kostnaðar við jarðgangagerð.

Ég er enn sömu skoðunar og áður um það, að eðlilegra sé að tengja jarðgangagerð vegasjóði en brúasjóði, en með tilliti til þess, að samgöngumálaráðherra skipaði hinn 10. maí 1961 nefnd skv. þingsályktun frá 23. marz 1961 til þess að endurskoða gildandi lög um vegi og brýr og fjáröflun til þessara framkvæmda, þá leyfi ég mér að leggja til, að afgreiðslu ofangreinds frumvarps verði frestað til næsta reglulegs Alþingis.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

VEGALAGANEFND

Reykjavík, 21. marz 1962.

Vegalaganefnd hefur borizt bréf háttvirtrar samgöngumálanefndar, dags. 15. þ. m., þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um frumvarp til laga um jarðgöng á þjóðvegum, þskj. 46.

Vegalaganefnd var skipuð af samgöngumálaráðherra 10. maí 1961 til að endurskoða gildandi lög um opinbera vegi og brýr og athuga jafnframt möguleika á öflun fastra tekjustofna fyrir vega- og brúargerð.

Stefnt er að því, að nefndin ljúki störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, haustið 1962, og er það álit nefndarinnar, að ekki sé tímabært að gera breytingar á skipan þeirra mála, er henni voru falin til athugunar, meðan á téðri endurskoðun stendur.

Þar sem efni það, er umrætt lagafrumvarp fjallar um, fellur innan verkahrings nefndarinnar, telur nefndin rétt að fresta afgreiðslu frumvarpsins til næsta reglulegs Alþingis.

Virðingarfyllst,

f. h. vegalaganefndar,

Brynj. Ingólfsson,
formaður.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Ed. 619. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur undirritaður meiri hl. n. til, að það verði samþ. óbreytt, en þeir KK og BjörnJ eru frv. andvígir og skila sérálitum.

Aðalefni frv. er það, að Seðlabankanum er framvegis falið að skrá gengi íslenzku krónunnar með samþykki ríkisstjórnarinnar, en síðan 1939 hefur þetta verið löggjafaratriði.

Þar sem Seðlabankinn getur ekki, þótt frv. þetta verði að lögum, breytt gengi íslenzkrar krónu nema með samþykki ríkisstjórnarinnar, breytir samþykkt frv. að okkar áliti engu um það, að stefnan í gengismálum, svo sem í efnahagsmálum almennt, verður eftir sem áður ákveðin af ríkisstjórninni og þeim meiri hl. Alþingis, sem hana styður hverju sinni. En hafi sú stefna verið mörkuð, er það aðeins tæknilegt atriði að skrá gengi peninganna í samræmi við hana. Verður að telja miklu eðlilegra, að það verkefni sé falið sérfræðingum fremur en að vera löggjafaratriði, svo sem nú er. Það fyrirkomulag, sem hér er lagt til að verði upp tekið, tíðkast líka í öllum löndum Vestur-Evrópu að Belgíu undanskilinni, en þar er gengisskráningin ákveðin með lögum. Reynsla undanfarinna ára hefur og hvað eftir annað sýnt það, að margs konar óhagræði og óþarfar truflanir í öllu viðskiptalífi hefur af því leitt, þegar gengisbreytingarfrv. hafa vikum saman verið í meðförum Alþingis, án þess að slíkt hafi þó nokkru breytt um það, að hafi ríkisstjórn og sá meiri hl. Alþingis, er hana hefur stutt, verið þeirrar skoðunar, að gengisbreyting hafi verið óhjákvæmileg, þá hefur hún náð fram að ganga. Við teljum hið nýja fyrirkomulag því til bóta frá því, sem nú er, og mælum með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 30. marz 1962.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Nd. 620. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um jarðgöng á þjóðvegum.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Frumvarp þetta hefur verið rætt á 2 fundum nefndarinnar. Meiri hluti nefndarinnar vill vísa málinu frá, en minni hl. leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Vitað er, að skilyrði fyrir heilbrigðu atvinnulífi og framförum eru góðar samgöngur. Landsamgöngur eru svo að segja engar meiri hluta ársins við fjölmennan kaupstað eins og Siglufjörð. Til þess að tryggja vetrarleið til Siglufjarðar þarf jarðgöng. Einnig þarf jarðgöng til að tryggja vetrarleið milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar. Allir munu viðurkenna, að úr þessu þurfi að bæta. En til þess þarf fé. Deila má um, á hvern hátt eigi að afla fjár til slíkra framkvæmda. Það atriði skiptir ef til vill ekki öllu máli. Aðalatriðið er, að fjármagn sé útvegað með einhverjum hætti og framkvæmdum hraðað sem mest. Mjög mikil útflutningsframleiðsla fer fram frá þessum kaupstöðum, og íbúar þeirra eiga fyllilega skilið að búa við svipuð samgönguskilyrði og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Ekkert liggur

fyrir um það, að aðrar leiðir verði farnar til að afla fjár til þessara framkvæmda. Við leggjum því eindregið til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 4. apríl 1962.

Björn Pálsson, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 621. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til laga um Hæstarétt Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta hefur verið í athugun hjá nefndinni, og leggur meiri hluti hennar (EI, SI, BFB) til, að það verði samþykkt. BFB áskilur sér þó rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur við frumv., sem fram kunna að koma. Einn nefndarmanna (GJóh) leggur til, að frumv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá og skilar séráliti þar um. Annar nefndarmanna (AGb) var fjarstaddur, þegar frumv. var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 4. apríl 1962.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.

Nd. 622. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og þær breytingar, er á því voru gerðar í efri deild. Er nefndin sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. apríl 1962.

Jón Pálmason, form. Benedikt Gröndal, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson, frsm.
Jónas Pétursson. Karl Guðjónsson.

Sþ. 623. Nefndarálit [38. mál]

um till. til þál. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna og ekki orðið ásátt um afgreiðslu. Meiri hl. leggur til, að till. sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. apríl 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Árnason.
Jón Pálmason. Jón Kjartansson.

Sþ. 624. Nefndarálit [40. mál]

um till. til þál. um verðtryggingu lífeyris.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir með tillögunni með svofelldri

BREYTINGU:

Við tillgr. Orðin „það, er nú situr, ef tími vinnst til, ella fyrir næsta reglulegt Alþingi“ falli niður.

Alþingi, 4. apríl 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Árnason.
Jón Pálmason. Jón Kjartansson. Ingvar Gíslason.
Halldór Ásgrímsson. Halldór E. Sigurðsson. Karl Guðjónsson.

Sþ. 625. Þingsályktun [46. mál]

um verndun fiskstofna við strendur Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 4. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka hið fyrsta til athugunar, í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir tjón á fiskstofnum við landið vegna veiða á ungfiski.

Nd. 626. Lög [128. mál]

um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 585.

Nd. 627. Lög [157. mál]

um aðstoð við fatlaða.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 584.

Ed. **628. Frumvarp til laga** [124. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955.

(Eftir 3. umr. í Nd., 4. apríl.)

1. gr.

36. og 37. tölul. 1. gr. laganna orðist svo:

36. *Austur-Egilsstaðahérað:* Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Eiðahreppur og Hjaltastaðahreppur. Læknissetur í Egilsstaðaþorpi;
37. *Bakkagerðishérað:* Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er, að fengnum tillögum landlæknis, að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar við nauðsynleg lækningatæki og útbúnað í lækningastofu héraðslæknis í fámennum læknishéruðum, gegn jafnmiklu framlagi frá læknishéraðinu.

3. gr.

2. málsgrein 10. greinar laganna falli niður, en í stað hennar komi svo hljóðandi:

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer sem hér segir:

1. Embættislaun héraðslækna skulu greidd fyrir embættisstörf, en til slíkra starfa telst einkum: Samfelld gegningarskylda læknis í héraði, öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisaðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðiseftirlit, svo sem með vatnsbólum, fráræslu, húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðum og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna.

2. Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir gjaldskrá, sem landlæknir semur og ráðherra staðfestir, eða samningum, er stéttarfélög lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkrasamlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar.

3. Fyrir störf, önnur en embættisstörf, í þágu ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir sömu reglum og þá er sjúkrasamlög eða aðrar greinar almannatrygginga eiga í hlut.

4. Fyrir störf í þágu annarra en almannatrygginga, ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir reglum, er stéttarfélög lækna setja og birta almenningi. Nú eru slíkar reglur ekki birtar, og mega þá læknar, er í hlut eiga, ekki krefjast hærri greiðslu en þá er almannatryggingar eiga í hlut.

4. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Þangað til heilbrigðisstjórnin setur gjaldskrá skv. 2. tölulið 2. málsgr. 10. gr. laganna, skal núgildandi gjaldskrá héraðslækna gilda um störf þeirra í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga.

Ríkisstjórninni er heimilt, til viðbótar heimildum, sem fyrir eru, að greiða allt að 300 þús. kr. árlega til þess að bæta læknisþjónustu í þeim héruðum, þar sem mestra úrbóta er þörf að dómi landlæknis.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 629. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Við 1. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

6. Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingarfélagi um, að hver einstakur skipverji hafi verið líf- og slysatryggður og sé lágmark tryggingarinnar 200 þús. kr.

Nd. 630. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 61 4. júli 1942, um málflytjendur, sbr. lög nr. 25 16. febr. 1953.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það nái fram að ganga. GJóh áskilur sér þó rétt til að flytja eða fylgja till. um frekari breyt. á lögunum.

Einn nefndarmanna (AGb) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 4. apríl 1962.

Einar Ingimundarson, form.	Björn Fr. Björnsson, frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
	Gunnar Jóhannsson.	

Nd. 631. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um Hæstarétt Íslands.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarpið um Hæstarétt á einum fundi. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá efri deild, en undirritaður leggur til, að það verði afgr. með rökstuddri dagskrá. Til vara flyt ég nokkrar breytingartillögur við frv.

Í athugasemdum við frumvarpið segir m. a.: „Rétt er að geta þess, að í frumvarpi þessu er við það miðað, að frumvarp það til laga um meðferð einkamála í héraði, sem fyrir Alþingi liggur, verði að lögum eigi síðar en þetta frumvarp."

Í sambandi við það, sem hér segir, er rétt að geta þess, að flest bendir til þess, að frumv. um meðferð einkamála í héraði verði ekki afgreitt nú á þessu þingi. Verður því ekki séð, hvað mælir sérstaklega með því, að frumvarp um Hæstarétt Íslands verði afgreitt sem lög á yfirstandandi þingi.

I umsögn Lögmannafélags Íslands um frumvarpið er bent á, að eigi sé „unnt að sjá, að þeir gallar hafi komið í ljós á núgildandi lögum um meðferð mála fyrir Hæstarétti, eins og þeim hefur verið beitt með samvinnu dómara og málflytjenda og dómvenju, er réttlæti það að setja ný heildarlög um Hæstarétt." Síðan segir:

„Megingalla þessa frumvarps teljum vér vera 32. gr. þess (eftir þær breyt., sem frumvarpið tók í efri deild, er það nú 44. gr.). Það er vægilega til orða tekið hjá

prófessor Theodór B. Líndal, að fyrirmæli hennar muni leiða til þess, að málflutningur verði skriflegur um of og að hætta sé á tvíflutningi.

Samkvæmt núgildandi lögum ber að leggja fram rækilega, skriflega greinargerð af hálfu hvors (eða hvers) aðila, áður en mál er flutt í héraði. Varðar frávísun frá héraðsdómi eða ómerkingu í æðra dómi, ef málatilbúnaður er gallaður að þessu leyti. Greinargerðir aðila í héraði liggja frammi í Hæstarétti. Verður því eigi séð, að nokkur þörf sé á nýjum, skriflegum greinargerðum fyrir Hæstarétti.“

Í umsögn Lögmannafélags Íslands um frumvarpið eru færð fram mjög haldgóð rök fyrir því, að 32. gr. frv. sé óþörf. Sérstaklega er bent á, að með þeim breytingum, sem gert er ráð fyrir í 32. gr., eins og hún var í frumvarpinu, áður en efri deild breytti henni, muni munnlegur málflutningur verða harla lítils virði. Síðar segir orðrétt:

„Ekki er ætlazt til, að lesa megi upp úr greinargerðum þessum, heldur eiga málflytjendur að lesa upp skjöl og vitnaleiðslur. Slíkt getur eigi kallazt munnlegur málflutningur. En hið frjálsa, lifandi orð munnlegs málflutnings er sjálfsagður þáttur í heilbrigðu réttarfari.“

Að öðru leyti vísast til umsagnar Lögmannafélags Íslands um frumvarpið, sem ég hef leyft mér að láta prenta sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Eins og menn munu sjá, eru brtt. mínar flestar byggðar á umsögn Lögmannafélagsins, sömuleiðis að nokkru leyti aðaltillaga mín um að afgreiða frumvarpið með rökstuddri dagskrá, eins og bæði upphaf og endir umsagnarinnar ber með sér. Rétt er að geta þess, að efri deild hefur gert allmiklar breytingar á frumvarpinu frá því, sem það var, þegar það var lagt fram. Tel ég þær flestar vera til bóta.

Um þá ábendingu Lögmannafélagsins, að athugandi væri að fjölga dómendum Hæstaréttar upp í sjö eða jafnvel níu, er það að segja, að fyrir slíkri fjölgun eru viss rök, m. a. meira réttarfarslegt öryggi, auk þeirra raka, sem bent er á í umsögn Lögmannafélagsins. Slík fjölgun dómenda mundi að sjálfsögðu hafa í för með sér allmikinn kostnað fyrir ríkissjóð fram yfir það, sem nú er. Sé ég mér því ekki fært að flytja brtt. um fjölgun dómenda á þessu stigi. Auk þess tel ég, að slíka fjölgun þyrfti að athuga mjög vel af þeim aðilum, sem bezt til þekkja, enda um stórbreytingu að ræða frá núgildandi lögum. Þó ber að hafa í huga, að óvíst er, hvort hér yrði í reynd um aukin heildarútgjöld að ræða, ef tillit er tekið til kostnaðar við setudómara í Hæstarétti og ýmiss konar greiðslna til hæstaréttardómara fyrir aukastörf.

Samkvæmt framanrituðu legg ég því til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að sýnt er, að frumvarp til laga um meðferð einkamála í héraði nær eigi fram að ganga á þessu þingi, og þar eð lög um Hæstarétt hljóta jafnan að miðast við þau í veigamiklum atriðum, ákveður deildin að fjalla eigi frekar um þetta frumvarp að sinni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Fallist deildin ekki á dagskrártillögu þessa, legg ég til, að á frv. verði gerðar svofelldar

BREYTINGAR:

1. Við 5. gr. Í stað „30“ í 3. tölulið komi: 35.
2. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Hæstaréttardómurum er bannað að taka að sér launuð aukastörf. Þó mega þeir taka ritlaun fyrir að semja lögfræðirit.
3. Við 13. gr. Í stað „5000.00“ komi: 3000.00.
4. Við 15. gr. Í stað „Hæstiréttur“ komi: ráðherra.
5. Við 21. gr. Stafliður h í 1. tölulið falli brott.
6. Við 34. gr. Fyrir orðið „fyrsta“ í 4. mgr. komi: síðasta.

7. Við 40. gr. Á eftir orðunum „og flytur mál sitt“ komi: skriflega.
8. Við 41. gr. Í stað „fjögurra“ komi: sex.
9. Við 44. gr. Greinin falli brott.
10. Við 45. gr. Í stað „Hæstarétti“ komi: ráðherra.
11. Við 46. gr. Greinin falli brott.
12. Við 47. gr.
    a. Orðin „og 44.“ falli burt.
    b. Á eftir „skriflegan málflutning“ komi: ef sérstaklega er ástatt.
13. Við 56. gr. Við bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
    Leggja skal berum orðum dóm á hverja þá málsástæðu, er fram er borin.
14. Við 59 gr. Í stað „Hæstarétti“ í upphafi greinarinnar komi: ráðherra.

Alþingi, 5. apríl 1962.

Gunnar Jóhannsson.

Fylgiskjal.

Umsögn Lögmannafélags Íslands um frv. til laga um Hæstarétt.

Eigi er unnt að sjá, að þeir gallar hafi komið í ljós á núgildandi lögum um meðferð mála fyrir Hæstarétti, eins og þeim hefur verið beitt með samvinnu dómara og málflytjenda og dómvenju, er réttlæti það að setja ný heildarlög um Hæstarétt.

Í upphafi greinargerðar fyrir frumvarpi þessu segir, að í því sé við það miðað, að frumvarp til laga um meðferð einkamála í héraði, það er fyrir Alþingi liggur, verði að lögum eigi síðar en þetta frumvarp. Er því eigi rétt að láta þetta frumvarp ná fram að ganga, ef réttarfarslagafrumvarpið verður eigi samþykkt. En það frumvarp teljum vér svo gallað, að vér höfum lagt til, að það verði eigi samþykkt.

Megingalla þessa frumvarps teljum vér vera 32. gr. þess. Það er vægilega til orða tekið hjá prófessor Theodór B. Líndal, að fyrirmæli hennar muni leiða til þess, að málflutningur verði skriflegur um of og að hætta sé á tvíflutningi.

Samkvæmt núgildandi lögum ber að leggja fram rækilega, skriflega greinargerð af hálfu hvors (eða hvers) aðila, áður en mál er flutt í héraði. Varðar frávísun frá héraðsdómi eða ómerkingu í æðra dómi, ef málatilbúnaður er gallaður að þessu leyti. Greinargerðir aðila í héraði liggja frammi í Hæstarétti. Verður því eigi séð, að nokkur þörf sé á nýjum, skriflegum greinargerðum fyrir Hæstarétti.

Í athugasemdum við frumvarpið segir, að 32. gr. sé höfuðnýmæli þess. Segir, að það vilji við brenna, að enn skorti á öflun gagna, þegar mál sé tekið til munnlegs flutnings. Sé þá ýmist, að máli sé frestað, án þess að málflutningur sé hafinn, því sé frestað, áður en málflutningi lýkur eða að honum loknum, eða þá að frests er synjað og mál dæmt án frekari gagna. Síðan segir, að af þessu leiði röskun á störfum Hæstaréttar og réttarspjöll aðila.

Fyrir hefur að vísu komið, að málatilbúnaði í Hæstarétti hefur verið ábótavant. Slíkt mun þó fátítt. Mál munu yfirleitt vel flutt í héraði og dómar héraðsdóma skipulega samdir og alveg fullnægjandi grundvöllur undir málflutning og dóm í æðra dómi.

Ef fyrir kemur, að enn skortir á öflun gagna, þegar mál er tekið til munnlegs flutnings, þá er ekki nema sjálfsagt, að úr því ber að bæta. Er það jafnt skylda dómstólsins sem málflytjendanna að fresta máli í því skyni, hversu langt sem flutningi þess er komið eða á hvaða stigi sem málið er. Hitt hæfir eigi, að Hæstiréttur láti hlýða, að aðilum verði réttarspjöll, enda er reynslan allt önnur, því að þá er kveðinn upp í Hæstarétti úrskurður um öflun frekari gagna, eins og skylt er samkvæmt lögjöfnuði frá 120. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, og fastri dómvenju.

En það er alger tvíflutningur að fyrirskipa greinargerðir aðila í Hæstarétti eftir rækilegar greinargerðir í héraði. Og þessar hæstaréttargreinargerðir eftir 32. gr. eru

þess eðlis og í því formi, að munnlegur málflutningur verður harla lítils virði. Ekki er ætlazt til, að lesa megi upp úr greinargerðum þessum, heldur eiga málflytjendur að lesa upp skjöl og vitnaleiðslur. Slíkt getur eigi kallazt munnlegur málflutningur. En hið frjálsa, lifandi orð munnlegs málflutnings er sjálfsagður þáttur í heilbrigðu réttarfari.

Ýmis verk eru falin Hæstarétti í þessu frumvarpi, er aðrir hafa áður annazt, svo sem áfrýjunarleyfi samkvæmt 15.—16. gr. frv., umsögn skv. 20. gr. i. f., novaleyfi skv. 33. gr. og endurupptaka að gengnum hæstaréttardómi. Virðist oss réttara að halda þeirri reglu, er verið hefur, að Hæstiréttur þurfi ekki að fást við slíka hluti.

Áfrýjunarfjárhæð (summa appellabilis) hefur verið hækkuð úr 50 kr. í 5000 kr. Vér teljum slíkt of stórt stökk, enda ber að hafa í huga, þegar dómstig eru aðeins tvö, að varhugavert er að takmarka áfrýjunarrétt svo mjög, enda eru málaferli oft og einatt ekki fjáröflun, heldur liggur meira við en fjármunir einir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum á gildandi skipulagi, án þess að séð verði, að nauðsyn beri til. Má nefna í því sambandi styttingu frests til áfrýjunarleyfis úr 6 í 4 mánuði skv. 20. gr., þingfestingu máls á fyrsta þingdegi þess mánaðar, er til er stefnt, í stað þess síðasta, eins og tíðkazt hefur. Tradisjónir í þessu þjóðfélagi eru ekki svo margar, að ástæða sé til að afnema þær, ef ekkert heldur til slíks.

Eigi virðist ástæða til munnlegs málflutnings, ef stefndur sækir eigi þing, sbr. 28. og 36. gr.

Í 29. gr. frumvarpsins virðist oss sniðinn allt of þröngur stakkur um fresti til að afla gagna og gera ágrip dómsgerða. Er það kunnugt, að oft verður að bíða dómsgerða héraðsdóms mánuðum saman, og verður engin föst algild regla sett um þetta efni.

Eins og segir í upphafi þessarar umsagnar, fáum vér eigi séð, að breytingar þær, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir og margar hverjar eru ekki stórvægilegar, séu nauðsynlegar.

Enn teljum vér, að athugandi væri að fjölga dómendum í Hæstarétti upp í sjö eða jafnvel níu, enda ber til þau rök, er nú skal greina.

Mörg mál eru árlega flutt og dæmd í Hæstarétti og sum umfangsmikil. Kosta þau dómendur mikla vinnu, enda munu nú varla vera hér á landi annameiri embætti en dómenda við Hæstarétt. Hins vegar teljum vér rétt, að þing megi heyja með færri dómendum en fimm, og fer þá um slíkt eftir ákvarðan forseta eða dómsins alls. Ýmis mál eru svo einföld, að engin ástæða er til, að um þau fjalli fleiri dómendur en þrír. Getur þá dómurinn eftir atvikum þingað í tveimur málstofum í senn, enda mundi þetta létta mjög störf dómsins. Í hinum stærri málum er aftur á móti rétt, að dómendur séu fimm eða sjö eða jafnvel níu, eftir því sem þarflegt þykir.

Með skírskotun til ofanritaðs leggur Lögmannafélag Íslands til, að frumvarpið verði eigi lögfest nema með þeim breytingum, sem vikið er að hér að framan.

Ed. 632. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um innflutning búfjár.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

1. Við 19. gr. Í stað orðanna „fyrr en 2 árum eftir“ í 1. málslið komi: fyrr en 8 árum eftir.
2. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Heimildarákvæði 11. gr. má þó eigi beita fyrr en að liðnum þrem árum frá gildistöku laganna.

Nd. 633. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í fjárhagsnefndinni er ágreiningur um þetta mál. Fulltrúar stjórnarflokkanna mæla gegn frv., en aðrir nefndarmenn leggja til, að það verði samþykkt.

Frumvarpið var sent Seðlabanka Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Stéttarsambandi bænda til umsagnar. Bankastjórn Seðlabankans leggur á móti því, að frv. verði samþykkt, en stjórn Stéttarsambands bænda mælir með frv. Umsögn hefur ekki borizt frá Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Frumvarpið er um lækkun vaxta og afnám þeirrar heimildar, sem ríkisstjórnin hefur í lögum frá 1960 til þess að ákveða vexti og lánstíma hjá nokkrum stofnlánasjóðum. Einnig um að nema úr lögum heimild Seðlabankans til að heimta fé frá innlánsstofnunum inn á bundinn reikning.

Lagt er til, að vextir af afurðavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, verði ekki hærri en 5½%, en þeir eru nú 7—7½%. Frá 23. febr. til ársloka 1960 voru þeir 9—9½%. Enn fremur er lagt til, að lög nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og lög nr. 75/1952, um breyting á þeim lögum, komi aftur í gildi. Samkvæmt því yrðu vextir yfirleitt eins og þeir voru, áður en efnahagslögin frá 20. febrúar 1960 komu til framkvæmda. Eftir að þau lög gengu í gildi, var ákveðin mjög mikil hækkun á vöxtum. Forvextir af venjulegum víxlum hækkuðu þá úr 7—7½% í 11—11½%, innlánsvextir í venjulegum sparisjóðsbókum úr 5% í 9%, en af innstæðum, bundnum í 6 mánuði, úr 6% í 10%. Í árslok 1960 voru þessir vextir lækkaðir nokkuð, svo að forvextir eru nú 9—9½%, en innstæðuvextir 7% í venjulegum sparisjóðsreikningum og 8% af innstæðum, bundnum í 6 mánuði.

Þá er og lagt til í frumvarpinu, að felld verði úr lögum heimild ríkisstjórnarinnar til að ákveða vaxtakjör og lánstíma þeirra lána, sem veitt eru úr fiskveiðasjóði, stofnlánadeild sjávarútvegsins, byggingarsjóði sveitabæja, ræktunarsjóði, byggingarsjóði kaupstaða og kauptúna, byggingarsjóði verkamanna og raforkusjóði. Vextir af lánum úr þessum sjóðum yrðu þá eins og þeir voru, áður en efnahagslögin frá 1960 gengu í gildi. Samkvæmt frv. yrði einnig breytt vöxtum og lánstíma þeirra lána, sem ákveðnir stofnlánasjóðir hafa veitt, síðan lánakjörunum var breytt árið 1960, svo að kjörin yrðu eins og á eldri lánum. Um það er ákvæði í 2. málsgr. 2. gr. frv., og þykir rétt að breyta orðalagi málsgreinarinnar þannig, að glöggt sé, að ákvæðið snerti ekki aðra lánasamninga. Áður en núverandi ríkisstjórn kom til valda, höfðu lánakjör hjá þessum sjóðum verið ákveðin í lögum, bæði vextir og lánstími. Það voru meginatriði laganna um sjóðina, þar sem stuðningur þjóðfélagsins við þær umbætur, sem sjóðirnir veita lán til, kom fram í lánakjörunum. Ríkisstjórnin hækkaði vexti af lánum hjá stofnlánasjóðunum, sem að framan eru nefndir, og stytti lánstíma hjá sumum þeirra. Vaxtahækkunin hjá ræktunarsjóði, fiskveiðasjóði, byggingarsjóði sveitabæja og byggingarsjóði verkamanna nam 2½%, en hjá byggingarsjóði ríkisins 2%. Sem dæmi um áhrifin af vaxtahækkuninni og styttingu lánstímans má nefna, að árgjald af 80 þús. kr. láni hjá ræktunarsjóði var áður kr. 5886.56, en er nú kr. 8508.24. Og sama lánsupphæð er nú langtum minni hluti af framkvæmdakostnaðinum en áður var.

Háu vextirnir hvíla mjög þungt á þeim fjölda einstaklinga og fyrirtækja, sem þurfa á lánsfé að halda til nauðsynlegra framkvæmda, öflunar atvinnutækja og atvinnurekstrar. Vaxtahækkunin er mikill gjaldaauki til viðbótar þeim gífurlegu hækkunum á kostnaði við byggingar og aðrar framkvæmdir, sem gengislækkanirnar 1960 og 1961 hafa valdið. Með vaxtahækkuninni hafa líka verið lagðar tilfinnanlegar byrðar á framleiðslufyrirtæki, sem komast ekki hjá að nota mikið lánsfé. Svo er t. d. um fyrirtæki sjávarútvegsins. Talið er, að bankaskuldir, sem á þeim

atvinnuvegi hvíla, séu nokkuð á annað þúsund millj. kr. Þar að auki eru lán hjá stofnlánadeild sjávarútvegsins, fiskveiðasjóði og fiskimálasjóði, samtals um 860 millj. kr., og skuldir við sparisjóði og fleiri aðila. Vaxtagreiðslur eru því stór gjaldaliður hjá útgerðinni. Áætlanir og reikningar um rekstur fiskfrystihúsa sýna, að vaxtakostnaður við þann rekstur nemur nálægt 40% af þeirri upphæð, sem þar er greidd í vinnulaun til verkafólksins.

Látið er í veðri vaka, að hækkun vaxta hafi m. a. verið ákveðin til þess að bæta hag sparifjáreigenda og auka traust á gjaldmiðlinum. Um þetta er það að segja, að hækkun innlánsvaxta er sparifjáreigendum ekki mikils virði, ef henni fylgja ráðstafanir, sem hafa í för með sér rýrnun á verðgildi sparifjárins, miklu meiri en sem nemur hækkun innlánsvaxtanna. En þannig var verðgildi innstæðufjárins skert með gengislækkunum 1960 og 1961 og gífurlegum hækkunum á tollum og sölusköttum, sem leggjast á nauðsynjar allra manna. Sparifjáreigendur hafa því verið ákaflega hart leiknir af þeirri efnahagsmálastefnu, sem fylgt hefur verið síðustu 2 árin.

Heimild Seðlabankans til þess að heimta hluta af innstæðufé inn á bundinn reikning hefur verið notuð þannig, að um síðustu áramót var heildarupphæð sparifjár á bundnum reikningi 318.2 millj. kr. Fé þessu hefur verið safnað saman hjá innlánsstofnunum um land allt. Því er haldið fram, að innstæðubindingin sé m. a. til þess gerð, að Seðlabankinn geti lánað fé til brýnustu þarfa atvinnuveganna, eins og t. d. sjávarútvegsins. En þetta hefur ekki verið gert. Lán Seðlabankans til stofnlánadeildar sjávarútvegsins var ekki borgað út, heldur fór það til þess að bæta hag viðskiptabankanna í reikningum hjá Seðlabankanum. Og á sama tíma sem Seðlabankinn hefur safnað saman hjá bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum yfir 300 millj. kr. inn á bundna reikninga, hefur hann veitt tiltölulega minni lán en áður út á afurðir sjávarútvegs og landbúnaðar og þannig valdið erfiðleikum fyrir atvinnuvegina.

Sú aðferð að loka inni hjá Seðlabankanum hundruð millj. kr. af sparifénu, í stað þess að lána það til aukinnar framleiðslustarfsemi og nauðsynlegra framkvæmda, sem auka þjóðartekjurnar, getur ekki talizt hagkvæm fyrir þjóðarbúið. Engin verðbólguhætta fylgir því að hafa sparifé í umferð.

Seðlabankinn hefur notað heimildina til innstæðubindingar þannig síðustu 2 árin, að rétt þykir að leggja til, að hún verði numin úr lögum.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hélt fund í Reykjavík 14.—17. febr. s. l. Þar voru mættir eigendur 55 hraðfrystihúsa, sem eru þátttakendur í félaginu, eða fulltrúar þeirra. Í blaðinu „Frost“, sem Sölumiðstöðin gefur út, er skýrt frá ræðu, sem formaður félagsins flutti á fundinum. Sagði hann þar, að m. a. hefði útlána- og vaxtastefna bankanna valdið gífurlegum erfiðleikum fyrir rekstur hraðfrystihúsanna. Í blaðinu eru einnig birtar ályktanir, sem samþykktar voru á fundinum, þar á meðal þær tillögur, er hér greinir:

„Aukning útlána.

Með tilliti til þess, að útlán Seðlabanka Íslands út á sjávarafurðir hafa farið stöðugt lækkandi á undanförnum árum með þeim afleiðingum, að nú horfir til mikilla vandræða í sjávarútvegi og fiskiðnaði, skorar aukafundur S. H., haldinn í Reykjavík í febrúar 1962, á hæstvirta ríkisstjórn, að útlán Seðlabankans verði aukin upp í 67%, eða eins og áður var og lög Seðlabankans leyfa.

Lækkun vaxta.

Aukafundur S. H., haldinn í Reykjavík í febrúar 1962, samþykkir að beina því til hæstvirtrar ríkisstjórnar, að nú þegar verði athugað, hvort ekki sé unnt og tímabært að lækka vexti Seðlabankans á afurðalánum sjávarútvegsins, þannig að 7% vextir þriggja fyrstu mánaðanna lækki í 5% og 7½% vextirnir í 5½%.

Sem rökstuðning fyrir samþykktum þessum lýsti fundurinn því yfir sem skoðun sinni, að:

1) Þörf framleiðslufyrirtækja sjávarútvegsins fyrir lánsfé er svo mikil, að notkun þess er ekkert minni þrátt fyrir háa vexti og þó fjárþörf þeirra hvergi nærri fullnægt.

2) Fundurinn fær ekki séð, hvernig það þjónar hag þjóðfélagsins að íþyngja framleiðslunni með háum vöxtum á framleiðsluvíxlum sjávarafurða, er teknir eru af fyrirtækjum, sem fjárhagslega berjast í bökkum, en stunda þá framleiðslu, sem öll þjóðin byggir afkomu sína á.

3) Fundurinn álítur, að hækkun útlána á sjávarafurðir sé vissasta leiðin til að gera fyrirtækjum þessum kleift að reka starfsemi sína af fullum krafti og auka þar með framleiðsluna og þar með gjaldeyrisöflunina."

Í framangreindri ályktun Sölumiðstöðvarfundarins er bent á þá staðreynd, að framleiðslufyrirtæki sjávarútvegsins geta ekki dregið úr notkun lánsfjár, þó að vextir séu hækkaðir. Sömu sögu er að segja frá öðrum atvinnuvegum. Í fundarsamþykkt Sölumiðstöðvarinnar kemur einnig fram, að ákvörðun um vexti hefur mikla þýðingu fyrir rekstur sjávarútvegsins, og eins og þar segir, verður ekki séð, að það þjóni hag þjóðfélagsins að íþyngja framleiðslunni með háum vöxtum á framleiðsluvíxlum.

Bréf Stéttarsambands bænda er birt með þessu nefndaráliti.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Lánskjör í skuldabréfum hjá fiskveiðasjóði, ræktunarsjóði, byggingarsjóði sveitabæja, byggingarsjóði ríkisins, sbr. lög nr. 42/1957, byggingarsjóði verkamanna og raforkusjóði, sem gefin hafa verið út, eftir að vextir voru hækkaðir árið 1960, skulu breytast og verða hin sömu og á árinu 1959.

Alþingi, 5. apríl 1962.

Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 13. des. 1961.

Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda 9. þ. m. var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Lagt fram bréf, dags. 30. nóv. s. l., frá fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis, þar sem leitað er umsagnar Stéttarsambands bænda um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál. Þar sem í frumvarpi þessu felast bætt vaxtakjör fyrir bændur o. fl., mælir stjórn Stéttarsambandsins eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt."

Þetta er yður hér með tilkynnt.

Virðingarfyllst,

Sverrir Gíslason. Sæmundur Friðriksson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Sþ. 634. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt mál þetta og leitað umsagnar jarðhitadeildar raforkumálastjórnar um málið, ásamt breytingartillögu á þskj. 289 um að láta framkvæma borun eftir heitu vatni í Skútudal í Siglufirði.

Jarðhitadeildin skýrði frá því, að rannsóknarborun hefði farið fram við Leirárlaug með góðum árangri, og telur líkur fyrir frekari árangri, ef borun er haldið áfram. Hins vegar er það álit jarðhitadeildarinnar, að óráðlegt sé að svo stöddu að leggja út í kostnaðarsamar boranir í Skútudal. Telur jarðhitadeildin, að áður en út í það sé ráðizt, þurfi að fara fram ýtarlegri forrannsókn á Skútudalssvæðinu með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðferðum, og telur rétt að verja til þess fé úr jarðhitasjóði.

Nefndarmenn mæla með því, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. Við tillgr. bætist:
   Enn fremur að láta framkvæma þegar á næsta sumri ýtarlegar rannsóknir á Skútudalssvæðinu í Siglufirði með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðferðum, með það fyrir augum, að úr því fáist skorið, hvort líkur bendi til þess, að þar sé að vænta árangurs með borun eftir heitu vatni til hitaveitu fyrir Siglufjarðarkaupstað.
2. Fyrirsögn till. verði:
   Till. til þál. um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði og rannsóknir á jarðhitasvæðinu í Skútudal í Siglufirði.

Alþingi, 4. apríl 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Jón Pálmason.	Jón Kjartansson.	Halldór E. Sigurðsson.
Halldór Ásgrímsson.	Karl Guðjónsson.	Ingvar Gíslason.

Nd. 635. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra gera frv. og brtt. í báðum deildum á þessu þingi ráð fyrir, að teknir verði í þjóðvegatölu 845 km af nýjum vegum. Þar af eru nú í tölu sýsluvega 675.8 km, hreppavega 47.7 km, en 121.5 km í engum vegaflokki. Af vegum þessum eru 285.5 km taldir lagðir vegir, 317.1 km ruddir vegir, en 242.4 km ekki akfærir vegir. Alls ná þessir vegir til 419 bæja, liggja yfir 77 óbrúaðar ár.

Hinn 10. maí 1961 skipaði samgöngumálaráðherra nefnd samkv. þingsályktun 23. marz 1961 til að endurskoða gildandi lög um vegi og brýr. Þar sem nefnd þessi mun skila störfum fyrir næsta þing og mun vafalaust gera tillögur um gerbreytta

flokkun vega, þykir meiri hluta samgöngumálanefndar ekki ástæða til að samþykkja nú breytingar á vegalögum og leggur til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. apríl 1962.

Sig. Ágústsson, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm.	Jónas Pétursson.

Nd. 636. Breytingartillaga [220. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1957, um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Benedikt Gröndal.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir fyrri málsgrein í ákvæði til bráðabirgða komi ný málsgrein:

Hagnaður Viðtækjaverzlunar ríkisins af innflutningi sjónvarpstækja skal renna til Ríkisútvarpsins til undirbúnings og rekstrar sjónvarps.

Sþ. 637. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um fullgildingu á samstarfssamningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

(Lögð fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samstarfssamning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, er undirritaður var í Helsingfors 23. marz 1962 og prentaður er hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

SAMSTARFSSAMNINGUR
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem efla vilja enn betur hin nánu menningartengsl Norðurlandaþjóðanna og samstöðu þeirra í skoðunum á réttar- og þjóðfélagsmálum og auka enn samstarfið milli Norðurlanda;

sem keppa vilja að sameiginlegum reglum á Norðurlöndum í svo mörgum greinum sem unnt er;

sem koma vilja fram hagkvæmri verkaskiptingu milli landanna á öllum sviðum, þar sem skilyrði eru til þess;

sem halda vilja áfram samstarfi þessara landa, sem þeim er mikilvægt, í Norðurlandaráði og öðrum samstarfsstofnunum;

hafa orðið sammála um eftirfarandi ákvæði.

Inngangsákvæði.

1. gr.

Samningsaðilar skulu kappkosta að varðveita og efla enn betur samstarfið milli landanna í réttar-, menningar-, félags- og efnahagsmálum, svo og um samgöngur.

Réttarsamstarf.

2. gr.

Samningsaðilar skulu halda áfram að vinna að því, að ríkisbergarar Norðurlanda, sem dveljast á Norðurlöndum utan heimalands síns, njóti svo sem framast er unnt sömu réttarstöðu og ríkisborgarar dvalarlandsins.

3. gr.

Samningsaðilar skulu leitast við að auðvelda ríkisborgurum Norðurlanda að hljóta ríkisfang í einhverju hinna landanna.

4. gr.

Samningsaðilar skulu halda áfram löggjafarsamstarfi í því skyni að ná sem mestu samræmi á sviði einkamálaréttar.

5. gr.

Samningsaðilum ber að leitast við að samræma reglur um afbrot og lögfylgjur þeirra.

Hafi afbrot verið framið í einhverju Norðurlandanna, ber að keppa að því, að rannsókn, málshöfðun og dómur geti einnig farið fram, svo sem framast er unnt, í einhverju hinna.

6. gr.

Samningsaðilar skulu leitast við að ná samræmi sín á milli um aðra löggjöf en nú hefur verið nefnd á þeim sviðum, þar sem hagkvæmt þykir.

7. gr.

När behov och förutsättningar föreligga för gemensam ekonomisk utbyggnad av sådana områden inom två eller flera fördragsslutande parters territorier som gränsa till varandra, skola dessa parter tillsammans söka främja en sådan utbyggnad.

Samarbete på samfärdselns område.

Artikel 26

De fördragsslutande parterna skola eftersträva att befästa det samarbete som tidigare inletts på samfärdselns område samt söka utveckla detta samarbete i syfte att underlätta förbindelserna och varuutbytet mellan länderna och erhålla en ändamålsenlig lösning av de problem, som må förefinnas på detta område.

Artikel 27

Byggandet av samfärdselled, som berör två eller flera fördragsslutande parters områden, skall ske i samråd mellan de berörda parterna.

Artikel 28

De fördragsslutande parterna skola söka bevara och ytterligare utveckla det samarbete som lett till att deras territorier utgöra ett passkontrollområde. Kontrollen av resande, som passera gräns mellan nordiska länder, skall även i övrigt förenklas och samordnas.

Artikel 29

De fördragsslutande parterna skola samordna arbetet för ökad trafiksäkerhet.

Samarbete i övrigt.

Artikel 30

De fördragsslutande parterna böra i de fall detta är möjligt och lämpligt rådgöra med varandra i frågor av gemensamt intresse, som behandlas i internationella organisationer och vid internationella konferenser.

Artikel 31

Befattningshavare, som tillhör en fördragsslutande parts utrikestjänst och tjänstgör utanför de nordiska länderna, skall i den mån det är förenligt med hans tjänsteåligganden samt hinder icke möter från tjänstgöringslandets sida bistå jämväl medborgare i annat nordiskt land, därest detta saknar representation på den ifrågavarande orten.

Artikel 32

De fördragsslutande parterna böra, närhelst det befinnes möjligt och ändamålsenligt, samordna sin verksamhet för bistånd till och samarbete med utvecklingsländerna.

Artikel 33

Åtgärder i syfte att sprida ökad kännedom om de nordiska länderna och det nordiska samarbetet böra vidtagas i nära samverkan mellan de fördragsslutande parterna och deras organ för utlandsupplysning. Där så befinnes lämpligt kunna samfällda framträdanden komma i fråga.

Artikel 34

De fördragsslutande parterna skola verka för att olika grenar av den offentliga statistiken samordnas.

Formerna för nordiskt samarbete.

Artikel 35

För att uppnå de syften, som angivas i denna överenskommelse, böra de fördragsslutande parterna fortlöpande samråda och vid behov vidtaga samordnande åtgärder.

Detta samarbete skall liksom hittills äga rum på ministermöten, inom ramen för Nordiska rådet och dess organ enligt de riktlinjer som äro uppdragna i stadgan för rådet, inom särskilda samarbetsorgan eller mellan vederbörande myndigheter.

Artikel 36

Nordiska rådet bör beredas tillfälle att yttra sig om nordiska samarbetsfrågor av principiell bärvidd, då detta av tidsskäl icke är ogörligt.

Artikel 37

Bestämmelse som tilkommit efter samarbete mellan två eller flera fördragsslutande parter må ej av part ändras, med mindre övriga parter därom underrättats. Underrättelse erfordras dock icke i brådskande fall eller då fråga är om bestämmelse av mindre betydelse.

Artikel 38

Myndigheter i de nordiska länderna äga skriftväxla direkt med varandra i andra ärenden än sådana som till följd av sin natur eller av annat skäl böra handläggas genom förmedling av utrikesförvaltningen.

Slutstadganden.

Artikel 39

Denna överenskommelse skall ratificeras och ratifikationshandlingarna skola snarast möjligt deponeras i ministeriet för utrikesärendena i Finland.

Överenskommelsen träder i kraft första dagen i den månad, som infaller närmast efter den dag då samtliga parters ratifikationshandlingar deponerats.

Artikel 40

Önskar någon av de fördragsslutande parterna uppsäga överenskommelsen skall skriftligt meddelande härom tillställas den finska regeringen, som har att omedelbart underrätta övriga fördragsslutande parter härom och om dagen då meddelandet mottogs.

Uppsägningen gäller endast det land, som verkställt densamma, och äger giltighet från och med första dagen i den månad som inträffar sex månader från det den finska regeringen mottagit meddelande om uppsägningen.

Överenskommelsen skall vara deponerad i ministeriet för utrikesärendena i Finland och bestyrkta avskrifter skola av det finska ministeriet tillställas var och en av de fördragsslutande parterna.

Till bekräftelse härav hava undertecknade befullmäktigade ombud undertecknat denna överenskommelse.

Som skedde i Helsingfors i ett exemplar på danska, finska, isländska, norska och svenska språken, vilka samtliga texter äga lika vitsord, den tjugutredje mars nittonhundrasextiotvå.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á sameiginlegum fundi forsætisráðherra Norðurlanda og forseta Norðurlandaráðs, sem haldinn var í Hangö í Finnlandi í nóvembermánuði 1961, voru lögð fram drög að norrænum samstarfssamningi, er gerð höfðu verið á vegum Norðurlandaráðs. Var álitið æskilegt að staðfesta með sérstökum samningi hina víðtæku samvinnu, er um langt skeið hefur þróazt með þjóðum Norðurlanda, svo og að lýsa yfir ásetningi um framhald hennar og eflingu eftir föngum.

Forsætisráðherrarnir ákváðu að láta semja frumvarp að slíkum samningi, er styddist við framangreind drög. Var síðan unnið að því verki á vegum ríkisstjórnanna, og á fundi embættismanna, sem haldinn var í Kaupmannahöfn í janúarmánuði 1962, var gengið frá samningsfrumvarpi, sem ríkisstjórnirnar urðu sammála um að leggja fyrir Norðurlandaráð. Norðurlandaráð ræddi frumvarpið á fundi sínum í Helsingfors í fyrra mánuði og mælti með því með smávægilegum breytingum, sem ríkisstjórnirnar féllust á.

Hinn 23. marz 1962 var samningurinn undirritaður í Helsingfors af fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda, og með tillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að fullgilda hann.

Ed. 638. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

14. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1955, orðist svo:

Síldarverksmiðjurnar eru undanþegnar tekju- og eignarskatti, svo og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Heimilt er þó sveitarstjórnum að innheimta aðstöðugjald af öllum öðrum rekstri verksmiðjanna en síldarbræðslu, þar á meðal vegna seldrar vinnu vélaverkstæða þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1963.

Nd. 639. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

Á eftir 5. tölulið 7. gr. laganna komi nýr töluliður:

6. Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingarfélagi um líf- og slysatryggingar skipverja, og skal skráningarstjóri ganga úr skugga um, að þær séu í samræmi við gildandi kjarasamninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 640. Breytingartillaga [199. mál]

við brtt. á þskj. 610 [Innflutningur búfjár].

Frá Magnúsi Jónssyni.

Brtt. orðist svo:

Aftan við 21. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef lifandi dýr eru flutt til landsins án heimildar, sbr. 1. gr., varðar það sektum, eins og að ofan greinir, fyrir eiganda dýranna svo og fyrir skipstjóra þann eða flugstjóra á farartæki því, sem dýrin flutti, ef ætla má, að dýrin séu flutt með hans vitund.

Nd. 641. Frumvarp til laga [199. mál]

um innflutning búfjár.

(Eftir 3. umr. í Ed., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 465 með þessari breytingu:

21. gr. hljóðar svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 1000—100000 krónum. Berist sjúkdómur til landsins vegna vanrækslu, varðar það þann, er vanrækslu hefur sýnt, starfs- og stöðumissi eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Ef lifandi dýr eru flutt til landsins án heimildar, sbr. 1. gr., varðar það sektum, eins og að ofan greinir, fyrir eiganda dýranna svo og fyrir skipstjóra þann eða flugstjóra á farartæki því, sem dýrin flutti, ef ætla má, að dýrin séu flutt með hans vitund.

Ed. 642. Lög [159. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu og eyðijörðina Austmannsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 504.

Nd. 643. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um almannavarnir.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á fjórum fundum. Fyrst var það lesið yfir í nefndinni 15. marz s. l., en lá síðan óhreyft þar allt til 27. marz, að það var tekið til meðferðar og því lýst yfir af hálfu fulltrúa stjórnarflokkanna, að ætlunin væri að afgreiða það á þessu þingi.

Á fundi í nefndinni þ. 29. marz s. l. mættu þeir Jón Sigurðsson borgarlæknir, Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri og Jónas Guðmundsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga. Svöruðu þeir nokkrum spurningum, sem fyrir þá voru

lagðar, en Jónas Guðmundsson lýsti því þó yfir, að hann væri ókunnur efni frumvarpsins, þar eð sveitarfélögunum hefði ekki verið sent það til athugunar enn þá.

Efni þessa frumvarps er þingmönnum og landsmönnum lítt kunnugt, enda lítið gert af hálfu stjórnarvalda til þess að kynna efni þess almenningi.

Flestum mun þó ljóst, að brýna nauðsyn beri til þess að framkvæma einhverjar ráðstafanir hérlendis sem erlendis til þess að vernda líf og heilsu almennings gegn afleiðingum hernaðaraðgerða eða tjóni af völdum náttúruhamfara og annarri vá.

Jafnvel þótt styrjöld brytist ekki út, sem allir vona, er augljóst, að lífi og heilsu manna hér á landi kynni að vera hætta búin, ef svo hörmulega tækist til, að stórveldin byrjuðu vetnissprengjutilraunir enn á ný. Það var upplýst í nefndinni, að með tiltölulega litlum kostnaði væri hægt að útbúa byrgi í kjöllurum íbúðarhúsa, er þannig væru frágengin, að þau veittu allgóða vernd gegn áhrifum geislavirks ryks, er hingað kynni að berast frá tilraunasprengingum kjarnorkuveldanna.

Í lögum nr. 103 15. des. 1951 er að finna heimildir fyrir stjórnvöld landsins til að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja tjón af völdum geislavirks úrfalls. Skortur á lagaheimild torveldar því ekki aðgerðir.

Breytingar þær, er samþykkt þessa frv. hefði fyrst og fremst í för með sér frá gildandi lagaákvæðum, taka aðallega til yfirstjórnarinnar á almannavarnastarfseminni og þess, að gert er ráð fyrir meira frumkvæði af hálfu ríkisvaldsins í þessum málum en verið hefur til þessa.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra skipi sérstakan embættismann almannavarnanna, væntanlega með þó nokkru starfsliði.

Ég tel ekki vera þörf á að stofnsetja þetta embætti. Frv. gerir ráð fyrir, að dómsmálaráðherra fari með yfirstjórn þessara mála og skipi almannavarnaráð, skv. 6. gr., er verði til ráðuneytis um framkvæmdir fyrir landið allt.

Ég tel þetta nægilega yfirstjórn við framkvæmd almannavarna og mun ódýrari en það fyrirkomulag, er frv. gerir ráð fyrir og áður er vikið að.

Þessi skipan er og í samræmi við ákvæði 5. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að mikilvægir þættir almannavarna, er lúta að sjúkrahúsmálum, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum, séu settir undir stjórn landlæknis og heilbrigðismálaráðherra, en ekki gert ráð fyrir nýjum embættismanni, er fari með yfirstjórn þeirra.

Ég flyt því á sérstöku þskj. breytingartillögu í þessa stefnu.

Einnig flyt ég breytingartillögu við ákvæði 7. gr. frv. um, að ráðstafanir til almannavarna skuli hefja þar, sem ríkisstjórnin ákveði, þó þurfi samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar að fást.

Frv. gerir ekki ráð fyrir því, að samþykki sveitarstjórna þurfi til að koma, ef ráðizt er í kostnaðarsamar framkvæmdir til almannavarna, enda þótt fyrirsjáanlegt sé, að þær komi til með að kosta sveitarsjóðina mikið fé. Þetta tel ég ekki rétt. Ég tel ástæðulaust að ætla, að sveitarstjórnir mundu neita um fjárframlög í þessu skyni, ef augljós og knýjandi þörf væri á þeim.

Í heilbrigðis- og félagsmálanefnd lagði ég til, að frv. þessu yrði vísað til aðalfundar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem hefst á morgun, föstudag 6. apríl, í Reykjavík, og umsagnar hans leitað um það og beðið eftir þeirri umsögn, áður en málið yrði afgreitt frá nefndinni. Skv. upplýsingum, sem nefndin fékk hjá Jónasi Guðmundssyni framkvstj. Sambands ísl. sveitarfélaga, getur þessi umsögn legið fyrir n. k. laugardag, 7. apríl.

Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni vildu ekki fallast á þá málsmeðferð, og forseti deildarinnar vildi ekki heldur verða við þeirri ósk minni, að þessari umræðu yrði frestað, þar til umsögnin lægi fyrir.

Þessi óbilgirni er óskiljanleg. Alveg er ljóst, að sá örstutti frestur, sem orðið hefði á afgreiðslu málsins, meðan beðið væri eftir umsögn sveitarstjórnafundarins,

hefði ekki útilokað, að frv. næði fram að ganga á þessu þingi, og næg önnur mál eru óafgreidd í þinginu, þannig að starfsleysi hefði ekki þurft að óttast.

Af framangreindum ástæðum er breytingartillaga mín við 7. gr. frv. fram komin.

Með vísan til framanritaðs mæli ég með samþykkt þessa frv. með þeim breytingum, sem ég flyt við það.

Alþingi, 5. apríl 1962.

Jón Skaftason.

Nd. 644. Breytingartillögur [171. mál]

við frv. til laga um almannavarnir.

Frá Jóni Skaftasyni.

1. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
   Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr. Almannavarnaráð hefur á hendi o. s. frv.
2. Við 6. gr. Síðari málsl. orðist svo:
   Í ráðinu eiga sæti lögreglustjórinn í Reykjavík, sem er formaður þess, landlæknir, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri.
3. Við 7. gr. 2. málsgr. orðist þannig:
   Ráðstafanir til almannavarna, sbr. 9. gr., skal hefja þar, sem ríkisstjórnin ákveður með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

Ed. 645. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt um frumvarpið og samþ. að mæla með því.

Björn Jónsson áskilur sér rétt til fyrirvara um einstök ákvæði frumvarpsins.

Alþingi, 6. apríl 1962.

Jón Árnason, form., frsm.
Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.
Kjartan J. Jóhannsson.
Björn Jónsson, með fyrirvara.
Páll Þorsteinsson.

Ed. 646. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og samþykkt að mæla með framgangi þess, eins og það kom frá Nd., sbr. þskj. 536.

Alþingi, 6. apríl 1962.

Jón Árnason, form. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Kjartan J. Jóhannsson.
Björn Jónsson. Páll Þorsteinsson.

Ed. 647. Breytingartillögur [142. mál]

við frv. til laga um sjúkraþjálfun.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni og Karli Kristjánssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án tilvísunar og fyrirsagnar læknis.
2. Í stað 4. og 5. gr. komi ein grein, er orðist svo:
   Óheimilt er að ráða til sjálfstæðra sjúkraþjálfunarstarfa aðra en fullgilda sjúkraþjálfara. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fengnum meðmælum landlæknis.

Ed. 648. Frumvarp til laga [192. mál]

um breyting á lögum nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 6. apríl.)

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 18. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimavistarskólar gagnfræðastigs (héraðsskólar), sem nú eru starfræktir að Laugarvatni, Laugum, Núpi, Reykholti, Reykjanesi, Reykjum og Skógum, skulu þó vera séreign ríkisins, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess. Skulu sveitarfélögin þá afhenda ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust sinn hluta í eignum skólanna, eins og hann er í árslok 1961.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 649. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt með breytingu á 18. gr., sem tillaga er flutt um á sérstöku þskj. og öll nefndin stendur að. Tveir nefndarmenn (KK og AGl) munu skila séráliti.

Alþingi, 6. apríl 1962.

Jón Þorsteinsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.	Auður Auðuns, frsm.

Ed. 650. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 18. gr. b-liður orðist svo:
1½% af heildarsölu stofnana þeirra, er um getur í 17. gr. b.

Ed. 651. Breytingartillögur [35. mál]

við frv. til laga um atvinnubótasjóð.

Frá Karli Kristjánssyni og Alfreð Gíslasyni lækni.

1. Við 1. gr. Í stað „atvinnubótasjóð“ komi: jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóð.
2. Við 2. gr. a-liður orðist svo:
   Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 10000000.00 árið 1962 og síðan kr. 15000000.00 árlega næstu 9 ár þar á eftir.
3. Við 3. gr. Í stað „atvinnubótasjóðs“ komi: jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóðs.
4. Við 9. gr. Í stað „Atvinnubótasjóður“ komi: Jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóður.
5. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóð.

Sþ. 652. Tillaga til þingsályktunar [222. mál]

um ábyrgðartryggingar atvinnurekenda vegna slysa, er verða kunna á starfsfólki þeirra við vinnu.

Flm.: Karl Guðjónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þinghald frumvarp til laga, sem geri atvinnurekendum að skyldu að kaupa fullnægjandi ábyrgðartryggingu fyrir slysabótum, sem á atvinnureksturinn kunna að falla.

Greinargerð.

Þegar slys verða á fólki við störf, er atvinnurekandi oft skaðabótaskyldur lögum samkvæmt.

Flest meiri háttar atvinnufyrirtæki munu tryggja sig fyrir slíkum skaðabótagreiðslum, svo að sá, sem skaðabótarétt öðlast, fær sínar greiðslur, eins og lög standa til. Á hinn bóginn eru margir atvinnurekendur ótryggðir fyrir öllum slíkum skakkaföllum og oft alveg vanmegnugir til að leysa af hendi þær skyldur, sem á þá falla, þegar slys ber að höndum í atvinnurekstri þeirra.

Þegar svo illa tekst til, gerist hvort tveggja í senn: Hinn slasaði verður af þeim bótum, sem hann á lögum samkvæmt, og atvinnurekandinn verður upp frá því með dómkröfu vegna slyssins á herðum sér, þar til slysið er bætt, sem máske getur aldrei orðið.

Hver sá maður, sem tekur bifreið í notkun, verður áður að kaupa ábyrgðartryggingu fyrir því tjóni, sem hann kann að valda með bifreiðinni. Víst er, að þetta fyrirkomulag er almennt talið sjálfsagt og veita að ákveðnu marki fullvissu fyrir því, að tjón, sem bifreiðin kann að valda, fáist bætt.

Flutningsmenn telja eðlilegt, að hliðstæð skylda og á bíleigendum hvílir til kaupa á ábyrgðartryggingu verði einnig lögð á atvinnurekendur varðandi slys og tjón, sem hljótast kunna af atvinnurekstri þeirra. Slík trygging mundi báðum henta, atvinnurekendum og starfsmönnum þeirra.

Sþ. 653. Nefndarálit [43. mál]

um till. til þál. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt.

Tillagan fjallar um, að nú þegar verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá úr því skorið, hvort ekki sé arðvænlegt að koma upp kísilgúrverksmiðju við Mývatn, og í annan stað, hverjar leiðir séu heppilegastar til þess að tryggja fjárhagsgrundvöll slíkrar verksmiðju.

Á vegum rannsóknaráðs og raforkumálaskrifstofunnar hafa farið fram miklar efnafræðilegar rannsóknir á leirnum í Mývatni, og benda þær ótvírætt í þá átt, að arðvænlegt muni vera að vinna úr honum úrvals kísilgúr. Þá hefur málið verið til meðferðar hjá atvinnumálanefnd ríkisins, og Alþingi hefur veitt fé til rannsóknanna á fjárlögum undanfarið.

Þess má geta, að á Norðurlandi er mikill og almennur áhugi á þessu máli, svo sem ýmsar fundarsamþykktir og áskoranir á stjórnvöld, m. a. Alþingi, bera með sér. Yrði því almennt fagnað norðanlands, ef tillaga þessi yrði samþykkt, enda mælum við einróma með því.

Alþingi, 6. apríl 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form. Ingvar Gíslason, frsm. Birgir Finnsson, fundaskr.

Jón Árnason. Jón Kjartansson. Karl Guðjónsson.

Jón Pálmason. Halldór Ásgrímsson.

Nd. **654. Lög** [108. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 386.

Ed. **655. Lög** [15. mál]

um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 488.

Ed. **656. Lög** [13. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 517 (sbr. 503).

Ed. **657. Breytingartillaga** [124. mál]

við frv. til l. um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955.

Frá Karli Kristjánssyni og Alfreð Gíslasyni lækni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem verður 4. grein, svo hljóðandi:

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Í mannfæstu læknishéruðunum skal greiða álag á föst laun, er nefnist staðaruppbót. Sú uppbót greiðist samkv. eftirfarandi reglum:

a. Héraðslæknar í héruðum með færri en 600 íbúa hljóti staðaruppbót, er nemi 50% fastra launa.
b. Héraðslæknar í héruðum með 600—800 íbúa hljóti staðaruppbót, er nemi 33⅓% fastra launa.

Gegni héraðslæknir í héraði, er staðaruppbótar nýtur, öðru héraði ásamt sínu, fellur staðaruppbót niður.

Ákvæði þessarar greinar koma fyrst til framkvæmda árið 1963.

Ed. 658. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. AGl og KK munu þó flytja brtt. við frv. um sérstaka staðaruppbót.

Alþingi, 6. apríl 1962.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.
Karl Kristjánsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 659. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um atvinnubótasjóð.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess, KK og AGl með fyrirvara.

Alþingi, 6. apríl 1962.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.
Karl Kristjánsson, með fyrirvara. Alfreð Gíslason, með fyrirvara.

Ed. 660. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um Hjúkrunarskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. apríl 1962.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.
Karl Kristjánsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 661. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um sjúkraþjálfun.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með frv. Einstakir nefndarmenn hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv.

Alþingi, 6. apríl 1962.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.
Karl Kristjánsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 662. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um Samvinnubanka Íslands h.f.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 6. apríl 1962.

Ólafur Björnsson, form. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.
Magnús Jónsson. Björn Jónsson.

Nd. 663. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [171. mál]

í málinu: Frv. til l. um almannavarnir.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Með samþykkt fjárlaga fyrir 1962 lýsti Alþingi vilja sínum til þess, að almannavarnir skyldu upp teknar, og treystir deildin ríkisstjórninni til að hefja nú þegar undirbúning þeirra í samræmi við meginreglur þessa frumvarps, meðal annars um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði, og afla sér með bráðabirgðalögum heimilda til skyndiráðstafana, ef brýna nauðsyn ber til og heimildir gildandi laga um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðarráðstöfunum verða ekki taldar fullnægjandi. Þar sem nú er orðið áliðið þings og sýnt er, að afgreiðsla frumvarpsins muni taka verulegan tíma, en frestun samþykktar þess nú mun samkvæmt því, sem fyrr greinir, ekki valda töfum á framkvæmdum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá, enda verði frumvarpið lagt fyrir næsta þing, strax og það kemur saman.

Nd. 664. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frumvarpið, en samkomulag varð ekki um afgreiðslu þess í nefndinni.

Meiri hlutinn, þeir Jón Pálmason, Jónas Pétursson og Ben. Gröndal, vill samþykkja frumv. óbreytt, en undirritaður vill gera á því miklar breytingar.

Lánasjóðir landbúnaðarins, ræktunarsjóður og byggingarsjóður sveitabæja, eru opinberar stofnanir, sem löggjafarvaldið setti á stofn og fékk þeim það hlutverk að styðja ræktun og byggingar í sveitum með tiltölulega hagstæðum lánum. Löggjafarvaldinu var það ljóst þegar í upphafi, að halli hlyti að verða á rekstri þessara stofnana og að þann halla yrði að jafna öðru hverju með þeim ráðstöfunum, sem tiltækilegastar væru á hverjum tíma.

Þetta hefur meðal annars verið framkvæmt á þann hátt, að sjóðirnir hafa fengið lán af greiðsluafgangi, sem orðið hefur hjá ríkissjóði. Síðan hefur þessum lánum verið breytt í óafturkræf framlög. Þannig hefur það verið viðurkennt í verki, að ríkinu bæri skylda til að sjá þessum stofnunum fyrir fjármagni, svo að þær gætu gegnt hlutverki sínu.

Framsóknarflokkurinn hefur alltaf talið sér skylt að veita liðsinni sitt til að efla þessa sjóði, enda átti hann upptökin að stofnun þeirra. Flokkurinn hefur alltaf litið á uppbyggingu landbúnaðarins sem einn hinn þýðingarmesta þátt í þjóðarbúskapnum, bæði frá menningarlegu og þjóðhagslegu sjónarmiði. Þess vegna hefur hann alltaf beitt sér fyrir því, að fjárhagsgrundvöllur lánasjóða landbúnaðarins væri þannig, að bændur landsins hefðu þeirra full not við framkvæmdir á jörðum sínum.

Það, sem orðið hefur sjóðum þessum að fótakefli, eru hinar tíðu og miklu gengisfellingar, sem hafa hækkað skuldir sjóðanna við útlendar lánastofnanir stórkostlega í íslenzkum krónum.

Með þessu frumvarpi er megintilgangurinn sá að vinna það upp aftur, sem tapazt hefur við gengisfellingarnar, og efla sjóðina að nýju. Þessum tilgangi gerir frumv. ráð fyrir að verði náð bæði með framlagi úr ríkissjóði og með skattlagningu á söluvörur bænda, sem gerir um kr. 1700.00 á ári af söluvörum meðalbús, eins og það er nú. Þá er einnig samkvæmt frumv. ákveðið að innheimta álag á útsöluverð landbúnaðarafurða. Sjóðunum á að steypa saman í einn sjóð, sem á að bera nafnið Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Þessari skattlagningu á bændur hafa samtök þeirra, sem málið var sent til umsagnar, er það var lagt fyrir efri deild, búnaðarþing og Stéttarsamband bænda, mótmælt. Búnaðarþing taldi í umsögn sinni, „að landbúnaðurinn eigi fullan rétt á, sem einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, að fá fjármagn til stofnlána landbúnaðarins af sameiginlegu fjármagni þjóðarinnar. Gerir þingið kröfu til þess, að auk árlegra fjárframlaga úr ríkissjóði fái stofnlánadeildin lán frá Seðlabankanum, hliðstætt því, sem ákveðið er í lögum um Stofnlánadeild sjávarútvegsins frá 29. apríl 1946."

Þetta álit búnaðarþings tekur minni hlutinn eindregið undir og gerir orð búnaðarþings um þetta að sínum.

Minni hlutinn telur, að ríkisvaldinu, sem ákvað hinar miklu gengisfellingar, er urðu lánasjóðunum að svo miklum skaða, sé skylt að bæta þeim tapið á annan hátt en þann, að þeim, sem sjóðunum er ætlað að styðja, sé með skattgjaldi gert að taka tapið á sig.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fjármálaráðherra hefur nýlega gefið í dagblaðinu Vísi um aukningu sparifjár, virðist ekki vera, eins og sakir standa, um neinn lánsfjárskort að ræða í landinu. Það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að lánastofnanir landbúnaðarins fái að njóta að nokkrum hluta þess fjármagns, sem safnast fyrir hjá þjóðinni sem sparifé, eins og aðrir atvinnuvegir, og að bændur fái að njóta hóflegra vaxtakjara með því móti, að ríkissjóður greiði vaxtamun, sem verða kann af því fé, sem á þann hátt er fengið til stofnlána í landbúnaðinum.

Hvað snertir þann halla, er stofnlánasjóðir landbúnaðarins hafa orðið fyrir vegna aðgerða ríkisvaldsins í efnahagsmálum, þá er hin eina sanngjarna lausn á því máli sú, að ríkið taki á sig þann halla, enda ber ríkissjóður ábyrgð á skuldbindingum þessara sjóða.

Slík framlög ríkissjóðs eru nauðsynleg hlutdeild þjóðarinnar allrar í því grundvallarstarfi bændastéttarinnar að byggja, nema og rækta landið, svo að þjóðin megi hafa hér trygga framtíð fyrir sig og komandi kynslóðir.

Samkv. þessu frumv. á uppbygging hinnar nýju Stofnlánadeildar að vera þannig, að í stað þess, að vextir voru 3—4%, þegar framsóknarmenn réðu þessum málum, þá eiga þeir að vera 6—6½%, og í stað þess, að lánstími var þá 20—25 ár á lánum til ræktunar og útihúsabygginga, þá á hann nú að vera 15 ár. Á þeim 14 árum, sem áætlað er að það taki að byggja Stofnlánadeildina upp, er gert ráð fyrir, að vaxtagreiðslur bændanna nemi 485 millj. kr. og 1% skatturinn á söluvörur þeirra verði 133 millj. kr. Þannig er gert ráð fyrir, að frá bændum komi beint 618 millj. kr.

Vaxta- og lánskjör bænda nú á tímum má telja svipaðs eðlis og leiguliðakjör fyrri tíma bænda, þegar kirkjan og fáir auðmenn áttu flestar jarðir og bændur voru svo píndir með hárri landskuld og kúgildaleigu, að þeir áttu sér af þeim sökum aldrei viðreisnar von.

Til þess að hægt sé að búa nútímabúskap á jörðum, verða bændur að hafa lánsfé. Afkoma þeirra getur því í meginatriðum farið eftir því, hvernig leigukjörin eru, bæði hvað snertir vexti og lánstíma.

Minni hlutinn hefur kynnt sér, hvernig þróunin hefur verið í lánamálum þessara sjóða og hvernig efnahagur þeirra var, þegar framsóknarmenn létu af yfirstjórn þeirra og núverandi ríkisstjórn tók við og gerði sínar víðtæku efnahagsráðstafanir, hina svokölluðu „viðreisn“.

Fer hér á eftir yfirlit um þetta.

Byggingarsjóður. Árin 1934—1939, þegar Framsóknarflokkurinn og Alþýðufl. fóru með stjórn, voru veitt 68 lán á ári að meðaltali og fé það, er sjóðurinn lánaði á ári, til jafnaðar 270 þús. kr. Árin 1945—1946, þegar nýsköpunarstjórnin sat, voru veitt 33 lán á ári að meðaltali og sjóðurinn lánaði 132 þús. kr. á ári. Árin 1947—1958 — en öll þau ár var yfirstjórn búnaðarsjóðanna í höndum framsóknarmanna — voru veitt 170 lán á ári að meðaltali og lánað úr sjóðnum alls 101 millj. kr.

Höfuðstóll sjóðsins var í árslok 1946 6.7 millj. kr., en í árslok 1958 43.3 millj. kr. Aukning á þessu tímabili 36.6 millj. kr.

Ræktunarsjóður. Árin 1934—1939 voru veitt 127 lán að meðaltali á ári og úr sjóðnum á ári hverju til jafnaðar 280 þús. kr. Árin 1944—1946 voru lánuð 10½ lán á ári að meðaltali og upphæðin úr sjóðnum til jafnaðar 131 þús. kr. Árin 1947—1958 voru veitt 600 lán að meðaltali á ári og meðaltalsupphæðin úr sjóðnum árlega 19.6 millj. kr. Höfuðstóll sjóðsins var í árslok 1946 4.4 millj. kr., en í árslok 1958 var hann 61.7 millj. kr. Aukningin var þannig 57.3 millj. kr.

Hrein eign þessara lánasjóða var því samanlögð í árslok 1958 105 millj. kr.

Eins og sjá má af framanrituðu yfirliti, jukust lánveitingar sjóðanna, meðan framsóknarmenn fóru með þessi mál, úr 260 þús. kr. í 28 millj. kr. á ári, og eignir jukust um 94 millj. kr. Enn fremur var með framlagi mótvirðissjóðs tryggt 26—30 millj. kr. framlag á ári til frambúðar.

Þessar tölulegu staðreyndir sanna það, að fjárhagur sjóðanna var góður í árslok 1958, þegar núverandi stjórnarflokkar tóku við yfirstjórn þessara mála.

Síðan hefur gengið verið fellt tvisvar, og þar sem sjóðirnir höfðu í veltunni allmikið útlent lánsfé, sem þeir, eins og sjálfsagt var, endurlánuðu bændum án gengistryggingar, þá hafa þessar miklu gengisfellingar lagt fjárhag sjóðanna í rúst. Hin útlendu lán hafa meira en tvöfaldazt í íslenzkum krónum, og þannig hafa étizt upp eignir sjóðanna og meira til.

Ríkissjóður ber alla ábyrgð á skuldbindingum þessara sjóða, og er það skoðun minni hlutans, að ríkinu beri siðferðileg og lagaleg skylda til að taka á sig að greiða þann halla, sem þessir sjóðir hafa orðið fyrir vegna gengisfellinganna 1960 og 1961. Gerir minni hl. nefndarinnar tillögu um þetta á sérstöku þingskjali og að frumvarpið verði að öðru leyti fært í þetta horf:

Að Stofnlánadeild veiti ekki lán framvegis með gengisákvæði.

Að felld verði niður úr frv. ákvæðin um sérstakan skatt á bændastéttina og enn fremur ákvæðin um sérstakt álag á útsöluverð landbúnaðarafurða, en stuðningur ríkissjóðs við Stofnlánadeildina aukinn frá því, sem lagt er til í frv.

Að upphæð lána til íbúðarhúsa í sveitum megi nema allt að 75% af kostnaðarverði þeirra.

Að „viðreisnar"-vextirnir af stofnlánum til landbúnaðar verði lækkaðir, en vextir af þeim lánum lögbundnir, 3½% af lánum til íbúðarhúsa og 4% af öðrum lánum Stofnlánadeildar.

Að aukið verði að miklum mun fé veðdeildar Búnaðarbankans frá því, sem lagt er til í frv.

Að framlög til nýbýla og ræktunar á jörðum, sem hafa minna en 10 ha tún, verði hækkuð vegna þeirrar verðhækkunar, sem leiðir af gengislækkuninni 1961.

Að stofnaður verði bústofnslánasjóður.

Minni hl. n. ber fram á sérstöku þingskjali breytingartillögur um þetta og fleiri atriði.

Afstaða minni hl. til frv. fer eftir því, hvort breytingartillögur þessar verða samþykktar eða ekki.

Alþingi, 7. apríl 1962.

Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 665. Breytingartillögur [170. mál]

við frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Ágúst Þorvaldssyni og Karli Guðjónssyni.

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara skal færa á vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum hækkun þá í krónum, sem orðið hefur vegna breyttrar skráningar íslenzkrar krónu eftir 1. janúar 1960, á þeim erlendu lánum, sem hvíla á Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði Íslands.
   Heimilt er Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu að semja um það sín á milli, að inn á reikning þann, sem um ræðir í 1. málsgr., greiðist óráðstafaðar innstæður ríkissjóðs í Seðlabankanum af mótvirðisfé.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur deildarinnar eru:
   1. Árlegt framlag ríkissjóðs, 25 millj. kr.
   2. Vaxtatekjur.
3. Við 7. gr. Í stað 1. málsl. komi tveir málsliðir, svo hljóðandi:
   Lán til íbúðarhúsa í sveitum mega nema allt að 75% kostnaðarverðs. Upphæð annarra lána Stofnlánadeildar má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega.
4. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Vextir af lánum til íbúðarhúsa í sveitum skulu vera 3½% og af öðrum lánum Stofnlánadeildar 4%.
5. Við 12. gr. 2. málsgr. falli burt.
6. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, þó eigi yfir

50 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.

7. Á eftir 23. gr. komi nýr kafli með 10 nýjum greinum undir fyrirsögninni: **Um bústofnslánadeild,** svo hljóðandi:

a. (24. gr.) Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist bústofnslánasjóður. Hann skal vera í vörzlum Búnaðarbanka Íslands. Bústofnslánasjóður veitir frumbýlingum og efnalitlum bændum lán eða styrk til bústofnsaukningar, vélakaupa og til greiðslu bráðabirgðalána og lausaskulda, eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

b. (25. gr.) Stofnfé bústofnslánasjóðs er:
   a. 20 milljón króna óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal sjóðnum á næstu fjórum árum með 5 milljón króna framlagi á ári;
   b. 30 milljón króna lán, er stjórn bústofnslánasjóðs heimilast að taka, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

c. (26. gr.) Bústofnslánasjóður veitir lán:
   a. frumbýlingum og efnalitlum bændum til bústofnskaupa, enda hafi þeir of lítinn bústofn að dómi sjóðsstjórnar;
   b. frumbýlingum og efnalitlum bændum til búvélakaupa;
   c. efnalitlum bændum til að greiða víxilskuldir og aðrar lausaskuldir, er búrekstur þeirra fær ekki undir risið að mati sjóðsstjórnarinnar, enda séu slíkar skuldir eigi við nána venzlamenn lánsumsækjanda.

d. (27. gr.) Skilyrði fyrir lánveitingu úr bústofnslánasjóði eru:
   a. að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg;
   b. að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum — eða lausaskuldir hans séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum að óbreyttum ástæðum ókleift að standa við skuldbindingar sínar og reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli;
   c. að umsækjandi sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni;
   d. að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda;
   e. að umsækjandi geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið stuðning samkvæmt lögum þessum.

e. (28. gr.) Lán úr bústofnslánasjóði má veita gegn eftirtöldum tryggingum:
   1. gegn veði í fasteign;
   2. gegn veði í vélum og verkfærum;
   3. gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóvember 1887;
   4. gegn hreppsábyrgð;
   5. gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila.

   Sjóðsstjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.

f. (29. gr.) Heimilt er stjórn bústofnslánasjóðs að veita lánsumsækjanda styrk úr sjóðnum allt að 30 þúsundum króna, enda verði búrekstri hans eigi að öðrum kosti komið á heilbrigðan grundvöll að dómi sjóðsstjórnarinnar.

g. (30. gr.) Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

h. (31. gr.) Vextir af lánum úr bústofnslánasjóði mega ekki vera hærri en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 12 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars

er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé sjóðsstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

Heimilt er sjóðsstjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.

Gjalddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.

i. (32. gr.) Umsóknir um lán og stuðning samkvæmt 26. og 29. gr. skulu sendar sjóðsstjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er sjóðsstjórnin ákveður.

j. (33. gr.) Stjórn bústofnslánasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 stjórnarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum flokki, en sá fimmti, sem er formaður stjórnarinnar, skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

8. Við 27. gr. Í stað „6.5 millj. kr.“ komi: 8 millj. króna.
9. Við 48. gr.
   a. Í stað „40 þúsund krónur“ komi: 50 þúsund krónur.
   b. Í stað „2.0 millj. krónur“ komi: 2.5 millj. króna.
10. Við 60. gr. Í stað „10 ha tún“ í 2. málslið komi: 15 ha tún.
11. Við 64. gr. Í stað „6.0 millj. króna“ komi: 9 millj. króna.
12. Við 71. gr. Í stað orðanna „eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum“ komi: minnst 350 þúsund krónur á ári.

Nd. 666. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið á einu máli um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Benedikt Gröndal, Jón Pálmason og Jónas Pétursson, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, eins og það liggur fyrir. En minni hlutinn, þeir Ágúst Þorvaldsson og Karl Guðjónsson, vill breyta frumvarpinu í verulegum atriðum. Munu þeir gefa út sérstakt álit og flytja breytingartillögur.

Það leikur ekki á tveim tungum, að lánamál landbúnaðarins eru með stærstu málum þessa atvinnuvegar og þjóðarinnar allrar. Vegna verðbólgu hafa skapazt mikil vandamál hjá lánasjóðum landbúnaðarins. Þeir höfðu tekið mikið fé að láni í erlendri mynt. Þegar skráning krónunnar var leiðrétt, sem gert var óbeint með yfirfærslugjaldinu 1958 og beint með gengisskráningunni 1960, var svo komið, að lánasjóðirnir voru á barmi gjaldþrots. En jafnframt óx mjög lánaþörf landbúnaðarins í krónutölu vegna verðfalls peninganna. Það var því eitt af hinum stóru viðfangsefnum núverandi ríkisstj. að leysa þessi lánavandræði og byggja að nýju traustan grundvöll undir framtíðarlánsstofnun. Hefur verið unnið að því undanfarið. Árangurinn er frumv. það, sem hér er rætt um og samþ. hefur verið í háttv. efri deild.

Við athugun á þeim samþykktum, sem gerðar hafa verið á aðalfundum Stéttarsambands bænda frá 1955, hafa lánamálin verið tilefni fleiri og færri samþykkta á öllum aðalfundum frá þeim tíma. 1955 er samþ., „að Búnaðarbankanum verði séð fyrir því fjármagni, sem með þarf, til þess að deildir hans, veðdeild, ræktunarsjóður og byggingarsjóður, geti fullnægt hlutverkum sínum.“ 1956 og 1957 eru ítrek-

aðar samþykktir um veðdeild og lán til bústofns- og vélakaupa. 1958, eftir að vinstri stjórnin hafði verið tvö ár við völd, var gerð svo hljóðandi samþykkt:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1958 telur ekki rétt né æskilegt, að stöðvuð sé sú fjárfesting, er bændur af knýjandi nauðsyn hafa með höndum, og skorar því á ríkisvaldið að tryggja ræktunarsjóði fé til áframhaldandi lánastarfsemi, eftir því sem heilbrigt getur talizt og verða mætti m. a. til að koma í veg fyrir, að byggilegar sveitir fari í eyði.“

Það er eins og gæti nokkurs uggs í þessari samþykkt um, að vinstri stjórnin hafa haft áform um að stöðva fjárfestingu hjá bændum.

Á aðalfundunum 1959, 1960 og 1961 voru samþ. áskoranir um eflingu lánasjóðanna, að lánsfénu sé beint að byggingum, ræktun, vélakaupum og lánum til bústofnskaupa frumbýlinga og létt verði af sjóðunum gengishallanum. Enn fremur um lækkun vaxta og lengingu lánstíma af stofnlánunum og um eflingu veðdeildar.

Þessar samþykktir eru hér raktar til að sýna, að aðalfundur bændasamtakanna hefur gert sér ljóst, a. m. k. allt frá 1955, að lánamálin voru hin þýðingarmestu mál, að ávallt hefur skort á, að unnt væri að leysa lánsfjárþörfina til fulls og einkum að því er snerti vissa þætti, — að bændum hefur verið og er ljós nauðsynin á því að byggja upp, ef unnt væri í eitt skipti fyrir öll, lánsstofnun, sem megnar að leysa þessar þarfir allar og byggir sig upp með sem öflugustum eigin stofni, sem er algert frumskilyrði þess, að hún geti risið undir og mætt lánaþörfinni.

En er þá líklegt, að stofnlánadeildin, sem mynduð verður samkv. þessu frumvarpi, verði svo öflug sem nauðsyn krefur og ætlazt er til að geti í framtíðinni leyst úr lánsfjárþörf landbúnaðarins? Þessu verður að svara játandi. Samkvæmt yfirliti, sem birt er sem fylgiskjal I með frumv., er gert ráð fyrir, að höfuðstóll deildarinnar verði árið 1975 orðinn rúmar 500 millj. kr. Þar er að vísu reiknað með þeim vöxtum, sem nú gilda, af lánum til bænda. Verði þessir vextir lægri, lækkar einnig sá höfuðstóll. En hvort sem höfuðstóllinn yrði þá 400 eða 500 millj., er mynduð þar öflug stofnun, sem vænta má að valdi sínu hlutverki. Úr því verður að vísu reynslan að skera, en það er mat meiri hluta nefndarinnar, að hér sé tekið á málinu af stórhug og því raunsæi, sem má ekki skorta. Hér er djarflega stefnt, en þó forsjálni gætt.

En til þess að mynda slíkan höfuðstól þarf deildin að hafa tekjur. Samkv. 4. gr. frumv. eru þær þessar:

1. Fast árlegt framlag ríkissjóðs, 4 millj. kr.
2. 1% álag á söluvörur landbúnaðarins árlega.
3. Jafnt framlag ríkissjóðs á móti.
4. ¾% gjald á heildsöluverð landbúnaðarvara, seldra innanlands.
5. Vaxtatekjur.

Sá tekjustofn, sem mest er gagnrýndur, er 1% álagið á söluvörur landbúnaðarins, það verki sem skattur á kaup bænda og þeir hafi ekki skyldur umfram aðra í þjóðfélaginu að byggja slíka lánsstofnun upp. Þetta skal því athugað nánar.

Á útfluttar sjávarafurðir er lagt gjald, mun hærra en hér er lagt til á framleiðslu bænda, til að byggja upp stofnlánasjóði sjávarútvegsins. Fiskveiðasjóður t. d. er að mestu leyti byggður upp af slíku útflutningsgjaldi. Útgerðarmenn og sjómenn bera minna úr býtum vegna þessa gjalds. Gjald sjávarútvegsins til stofnlánasjóða hans er því nokkuð hliðstætt þessu 1% búvörugjaldi.

En vert er að athuga málið frá fleiri hliðum.

Stofnlánadeildin gefur aukinn kraft til að rækta og byggja landið. Bændurnir í landinu leggja árlega fram í umbætur á jörðum sínum stórfé umfram það, er þeir fá að láni í stofnlánasjóðum, og umfram þann stuðning, sem veittur er samkv. jarðræktarlögum. Þetta framlag til framkvæmda á jörðum sínum taka þeir af því kaupi, er þeir bera úr býtum við búskapinn. Nokkuð af þessu fé leggja þeir þjóðfélaginu til, þeir leggja það inn á reikning framtíðarinnar. Flestum mun t. d. vera

það ljóst, að við sölu á jörðum fá bændur ekki að fullu endurgreitt það fé, er þeir hafa lagt í umbætur á jörðum sínum. Þetta eru staðreyndir, sem kunnar hafa verið, allt frá því að tími umbótanna hófst í íslenzkum landbúnaði. Þetta hefur þjóðfélagið líka viðurkennt — þetta framlag bændanna til þjóðfélagsins — með stuðningi þess opinbera, eins og t. d. gert er samkv. jarðræktarlögum.

En þá er rétt að spyrja: Er ósanngjarnt að beina nokkru af því fé, sem bændur hafa sjálfir lagt í umbætur á jörðum sínum, — og lagt að nokkru leyti inn á reikning þjóðfélagsins, — beina því eftir öðrum farvegi að sama marki? Láta dálítinn hluta af því kaupi, sem bændur verja til umbóta á jörðum sínum, verka sem segul í Stofnlánadeild landbúnaðarins og draga að henni fjármagn, sem er það afl, sem drýgst verður til að gera öra þróun í umbótum í sveitum. Sá er að vísu munur á, að bændur ráða sjálfir því framkvæmdafé, er þeir leggja í umbætur á eigin jörð. En það er að dómi þeirra manna, er um þetta mál hafa fjallað, hagfelldara að verja litlum hluta af þessu umbótafé bændanna eftir þjóðfélagslegum leiðum að sama marki, því marki að rækta og byggja landið, afla véla til búvöruframleiðslunnar og létta hlut frumbýlinganna. Verja litlum hluta, eins og áður segir, til að mynda segul til höfuðstólsmyndunar í stofnlánasjóði. Þetta er skynsamlegt að gera, og að því hafa verið leidd rök hér á undan, að í 1% búvörugjaldinu felst raunverulega engin ný skattlagning á bændastéttina sem heild.

Enn fremur er rétt að benda á, að með 1% búvörugjaldinu er verið að jafna ofur lítið aðstöðuna meðal bænda innbyrðis. Þeir, sem notið hafa lánanna mest til framkvæmda á undanförnum árum, hafa yfirleitt mun stærri bú og meiri framleiðslu. Þeir eru ofan við meðalbóndann í landinu, — ofan við meðalbóndann í sínu nágrenni. Þeir leggja því meira af mörkum í framtíðarstofninn í lánasjóðnum, sem þeir njóta fyrst og fremst, sem eftir eiga enn að vinna framkvæmdirnar á eigin jörð eða hefja búskap. Þessi leið til að byggja upp stofnlánadeildina er því leið samstarfs og samhjálpar, leið félagshyggjunnar, sem reynzt hefur farsæl til framþróunar landbúnaðarins og þjóðfélag vort grundvallast nú svo mjög á. Bændur munu skilja þetta, skilja sanngirni þess, að þeir, sem notið hafa lánanna mest undanfarið, — og verðbólguþróunin létt greiðslu þeirra, en á hinn bóginn aukið á erfiðleika þeirra, sem skemmra eru komnir, — bændur skilja sanngirni þess, að þeir leggi meira af mörkum til að bæta aðstöðu þeirra bænda, er nú eiga starfið fram undan, til þess að taka þátt í að mynda öflugan lánasjóð landbúnaðarins, sem getur sinnt ekki aðeins þeim verkefnum, sem hægt hefur verið að mæta hingað til, heldur einnig fleiri verkefnum, sem hefur ekki verið fé til, en verið hefur og er knýjandi þörf fyrir, svo sem er með lán til kaupa á vélum og tækjum alls konar til búrekstrarins. Þetta 1% gjald er að vísu aðeins lítill hluti af því fé, sem stofnlánadeildin fær, en hefur miklu meira gildi en því nemur, þar sem augljóst er, að vegna þess er unnt að draga meira fé úr öðrum áttum — af sameiginlegu fé þjóðarinnar — sem tekjur til stofnlánadeildarinnar.

Um það verður ekki deilt, að með þeirri uppbyggingu, sem stofnlánadeildinni er ætluð skv. frumv., verður hún á tiltölulega fáum árum megnug þess að mæta mestallri þeirri lánsfjárþörf, sem fyrir hendi verður. En í 6. gr. frumv. eru talin upp þau mannvirki og framkvæmdir, sem veita má lán til. Flest þau atriði voru að vísu í lögum áður, en fé hefur jafnan skort til, að þeim þörfum yrði mætt. En þar til stofnlánadeildin er orðin nægilega öflug að eigin fé til útlána, verður nauðsynlegt að taka lán. Liggur í augum uppi, hve ólík aðstaða er til lántöku fyrir stofnun með svo traustan fjárhagsgrundvöll sem stofnlánadeildin hefur. Um vextina er það að segja, að vitanlega er æskilegt, að unnt verði að lækka þá frá því, sem nú er. En höfuðskilyrði fyrir hagkvæmum útlánsvöxtum er einmitt öflugur eigin höfuðstóll, árlegar tekjur. Er einmitt séð fyrir þessu atriði svo vel sem kostur er með tekjuöflun stofnlánadeildarinnar og einnig fyrir því, að unnt sé að hafa lánstíma lengri en ella. Með frumv. teljum við því séð fyrir hinni miklu lánsfjárþörf

landbúnaðarins, svo vel sem kostur er, og að unnt verði fljótlega að hefja lánveitingar til vélakaupa og stuðnings við frumbýlinga, sem verið hefur m. a. eitt aðalinntak þeirra samþykkta frá aðalfundum Stéttarsambands bænda, sem vitnað var til hér að framan. Og gengishallanum er létt af sjóðunum. Samkv. 13. gr. frumv. er heimilt að lána veðdeild allt að 10 millj. kr. árlega, ef fé er fyrir hendi. Veðdeildin ætti að fá það hlutverk eitt að lána til jarðakaupa, þ. e. greiða fyrir eignaskiptum á jörðum. Á því er mjög mikil nauðsyn, því að erfiðleikar með eignaskipti á jörðum eru eitt af stærstu vandamálunum í landbúnaði. Reynslan verður að skera úr um það, hvort með þessu ákvæði verði það mál leyst. En augljóst er, að það er mikill kostur að sameina þessi lánamál í einni stofnun. Það veitir fjárhagslegt öryggi, betri aðstöðu til lánsútvegana, betri hagnýtingu lánsfjárins og hagkvæmari rekstur.

Með frumv. þessu, ef að lögum verður, skapast þáttaskil í lánamálum landbúnaðarins. Hér er til frambúðar sköpuð sterk stofnun, sem getur leyst allar lánsfjárþarfir landbúnaðarins. En til þessa hefur mikið skort á, að það hafi verið hægt.

Við leggjum því eindregið til, að frumv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 7. apríl 1962.

Jón Pálmason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.

Nd. 667. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Það hefur komið í ljós, að ekki er samstaða í nefndinni um afgreiðslu þessa frumvarps. Meiri hlutinn vill engar breytingar á því gera og leggur til, að það sé samþ. óbreytt, en hins vegar teljum við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í nefndinni, að gera þurfi á frumvarpinu verulegar breytingar, og flytjum við sameiginlega breytingartillögur við málið á sérstöku þingskjali.

Mál þetta er sprottið upp úr þeim jarðvegi, að ræktunarsjóður og byggingarsjóður sveitabæja eru nú svo sárt leiknir eftir endurtekna gengisfellingu íslenzkrar krónu, að þá vantar um 34 millj. kr. til að eiga fyrir skuldum. Úr þessu er ætlunin að bæta með stofnframlagi og aukningu árlegra tekna sjóði þeim til handa, sem nú á að leysa þessa tvo sjóði af hólmi.

Tilgangur frumvarpsins er því sá að reisa sjóði landbúnaðarins við eftir þau áföll „viðreisnarinnar“, sem sökkt höfðu þeim niður í gjaldþrotsfen.

Meginefni frumvarpsins er því hið mesta nauðsynjamál, og er ágreiningur okkar Alþýðubandalagsmanna við meiri hluta landbúnaðarnefndar og ríkisstjórnina ekki um tilgang frumvarpsins, heldur um einstök atriði þess, og alveg sérstaklega teljum við, að í tekjuöflunaráformum þess komi fram ranglát skattlagning á bændastétt landsins, þar sem áformað er, að á framleiðsluvörur landbúnaðarins komi 1% gjald, sem bændastéttinni verði gert að greiða. Einnig teljum við, að gjald það, sem neytendum er ætlað að greiða með hækkuðu búvöruverði á markaði, væri réttlátara að greitt væri af almannafé, þ. e. úr ríkissjóði.

Það er kunnari staðreynd en svo, að um hana þurfi að deila, að „viðreisnin“ hefur ekki einasta leikið sjóði landbúnaðarins grátt, heldur og bændurna sjálfa. Á hinn bóginn hefur ríkissjóður tekið til sín nokkur hundruð milljóna króna einmitt með þeim sömu ráðstöfunum, sem svo þungar hafa reynzt landbúnaðinum.

Þess vegna mun allur þorri bænda illa þola þá kvöð, sem þeim er fyrirhuguð með 1% gjaldinu, og hagur flestra neytenda hefur og verið stórlega rýrður, svo að ekki er á hans þungu búsifjar bætandi verðhækkunum á brýnustu nauðsynjarnar, svo sem mjólk og kjöt.

Sú rösklega 20 millj. kr. tekjuaukning, sem hinum nýja sjóði er ætluð, svarar til þess, að ríkissjóður með allan sinn gengishagnað, margefldu söluskatta og innflutningstolltekjur af allri erlendu verðhækkuninni greiddi svo sem 1% af sínum tekjum til að bæta það tjón, sem með stjórnarráðstöfunum hefur verið unnið á sjóðum landbúnaðarins.

Þess vegna stendur Alþýðubandalagið að tillögu um, að hvorki verði bændum né búvöruneytendum íþyngt með sérstökum gjöldum til sjóðanna, sem urðu „viðreisninni“ að bráð, heldur verði viðreisnin á „viðreisninni“ kostuð úr ríkissjóði.

Í frumvarpinu fer fram mikil endursamþykkt á stórum köflum laga, sem þegar eru í gildi um landbúnaðinn.

Einn þeirra þátta, sem þannig liggja hér fyrir þingi til endursamþykkta, er ákvæðið um sérstakt aukaframlag til ræktunar á þeim býlum, þar sem túnstærð er innan við 10 hektara. Er í frumvarpinu ráðgert, að þetta ákvæði framlengist í 4 ár.

Meðal þeirra breytingartillagna, sem við minnihlutamenn gerum við þau ákvæði, er, að þetta 10 ha mark verði hækkað í 15 ha og fjárframlag í samræmi við það. Teljum við það eðlilega þróun, að svo verði á málum haldið.

Að öðru leyti verður frekari grein gerð fyrir breytingartillögum minni hluta landbúnaðarnefndar í framsöguræðum.

Alþingi, 7. apríl 1962.

Karl Guðjónsson.

Nd. 668. Breytingartillaga [155. mál]

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Við 3. gr. 3. töluliður orðist svo:

3. Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar, og skal Seðlabanki Íslands tryggja sjóðnum 15 millj. kr. lán árlega með hagkvæmum vöxtum næstu fimm árin, ef sjóðsstjórnin óskar þess. Lánin ábyrgist ríkissjóður, en hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu af lánsfé sjóðsins.

Sþ. 669. Nefndarálit [38. mál]

um till. til þál. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Samkomulag hefur ekki náðst í fjárveitinganefnd um afgreiðslu tillögunnar. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en við undirritaðir mælum eindregið með samþykkt hennar.

Samhljóða tillaga var fyrst borin fram af Sveini Guðmundssyni, varaþingmanni Sjálfstæðisflokksins, árið 1958, og samþykkti Alþingi hana efnislega með þings-

ályktun 2. júní 1958. Var þá stutt eftir af valdatíma vinstri stjórnarinnar, og vannst ekki tími til framkvæmda, en síðan hafa sjálfstæðimenn, flokksbræður Sveins Guðmundssonar, að mestu farið með völdin í landinu, án þess að ríkisstjórnin hafi nokkuð sýnilegt gert til þess að framkvæma það, sem til var ætlazt.

Þetta teljum við miður farið og nauðsynlegt, að vel sé unnið að því að treysta lánamál iðnaðarins, m. a. með því, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla þessa atvinnuvegar, þannig að hann njóti að því leyti sömu fyrirgreiðslu og hinir aðrir aðalatvinnuvegir þjóðarinnar.

Við leggjum því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 6. apríl 1962.

Ingvar Gíslason, frsm. Halldór Ásgrímsson. Karl Guðjónsson.

Halldór E. Sigurðsson,

Nd. 670. Breytingartillaga [77. mál]

við frv. til laga um Hæstarétt Íslands.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:

Laun hæstaréttardómara skulu jafnan vera í flokki hæstu launa, sem ríkið eða stofnanir þess greiða.

Ed. 671. Frumvarp til laga [223. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna nýbyggingar Landspítalans.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á árunum 1962 og 1963 4 milljón króna innlent lán hvort árið, og skal láninu varið til framhaldsframkvæmda við nýbyggingu Landspítalans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið vegna eindreginna tilmæla byggingarnefndar Landspítalans um útvegun á samtals 8 milljón króna láni á þessu ári og hinu næsta, svo að unnt verði að hraða byggingu ákveðins áfanga við nýbyggingu Landspítalans, eða svonefndri vesturálmu, en ef lánsheimildin verður veitt, telur byggingarnefndin mögulegt að fullgera umræddan áfanga fyrir árslok 1963, enda verði eigi veitt minna fé til byggingar spítalans á fjárlögum næsta árs en á yfirstandandi ári. Byggingarnefndin leggur ríka áherzlu á, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða.

Ed. **672. Nefndarálit** [178. mál]

um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin ræddi frumvarp þetta allýtarlega, eftir því sem tími vannst til.

Þó að nefndin væri sammála um margt í frumvarpinu, var ágreiningur um ýmis veigamikil atriði þar milli meiri hlutans (AuA, KJJ, JÞ) og okkar, sem minni hlutann skipum.

Eina breytingartillögu flytur nefndin sameiginlega við frumvarpið. Hún er á þskj. 650.

Að öðru leyti vildi meiri hlutinn ekki breyta frumvarpinu. Hins vegar telur minni hlutinn meiri breytinga þörf.

Löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga er þýðingarmikil og vandasöm. Minni hlutinn telur, að þau vinnubrögð hefði átt að viðhafa á Alþingi að senda frumvarp þetta — áður en að lögum yrði — til umsagnar sveitarstjórnum og sýslunefndum. Frumvarp að gildandi sveitarstjórnarlögum var sent þeim aðilum til athugunar og gafst vel. En að því er þetta frumvarp snertir, virðist ekki vera til á Alþingi meiri hluti fyrir að taka það tillit til sjálfstæðis sveitarfélaganna að láta þau vera með í ráðum um að sníða sér tekjustofnastakkinn.

Meginkostir frumvarpsins eru, að með landsútsvörum, sem þar eru upp tekin, — að vísu í of smáum stíl, — og með ákvörðun þeirri, sem þar er um einn útsvarsstiga, er gildi fyrir landið allt, er stefnt að meiri jöfnuði milli sveitarfélaga í álögum til sveitarþarfa en verið hefur.

Hins vegar er það stefnugalli, að vald sveitarfélaga um ákvörðun gjalda er skert. Skattstjórar látnir annast álagningu útsvara í skattaumdæmum, með takmörkuðum heimildum til undanþágu að vísu. Enn fremur eiga skattstjórarnir að annast álagningu aðstöðugjalda. Frá því eru engar undanþágur heimilaðar.

Með þessu er ekki aðeins dregið úr heimavaldinu, heldur líka tafsamt skipulag lögleitt fyrir suma staði og kunnugleikinn ekki metinn svo mikils sem vert er.

Veltuútsvar er, samkv. frumvarpinu, lagt niður, en þess í stað á að lögleiða svonefnt **aðstöðugjald**, enda verður ekki séð, að sveitarfélögin geti, eins og sakir standa, komizt af án þess að hafa einhvern slíkan tekjustofn, sem er ekki mjög hverfull, þótt misjafnt ári.

Veltuútsvarið hefur verið mjög óvinsælt hjá gjaldendum. En ólíklegt er, að aðstöðugjaldið verði betur liðið. Að vísu á aðstöðugjaldið að verða frádráttarhæft í skattframtali hjá gjaldendum, en auðvelt hefði líka verið að lögleiða, að veltuútsvarið væri það.

Veltuútsvarið var lagt á brúttótekjur af rekstri og þjónustu (umsetningu).

„Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrargjöld næstliðið almanaksár, þar með taldar fyrningarafskriftir samkvæmt ákvæðum skattalaga, svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnfyrirtækja.

Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum."

Um aðstöðugjaldið má því segja, að það sé ekki síður veltuútsvar en hitt, sem á að leggja niður. Bæði lögð á eftir sömu bókinni: hið fyrrverandi á tekjuhliðina, hið tilkomandi á gjaldahliðina.

Grundvöllur sá, er gjald þetta á að reiknast eftir, samrýmist ekki hugtakinu **aðstöðugjald**. Ekki verður gjaldskylda manna í sveitarfélagi fyrir aðstöðuna, sem þeir hafa þar til atvinnurekstrar, fundin jafnréttislega með því að láta þá greiða í hlutfalli við tilkostnað sinn. Venjulega mun — að öðru jöfnu — góð aðstaða leiða af sér minni tilkostnað í hagnýtingu en hin lakari. Samkv. frumvarpinu á því sá, sem lakari aðstöðuna hefur, að borga hlutfallslega meira fyrir hana. Sömuleiðis eiga tjónin, sem auka rekstrargjöld, að vera aðstöðugjaldastofnar.

Veltuútsvörin koma ekki réttlátlega niður, en aðstöðugjöldin á þessum breiða grundvelli virðast síður en svo eðlilegri.

Breytingin frá veltuútsvari yfir í hið svokallaða aðstöðugjald minnir á sjúkling, sem orðinn er þreyttur á að hvíla á annarri hliðinni og veltir sér yfir á hina, þó að hún sé veikari. Þetta getur veitt honum fró litla stund, einkum meðan hann er að hugsa til þess að gera það.

Aðstöðugjaldið mun sennilega verða að lögum nú, en ólíklega verður langt þangað til þörf þykir á að breyta því.

Minni hlutinn flytur á þskj. 673 nokkrar breytingartillögur og vill með þeim freista þess að koma til leiðar nokkrum lagfæringum á frumvarpinu, sumum til þess að auka kosti þess, öðrum til að minnka galla þess.

Tillögurnar skulu hér taldar upp, en í framsögu verður gerð grein fyrir þeim hverri um sig:

1. Tillaga um heimild til að leggja nokkru hærra aðstöðugjald (allt að 3%) á rekstur, sem gefur mikinn arð, en hefur hlutfallslega lítinn tilkostnað í för með sér.
2. Tillaga um, að heimilt skuli að undanþiggja aðstöðugjaldi hjá einstökum gjaldendum kostnaðarliði, sem stafa af óvenjulegu tjóni.
3. Tillaga um, að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái frá næstu áramótum ¼ (í stað ⅕, sem nú er) af söluskatti, sem innheimtur er til ríkissjóðs skv. tilgreindum lögum.
4. Tillaga um, að lágmarksfjárhæðin, sem ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á ári, verði frá næstu áramótum að telja ekki 56 millj. kr., heldur 70 millj. kr., og óafturkallanleg að öllu leyti, þó að hún eitthvert ár verði meira en ¼ af söluskattinum.
5. Tillaga um, að frá n. k. áramótum renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hluti sá, er ríkissjóði hefur verið ánafnaður af „umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna“. Árið 1962 er sá hluti áætlaður skv. fjárlögum 15 millj. kr.
6. Tillaga um heimild til aukins frádráttar frá útsvarsupphæð hjá þeim, sem hafa fleiri en þrjú börn á framfæri.
7. Tillaga um heimild handa öllum sveitarfélögum, þar sem skattstjóri er ekki búsettur, að ganga frá niðurjöfnun útsvara heima án milligöngu skattstjóra.

Alþingi, 9. apríl 1962.

Karl Kristjánsson, frsm. Alfreð Gíslason.

Ed. 673. Breytingartillögur [178. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (KK og AGl).

1. Við 9. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist:
   Heimilt er framtalsnefndum og hreppsnefndum að undanþiggja aðstöðugjaldi hjá einstökum gjaldendum kostnaðarliði, sem stafa af óvenjulegu tjóni.
2. Við 10. gr. Á eftir c-lið komi nýr stafliður:
   Allt að 3%: barar, billiardstofur, söluturnar, skartgripaverzlanir, blómaverzlanir, tóbaks- og sælgætisverzlanir.
3. Við 16. gr. Stafliður a orðist þannig:
   Ríkissjóður greiðir eftir 1. janúar 1963 ¼ hluta söluskatts, sem innheimtur

er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10 1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl., svo og bráðabirgðaákvæði sömu laga, a-lið, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þó eigi lægri fjárhæð en 70 millj. kr. á ári.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftir á.

4. Við 17. gr. Aftan við greinina bætist nýr stafliður:
d. Bankar, sbr. 18. gr. d.
5. Við 18. gr. Aftan við greinina bætist nýr stafliður:
d. Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu frá ársbyrjun 1963 greiða í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis, sbr. 12. gr. laga nr. 4/1960. Frá sama tíma hættir gjald þetta að renna í ríkissjóð.
6. Við 32. gr. Í stað orðanna „Fyrir 1. barn kr. 1000.00 ... kr. 100.00 fyrir hvert barn“ kemur: Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1200.00, fyrir 4. barn kr. 1500.00 og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um kr. 300.00 fyrir hvert barn úr því.
7. Við 45. gr. Greinin orðist svo:
Í sveitarfélögum, þar sem skattstjóri er ekki búsettur, er sveitarstjórn (í bæjum framtalsnefnd) heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té afrit af skattskrá sveitarfélagsins til afnota við álagninguna. Sveitarstjórnin (eða framtalsnefnd) gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið fyrir 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagninguna ákvæði laga þessara.

Ed. 674. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Efni frumvarpsins er, að orlofsfé skuli greitt af öllu eftirvinnukaupi. Í gildandi lögum er svo ákveðið, að fyrir eftirvinnu skuli aðeins greiða orlofsfé af þeirri upphæð, sem greidd hefði verið fyrir þá vinnu, ef það hefði verið dagvinna. Þetta gildir um þá, sem eru ekki í föstu starfi, en hafi menn fasta stöðu, fá þeir ekkert orlofsfé greitt af eftirvinnukaupi. Báðar þessar skerðingar eiga að falla burt samkvæmt frumvarpinu. Flest verkalýðsfélög fengu það ákvæði, sem hér um ræðir, inn í kjarasamninga sína á s. l. ári, og virðist ekki nema eðlilegt að lögfesta það þannig, að allir starfsmenn njóti sama réttar.

Nefndin leitaði umsagnar nokkurra aðila um frumvarpið, og hlaut það meðmæli annarra en stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga, en hún taldi „ekki aðkallandi að setja hér um bein lagafyrirmæli.“

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti einróma að mæla með frumvarpinu.

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja svaraði á þessa leið: „Stjórn bandalagsins hefur athugað frumvarpið og samþykkt að lýsa stuðningi sínum við það.“

Í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands segir á þessa leið: „Eins og kunnugt er, var ákvæðunum um orlofsgreiðslur samkvæmt kjarasamningum breytt mjög víða á landinu á s. l. sumri í það horf, sem fyrrgreint frumvarp felur í sér, svo, að því er tekur til þeirra launþega, sem vinna samkvæmt þeim samningum, væri

ekki um neina kjarabreytingu að ræða, þó að frumvarpið yrði samþykkt, og þar af leiðandi ekki útgjaldaaukning hjá félagsmönnum vorum."

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum, en ekki fengizt fullkomin samstaða um afgreiðslu þess. Á fundi nefndarinnar 6. þ. m. bar formaður upp fram komna tillögu þess efnis, að nefndin mælti með samþykkt þess, og greiddu undirritaðir þeirri tillögu atkvæði, en hinir þrír nefndarmennirnir sátu hjá.

Alþingi, 9. apríl 1962.

Alfreð Gíslason, frsm. Karl Kristjánsson.

Nd. 675. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36 14. mai 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Frumvarp þetta um að opna vegalögin flutti Hannibal Valdimarsson í upphafi þings, og hefur það legið óafgreitt hjá nefndinni síðan. Á þessu þingi hafa ýmsir þingmenn flutt allmargar breytingartillögur við frumvarpið, og sýnir það, að full þörf er á að taka marga nýja vegi í þjóðvega tölu, enda eru nú mörg ár liðin, síðan vegalögum var síðast breytt. Jafnan hefur og þótt heppilegra að breyta vegalögum á miðju kjörtímabili heldur en á seinasta ári fyrir kosningar. Þess vegna taldi flutningsmaður, að rétt væri að opna vegalögin á þessu þingi fremur en á því næsta, sem er seinasta þing kjörtímabilsins.

Samt sem áður hefur meiri hlutinn ekki viljað mæla með samþykkt frumvarpsins og ber fyrir sig, að nefnd, sem ríkisstjórnin hafi skipað, sé að endurskoða vegalögin. Þetta eru þó fánýt rök, því að aldrei getur það orðið á færi annarra en þingmannanna í hverju kjördæmi að bera fram tillögur um, hvaða vegi taka skuli í þjóðvega tölu.

Á Vestfjörðum er svo ástatt víða, að heil sveitarfélög eru enn eigi komin í samband við vegakerfi landsins. Úr þessu ófremdarástandi er orðið aðkallandi að bæta hið bráðasta. Þá eru einnig mjög erfiðar samgöngur milli norðurhluta Strandasýslu og annarra hluta Vestfjarðakjördæmis. Úr því var ætlun flutningsmanns að bæta með tillögum þessa frumvarps um þjóðvegi um Tröllatunguheiði og um Krossárdal milli Gilsfjarðar og Bitru.

Í frumvarpinu var einnig lagt til, að nokkrir sýsluvegir yrðu nú teknir í þjóðvega tölu. Hefur þróunin jafnan verið sú að létta smám saman nokkuð á sýslusjóðunum, sem hafa mjög takmörkuð fjárráð til framkvæmda í vegamálum.

Undirritaðir telja fyllstu rök mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, og leggja því til, að svo verði gert.

Alþingi, 8. apríl 1962.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Björn Pálsson.

Sþ. 676. Nefndarálit [105. mál]

um till. til þál. um lánveitingar vegna landþurrkunar.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd er ósammála um afgreiðslu tillögunnar.

Undirritaður minni hluti leggur til, að till. verði samþykkt með þeirri breytingu, sem síðar getur.

Eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar, hefur þurrkun lands dregizt mjög saman undanfarin ár, eða um 35% síðan 1958. Er hætta á, að þessi þróun haldi áfram að öllu óbreyttu, og er nauðsynlegt að finna ráð gegn samdrættinum.

Nú er talið, að útgjöld ríkissjóðs í ár vegna framræslu 1961 muni vart fara fram úr 9 millj. kr., en á fjárlögum 1962 er gert ráð fyrir 12 millj. kr. útgjöldum. Munu ríkissjóði þá sparast um 3 millj. kr. á þessum útgjaldalið. Þar að auki varð sparnaður á sama fjárlagalið fyrir árið 1961, og hefur þannig safnazt fjármagn, sem verður ekki notað í því skyni, sem ætlað var.

Er einsætt, að fé þessu verður ekki betur varið en til þess að lána það vélasjóði, er síðan endurláni búnaðarfélögum og ræktunarsamböndum, sem nú eru í fjárþröng, en hefðu hug á áframhaldandi framræslu. Við mælum því eindregið með samþykkt tillögunnar með þessari

BREYTINGU:

Aftan við tillgr. bætist:

Verja skal í þessu skyni því fé, sem ríkissjóði sparast á liðnum: Til framræslu — á 16. gr. fjárlaga fyrir árin 1961 og 1962.

Alþingi, 8. apríl 1962.

Ingvar Gíslason, frsm. Halldór Ásgrímsson. Karl Guðjónsson.

Halldór E. Sigurðsson.

Ed. 677. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og mælir með samþykkt þess, eins og það kom frá Nd.

Alþingi, 9. apríl 1962.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Hermann Jónasson.

Ásgeir Bjarnason. Magnús Jónsson.

Ed. 678. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til laga um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefnin hefur athugað frumvarpið og umsagnir aðila, er borizt höfðu um málið.

Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem á því voru gerðar í háttv. neðri deild. — Einn nefndarmanna, Björn Jónsson, tók ekki afstöðu til málsins.

Alþingi, 7. apríl 1962.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Kjartan J. Jóhannsson.

Ed. 679. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur einróma til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Ólafur Jóhannesson. Alfreð Gíslason.

Nd. 680. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1962.

Benedikt Gröndal, form. Alfreð Gíslason, frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr.
Einar Olgeirsson. Björn Fr. Björnsson.

Nd. 681. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, og lögum nr. 13 31. marz 1960, um breyting á þeim lögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Meginefni frv. er að lögbjóða, að fjölskyldubætur verði greiddar með öllum börnum innan 16 ára aldurs án tillits til þess, hvaða aðili kunni að framfæra þau. Hefur það mál verið rætt hvað eftir annað, ekki einasta á Alþingi, heldur og í tryggingaráði og af þeim nefndum, sem á ýmsum tímum hafa unnið að endurskoðun og umbótum á tryggingalöggjöfinni. Meðan fjölskyldubætur voru aðeins greiddar með 2. eða 3. barni í fjölskyldu, var að sjálfsögðu ógerlegt að lögfesta það ákvæði að greiða fjölskyldubætur með öllum börnum innan 16 ára aldurs, en eftir að lögunum var breytt þannig, að fjölskyldubætur skyldu greiddar þegar með 1. barni og upphæðin verða hin sama á 1. og 2. verðlagssvæði, gerbreyttist viðhorfið til málsins, enda urðu þær raddir þá enn háværari, að rétt og skylt væri að greiða fjölskyldubætur með öllum börnum, alveg án tillits til þess, hvort foreldrin byggju saman eða hvort í sínu lagi, og án tillits til þess, hver væri hinn eiginlegi framfærsluaðili barnsins. Ekki hvað síst hafa kvenfélögin lagt á það áherzlu, að slík leiðrétting á lögunum næði fram að ganga, því að svo lengi sem þetta ákvæði stæði þar óbreytt, væri fjöldi fráskilinna feðra og mæðra, sem annast uppeldi barna sinna, beittur ranglæti, auk þeirra mæðra, sem annast uppeldi og framfærslu barna, sem þær hafa ekki óskað að feðra, en sjá sjálfar fyrir að öllu leyti, og kemur þetta m. a. fram í umsögn, sem nefndinni var send frá Kvenréttindafélagi Íslands og birt er hér með sem fylgiskjal I.

Nefndin aflaði sér umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins um frv., og eru upplýsingar hennar birtar hér sem fylgiskjal II.

Af þessum upplýsingum sést, að barnafjöldi á öllu landinu er nú 67 000.

Fjölskyldubætur eru greiddar með 59 400 börnum, en 2530 börn njóta barnalífeyris úr lífeyristryggingasjóðum, 340 börn úr slysatryggingasjóðum og 130 börn úr sérsjóðum, eða alls 3000 börn njóta þannig barnalífeyris svo sem að ofan greinir. 4000 börn njóta meðlags með fyrirgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins, en það meðlag er jafnhátt og barnalífeyrir, sem greiddur er ekkjum. Ef taka ætti upp þá reglu að greiða auk þess fjölskyldubætur til þeirra mæðra, sem þannig fá greidd meðlög með börnum sínum, væri hlutur þeirra gerður því betri sem upphæð þeirri nemur en þeirra ekkna, sem eiga börn innan 16 ára aldurs. Er þetta eina ástæðan fyrir því, að ekki hefur þótt eðlilegt að greiða þeim mæðrum fjölskyldubætur. Eru þá eftir 600 börn, sem fjölskyldubætur eru ekki greiddar með í einni eða annarri mynd. Börn þessi skiptast á þær mæður, sem sjálfar sjá fyrir börnum sínum og hafa ekki gefið upp faðerni, svo og börn þeirra feðra, sem greiða framfærslueyri beint til framfærsluaðila, sem oft er hærri en sú upphæð, sem Tryggingastofnunin annast greiðslu á. Sýnist ekki sanngjarnt að greiða ekki einnig fjölskyldubætur til þessara aðila, en til þess að tryggja það þarf að gera breytingu á lögunum.

Árlegar fjölskyldubætur eru nú 2600 kr. á hvert barn. Ef greiða ætti fjölskyldubætur með þeim 600 börnum, sem að framan greinir, en það telur nefndin eðlilegt að gert verði, mundi það hafa í för með sér kostnað, sem nemur 1560 000 kr.

Að greiða fjölskyldubætur fyrir öll börn án tillits til þess, hvort framfærsluaðili tekur samtímis aðrar bætur samkvæmt tryggingalögunum, er miklu stærra og flóknara mál. Telur Tryggingastofnunin, að það mundi kosta um 23.4 millj. kr. árlega og þurfi það mál því miklu nánari athugun, áður en það er tekið í lög.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, leggur nefndin til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli nefnd þeirri, sem nú vinnur að endurskoðun almannatryggingalaganna, að endursemja gildandi ákvæði um greiðslu fjölskyldubóta með það fyrir augum, að tryggt sé, að greiddar verði fjölskyldubætur eða aðrar sambærilegar bætur með öllum börnum innan 16 ára aldurs, og að þær breytingar á lögunum verði lagðar fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. apríl 1962.

Gísli Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Jón Skaftason. Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal I.

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 28. febr. 1962.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt á stjórnarfundi Kvenréttindafélags Íslands í gær:

„Stjórn Kvenréttindafélags Íslands skorar á Alþingi að samþykkja fram komið frumvarp um breytingar á almannatryggingalögunum, er miðar að því að tryggja öllum börnum jafnan rétt til fjölskyldubóta."

Hin mörgu sjóslys undanfarið minna Kvenréttindafélag Íslands á, að heimili hinna fjölmörgu barna, sem orðið hafa föðurlaus, fá ekki lengur fjölskyldubætur, því að þær eru aðeins greiddar með börnum, sem njóta samvista við föður sinn.

Kvenréttindafélag Íslands vill minna á fyrri samþykktir um þetta mál, t. d. á landsfundi 1960, en þar segir:

„Fjölskyldubætur, meðlag eða barnalífeyrir er framfærslueyrir barnsins sjálfs. Þar af leiðandi skulu öll börn innan 16 ára aldurs eiga rétt til fjölskyldubóta."

Virðingarfyllst,
f. h. Kvenréttindafélags Íslands,
Sigríður J. Magnússon,
formaður.

Til félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Reykjavík, 27. marz 1962.

Með tilvísun í viðtal í dag sendist heilbrigðis- og félagsmálanefnd skýrsla um fjölskyldubætur, barnalífeyri o. fl.

Tryggingastofnun ríkisins,
Sverrir Þorbjörnsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fjölskyldubætur, barnalífeyrir o. fl.

Fjöldi barna á miðju ári 1962 (áætl.)		67000
Áætl. fjöldi fjölskyldubótabarna		59400
Börn, sem ekki fá fjölskyldubætur	ca.	7600

Áætluð ársútgjöld (með 13.8% og 4% hækkun), ef fjölskyldubætur yrðu greiddar með öllum börnum, án þess að aðrar bætur lækkuðu, ca. 23.4 millj. kr.

Áætla má, að ofannefnd 7600 börn skiptist þannig:

Barnalífeyris lífeyristrygginga njóta	2530
— slysatrygginga njóta	340
— sérsjóða njóta	130
Barnalífeyris njóta samtals	3000
Meðlags með fyrirgreiðslu T. r. njóta	4000
	7000

Samkvæmt þessu ættu að vera um 600 börn, sem hvorki fá barnalífeyri né meðlag fyrir atbeina Tryggingastofnunarinnar. Hér mun vera um að ræða stjúpbörn og fósturbörn svo og börn einstæðra mæðra, sem ekki taka meðlag hjá Tryggingastofnuninni. Einstæðu mæðurnar eiga að sjálfsögðu rétt á mæðralaunum.

Um 2500 konur mun njóta mæðralauna, þar af um 1700 konur með eitt barn á framfæri.

Sþ. 682. Nefndarálit [57. mál]

um till. til þál. um heyverkunarmál.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þáltill. þessi fjallar um að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera till. um ráðstafanir, sem miði að því að gera heyöflun og heyverkun sem öruggasta og ódýrasta, og skal nefndin sérstaklega gera till. um ráðstafanir um aukið ríkisframlag og hagstæð lán til bænda, svo að þeir geti stóraukið votheysgerð og súgþurrkun heys. Jafnframt þessu afli nefndin sem fullkomnastra álitsgerða sérfræðinga um, á hvern hátt bezt megi forðast tjón á sauðfé vegna votheysgjafar.

Fjárveitinganefnd hefur rætt till. og sent hana til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands, sem mælti með samþykkt hennar.

Eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar, vill hann enga afstöðu taka til málsins og vísa því til ríkisstjórnarinnar, en minni hlutinn leggur til, að till. sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. apríl 1962.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Ingvar Gíslason. Halldór E. Sigurðsson.

Karl Guðjónsson.

Sþ. 683. Nefndarálit [221. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á samstarfssamningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt þáltill. á þskj. 637 ásamt samningnum, sem birtur er með henni sem fylgiskjal, og leggur einróma til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. apríl 1962.

Gísli Jónsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Jóhann Hafstein. Birgir Kjaran.
Þórarinn Þórarinsson. Hermann Jónasson. Finnbogi R. Valdimarsson.

Sþ. 684. Nefndarálit [67. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um læknisvitjanasjóði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar alllengi og fengið um hana umsögn landlæknis og Læknafélags Íslands.

Gildandi lög um læknisvitjanasjóði eru nr. 59 frá 4. júlí 1942. Telur nefndin, að þörf sé á að endurskoða þau lög með hliðsjón af ýmsum öðrum lagaákvæðum, sem sett hafa verið í svipuðum tilgangi, og þá m. a. með það fyrir augum, að lagaákvæði verði samræmd eða sameinuð, ef rétt þykir. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1962.

Benedikt Gröndal, form. Gísli Guðmundsson, frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr.
Gísli Jónsson. Björn Pálsson. Geir Gunnarsson. Jónas G. Rafnar.

Nd. 685. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1957, um breyt. l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en nefndarmenn hafa óbundnar hendur til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 9. apríl 1962.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Alfreð Gíslason.
Einar Olgeirsson. Björn Fr. Björnsson.

Nd. **686. Lög** **[177. mál]**

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, sbr. lög nr. 25 16. febrúar 1953.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 388.

Nd. **687. Lög** **[161. mál]**

um breyting á lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 573.

Sþ. **688. Nefndarálit** **[65. mál]**

um till. til þál. um jarðaskráningu og jarðalýsingar.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessarar tillögu. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að málinu sé vísað frá með rökstuddri dagskrá, „þar sem unnið hafi verið að þessu máli að undanförnu af landnámsstjóra, Pálma Einarssyni, og þar sem í undirbúningi sé nýtt allsherjarfasteignamat, sem eigi að koma í gildi 1965".

Undirritaður minni hluti getur ekki fallizt á þessa málsmeðferð, enda ekki á neinum rökum reist, að landnámsstjóri sé að vinna að lýsingum og skráningu jarða með það fyrir augum, sem tillagan gerir ráð fyrir. Er hér um mjög alvarlegan misskilning að ræða og illt, að það skuli hafa hent meiri hl. fjárveitinganefndar að byggja á honum álit sitt á málinu.

Rétt er, að Pálmi Einarsson landnámsstjóri hefur öllum öðrum fremur bent á nauðsyn nýrra hátta í sambandi við jarðaskráningu og jarðalýsingar, og hefur hann m. a. ritað um það efni merka grein, sem birtist í Árbók landbúnaðarins árið 1960. Till. sú til þál., sem hér um ræðir, er byggð á hugmynd og kenningu Pálma Einarssonar, eins og hún kemur fram í ofannefndri ritgerð, enda er hún prentuð í heild sem greinargerð fyrir tillögunni. Pálmi Einarsson hefur í starfi sínu viðað að sér merkum gögnum, sem að haldi mundu koma við hagfræðilega jarðaskráningu, en rangt er, að hann „vinni að þessu máli", eins og meiri hl. fjárveitinganefndar fullyrðir. Honum hefur aldrei verið falið slíkt verkefni, en eðlilegt, að svo verði gert, ef jafnframt yrði séð fyrir fjárveitingu til handa Landnáminu í því skyni.

Tillagan var til umræðu á nýliðnu búnaðarþingi og fékk þar góðar undirtektir, eins og eftirfarandi ályktun þess ber með sér:

„Búnaðarþing telur nauðsynlegt, að hafizt verði handa nú þegar um upplýsingasöfnun um ásigkomulag jarða, eignarhald, ábúð, aðstöðu og framtíðarmöguleika. Gæti slík söfnun síðan þróazt til fullkominnar jarðaskráningar.

Telur búnaðarþing, að rétt sé að fela Landnámi ríkisins að annast slíka upplýsingasöfnun, enda verði því veitt fjárhagsleg aðstaða til þess."

Þess vegna er ekkert mark takandi á dagskrártillögunni.

Tilgangur fasteignamats hefur frá öndverðu verið sá, að það væri grundvöllur skattlagningar og annarrar gjaldheimtu hins opinbera og gæfi auk þess til kynna

veð- og sölugildi fasteigna. Við þetta hefur undirbúningur fasteignamats miðazt, einkum fyrra atriðið. En rétt er að ætla fasteignamatinu enn nýtt hlutverk, svo sem þegar er í lögum flestra Evrópulanda, en það er, að jarðalýsingar þess og jarðaskráning sé undirstaða framkvæmda- og framleiðsluáætlana í búnaði. Jafnframt þarf að haga skráningarkerfinu þannig, að jarðalýsingar fasteignamatsins úreldist ekki jafnharðan, heldur séu ávallt tiltækar á einum stað nýjar upplýsingar um jarðirnar (fasteignirnar). Er þetta brýn nauðsyn vegna hinna stórkostlegu breytinga, sem verða á ásigkomulagi fjölda jarða svo til árlega. Vita allir, að sú jarðalýsing, sem felst í yngstu fasteignamatsbókinni (1942), hefur nú aðeins sögugildi, og má segja, að sama eigi við um endurskoðunina frá 1955, að svo miklu leyti sem í henni felst jarðalýsing. Skv. lögum er fasteignamat endurskoðað á 25 ára fresti, og mun nú unnið að nýju fasteignamati, sem á að taka gildi árið 1965. Væri mjög nauðsynlegt, að fasteignamatsundirbúningi væri hagað með þeim hætti, sem hér hefur verið bent á.

Minni hl. fjárveitinganefndar leggur því eindregið til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 8. apríl 1962.

Ingvar Gíslason, frsm. Halldór E. Sigurðsson. Halldór Ásgrímsson. Karl Guðjónsson.

Ed. 689. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna nýbyggingar Landsspítalans.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. (BjörnJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 9. apríl 1962.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson. Karl Kristjánsson.

Ed. 690. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Í ársbyrjun 1959 hét ríkisstjórnin því í sambandi við samninga um fiskverð o. fl. að skipa nefnd til þess að undirbúa löggjöf um lífeyrissjóð sjómanna almennt. Var í viðræðum um þá samninga lögð áherzla á stofnun lífeyrissjóðs, er tæki til allra bátasjómanna. Nefndin var skipuð, og áttu sæti í henni fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna auk oddamanns. Ekki náðist samkomulag um tillögur í þessari nefnd. Fulltrúar sjómanna lögðu til, að stofnaður yrði sameiginlegur lífeyrissjóður allra íslenzkra sjómanna, en fulltrúar útgerðarmanna vildu hafa sérstakan lífeyrissjóð hjá hverju fyrirtæki. Nefndarálit beggja aðila voru send ráðherra.

Í frumvarpinu, sem hér liggur fyrir, er ekki að finna það, sem fulltrúar sjómanna lögðu megináherzluna á, en það var stofnun lífeyrissjóðs bátasjómanna. Hins vegar er þar gert ráð fyrir, að lífeyrissjóður togarasjómanna verði framvegis sameiginlegur fyrir þá og undirmenn á kaupskipum. Þetta er helzta nýmæli frumvarpsins, en aðrar breytingar frá gildandi lögum eru minni háttar.

Frumvarpinu var útbýtt á Alþingi 11. des. s. l. og vísað til heilbrigðis- og félagsmálanefndar 2. febr. Þegar eftir að frumvarpið kom fram, fóru Alþingi að berast mótmæli gegn því frá togaramönnum. Þannig hafa milli 10 og 20 togaraáhafnir nærri einróma skorað á Alþingi að fella það. Er í sumum þessara áskorana bent á, að frumvarpið sé „fram borið án vitundar og í fullri óþökk allra togarasjómanna.“ Enn fremur er þar að finna ummæli sem þessi: „Þar sem óvíst er um framhald togaraútgerðar á Íslandi, teljum við ekki rétt að hleypa öðrum inn í fjársterkan sjóð, er yrði farmönnum einum til hagsbóta.“

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd sendi frumvarpið nokkrum aðilum til umsagnar. Aðeins einn þeirra hefur tjáð sig efnislega samþykkan því, en það er Skipaútgerð ríkisins.

Íslenzka landhelgisgæzlan telur nýmæli frumvarpsins ekki heppilegt og álítur, að æskilegt væri, að allir starfsmenn stofnunarinnar væru hjá sama lífeyrissjóði, t. d. lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Samband ísl. samvinnufélaga lætur þá skoðun í ljós, að frumvarpið „sé óþarft og ekki til bóta, þar sem lífeyrisréttur þeirra manna, er hér um ræðir, hefur þegar verið tryggður.“

Í umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er efni frumvarpsins gagnrýnt, og segir síðan svo: „Með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið, viljum vér leggja til, að hæstvirt Alþingi fresti afgreiðslu þessa máls, meðan unnið sé að allsherjarlausn á vandamálum í sambandi við vernd lífeyrisréttinda, þegar skipt er um starf og flutning þeirra milli sjóða, svo og að endurskoðun á framangreindum ákvæðum í lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna.“

Nefndin afgreiddi frumvarpið frá sér í dag, og varð eigi samkomulag um afgreiðsluna. Mælir meiri hlutinn með því, að það verði samþykkt með nokkrum smábreytingum, en minni hlutinn vill vísa því til ríkisstjórnarinnar til nánari athugunar. Óánægja með ákvæði þess virðist ríkjandi hjá þeim sjómönnum, sem málið snertir, og auk þess er með frumvarpinu engan veginn leystur sá vandi, sem mestur er í þessu efni, en hann er stofnun lífeyrissjóðs, er nái til allra íslenzkra sjómanna. Þess vegna telur minni hluti nefndarinnar ekki rétt að samþykkja frumvarpið, en leggur til, að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að lífeyrissjóðsmál sjómanna í heild verði endurskoðuð.

Alþingi, 10. apríl 1962.

Alfreð Gíslason, frsm. Karl Kristjánsson.

Sþ. 691. Fyrirspurn [224. mál]

til ríkisstjórnarinnar um greiðslur til setudómara o. fl.

Frá Gunnari Jóhannssyni.

1. Hve mikið hefur verið greitt úr ríkissjóði fyrir störf setudómara árin 1951—1961:
   a. í héraði,
   b. í hæstarétti?

2. Hve miklum fjárhæðum nema greiðslur úr ríkissjóði og frá ríkisstofnunum til dómenda umfram föst embættislaun þeirra:
   a. til héraðsdómara,
   b. til hæstaréttardómara?

Sþ. 692. Nefndarálit [51. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt tillöguna og sent hana til umsagnar til stjórnar gæzluvistarsjóðs og til landlæknis. Eru svör þeirra birt hér sem fylgiskjöl. Þá hefur nefndin og rætt málið við flm., eftir að svör, sem að ofan greinir, höfðu borizt.

Tillögugreinin kveður eigi á um annað en að lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra skuli endurskoðuð og henni lokið svo snemma, að frv. um breytingar á lögunum verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr. Í greinargerð með till. er hins vegar bent á ýmislegt í gildandi löggjöf, er nauðsynlegt sé að breyta.

Af svörum frá gæzluvistarsjóði og landlækni er ljóst, að lög þessi eru í endurskoðun og henni þegar komið svo langt, að gert er ráð fyrir, að frv. til laga um breytingar á lögunum verði lagt fram á Alþingi, er það kemur saman á næsta hausti.

Með tilvísun til þess og í trausti þess, að frekari dráttur verði eigi á afgreiðslu málsins, leggur nefndin til, að málinu sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. apríl 1962.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Björn Pálsson.	Geir Gunnarsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Fylgiskjal I.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 23. febrúar 1962.

Með skírskotun til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar, dags. 5. des. s. l., þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins um till. til þingsályktunar um endurskoðun laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

Svo sem um getur í greinargerð umræddrar þál.-tillögu, skilaði nefnd, sem skipuð var af þessu ráðuneyti, tillögum á árinu 1960 um frumvarp að nýjum lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Ráðuneytið hefur síðan falið læknum þeim í ríkisins þjónustu, sem um þessi málefni fjalla, enn frekari athugun á þessu efni, og er gert ráð fyrir, að tillögur þeirra liggi fyrir það tímanlega, að málið verði lagt fyrir Alþingi í þingbyrjun næsta haust.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ragnar Bjarkan

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal II.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 27. febrúar 1962.

Með bréfi, dags. 5. desember s. l., hefur háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis leitað umsagnar minnar um till. til þál. um endurskoðun laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Á árinu 1959 starfaði ég ásamt tveimur öðrum mönnum (sr. Kristni Stefánssyni og Jónasi Guðmundssyni fyrr ráðuneytisstjóra) í stjórnskipaðri nefnd að því að endurskoða gildandi lagaákvæði um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Í janúarmánuði 1960 lauk þessi nefnd störfum og skilaði heilbrigðismálaráðuneytinu uppkasti að frumvarpi til laga um þetta efni. Þess skal hér sérstaklega getið, að undirritaður var eigi formaður nefndarinnar, eins og segir í greinargerð till. til þál., er hér liggur fyrir.

Mér er kunnugt um, að ráðuneytið hefur síðan falið öðrum læknum frekari athugun þessara mála, og er gert ráð fyrir, að tillögur frá þeim muni liggja fyrir n. k. sumar, svo að líklegt má telja, að frumvarp í breyttri eða óbreyttri mynd geti legið fyrir Alþingi næst komandi haust.

Sig. Sigurðsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Nd. 693. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Við greinina bætist:

Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi, og er þá viðkomandi útgerðarfyrirtæki ábyrgt fyrir umsömdum bótagreiðslum.

Ed. 694. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

(Eftir 3. umr. í Nd., 10. apríl.)

1. gr.

Á eftir 5. tölulið 7. gr. laganna komi nýr töluliður:

6. Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingarfélagi um líf- og slysatryggingar skipverja, og skal skráningarstjóri ganga úr skugga um, að þær séu í samræmi við gildandi kjarasamninga. Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi, og er þá viðkomandi útgerðarfyrirtæki ábyrgt fyrir umsömdum bótagreiðslum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **695. Lög** [119. mál]

um Hjúkrunarskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 432.

Ed. **696. Lög** [121. mál]

um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 536.

Nd. **697. Frumvarp til laga** [142. mál]

um sjúkraþjálfun.

(Eftir 3. umr. í Ed., 10. apríl.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig sjúkraþjálfara hér á landi hafa þeir einir, sem hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra. Sjúkraþjálfarar skulu hafa lokið námi í sjúkraþjálfun (fysiotherapi) við skóla í þeirri grein, sem viðurkenndur er sem fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í, og af landlækni, eða hafa menntun, sem því jafngildir að dómi ráðherra. Einnig má ráðherra löggilda þá, sem starfað hafa í þessari grein, þegar lög þessi öðlast gildi. Um ofangreind þrjú atriði tekur ráðherra ákvarðanir að fengnum meðmælum landlæknis og umsögn formanns Félags íslenzkra sjúkraþjálfara.

2. gr.

Sjúkraþjálfun er meðferð, sem sjúkum er veitt í lækningaskyni með nuddi, æfingum, ljósum, hita, rafmagni og á ýmsan annan hátt eftir fyrirmælum læknis.

3. gr.

Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án tilvísunar og fyrirsagnar læknis.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til sjálfstæðra sjúkraþjálfunarstarfa aðra en fullgilda sjúkraþjálfara. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fengnum meðmælum landlæknis.

5. gr.

Um sjúkraþjálfara gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota sjúkraþjálfara, um sviptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu löggildingar.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **698. Lög** [124. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 628.

Ed. **699. Lög** [210. mál]

um Samvinnubanka Íslands h.f.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 520.

Ed. **700. Lög** [35. mál]

um atvinnubótasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 374.

Ed. **701. Nefndarálit** [192. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1962.

Auður Auðuns, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm.	Páll Þorsteinsson, með fyrirvara.

Alfreð Gíslason. Friðjón Skarphéðinsson.

Ed. **702. Frumvarp til laga** [178. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 530 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:
Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir:

a. Allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
b. — — 1% — — verzlunarskipa.
c. — — 1½% — hvers konar iðnaðarrekstri.
d. — — 2% — öðrum atvinnurekstri.

Aðstöðugjald af rekstri fiskiskipa og hvers konar starfsemi við fiskvinnslu má eigi nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en veltuútsvar var á hverjum stað árið 1961. Heimilt skal þó sveitarfélögum, sem ekki lögðu á veltuútsvör, eða lögðu á lægri veltuútsvör á árinu 1961, miðað við tegund gjaldstofns, en lögð voru á í Reykjavík það ár, að hækka aðstöðugjald allt að þeim hundraðshluta, sem veltuútsvör þar voru þá á lögð.

18. gr. hljóðar svo:
Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:
a. 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja samkvæmt 17. gr. a.
b. 1½% af heildarsölu stofnana þeirra, er um getur í 17. gr. b.
c. 1⅓% af heildarsölu olíufélaga, sbr. 17. gr. c.

Nd. 703. Lög [155. mál]

um verkamannabústaði.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 497.

Nd. 704. Lög [77. mál]

um Hæstarétt Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 555.

Nd. 705. Frumvarp til laga [220. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. apríl.)

1. gr.
Í stað „1961“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 1963.

2. gr.
Á eftir fyrri málsgrein í ákvæði til bráðabirgða komi ný málsgrein:
Hagnaður Viðtækjaverzlunar ríkisins af innflutningi sjónvarpstækja skal renna til Ríkisútvarpsins til undirbúnings og rekstrar sjónvarps.

3. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 706. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. apríl 1962.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Friðjón Skarphéðinsson.
Páll Þorsteinsson. Finnbogi R. Valdimarsson.

Ed. 707. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Aftan við 1. gr. bætist:
enda greiði verksmiðjurnar ekki landsútsvar af þessum rekstri.

Ed. 708. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

1. gr.

14. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1955, orðist svo:

Síldarverksmiðjurnar eru undanþegnar tekju- og eignarskatti, svo og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Heimilt er þó sveitarstjórnum að innheimta aðstöðugjald af öllum öðrum rekstri verksmiðjanna en síldarbræðslu, þar á meðal vegna seldrar vinnu vélaverkstæða þeirra, enda greiði verksmiðjurnar ekki landsútsvar af þessum rekstri.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1963.

Ed. 709. Breytingartillögur [178. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Við 11. gr. Á eftir orðinu „aðstöðugjalds“ í 1. málsgr. komi: sbr. þó 45. gr.
2. Við 45. gr. Á eftir orðinu „útsvör“ í 1. málsgr. komi: og aðstöðugjald.

Nd. 710. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og borið saman við niðurstöðutölur ríkisreikningsins, en ekkert fundið athugavert.

Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn (LJós, SkG) mun skila séráliti.

Alþingi, 5. apríl 1962.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Ed. 711. Lög [118. mál]

um breyting á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands h/f.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 455.

Ed. 712. Lög [16. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 609.

Nd. 713. Breytingartillaga [170. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Karli Guðjónssyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Tekjur deildarinnar eru:

1. Fast árlegt framlag ríkissjóðs 8 millj. kr.
2. 1% af árlegum tekjum ríkissjóðs.
3. Vaxtatekjur.

Ed. 714. Lög [169. mál]

um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 602 (sbr. 366).

Ed. **715. Lög** [179. mál]

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 390.

Ed. **716. Lög** [180. mál]

um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 537.

Ed. **717. Lög** [181. mál]

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 392.

Ed. **718. Lög** [182. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 538.

Ed. **719. Lög** [183. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 539.

Ed. **720. Lög** [185. mál]

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 541.

Ed. **721. Lög** [186. mál]

um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 397.

Ed. **722. Lög** [187. mál]

um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 398.

Nd. **723. Lög** [204. mál]

um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 489.

Ed. **724. Nefndarálit** [168. mál]

um frv. til l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur athugað frv. á tveimur fundum, en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. vill samþ. frv. óbreytt, en undirritaðir, er skipa minni hl. n., vilja gera verulegar efnisbreytingar á frv.

Með þessu frv. er stofnað til nokkurra fjárframlaga togaraútgerðinni til aðstoðar vegna aflabrests á árunum 1960 og 1961, svo og til aflatryggingar togara á komandi árum.

Þetta er aðallega gert með tvenns konar hætti: með fjárframlögum úr ríkissjóði og með skattlagningu á bátaútveginn í landinu.

Ekki þarf að efast um það, að togaraútgerðin hefur átt við aflabrest að etja. Það er því full þörf á að koma henni til aðstoðar.

En bátaútvegurinn hefur einnig átt við sína erfiðleika að etja á liðnum tímum. Má þar nefna, hversu togarar, erlendir og innlendir, spilltu aflabrögðum á grunnmiðum. Var þá ekki í annað hús að venda fyrir fiskibáta, því að ekki höfðu þeir skilyrði til að sækja afla á fjarlæg mið, eins og togarar. Með útfærslu landhelginnar skipti um með aflabrögð bátaflotans, en fleira kom þó til. Útvegsmenn hafa kostað kapps um að eignast stærri og fullkomnari fiskibáta, búa þá hinum beztu tækjum til fiskileitar og afla nýjustu og beztu tegunda veiðarfæra og hjálpartækja við sjálfar veiðarnar. Öllu þessu má þakka aukin aflabrögð bátaflotans.

Allt hefur þetta kostað bátaútveginn gífurlega mikinn stofnkostnað til viðbótar afleiðingunum af gengislækkunum, háum vöxtum og skattabyrðum viðreisnarstefnunnar. Þrátt fyrir þetta hefur bátaútvegurinn ekki notið sömu kjara í stofnlánum og mikill hluti togaranna.

Minni hl. n. telur því, að ekki komi til mála að skattleggja bátaútveginn til aðstoðar togaraútgerðinni, eins og ætlazt er til með þessu frv. Er þessi afstaða minni hl. n. í fullu samræmi við skoðanir fiskiþings og Landssambands ísl. útvegsmanna. Þessi skattlagning er auk þess með öllu óþörf. Með gengisbreytingunni á síðastliðnu sumri tók ríkisstjórnin gengishagnað af útflytjendum, sem mun hafa numið um 150—170 millj. kr. Það er óneitanlega meira réttlæti í því að verja nokkrum hluta af þessum gengishagnaði til aðstoðar togaraútgerðinni en að skattleggja bátaútveginn. Verði þessi leið farin til aðstoðar togaraútgerð vegna fjárhagserfiðleika tveggja síðustu ára, er ekki þörf svo mikillar hækkunar á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum bátaflotans til aflatryggingasjóðs sem gert er ráð fyrir í frv.

Þá vill minni hl. n. finna að því, að sjávarútvegsnefnd fékk ekki í hendur skýrslu þeirrar nefndar, er ríkisstjórnin skipaði til þess að rannsaka hag togaraútgerðar, þrátt fyrir að minni hl. n. óskaði sérstaklega eftir að fá að kynna sér þessa skýrslu. Það er þó fyrsta skilyrðið til þess, að þingmenn geti gert sér grein fyrir, hvað réttast er að gera togaraútgerðinni til aðstoðar, að þeir fái sem beztar upplýsingar um fjárhag þessarar útgerðar.

Minni hl. n. mun flytja brtt. við frv. á sérstöku þingskjali í samræmi við það, sem að framan segir.

Alþingi, 11. apríl 1962.

Sigurvin Einarsson, frsm. Björn Jónsson.

Ed. 725. Breytingartillögur [168. mál]

við frv. til l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (SE, BjörnJ).

1. Við 3. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Sjóðurinn skiptist í 3 deildir: Síldveiðideild, almenna deild bátaflotans og almenna deild togaraflotans.
   b. Síðasta málsgr. falli niður.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli í einhverjum flokki deildar er minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni, sbr. 4. gr. Í síldveiðideild miðast þó almennur aflabrestur við 75%.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „Hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins“ komi: það, er þær deildir eiga, hvor um sig.
4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Árlegar tekjur sjóðsins eru:
   1. 1% af fob-verði síldarafurða, 1¼% af fob-verði annarra afurða frá togaraflotanum og ¾% af fob-verði afurða frá bátaflotanum, annarra en síldarafurða. Skal gjald þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, en ríkissjóður annast innheimtu þess. Afurðir af selveiðum og hvalveiðum eru undanþegnar gjaldinu. Sjóðsstjórnin getur um lengri eða skemmri tíma lækkað aflatryggingasjóðsgjald einstakra deilda um ¼% af fob-verði afurða, enda lækkar þá mótframlag ríkissjóðs að sama skapi.
   2. Framlag ríkissjóðs, jafnhátt tekjum sjóðsins samkv. 1. tölulið.
   3. Vextir og aðrar tekjur af eignum deildanna, enda verði þær séreign þeirra.

   Tekjur samkv. 1. tölul. skiptast milli deildanna þannig, að tekjur vegna síldveiði renna til síldveiðideildar, tekjur vegna annarrar bátaveiði til hinnar almennu deildar bátaflotans og tekjur vegna togaraveiði, annarrar en síldveiði, til hinnar almennu deildar togaraflotans. Tekjur samkv. 2. tölul. skiptast milli deilda í sömu hlutföllum.

   Heimilt er sjóðsstjórninni, með samþykki ráðherra, að veita deild lán af fé annarrar deildar gegn sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, þannig að tryggt sé, að lánið sé endurkræft og féð handbært, þegar deild sú, er lánið veitir, þarf á því að halda til útgjalda sinna samkv. lögum þessum. Ákvörðun um lánveitingu kemur þó ekki til framkvæmda, nema hún hafi verið samþykkt með samhljóða atkvæðum í sjóðsstjórninni.

5. Við bráðabirgðaákvæði:
   a. Heimilt er að veita togbátum aðstoð samkvæmt þessu ákvæði vegna aflabrests á árinu 1960.
   b. Á eftir 1. málsgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
      Af gengishagnaði á reikningi ríkissjóðs samkv. 6. gr. brbl. nr. 80 3. ágúst 1961, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal afhenda stjórn aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 50 millj. kr. til ráðstöfunar vegna aflabrests togaranna á árinu 1961 og, ef ástæða þykir til, einnig á árinu 1960, samkvæmt nánari ákvæðum sjóðsstjórnar og ráðuneytisins, enda komi til samþykki 5 manna undirnefndar, er sjávarútvegsnefndir Alþingis kjósa sameiginlega á þingi því, er samþykkir lög þessi. Aðstoð samkv. 1. og 2. málsgr. skal því aðeins veita, að eigandi skips, sem aðstoðar nýtur, noti hana til að tryggja, að skipið verði gert út áfram eða útgerð þess hafin á ný, þegar eftir að aðstoðin er veitt, nema um sé að ræða hindrun, sem sjóðsstjórnin metur gilda.
      Hlutatryggingasjóðsgjaldi, sem innheimt hefur verið samkv. 8. gr. brbl. nr. 80 3. ágúst 1961, skal skipta milli deilda samkv. ákvæðum 9. gr. þessara laga, svo og tilsvarandi framlagi úr ríkissjóði.
   c. Síðari málsgr. ákvæðisins orðist svo:
      Bætur úr togaradeild aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins skulu greiddar í fyrsta sinn vegna aflabrests, sem orðið hefur á árinu 1962.

Ed. 726. Frumvarp til laga [225. mál]

um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

I. KAFLI

1. gr.

Lög þessi taka til starfsmanna, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum og minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka ekki til:

1. Ráðherra né hæstaréttardómara, sbr. þó 2. málsgr. 4. gr.
2. Iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, er um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
3. Bankastarfsmanna.

2. gr.

Fjármálaráðherra fer með fyrirsvar ríkissjóðs, að því er varðar kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi ríkisvalds samkvæmt lögum þessum. Hann getur skipað nefnd þriggja til fimm manna til að annast samninga af sinni hendi.

3. gr.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fer með fyrirsvar ríkisstarfsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna samkvæmt lögum þessum.

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja velur fimm ríkisstarfsmenn í Kjararáð, sem fer með umboð bandalagsins til samningagerðar. Þegar bandalagsstjórn velur menn í Kjararáð, skulu bæjarstarfsmenn víkja sæti, en varamenn úr hópi ríkisstarfsmanna koma í þeirra stað.

Ríkisstarfsmaður, er lög þessi taka til, sbr. 1. gr., á rétt til að vera félagsmaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða félags innan vébanda þess eftir nánari reglum í samþykktum bandalagsins.

II. KAFLI

4. gr.

Launakjör starfsmanna ríkisins, sbr. 1. gr., skulu ákveðin með kjarasamningum aðilja þeirra, sem í 2. og 3. gr. getur.

Launakjör ráðherra og hæstaréttardómara skulu ákveðin af Kjaradómi.

5. gr.

Í kjarasamningi skal kveðið á um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu.

Kjarasamningur á ekki að taka til lífeyrisréttinda, hlunninda, aukatekna, orlofsréttar, kaups í veikindaforföllum né annarra fríðinda, sem líkt er farið.

Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt, ef það brýtur í bág við kjarasamning starfsmanni í óhag.

6. gr.

Þegar ákveða skal starfskjör, sem kjarasamningur samkvæmt 5. gr. tekur ekki til, og eigi eru lögbundin, skal semja um þau við hlutaðeigandi bandalagsfélög.

Uppsagnarfrestur slíkra samninga skal vera 3 mánuðir. Að öðru leyti fer um þá samkvæmt fyrirmælum laga þessara um kjarasamninga.

7. gr.

Kjarasamningur skal vera skriflegur, gerður til eigi skemmri tíma en tveggja ára í senn og gildistími hans miðast við áramót.

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar kjarasamnings án uppsagnar hans. Náist ekki samkomulag aðilja innan mánaðar frá kröfugerð, fer um meðferð máls samkvæmt III. og IV. kafla laga þessara að öðru en því, að samningur eða dómur Kjaradóms skal gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

8. gr.

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðilja skal eigi vera skemmri en sjö mánuðir.

Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

9. gr.

Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

10. gr.

Aðili, er segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðilja tillögur sínar í höfuðatriðum um nýjan samning, og skulu samningsviðræður þá þegar upp teknar.

11. gr.

Endurrit af uppsögn kjarasamnings og tillögum um nýjan samning skulu send sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum samtímis og uppsögn og tillögur eru sendar samningsaðilja, sbr. 8. og 10. gr.

III. KAFLI

12. gr.

Aðili kjarasamnings getur, er slitnað hefur upp úr samningsumleitunum, vísað kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.

Þegar mánuður uppsagnarfrests er liðinn, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna sættir, hafi deilu eigi verið vísað til hans eða samningar komizt á fyrir þann tíma. Sáttasemjari getur þó frestað aðgerðum allt að viku, ef sérstaklega stendur á.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sáttasemjara ríkisins eða aðilja, að skipa til sáttastarfs sérstakan sáttasemjara eða sáttanefnd, er hafi réttindi og skyldur ríkissáttasemjara samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Sáttasemjari ríkisins getur lagt fram miðlunartillögu í kjaradeilu.

Leynileg atkvæðagreiðsla starfandi ríkisstarfsmanna, er í hlut eiga, fer fram um miðlunartillögu undir yfirstjórn og eftirliti sáttasemjara. Það fer eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, hvort tillaga telst samþykkt eða felld.

Fjármálaráðherra greiðir fyrir hönd ríkissjóðs atkvæði um miðlunartillögu. Skal hann greiða atkvæði sitt leynilega, áður en allsherjaratkvæðagreiðslu samkvæmt 2. málsgr. lýkur.

Ákvæði laga nr. 80/1938 gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um sáttastarf samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Nú er kjaradeila eigi til lykta leidd, að liðnum tveimur mánuðum uppsagnarfrests, og senda aðiljar þá þegar Kjaradómi greinargerðir um málið, enda er þá sáttameðferð þess á vegum sáttasemjara lokið.

Aðiljar geta á fyrra stigi máls en í 1. málsgr. segir vísað kjaradeilu til Kjaradóms, ef þeir eru um það sammála.

Eftir að sáttasemjari hefur fengið mál til meðferðar, getur hann og vísað máli til Kjaradóms án atbeina aðilja, þegar er hann telur sýnt, að frekari sáttaumleitanir verði árangurslausar.

IV. KAFLI

15. gr.

Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum.

Hæstiréttur skipar þrjá dómendur. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður dómsins.

Fjármálaráðherra skipar einn dómanda.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skipar einn dómanda.

Sömu aðiljar skipa varadómendur.

Dómendur skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Starfstímabili dómenda, sem fyrstir eru skipaðir, skal þó eigi ljúka, fyrr en fjögur ár eru liðin frá næstu áramótum eftir skipun þeirra.

Kjaradómur setur sér sjálfur starfsreglur.

16. gr.

Kjaradómur tekur kjaradeilu til meðferðar, er honum hafa borizt gögn samkvæmt 14. gr., og skal hafa lagt dóm á ágreiningsefni, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá upphafi uppsagnarfrests.

17. gr.

Aðiljar skulu leggja ágreiningsefni skilmerkilega fyrir Kjaradóm. Þeir skulu tjá sig rækilega um kjaraatriði, lýsa því, sem þeir eru sammála um, og setja fram sjónarmið sín ásamt rökstuðningi og rækilegri málsreifun.

18. gr.

Kjaradómur aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga, og er honum rétt að krefjast skýrslna munnlegra og skriflegra af einstökum mönnum og embættismönnum.

19. gr.

Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og ráðuneytis um úrlausn mála.

20. gr.

Kjaradómur skal við úrlausnir sínar m. a. hafa hliðsjón af:

1. Kjörum launþega, er vinna við sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu.
2. Kröfum, sem gerðar eru til menntunar, ábyrgðar og sérhæfni starfsmanna.
3. Afkomuhorfum þjóðarbúsins.

21. gr.

Dómur Kjaradóms er fullnaðarúrlausn kjaradeilu.

Dómur Kjaradóms kemur til framkvæmda á næstu áramótum eftir uppsögu hans og gildir í tvö ár.

Dómur bindur aðilja á sama hátt sem samningur þeirra, og gilda um uppsögn kjaraákvæða hans og framlengingu ákvæði laga þessara um kjarasamninga, sbr. II. kafla.

V. KAFLI

22. gr.

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tekur af þess hendi ákvörðun um uppsögn kjarasamnings, en um ákvörðun hennar skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla starfandi ríkisstarfsmanna, er í hlut eiga, til samþykktar eða synjunar.

Þegar bandalagsstjórn tekur ákvörðun samkvæmt 1. málsgr., skal hún skipuð eins og þegar hún velur í Kjararáð samkvæmt 3. gr.

VI. KAFLI

23. gr.

Kjaranefnd skal skipuð fimm mönnum.

Hæstiréttur skipar þrjá nefndarmanna. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður nefndarinnar.

Fjármálaráðherra skipar einn nefndarmanna.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skipar einn nefndarmann.

Sömu aðiljar skipa varamenn í Kjaranefnd.

24. gr.

Kjaranefnd sker til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðilja um:

1. Skipun einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.
2. Hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.
3. Vinnutíma, yfirvinnu og yfirvinnukaup einstakra starfsmanna.

VII. KAFLI

25. gr.

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á lögum þessum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans.

Þegar félagsdómur fer með slík mál, nefna Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra dómendur til setu í dóminum í stað þeirra dómenda, er nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín og starfsmanna, er í hlut eiga.

VIII. KAFLI

26. gr.

Kostnaður við Kjaradóm og Kjaranefnd, þar á meðal laun dómenda og nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

27. gr.

Nú er sett á fót ríkisstofnun, og ákveður fjármálaráðherra þá í samráði við ráðherra, er fer með mál þeirrar stofnunar, og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja svo og með hliðsjón af því, sem gildir um hliðstæðar eða sambærilegar stofnanir, kjör starfsmanna hinnar nýju stofnunar, þar til þau hafa verið ákveðin eftir reglum laga þessara.

Ef til koma við stofnanir nýjar stöður, ákveður fjármálaráðherra, með sama hætti sem í 1. málsgr. segir, kjör starfsmanna, sem í hlut eiga.

28. gr.

Skylt er borgar-, bæjar- og sveitarstjórn að veita starfsmönnum sínum samningsrétt í samræmi við lög þessi, ef hlutaðeigandi starfsmannafélag óskar þess. Skal nánar kveðið á um það í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Um fyrstu framkvæmd laganna og kjaraákvarðanir samkvæmt þeim gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Viðræður um kjarasamninga skulu hefjast eigi síðar en 1. ágúst 1962.
2. Nú hafa samningar eigi tekizt 1. janúar 1963, og hefur sáttasemjari þá sáttaumleitanir.
3. Kjaradómur tekur kjaramálin til meðferðar eigi síðar en 1. marz 1963, hafi þau þá eigi verið til lykta leidd, og skal hann hafa lokið störfum 1. júlí 1963.
4. Kjarasamningur eða kjaradómur gildir frá 1. júlí 1963 til ársloka 1965.

Framangreindum tímamörkum, nema gildistíma kjarasamnings eða kjaradóms, samkvæmt 4. tölulið, getur ráðherra breytt, ef nauðsyn krefur.

Hinn 1. júlí 1963 falla úr gildi:

1. Lög nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, nema:
   a) Síðasta málsgr. 14. gr.
   b) 25. gr. 3.—4. málsgr., 26. gr., 29. gr. og 30. gr.
2. Önnur ákvæði í lögum um kjaraatriði, er lög þessi taka til, sbr. 1. og 5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú verða almennar og verulegar kauphækkanir, þar til kjaraákvæði samkvæmt lögum þessum koma til framkvæmda, og getur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þá krafizt launahækkunar ríkisstarfsmanna í heild. Náist ekki samkomulag aðilja innan mánaðar frá kröfugerð, fer um meðferð máls eftir ákvæðum III. og IV. kafla laga þessara að öðru en því, að samningur eða dómur Kjaradóms skal gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 12. nóvember 1959 skipaði þáverandi fjármálaráðherra nefnd, sem skyldi „athuga um og undirbúa löggjöf um samningsrétt opinberra starfsmanna“ eins og það var orðað í skipunarbréfi nefndarinnar. Í nefnd þessari áttu sæti: Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri, sem var formaður, Baldur Möller, ráðuneytisstjóri, Guðjón B. Baldvinsson, deildarstjóri, Jón Þorsteinsson, alþingismaður og Eyjólfur Jónsson, lögfræðingur.

Nefnd þessi vann að málinu um tveggja ára skeið og skilaði áliti til ríkisstjórnarinnar í nóvember 1961.

Eigi varð samkomulag í nefndinni og klofnaði hún í þrennt. Komu frá henni þrjú frumvörp, reist á sérskoðunum einstakra nefndarhluta:

1. Þeir Eyjólfur Jónsson og Guðjón B. Baldvinsson héldu fram algerum samningsrétti í öllum aðaldráttum að hætti núgildandi norskrar löggjafar og með takmörkuðum verkfallsrétti. Að sjálfsögðu væru þá launalög úr sögunni.

2. Jón Þorsteinsson taldi eins og þeir Eyjólfur og Guðjón að veita bæri opinberum starfsmönnum fullan samningsrétt, og þá án launalaga, en án þess að verkfallsréttur fylgdi. Í stað þess kæmi Kjaradómur, sem hefði lokaákvörðun um launakjör, ef ekki yrði samkomulag. Jón gerði ráð fyrir, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja færi eitt með samningsréttinn.

3. Baldur Möller og Sigtryggur Klemenzson vildu fara svipaða leið og Norðmenn fóru 1933, að veita opinberum starfsmönnum takmarkaðan samningsrétt, þ. e. að þeir eigi lagalegan rétt á því að krefjast samninga um kaup og kjör, en ekki verði horfið frá launalagakerfi, né verkfallsréttur veittur.

Eftir að nefndin skilaði áliti var málið um nokkurt skeið til athugunar hjá ríkisstjórninni og stuðningsflokkum hennar. Varð niðurstaðan sú, að fjármálaráðherra fól Jónatan Hallvarðssyni, hæstaréttardómara, Gunnlaugi Briem, ráðuneytisstjóra og Torfa Hjartarsyni, sáttasemjara ríkisins, að semja nýtt lagafrumvarp um samningsrétt opinberra starfsmanna með hliðsjón af þeim skoðunum, sem fram höfðu komið í frumvörpum nefndarinnar, þó svo að byggt skyldi á því meginsjónarmiði, að þegar samkomulag næðist ekki, hefði Kjaradómur úrslitavald um kjaraákvörðun, en verkfallsréttur yrði eigi veittur.

Er þessir síðartöldu aðilar höfðu skilað tillögum sínum, ákvað ríkisstjórnin að fela þeim og hinni upphaflegu nefnd, ásamt formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að freista þess að ná samkomulagi um þessar tillögur. Hefur undanfarið verið unnið að málinu á þessum grundvelli og hefur stjórn Bandalagsins nú einróma mælt með því, að frv. þetta verði lögfest.

Verður hér á eftir rakið í stuttu máli aðalefni frumvarpsins, en síðan skýrðir, eftir því sem þörf þykir á, einstakir kaflar þess og greinar.

Eins og áður segir byggir frumvarpið á því meginsjónarmiði, að samtök opinberra starfsmanna skuli eiga rétt á að ganga til samninga um kjör sín, og að launakjör verði ákveðin með kjarasamningi, en ef samningar nást ekki, að undangenginni sáttaumleitun sáttasemjara ríkisins, skuli Kjaradómur skera endanlega úr um ágreiningsefni kjaradeilu. Aðalefni frumvarpsins er miðað við ríkisstarfsmenn, en í 28. gr. þess er ákveðið að sveitarfélögum sé skylt að veita starfsmönnum sínum samningsrétt í samræmi við lögin, ef hlutaðeigandi starfsmannafélag óskar þess.

Samkvæmt frumvarpinu fer fjármálaráðherra með fyrirsvar ríkissjóðs að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn ríkisins, en Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fer með fyrirsvar ríkisstarfsmanna. Kjarasamningum er ætlað að fjalla um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu, en um þau starfskjör, sem kjarasamningur tekur ekki til og ekki eru lögbundin, skal semja við hlutaðeigandi félög. Kjarasamningar skulu gerðir til eigi skemmri tíma en tveggja ára í senn. Ef samningar takast ekki skal sáttasemjari ríkisins í vinnudeilum fjalla um kjaradeilu og getur lagt fram miðlunartillögu. Ákveði hann að allsherjaratkvæðagreiðsla skuli fara fram um hana, greiða ríkisstarfsmenn einir atkvæði en eigi aðrir félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Er kjaradeila fer til meðferðar Kjaradóms gildir úrlausn hans, sem er fullnaðarúrlausn kjaradeilu, í tvö ár frá næstu áramótum.

Þrír af fimm dómendum Kjaradóms skulu skipaðir af Hæstarétti. Með sama hætti skulu skipaðir nefndarmenn í Kjaranefnd, sem sker úr ágreiningi samningsaðila um skipun einstakra starfsmanna í launaflokka, enn fremur um það hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og um vinnutíma, yfirvinnu og yfirvinnukaup einstakra starfsmanna.

Félagsdómi er ætlað það hlutverk að dæma í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á lögunum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans.

Tímamörk frv. um uppsögn, samningaumleitanir, sáttameðferð og Kjaradómsmeðferð, svo og gildistöku eru við það miðuð að niðurstöður fáist nógu snemma til þess að unnt verði að taka þær til greina við undirbúning og meðferð fjárlagafrumvarps.

Fyrsti kjarasamningur eða kjaradómur samkvæmt frumvarpinu, ef að lögum verður, skal taka gildi 1. júlí 1963 og gilda til ársloka 1965. Enn eru ýmis sérákvæði í frumvarpinu um framkvæmd fyrstu kjarasamninganna, þar sem þeir munu, ef að líkum lætur, krefjast lengri undirbúningstíma en ætlað er að þurfi í framtíðinni.

Prentað er sem fylgiskjal með frumvarpi þessu álit nefndarinnar, sem skipuð var 1959 til að athuga um samningsrétt opinberra starfsmanna.

Um einstaka kafla og greinar frumvarpsins skal eftirfarandi tekið fram.

I. kafli (1.—3. gr.)

Hér er kveðið á um til hverra ríkisstarfsmanna lögin taki og hverjir fari með fyrirsvar aðilja, sbr. það sem áður er sagt um það efni. Lögunum er ekki ætlað að ná til ráðherra og hæstaréttardómara (sbr. þó 2. mgr. 4. gr.), né til þess starfsfólks, sem tekur kaup eftir kjarasamningum almennra stéttarfélaga, sbr. lög nr. 80/1938. Þá skulu lögin heldur ekki ná til bankastarfsmanna (1. gr.). Fjármálaráðherra getur skipað þriggja til fimm manna nefnd til að annast samninga af sinni hendi (2. gr.), en stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja velur fimm ríkisstarfsmenn í Kjararáð, og fara þeir með umboð bandalagsins til samningagerðar (3. gr.). Með sama hætti og fjármálaráðherra hefur samkvæmt stöðu sinni umboð til að taka bindandi ákvarðanir um kjarasamninga fyrir ríkisins hönd hefur því Kjararáð óskorað umboð til að taka bindandi ákvarðanir fyrir hönd ríkisstarfsmanna.

II. kafli (4.—11. gr.)

Í þessum kafla fjallar um efni, gildistíma og uppsögn kjarasamninga.

Svo sem áður er sagt er almennum kjarasamningum starfsmanna ríkisins ætlað að fjalla um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu (4. gr. og 5. gr. 1. mgr.). Hins vegar eiga kjarasamningar ekki að taka til lífeyrisréttinda, hlunninda, aukatekna, orlofsréttar, kaups í veikindaforföllum né annarra fríðinda, sem líkt er farið (5. gr. 2. mgr.). Mörg þau atriði, sem hér er fjallað um, munu vera ákveðin í sérlögum, en að því leyti sem svo er ekki, þá eiga hlutaðeigandi félög samningsrétt um þau, samkvæmt því, er nánar segir í 6. gr. Í 7. gr. 2. mgr. er heimilað að krefjast endurskoðunar á kaupgjaldsákvæðum kjarasamnings, ef almennar og verulegar kaupbreytingar verða á samningstímabili. Hér er eins og sjá má ekki um að ræða heimild til uppsagnar á kjarasamningi. Er krafizt hefur verið endurskoðunar fer um meðferð mála eftir almennum reglum laganna með nokkrum breytingum samkvæmt því, er nánar segir í 7. gr. 2. mgr. og leiðir af þeim sérstöku aðstæðum, sem hér fjallar um. Í 2. mgr. 4. gr. er Kjaradómi falið að ákveða launakjör ráðherra og hæstaréttardómara, en þeir falla ekki að öðru leyti undir ákvæði laganna (sbr. 1. gr. 7. tölul.). Mundi Kjaradómur því ákveða launakjör þeirra án undangenginna samninga. Er nauðsynlegt að taka upp ákvæði um ákvörðun launa þessara starfsmanna, þar sem launaákvæði launalaga verða úr gildi felld. Ekki þykir ástæða til frekari skýringa en áður er sagt um aðrar greinar þessa kafla.

III. kafli (12.—14. gr.)

Hér ræðir um sáttameðferð í kjaradeilu af hálfu sáttasemjara ríkisins. Er meðferð hans sniðin eftir almennum reglum um sáttameðferð í vinnudeilum, enda er vísað til reglna laga nr. 80/1938. Í 14. gr. greinir frá því er sáttatilraunum lýkur án árangurs og kjaradeilu er vísað til Kjaradóms, sem er lokaúrræði laga þessara.

IV. kafli (15.—21. gr.)

Þessi kafli fjallar um skipun Kjaradóms, meðferð kjaradeilu fyrir dómnum, starfsreglur dómsins og úrlausnir dómsins í kjaradeilum. — Ekki þykir þörf á sérstökum skýringum á efni þessa kafla. Þess skal getið svo sem fram kemur í 29. gr. að ákvæði 15. gr. 2. mgr. um gildistöku og gildistíma á ekki við um fyrsta kjarasamninginn samkvæmt lögunum. Samkvæmt 15. gr. er meirihluti dómenda skipaður af Hæstarétti en aðilar skipa hvor einn dómenda. Starfstímabili dómenda lýkur um áramót samkvæmt 15. gr. 6. mgr. og hentar það vel, þar sem samningar mundu einna sízt standa yfir á þeim tíma.

V. kafli (22. gr.)

Hér greinir frá reglum um uppsögn kjarasamnings af hálfu ríkisstarfsmanna. Stjórn B.S.R.B. tekur ákvörðun um það efni, en skylt er að láta fram fara allsherjaratkvæðagreiðslu þeirra starfsmanna, er í hlut eiga.

VI. kafli (23.—24. gr.)

Hér er fjallað um skipun og hlutverk Kjaranefndar og hefur þess verið getið hér að framan.

VII. kafli (25. gr.)

Hér greinir frá reglum um meðferð Félagsdóms á málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á lögum þessum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans. — Eru þessi atriði hliðstæð höfuðviðfangsefnum Félagsdóms í málefnum stéttarfélaga og vinnuveitenda. — Að sjálfsögðu gilda almennar reglur Félagsdóms við meðferð hans á málum skv. þessum lögum, sbr. þó sérreglu um skipan hans í 25. gr. 2. mgr. þessara laga.

VIII. kafli (26.—29. gr.)

Í þessum greinum eru sett ýmis ákvæði um greiðslu kostnaðar við Kjaradóm og Kjaranefnd (26. gr.), um ákvörðun kjara starfsmanna við nýjar stofnanir og kjara í nýjum stöðum (27. gr.). Er fjármálaráðherra ætlað úrslitavald í þessu efni, þar til fjallað verður um þau kjör í nýjum samningum skv. lögunum. — Samráð skal fjármálaráðherra hafa við hlutaðeigandi ráðherra og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. — Þá er í 28. gr. ákvæði, sem skyldar sveitarstjórnir til að veita starfsmönnum sínum samningsrétt í samræmi við lögin, ef hlutaðeigandi starfsmannafélag óskar þess. Loks eru í 29. gr. gildistökuákvæði. Eru þar fyrst tímaákvarðanir varðandi gang fyrstu samninga og kjaraákvarðanir samkvæmt lögunum, svo og um gildistíma fyrstu kjarasamninga eða kjaradóms. Er við það miðað að fyrsta samningstímabili ljúki við lok annars almanaksárs frá gildistöku kjarasamnings eða kjaradóms. — Eru, eins og áður segir, tímaákvarðanir almennt við það miðaðar, að gildistími samninga og fjárlaga hafi sömu mörk. Af efni laga þessara leiðir, að launalög hljóta að falla úr gildi, að því er kjaraákvæði varðar. Nokkur ákvæði launalaga 92/1955, um annað efni, halda gildi.

Álit nefndar, sem skipuð var til að athuga um samningsrétt opinberra starfsmanna.

Hinn 12. nóvember 1959 skipaði þáverandi fjármálaráðherra nefnd, sem skyldi „athuga um og undirbúa löggjöf um samningsrétt opinberra starfsmanna“, eins og það var orðað í skipunarbréfi nefndarinnar.

Í nefnd þessari áttu sæti:

Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri, sem var formaður, Baldur Möller, ráðuneytisstjóri, Guðjón B. Baldvinsson, deildarstjóri, Jón Þorsteinsson, alþingismaður og Eyjólfur Jónsson, lögfræðingur.

Nefndin hóf þegar störf og hefur átt með sér marga fundi, auk þess sem

nefndarmenn hafa unnið mikið utan funda að athugunum ýmissa gagna. Meðal annars var aflað talsverðra upplýsinga um erlenda löggjöf, sem fjallar um samningsrétt opinberra starfsmanna. Fljótlega varð ljóst af þeim gögnum, sem nefndin hafði viðað að sér, að ef litið var til nágrannalanda vorra væru þessi mál komin í fastast form í Noregi. Þar hafði þegar verið lögleiddur fullkominn samningsréttur fyrir flesta ríkisstarfsmenn. Nefndin var á einu máli um að gagnlegt væri að fá nánari vitneskju um framkvæmd þessarar löggjafar með Norðmönnum. Varð það úr, að formaður nefndarinnar tókst ferð á hendur til Noregs og ræddi þar ítarlega við þá embættismenn, sem hafa þessi mál með höndum. Eftir heimkomuna gerði hann skýrslu um förina og afhenti nefndarmönnum.

Skal hér á eftir gefið örstutt yfirlit um norska löggjöf um þetta efni.

Árið 1933 eru í Noregi fyrst sett lög um samningsrétt ríkisstarfsmanna. Með þeim lögum er viðurkenndum samtökum ríkisstarfsmanna fenginn réttur til að krefjast þess að upp séu teknir samningar um kaup og kjör félaga í þessum samtökum og ríkisvaldinu lögð sú skylda á herðar að taka þátt í slíkum samningum. Ekki var þó hér um venjulega gagnkvæma kjarasamninga að ræða. Ríkisvaldið ákvað eftir sem áður einhliða endanlega launakjörin. Hefur þetta fyrirkomulag verið nefnt takmarkaður samningsréttur, þar eð eigi er horfið frá launalagakerfi og starfsmönnum er ekki fenginn verkfallsréttur. Var talið í Noregi, meðan lög þessi giltu, að ríkisstarfsmenn gætu ekki gert verkfall, en hefðu á hinn bóginn möguleika á „kollektivri“ uppsögn á starfi með löglegum fyrirvara.

Árið 1958 eru sett ný lög um þetta efni: „Lov om offentlige tjenestetvister“. Verður með þeim lögum sú breyting á, að nú ber ríkisvaldinu og samtökum ríkisstarfsmanna gagnkvæm skylda til þess að taka upp samninga um kaup og kjör samkvæmt kröfu frá öðrum hvorum aðilja. Er ríkisstarfsmönnum með lögunum fenginn svipaður réttur til samninga um kaup og kjör sem aðrar stéttir hafa á hinum frjálsa vinnumarkaði. Launalög eru úr sögunni og ríkisstarfsmenn fá verkfallsrétt, þó með undantekningum (öryggisþjónusta og æðri embættismenn). Til tekin ágreiningsatriði skal úrskurða af gerðardómi og nákvæmar reglur eru settar um sáttaumleitanir. Þá er heimilt að skylda starfsmenn til þess að gegna stöðum sínum um þriggja mánaða skeið, þótt þeir hafi sagt þeim löglega upp, ef brottför þeirra úr starfi stofnar í hættu mikilvægum þjóðfélagshagsmunum.

Ef litið er til annarra landa um þetta má geta þess, að í Danmörku er í framkvæmd takmarkaður samningsréttur til handa ríkisstarfsmönnum. Þeir eiga rétt á að við þá sé rætt um breytingar á kaupi og kjörum og tiltekin ágreiningsmál skulu lögð fyrir gerðardóm. Laun starfsmanna eru ákveðin með launalögum. Ekki er talið að ríkisstarfsmenn hafi verkfallsrétt, og er jafnvel af sumum litið svo á, að „kollektivar“ uppsagnir séu refsiverðar sem embættisafbrot. Í Svíþjóð og Finnlandi hafa ríkisstarfsmenn takmarkaðan samningsrétt. Laun eru ákveðin endanlega af ríkisvaldinu. Ekki er starfsmönnum heimilt að gera verkfall. Í Bretlandi mun ekki vera nein heildarlöggjöf um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Hafa þessi mál þar fyrst og fremst verið mótuð af framkvæmdavaldinu og þá einkum fjármálaráðuneytinu. Hin svonefndu Whitley Councils eru eins konar samstarfsnefndir, skipaðar fulltrúum starfsmannafélaga og ráðuneyta. Fjalla ráð þessi um hvers konar ágreiningsmál milli ríkisvaldsins og starfsmannafélaga, þar á meðal samninga um launakjör. Ríkisstjórnin sýnist hafa víðtækt vald til ákvarðana um þessi efni og í framkvæmd munu launamál sjaldan koma beint til kasta þingsins. Frjáls gerðardómur fjallar um ýmis ágreiningsmál.

Samkvæmt gildandi lögum hér á landi njóta ríkisstarfsmenn ekki samningsréttar. Laun þeirra eru ákveðin með lögum og refsivert, ef þeir stofna til verkfalls (sbr. lög nr. 33/1915). Á hinn bóginn hefur það verið svo í reynd um alllangt skeið, að samráð hefur verið haft við forsvarsmenn samtaka opinberra starfsmanna um allar meiriháttar breytingar á kaupi þeirra og kjörum. Ákvæði um þetta er að finna í 36. gr. laga nr. 38 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna

ríkisins, en þar segir að við samning reglugerða samkvæmt lögunum, svo og við endurskoðun þeirra skuli jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kynnu að koma. — Sams konar ákvæði er að finna í 24. gr. núgildandi launalaga.

Þá er og rétt að geta um það hér, að nú fyrir skömmu hefur fjármálaráðherra skipað svonefnda samstarfsnefnd um kjaramál. Eiga í henni sæti tveir fulltrúar tilnefndir af ráðherra og aðrir tveir tilnefndir af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Nefnd þessi á að taka til meðferðar ýmis kjaramál, sem hvor aðili um sig óskar að vísa til hennar, og gera um þau tillögur.

Eins og segir í upphafi þessa máls var það hlutverk nefndarinnar að athuga um og undirbúa löggjöf um samningsrétt opinberra starfsmanna. Þetta hefur nefndin skilið svo, að henni bæri í fyrsta lagi að gera tillögur um, hvort opinberir starfsmenn eigi að fá einhvers konar samningsrétt, og ef sú verður niðurstaðan þá eigi hún að semja frumvarp um það efni.

Nefndarmenn eru allir á einu máli um, að rétt sé að ganga til móts við óskir opinberra starfsmanna um það, að þeim verði með einhverjum hætti veittur samningsréttur um kjaramál sín, enda er slíkt í samræmi við það, sem tíðkast víðast annars staðar í nágrannalöndum vorum. Um hitt hafa nefndarmenn eigi getað orðið sammála, hve langt eigi að ganga í þessu efni. Varð fljótlega ljóst eftir að lokið var athugun þeirra gagna, sem aflað hafði verið, og farið var að ræða málið efnislega, að skoðanir nefndarmanna greindust á þrjá vegu:

1. Þeir Eyjólfur Jónsson og Guðjón B. Baldvinsson héldu fram algerum samningsrétti í öllum aðaldráttum að hætti núgildandi norskrar löggjafar og með takmörkuðum verkfallsrétti. Að sjálfsögðu væru þá launalög úr sögunni.
2. Jón Þorsteinsson telur eins og þeir Eyjólfur og Guðjón að veita beri opinberum starfsmönnum fullan samningsrétt, og þá án launalaga, en án þess að verkfallsréttur fylgi. Í stað þess komi kjaradómur, sem hefur lokaákvörðun um launakjör, ef ekki verður samkomulag. Jón gerir ráð fyrir, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fari eitt með samningsréttinn.
3. Baldur Möller og Sigtr. Klemenzson vildu fara svipaða leið og Norðmenn fóru 1933, að veita opinberum starfsmönnum takmarkaðan samningsrétt, þ. e. að þeir eigi lagalegan rétt á því að krefjast samninga um kaup og kjör, en ekki verði horfið frá launalagakerfi, né verkfallsréttur veittur.

Nefndin hefur varið miklum tíma og mörgum fundum til þess að kanna til þrautar, hvort eigi væru möguleikar á samkomulagi. Þetta hefur ekki borið árangur og er niðurstaðan sú, að frá henni koma þrjú frumvörp. Að einu standa þeir Eyjólfur Jónsson og Guðjón Baldvinsson, að öðru Jón Þorsteinsson og hinu þriðja Baldur Möller og Sigtryggur Klemenzson. Gera þessir aðilar sérstaka grein hver fyrir sínu frv. og þykir því eigi ástæða til að fara hér fleiri orðum um þau, þar eð þau eru birt sem sérstök fylgiskjöl hér á eftir.

Fylgiskjal I. Frumvarp Eyjólfs Jónssonar og Guðjóns Baldvinssonar.
Fylgiskjal II. Frumvarp Jóns Þorsteinssonar.
Fylgiskjal III. Frumvarp Baldurs Möllers og Sigtryggs Klemenzsonar.

Reykjavík, 23. nóv. 1961.

Sigtr. Klemenzson. Jón Þorsteinsson. G. B. Baldvinsson.
Eyjólfur Jónsson. Baldur Möller.

Fylgiskjal I.

Frumdrög til laga um samningsrétt opinberra starfsmanna.

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til allra fastráðinna starfsmanna í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana og sveitarfélaga. Þau taka enn fremur til lausráðinna starfsmanna, er hjá sömu aðilum vinna að störfum, er falla undir starfssvið og eru á starfssvæði starfsmannafélaga, er samningsrétt hafa samkvæmt lögum þessum, þar með taldir byrjendur, sem ráðnir eru til reynslu eða til starfsnáms, sem ákveðinn tíma tekur að læra samkvæmt sérstökum ákvæðum.

Undanteknir eru þeir, sem skipaðir eru eða kjörnir í nefndir, ráð eða stjórnir stofnana. Fjármálaráðherra eða sveitarstjórnir geta ákveðið, að lögin taki til annarra en hér eru taldir, ef starfskjör þeirra og vinnuskilyrði eru ákveðin með kjarasamningum milli starfsmannafélaga og stjórnvalds, eða ef stjórnvaldi ber að ákveða þau.

II. KAFLI
Samningsrétturinn.

2. gr.

Aðilum, er samningsrétt hafa samkvæmt lögum þessum, ber gagnkvæm skylda til að hefja samningaumleitanir, ef annarhvor aðilinn krefst þess, um eftirtalin atriði:

1. Heildarkjarasamninga.
2. Kjarasamning um starfskjör, sem ekki eru ákvæði um í heildarkjarasamningi.
3. Ágreining um, hvernig skilja beri eða framkvæma gildandi heildarkjarasamning, eða kröfur, sem byggðar eru á ákvæðum hans.
4. Ágreining um, hvernig skilja beri eða framkvæma gildandi kjarasamning, eða um skilning og framkvæmd á starfskjörum, sem eigi eru samningsbundin, eða um kröfur, sem byggðar eru á slíkum grundvelli.

3. gr.

Heildarsamtök starfsmannafélaga njóta samningsréttar, ef þau hafa innan sinna vébanda starfsmannafélög, er telja sem fullgilda meðlimi samanlagt fullan helming fastráðinna starfsmanna ríkisins eða sveitarfélaga, og að því er ríkisstarfsmenn varðar í a. m. k. 5 starfsgreinum.

Starfsmannafélög njóta samningsréttar, ef þau:

1. eru aðilar að viðurkenndum heildarsamtökum og/eða eru opin öllum starfsmönnum, er starfa í þeirri starfsgrein eða starfsstétt, sem félagið nær yfir.
2. skilgreina ótvírætt í lögum sínum starfssvið sitt og félagssvæði og telja sem fullgilda meðlimi fullan helming þeirra starfsmanna, sem félagsrétt geta átt.

Deild starfsmanna í starfsgreinar- eða stéttarfélagi, sem gerzt hefur sjálfstæður aðili að heildarsamtökum starfsmanna, nýtur samningsréttar sem starfsmannafélag samkvæmt lögum þessum, ef hún fullnægir skilyrðum næstu málsgreinar hér á undan.

Rísi ágreiningur um, hvort eitthvert starfsmannafélag á samningsrétt, skal Félagsdómur úrskurða um hann.

4. gr.

Heildarsamtök starfsmanna og starfsmannafélög þeirra skulu senda ráðuneyti því, er fer með launamál, tilkynningu, er sýni, að fullnægt sé skilyrðum 3. gr. að

því er varðar ríkisstarfsmenn, en hlutaðeigandi sveitarstjórn eða samningsaðila sveitarstjórnar, ef til verður, að því er varðar starfsmenn sveitarfélaga.

Fyrir 1. apríl ár hvert skal senda sömu aðilum nýja tilkynningu. Krefjast má þess, að notarius publicus staðfesti tölu félagsmanna.

Nú er vefengt, að uppfyllt séu skilyrði fyrir samningsrétti, og skal þá hlutaðeigandi samtökum tilkynnt það án tafar.

5. gr.

Ákvæði 6.—10. greinar hér á eftir gilda um þau atriði, sem tilgreind eru í 1. og 2. tl. 2. gr.

Setja skal með reglugerð nánari fyrirmæli um þau atriði, sem talin eru í 3. og 4. tl. 2. gr.

6. gr.

Þegar samningsaðilar starfsmanna æskja samninga samkvæmt lögum þessum, skulu þeir í ábyrgðarbréfi bera fram kröfu sína þar að lútandi, með þeim hætti, er hér greinir:

1. Ef krafan varðar ríkisstarfsmenn í einstöku ráðuneyti eða ríkisstofnun, skal senda bréfið hlutaðeigandi ráðuneyti eða stjórn stofnunar, en samrit skal sent á sama hátt ráðuneyti því, er fer með launamál. Er því ráðuneyti skylt að tilkynna kröfuna í ábyrgðarbréfi þeim starfsmannafélögum öðrum, sem kröfugerðin kann að snerta.
2. Heildarsamtökin geta borið kröfuna fram við launamálaráðuneytið, þótt þær snerti aðeins eitt ráðuneyti, en snerti kröfurnar ríkisstarfsmenn í fleiri ráðuneytum en einu, skulu þær bornar fram af heildarsamtökunum við launamálaráðuneytið. Snerti kröfurnar einnig ríkisstarfsmenn, sem eru í félögum utan heildarsamtakanna, skal launamálaráðuneytið tilkynna þær í ábyrgðarbréfi þeim félögum, sem þá er heimilt að taka þátt í samningsgerð, enda tilkynni þau því ráðuneyti í ábyrgðarbréfi ósk sína þess efnis.
3. Ef krafan varðar starfsmenn sveitarfélags, skal hún borin fram við hlutaðeigandi sveitarstjórn í ábyrgðarbréfi.

Ef stjórnvald óskar að taka upp samninga, skal það tilkynna hlutaðeigandi samningsaðilum starfsmanna kröfu sína þar að lútandi í ábyrgðarbréfi.

7. gr.

Samningaumleitanir skal hefja innan 14 daga frá því, að samningsaðila barst krafa um samningsgerð.

Ef krafan varðar atriði, sem fjallað er um í kjarasamningi, reiknast þessi frestur þó ekki fyrr en frá þeim tíma, er þeim samningi verður í síðasta lagi sagt upp.

8. gr.

Eigi skulu fleiri en fimm menn frá hvorum aðila taka þátt í samningsgerð, en nánari ákvæði um framkvæmd samningsgerðar skulu sett í reglugerð, er gildi fyrir allar starfsgreinar, er lög þessi taka til. Ef brýn nauðsyn þykir til, má setja sérstaka reglugerð fyrir einstaka starfsgrein eða stofnun. Áður en reglugerðir eru gefnar út, skal leita samráðs við hlutaðeigandi heildarsamtök eða starfsmannafélög.

9. gr.

Samningafundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Færa skal gerðabók. Í hana skal bóka fundarstað og tíma, nöfn aðila og fulltrúa þeirra, framlögð skjöl, kröfur þær, sem gerðar eru, og niðurstöður eða árangur samningsumleitana. Ef svara ber fluttum tillögum, skal ákvarða svarfrest og bóka í gerðabók.

Í lok samningsumleitana geta fulltrúar aðila, fyrir sitt leyti, krafizt þess, að skráðar verði í gerðabók yfirlýsingar þær, sem í felast rök og ástæður fyrir afstöðu þeirri, er þeir hafa tekið.

Samningamenn undirrita gerðabók og skal aðilum sent eintak bókunar í afriti.

10. gr.

Nú er mánuður liðinn frá því, að samningsumleitanir hófust, og getur þá hvor aðili krafizt þess, að þeim verði hætt viku eftir, að sú krafa er borin fram.

III. KAFLI
Kjarasamningar.

11. gr.

Heildarkjarasamningar skulu gerðir skriflega milli ríkisvaldsins eða heildarsamtaka sveitarfélaga annars vegar og heildarsamtaka starfsmanna hins vegar, og taka þeir til almennra starfskjara.

Kjarasamningar skulu einnig gerðir skriflega.

Innan viku frá undirritun samninga samkvæmt 1. og 2. mgr., skal skrásetja þá í launamálaráðuneytinu. Afrit allra slíkra samninga skal senda ríkissáttasemjara innan tveggja vikna frá undirskriftardegi.

12. gr.

Í heildarkjarasamningi skal tilgreina, hvenær hann taki gildi, og skal hann gilda í eitt ár frá gildistöku, sé ekki annað tilgreint. Heildarkjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, sé honum ekki löglega sagt upp.

Uppsagnarfrestur er þrír mánuðir, sé ekki annað ákveðið í samningnum. Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi.

Gildistími kjarasamnings skal vera minnst eitt ár og gilda um þá sömu reglur og heildarkjarasamninga, að því er varðar skrásetningu og tilkynningar. Uppsagnarfrestur skal vera hinn sami, en sé samningurinn gerður við annan eða aðra aðila en launamálaráðuneytið, skal samtímis senda því afrit uppsagnar í ábyrgðarbréfi.

13. gr.

Ákvæði í ráðningarsamningi milli starfsmanna og ráðningaraðila, sem brjóta kunna í bág við kjarasamninga þá, er gilda, eru ógild.

Starfsmaður eða starfsmannafélag, sem segir sig úr félagssamtökunum, eða er vikið úr þeim, losnar ekki við skyldur sínar samkvæmt þeim kjarasamningum, sem í gildi eru, þegar úrsögn eða brottvikning á sér stað.

IV. KAFLI
Sáttatilraunir.

14. gr.

Ef samningsumleitanir um þau mál, sem um ræðir í 1. og 2. tölulið 2. gr., bera ekki árangur, geta aðilar sameiginlega krafizt sáttatilrauna samkvæmt þessum lögum. Sé samningsumleitunum hætt samkvæmt ákvæðum 10. gr., án þess að samningar hafi tekizt, skal það þegar í stað tilkynnt ríkissáttasemjara, sem síðan hefur frumkvæði að sáttatilraunum.

Undanþegnar sáttatilraunum eru þær deilur, sem samkvæmt eðli sínu falla undir Kjaranefnd ríkisins samkvæmt 29. gr.

Sáttatilraunir skulu hefjast innan 14 daga frá því krafa eða tilkynning þar að lútandi barst ríkissáttasemjara.

15. gr.

Ríkissáttasemjari, sem skipaður er samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, fer með sáttatilraunir. Gilda ákvæði

þeirra laga um skipun hans og starf, eftir því, sem við á, og ekki er öðru vísi fyrir mælt í þessum lögum.

Nú mega hvorki ríkissáttasemjari né varamaður hans fara með sáttatilraunir, og skal þá skipa sérstakan sáttasemjara til þess að leita um sættir í tiltekinni deilu, og fer um skipun hans með sama hætti og hins reglulega ríkissáttasemjara.

Enginn má fara með störf sáttasemjara, sem á sæti í ríkisstjórn, sveitarstjórn eða á Alþingi, fer með launamál starfsmanna, á sæti í stjórn heildarsamtaka eða starfsmannafélaga, eða er starfsmaður þeirra.

16. gr.

Við sáttatilraunir skal beita ákvæðum 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., svo og ákvæðum III. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/ 1938, eftir því sem við á og ekki er öðru vísi fyrir mælt í þessum lögum.

17. gr.

Nú eru liðnir fjórtán dagar frá því, að sáttatilraunir hófust, og getur þá hvor aðili krafizt þess, að þeim sé hætt, nema sá aðilinn hafi með fjarvistum eða á annan hátt vikið sér undan skyldu sinni til þess að stuðla að sáttum.

Sáttatilraunum skal hætt í síðasta lagi að viku liðinni frá því, að fram kom lögmæt krafa þar um.

Komi fram sáttatillaga, skal hún skráð í gerðabók.

Sáttasemjari getur krafizt þess, að tillaga um sættir verði borin undir atkvæði samkvæmt ákvæðum 18. gr.

18. gr.

Hafi sáttatillaga komið fram og hún verið borin undir atkvæði, eru þeir einir atkvæðisbærir um tillöguna, sem málið snertir og eru félagar í þeim samtökum, sem samningsréttar njóta.

Um atkvæðagreiðsluna gilda reglurnar í 30.—32. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, að svo miklu leyti, sem þær eiga við. Nánari ákvæði um atkvæðagreiðslu má setja í samning milli aðila.

Þegar sáttasemjari telur ástæður mæla með því, getur hann borið fram sameiginlega sáttatillögu fyrir fleiri en ein samtök, þannig að heildaratkvæðatala í þeim samtökum, sem með þessum hætti eru tengd saman, ráði úrslitum um sáttatillöguna. Slíkri sáttatillögu skal fylgja rökstuðningur sáttasemjara fyrir því, að hann beitir þessari aðferð.

V. KAFLI

Samningsrof. Vinnustöðvun.

19. gr.

1. Óheimilt er að reyna með verkfalli eða verkbanni að knýja fram lausn á ágreiningi milli heildarsamtaka eða starfsmannafélaga og ríkisins eða sveitarstjórna, um gildi samnings samkvæmt lögum þessum, eða skilning á honum, eða út af kröfum, sem á slíkum samningi eru reistar, sbr. 2. gr. 3. og 4. tl.

2. Óheimilt er að reyna með verkfalli eða verkbanni að knýja fram lausn á ágreiningi milli heildarsamtaka eða starfsmannafélaga og ríkisins eða sveitarstjórna, um gerð heildarkjarasamnings eða um skipun launa- og kjaramála, sem heildarsamningur tekur ekki til, fyrr en liðnir eru frestir þeir, sem um getur í 17. gr., uppsagnarfrestur, sem tilskilinn er og, ef svo stendur á, sérfrestur samkvæmt 21. gr., svo og gildistími eldri samnings.

Á meðan starfsmönnum, sem félagsbundnir eru í samningsbærum samtökum, er óheimilt að hefja verkfall, er slíkt einnig bannað öðrum starfsmönnum í sömu starfsgrein.

Á meðan ekki má hefja vinnustöðvun, skulu gilda ákvæði heildarkjarasamnings og þau starfskjör, sem í gildi voru, er deila hófst, nema aðilar verði á annað sáttir.

20. gr.

1. Með verkfalli er í lögum þessum átt við algera eða takmarkaða vinnustöðvun starfsmanna, sem þeir framkvæma samkvæmt samningi eða í samráði, til þess að knýja fram lausn á deilu milli ríkisins eða sveitarstjórna og samningsbærra heildarsamtaka eða starfsmannafélaga, eða annarra samtaka starfsmanna, sem hafa það hlutverk að gæta hagsmuna þeirra.

Það telst þáttur í verkfalli, að reynt sé að koma í veg fyrir, að hlutaðeigandi embættis- eða starfsgrein fái starfsmenn.

2. Með verkbanni er í lögum þessum átt við algera eða takmarkaða stöðvun vinnu, sem ríkisvaldið eða sveitarstjórnir framkvæma, til þess að knýja fram lausn í deilu milli sín og samningsbærra heildarsamtaka eða starfsmannafélaga, eða annarra samtaka starfsmanna, sem hafa það hlutverk að gæta hagsmuna þeirra, — án tillits til þess, hvort aðrir starfsmenn eru ráðnir í stað þeirra, sem verkbannið nær til.

Það telst þáttur í verkbanni, að reynt sé að koma í veg fyrir, að starfsmenn, sem verkbann nær til, fái aðra vinnu.

3. Óheimilt er starfsmönnum þeim, er lög þessi taka til, að taka upp störf þeirra, er eiga í löglegu verkfalli eða verkbann nær til samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Nú takast ekki samningar, og er þá aðilum heimilt að stofna til vinnustöðvunar í því skyni að knýja fram lausn, með þeim hætti, að störfum er sagt upp. Skal uppsagnarfrestur í þessu tilviki vera þrír mánuðir, enda þótt annað sé tilskilið í ráðningarbréfum eða öðrum ákvæðum.

Heimilt er samningsbærum samtökum starfsmanna að afla uppsagna félagsmanna sinna og koma þeim á framfæri.

Nú segja starfsmenn upp störfum samkvæmt þessari grein, og er þá stjórnvaldi eigi heimilt að áskilja lengdan uppsagnarfrest, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ef ágreiningur varðar heildarkjarasamning.

Með reglugerð skal ákveða, hvernig öryggisþjónustu skal sinnt meðan vinnustöðvun varir.

Þegar löglegri vinnustöðvun lýkur, á starfsmaður rétt á að taka aftur upp sitt fyrra starf.

22. gr.

Ef félagsmenn í heildarsamtökum starfsmanna eða í einstökum starfsmannafélögum rjúfa heildarkjarasamning eða stofna til ólöglegrar vinnustöðvunar, eru samtökin eða félögin fjárhagslega ábyrg, ef þau eiga sök á verknaðinum. Eigi er heimilt að leita fullnustu bótakröfu samkvæmt þessari grein í fundarhúsum, sjúkra-, slysa- eða menningarsjóðum samtakanna, enda séu eignir sjóðanna skýrt aðgreindar frá öðrum fjárreiðum.

VI. KAFLI

Félagsdómur og hinir almennu dómstólar.

23. gr.

Ágreining um þau efni, sem um ræðir í 1. tl. 19. gr., geta aðilar að hlutaðeigandi samningi lagt fyrir Félagsdóm, og eru eigi aðrir dómstólar bærir um að fjalla um þau mál. Heimilt er þó aðilum að semja um gerðardóm.

24. gr.

Þegar Félagsdómur fjallar um þær deilur, sem um ræðir í 23. gr., skal hann þannig skipaður:

1. Forseta og þeim tveim dómurum öðrum, sem skipaðir eru af Hæstarétti, eða samkvæmt tilnefningu hans.
2. Einum dómara tilnefndum af ríkisstjórninni og einum dómara tilnefndum af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Varadómendur taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra.

Að öðru leyti gilda ákvæði IV. kafla laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, eftir því sem þau eiga við.

25. gr.

Þegar frá eru tekin þau ágreiningsmál, sem um ræðir í 23. gr. og Félagsdómur einn á aðild um, skulu hinir almennu dómstólar skera úr réttarágreiningi milli ríkis eða sveitarstjórna og heildarsamtaka, einstakra starfsmannafélaga eða einstakra starfsmanna. Heimilt skal þó aðilum að semja um gerðardóm.

VII. KAFLI
Kjaradómur.

26. gr.

Nú verður ágreiningur, sem um getur í 19. gr. 2. tl., ekki leystur með sáttatilraunum, og geta aðilar þá sameiginlega skotið honum til Kjaradóms.

Í Kjaradómi skulu eiga sæti þrír menn, sem tilnefndir eru til þriggja ára í senn, þannig: Félagsdómur tilnefnir formann dómsins og skal hann hafa lokið embættisprófi í lögfræði, ríkisstjórnin tilnefnir einn dómanda og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefnir einn. Sömu aðilar tilnefna varamenn, sem taka sæti í forföllum aðalmanna.

Áður en maður tekur til starfa í fyrsta sinn í dómnum, skal hann vinna eið eða drengskaparheit að því að vinna dómsstörfin eftir beztu vitund.

27. gr.

Nú er ágreiningsmáli skotið til Kjaradóms, og skal þá hvor aðili tilnefna talsmann sinn fyrir dómnum. Tilnefni aðili ekki talsmann innan þess tíma, sem formaður dómsins ákveður, skal ríkissáttasemjari tilnefna talsmann hans.

Að öðru leyti ákveður dómurinn sjálfur meðferð mála.

VIII. KAFLI
Kjaranefnd ríkisins.

28. gr.

Kjaranefnd ríkisins skal skipuð sjö mönnum, tilnefndum til þriggja ára í senn.

Formaður og tveir nefndarmenn skulu vera hlutlausir og tilnefnir ríkissáttasemjari þá, ríkisstjórnin tilnefnir tvo og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefnir tvo. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn.

Fjalli Kjaranefndin um ágreiningsmál, sem félög ríkisstarfsmanna utan heildarsamtakanna eiga aðild að, skal bæta í nefndina tveimur fulltrúum, öðrum tilnefndum af ríkisstjórninni, en hinum tilnefndum af því félagi eða þeim félögum, sem aðild eiga. Fjalli Kjaranefndin um ágreiningsmál, sem varða starfsmenn sveitarfélaga, skal bæta í nefndina tveimur fulltrúum, og tilnefnir sveitarstjórn eða sveitarstjórnir sameiginlega annan, en hlutaðeigandi starfsmannafélag eða félög tilnefna hinn. Verði eigi samkomulag um skipun fulltrúa samkvæmt þessari málsgrein, tilnefnir ríkissáttasemjari hann.

29. gr.

Nú verða atvik þau, að samningsumleitanir um gerð heildarkjarasamnings bera ekki árangur, að því er varðar:

1. til hvaða launaflokks í samningi eða reglugerð skuli telja stöðu ákveðins starfsmanns,
2. endurmat á stöðu starfsmanns, er leiði til hækkunar,
3. breytingar ákvæða um greiðslu fyrir yfirvinnu, eða sérlegar launabætur, sem almenn ákvæði í heildarkjarasamningi taka ekki til,

og getur þá hvor aðili sem er skotið slíkum ágreiningsatriðum til Kjaranefndar ríkisins.

Kjaranefndin ákveður lausn ágreiningsins, og er ákvörðun hennar bindandi fyrir aðila út gildistímabil heildarkjarasamnings.

30. gr.

Kjaranefnd ríkisins skal kveða upp úrskurði sína svo fljótt sem unnt er. Verði úrskurður ekki kveðinn upp innan mánaðar frá því málið var lagt fyrir nefndina, skal gera grein fyrir drættinum í úrskurði.

Ágreining, sem um ræðir í 29. gr., má ekki leitast við að leysa með neins konar vinnustöðvun.

Kjaranefnd ríkisins ákveður sjálf málsmeðferð.

IX. KAFLI

Hverjir fara með samningsréttinn af hálfu ríkisins og sveitarfélaga.

31. gr.

Ríkisstjórnin getur, að fengnu samþykki Alþingis, gert heildarkjarasamninga fyrir hönd ríkisins.

Eigi þarf þó samþykki Alþingis að koma til, að því er varðar þau atriði, sem Kjaranefnd ríkisins getur úrskurðað um samkvæmt 29. gr.

Ríkisstjórnin skýtur máli fyrir hönd ríkisins til Kjaranefndar ríkisins.

Ríkisstjórnin getur eigi skotið ágreiningi til Kjaradóms samkvæmt ákvæðum 26. gr., nema samþykki Alþingis komi til.

Með samningsaðild af hálfu sveitarfélaga fara samtök, er sveitarfélög stofna með sér, eða forráðamenn einstakra sveitarfélaga, sem til þess fá umboð. Skal með reglugerð kveða nánar á um þetta efni.

X. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

32. gr.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og starfsmannafélög þau, er nú mynda það, svo og Samband íslenzkra bankamanna og deildir þess við ríkisbankana, skulu öðlast samningsrétt við gildistöku laga þessara, þótt eitthvað kunni að skorta á, að samtök þessi fullnægi skilyrðum 3. gr., enda geri þau innan árs frá staðfestingu laganna félagslegar ráðstafanir til þess að uppfylla téð skilyrði fyrir viðurkenningu.

Ákvæði í lögum, þingsályktunum Alþingis eða önnur ákvæði um að starfskjör skuli ákveðin af Alþingi eða stjórnvöldum, skulu ekki koma í veg fyrir, að samningar verði gerðir samkvæmt ákvæðum laga þessara.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

33. gr.

Við samningu reglugerða samkvæmt lögum þessum, svo og við endurskoðun þeirra, skal haft samráð við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

34. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 33 3. nóvember 1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Inngangur.

Óskir opinberra starfsmanna um samningsrétt eru jafngamlar samtökum þeirra. Þær eru byggðar á eðlilegri réttlætiskennd, og studdar sögulegum rökum. Skipun nefndar til að athuga mál þetta var veitt óskipt athygli, og árangurs af nefndarstarfinu er beðið með eftirvæntingu.

Nú, þegar sýnt er að samstaða nefndarinnar í heild fæst ekki um álit og tillögur, reynist óhjákvæmilegt að við gerum örstutta grein fyrir almennu viðhorfi til málsins og skýrum aðalatriði þau, sem okkur greinir á um við aðra nefndarmenn.

Rétt er og skylt að gera sér grein fyrir þróun þeirri, sem orðið hefur í samskiptum launþega og vinnuveitenda hér á landi, að því er varðar ákvarðanir um kaup og kjör. Enn fremur fyrir þeim lögum íslenzkum, sem ákvæði hafa um samskipti opinberra starfsmanna og vinnuveitenda þeirra, svo og sérákvæðum laga varðandi opinbera starfsmenn í heild eða einstaka starfshópa þeirra.

Í því efni þarf að hafa hugfast hvernig háttað er ráðningu til starfa hjá íslenzka ríkinu og stofnunum þess, hjá sveitastjórnum og ýmsum sjálfstæðum opinberum stofnunum, og að þessu öllu athuguðu gera sér yfirlit um hver sé réttarstaða þessara launþega, eins og málum þessum er nú skipað.

Þróun hér á landi.

Barátta verkalýðsfélaganna íslenzku fyrir því að fá viðurkenndan rétt sinn til samninga um kaup og kjör fyrir félagsmenn sína er í meginatriðum vel þekkt. Hún var oft harðsnúin og fórnfrek. Svo virðist, að frá upphafi Íslands byggðar hafi verið viðtekin regla, að sá, er vildi tryggja sér frjálsan þegn til vinnu, gerði um það samkomulag við væntanlegt hjú, hvaða verði vinnuafl þess skyldi keypt, þ. e. húsbóndi gerði persónulegan samning við hjú sitt.

Í íslenzkri löggjöf gegnum aldirnar finnast því ákvæði um ýmislegt varðandi samskipti húsbænda og hjúa, þ. e. um réttindi þeirra og skyldur, og sýnir það að löggjafinn taldi rétt að tryggja lágmarksréttindi hjúa, þó að þau ættu ekki sem stétt sérstaklega kjörna fulltrúa við lagasetninguna.

Fábreyttir atvinnuhættir og fátækt þjóðarinnar girtu fyrir möguleika hjúanna — vinnufólksins — til að leita betri kjara og kaups með frjálsum hætti, fjötrar eins og átthagabönd fylgdu niðurlægingu þjóðarinnar og kúgun erlends valds.

Aldagömul hefð um ráðningarhætti launamannsins hélzt eftir að þjóðin fór að rétta úr kútnum, og ný atvinnutæki komu til sögunnar við sjávarsíðuna. Vald vinnuveitandans til að ráða kaupi leiddi til óviðunandi lífskjara fyrir launþega. Var ekki aðeins um að ræða lág laun, heldur og lélega aðbúð, lítilfjörlegt fæði,

dýrar vörur o. s. frv., þ. e. algert öryggisleysi og örbirgð tómthúsfólksins. Slíkt ófrelsi samfara ósæmilegum lífskjörum gat eigi staðizt til lengdar.

Sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar var sleitulaus. Fjötrar urðu óþolandi frjálshuga fólki. Öll þróun hneig því í eina átt.

Lífsnauðsyn þjappaði saman hlutasjómönnum og eyrarvinnufólki, þeir sórust í fóstbræðralag með nýju sniði, þeir urðu að halda hópinn, til þess að verja rétt sinn til daglegs brauðs, þannig mynduðust verkalýðsfélög.

Vinnuveitendur neituðu að viðurkenna rétt slíkra samtaka til að semja um kaup og kjör. Þau viðbrögð leiddu til margvíslegra átaka, eftirminnilegustu og hörðustu vinnudeilurnar voru háðar um samningsréttinn.

Löggjafinn sá nauðsyn þess að reyna að hafa mildandi áhrif á gang kaupgjaldsbaráttunnar, verkföll og verkbönn voru þjóðfélaginu dýr, og árið 1925 voru sett lög um sáttatilraunir í vinnudeilum.

Árið 1938 voru sett lög um stéttarfélög og vinnudeilur, og fjallar fyrsti kafli þeirra um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda, og segir svo í 1. gr. laganna: „Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt."

Á þennan veg staðfesta lög þessi, að ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi nái til hagsmunasamtaka launþega, en með þrotlausri baráttu sinni fyrir samningsréttinum, og ótal sigrum, m. a. staðfestum með skriflegum samningum, höfðu verkalýðsfélögin sótt þennan rétt í greipar harðvítugra atvinnurekenda, án þess að njóta aðstoðar löggjafarvaldsins.

Launþegar hins opinbera.

Árið 1915 voru samþykkt á Alþingi lög um verkfall opinberra starfsmanna, þau sem enn gilda. Ólíku er saman að jafna um rekstur ríkisins og sveitafélaga þá og nú, ríkisstarfsmenn voru þá nær eingöngu embættismenn eins og launalögin frá 1919 bera með sér og starfsmenn sveitafélaga voru þá ekki margir. En þrátt fyrir það mætti frumvarp þetta harðri andstöðu á Alþingi, og var þar fremstur í flokki hinn frjálshuga og víðsýni þáverandi landlæknir Guðmundur Björnsson.

Enginn mótmælir því, að þróun þjóðfélagsins hafi orðið stórfelld síðan á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar, þvert á móti virðist samkeppni um það að færa heim sanninn um „byltingu á sviði efnahags-, atvinnu- og félagsmála".

Ríkisvaldið hefur fært mjög út kvíarnar og liggja til þess ýmsar ástæður. Fjáröflun þess fer ekki lengur fram með álagningu skatta og tolla eingöngu, heldur og með rekstri verzlunar, iðnfyrirtækja og ýmsra aukagjalda, sem kosta aukna innheimtu. Löggjöf hefur verið sett um félagslega aðstoð og vernd til handa þegnunum í ýmsum greinum, s. s. barnavernd, tryggingar, sjúkrahúsrekstur o. s. frv., o. s. frv. Frá árinu 1928 má segja, að afskipti og verkefni hins opinbera hafi sífellt farið vaxandi, og á það við bæði um ríkisvaldið og sveitarfélögin.

Samskipti stjórnarvalda og starfsmanna hafa ekki breytt um svip í jafnríkum mæli þó að miðað hafi í áttina. Gamli hátturinn, sem áður var vikið að um ráðningarkjör starfsfólksins, hélzt óbreyttur til 1945, þ. e. ráðherrar og forstjórar réðu fólkið persónulega til starfa og ákváðu laun þess og önnur starfskjör.

Ærinn mismunur varð því á launum og öðrum starfskjörum, ekki aðeins milli stofnana, heldur og innbyrðis í sömu stofnun, persónulegra sjónarmiða af ýmsri gerð gætti oft miklu meira en mats á störfunum. Ýtti þetta mjög undir starfsfólkið að stofna sín hagsmunafélög.

Elztu félögin höfðu varðað veginn og brotið ísinn, hin yngri sigldu í kjölfarið. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var stofnað og sneri sér til ríkisvaldsins með sameiginlegar óskir og kröfur, en um launa- og kjaramál bæjarstarfsmanna varð Starfsmannafélag Reykjavíkurbæjar brautryðjandinn.

Ári eftir að B.S.R.B. var stofnað, — eða í júní 1943 —, var sett á laggirnar nefnd til þess að endurskoða gildandi launalög, sem voru frá árinu 1919, og hlaut bandalagið þá viðurkenningu ríkisvaldsins sem aðili ríkisstarfsmanna með þeim hætti, að tveir nefndarmenn af 7 voru skipaðir samkvæmt tilnefningu þess.

Nefnd þessi lauk störfum í okt. 1943 og skilaði áliti á öndverðu ári 1944, en vegna stjórnmálalegra aðstæðna atvikaðist svo, að tillögur hennar voru ekki fluttar í frumvarpsformi af ríkisstjórn, heldur samdi bandalagið frumvarp til launalaga í samræmi við álit nefndarinnar, og fékk fjóra þingmenn, sinn úr hverjum stjórnmálaflokki, til að flytja það á haustþingi 1944.

44. gr. þess frumvarps var þannig orðuð:

„Við samning reglugerða samkv. lögum þessum, svo og við endurskoðun þeirra, skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og semja fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.“

Eins og alkunnugt er varð endanleg afgreiðsla sú, að í stað orðsins „semja“ kom orðið „fjalla“.

Má heita undantekningarlaust, að þessa ákvæðis hafi síðan verið gætt af hálfu stjórnarvalda, enda var það endurtekið í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í sambandi við meðferð og afgreiðslu beggja þessara laga, var sett fram ósk um gerðardóm til að skera úr um þau ágreiningsatriði, „sem upp kunna að koma út af lögum, samningum og reglugerðum, er varða starfskjör starfsmanna ríkis og bæja og ákvörðun einstakra starfsmanna í launaflokka, sem ekki næst samkomulag um milli aðila“, eins og segir í samþykkt frá 4. þingi bandalagsins, sem haldið var um haustið 1944, einmitt eftir að frumvarp til launalaga hafði verið flutt, sem áður getur.

Eigi þykir ástæða til að tína upp ákvæði úr ýmsum öðrum lögum, er varða réttarstöðu opinberra starfsmanna, ýmist sem heildar eða sem starfshópa, en þar finnast ákvæði, sem áhrif munu hafa á setningu reglugerðar samkv. lögum þeim um samningsrétt, er sett verða.

Rétt er þó að geta þess, að með ákvæðum um Starfsmannaráð, er sett hefur verið á fót við Landssímann, hefur verið stigið mikilvægt spor í þá átt að viðurkenna rétt starfsmanna til þess með félagslegum hætti að hafa áhrif á afgreiðslu mála varðandi stjórn og starfskjör. Er þar um að ræða athyglisverða tilraun til þess að rýmka réttinn til samninga milli stjórnarvalds og starfsfólks.

Eigi þykir heldur á þessu stigi málsins ástæða til að bæta við þær upplýsingar um þróun þessara mála í nágrannaríkjunum, sem fram koma í almennum inngangi nefndarinnar, enda mála sannast, að innanlandsþróunin ætti að vera nærtækari og áhrifaríkari við skoðanagerð um lausn samningsréttarmálsins.

Hvers vegna er þjóðfélaginu hættulegra að ritvélin í Gutenberg standi ónotuð heldur en prentvélin?

Hvers vegna má loftskeytamaður leggja niður vinnu og stöðva ríkisskipið, en radioviðgerðarmaður landssímans má það ekki?

Hvers vegna má skipstjórinn á strandferðaskipinu hefja vinnustöðvun, en bókarinn sem reiknar út launin hans má það ekki?

Báðir greiða iðgjald í sama lífeyrissjóðinn, báðir taka laun sín úr hendi sama gjaldkera.

Þessar spurningar og aðrar álíka geta orðið ærið áleitnar, og svörin við þeim virðast einföld og augljós, **að jafna þurfi metin.**

Tillögur okkar eru miðaðar við að leiðrétta nokkuð misrétti það, sem nú ríkir, án þess að hagsmunum þjóðfélagsins sé teflt í nokkurn voða.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að lögin taki til þeirra launþega, sem bannað er að hefja verkfall samkv. lögum um verkfall opinberra starfsmanna nr. 33 3. nóv. 1915, þar sem önnur félög launþega hafa fengið samningsréttinn staðfestan með lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 11. júní 1938. En í 1. gr. laga nr. 33 3. nóv. 1915 segir svo: „Hver sá, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, **Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar**". Eigi verður talið, að hér um sé gildandi nein allsherjarregla, heldur að skapazt hafi viss hefð, og er við hana miðað, þ. e. að lögin taki til þeirra, sem eru fastráðnir starfsmenn og mynda starfsmannafélög þau, sem eru í B.S.R.B. Rétt þótti og, að þeir, sem vinna hliðstæð störf, falli undir lögin, þó að lausráðnir séu, svo og þeir er stunda verklegt nám hjá hinu opinbera í iðngrein eða starfsgrein, þar sem stofnunin er ráðningaraðili.

Eigi þótti rétt að undanskilja embættismenn, jafnvel þó að þeir séu skipaðir af forseta, þar sem engin lög eru um hverja forseti skipi í starf önnur en þau, sem giltu meðan landið var undir konungsstjórn. Má nefna sem dæmi um handahóf í þessu efni, að ráðuneytisstjórarnir eru ekki nema sumir skipaðir af forseta. Auk þess eru ýmsir forsetaskipaðir starfsmenn félagar innan B.S.R.B., og hefur verið fjallað um starfskjör þeirra af samtökunum á sama hátt og annarra starfsmanna, má þar nefna t. d. héraðslækna.

Rétt þótti að heimila fjármálaráðherra og sveitastjórnum að ákveða um að lögin gætu náð til fleiri en taldir eru, ef atvik lægju til þess svo sem greinir í 2. mgr., en undanteknir eru þeir einir, sem gegna störfum í nefndum, ráðum eða stjórnum, er eigi getur talizt aðalstarf, eða gegna umboðsstarfi eins og t. d. sveitarstjóranna.

Um 2. gr.

Um það, hvað átt er við með heildarkjarasamningi og kjarasamningi, vísast til 11. gr. Greinin tryggir aðilum, að gengið verði til samninga um tilgreind atriði, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um, hvaða skilyrðum samtök starfsmanna skulu fullnægja, til þess að fá samningsrétt samkvæmt lögunum. Ákvæðið um samningsrétt deildar í starfsgreinar- eða stéttarfélagi er sett vegna þess, að starfandi eru félög, einkum sérmenntaðs fólks, sem telja starfsmenn bæði í opinberri þjónustu og einkaþjónustu. Eru a. m. k. sum þeirra aðilar að heildarsamtökum opinberra starfsmanna vegna þeirra félaga sinna, sem eru í opinberri þjónustu. Rétt þykir, að Félagsdómur skeri úr ágreiningi um, hvort starfsmannafélag fullnægir skilyrðum samningsréttar.

Um 4. gr.

Ákvæðum greinarinnar er ætlað að tryggja, að jafnan sé ljóst, hvaða samtök starfsmanna eiga rétt á því, að við þau séu teknir upp samningar samkvæmt lögunum. Gert er ráð fyrir, að sveitastjórnir geti falið samtökum sínum að koma fram sem samningsaðili fyrir þær sameiginlega.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Með launamálaráðuneyti er í gr. átt við það ráðuneyti, sem á hverjum tíma kann að fara með launamál starfsmanna ríkisins. Annars þarfnast gr. ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt er talið að setja með reglugerð ákvæði um framkvæmd samningsgerðar, er taki til allra samninga samkvæmt lögum. Ætla verður, að samningaumleitanir verði þungar í vöfum, ef margir menn taka þátt í þeim. Er tala samningsmanna því takmörkuð við fimm frá hvorum aðila.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Ákvæðum greinarinnar er ætlað að tryggja, að samningsumleitanir dragist ekki óhæfilega lengi.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir, að í heildarkjarasamningi sé samið um öll þau atriði, sem varða starfsmenn almennt, bæði varðandi laun og önnur starfskjör, en kjarasamningar séu gerðir fyrst og fremst um sérmál einstakra starfsstétta og starfshópa.

Skrásetning samninga í launamálaráðuneytinu á að tryggja, að þar liggi jafnan fyrir upplýsingar um alla gildandi samninga, bæði að því er varðar starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir, að sáttatilraunir hefjist með tvennum hætti. Annars vegar að aðilar komi sér saman um að vísa máli til sátta, hins vegar að sáttasemjari hefji sáttatilraunir, án þess að fyrir liggi krafa frá aðilum, ef samningaumleitunum hefur verið hætt samkvæmt kröfu annars hvors aðila skv. 10. gr.

Um 15. gr.

Talið er eðlilegt, að ríkissáttasemjari, samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, fari með sáttaumleitanir. Auk ákvæða þeirra laga eru hér talin nokkur atriði, sem útiloka mann frá að gegna starfi sáttasemjara, en þá skal skipa sérstakan sáttasemjara.

Um 16. gr.

Rétt þykir, að aðalreglan um framkvæmd sáttaumleitana sé hin sama og samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Ekki þykir eðlilegt, að aðrir greiði atkvæði um sáttatillögu en þeir, sem mál snertir, og eru félagar í þeim samtökum, sem með samningsrétt fara. Þá þykir rétt, að um framkvæmd atkvæðagreiðslu gildi reglur laganna um stéttarfélög og vinnudeilur, en þó er aðilum heimilt að semja um nánari reglur. Loks heimilar greinin sáttasemjara að láta heildaratkvæðatölu í fleiri en einum samtökum skera úr um sáttatillögu. Ætti þetta að geta orðið til þess, að fyrr fáist lausn á deilu og auk þess stuðlað að æskilegu samræmi í samningum um sams konar atriði. Ætíð skal þó sáttasemjari rökstyðja ákvörðun sína um slíka atkvæðagreiðslu.

Um 19. gr.

Í 1. tl. gr. er vinnustöðvun bönnuð, ef ágreiningsefni varðar samning, sem gerður hefur verið samkvæmt lögunum, hvort heldur það varðar form hans eða

efni. Verður að sjálfsögðu að leggja ágreining um túlkun gerðra samninga undir úrskurð hlutlauss aðila, sbr. nánar 23. gr. Í 2. tl. er vinnustöðvun bönnuð, ef ágreiningsefni varðar samningsgerð, þar til sáttaumleitunum er lokið, uppsagnarfrestur starfa liðinn og gildistími eldri samnings á enda. Ágreiningsatriðum skv. þessum tölulið geta aðilar, ef þeir koma sér saman um það, skotið sameiginlega til úrskurðar Kjaradóms, sbr. 26. gr.

Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringa við.

Um 20. gr.

Í 1. og 2. tl. gr. er greint, hvað sé vinnustöðvun, þ. e. verkfall eða verkbann, samkvæmt lögunum, og þarfnast það varla frekari skýringar. Þó skal fram tekið varðandi 2 mgr. bæði 1. og 2. tl., að engin almenn ákvæði munu vera í íslenzkum lögum um útilokunaraðgerðir (boycott), en þær aðgerðir, sem hér um ræðir, má að sjálfsögðu ekki framkvæma með neinum þeim hætti, sem fer í bága við önnur gildandi lög.

Í 3. tl. gr. er kveðið á um bann við því, að starfsmenn taki upp störf þeirra, sem lögleg vinnustöðvun samkvæmt lögunum tekur til.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um það, hvernig hefja skal verkfall eða verkbann. Samkvæmt lögum er uppsagnarfrestur ríkisstarfsmanna almennt 3 mánuðir og sama mun yfirleitt gilda um starfsmenn sveitarfélaga. Þess munu einhver dæmi, að 6 mánaða uppsagnarfrestur sé tilskilinn í skipunar- eða ráðningarbréfum, en lausráðnir starfsmenn sæta ekki sérstökum uppsagnarfresti almennt. Þá ber á það að líta, að opinberum starfsmönnum verður ekki sagt upp starfi, meðan þeir brjóta ekki af sér, þ. e. hafa ráðningu ævilangt eða til lögmæltra aldursmarka, og verður því ekki breytt með þessum lögum. Af þeim sökum, sem hér að framan greinir, sýnist ekki verða hjá því komizt, að vinnustöðvun hefjist með uppsögn starfa. Er þetta einkum ljóst, að því er varðar verkbann af hálfu stjórnvalds, þar eð deila um kaup og kjör getur ekki réttlætt, að starfsmönnum sé sagt upp, nema sérstök ákvæði komi til. Er sú leið valin hér, að uppsagnarfrestur samkvæmt ákvæðum greinarinnar sé ávallt 3 mánuðir, gagnkvæmt. Verður því hér um að ræða sérstaka heimild stjórnvalda til þess að segja starfsmönnum upp starfi, þegar svo stendur á, sem segir í upphafi gr. Hins vegar er undirstrikað í niðurlagi gr., að ráðningarsambandi aðila sé ekki endilega slitið með uppsögn skv. þessari gr., þar sem starfsmönnum er tryggður réttur til síns fyrra starfs, þegar vinnustöðvun lýkur, og mun það mjög í samræmi við það, sem tíðkast um vinnudeilur stéttarfélaga almennt í framkvæmd.

Í gr. eru samningsbærum samtökum starfsmanna heimiluð afskipti af upphafi verkfalls með því, að þau mega afla uppsagna félagsmanna og koma þeim á framfæri. Þetta ákvæði er eðlilegt, þar sem samtökin munu að sjálfsögðu hafa allan veg og vanda af framkvæmd vinnustöðvunar.

Þá er stjórnvaldi óheimilt samkvæmt gr. að áskilja lengri uppsagnarfrest af hálfu starfsmanna en 3 mánuði, ef ágreiningur varðar heildarkjarasamning, enda eru þeir svo þýðingarmiklir fyrir starfsmenn almennt, að nauðsynlegt er að tryggja framgang þeirra, án ónauðsynlegra tafa.

Óhjákvæmilegt er, að ávallt sé haldið uppi vissri þjónustu, sem varðar öryggi borgaranna og eign þeirra. Í gr. er ákveðið, að skipan þessara mála, meðan vinnustöðvun stendur yfir, verði ákveðin með reglugerð.

Um 22. gr.

Í gr. er aðeins undirstrikað það, sem leiðir af almennum reglum, að samtökum starfsmanna ber að bæta það fjárhagstjón, sem leiða kann af samningsrofum

eða ólögmætum aðgerðum, sem þeim verður gefin sök á, hliðstætt því, er gildir um önnur stéttarfélög.

Um 23. gr.

Viðfangsefni gr. er að ákveða, hvaða aðili skuli túlka samninga samkvæmt lögunum, ef ágreiningur verður. Þar eð til er í landinu stofnun, sem fjallar um slík mál varðandi samninga annarra stéttarsamtaka, Félagsdómur, þykir einsýnt að fela honum hliðstætt verkefni samkvæmt þessum lögum. Rétt þykir þó að heimila gerðardóm, ef aðilum þykir það hagkvæmt. Mál þau, sem Félagsdómi eru falin, má aldrei reyna að leysa með vinnustöðvun.

Um 24. gr.

Í gr. er ákveðið að þegar Félagsdómur fjallar um mál samkvæmt lögunum, skuli í stað þeirra dómara, sem Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skipa, koma dómarar tilnefndir af ríkisstjórninni og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Rétt þykir, að ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur varðandi störf Félagsdóms gildi hér svo sem við á.

Um 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Greinin gerir ráð fyrir nýrri stofnun, Kjaradómi. Málefni þau, sem til hans verður skotið, má öll reyna að leysa með vinnustöðvun, en ætla má, að oft teljist æskilegra eða hagfelldara að fá úr þeim leyst með öðrum hætti. Málum verður því aðeins skotið til Kjaradóms, að aðilar komi sér saman um það og geri það sameiginlega.

Um 27. gr.

Ákvæði gr. miða að því að tryggja nauðsynlega málsútlistun fyrir Kjaradómi, og er því mælt svo fyrir, að aðilar skuli hafa þar hvor sinn ákveðna talsmann. Að öðru leyti er meðferð mála lögð í vald dómsins, þannig að henni má haga svo sem henta þykir eftir eðli máls.

Um 28. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að stofnuð verði Kjaranefnd ríkisins. Ekki sýnist ástæða til sérstakra skýringa á því, hvernig skipun hennar skal háttað.

Um 29. gr.

Í gr. eru talin upp þau atriði, sem hvor aðila, sem er, getur skotið til úrskurðar Kjaranefndar, ef ágreiningur verður um þau, þegar gera skal heildarkjarasamning, en þau eru þess eðlis, að aðeins mun um þau fjallað í slíkum samningum. Samkv. 30. gr. 2. mgr. má ekki leitast við að leysa slíkan ágreining með vinnustöðvun, enda má ætla, að hann snerti að jafnaði mjög fáa starfsmenn, og því vafasamt að heimila jafnalvarlegar aðgerðir og vinnustöðvun til þess að knýja fram lausn. Er því sú leið valin hér að leggja þau undir mat hlutlauss aðila.

Um 30. gr.

Sjá það, er segir um 29. gr. Þarf ekki frekari skýringa.

Um 31. gr.

Af ákvæðum 41. gr. stjórnarskrárinnar leiðir tvímælalaust, að heildarkjarasamningar, þar sem launakjör starfsmanna ríkisins yfirleitt eru ákveðin, þurfa að hljóta samþykki Alþingis, eða að minnsta kosti að vera gerðir með heimild frá því. Af þessu leiðir, að ríkisstjórnin getur heldur ekki skotið máli til Kjaradóms, nema með samþykki Alþingis, þar sem úrskurður hans bindur aðila sem samningur. Hins vegar verður að ætla, að þau deiluatriði, sem Kjaranefnd ríkisins á úrskurðarvald um, séu að öllum jafnaði tiltölulega smá, miðað við sjálfan heildarkjara-

samninginn, og að öllum jafnaði aðeins innbyrðis samræming samningsákvæða. Eru 2. og 3. mgr. greinarinnar byggðar á því, að um slík atriði megi, þrátt fyrir nefnt stjórnarskrárákvæði, leysa án þess, að þau séu borin undir Alþingi, enda yrði það svo þungt í vöfum, að það yrði samningsréttinum alger fjötur um fót.

Í 5. mgr. er samningsaðild sveitafélaga fengin samtökum þeirra, eða forráðamönnum, sem til þess fá umboð. Kveða þarf nánar á um heimild sveitafélaga í þessu efni, og hefur þótt rétt að ákveða, að það skuli gert með reglugerð.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. er þeim samtökum opinberra starfsmanna, sem raunverulega hafa farið með kjaramál þeirra til þessa, veittur samningsréttur samkvæmt lögunum. Rétt þykir að veita samtökum þessum frest til þess að bæta úr því, sem á kynni að skorta, að þau fullnægi skilyrðum laganna til samningsréttar. Fresturinn er ákveðinn eitt ár, sem ætti að vera fullnægjandi.

Ákvæði 2. mgr. er nauðsynlegt, m. a. af því, að fyrstu heildarkjarasamningarnir samkvæmt lögunum hljóta að verða gerðir meðan launalög eru enn í gildi.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga um samningsrétt opinberra starfsmanna.

I. KAFLI
Grundvallaratriði.

1. gr.

Laun opinberra starfsmanna skulu ákveðin með heildarsamningi milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs hins vegar.

2. gr.

Opinberir starfsmenn samkvæmt lögum þessum teljast þeir einir, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana og atvinnufyrirtækja ríkisins með þriggja mánaða uppsagnarfresti hið minnsta, ef heimilt er að segja þeim upp starfi, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

3. gr.

Rétturinn til að fá laun sín ákveðin með heildarsamningi samkvæmt lögum þessum tekur ekki til ráðherra, hæstaréttardómara, biskups, saksóknara, ráðuneytisstjóra, yfirsakadómara, fræðslumálastjóra, skattstjóra, prófessora, ambassadora, vegamálastjóra, vita- og hafnarmálastjóra, tollstjóra, borgardómara, borgarfógeta, sýslumanna og bæjarfógeta, presta, bankastjóra ríkisbankanna, forstjóra ríkisstofnana og forstjóra atvinnufyrirtækja, sem ríkið rekur.

4. gr.

Heildarsamningur skal taka til fastra launa og vinnutíma svo og launa fyrir yfirvinnu. Undir samningsréttinn falla hins vegar ekki lífeyrisréttindi, hlunnindi, aukatekjur, orlofsréttur, réttur til kaups í veikindaforföllum og annað þess konar.

Ákvarðanir um breytingar á starfskjörum, sem ekki heyra undir heildarsamning, skulu eigi teknar nema að undangengnu samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

II. KAFLI
Gildistími samnings og viðræður.

5. gr.

Heildarsamningur skal vera skriflegur og gerður til a. m. k. tveggja ára í senn. Skal samningstíminn að jafnaði bundinn við 1. okt. Ákveða skal í heildarsamningi, að sé honum eigi sagt upp að fyrsta samningstímabili loknu skuli hann framlengjast um a. m. k. eitt ár í senn með óbreyttum uppsagnarfresti.

6. gr.

Uppsagnarfrestur á heildarsamningi má eigi vera skemmri en þrír mánuðir. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur. Samningsuppsögn skal vera skrifleg.

7. gr.

Sá aðili, er sagt hefur upp heildarsamningi, skal áður en tvær vikur eru liðnar frá uppsögninni senda gagnaðila tillögur sínar um nýjan samning og krefjast viðræðna. Skulu samningsviðræður teknar upp þegar í stað og viðræðufundir haldnir eigi sjaldnar en einu sinni í viku.

III. KAFLI
Sáttameðferð.

8. gr.

Á hvaða stigi samningsviðræðna sem er getur hvor aðili um sig vísað deilunni til meðferðar sáttasemjara ríkisins. Þegar einn mánuður er eftir af uppsagnarfrestinum skal sáttasemjari taka deiluna til meðferðar og reyna að koma á sáttum, hafi deilunni ekki áður verið vísað til hans eða samningar tekizt fyrir þann tíma.

9. gr.

Sáttasemjari getur borið fram miðlunartillögu í deilunni og skal hún að jafnaði koma fram áður en samningurinn rennur út.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tekur afstöðu til miðlunartillögunnar við leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu einstaklinga innan bandalagsins, er standi yfir a. m. k. 24 klst. á hverjum stað þar sem atkvæði eru greidd. Atkvæðagreiðslan fer fram undir yfirstjórn og eftirliti sáttasemjara. Um það hvort miðlunartillaga telst samþykkt eða felld gilda reglur laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Fjármálaráðherra greiðir fyrir hönd ríkissjóðs atkvæði um miðlunartillögu. Skal hann greiða atkvæði sitt leynilega áður en allsherjaratkvæðagreiðslunni innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja lýkur.

10. gr.

Sáttameðferð lýkur þegar annarhvor samningsaðila skýtur deilunni til kjaradóms.

IV. KAFLI
Kjaradómur.

11. gr.

Þegar uppsagnarfrestur er runninn út án þess nýr heildarsamningur hafi verið gerður, getur hvor aðili um sig vísað deilunni til Kjaradóms. Kjaradómur leiðir ágreiningsefnin til lykta, og skal úrlausn hans gilda sem samningur milli aðilanna frá 1. degi næsta mánaðar eftir að úrskurður dómsins er kveðinn upp, unz tvö ár

eru liðin frá því fyrri samningur rann út. Sé dómbundnum samningi eigi sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, framlengist hann um eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti.

12. gr.

Greiða skal laun eftir heildarsamningi, sem genginn er úr gildi, meðan nýr samningur er ekki gerður. Þó er heimilt að semja svo um, að nýr samningur gerður eftir lok uppsagnarfrests verki aftur fyrir sig.

Ef þrír mánuðir líða frá lokum uppsagnarfrests án þess nýr samningur sé gerður og án þess að deilan sé lögð fyrir Kjaradóm, og skal þá samningsuppsögnin fallin úr gildi.

13. gr.

Aðilar skulu leggja ágreiningsefni sín skilmerkilega fyrir Kjaradóm. Um hvert atriði hins væntanlega kjarasamnings skulu þeir taka skýrt fram, á hvað þeir vilji fallast, hvaða kröfur þeir geri og um hvaða atriði þeir séu sammála. Hvor um sig skal leggja fram greinargerð með rökstuðningi fyrir kröfum sínum og sjónarmiðum.

Kjaradómi skal óheimilt að fara út fyrir kröfur samningsaðilanna í úrlausnum sínum.

14. gr.

Kjaradómur skal skipaður sex mönnum til fjögurra ára í senn. Formaður dómsins skal tilnefndur af Hæstarétti, en hver eftirtalinna aðila tilnefnir einn dómara: Félagsdómur, sáttasemjari ríkisins, Hagfræðingafélag Íslands, fjármálaráðherra og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Sömu aðilar tilnefna hver um sig einn mann til vara. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í dóminum. Dómara er óheimilt að taka við fyrirmælum frá þeim aðila, er tilnefndi hann, varðandi afstöðu til mála, sem dómurinn á að leysa úr.

Kjaradómur skal kveða upp rökstuddan úrskurð um heildarsamning innan þriggja vikna frá því deilan var lögð fyrir hann.

Kjaradómur setur sér sjálfur starfsreglur.

15. gr.

Við úrlausnir sínar skal Kjaradómur leggja eftirfarandi atriði til grundvallar:

a. hvort kaupmáttur launa opinberra starfsmanna og afkoma þeirra að öðru leyti hafi batnað eða versnað frá því síðasti heildarsamningur var gerður.
b. hvort aðrar stéttir hafi fengið kjarabætur eða launahlutföll breytzt.
c. hvort hlutdeild launþega í heild í þjóðarframleiðslunni hafi vaxið eða minnkað.
d. hvernig horfir með afkomu þjóðarbúsins.

Kjaradómi er heimilt að afla sér gagna og upplýsinga af sjálfsdáðum. Dómurinn getur kvatt sérfræðinga til starfa fyrir sig og krafizt þess, að embættismenn og ríkisstofnanir veiti dóminum þær upplýsingar, sem nauðsyn ber til.

V. KAFLI

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

16. gr.

Allir opinberir starfsmenn, sbr. þó 3. gr., eiga rétt á því að vera meðlimir Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, annaðhvort sem beinir meðlimir sem einstaklingar ellegar sem meðlimir félaga, er rétt eiga til að vera í bandalaginu. Um rétt einstaklinga og félaga til að vera meðlimir bandalagsins fer að öðru leyti eftir samþykktum þess.

17. gr.

Allir opinberir starfsmenn, sbr. þó 3. gr., eru bundnir af heildarsamningi hvort sem þeir eru meðlimir Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða ekki.

18. gr.

Ákvarðanir um samningsuppsögn og samningsgerð af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skulu eigi gildar nema þær séu teknar á stjórnarfundi og samþykktar þar með a. m. k. ⅔ hlutum greiddra atkvæða. Heimilt er þó með einföldum meirihluta greiddra atkvæða á bandalagsstjórnarfundi að ákveða, að um þessi atriði skuli fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla meðal opinberra starfsmanna innan bandalagsins, og gilda þá úrslit atkvæðagreiðslunnar sem ákvörðun af hálfu bandalagsins.

19. gr.

Við allar allsherjaratkvæðagreiðslur innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja samkvæmt lögum þessum hafa starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga innan bandalagsins eigi atkvæðisrétt.

VI. KAFLI

Meðferð ágreiningsefna.

20. gr.

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðila, út af kærum um brot á lögum þessum og ágreiningi um skilning á heildarsamningi og gildi hans.

Þegar Félagsdómur dæmir í málum þessum skulu dómendur tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra taka sæti í dóminum í stað dómenda tilnefndra af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja rekur mál fyrir Félagsdómi fyrir hönd félaga og einstaklinga innan bandalagsins.

21. gr.

Ágreiningur um það hvar opinberum starfsmanni skuli skipað í launaflokk samkvæmt heildarsamningi heyrir undir Kjaranefnd. Nefndin skal skipuð þrem mönnum til fjögurra ára í senn, einum tilnefndum af sáttasemjara ríkisins og er hann formaður, einum tilnefndum af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og einum tilnefndum af fjármálaráðherra. Sömu aðilar skipa hver um sig einn mann til vara.

Úrlausn Kjaranefndar er bindandi fyrir báða aðila og verður henni eigi skotið til dómstóla. Úrlausnin gildir, unz nýr heildarsamningur er gerður.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Allur kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

23. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að um samningsrétt fastra starfsmanna bæjar- og sveitarfélaga fari á hliðstæðan hátt og samningsrétt opinberra starfsmanna samkvæmt lögum þessum.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 frá 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, svo og öll önnur lagaákvæði er í bága fara við lög þessi.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

VIII. KAFLI
Bráðabirgðaákvæði.

26. gr.

Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja er heimilt að segja upp gildandi ákvæðum launalaga varðandi þá opinbera starfsmenn, er heildarsamningur getur tekið til. Skal uppsögnin gerð með a. m. k. þriggja mánaða fyrirvara og miðast við 1. okt. 1962. Þegar uppsögn hefur átt sér stað skal svo með fara sem þegar heildarsamningi er sagt upp.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá meginbreytingu, að launakjör opinberra starfsmanna skuli ákveðin með kjarasamningi í stað launalaga. Samningsaðildin fyrir opinbera starfsmenn skal vera í höndum heildarsamtaka þeirra, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Er þetta gert til að forðast glundroða, meting, óvissu og örðugleika í framkvæmd samningsgerðar, er myndi leiða af því að samningsrétturinn væri í höndum einstakra félaga eða starfshópa innan bandalagsins. Samningsaðild af hálfu ríkisvaldsins er hins vegar falin fjármálaráðherra.

Gert er ráð fyrir, að samningsrétturinn nái ekki til æðstu embættismanna ríkisins og ekki til forstjóra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, sbr. 3. gr. frumvarpsins, þar sem þessir menn eru mjög háðir vilja ríkisvaldsins og eiga naumast samleið með almennum launþegum í kjarabaráttunni. Yrði væntanlega að ákveða laun þeirra með lögum eða einkasamningum.

Skilgreiningin á því hverjir teljast skulu opinberir starfsmenn samkvæmt frumvarpinu er í 2. gr. þess. Er sú skilgreining nokkuð víðtæk og nær m. a. til fastra starfsmanna atvinnufyrirtækja, sem ríkið rekur, og ríkisstofnana, en þar undir heyra m. a. starfsmenn ríkisbankanna.

Heildarsamningurinn skal, skv. 4. gr., einungis taka til fastra launa og vinnutíma svo og launa fyrir yfirvinnu. Önnur starfskjör, svo sem hlunnindi, aukatekjur, orlofsréttur og fleira þess konar, á hinn bóginn ákveðið á sama hátt og áður. Verður að telja eðlilegt, að í fyrstu nái samningsrétturinn eingöngu til þýðingarmestu grundvallaratriðanna. Síðar meir, þegar reynsla er fengin fyrir þessu fyrirkomulagi, væri eðlilegt að færa samningsréttinn yfir á fleiri svið.

Í II. og III. kafla frumvarpsins eru settar fram nokkrar grundvallarreglur varðandi gildistíma samnings, uppsagnarfrests, kröfugerð, samningsviðræður og sáttameðferð. Samningstíminn skal að jafnaði miðast við 1. okt. Er rétt að velja þennan tíma síðla árs til að launabreytingar valdi sem minnstri röskun á áætlun fjárlaga. Jafnframt lægi þá fyrir vitneskja um það þegar fjárlög eru afgreidd á haustin, hvort launabreytingar séu ákveðnar eða í vændum fyrir næsta fjárhagsár.

Fari svo, að hvorki samningsviðræður né sáttameðferð leiði til samkomulags, eiga samningsaðilar ekki um annað að velja en vísa málinu til Kjaradóms. Um það fjallar IV. kafli frumvarpsins. Skal Kjaradómurinn skera úr ágreiningnum um launakjörin og leiða samningsgerðina þar með til lykta. Í þessu felst, að opinberum starfsmönnum er óheimilt að knýja fram nýjan heildarsamning með verkfalli. Opinberir starfsmenn gegna mjög þýðingarmiklum þjónustustörfum í þjóðfélaginu, þótt fáir séu. Er augljóst hversu gífurlegum óþægindum og óbætanlegu tjóni það myndi geta valdið, ef slíkir menn gætu farið í verkfall. Má sem dæmi nefna lögregluna, starfsmenn rafstöðva, hjúkrunarkonur og lækna, starfsmenn pósts og síma og svo framvegis. Verkfall opinberra starfsmanna gæti gjörsamlega lamað allt þjóðlífið, gert ríkisvaldið máttlaust og landið stjórnlaust. Gegn slíku ástandi væri ekki unnt að bregðast nema með því móti að stofnsetja innlendan her. Áreiðanlega eru þeir fáir, sem myndu vilja kaupa verkfallsrétt opinberum starfsmönnum til handa svo dýru verði.

Í frumvarpinu eru settar reglur um Kjaradóm, sem eiga að tryggja að dómurinn sé hlutlaus, að dómurinn eigi greiðan aðgang að gögnum og upplýsingum og að dómurinn grundvalli úrlausnir sínar á þeim atriðum, sem mestu máli skipta í sambandi við launabreytingar.

Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja er með frumvarpinu veittur réttur til að gera heildarsamning fyrir opinbera starfsmenn um launakjör þeirra. Af þeim sökum er nauðsynlegt að lögfesta jafnframt nokkrar grundvallarreglur um bandalagið og rétt einstaklinga og félaga til að vera meðlimir þess á hliðstæðan hátt og gert er með stéttarfélögin í I. kafla laga nr. 80 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Reglur um Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eru í V. kafla frumvarpsins.

Í VI. kafla frumvarpsins eru reglur um meðferð ágreiningsefna, er rísa kunna með samningsaðilum. Aðalreglan er, að allur slíkur ágreiningur heyri undir Félagsdóm. Ágreiningur um hvar starfsmanni skuli skipað í launaflokka heyrir þó undir Kjaranefnd.

Gert er ráð fyrir í VII. kafla frumvarpsins, að launalögin gætu fallið úr gildi og heildarsamningur gengið í gildi 1. okt. 1962.

Frumvarpið kveður ekki á um samningsrétt fastra starfsmanna bæjar- og sveitarfélaga, en heimilar að ákveða með reglugerð, að um samningsrétt þeirra fari á hliðstæðan hátt og samningsrétt ríkisstarfsmanna samkvæmt frumvarpinu.

Fylgiskjal III.

Frumvarp að lögum um samningsrétt opinberra starfsmanna.

1. gr.

Lög þessi taka til starfsmanna ríkisins og sjálfstæðra stofnana á vegum þess, svo og til starfsmanna sveitarfélaga. Um það, hverjir skuli teljast starfsmenn ríkisins, fer samkvæmt því er segir í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og með samsvarandi hætti fer eftir því sem við á um þá aðra opinbera starfsmenn, sem að ofan greinir.

Eigi skulu þó lögin taka til þeirra starfsmanna ríkisins, sem hlotið hafa skipun forseta Íslands til embættis síns.

Þá taka lögin ekki til þeirra starfsmanna, er taka laun samkvæmt ákvæðum kjarasamninga stéttarfélaga.

2. gr.

Samtök opinberra starfsmanna, sem tilgreind eru hér á eftir, eiga rétt á að krefjast þess, að gengið verði til samninga við þau með þeim hætti, er í lögunum greinir, um breytingar á lögákveðnum almennum launakjörum og starfskjörum félagsmanna sinna, svo og um ákvörðun launakjara og starfskjara, sem ekki eru ákvæði um í gildandi lögum eða reglugerðum, eða um ágreining um skilning og framkvæmd á gildandi launaákvæðum og starfsreglum.

Með sama hætti eiga þeir aðilar, sem fara með samninga af hálfu ríkisins, sjálfstæðra stofnana á vegum þess eða sveitarfélaga, rétt á að krefjast þess, að samningar verði teknir upp.

3. gr.

Með samningsrétt af hálfu opinberra starfsmanna fara almenn samtök þeirra, sem skulu mynda eina heild eða bandalag. Allir þeir opinberir starfsmenn, sem lög þessi taka til, skulu eiga rétt á að verða aðilar að starfsgreinafélögum samtaka þessara, enda skulu eigi aðrir en þeir, sem lögin taka til, eiga rétt á að taka þátt í ákvörðunum samtakanna um málefni þau, sem lög þessi fjalla um.

Samtökin skulu ávallt tilkynna fjármálaráðuneytinu, svo og samtökum sveitarfélaga, um breytingar á skipulagi og starfsreglum sínum, þannig, að því sé unnt

að fylgjast með að þeim skilyrðum sé fullnægt, að einstakir starfsmenn og starfshópar geti með eðlilegum hætti gætt hagsmuna sinna innan samtakanna.

Nú verður ágreiningur um það, hvort skipulags- eða starfsreglur umræddra samtaka samrýmist ákvæðum þessarar greinar og má þá skjóta slíkum ágreiningi til Kjaradóms.

4. gr.

Ef samninga er leitað um efni, sem aðeins varða félaga eða félög í einstökum starfsgreinum, skal heildarsamtökunum heimilt að láta umboðsmenn þeirra félaga fara með samninga, en skylt skal forsvarsmönnum heildarsamtakanna að taka afstöðu til niðurstöðu samninganna, ef annarhvor samningsaðila óskar þess.

5. gr.

Af hálfu ríkisins fer um meðferð samninga eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur. Skal í þeim reglum m. a. greina, hverjar stofnanir teljast sjálfstæðar stofnanir á vegum ríkisins og fari því sjálfar með samningsrétt, sbr. 1. gr. Ætlið skal slík stofnun tilkynna fjármálaráðuneytinu, ef hún gengur til samninga um almenn launakjör eða starfskjör og skulu ákvarðanir af hálfu stofnunar háðar samþykki ráðuneytisins.

Með samninga af hálfu sveitarfélaga fara samtök, er sveitarfélög stofna með sér, eða forráðamenn einstakra sveitarfélaga, sem til þess fá umboð. Skal með reglugerð kveða nánar á um þetta efni.

6. gr.

Er samtök opinberra starfsmanna vilja leita samninga um breytingar á almennum launakjörum og starfskjörum, skal krafa um það gerð í aprílmánuði viðkomandi ár. Kjarabreytingar, sem leitað er eftir, skulu miðast við að þær taki gildi frá 1. jan. næsta ár. Viðræður skulu hefjast innan hálfs mánaðar frá því að krafa berst. Viðræðum skal lokið innan eins mánaðar, nema samkomulag sé um að framlengja þær.

7. gr.

Sáttasemjara ríkisins skal tilkynnt, er viðræður hafa staðið í einn mánuð, án þess að samkomulag hafi tekizt, og skal hann þá eða varamaður hans, er hann nefnir til þess, leita sátta milli aðila. Aðilum er heimilt, ef samkomulag er um það, að leita milligöngu sáttasemjara á fyrra stigi viðræðna.

Sáttaumleitunum skal ljúka eigi síðar en hálfum mánuði eftir að þær hefjast.

8. gr.

Ef samkomulag næst milli samtaka starfsmanna og fulltrúa ríkisins, skulu tillögur á grundvelli þess lagðar fyrir næsta Alþingi, um breytingar á launalögum eða lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ef slíkra breytinga er þörf, en í fjárlagafrumvarp verða tekin þau atriði er í fjárlögum ákvarðast.

Ef eigi næst samkomulag, skal leggja ítarlega greinargerð um samningsviðræður, kröfur aðila og boð, svo og annað er máli skiptir, fyrir fjárveitinganefnd og fjárhagsnefndir Alþingis þegar er næsta Alþingi kemur saman.

9. gr.

Verði samkomulag staðfest með aðgerðum Alþingis, verður ekki leitað nýrra samninga um það efni næstu 3 ár. Sama gildir, ef kröfur samtaka starfsmanna fá slíka staðfestingu, þótt ekki hafi orðið samkomulag um þær í viðræðum.

Ef verulegar breytingar verða á kaupmætti launa á þessu þriggja ára tímabili, má taka upp samninga þegar á næsta ári, á þann hátt sem að framan greinir. Ef ágreiningur verður um það, hvort slíkar breytingar hafi orðið, má leita úrskurðar Kjaradóms.

10. gr.

Um staðfestingu á samningum um almenn launakjör og starfskjör við starfsmenn sveitarfélaga og starfsmenn sjálfstæðra stofnana á vegum ríkisins fara viðkomandi aðilar eftir samsvarandi reglum og í 8. og 9. gr. segir eftir því sem við á, sbr. 5. gr.

11. gr.

Ef samkomulag verður um ákvörðun launakjara og starfskjara, sem ekki eru ákvæði um í gildandi lögum og reglum, eða um úrlausn ágreinings varðandi skilning og framkvæmd á gildandi launaákvæðum og starfsreglum, er sú niðurstaða bindandi um það efni fyrir báða aðila.

12. gr.

Verði ekki samkomulag um efni það, sem um ræðir í 11. gr., má hvor aðili skjóta ágreiningnum til kjaradóms, og er niðurstaða hans bindandi um það úrlausnarefni.

13. gr.

Kjaradómur skal skipaður 5 mönnum, sem tilnefndir eru til þriggja ára í senn. Formaður skal vera einn af dómurum hæstaréttar, er rétturinn nefnir til þess. Varamaður hans skal tilnefndur með sama hætti. — Tveir dómendur skulu tilnefndir af fjármálaráðherra og tveir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti og taka þeir sæti í dómnum í forföllum aðalmanna.

14. gr.

Áður en dómendur taka í fyrsta sinn sæti í dómnum skulu þeir undirrita heit um að vinna dómstörfin með samvizkusemi og óhlutdrægni.

Er dómurinn fær mál til meðferðar skulu aðilar tilnefna talsmenn sína fyrir dómnum innan þess tíma, er dómurinn ákveður. Verði talsmaður ekki skipaður innan tilskilins tíma skal sáttasemjari ríkisins tilnefna hann eftir ósk dómsins.

Dómurinn setur sér að öðru leyti almennar starfsreglur. Verður ekki frá þeim horfið í meðferð einstaks máls, nema dómurinn og talsmenn beggja aðila séu um það ásáttir.

15. gr.

Kjaradómur fer með þau mál sem honum eru falin samkvæmt þessum lögum. Auk þeirra verkefna, sem áður eru talin, skal dómurinn úrskurða ágreining um, hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.

16. gr.

Kostnaður við Kjaradóm greiðist úr ríkissjóði, en aðilar bera kostnað af talsmönnum sínum.

17. gr.

Ákvæði laganna um samningsaðild skulu eigi vera því til fyrirstöðu, að einstaklingar eða félög ræði málefni við forráðamenn stofnana, er þau varða.

18. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Úr gildi er felld 2. málsgrein 25. gr. laga 92/1955, svo og önnur þau lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1963.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af tveimur nefndarmönnum í nefnd skipaðri 12. nóv. 1959 af þáv. fjármálaráðherra, til athugunar og undirbúnings á löggjöf um samningsrétt opinberra starfsmanna. Það er álit þessara nefndarmanna, Sigtryggs Klemenzsonar og Baldurs Möller, að heppilegast sé, eins og málum háttar hér á landi, að samningsréttur opinberra starfsmanna verði mótaður með líkum hætti og í norskri löggjöf um þetta efni, sem í gildi var á árabilinu 1933 til 1958. Að sjálfsögðu koma þá á ýmsan hátt til greina frábrugðnar íslenzkar aðstæður og viðhorf. Enn fremur er í nokkrum atriðum meira nálgazt hina endurskoðuðu norsku löggjöf svo og nýja danska löggjöf um skipan launamála ríkisstarfsmanna.

Það er álit höfunda þessa frumvarps, að ekki sé ráðlegt að hverfa frá því grundvallaratriði í skipun launakerfis ríkisins að byggt sé á launalögum, sem sett séu með stjórnskipulegum hætti. — Geta þessir nefndarmenn ekki fallizt á, að þjóðfélagslegar forsendur séu fyrir svo róttækri breytingu eins og sakir standa. Hér verður að fara að með gát. Á hinn bóginn er með frv. stigið verulegt skref í þá átt að veita opinberum starfsmönnum rétt til þess að taka með líkum hætti og aðrar stéttir þátt í ákvörðun um kaup og kjör. Reynslan ein fær svo úr því skorið, hvort fært þykir síðar að ganga enn lengra í þessu efni, en höfundar frv. telja, að framkvæmd svipaðra reglna og frv. hefur að geyma um nokkurt skeið hljóti að vera nauðsynlegur undanfari þess að lengra sé haldið.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir efni frumvarpsins í athugasemdum við einstakar greinar þess.

Um 1. gr.

Hér segir um til hverra starfsmanna ákvæði frv. taki. Er um ríkisstarfsmenn vísað í skilgreining laga 38/1954, sbr. 1. gr. þeirra laga. Þar segir að lögin taki „til hvers manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf". Þessi skilgreining mundi einnig almennt eiga við um starfsmenn sjálfstæðra stofnana ríkisins og starfsmenn sveitarfélaga.

Í 2. og 3. málsgr. eru undanteknir reglum laganna annars vegar þeir starfsmenn ríkisins, sem hlotið hafa skipun forseta Íslands til embættis síns, en embættismennirnir hafa þá sérstöðu samkv. stjórnarskránni, að þeir hafa ekki einhliða rétt til að láta af starfi heldur verða að leita lausnar, sem forseti þarf að fallast á að veita. Eru í þessum flokki flest helztu trúnaðarstörf ríkisins, þannig að hvort tveggja er, að samningsaðstöðu ættu þessir aðilar einna sízt að þurfa og svo hitt, að þeir eru oft viðsemjendur fyrir ríkisins hönd gagnvart undirmönnum sínum og eiga því ekki samleið með þeim að þessu leyti.

Á hinn bóginn er svo ákvæðið, að lögin taki ekki til þeirra, sem taka laun eftir ákvæðum kjarasamninga stéttarfélaga. Þarfnast það ákvæði vart skýringa, en þess má geta, að þess eru dæmi að starfshópar, sem hafa tekið laun eftir slíkum samningum, hafa gerzt fastir starfsmenn ríkisins, þannig að lög um þá ná til þeirra.

Um 2. gr.

Hér segir frá því um hver atriði samningsrétturinn gildi: 1) um breytingu á lögákvæðum, almennum launakjörum og starfskjörum, 2) um ákvörðun launakjara og starfskjara sem ekki eru ákvæði um í gildandi lögum eða reglugerðum, 3) um ágreining um skilning og framkvæmd á gildandi launaákvæðum og starfsreglum. Svo sem gert er ráð fyrir í 12. sbr. 11. gr. frv. verður ágreiningur um tvö síðartöldu atriðin lagður undir úrskurð gerðardóms, „Kjaradóms" — skv. 13.—15. gr. frv.

Um 3. gr.

Um aðila að samningsréttinum er fjallað í þessari grein. Er gert ráð fyrir að aðeins geti verið um að ræða ein heildarsamtök starfsmanna og er þá haft í huga

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (B.S.R.B.) þótt það sé ekki nefnt berum orðum. Virðist óhjákvæmilegt að einungis ein samtök hafi samningsaðild og þykir ekki þurfa nánari skýringar um þetta efni, nema hvað rétt er að vekja athygli á því, að Kjaradómi er ætlað að skera úr ágreiningi um það, hvort lög og reglur samtakanna fullnægi ákvæðum greinarinnar.

Um 4. gr.

Ef um er að ræða samninga, sem takmarkast við eitt félag eða félög í einstökum starfsgreinum, þykir henta að heildarsamtökin þurfi ekki að hafa afskipti af þeim.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að nánari reglur um samningsaðild af hálfu ríkis og ríkisstofnana svo og af hálfu sveitarfélaga verði settar með reglugerð, en jafnframt mótast þessi grein af því, að ekki eru enn til heildarsamtök sveitarfélaga, sem hafi skipulagslega samningsaðild fyrir þeirra hönd.

Um 6. og 7. gr.

Tímaákvörðun um samningaumleitanir er við það miðuð, að samningum geti verið lokið, er undirbúningur fjárlagafrumvarps og fjárhagsáætlun fer fram, sbr. að öðru leyti ákvæði greinanna um fyrirkomulag samningaumleitana. Að sjálfsögðu eru ákvæði greinarinnar ekki því til fyrirstöðu, að Alþingi geti með einhliða lagaaðgerðum haft hér annan hátt á, t. d. veitt launauppbætur, sem ekki þykja mega bíða.

Um 8. og 9. gr.

Hér segir með hverjum hætti tillögur og greinargerðir skuli lagðar fyrir Alþingi, hvort heldur samkomulag hefur náðst eða ekki.

Til þess að koma í veg fyrir, að sífellt séu á ferðinni kröfur um samninga, þykir rétt, að samkomulagi sé ætlaður ákveðinn lágmarksgildistími, og er hann skv. frv. 3 ár. Ekki verður þó hjá því komizt að opna leið til nýrra samninga fyrr, ef verulegar breytingar verða launþegum til óhags. Á Kjaradómur úrskurð um slíkt, ef ágreiningur verður um það með aðiljum.

Um 10.—12. gr.

Ekki þykir ástæða til nánari útskýringa um efni þessara greina, sem að nokkru hefur verið getið áður. Að öðru leyti vísast til textans.

Um 13.—16. gr.

Þessar greinar fjalla um skipulag, verkefni og starfshætti Kjaradóms. Þykir ekki ástæða til að gera nánari grein fyrir einstökum ákvæðum að öðru leyti en því að athygli er vakin á því, að hæstarétti er falið að nefna einn dómara réttarins sem oddamann í Kjaradómi. Er rétt að hafa í huga, að hæstaréttardómarar eru að sjálfsögðu meðal þeirra sem frumvarpið nær ekki til, sbr. 2. mgr. 1. gr — Enn fremur má á það benda, að þeir njóta sérstakrar verndar stjórnarskrárinnar um sjálfstæði gagnvart ríkisvaldinu.

Kjaradómi er einnig ætlað að koma í stað nefndar skv. 2. málsgr. 25. gr. laga 92/1955.

Um 17. gr.

Rétt þykir að gera þann fyrirvara sem hér greinir um að viðræðuheimild einstaklinga og félaga brjóti ekki í bága við samningsaðild samtaka starfsmanna. Slíkar viðræður um ýmis málefni geta oft og hljóta raunar oft að vera eðlilegri leið til úrlausnar vafaatriðum en formlegar samningaleiðir.

Um 18.—20. gr.

Þessar greinar gefa ekki tilefni til athugasemda.

Nd. 727. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 11. apríl 1962.

Benedikt Gröndal, form. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Björn Fr. Björnsson, frsm.
Alfreð Gíslason. Einar Olgeirsson.

Nd. 728. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til laga um þjóðskrá og almannaskráningu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1962.

Guðjón Jósefsson, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Alfreð Gíslason, frsm.
Björn Fr. Björnsson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 729. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til laga um dánarvottorð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1962.

Guðjón Jósefsson, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Alfreð Gíslason, frsm.
Björn Fr. Björnsson. Gunnar Jóhannsson.

Ed. 730. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á mörgum fundum og leitað umsagnar margra aðila um efni þess. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar telur, að frum-

varpið í heild sé spor í rétta átt, enda séu mótmæli þau, er borizt hafa gegn frumvarpinu, að verulegu leyti á misskilningi byggð, og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin hljóði svo:
   Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzka togara, íslenzk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslenzk varðskip, nema yfirmenn á farskipum, sem tryggðir skulu í lífeyrissjóðum, sem skipafélögin eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Heimilt er þó útgerð farskipa að tryggja yfirmönnum lífeyrisréttindi í sjóði þessum, ef samkomulag næst um það við stéttarfélög yfirmanna.
2. Við 5. gr. 1. málsgr. hljóði svo:
   Í stjórn sjóðsins eiga sæti 7 menn, tilnefndir af: Hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.
3. Við 13. gr. Á eftir orðunum „síðustu 10 starfsár hans“ í 2. málsgr. komi: eða síðustu 20 starfsár, ef það er sjóðfélaga hagfelldara.

Alþingi, 11. apríl 1962.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.	Auður Auðuns.

Nd. 731. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 11. júní 1960, um breyt. á l. nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Einn nefndarmaður (EOl) vill gera á frv. breytingar og skilar séráliti.

Meiri hluti n. mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1962.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Matthías Á. Mathiesen, fundaskr.	Alfreð Gíslason.
	Björn Fr. Björnsson.	

Ed. 732. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á 2 fundum, ásamt álitum aðila, er fengið höfðu málið til umsagnar.

Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins, og mun minni hluti hennar skila séráliti.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1962.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert Þorsteinsson, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson.

Ed. 733. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til laga um Handritastofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og mælir með, að það verði samþykkt.

Alfreð Gíslason áskilur sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma varðandi heiti stofnunarinnar.

Páll Þorsteinsson áskilur sér rétt til að fylgja breytingartill., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. apríl 1962.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Friðjón Skarphéðinsson.

Páll Þorsteinsson. Alfreð Gíslason.

Sþ. 734. Þingsályktun [221. mál]

um fullgildingu á samstarfssamningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

(Afgreidd frá Sþ. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 637.

Sþ. 735. Þingsályktun [40. mál]

um verðtryggingu lífeyris.

(Afgreidd frá Sþ. 11. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvernig framkvæma megi verðtryggingu frjálsra lífeyristrygginga, bæði lífeyrissjóða verkalýðsfélaga og annarra launþegasamtaka og lífeyristrygginga á vegum einstaklinga. Verði niðurstöður þeirrar athugunar lagðar fyrir Alþingi.

Sþ. 736. Þingsályktun [43. mál]

um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

(Afgreidd frá Sþ. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 50.

Sþ. 737. Þingsályktun [50. mál]

um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins.

(Afgreidd frá Sþ. 11. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hið fyrsta nauðsynlegar ráðstafanir til, að framkvæmdar verði rannsóknir á hrygningarsvæðum nytjafiska við landið.

Sþ. 738. Þingsályktun [55. mál]

um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði og rannsóknir á jarðhitasvæðinu í Skútudal í Siglufirði.

(Afgreidd frá Sþ. 11. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram borun eftir heitu vatni að Leirá í Borgarfirði, svo fljótt sem auðið er, í þeim tilgangi, að orkulindir þær, sem þar kunna að vera, verði hagnýttar til hitaveitu fyrir Akranes. Enn fremur að láta framkvæma þegar á næsta sumri ýtarlegar rannsóknir á Skútudalssvæðinu í Siglufirði með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðgerðum, með það fyrir augum, að úr því fáist skorið, hvort líkur bendi til þess, að þar sé að vænta árangurs með borun eftir heitu vatni til hitaveitu fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Nd. 739. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þingkjörnir yfirskoðunarmenn hafa gert 42 athugasemdir við ríkisreikninginn að þessu sinni. Fyrirferðarmesta athugasemdin er sú 39. í röðinni. Hún er um útgerð togarans Brimness, sem rekin var á ábyrgð ríkisins frá því í maí 1959 þar til í maílok 1960. Í athugasemdinni er bent á alvarlegar misfellur í sambandi við rekstur og reikningsskil útgerðarinnar.

Í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959 var ríkisstjórninni heimilað að gera b/v Brimnes út til 1. sept. það ár. Ríkisstjórnin fól Axel Kristjánssyni framkvæmdastjóra í Hafnarfirði að annast útgerð skipsins. Með bréfi, dags. 25. maí 1960, tilkynnti útgerðarstjórinn fjármálaráðuneytinu, að útgerð hans á skipinu væri lokið. Reikningum og bókhaldi útgerðarinnar var þó ekki skilað fyrr en í ágústbyrjun sama ár. Skömmu síðar skipaði fjármálaráðuneytið þriggja manna skilanefnd til að sjá um endurskoðun reikninganna, greiðslur skulda og innheimtu útistandandi krafna. Tveir menn úr endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins voru fengnir til að framkvæma endurskoðunina. Skiluðu þeir athugasemdum í síðari hluta september 1960.

Eftir að skilanefndin fékk athugasemdir endurskoðendanna, hélt hún fund með útgerðarstjóranum, afhenti honum eintak af athugasemdunum, svo að hann gæti svarað þeim og leiðrétt það, sem aflaga hafði farið. Útgerðarstjórinn skilaði svörum til skilanefndar 25. okt. 1960.

Með bréfi til fjármálaráðuneytisins, dags. 3. des. 1960, gerði skilanefndin grein fyrir málinu og starfi sínu. Um svör útgerðarstjórans við athugasemdum um útgerðarreikningana segir svo í bréfi skilanefndarinnar:

„Með svörum þessum er fullnægjandi gerð skil 15 athugasemdum endurskoðenda af u. þ. b. 55. Meðal þeirra atriða, sem ekki er fullnægjandi gerð grein fyrir, eru öll hin veigamestu, og munu nokkur þeirra rakin nánar hér á eftir.“

Eftir að hafa skýrt frá þessum atriðum, segir skilanefndin svo í bréfi sínu til ráðuneytisins:

„Hér hafa verið rakin nokkur helztu atriðin í bókhaldi útgerðar b/v Brimness og jafnframt þau, sem stærsta fjárhagslega þýðingu hafa, sem enn eru óupplýst af hálfu útgerðarstjórans.

Auk þeirra grúir af minni atriðum, sem athugasemdum hefur verið hreyft við.“

Og í niðurlagi bréfsins segir svo:

„Meðan þessi stóru atriði eru svo óljós og með því að þau hafa úrslitaáhrif á afkomu útgerðarinnar, telur skilanefnd sig ekki geta lokið reikningsskilum útgerðarinnar hvað þau snertir.

Það er hins vegar ljóst nú þegar, að nefndin getur ekki upplýst þessi mál frekar en orðið er með þeim ráðum, sem henni eru tiltæk.“

Á bls. 240—241 í ríkisreikningnum birta yfirskoðunarmenn skýrslu um „óumdeilanlegar skuldir“ útgerðarstjórans og aðra um ágreiningsatriði. Er þar um stórar fjárhæðir að ræða.

Í svari ráðherra við athugasemdum yfirskoðunarmanna, dags. 5. des. 1961, segir, að ríkisendurskoðanda hafi verið falið mál þetta til athugunar. Og við umræður um þetta frv. í efri deild var upplýst, að ríkisendurskoðandi hefði fyrir nokkru afhent fjármálaráðherra bréf eða skýrslu um málið. Hins vegar synjaði ráðherra tilmælum um að láta þingmenn fá bréf ríkisendurskoðandans til athugunar.

Þar sem ekki er útlit fyrir, að neinar viðhlítandi upplýsingar fáist um þetta útgerðarmál, áður en þessu þingi verður slitið, telur minni hluti fjárhagsnefndar rétt að fresta samþykkt á ríkisreikningnum að þessu sinni. Það er því tillaga minni hlutans, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki hafa fengizt upplýsingar frá ráðuneytinu í sambandi við 39. athugasemd yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn fyrir árið 1960, um rekstur og reikningsskil togaraútgerðar ríkisins, ályktar deildin að fresta afgreiðslu frv. um samþykkt á ríkisreikningnum og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. apríl 1962.

Skúli Guðmundsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 740. Nefndarálit [113. mál]

um till. til þál. um útflutning á dilkakjöti.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu og mælir með því einróma, að hún verði samþykkt eins og hún liggur fyrir.

Alþingi, 12. apríl 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Pálmason, frsm. Jón Árnason.
Karl Guðjónsson. Ingvar Gíslason. Halldór E. Sigurðsson.
Páll Þorsteinsson. Jón Kjartansson.

Sþ. 741. Nefndarálit [135. mál]

um till. til þál. um rannsókn á iðnaði fyrir kauptún og þorp, sem byggja ekki afkomu sína á sjávarútvegi.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Í fjárveitinganefnd náðist ekki samkomulag um afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn vill vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, en við undirritaðir leggjum til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1962.

Karl Guðjónsson, frsm. Ingvar Gíslason. Halldór E. Sigurðsson. Páll Þorsteinsson.

Nd. 742. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 11. júní 1960, um breyt. á l. nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Í menntamálanefnd flutti ég þá breytingartillögu við frv., að einum prófessoranna í tannlæknisfræði sé falin yfirumsjón með tannlæknisþjónustu í barna- og unglingaskólum landsins. Um þessa tillögu varð ekki samkomulag, þó að meðnefndarmenn mínir væru henni ekki andvígir, og flyt ég hana því á sérstöku þskj.

Þörfin á tannlæknaþjónustu í barna- og unglingaskólum landsins er mikil, svo sem m. a. sést af þeirri skýrslu, er stjórn Tannlæknafélags Íslands hefur nýlega birt og prentuð er hér sem fylgiskjal. Fram til þessa hefur ríkið ekki haft bein afskipti af þessari þjónustu, heldur hefur hún fyrst og fremst verið komin undir framtaki bæjarfélaganna. Reynslan sýnir hins vegar, að slíkt framtak nægir ekki, og þarf hér að koma til eftirlit ríkisins, ef vel á að vera, — og vafalaust þyrfti helzt um þetta nýja löggjöf. Þetta gæti þó orðið nokkur byrjun á afskiptum ríkisins af þessu máli.

Ýmsir af núverandi prófessorum í læknisfræði gegna svipuðum trúnaðarstörfum af hálfu ríkisins og hér er lagt til, að einn prófessorinn í tannlæknisfræði gegni.

Legg ég því til, að frv. sé samþykkt með brtt. minni.

Alþingi, 11. apríl 1962.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal.

Skýrsla frá stjórn Tannlæknafélags Íslands um tannlæknisþjónustu í barnaskólum.

Hér í bæ ríkir vægast sagt ófremdarástand að því er tönnum barna viðkemur. Aðeins lítill hluti þeirra um 10 þúsund barna, sem stunda barnaskólanám, fær nú fullkomna, reglulega þjónustu.

Tannviðgerðir og fræðslustarfsemi er nú engin í skólum bæjarins. Fræðslustarfsemi hefur að vísu aldrei verið nein. En bæjaryfirvöldin borga helming þeirra reikninga fyrir tannviðgerðir, sem framvísað er. En þessi ráðstöfun er ekki lausn, ekki skref í rétta átt.

Íslendingar geta státað af stórvirkjum á sviði heilbrigðismála, og nægir þar að benda á t. d. útrýmingu berklaveikinnar. En þegar kemur að útbreiddasta sjúkdómi mannkynsins, tannskemmdunum, gerir stjórn heilbrigðismála Reykjavíkur þá kórvillu að kasta frá sér ábyrgðinni af tönnum barna.

Vonandi verða sem allra fyrst teknar upp aftur tannviðgerðir í sjálfum skólunum, því að núverandi fyrirkomulag hefur fáa þá kosti, sem skólatannlækningar veita.

Aðalgallarnir við núverandi fyrirkomulag, eins og það er framkvæmt hér í bæ, eru þessir: Allt skipulag leggst niður, og börnin eru ekki tekin reglulega til skoðunar og tannviðgerða. Verða því viðgerðirnar bæði erfiðari, sársaukafyllri og dýrari eða jafnvel óframkvæmanlegar. Foreldrar, sem ekki fara sjálfir reglulega til tannlæknis, hafa varla hugsun á því að senda börn sín reglulega til tannlæknis og þykir það jafnvel óþarfi. En einmitt börn frá slíkum heimilum þarfnast helzt þjónustu hins opinbera. Niðurstaðan verður því sú, að stærsti hluti greiðslnanna fer til þeirra, sem mundu hvort sem er láta gera reglulega við tennur barna sinna, en ekki til þeirra, sem helzt þyrftu þeirra með, nema til þess að greiða tannúrdrætti.

Fleiri orsakir liggja til þess, að ekki komast nema fá þessara barna til tannlæknis, eftir að þessi breyting varð. Nægir þar að nefna fátækt sumra til þess að greiða, þótt ekki sé nema helming kostnaðarins. Enn aðrir vanrækja þessa skyldu sína vegna áhugaleysis og trassaskapar. En telja má, að meir en níu af hverjum tíu skólabarna þyrftu tannviðgerðar með á hverju ári.

Tannlækningar í barnaskólum voru fyrst framkvæmdar 1902. 1905 var opnuð fyrsta tannlækningastofan í barnaskóla á Norðurlöndum, og hér á landi hófust reglubundnar skólatannlækningar árið 1926. Síðan hefur þessi starfsemi aukizt mjög á öllum hinum Norðurlöndunum og er til fyrirmyndar í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Kostirnir við að hafa tannlækna í sjálfum skólunum eru svo miklir, að reyna verður allt til þess, að slíkt verði aftur tekið upp. Skal nefnt hér hið helzta.

Einmitt á barnaskólaaldrinum koma flestar fullorðinstennurnar í ljós og því mest aðkallandi, að fylgzt sé reglulega með þeim. Næst þá fyrir skemmdina, meðan hún er enn á byrjunarstigi. Þá er mjög nauðsynlegt að venja börn strax frá byrjun á að fara reglulega til eftirlits, sem leiðir af sér sársaukaminni og einfaldari viðgerðir. Börnunum finnst einnig sjálfsagt að hugsa vel um tennurnar, fyrst skólafélagar þeirra verða að gera það. Tannviðgerðirnar verða því börnunum sjálfsagðar, eins og annað, sem skólagöngunni tilheyrir.

Þær tennur, sem án efa eru mikilvægastar fyrir alla tyggingu og kjálkamyndun, eru hinir svonefndu sex ára jaxlar. Þegar börnin koma fyrst í barnaskóla, eru þessir jaxlar í flestum tilfellum orðnir skemmdir. En þeir koma oftast einkennalaust fyrir aftan barnajaxlana. Mjög er því nauðsynlegt, að þá þegar sé haft reglulegt eftirlit með þeim og gert við þá. Flestir foreldrar halda, að þessir jaxlar séu barnajaxlar, og eru því skeytingarlausir um þá. En þá þegar er illmögulegt að gera við marga af sex ára jöxlunum, hvað þá sé viðgerðin dregin til átta ára aldursins.

Í öllum hinum svonefndu siðmenntuðu löndum hefur verið tekin upp skipulögð fræðsla um, hvað hægt er að gera til að minnka tannskemmdir. Er aðaláherzlan lögð á mataræðið, forðast sykurríka fæðu, borða ekki milli mála og venja barnið strax á góðar matarvenjur. Tannhreinsunin er ekki síður mikilvæg og að haft sé reglulegt eftirlit með tönnunum.

Sú staðreynd, að aðeins mjög lítill hluti þjóðarinnar þrífur tennur sínar reglulega, er mjög uggvekjandi og lítt sæmandi menningarþjóð, þegar sannað er, að byrjað var þegar þrjú til fjögur þúsund árum fyrir Kristsburð að bursta tennur. Hafa Íslendingar oft verið fyrri til að tileinka sér nýjungar.

Athuganir, sem gerðar voru í einum af barnaskólum bæjarins fyrir þremur árum, sýndu, að aðeins rúmlega 10% barnanna burstuðu tennurnar reglulega og

tæpur helmingur átti sinn eigin tannbursta. Börnin voru látin koma með burstana sína í skólann, og var ótrúlega algengt, að fjölskyldan notaði öll sama burstann. Oft var erfitt að sjá upprunalegt útlit hans, því að svo illa var hann oft leikinn og vanhirtur. Þetta er kannske skiljanlegt, þegar litið er á, hve lítillar fræðslu fólk hefur notið um þessi mál. En hér þyrfti að koma breyting á.

Tannlæknafélagið hefur undanfarna tvo vetur reynt að reka fræðslustarfsemi um tannskemmdir og varnir gegn þeim. Á hinum Norðurlöndunum hefur hið opinbera haft forustu um þessi mál, rekið umfangsmikla fræðslustarfsemi og gert þær ráðstafanir, sem sannað er að að haldi geti komið til minnkunar tannskemmda. Má nefna sem dæmi umfangsmikla og skipulega útgáfustarfsemi, kennslu um tannhreinsun og að notfæra sér hina miklu kosti flúors til varnar tannskemmdum. Öll skólabörn í Stokkhólmi fá t. d. tvisvar á ári gefins tannbursta frá yfirvöldum borgarinnar og eru um leið látin bursta tennur sínar upp úr sérstakri flúorupplausn. Annast þetta átta stúlkur, sem fengið hafa lítils háttar tilsögn um rétta tannburstunaraðferð. Sjá tvær stúlkur um fimmtán þúsund börn. Mundi því t. d. ein stúlka geta annazt þetta hér í bæ og kostnaðurinn við tannburstagjafirnar minni en rekstur einnar tannlækningastofu í skóla. En árangurinn hjá þeim er undraverður, því að tannskemmdir minnka um 25%. Ef við hugsum okkur, að hér í bæ þurfi tólf skólatannlækna, þá mætti spara allt að þrjá þeirra, væri þessari aðferð beitt.

Enn þá áhrifaríkari er þó sú aðferð að bæta flúor í sjálft drykkjarvatnið, og hefur fengizt um 50% minnkun tannskemmda með þeirri aðferð. Ef við göngum út frá sömu tölu skólatannlækna og áður eða tólf fyrir Reykjavík, þá mundi sparast vinna helmings þeirra eða sex skólatannlækna. Erfitt er að gizka nákvæmlega á, hver kostnaðurinn yrði, en líklega rúmar 200 þúsund krónur fyrir Reykjavík á ári.

Hér er stuðzt við þær niðurstöður, sem fengizt hafa eftir margra ára vísindalegar tilraunir og reynslu annarra þjóða, svo að ekki væri úr vegi að reyna slíkt hér á landi. Ótrúlegt er, að niðurstaðan verði önnur.

Að komast hjá tannskemmdum er það, sem árangursríkast er, þegar barizt er gegn tannskemmdum. Tannviðgerðirnar mætti frekar líta á sem neyðarúrræði, er grípa verður til við þær tennur, sem skemmast.

Sem dæmi um, hve mikil áherzla lögð er á þetta atriði, t. d. í Ósló og víðar, má nefna, að öllum barnaskólabörnum þar er veitt ókeypis máltíð, sem samanstendur af grófu brauði, hörðu skonroki, gulrót og mjólk. Þetta verður að borðast eftir vissum reglum í skólunum. Fyrst er brauðið borðað þurrt, síðan er mjólkin drukkin og að lokum gulrótin nöguð. Eftir að þetta fyrirkomulag var tekið upp, tók upp undir klukkutíma fyrir sum börnin að borða skammtinn sinn. Margir af kennurunum áttu einnig í erfiðleikum með að tyggja þurra bitana, enda skiljanlegt með tilliti til þess, að vaninn var orðinn sá að tyggja fæðuna ekki, heldur renna bitunum niður ótuggðum með mjólk, kaffi eða einhverju öðru. Slíkt leiðir aftur á móti af sér, að tennurnar og tannholdið fá ekki það álag, sem nauðsynlegt og eðlilegt er. Tennurnar verða óhreinar og tannholdið bólgið. Tennurnar losna jafnvel og detta úr vegna notkunarleysis. Auk þess verður meltingin öll erfiðari og ófullkomnari.

Þeim tíma væri ekki illa varið, sem notaður væri í að kenna börnum í barnaskólunum að tyggja fæðuna, því að ég er viss um, að ástandið er sízt betra hjá okkur í þessum efnum en t. d. Norðmönnum og Svíum, áður en þeir tóku skipulega á þessum málum. Einmitt nú er auðvelt að kenna þetta, þegar það sjálfsagða fyrirkomulag er að komast á, að börnin fá mjólk í skólunum og borða bitann sinn með, í stað þess að hlaupa út í næstu búð, drekka gosdrykki og borða vínarbrauð.

Söluturnarnir eru þeir staðir, sem þó munu selja einna mest af sælgæti og gosdrykkjum. Allir eru sammála um, að slíkir veitingastaðir séu nú þegar orðnir allt of margir. Varhugaverðast er þó það fyrirkomulag, sem mikið er farið að tíðkast hér í bæ, að veita mönnum leyfi fyrir slíka starfsemi með því skilyrði, að þeir staðsetji hana á aðalviðkomustöðum strætisvagnanna og byggi jafnhliða afdrep fyrir þá, sem

bíða. Sérstaklega er þessi ráðstöfun varhugaverð með tilliti til þess fjölda barna, sem verður að notast við strætisvagnana til og frá skólunum. Bæjaryfirvöldin ættu að fella niður þetta fyrirkomulag, jafnvel þó að með því sparist kostnaður við byggingu og viðhald biðskýla. Mun ekki ofsagt, að bæjarsjóður fái um 1 milljón króna á ári í leyfisgjöld fyrir söluturna, en það er álíka upphæð og veitt er til allra skólatannlækninga í bænum, svo að ekki er til of mikils ætlazt, þó að aukin væri fjárveiting til þessara mála.

Margt er því hægt að gera og þá helzt að færa sér í nyt reynslu annarra þjóða í þessum efnum. Hið opinbera þarf auðvitað að hafa forustuna, því að þetta er mikið fjárhagsatriði og varðar alla þjóðina.

Þyrfti að fá tannlækni til þess að sjá um þessi mál og skipuleggja þau frá grunni. Gera þyrfti framtíðaráætlun og fylgjast síðan stöðugt með þeim miklu framförum, sem nú eru að verða á sviði tannlækninga, aðallega hvað tækjum viðvíkur, til aukinna afkasta og minnkunar sársaukans, sérstaklega til þess að nýta til fullnustu þá fámennu starfskrafta, sem völ er á. En sum þau tæki, sem nú eru notuð hér í skólum bæjarins, þyrftu nauðsynlega endurnýjunar með til þess að fylgjast með þeim kröfum, sem gerðar eru nú til dags til slíkra tækja.

Því má heldur ekki gleyma, þegar gerðar eru áætlanir um skólabyggingar, að gera strax í upphafi ráð fyrir góðri aðstöðu til tannlæknisþjónustu í sjálfum skólunum.

Ekki er að búast við, að fáist tannlæknir til starfa við alla skólana strax, en frumskilyrðið er, að stöðurnar séu opnar, starfsskilyrðin góð og launin sæmileg, þegar menn bjóðast og koma frá námi. Skortur er á tannlæknum víða, t. d. á Norðurlöndunum, en þess vegna er nauðsynlegt að nýta sem bezt þá starfskrafta, sem kostur er á. En hvergi nýtast starfskraftarnir betur en við skólatannlækningar, þar sem haft er reglulegt eftirlit með tönnunum og skemmdirnar verða því aldrei mjög útbreiddar og miklar.

Þetta er sjúkdómur, sem draga má verulega úr með tiltölulega lítið tímafrekum aðgerðum, séu þær framkvæmdar á réttum tíma. Sé aðgerðin aftur á móti dregin, verður hún margfalt tímafrekari eða kannske óframkvæmanleg.

Við höfum fengið erlenda sérfræðinga í efnahagsmálum, umferðarmálum, loftvarnamálum o. s. frv. En við þurfum ekki síður að fá sérfræðing og þá líklega helzt frá Skandinavíu til að skipuleggja tannlækningar í skólum frá grunni og varnir gegn tannskemmdum. Einmitt núna er rétti tíminn til slíks, þegar byggja þarf allt frá grunni.

Nd. 743. Breytingartillaga [219. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 11. júní 1960, um breyt. á l. nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 1. gr. bætist við ný gr. (2. gr.), svo hljóðandi:

Á eftir 2. málsl. 1. málsgr. 38. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Einn af prófessorunum í tannlæknisfræði skal hafa yfirumsjón með tannlæknaþjónustu í barna- og unglingaskólum landsins.

Nd. 744. Frumvarp til laga [226. mál]

um breyting á lögum nr. 13 29. marz 1961, um breyting á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábyrgðarheimild sú, sem fjármálaráðherra er veitt í 2. málsgr., skal hækka um 400 milljónir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd flytur þetta frv. að beiðni fjármálaráðherra.

Heimildir þær, sem fjármálaráðherra eru fengnar til ábyrgðar f. h. ríkissjóðs á erlendum lánum Framkvæmdabankans samkvæmt lögum nr. 17 10. febr. 1953 með áorðnum breytingum, eru nú því nær þrotnar, og hefur þess verið óskað af hálfu bankans, að aflað væri viðbótarheimilda.

Með frv. þessu er því farið fram á, að Alþingi veiti 400 milljón króna ábyrgðarheimild til viðbótar áður veittum heimildum. Eigi eru þá hafðar í huga neinar ákveðnar lántökur, heldur hitt, að nauðsynlegt er, að fyrir hendi séu á hverjum tíma allrúmar heimildir í þessu skyni.

Sþ. 745. Nefndarálit [200. mál]

um till. til þál. um landþurrkun á Fljótdalshéraði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson, frsm. Jón Árnason.

Karl Guðjónsson. Jón Kjartansson. Jón Pálmason.

Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason.

Nd. 746. Breytingartillögur [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Frá Gunnari Jóhannssyni og Jóni Skaftasyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „á Akranesi“ komi: á Suðvesturlandi.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
      Þó skal ekki hafin bygging nýrra verksmiðja, fyrr en byggð hafa verið tunnugeymsluhús fyrir þær tunnuverksmiðjur, sem nú eru starfræktar á Akureyri og Siglufirði, og þeim verksmiðjum báðum komið í viðunandi horf.
2. Við 2. gr. Í stað „allt að 8 milljónum króna“ komi: allt að 10 milljónum króna.

Nd. 747. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft til athugunar frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt. Hefur nefndin rætt frv. á mörgum fundum og m. a. rætt efni þess við skattstjórann í Reykjavík og fulltrúa nefndar þeirrar, er vann að samningu frv. Þá hefur n. og borið efni frumvarpsins saman við öll eldri lög um sama efni.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um efni og stefnu frumvarpsins. Munu minni hlutar (LJós og SkG) skila sérálitum. Meiri hlutinn mælir með, að frumvarpið verði samþ. með þeim breytingartillögum, sem fram eru bornar á sérstöku þingskjali. Minni hlutar eru meðmæltir flestum þessara breytingartillagna, en gera þó fyrirvara um sumar þeirra og munu flytja aðrar breytingartillögur til viðbótar.

Alþingi, 12. apríl 1962.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.

Nd. 748. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 6. gr. Orðið „ríkissjóður“ í 1. mgr. falli niður.
2. Við 9. gr. Fyrir „verðbréf ríkis og bæjarfélaga“ í c-lið komi: verðbréf ríkis, sveitar- og sýslufélaga.
3. Við 11. gr. Á eftir orðinu „aðstöðugjald“ í 1. málslið A-liðar bætist: landsútsvör.
4. Við 12. gr. B-liður orðist svo:
   Eignarskatt og eignaútsvör, sem greidd hafa verið á árinu.
5. Við 13. gr. C-liður orðist svo:
   Iðgjöld launþega til stéttarfélaga, sjúkrasjóða og styrktarsjóða, þó ekki umfram 5% — fimm af hundraði — af launatekjum. Iðgjöld atvinnurekenda til sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysistryggingasjóða. Enn fremur félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5‰ — fimm af þúsundi — af veltu fyrirtækjanna.
6. Við 15. gr. Aftan við 1. málsgr. B-liðar bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
   Sé styrkurinn hins vegar lægri, má afskrifa eignir þessar þannig, að styrkur að viðbættum afskriftum nemi 20% á ári í 3 ár.
7. Við 19. gr. Fyrir orðin „21. gr.“ í 1. málsl. komi: 20. og 21. gr.
8. Við 20. gr. Í stað orðanna „persónulegir gripir“ í D-lið komi: munir, sem hafa sérstætt persónulegt gildi.
9. Við 22. gr. C-liður orðist svo:
   Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miðað við kostnaðarverð eða endurkaupsverð, sbr. H-lið, að frádregnum fyrningum, sbr. 15. gr.
10. Við 26. gr. Fyrir orðin „Enginn skattur greiðist af fyrstu 100 þús. kr.“ í lið I komi: Af fyrstu 100 þús. kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur. Af því, sem þar er umfram, greiðist:
11. Við 29. gr. Tölul. 2 falli niður, og röð tölulíða breytist samkvæmt því.

12. Við 35. gr. Þrír síðustu málsliðir 1. mgr. orðist svo:
Ef sérstaklega stendur á, getur skattstjóri eða umboðsmaður hans veitt frest til framtals til 28. febrúar. Þeim, sem stunda atvinnurekstur, má þó veita frest til 31. marz. Vátryggingafélög þurfa eigi að skila framtali fyrr en 31. maí.
13. Við 40. gr.
a. Á eftir orðunum „til skattstjóra“ í 1. málsl. bætist: eða umboðsmanns skattstjóra.
b. Orðin „ásamt öllum framtölum úr umdæminu“ í 3. málslið falli niður.
14. Við 42. gr. 2. mgr. falli niður.

Sþ. 749. Nefndarálit [143. mál]

um till. til þál. um rannsókn á því, hvernig jafna megi aðstöðu bænda til ræktunarframkvæmda.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd fékk tillögu þessa til meðferðar og leitaði umsagnar hjá landnámsstjóra og Búnaðarfélagi Íslands. Báðir þessir aðilar mæltu með samþykkt tillögunnar og viðurkenndu þann aðstöðumun, sem er til ræktunar á hinum einstöku stöðum. Þrátt fyrir þennan skilning þeirra aðila, er bezt þekkja, gat nefndin ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, leggur til, að tillögunni verði vísað til hæstvirtrar ríkisstjórnar, en við, er minni hlutann skipum, leggjum hins vegar til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1962.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Karl Guðjónsson. Halldór Ásgrímsson. Ingvar Gíslason.

Nd. 750. Breytingartillögur [170. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Fimm manna bankaráð fer með stjórn Búnaðarbanka Íslands.
Sameinað Alþingi kýs 4 bankaráðsmenn hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn bankaráðsmann eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda. Á sama hátt skal kjósa og skipa fimm varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanns. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi aðalmanna, til fjögurra ára í senn.
2. Við 82. gr. Á eftir orðunum „nr. 64 1961“ komi: 1. og 2. efnismálsgrein 1. gr. l. nr. 48 1960.
3. Á eftir 82. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna þeirra, sem kosnir eru eða skip-

aðir í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1965. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ráðherra skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til sama tíma.

Nd. 751. Frumvarp til laga [227. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast allt að 5 milljón króna lán fyrir Stálvík h/f til að reisa skipasmíðastöð.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að ábyrgjast allt að því 5 milljón króna innlent eða erlent lán fyrir Stálvík h/f til að reisa skipasmíðastöð fyrir stálskip í Arnarvogi í Gullbringusýslu, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stálvík h/f er nýtt fyrirtæki, sem hyggst reisa skipasmíðastöð fyrir stálskip í Arnarvogi í Gullbringusýslu.

Hefur félagið farið fram á, að ríkissjóður ábyrgist allt að 5 milljón króna lán til byggingar stöðvarinnar, en hlutafé er ákveðið 2.5 milljónir króna.

Í greinargerð Stálvíkur h/f með málaleitun félagsins segir m. a.:

„Stálvík h/f hefur að markmiði að smíða stálskip fyrir íslenzka fiskiflotann. Fyrsti áfangi framkvæmda miðast við smíði allt að 250 RL skipa. Afköst fyrstu tvö árin eru áætluð tvö skip á ári, en á þriðja ári er reiknað með aukningu í framleiðslu eins ört og kleift er.

Vér höfum keypt land við Arnarvog, framkvæmt nauðsynlegar mælingar á landi, klöpp og útsiglingu. Staðhættir reynast þar ákjósanlegir. Senn er lokið við að grafa fyrir byggingum og sjósetningarbraut fyrsta áfanga framkvæmdanna, og verið er að steypa burðarramma í fyrsta hús, er reisa skal á staðnum.

Ákveðið er að smíða skip eftir teikningum, sem áður hefur verið smíðað eftir með góðum árangri.

Vér höfum æfðum skipatæknifræðingum á að skipa, þegar starfsemin hefst. Fyrst um sinn munum vér fá æfða verkstjóra erlendis frá til þess að aðstoða oss við þjálfun iðnaðarmanna vorra, auk þess, er vér höfum samráð við reynd erlend fyrirtæki á sviði skipasmíða, til öryggis fyrir framkvæmdir vorar og skipulag þeirra.

Uppbyggingin er áætluð að verði framkvæmd í áföngum og með þeim hraða, sem hagkvæmastur verður talinn með tilliti til kostnaðar og annarra aðstæðna.

Ekki er þörf á að byggja sjósetningarbraut fyrr en vorið 1963, þó að framleiðsla á fyrsta skipinu hefjist næsta vetur. Ekki teljum vér heldur alveg nauðsynlegt að byggja skýli, til þess að hægt sé að sjóða saman skipsbolinn undir þaki, fyrr en næsta sumar, því að mögulegt er að byggja minni einingar í skipi í húsi nr. 1 og setja þær svo saman úti næsta vor.

Með þessu er ráðgert að ljúka smíði fyrsta skipsins sumarið 1963.“

Er hér lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að verða við málaleitan Stálvíkur h/f, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Í 22. gr. fjárlaga undanfarin ár hefur ríkisstjórninni verið veitt heimild til að veita ýmsum öðrum skipasmíðastöðvum svipaða fyrirgreiðslu, og er því ekki verið að fara nýjar brautir, þótt frv. þetta verði að lögum.

Nd. 752. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG).

1. Við 17. gr.
   a. Í stað „¼“ í 2. málsgr. komi: ⅕.
   b. Við 2. málsgr. bætist:
      Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félögum, sem samkvæmt lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. l. nr. 46 13. júní 1937, má þó draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.
2. Við 25. gr. Í stað „20%“ í tölul. II. komi: 25%.
3. 27.—51. gr. (V.—VII. kafli) falli niður.
4. 52. gr. falli niður.
5. 53. gr. falli niður.
6. Við 55. gr. 2. málsgr. falli niður.

Nd. 753. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Gísla Guðmundssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 20. gr. Í stað „Fjórðungur“ í upphafi 2. málsgr. komi: Þriðjungur landsútsvara af síldarverksmiðjum ríkisins og fjórðungur annarra.

Nd. 754. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Birgi Finnssyni, Jóni Skaftasyni og Hannibal Valdimarssyni.

Við 18. gr. b-liður orðist svo:
1% af heildarsölu stofnana þeirra, er um getur í 17. gr. b.

Nd. 755. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Gísla Jónssyni, Jóni Skaftasyni og Hannibal Valdimarssyni.

Við 10. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, er orðist svo:
Aldrei má þó leggja aðstöðugjald á atvinnurekstur skattaðila það ár, sem raunverulegur halli hefur orðið á atvinnurekstri hans, nema skattaðili eigi eignir umfram skuldir, er nemi a. m. k. hinu álagða aðstöðugjaldi. Verði ágreiningur um mat eigna og skulda, skulu aðilar lúta úrskurði ríkisskattanefndar um það atriði.

Nd. **756. Lög** [142. mál]

um sjúkraþjálfun.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 697.

Nd. **757. Nefndarálit** [139. mál]

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frumvarpi þessu eru ákvæði um mikla breytingu á framkvæmd skattamála. Einnig um nokkra lækkun á félagasköttum. Þetta eru meginatriði frumvarpsins.

Ég flyt breytingartillögur við frv., og fer afstaða mín til málsins í heild eftir því, hvort tilögur mínar verða samþykktar eða ekki.

Frumvarpið hefur þegar verið afgreitt í efri deild. Þar gaf Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurlandskjördæmis eystra, út nefndarálit um málið, á þingskjali 341. Í nál. hans er yfirlit um breytingar, sem gerðar voru á lögum um tekjuskatt á tímabilinu 1950—1958. Á þeim árum voru sett lög um lækkun skatta á lágtekjum, sparifé gert skattfrjálst, fiskimönnum veitt frádráttarhlunnindi og lækkaðar skattgreiðslur hjóna, þegar bæði vinna fyrir skattskyldum tekjum. Á því tímabili var tekjuskattsviðauki hjá félögum felldur niður og stighækkun á tekjuskatti þeirra afnumin. Félög greiða nú, samkv. lögum frá 1958, jafna skattaprósentu af skattskyldum tekjum, 25%. Í nefndaráliti Karls Kristjánssonar er einnig yfirlit um tekjuskatta félaga í 4 nágrannalöndum okkar. Af því sést, að tekjuskattur félaga til ríkisins er hærri þar en hér á landi.

Við athugun á tekjuskattsgreiðslum félaga ber að líta á varasjóðsfrádráttinn, sem þau njóta. Hlutafélög, önnur en útgerðarfélög, mega draga frá tekjum sínum varasjóðstillag, sem nemur 20% af hreinum tekjum, áður en tekjuskatturinn er á lagður. Hjá félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félögum, sem ekki úthluta varasjóði sínum við félagsslit, þ. e. a. s. hjá samvinnufélögum, má varasjóðsfrádrátturinn nema ⅓ af hreinum tekjum. Varasjóðshlunnindin koma fram í lækkun á tekjuskatti, svo að raunverulega er skatturinn nú, samkv. gildandi lögum, 20% af hreinum tekjum félaga, annarra en útgerðarfélaga, en 16⅔% af hreinum tekjum útgerðarfélaga og samvinnufélaga. Til samanburðar við þessar skattgreiðslur félaga má benda á, að tekjuskattur einstaklinga kemst upp í 25%, þegar tekjurnar — umfram persónufrádráttinn — fara yfir 70 þús. kr., og upp í 30% af tekjum yfir 90 þús. kr.

Ég tel rétt að láta varasjóðshlunnindi félaga haldast óbreytt. Útgerðarrekstur er áhættusamur atvinnuvegur, en um leið þýðingarmikill, og sé ég ekki ástæðu til að minnka skattfrjáls varasjóðstillög þeirra félaga, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, eins og lagt er til í frv. Þá legg ég einnig til, að varasjóðsfrádráttur samvinnufélaga haldist óbreyttur, en verði ekki minnkaður, eins og frv. gerir ráð fyrir. Samvinnufélögin eru mjög frábrugðin öðrum félögum. Þau eru opin félög, en hlutafélög lokuð. Varasjóðir samvinnufélaga eru óskiptilegir. Þeim verður aldrei úthlutað til félagsmanna. En þátttakendur í hlutafélögum geta skipt með sér varasjóðum þeirra, ef þau hætta störfum. Af þessum ástæðum tel ég sanngjarnt, að samvinnufélögin hafi hér eftir sem áður rýmri heimild til skattfrjálsra varasjóðsframlaga en hlutafélögin. Í sambandi við skattgreiðslur félaga má einnig benda á, að ný ákvæði í frv. um útgáfu jöfnunarhlutabréfa geta ekki komið samvinnufélögum að gagni eins og hlutafélögum.

Í nágrannalöndum okkar, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, gilda sérstakar reglur um skattgreiðslur samvinnufélaga, og samkvæmt þeim greiða þau lægri skatta en hlutafélög. Þannig er sérstaða samvinnufélaga viðurkennd í þeim löndum.

Þegar ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi frumvarp sitt um efnahagsmál snemma árs 1960, lét hún þess getið, að hún ætlaði að beita sér fyrir afnámi tekjuskatts á „almennum launatekjum". Síðar á sama þingi bar hún fram frumvarp um breytingar á tekjuskattslögunum, og var það samþykkt. Í athugasemdum með frv. var sagt, að með þeirri lagabreytingu væri uppfyllt fyrirheitið um afnám tekjuskatts á „almennar tekjur". — Síðan þetta gerðist hafa ráðherrar og stuðningsmenn þeirra oft sagt söguna um afnám skattsins á „almennar launatekjur". Í ræðum og blaðagreinum hefur sagan verið flutt upp aftur og aftur. Og enn sagði fjármálaráðherra söguna í báðum deildum Alþingis í vetur, í framsöguræðum sínum um frumvarpið, sem hér liggur fyrir.

En það er eftirtektarvert, að þegar málsvarar ríkisstjórnarinnar og flokka hennar segja söguna um skattana og „almennu launatekjurnar", þá sleppa þeir alltaf langstærsta og áhrifaríkasta þættinum úr sögunni. Það er stóri kapitulinn um söluskattana og tollana, sem hafa meira en tvöfaldazt á valdatíma núverandi stjórnar.

Samkvæmt ríkisreikningi 1959 var tekju- og eignarskatturinn þá um 162 millj. kr. Á fjárlögum fyrir 1962 er skatturinn áætlaður 95 millj. kr. Lækkunin er því um 67 millj. kr. Árið 1959 voru tekjur ríkissjóðs af gjöldum á vörur, þ. e. tollar og söluskattur, um 520 millj. kr., samkv. ríkisreikningi, en á fjárlögum 1962 eru þessar álögur áætlaðar 1228 millj. kr. Hækkunin er þannig 708 millj. kr., eða 10—11 sinnum meiri en lækkunin á tekjuskattinum.

Tollar á vörum, innflutningsgjöld og söluskattur, leggjast allt öðruvísi á gjaldendur en tekjuskatturinn. Tekjuskattur er hæstur hjá þeim, sem hafa mestar tekjur. Í nál. um frv. um breyt. á skattalögunum í apríl 1960 (Alþt. 1959, A. 288) var birtur útreikningur um áhrif breytingarinnar, sem sýndi, að hjón með 2 börn á framfæri og 50 þús. kr. nettótekjur fengu felldan niður tekjuskatt að upphæð 343 kr., en hjón með 2 börn á framfæri og 150 þús. kr. nettótekjur fengu lækkun á tekjuskatti, sem nam 14376 kr. Má hér af sjá, hverjir höfðu mestan hagnað af lækkun tekjuskattsins. Sú lækkun var ekki fyrst og fremst gerð fyrir mennina með „almennar launatekjur", heldur fyrir þá tekjuhærri.

Tollar og söluskattar eru hins vegar ekki miðaðir við tekjur manna, heldur við vörukaup, og leggjast því þungt á stórar fjölskyldur. Þeir leggjast á allt, sem þarf til fæðis og klæða, svo og á aðrar nauðsynjar. Og alltaf er verið að hækka neyzluskattana. Nýmjólk er eina fæðutegundin, sem hefur verið undanþegin söluskatti, en nú er ríkisstjórnin að beita sér fyrir lagasetningu, sem m. a. felur í sér skatt á þann drykk.

Mennirnir með „almennu launatekjurnar" fengu lítið í sinn hlut af lækkun tekjuskattsins. En þeir fá að bera sinn hluta af þeim stórkostlegu hækkunum, sem orðið hafa á tollum og sölusköttum.

Ríkisskattar á menn, sem hafa „almennar launatekjur", hafa meira en tvöfaldazt á valdatíma núverandi ríkisstjórnar.

Ég tel ekki ástæðu til að breyta ákvæðunum um varasjóðsfrádrátt eða lækka skattaprósentuna hjá félögunum. Það mun leiða til enn meiri hækkunar á tollum og sölusköttum, sem þegar hafa verið hækkaðir svo gífurlega sem að framan greinir og hvíla ákaflega þungt á almenningi.

Ég flyt því breytingartillögur við frv. um, að félagaskatturinn verði óbreyttur og einnig varasjóðsfrádrátturinn.

Þá flyt ég brtt. um, að V.—VII. kafli frv. falli niður. Í þeim köflum er lagt til, að skattanefndirnar verði lagðar niður, en skattstjórum í stórum umdæmum falin

störf þeirra. Ég tel þetta vafasama breytingu að ýmsu leyti, og þyrfti nánari athugun, áður en að því ráði verður horfið.

Breytingartillögur mínar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. apríl 1962.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 758. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt og við brtt. á þskj. 748.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 10. gr.
   a. H-liður greinarinnar falli niður.
   b. Aftan við greinina komi nýr liður, svo hljóðandi:
      Opinber listamannalaun og heiðurslaun, sem veitt eru fyrir sérstök afrek í bókmenntum, listum og vísindum eða fyrir björgun úr lífsháska.
2. Við 12. gr. D-liður greinarinnar falli niður.
3. Við brtt. 748, 5. Síðasti málsl. orðist svo:
   Enn fremur félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5‰ — fimm af þúsundi — af launagreiðslum fyrirtækjanna.
4. Við 14. gr.
   a. Fyrir „500 kr.“ í 1. málsgr. komi: 1000 kr.
   b. Fyrir „sex mánuði“ í 3. málsgr. komi: þrjá mánuði.
5. Við 15. gr. A-liður greinarinnar orðist svo:
   Sömu reglum um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hundraðstölu af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra. Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra og upphaflegt kaupverð.
6. Við 17. gr.
   a. Fyrir „10%“ í 1. málsgr. komi: 8%.
   b. Fyrir orðin „¼ af hreinum tekjum“ í 2. málsgr. komi: ⅕ af hreinum tekjum.
   c. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félögum, sem samkvæmt lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, má þó draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.
7. Við 25. gr. Í stað „20%“ í II. lið greinarinnar komi: 25%.

Nd. 759. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni vilja samþykkja frv. með minni háttar breytingum, en ég er andvígur þeim meginbreytingum, sem fram koma í frv. frá gildandi skattalögum.

Þær breytingar, sem frumv. þetta felur í sér frá gildandi lögum, eru einkum tvær. Önnur er sú að lækka skatta gróðafélaga. Hin er að heimila fjármálaráðherra að umsteypa framkvæmdakerfi skattamálanna.

Samkv. frumv. er gert ráð fyrir, að skattgjald félaga lækki úr 25% af skattskyldum tekjum í 20%, en auk þess er svo ráðgert að heimila félögum ýmiss konar aukinn frádrátt frá því, sem verið hefur, og stóraukna möguleika til afskrifta.

Ég tel sízt ástæðu til þess að breyta skattalögunum í þá átt að lækka skatta félaga, þar sem vitað er, að þau hafa hingað til yfirleitt smeygt sér undan því að greiða þann skatt, sem þeim hefði borið að greiða að réttu lagi.

Þá er ég andvígur þeirri fyrirhuguðu breytingu á framkvæmd skattamála, sem ráðgert er að taka upp samkv. þessu frumv. Enginn vafi leikur á, að ríkisstjórnin ætlar sér að koma upp miklu nýju embættiskerfi samkv. heimildum þessa frumvarps. Ég tel allar líkur benda til, að hið nýja embættiskerfi verði stórum mun dýrara en hið eldra og framkvæmd skattamála þó sízt betri.

Ég flyt á sérstöku þingskjali nokkrar breytingartillögur við frv., og miða þær mjög í sömu átt og till. fulltrúa Alþýðubandalagsins í fjárhagsnefnd efri deildar, Björns Jónssonar, gerðu.

Alþingi, 12. apríl 1962.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 760. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um innflutning búfjár.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur haldið fundi um málið og rætt það allýtarlega. Hjá henni mætti Ólafur Stefánsson nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands og gaf nefndinni ýmsar upplýsingar.

Samkomulag varð ekki um afgreiðslu málsins. Tveir nefndarmenn (JPálm, ÁÞ) vilja gera verulegar breytingar á frv., en undirritaðir leggja til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (KGuðj) var fjarstaddur.

Alþingi, 13. apríl 1962.

Jónas Pétursson, frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr.

Nd. 761. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til laga um Ríkisábyrgðasjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að það verði samþykkt. SkG skilar séráliti. LJós var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. apríl 1962.

Birgir Kjaran, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.

Nd. 762. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um innflutning búfjár.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta fjallar um mál, sem mikils er um vert, að ekki sé rasað að afgreiðslu á.

Leyfi til búfjárinnflutnings eða innflutnings á búfjársæði væri æskilegt að veita, ef tryggt væri, að sýkingarhætta fylgdi því ekki. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að dregið verði úr sýkingarhættunni með því, að sérstakri sóttvarnastöð verði komið upp í sambandi við innflutning holdanautasæðis, en um það er ágreiningur, hvort sú ráðstöfun veiti fullnægjandi öryggi.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í nefndinni í gær og síðan afgreitt á 3 mínútna fundi í morgun, og tel ég, að í nefndinni hafi málið enga viðhlítandi athugun fengið, heldur sé afgreiðslu þess flumbrað af.

Þótt tilgangur sá, sem í máli þessu felst, sé góður og ég geti stutt hann, ef tryggt væri, að hægt væri að framkvæma hann án þess að skapa hættur fyrir búfjárstofn landsmanna, þá hafa þau slys orðið einmitt á þessu sviði, að Íslendingar eru skyldir til að fara að með fyllstu gát um búfjárinnflutning í framtíðinni. Það tel ég að hafi með öllu verið vanrækt, að því er varðar afgreiðslu nefndarinnar á málinu, og tek ég því efnislega ekki afstöðu til málsins að svo komnu.

Alþingi, 13. apríl 1962.

Karl Guðjónsson.

Nd. 763. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta var flutt á öndverðu þingi af þm. Framsóknarflokksins í Nd. Hnígur efni frv. að því að gerbreyta veigamiklum ákvæðum í efnahagsmálalöggjöf núverandi ríkisstjórnar frá 1960 og síðari löggjöf um Seðlabanka Íslands.

Er með frv. ákveðið að fella úr gildi heimild ríkisstjórnarinnar, að fengnu áliti stjórnar Seðlabankans og stjórnar viðkomandi sjóðs eða stofnunar, að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá stofnlánasjóðum sjávarútvegs og landbúnaðar, byggingarsjóði ríkisins og byggingarsjóði verkamanna og raforkusjóði. Lögð er áherzla á af flm. frv., að þetta breytist aftur til fyrra horfs, að vextir og lánstími þessara sjóða sé ákveðið í lögum. Á þessu er lítill eðlismunur, þar sem ríkisstjórn styðst að jafnaði við meiri hluta þings og hefði þar af leiðandi eins aðstöðu til áhrifa í þessum efnum og nú. En á það er að líta, að ríkisstjórnir hafa á hverjum tíma haft forgöngu og úrslitaáhrif um fjáröflun til þeirra sjóða, er hér um ræðir, og fjárhagsgeta þeirra, þ. á m. möguleikinn til að lána fé til langs tíma með lágum vöxtum, fer í raun og veru algerlega eftir efnahagsafkomu þjóðarinnar og þróun peningamála almennt, gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar út á við og sparifjármynduninni í landinu. Öll þessi grundvallaratriði eru háð stjórnarstefnunni í þjóðmálum á hverjum tíma, og er því í fyllsta máta eðlileg núverandi skipan umræddra lánsfjármála stofnlánasjóða atvinnuveganna, byggingarsjóða og raforkusjóðs, en í eðli sínu naumast efnisbreyting frá fyrri skipan. Ákvæði frv. að þessu leyti eru því alveg tilgangslaus.

Þá kemur að öðru atriði þessa frv., að ríkisstjórnin verði að hætta að láta „frysta í Seðlabankanum hluta af sparifjáraukningunni“ og að útlánamöguleikar aukist að sama skapi.

Hér er um að ræða einn veigameiri þátt ríkisstjórnar og Seðlabanka landsins til þess að stjórna fjármálaþróuninni. Á árinu 1960 kom þetta berlega í ljós, þegar fjármagn peningastofnana var einmitt fyrir tilverkan Seðlabankans notað til þess að styðja útveginn, sem þá átti í vök að verjast.

Á hitt er svo að líta, að það er reginmisskilningur að halda, að þessar bundnu innstæður séu dautt fjármagn, þvert á móti eru þær og munu reynast lífgjafi nýrra átaka og framkvæmda í þjóðlífinu, og mun reynslan skera úr um það.

Varðandi lánsfjármálin, sérstaklega varðandi lán út á afurðir landsmanna, sem er mjög gert að umtalsefni í greinargerð frv. og nefndaráliti minni hluta fjhn. (SkG), skal það sagt, að það er skoðun meiri hluta fjhn., að það sé grundvallarmisskilningur, að útgerðinni sé einhver höfuðnauðsyn á meiri rekstrarlánum út á afurðir, enda þótt sýknt og heilagt séu gerðar um þetta ályktanir á fundum útgerðarmanna. Verður nánar vikið að þessu í framsögu.

Að öllu athuguðu leggjum við undirritaðir til, að frv. verði fellt.

Hér með fylgja umsagnir Seðlabanka Íslands og Stéttarsambands bænda, en Landssamband ísl. útvegsmanna sá ekki ástæðu til að láta fjárhagsnefnd í té umsögn um málið.

Alþingi, 12. apríl 1962.

Birgar Kjaran, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.

Fylgiskjal I.

BRÉF SEÐLABANKA ÍSLANDS

Reykjavík, 14. febr. 1962.

Með bréfi hins háa Alþingis, dags. 30. nóvember s. l., hefur fjárhagsnefnd neðri deildar leitað umsagnar Seðlabankans um framkomið frumvarp um breytingu á lögum nr. 4 1960, um efnahagsmál.

Athugasemdir vorar við frumvarpið eru þessar:

„Með 1. gr. væri felld niður núgildandi 31. gr., en með henni voru meðal annars afnumin okurlögin frá 1933, og með 4. gr. frumvarpsins kæmu þau aftur í gildi. Með því væri vaxtaákvörðunum Seðlabankans sett 8% hámark. Í stað núgildandi greinar kæmi ný takmörkun á vaxtaákvörðun Seðlabankans, það er að segja 5.5% á endurkeyptum afurðavíxlum. Greinin væri auk þess tvíræð, þar sem ekki er greint á milli vaxta, sem viðskiptamaður greiðir viðskiptabanka, og vaxta, sem Seðlabanki reiknar sér við endurkaup. Ekki er heldur greint á milli forvaxta og eftir á greiddra vaxta.

Með 2. gr. væri felld niður núgildandi 32. gr., sem heimilar ríkisstjórninni, að fengnu áliti stjórnar Seðlabankans, að ákveða vaxtakjör ýmissa opinberra lánasjóða. Jafnframt væri breytt í fyrra horf öllum samningum um lánakjör, sem gerðir hafa verið 1960—1961. Fullvíst er, að slík íhlutun um þegar gerða einkasamninga fær ekki staðizt fyrir dómstólum.

Með 3. gr. væri felld niður 33. gr., þar sem heimild í Landsbankalögunum frá 1957 um innstæður hjá Seðlabankanum er látin ná til innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands. Í staðinn kæmi ákvæði um að fella niður hina takmörkuðu heimild Seðlabankans samkvæmt lögum nr. 10/1961 til þess að ákveða, að innlánsstofnanir skuli eiga innstæður hjá honum á móti hluta innlána.

Þar sem frumvarp um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands liggur nú fyrir hinu háa Alþingi, virðist eðlilegra, að efni þessarar greinar hefði verið borið fram sem tillaga til breytingar á hinum nýju Seðlabankalögum, enda féllu Landsbankalögin frá 1957 úr gildi með samþykkt þeirra.

Heimild til innstæðubindingar (reserve requirement) er nauðsynlegt tæki við stjórn peningamála, enda er það viðurkennt og mikið notað í öðrum löndum. Þörf hins íslenzka seðlabanka fyrir slíkt tæki var fyrst viðurkennd í Landsbankalögunum 1957, en þá var Seðlabankanum veitt ótakmörkuð heimild til að ákveða, að bankar og sparisjóðir skyldu eiga innstæður hjá honum á móti innlánum. Með lögum um efnahagsmál, nr. 4/1960, var heimildin einnig látin ná til innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands og náði þá til allra innlánsstofnana í landinu. Heimildin til innlánabindingar var tekin upp í hin nýju lög um Seðlabanka Íslands, sem samþykkt voru á þessu ári, en stórlega skert, þannig að nú er hámark þess hluta innlána, sem heimilt er að ákveða, að varðveitt skuli í Seðlabankanum, 20% af veltuinnlánum og 15% af spariinnlánum.

Heimild þessi er það minnsta, sem unnt er að komast af með, til þess að Seðlabankinn geti hennar vegna gegnt hlutverki sínu lögum samkvæmt. Hlutverk innstæðubindingar sem tækis við stjórn peningamála er aðallega þrenns konar. Í fyrsta lagi er hún nokkur trygging fyrir því, að einstakar innlánastofanir komist ekki í greiðsluþrot, ef innstæðufé er tekið út, enda hærri hlutfallstala bundin af veltuinnlánum en spariinnlánum. Í öðru lagi gefur hún tækifæri til að draga úr óhóflegum þensluáhrifum, sem stafað gætu af óvenjumiklum gjaldeyristekjum á einum tíma, og jafnframt dregið úr samdrætti, sem stafar af skyndilegri rýrnun gjaldeyristekna á öðrum tíma. Í þriðja lagi gerir innstæðubindingin Seðlabankanum kleift að lána fé til hinna mikilvægustu þarfa, eins og t. d. sjávarútvegsins síðastliðin tvö ár eða einstakra stofnana, sem eiga í erfiðleikum, án þess að það færi fjármálakerfið úr skorðum eða rýri gjaldeyrisstöðuna við útlönd.

Innstæðubindingin er í raun og veru tæki, sem veitir Seðlabankanum svigrúm til þess að stjórna peningamálum. Það er þess vegna misskilningur, að hún sé þjóðarbúskapnum í heild skaðleg eða dragi úr þeirri heildarupphæð, sem peningakerfið getur varið til útlána. Þvert á móti veitir hún Seðlabankanum svigrúm til þess að framfylgja frjálslegri stefnu en ella og stuðlar að því, að hvorki komist einstakar stofnanir í greiðsluþrot inn á við né bankakerfið í greiðsluþrot við útlönd. Þar við bætist, að þar sem innstæðubinding stuðlar að því, að unnt sé að reka heilbrigða peningamálastjórn, stuðlar hún einnig að trausti á gjaldmiðlinum, sem síðan veldur því, að meira framboð verður á fé til útlána.

Með frumvarpinu er einnig stefnt að því að svipta Seðlabankann í reynd hinu aðaltæki sínu við stjórn peningamála, ákvörðun útláns- og innlánsvaxta, þótt um takmörkun sé að ræða að formi til. Í reynd mundi 8% hámark útlánsvaxta hér á landi þýða 5% hámarksvexti af almennum sparisjóðsbókum, en lægri gætu þeir varla orðið á venjulegum tímum, þótt um enga verðrýrnun peninga væri að ræða, ef tryggja á nægilegt framboð sparifjár, til þess að bankakerfið geti séð fyrir lánsfjárþörf atvinnulífsins. Með þessu móti væru vextir því í reynd fastákveðnir með lögum. Vaxtabreytingar eru hins vegar mikið notað tæki til hagstjórnar um allan heim, og væri beinlínis til tjóns að banna notkun þess hér á landi.

Í þessu sambandi er rétt að minna á það, að síðustu ár og áratugi hafa sparifjáreigendur enga raunverulega vexti fengið af eign sinni, heldur rýrnaði hún í verði meira en vöxtum nam. Á árunum 1955—1959 var árleg verðhækkun að meðaltali 5%, samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, en 9% samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem áreiðanlega gefur réttari upplýsingar um verðhækkunina. Samkvæmt því hefðu sparifjáreigendur þurft að fá 5—9% vexti til þess að sleppa skaðlausir og 10—14% til þess að fá 5% raunverulega vexti af fé sínu. Almennir sparifjárvextir voru hins vegar 5% á þessum árum. Þá hafa lántakendur heldur ekki greitt raunverulega vexti af lánum sínum, heldur haft þau vaxtalaus í reynd og meira en það.

Það liggur í augum uppi, hver áhrif slíkt ástand hefur á sparnaðarvilja og eftirspurn eftir lánsfé.

Í löndum, þar sem verðbólguástand hefur ríkt lengur en hér á landi, kemst bankakerfið ekki hjá því að bæta sparifjáreigendum upp verðrýrnun peninga með hærri vöxtum. Í nágrannalöndum okkar, þar sem þó hefur tekizt miklu betur að viðhalda efnahagslegu jafnvægi, eru útlánsvextir yfirleitt 7—8%.

Það er í fyllsta máta varhugavert að svipta bankakerfið möguleikum til að tryggja sér nægilegt innlánsfé til útlána með hærri vöxtum, þar sem nauðsyn krefur, enda yrði það atvinnulífinu til óbætandi tjóns, ef starfsemi bankakerfisins lamaðist um lengri eða skemmri tíma.

Vegna umræðna í greinargerð með frumvarpinu um vaxtagreiðslur sjávarútvegsins og áhrif 2% breytingar á afkomu hans er rétt að taka það fram, að bankaskuldir sjávarútvegsins nema um 1100 millj. kr., þegar hin nýju stofnlán hafa verið veitt, og er þó nokkur hluti þeirra með föstum vöxtum. Vaxtalækkun um 2% mundi því lækka vaxtakostnað af bankalánum um ca. 20 millj. kr., en það hefur engin úrslitaáhrif fyrir atvinnuveg, sem framleiðir fyrir um 2500 millj. kr. á ári, eða innan við 1% af framleiðsluverðmætinu. Hins vegar má fullyrða, að jafnvægi í efnahagsmálum, sem vextirnir stuðla að, er sjávarútveginum miklu meira virði en mismuninum á vaxtakostnaði hans nemur."

Með skírskotun til ofanritaðs, og þar sem frumvarp þetta stefnir að því að svipta Seðlabankann tveimur helztu tækjum, sem honum hafa verið fengin í hendur til að gegna hlutverki sínu lögum samkvæmt, leggur bankastjórn Seðlabankans eindregið á móti því, að umrætt frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 13. des. 1961.

Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda 9. þ. m. var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Lagt fram bréf, dags. 30. nóv. s. l., frá fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis, þar sem leitað er umsagnar Stéttarsambands bænda um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál. Þar sem í frumvarpi þessu felast bætt vaxtakjör fyrir bændur o. fl., mælir stjórn Stéttarsambandsins eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt."

Þetta er yður hér með tilkynnt.

Virðingarfyllst,

Sverrir Gíslason. Sæmundur Friðriksson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Nd. 764. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna nýbyggingar Landsspítalans.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. (LJós) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 13. apríl 1962.

Birgir Kjaran, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Skúli Guðmundsson.
Jóhann Hafstein.

Ed. 765. Frumvarp til laga [111. mál]

um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

(Eftir 2. umr. Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 190 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzka togara, íslenzk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslenzk varðskip, nema yfirmenn á farskipum, sem tryggðir skulu í lífeyrissjóðum, sem skipafélögin eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Heimilt er þó útgerð farskipa að tryggja yfirmönnum lífeyrisréttindi í sjóði þessum, ef samkomulag næst um það við stéttarfélög yfirmanna.

5. gr. hljóðar svo:

Í stjórn sjóðsins eiga sæti 7 menn, tilnefndir af: Hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

13. gr. hljóðar svo:

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans eða síðustu 20 starfsár, ef það er sjóðfélaga hagfelldara, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:	Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár	10 %	14 ár	18 %
11 —	12 —	15 —	20 —
12 —	14 —	16 —	22 —
13 —	16 —	17 —	24 —

Starfstími:	Ellilífeyrir:	Starfstími:	Ellilífeyrir:
18 ár	26 %	25 ár	40 %
19 —	28 —	26 —	42 —
20 —	30 —	27 —	44 —
21 —	32 —	28 —	46 —
22 —	34 —	29 —	48 —
23 —	36 —	30 — eða lengur	50 —
24 —	38 —		

Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem undirmaður á farskipi eða togarasjómaður í 9 mánuði eða lengur á sama almanaksári.

Upphæð ellilífeyris má aldrei nema meiru en 75% af meðallaunum togarasjómanna eða undirmanna á farskipum á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af.

Nd. 766. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til laga um innflutning búfjár.

Frá 3. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á tveim fundum og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Benedikt Gröndal og Jónas Pétursson vilja samþykkja frumvarpið óbreytt. Við undirritaðir, Ágúst Þorvaldsson og Jón Pálmason, viljum gerbreyta frumvarpinu og gera það að allsherjarbanni gegn innflutningi erlendra dýra. Flytjum við um það breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Karl Guðjónsson mun gefa út sérstakt álit.

Afstaða okkar til þessa máls byggist á því, að af innflutningi erlendra dýra hefur leitt gífurlega ógæfu hér á landi, og fer þó fjarri, að enn sé þar fyrir endann séð.

Í fyrsta lagi er í okkar sögu kunnugt, að fjárkláði var í tvö skipti fluttur inn með erlendu fé og olli þá og alltaf síðan gífurlegu tjóni fyrir sauðfjárrækt okkar lands.

Í öðru lagi má minna á allar þær pestir, sem inn voru fluttar með karakúlfénu, og þá ægilegu ógæfu, sem af þeim hefur hlotizt. Í áliti yfirdýralæknis, Páls A. Pálssonar, kemur það fram, að hann áætlar tjónið af þessum pestum orðið eitt þúsund milljónir króna árið 1960, ef miða skal við núverandi gengi okkar krónu. Er þó fjarri því, að þarna sé fyrir endann séð. Vofir meðal annars yfir að hafa fjárskipti í einu stærsta hólfi landsins, Mýrahólfinu. Áætlar yfirdýralæknir kostnað við það 100 milljónir króna.

Í þriðja lagi má minna á minkaplágunа, sem ógnar okkar fuglalífi og veiðifiskum í ám og vötnum.

Í fjórða lagi má geta þess, að vel er á veg komið að eyðileggja okkar innlenda hundakyn með innflutningi erlendra hunda.

Í fimmta lagi má geta þess, að hér á árunum voru flutt inn nokkur holdanaut, sem mikið gagn átti þá að verða að. En þau reyndust hafa smitandi sjúkdóm og voru því öll drepin í tæka tíð.

Að fenginni þessari reynslu teljum við réttast og bezt að afnema allar heimildir til að flytja inn erlend dýr. Varnir allar á því sviði hafa reynzt ótryggar, enda ekki gott að treysta mönnum vel í þeim efnum.

Loks má geta þess, að það bætir ekki úr varðandi afgreiðslu þessa máls, að

sá maður, sem mestu ætti að ráða í þessum efnum, yfirdýralæknir landsins, leggur á móti frumvarpinu.

Alþingi, 13. apríl 1962.

Jón Pálmason, form., Ágúst Þorvaldsson. frsm.

Nd. 767. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til laga um innflutning búfjár.

Frá 3. minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Bannað er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, þar með taldir fuglar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Ef einhver gerist til þess að brjóta ákvæði 1. gr. og flytur inn dýr, þá skulu slík dýr drepin tafarlaust og skrokkarnir brenndir.
3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Þrot gegn lögum þessum varða sektum, 10—100 þúsund krónum. Berist sjúkdómar til landsins af slíkum lögbrotum, varðar það þann eða þá, er að því eru valdir, stöðumissi og fangelsi, ef miklar sakir eru.
4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 15 frá 1948.
5. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
6. 6.—23. gr., að báðum meðtöldum, falli burt.
7. Fyrirsögn frumvarpsins verði svo:
   Frumvarp til laga um bann gegn innflutningi erlendra dýra.

Nd. 768. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 48. gr. Síðasta málsgr. greinarinnar falli niður.

Ed. 769. Breytingartillögur [225. mál]

við frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Niður falli 1. töluliður 2. málsgreinar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Nefnd fimm manna, sem kosnir eru hlutfallskosningu af Alþingi, fer með fyrirsvar ríkisins, að því er varðar kjarasamninga samkvæmt lögum þessum.

3. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Um launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ráðuneytisstjóra og forstöðumanna ríkisstofnana fer eftir ákvæðum laga um laun starfsmanna ríkisins.
4. Við 7. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Kjarasamningur skal vera skriflegur, gerður til eigi skemmri tíma en eins árs.
   b. 2. mgr. falli niður.
5. Við 13. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:
      Formaður nefndar þeirrar, sem kjörin er skv. 2. gr., greiðir fyrir ríkisins hönd atkvæði um miðlunartillögu. Skal hann greiða atkvæði sitt leynilega, áður en allsherjaratkvæðagreiðslu samkv. 2. málsgr. lýkur.
   b. 4. mgr. falli niður.
6. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Að öllu öðru leyti en fram er tekið í lögum þessum skulu gilda ákvæði laga nr. 80/1938, eftir því sem við á, varðandi verkföll, verkbönn og sáttatilraunir í vinnudeilum, er varða þá opinberu starfsmenn, er lög þessi taka til.
7. Við 15.—21. gr. (IV. kafla). Greinarnar falli niður.
8. Við 26. gr.
   a. Orðin „Kjaradóm og“ falli niður.
   b. Orðin „dómenda og“ falli niður.
9. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
   Um fyrstu framkvæmd laganna gilda eftirfarandi ákvæði:
   1. Viðræður um kjarasamninga skulu hefjast eigi síðar en 1. júní 1962.
   2. Hinn 1. sept. 1962 falla úr gildi:
      1. Lög nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, nema:
         a. að því er varðar þá starfsmenn, sem í 2. mgr. 4. gr. greinir,
         b. síðasta málsgr. 14. gr.
         c. 25. gr. 3.—4. málsgr., 26. gr., 29. gr. og 30. gr.
      2. Lög nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna.
      3. Önnur ákvæði í lögum um kjaraatriði, er lög þessi taka til, sbr. 1. og 5. gr.
10. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðin falli niður.

Nd. 770. Breytingartillögur [227. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast allt að 5 milljón króna lán fyrir Stálvík h/f til að reisa skipasmíðastöð.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni skal heimilt:
   a. Að ábyrgjast allt að 5 milljón króna innlent eða erlent lán fyrir Stálvík h/f til að reisa skipasmíðastöð fyrir stálskip í Arnarvogi í Gullbringusýslu, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
   b. Að ábyrgjast fyrir Stálskipasmiðjuna h/f allt að 4 milljón króna lán til byggingar skipasmíðastöðvar í Kópavogi, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

c. Að ábyrgjast fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f allt að 1.2 milljón króna lán til stækkunar og endurbóta á skipasmíðastöðinni, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til þriggja skipasmíðastöðva.

Nd. **771. Lög** [196. mál]

um þjóðskrá og almannaskráningu.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 454.

Nd. **772. Lög** [212. mál]

um dánarvottorð.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 556.

Ed. **773. Lög** [192. mál]

um breyting á lögum nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 648.

Ed. **774. Lög** [158. mál]

um breyting á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 318.

Ed. **775. Nefndarálit** [225. mál]

um frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með einni minni háttar breytingu.

Karl Kristjánsson gerir eftirfarandi grein fyrir stuðningi sínum við frv.: Hann lítur á þetta frumvarp efnislega sem samkomulag, er jafngildi samningi, er

tekizt hafi milli deiluaðila á síðustu stundu fyrir þinglokin. Telur hann því rétt að gera ekki verulegar breytingar á frumvarpinu, heldur samþykkja það óbreytt, til þess að raska ekki fengnu samkomulagi.

Björn Jónsson skrifar undir nál. með fyrirvara. Hann tekur fram, að þótt frv. feli í sér umtalsverða réttarbót frá núverandi skipan á launamálum opinberra starfsmanna, sé þar aðeins um að ræða spor í átt að því takmarki, að þeir nái fullu jafnrétti við aðra launamenn varðandi réttinn til þess að semja um laun sín og kjör. Hann tekur fram, að hann sé algerlega andvígur ákvæðum frv. um kjaradóm og telji öll rök mæla með því, að nú þegar verði orðið við eindregnum og réttmætum kröfum opinberra starfsmanna og samtaka þeirra um fullan samningsrétt þeim til handa, og vísar í þeim efnum m. a. til ályktunar stjórnar BSRB um þetta frv., er gerð var á fundi hennar 9. þ. m. Mun hann flytja breytingartillögur, sem í þessa átt ganga.

Að öðru leyti leggur n. til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við 1. gr. bætist:
4. Starfsmanna Alþingis.

Alþingi, 13. apríl 1962.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Magnús Jónsson.
Karl Kristjánsson.
Björn Jónsson, með fyrirvara.

Nd. 776. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til laga um Ríkisábyrgðasjóð.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að í ríkisbókhaldinu verði hér eftir færður sérstakur reikningur, sem nefnist ríkisábyrgðasjóður. Inn á þann reikning á að færa meginhlutann af þeim 150 millj. kr., sem teknar voru eignarnámi af sjávarútveginum á s. l. sumri. Einnig inn- og útborganir vegna ríkisábyrgða.

Ef hentugt þykir að stofna sérstakan ríkisábyrgðasjóð, tel ég eðlilegast, að ákvæði um hann verði sett í lögin um ríkisábyrgðir og sérstök stjórn sett yfir sjóðinn. En þar sem málið getur ekki fengið þá athugun, sem þörf er á, áður en þingi lýkur að þessu sinni, legg ég til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem þörf er að athuga mál þetta betur og skipun ríkisábyrgðastarfseminnar í heild, en það er ekki unnt að gera á þessu þingi, ályktar deildin að fresta afgreiðslu málsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. apríl 1962.

Skúli Guðmundsson.

Sþ. 777. Nefndarálit [109. mál]

um till. til þál. um rannsókn á skilyrðum til samgöngubóta á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þáltill. og samþ. samhljóða að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 13. apríl 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Ingvar Gíslason. Halldór Ásgrímsson. Jón Pálmason. Jón Árnason.
Halldór E. Sigurðsson. Karl Guðjónsson.

Sþ. 778. Nefndarálit [135. mál]

um till. til þál. um rannsókn á iðnaði fyrir kauptún og þorp, sem byggja ekki afkomu sína á sjávarútvegi.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin ræddi málið, en varð ekki sammála um afgreiðslu.
Meiri hl. leggur til, að málinu sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 13. apríl 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Jón Pálmason. Jón Árnason.

Ed. 779. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til l. um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra og Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. apríl 1962.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.
Auður Auðuns. Alfreð Gíslason.

Nd. 780. Frumvarp til laga [227. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til þriggja skipasmíðastöðva.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt:

a. Að ábyrgjast allt að 5 milljón króna innlent eða erlent lán fyrir Stálvík h/f til að reisa skipasmíðastöð fyrir stálskip í Arnarvogi í Gullbringusýslu, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
b. Að ábyrgjast fyrir Stálskipasmiðjuna h/f allt að 4 milljón króna lán til byggingar skipasmíðastöðvar í Kópavogi, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
c. Að ábyrgjast fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f allt að 1.2 milljón króna lán til stækkunar og endurbóta á skipasmíðastöðinni, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 781. Frumvarp til laga [139. mál]

um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 375 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Þessir aðilar eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti: Forseti Íslands, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og fyrirtæki, er þau reka og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og enn fremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti sem þeir njóta tekna frá innlendum aðilum, eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki hérlendis. Aðilar þeir, er greinir í þessari málsgrein, eru einnig undanþegnir eignarskatti í samræmi við reglur þær, sem settar eru í málsgreininni.

9. gr. hljóðar svo:

Ef félag, sem hefur varasjóð, myndaðan af skattfrjálsum framlögum, ráðstafar honum til annars en þess að mæta rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum tuttugu af hundraði (20%) til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

A. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins.

B. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
C. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattayfirvalds. Skal þá meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs telst ráðstafað úr varasjóði og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis-, sveitar- og sýslufélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð samkv. 2. málsgr. 17. gr., ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í A—C-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbættri þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru stofnaðir með skattfrjálsum framlögum, má ekki telja sem varasjóð.

11. gr. hljóðar svo:

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

A. Rekstrarkostnað, það er þau gjöld, sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er beinlínis stafa af atvinnu eða öflun tekna, svo og fyrningu, sbr. 15. gr., aðstöðugjald, landsútsvör og það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur launauppbót greidd starfsmönnum og verkamönnum, hvort sem hún er goldin í reiðufé eða hlutabréfum. Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefur varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann hefur sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingafé, og ekki má færa til gjalda greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.
B. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. Það árið kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún sé töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð, að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, sem greiðsla átti sér stað.

   Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið fyrir ráðstafanir hins opinbera.
C. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefur í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættinu hvíla.

12. gr. hljóðar svo:

Frá tekjum skal og draga, áður en skattur er á þær lagður:

A. Vexti af skuldum gjaldanda öðrum en þeim, er um ræðir í A-lið 11. gr. Afföll af seldum verðbréfum skal færa til gjalda samkv. reglunum í síðustu málsgr. D-liðar 7. gr.

B. Eignarskatt og eignaútsvör, sem greidd hafa verið á árinu.
C. Ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, eftir mati skattayfirvalda. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.
D. Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstofnana, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattskyldum tekjum gefanda, enda sé hver gjöf ekki undir 300 kr. Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð, hvaða málaflokkar og stofnanir komi til greina samkvæmt þessum staflið.
E. Kostnað við öflun bóka, tímarita og áhalda til vísindalegra og sérfræðilegra starfa, enda sé þessi kostnaðarliður studdur fullnægjandi gögnum.
F. Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi, má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis koma við þessum tekjum.

13. gr. hljóðar svo:
Frá tekjum skal enn draga, áður en skattur er á þær lagður:
A. Kostnað við stofnun heimilis. Skal hann dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjúskap, og skal sá frádráttur nema 20000 kr. Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.
B. Helming af björgunarlaunum, er áhafnir skipa hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir þeirra skipa, sem eingöngu eru björgunarskip.
C. Iðgjöld launþega til stéttarfélaga, sjúkrasjóða og styrktarsjóða, þó ekki umfram 5% — fimm af hundraði — af launatekjum. Iðgjöld atvinnurekenda til sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysistryggingasjóða. Enn fremur félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5‰ — fimm af þúsundi — af veltu fyrirtækjanna.
D. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærri upphæð en 10000 kr. á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslu til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi, sem því nemur, og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árabil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár (annuitetstrygging).

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkv. lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyristryggingu dragist frá tekjum samkv. framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar meðal annars fyrirmæli um vörzlu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki hærra iðgjald en 4000 kr. Fyrir þá, sem eru ekki aðilar að lífeyrissjóðum, má þó frádráttur nema allt að 6000 kr.

E. Námskostnað, sem stofnað er til eftir tuttugu ára aldur, má, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu 5 ár, eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum.

15. gr. hljóðar svo:
Um fyrningu, sbr. A-lið 11. gr., fer sem hér segir:

A. Sömu reglum um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald, skal setja í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hundraðstölu af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra. Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Reikna skal fyrningu sem fastan hundraðshluta af kostnaðarverði eigna, sem keyptar eru 1962 eða síðar. Fyrningu eldri eigna skal reikna með ákveðnum hundraðshluta af matsverði skv. 22. gr. miðað við þann árafjölda, sem eftir er af áætluðum endingartíma.

B. Eftirtaldar eignir má í stað venjulegra fyrningarafskrifta afskrifa um 20% á ári í 3 ár, frá því er þær eru teknar í notkun: Fiskiskip og önnur veiðiskip, flutningaskip, flugvélar til farþega- og vöruflutninga, síldarverksmiðjur, drátt-arbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þó skulu þau fyrirtæki, er njóta styrks úr ríkissjóði, ekki njóta þessara sérstöku afskrifta, svo fremi að styrkurinn sé jafnhár eða hærri en afskriftum þessum nemur. Sé styrkurinn hins vegar lægri, má afskrifa eignir þessar þannig, að styrkur að viðbættum afskriftum nemi 20% á ári í 3 ár.

Skattayfirvöld skulu ákveða heildar-afskriftarupphæð hverrar eignar. Nú gengur slík eign kaupum og sölum, og skal þá síðari eigandi aldrei njóta hærri afskrifta en hinn fyrsti hefði notið.

Tap, sem orsakast kann af afskriftunum, má flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz það er að fullu greitt. Ákveða skal með reglugerð, hver skuli vera fyrningarhundraðshluti þeirra eigna, sem afskrifaðar eru samkvæmt 1. málsgr. B-lið, eftir að þeim afskriftum hefur verið lokið.

19. gr. hljóðar svo:
Skattskyldar eignir teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 2. gr. 3. málsgr. og 20. og 21. gr., fasteignir og lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar, verðbréf, útistandandi skuldir, aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi. Þegar skattur greiðist samkvæmt 2. gr. 3. málsgr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

20. gr. hljóðar svo:
Með skattskyldum eignum er eigi talið:

A. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
B. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarrar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
C. Réttur til leigulauss bústaðar eða önnur afnotaréttindi.
D. Bækur og fatnaður til einkaafnota, húsgögn, aðrir húsmunir og munir, sem hafa sérstætt persónulegt gildi.

22. gr. hljóðar svo:
Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

A. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati, eða áætluðu matsverði, ef fasteignamat er ekki fyrir hendi.

B. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með verðlagi, er ríkisskattanefnd ákveður til 1 árs í senn, í fyrsta sinn með hliðsjón af matsverði til skatts síðastliðið ár.
C. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miðað við kostnaðarverð eða endurkaupsverð, sbr. H-lið, að frádregnum fyrningum, sbr. 15. gr.
D. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.
E. Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.

F. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.
G. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau, þegar skatturinn er lagður á. Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.
H. Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1962—63 að láta meta áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna og breyta bókfærðu verði á eignum samkvæmt því, enda telst verðhækkunin ekki til skattskyldra tekna. Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum þeim eignarhluta á nýja matsverðinu, er svarar til þess árafjölda, sem liðinn er af áætluðum endingartíma, sbr. 15. gr. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd matsins.

26. gr. hljóðar svo:

I. Skattur af eignum þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3., 4. og 6. gr. 3. málsgr., annarra en útlendra félaga, sbr. 2. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:

Af fyrstu 100 þús. kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur. Af því, sem þar er umfram, greiðist:

Af fyrstu 500 000 kr. skattgjaldseign greiðist 5‰.

Af 500 000—1 000 000 kr. skattgjaldseign greiðist 2500 kr. af 500 000 og 9‰ af afgangi.

Af 1 000 000 kr. skattgjaldseign og þar yfir greiðist 7000 kr. af 1 000 000 kr. og 12‰ af afgangi.

II. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., sbr. 2. og 3. mgr., reiknast 7‰ — sjö af þúsundi.
III. Eignarskatt, sem nær ekki 100 kr., skal fella niður við álagningu.

28. gr. hljóðar svo:

Á landinu skulu vera þessi skattumdæmi:

1. Reykjavík.
2. Vesturlandsumdæmi, sem nær yfir Akraneskaupstað, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
3. Vestfjarðaumdæmi, sem nær yfir Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstað svo og Strandasýslu.
